Alþingistíðindi 1893.

A.

Umræður í efri deild og sameinuðu þingi.

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvæðagr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
flutningsm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsögum. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. — konungkjörinn.
lagafrv. = lagafrumvarp.
landsh. = landshöfðingi.
Nd. = neðri deild.
skrif. = skrifari.
st. f. = staðinn fyrir.
stfl. = stafliður.
samþ. = samþykkt.
till. = tillaga.
tölul. eða tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þgsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.
þm. A-Sk.=þingmaður Austur-Skaptfellinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísf. = þingmaður Ísfirðinga.
þm. Mýr. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rangv. = þingmaður Rangvellinga
þm. Rvk. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyjasýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Reykjavík.
Fjelagsprentsmiðjan.
1893.

Alþingi sett og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Ár 1893, hinn 1. dag júlímánaðar, var hið 11. löggefandi alþingi sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust allir alþingismenn ásamt landshöfðingja Magnúsi Stephensen saman í alþingishúsinu, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. Sigurður prófastur Gunnarsson prjedikaði og lagði út af 1. Jóh. 4, 16.

Að lokinni guðsþjónustu gengu menn aptur í alþingishúsið og inn í þingsal neðri deildar. Landshöfðingi gekk því næst til forsetasætis og las upp skipun konungs til sín um að setja þingið, svo hljóðandi:

Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlega hylli!

Vje rveitum allramildilegast þjer, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman laugardaginn 1. júlímánaðar næstkomandi.

Þetta er vilji Vor!

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 26. dag maímán. 1893.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

I Kongens Navn

Frederik,

Kronprinds.

(L. S.).

J. Nellemann.

Til Vors elskulega herra Magnúsar Stephensens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Að því búnu kvaðst landshöfðingi samkvæmt því valdi, er honum þannig allramildilegast væri veitt, lýsa yfir því í nafni hans hátignar konungsins, að

alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp þingmaður Norður-Þingeyinga, Benedikt Sveinsson, og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn níundi!“ og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Allir alþingismenn voru komnir til þings, og voru þeir þessir:

A. Konungkjörnir.

Lárus E. Sveinbjörnsson, 1. kgk. þm.
Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm.
Kristján Jónsson, 3. kgk. þm.
Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
Jón A. Hjaltalín, 5. kgk. þm.
Þorkell Bjarnason, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir.

Benedikt Kristjánsson, þingm. Mýramanna.
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þingeyinga.
Björn Bjarnarson, þm. Borgfirðinga.
Björn Sigfússon, 2. þm. Húnvetninga.
Bogi Th. Melsteð, 2. þm. Árnesinga.
Einar Ásmundsson, þm. S.-Þingeyinga.
Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múlasýslu.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strandamanna.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Skaptf.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múlasýslu.
Halldór Kr. Friðriksson, þm. Reykvíkinga.
Jens Pálsson, þm. Dalamanna.
Jón Jakobsson, 2. þm. Skagfirðinga.
Jón Jónsson, þm. Austur-Skaptfellinga.
Jón Jónsson, 2. þm. Eyfirðinga.
Jón Jónsson, 2. þm. Norður-Múlasýslu.
Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr,- og Kjósars.
Jón Þorkelsson, þm. Snæfellinga.

Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
Sigfús Árnason, þm. Vestmanneyinga.
Sighvatur Árnason, 2. þm. Rangvellinga.
Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múlasýslu.
Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
Sigurður Stefánsson, 2. þm. Ísfirðinga.
Skúli Thoroddsen, 1. þm. Ísfirðinga.
Þórarinn Böðvarss., 1. þm. Gbr.- og Kjósars.
Þórður Guðmundsson, 1. þm. Rangvellinga.
Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
Þorleifur Jónsson, 1. þm. Húnvetninga.

Eptir áskorun landshöfðingja settist þá elzti þingmaðurinn, Halldór Kr. Friðriksson, í forsetasæti, þangað til kosinn væri forseti hins sameinaða alþingis, og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga, og Ólaf Briem, 1. þm. Skagfirðinga.

Því næst skiptust þingmenn samkvæmt 1. gr. þingskapanna í þrjár deildir eptir hlutkesti, til að prófa kjörbrjef þingmanna.

Í 1. deild urðu þessir:
1. Benedikt Sveinsson.
2. Björn Sigfússon.
3. Guðjón Guðlaugsson.
4. Guðlaugur Guðmundsson.
5. Jón A. Hjaltalín.
6. Jón Jakobsson.
7. Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.
8. Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.
9. Jón Þorkelsson.
10. Sigurður Gunnarsson.
11. Sigurður Jensson.
12. Skúli Thoroddsen.

Í 2. deild:
1. Árni Thorsteinsson.
2. Einar Ásmundsson.
3. Einar Jónsson.
4. Guttormur Vigfússon.
5. Halldór Kr. Friðriksson.
6. Jón Þórarinsson.
7. Lárus E. Sveinbjörnsson.
8. Ólafur Briem.
9. Sigfús Árnason.
10. Sighvatur Árnason.
11. Þórarinn Böðvarsson.
12. Þórður Guðmundsson.

Í 3. deild:
1. Benedikt Kristjánsson.
2. Björn Bjarnarson.
3. Bogi Th. Melsteð.
4. Hallgrímur Sveinsson.
5. Jens Pálsson.
6. Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.
7. Klemens Jónsson.
8. Kristján Jónsson.
9. Sigurður Stefánsson.
10. Þorkell Bjarnason.
11. Þorlákur Guðmundsson.
12. Þorleifur Jónsson.

Síðan prófaði hver deild þau kjörbrjef, er hún hafði tekið við samkvæmt þingsköpunum, og að því búnu sóttust deildirnar aptur saman í þingsalnum.

Fyrsta deild, sem rannsakaði kjörbrjef þriðju deildar, hafði kosið sér framsögumann

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þingeyinga. Hann gat þess, að í engum af kjörbrjefum þeim, er deildin hefði haft til rannsóknar, væri eigi tilgreind tala atkvæða þeirra, er greidd hefðu verið, en með því að atkvæðafjöldinn væri tekinn fram í staðfestum endurritum af kjörfundargjörðunum, og að öðru leyti ekkert hefði fundizt athugavert við kjörbrjefin, legði deildin það til, að þau yrðu samþykkt.

Öll kjörbrjef 3. deildar voru því næst samþykkt í einu hljóði.

Önnur deild hafði rannsakað kjörbrjef fyrstu deildar og kosið sjer framsögumann

Einar Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu. Hann ljet þess getið, að þótt sum af kjörbrjefum þeim, er deildin hefði prófað, bæru eigi með sér tölu atkvæða þeirra, er greidd hefðu verið, yrði það eigi skoðað sem neinn verulegur galli, með því atkvæðafjöldann mætti ljóslega sjá af kjörfundargjörðunum, enda væru eyðublöð kjör-

brjefanna í því formi, að álíta mætti, að atkvæðatöluna þyrfti eigi að taka fram í þeim. Að öðru leyti væri ekkert að athuga við kosningarnar, nema 1. þm. Ísfirðinga (Skúla Thoroddsen's). Á kosningu hans væri sá galli, að hann hefði, áður en hann gaf kost á sjer sem þingmaður Ísfirðinga, verið búinn að senda kjörstjórninni í Eyjafjarðarsýslu framboð sitt til að taka þar á móti kosningu, og eigi apturkallað tjeð framboð fyr en með brjefi dags. 3. sept. 1892, tveim dögum á undan kjörfundinum í Ísafjarðarsýslu. Þetta kæmi að vísu í bága við 22. gr. kosningarlaganna, en með því að apturköllun framboðsins í Eyjafjarðarsýslu hefði borizt þangað nokkra fyrir kjörfundinn þar í sýslu, svo að af þessu hefði eigi leitt neina glundroða í kosningunum, legði deildin það til, að kosningin væri eptir atvikum tekin gild.

Klemens Jónsson tók það fram, að þar sem það væri sannað, að 1. þm. Ísfirðinga hefði þvert á móti skýrum fyrirmælum kosningarlaganna boðið sig fram til þingmennsku í 2 kjördæmum, Eyjafjarðarsýslu og Ísafjarðarsýslu, og það væri vitanlegt, að brjef það, er apturkallaði framboð hans í Eyjafjarðarsýslu, hefði eigi verið sent áleiðis af Ísafirði, fyr en eptir kjörfundinn þar, þá gæti hann eigi fyrir sitt leyti samþykkt kosninguna, nema með skýlausum fyrirvara, að slíkt mætti alls ekki eiga sjer stað framvegis.

Benedikt Sveinsson kvaðst verða að álíta kosningu þingmannsins, þrátt fyrir andmæli 1. þingmanns Eyfirðinga góða og gilda, og það af þeirri einföldu ástæðu, að framboð hans í Eyjafjarðarsýslu *gæti* eigi skoðazt sem fullkomlega *lögformlegt* samkvæmt ákvæðum kosningarlaganna, 22. gr., því þó að fyrir hafi legið, eða komin hafi verið til kjörstjórnarinnar í Eyjafirði skrifleg yfirlýsing frá þingmanninum um það, að hann væri fús til að taka á móti kosningu, þá sje þetta ekki *nema annar* liðurinn í lögmætu framboði, en *hinn*, sem eptir skýlausum fyrirmælum greinarinnar sje engu síður nauðsynlegur, sem sje meðmælendurnir, hafi vantað. Tjeð framboð yrði því að álítast ómerkt, og gæti alls ekki haft þá verkun, að hnekkja gildi kosningar hans í Ísafjarðarsýslu, þar sem allt hefði gengið í sjálfu sjer löglega til.

Klemens Jónsson gjörði þá fyrirspurn til þingmanns Norður-Þingeyinga (B. Sv.), hvers vegna þingmaðurinn hefði þá verið að apturkalla framboð sitt í Eyjafjarðarsýslu, ef hann hefði álitið það eintóma markleysu.

Benedikt Sveinsson kvaðst reyndar verða að vísa þessari fyrirspurn frá sjer, með því hann væri ekki hjartnanna eða nýrnanna rannsakari, en þó kvaðst hann ímynda sjer, að þingmaðurinn hefði með apturköllun framboðsins — ef framboð skyldi kalla — viljað fyrirbyggja öll umsvif og vífilengjur út af því fótmáli, er hann hefði stigið í þá átt að gefa kost á sjer sem þingmaður Eyfirðinga, jafnvel þótt slíkt hefði alls ekki verið nauðsynlegt til þess, að kosning hans í Ísafjarðarsýslu væri gild að lögum.

Forseti bar þá undir atkvæði þingsings, hvort kosning 1. þm. Ísfirðinga skyldi tekin gild, og var það samþykkt með öllum þorra atkvæða. Önnur kjörbrjef 1. deildar voru samþykkt í einu hljóði.

Þriðja deild hafði prófað kjörbrjef annarar deildar og kosið sjer framsögumann

Hallgrím Sveinsson, 2. konungkjörinn þingmann, og lýsti hann yfir því, að deildin hefði ekki fundið neitt athugavert við kjörbrjef þau, er hún hefði haft til rannsóknar. Að eins gat hann þess, að 2. þm. Suðurmúlasýslu (Guttormur Vigfússon), hefði eigi haft sitt kjörbrjef við hendina en í þess stað lagt fram staðfestan útdrátt úr kjörfundarbókinni, er deildin tæki sem gilt skírteini um kosninguna, og legði hún því til, að allar kosningarnar yrðu samþykktar.

Því næst unnu þingmenn eið að stjórnarskránni.

Þá var kosinn forseti hins sameinaða alþingis og hlaut kosningu:

Benedikt Sveinsson, með 18 atkv.

Gekk hann þá til forsetasætis, og kvaddi þingmenn til að kjósa varaforseta hins sameinaða alþingis, og hlaut þá kosningu:

Benedikt Kristjánsson með 32 atkv.

Skrifarar hins sameinaða þings voru kosnir:

Þorleifur Jónsson með 24 atkv.
Sigurður Stefánsson — 16 —

Þá var gengið til kosninga á sex þjóðkjörnum þingmönnum, til þess ásamt hinum konungkjörnu þingmönnum að eiga sæti í efri deild.

Fyrir kosningu urðu:

Einar Ásmundss.,	þm. S.-Þing.	með	35 atkv.
Þorl. Jónsson, 1.	— Húnv.	—	34 —
Sig. Jensson,	— Barðstr.	—	33 —
Gutt. Vigfússon, 2.	— S.-Múl.	—	31 —
Sig. Stefánsson, 2.	— Ísfirð.	—	25 —
Guðj. Guðlaugss.,	— Strandm.	—	21 —

Fyrsti fundur í efri deild, laugardag 1. júlí. — Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum eptir fyrirmælum þingskapanna 1. 2. og 3. gr. tók efri deild alþingis sér sæti í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

A. Konungkjörnir.

1. L. E. Sveinbjörnsson 1. kgk. þm.
2. Hallgrímur Sveinsson 2. kgk. þm.
3. Kristján Jónsson 3. kgk. þm.
4. Árni Thorsteinsson 4. kgk. þm.
5. Jón A. Hjaltalín 5. kgk. þm.
6. Þorkell Bjarnason 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir.

1. Einar Ásmundsson þm. S.-Þingeyinga.
2. Guðjón Guðlaugsson þm. Strandamanna.
3. Guttormur Vigfússon 2. þm. S.-Múlas.
4. Sigurður Jensson þm. Barðstrendinga.
5. Sigurður Stefánsson 2. þm. Ísfirðinga.
6. Þorleifur Jónsson 1. þm. Húnvetninga.

Elzti þingmaður deildarinnar (Á. Thorsteinsson) gekkst fyrir forseta kosningu og var kosinn forseti

Árni Thorsteinsson með 11 atkv.

Varaforseti var kosinn:

L. E. Sveinbjörnsson með 8 atkv.
Hallgrímur Sveinsson fékk 3 atkv.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar og hlutu kosningu:

Jón A. Hjaltalín með 10 atkv.
Þorleifur Jónsson með 9 atkv.

Annar fundur í efri d., mánudag 3. júlí. Allir á fundi.

Landshöfðingi lagði fram þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til laga um aukatekjur þær, er renna í landsjóð.
2. — — — — aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.
3. — — — — breyting á lögum um kosningar til alþingis. 14. sept. 1877.
4. — — — — atvinnu við siglingar.
5. — — — — ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti.
6. — — — — sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.
7. — — — — hafnsögugjald í Rvík.
8. — — — — að Austur-Skaptafellssýsla skuli, að því er sveitarstjórn snertir, skilin frá suðuramtinu og lögð til austuramtsins.
9. — — — — iðnaðarnám.
10. — — — — breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn

safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Þriðji fundur, miðvikudag 5. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um aukatekjur þær, er renna í landsjóð; 1. umr.

Einar Ásmundsson: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir til umræðu, er ekkert stórmál, en þó nokkuð margbrotið og í mörgum liðum, og því mjög athugavert. Jeg álít að málið sje svo lagað, að eigi sje þörf á miklum umræðum að svo stöddu. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í málið, sjerílagi með tilliti til þess, að jeg ímynda mjer, að næsta máli muni verða vísað til sömu nefndar.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj., og í hana kosnir:

Kristján Jónsson	með	10	atkv.
Þorkell Bjarnason	—	8	—
Þorleifur Jónsson	—	7	—
Sigurður Stefánsson	—	7	—
Guðjón Guðlaugsson	—	6	—

Frumv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta o. fl. 1. umr.

Sigurður Jensson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að málinu verði vísað til nefndar þeirrar, er var kosin næst á undan.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til þeirrar nefndar.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. 1. umr.

Jón A Hjaltalín: Þó að þetta frv. sje eigi í sjálfu sjer yfirgripsmikið, þá eru þó mikil líkindi til, að á þessu þingi fram komi viðtækari uppástungur um breytingar á kosningarlögunum; það er viðkunnanlegra, að ekki sjeu mörg frumvörp til breytinga á sömu lögunum; vil jeg að þau verði sameinuð. Af þeirri ástæðu vil jeg leyfa mjer að stinga upp á nefnd í þessu máli. Jeg vil ekki tiltaka strax fjölda nefndarmanna, ef menn vilja ræða málið áður en menn samþykkja nefnd.

Úr því enginn tekur til máls, leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 10 atkv. og kosnir:

Jón A. Hjaltalín	með	9	atkv.
Einar Ásmundsson	—	7	—
Gutt. Vigfússon	—	6	—

Frumv. til laga um atvinnu við siglingar; 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Þar sem frumv. þetta fer fram á algjört nýmæli í löggjöf vorri, og er auk þess allumfangsmikið, leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að í lok þessarar umr. sje nefnd kosin í það. Jeg hygg, að 3. manna nefnd muni nægja.

ATKVŒÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson	með	10	atkv.
Sigurður Stefánsson	—	9	—
Sigurður Jensson	—	6	—

Frumv. til laga um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti; 1. umr.

Einar Ásmundsson: Þetta mál er sjálfsagt nýmæli í vorri íslenzku löggjöf, og þarf því án efa að rannsakast vandlega. Jeg er ekki viðlátinn nú að skýra þetta málefni, og vil leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd sje kosin í það í lok umr. þessarar, og að tala nefndarmanna verði ákveðin 5.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd samþ. með 6 : 5 atkv., og í hana kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson	með	10	atkv.
Einar Ásmundsson	—	10	—
Kristján Jónsson	—	9	—
Þorleifur Jónsson	—	8	—
Guttormur Vigfússon	—	6	—

Fjórði fundur, fimmtudag 6. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum; 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg sting upp á 3. manna nefnd í þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 10 atkv., og í hana kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson með 10 atkv.
Hallgrímur Sveinsson — 7 —
Jón A. Hjaltalín — 6 —

Frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík; 1. umr.

Málinu umræðulaust vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um að Austur-Skaptafellssýsla skuli, að því er sveitarstjórn snertir, skilin frá suðuramtinu og lögð til austuramtsins; 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Þó að jeg sje þeirrar skoðunar, að lög 11. júní 1890 hafi verið ótímabær burður, þá er ekki um það að tala, þau eru nú lög, og það mundi ekki til mikils að reyna að fá þau afnumin. En frv. þetta er töluverð bót á þeim. Í fyrsta lagi fyrir hjeraðið, sem í hlut á. Jeg hef ferðazt þar um og orðið þess var, að öll viðskipti þeirra og hugur þeirra snýr til Austfjarða. Líka er þetta stór bót fyrir suðuramtið vegna þess, að amtsráðsmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu, hlýtur vegna vegalengdar, fjótanna og hinna miklu vatna, sem eru erfið yfirferðar, að verða langtum dýrari fyrir suðuramtið. Aðskilnaður er því heppilegur fyrir suðuramtið.

Jeg álít, að málið sje einfalt og óbrotið, og því óþarft, að nefnd sje sett í það, en hygg að það geti gengið til 2. umr., sem jeg vona að allir þingdm. sjeu mjer samdóma um.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj. að málið gengi til 2. umr.

Frumv. til laga um iðnaðarnám; 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þingd. er kunnugt, var frv. þetta ítarlega rætt á síðasta þingi. Það var fyrst rætt í nefnd hjer í Ed. og svo samþykkt þar; því næst var sett nefnd í málið í Nd., og síðan rætt þar ítarlega og gjörðar á því ýmsar breytingar. En þegar það kom svo aptur upp til Ed., var svo áliðið þingtímans, að það varð ekki leitt til lykta. Jeg má fullyrða það, að það var einungis tímaleysi að kenna, að frv. náði ekki fram að ganga, en ekki hinu, að þessi þingd. hefði neitt verulegt á móti breytingum þeim, er frv. hafði fengið í Nd. Nú hefur stjórnin tekið þær breytingar til greina, sem gjörðar voru á frv. á síðasta þingi, og er frv. nú eins og frv. það, er Nd. samþ. þá. Jeg hygg því, að, ef hugir þm. hafa ekki breyzt síðan, geti frv. nú gengið nefndarlaust og umræðulítið gegnum þingið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda; 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Frumv. þetta er svo stutt, að það er hægt að fá fljótlega yfirlit yfir það, og í öðru lagi var það rætt ítarlega á síðasta þingi í báðum deildum þingsins. Jeg hygg því, að eigi beri nauðsyn til að setja nefnd í það; og vil jeg leggja til, að því sje leyft að ganga sinn veg til 2. umr., án þess að nefnd sje kosin.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fimmti fundur, laugardag 8. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík; 2. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Eptir að hafa

athugað þetta frumv. vandlega, virðist mjer þörf á, að rannsaka það ýtarlega, og ekki að eins að ræða það á fundum. Mjer finnst vera ástæða til að bera það saman við eldri ákvarðanir, sem gilda í þessu efni. Jeg hygg, að það þurfi að breyta frumv. eða laga eitthvað. Vil þess vegna stinga upp á nefnd og verði það gjört, að það þá verði 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 8 atkv. og í hana kosnir:

Hallgrímur Sveinsson með 8 atkv.
Kristján Jónsson — 8 —
Þorleifur Jónsson — 7 —

Frumv. til laga um að Austur-Skaptafellssýsla skuli, að því er sveitastjórn snertir, skilin frá suðuramtinu og lögð til austuramtsins; 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. frumv. samþ. hvor um sig í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um iðnaðarnám; 2. umr.

Tekið út af dagskrá sakir þess, að breyt.till. var komin við það, er eigi komst að á þessum fundi.

Frumv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda; 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra örlitla athugasemd. Það er engin efnisbreyting, heldur að eins orðabreyting, og vildi því spyrja, hvort ekki mætti, án þess að sérstök breyt.till. væri framborin, fá breytt í niðurlagi 1. gr. frumv., að „ár hvert“ kæmi í st. f. „hvert ár“. Jeg hygg það ofurlitla bót.

Forseti áleit, að þar sem þetta væri að eins orðabreyting og landsh. hefði ekkert á móti því, væri hægt að laga það í hendi sinni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 2.—3. gr. samþ. hvor um sig með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd milli þinga til að endurskoða sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins o. fl. (C. 24); hvernig ræða skuli.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Þó að þetta sje athugavert mál, hygg jeg samt að nægja muni ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. með 10 atkv.

Sjötti fundur, mánudag 10. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um brúargjörð á Fnjóská (C. 36); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Við flutningsmenn höfum leyft okkur að bera þetta mál fram fyrir þingið, því að við vonum og vitum, að engum h. þingdm. muni blandast hugur um, að samgöngumál vor sjeu eitt af þeim allranauðsynlegustu málum, sem þingið getur fengið til meðferðar. Að brúa ófærar eða lítt færar ár, er ekki óverulegur þáttur í samgöngumálum vorum, og því nauðsyn að brúa þar sem hægt er, en það er eigi hægt alstaðar, því miður. Af þeim ám, sem eru illar yfirferðar, en eigi ógjörlegt að brúa, er Fnjóská. Um hásumarið er hún reyndar eigi sjerlega stór á nje miklar torfærur fyrir hendi að komast yfir hana. En allt vorið er hún venjulega óreið og jafnvel stundum lítt ferjutæk, en einmitt þá er mest umferðin. Þar um liggur þjóðvegur og póstvegur og mikil umferð allt árið. Venjulega er Fnjóská ekki vel fær nema um hásumarið eða háveturinn, þegar ís er yfir. Orsakirnar til hinna miklu vatnavaxta á vorin, er hlaupa í Fnjóská, eru langir aðdrættir frá öræfunum og löngum afrjettardölum, og svo eru há og

snjóamikil fjöll á báðar hliðar og safnast því mikið vatn úr hlíðunum, því að eins og menn vita er snjósælt á norðurlandi og þá ekki síst í Þingeyjarsýslu. Við þetta bætist, að áin rennur í þröngum dal með litlu undirlendi, en hallinn á landinu er mikill, svo að áin verður með straumharðari ám. Hinn tiltölulega mjói farvegur gjörir það að verkum, að þegar hún vex, getur hún ekki breitt úr sjer, heldur hækkar vatnið og straumurinn margfaldast. Jeg þarf eigi að fjölyrða um það, hve nauðsynlegt er að brúa þessa á, en vona að öllum sje það ljóst, að á því er mikil þörf.

Þó að áin sje tiltölulega mjó, rennur hún samt ekki milli kletta, heldur eru háir melbakkar og grjóteyrar beggja megin. Náttúran hefur lítið hjálpað til að búa til brúarstæði og því erfiðara verður það fyrir mennina. Þó er það svo heppilegt, að skammt frá veginum, þar sem áin er venjulega riðin, er eptir áliti kunnugra manna vel notandi brúarstæði; það vantar að eins, að náttúran hafi hlaðið brúarstólpana að nokkrum teljandi mun. Annars vegar er þó lág og sljett klöpp, sem gott er að byggja ofan á. Í ánni er þar klapparbotn, hentugur til þess að setja stöpul í ánni. En jeg vil nú ekki fara mikið út í að það verði gjört. Jeg er vonardaufur um, að kunnátta okkar sje nógu mikil til þess, að við gætum reist stöpul út í miðri á, svo hann væri nógu sterkur til að þola ísruðning. En það er víst, að brúarstólparnir við Fnjóská verða að vera háir, því að á vetrum vex hún mjög og ryður sig opt. Að brúarstólparnir verða að vera svo háir mun mest auka kostnaðinn við brúarbygginguna.

Eins og jeg sagði áðan, þá er mikil umferð eptir þjóðveginum yfir ána. Auk þess, sem þar er umferð af ferðamönnum með hesta, þarf venjulega að reka yfir ána mörg þúsund fjár á haustin til slátrunar á Akureyri eða útflutnings við Eyjafjörð. Nú hagar svo til, að seinni hluta hluta septembers, þegar fjárrekstrarnir eru sem mestir, er opt illviðri og snjóveður. Þess vegna er ákaflegur hrakningur fyrir fjeð að vera rekið í ána, því að opt kemur krapi í hana, og getur hún þá einnig orðið erfið rekstrarmönnum sjálfum. Ofan á það bætist, að þegar komið er yfir Fnjóská tekur við Vaðlaheiði. Er hún hæsti fjallvegur á aðalpóstleiðinni eptir endilöngu norðurlandi og einnig á leiðinni hjeðan úr Reykjavík norðan um land austur í Fljótsdalshjerað; mun hún vera allt að 2000 feta á hæð.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, sem ganga mundi til brúarinnar, hef jeg því miður engin skjöl eða skrifað álit manna um það meðferðis, hver kostnaðurinn muni verða. Þess háttar áætlun var eigi gjörlegt að fá. Að vísu eru þar um sveitir margir góðir menn, sem bera skyn á slíka hluti, en sjálfir álitu þeir sig ekki svo vissa, að þeir vildu gefa um það skriflega áætlun. Og hefði átt að fá menn úr fjarlægð til að ætla á um brúarkostnaðinn sem nákvæmlegast, þá mundi það hafa kostað ekki svo lítið.

Þingeyingar hafa annars töluverða reynslu í því efni, að leggja brýr yfir stór vötn. Þeir hafa brúað tvær stórár, Skjálfandafljót og Laxá í Aðaldal, og er það samhuga álit greindra og hygginna manna, að brú á Fnjóská mundi kosta allt að því eins mikið og brúin á Skjálfandafljóti. Hleðsla brúarstólpanna við Fnjóská verður kostnaðarsamari, því að við Skjálfandafljót eru háir klettar, sem spara hleðsluna, en aptur eru líkur til, að sjálf brúin gæti kostað minna á ánni en á fljótinu.

Jeg vona, að h. þm. taki málinu vel; það er auðsætt, að málið er nauðsynjamál, og eg vona, að h. þingdm. greiði fyrir því gegnum deildina.

Þorkell Bjarnason: Jeg þekki nokkuð til með þessa á; jeg hef verið þann tíma árs í nánd við hana og hið áætlaða

brúarstæði, er mestar torfærur þykja á yfirferð yfir ána. Það er satt, að hún er vond yfirferðar. En þó fór jeg opt yfir hana bæði haust og vor og aldrei svo, að eigi mætti ríða hana. Jeg er viss um það, að það eru margar ár á póstleiðinni óbrúaðar, sem meiri þörf er að brúa en Fnjóská.

En það datt mest ofan yfir mig, og það sýnir, að Þingeyingar ætla að hægt sje að rjetta hendur sínar í landssjóð, að þeir skuli koma með beiðni um 18000 kr. til brúargjörðar, án þess að koma fram með nokkurn skapaðan hlut, ekki einu sinni votttorð frá pósti, hvað þá heldur skriflegar áætlanir frá kunnugum og greindum mönnum um það, hver kostnaður mundi verða og hvar brúin yrði gjörð. Jeg verð þess vegna að greiða atkvæði móti þessu frumv. Það er aðgætandi, að á litlum tíma — það þarf ekki til þess nema næsta fjárhagstímabil — verður auðið að afla sjer upplýsinga í þessu máli. Jeg hjelt, að einhverjar upplýsingar lægju fyrir í málinu og leitaði að þeim á lestrarsalnum í morgun, og gekk yfir mig, að jeg skyldi enga finna. Nú heyrði jeg hjá h. flutningsm. (E. Á.), að þær væru engar til, og þótti mjer enn meiri furða.

Það er minn ásetningur að greiða atkvæði á móti frumv., og þætti mér ekki af vegi, að þingd. gjörði hið sama. Það þurfa eigi að líða nema tvö ár þar til að nægar upplýsingar um málið verða fengnar og frumv. getur komið fram á ný og ef til vill fengið betri byr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg get ekki þakkað fyrir undirtektirnar í þessu máli. Jeg veit vel, að h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) hefur átt heima við Fnjóská lítinn tíma og líklega ekki heilt ár. Það getur vel verið, að hann hafi getað riðið hana bæði vor og haust. Veðurátta er mjög misjöfn norðanlands; þar koma einatt köld vor, svo að vel getur komið fyrir, að bæði Fnjóská og önnur vatnsföll sjeu lítil meiri hluta vorsins vegna kulda og frosta til fjalla. Það eru ekki mörg ár síðan, að allt vorið var svo kalt fyrir norðan, að öll vötn voru lítil fram í júlímánuð. Svo skipti hastarlega um tíð og þá hljóp ákaflega mikill vöxtur í flestar ár. Þá skemmdust margar jarðir og býst jeg við, að hæstv. landsh. sje kunnugt um, að mjög margar þjóðjarðir skemmdust þá stórkostlega í Eyjafjarðarsýslu, og svo var víðar.

Mjer virtist h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) álíta, að ef þetta frumv. væri nú samþykkt, þá yrði endilega að brúa Fnjóská á næsta fjárhagstímabili, sem varla mundi verða við komið, og því yrði nú að fella málið. Mjer hefur ekki komið til hugar, að Fnjóská verði brúuð á þessu næsta fjárhagstímabili. En þegar frumv. er orðið að lögum, gilda þau lög þangað til landsstjórnin getur komið því við að framfylgja þeim og koma brúnni á. Jeg get ekki sjeð, að það verði gjört á þessu næsta fjárhagstímabili. Í þessu frumv. er alls ekki miðað við fastákveðinn tíma, svo jeg skil því ekki í, hvað undarlega þetta stendur í höfðinu á h. 6. kgk. þm. (Þ. B.). Jeg skal svo ekki mæla frekar að sinni.

Þorkell Bjarnason: Jeg meina það ekki, að brúargjörðina þurfi endilega að framkvæma á þessu fjárhagstímabili, en það er meiningin, að jeg ætlast til, að á næsta þingi yrði hægt að vera búið að afla sjer nægilegra upplýsinga um málið. *(Flutningsm. E. Ásm.:* Hvaðan?). Frá vegfræðingum, póstinum og kunnugum mönnum þar í nánd við ána. Það dugar ekki að miða brúargjörð á Fnjóská við brúargjörðina á Þjórsá. Við hana voru nægar upplýsingar fyrir fram um brúarstæðið og góðar skýrslur, svo að það er eigi berandi saman. Jeg held, að þetta standi ekki þvert í höfðinu á mjer, heldur í höfðinu á h. flutningsm.

Landshöfðingi: Jeg efast ekki um það, sem h. flutningsm. (E. Á.) sagði, að það væri þörf á því að brúa Fnjóská. En jeg verð að játa, að jeg skoða frumv. svo sem brúa eigi ána á þessu fjárhagstímabili; annars er þýðingarlaust að koma fram með frumv. nú um að brúa ána, ef það er ekki meiningin, að það verði gjört áður en þing kemur næst saman. Auðvitað er það, að lögin munu halda sínu gildi fyrir það, þó að brúin yrði ekki gjörð á þessu fjárhagstímabili. En það koma hjer atriði til greina, að ekki er hægt að ákveða með lögum brúargjörðina, fyr en búið er að rannsaka það til hlítar. Það er bæði hvar brúarstæðið eigi að vera og eins hve mikið fje mundi ganga til brúargjörðarinnar. Ef frumv. yrði að lögum áður en skoðað væri, hvar brúarstæði væri hentugast og áður en áætlun væri gjörð um kostnaðinn við brúargjörðina, og svo reyndist á eptir, að annað brúarstæði væri betra en það hjá Skógum, eða það, að 18000 kr. væri alls ekki nóg fje til þess, — þá yrðu þessi lög ónýt, þá þyrfti ný lög, sem ákvæðu meira fje. Þess vegna er ekki gjörlegt að samþykkja lög, sem eru þannig úr garði gjörð, að óhjákvæmilegt er að útvega áreiðanlegar upplýsingar um veruleg atriði, sem lögin kveða á um. Meðan menn ekki vita fyrir víst, hvorki hvar hagkvæmlegast er brúarstæði nje heldur, hve mikið fje þarf til fyrirtækisins, tjáir ekki að kveða á um slíkt með lögum, en til þess að fá ljósa hugmynd um þessi atriði, þarf að vita um lengd brúarinnar og hve mikið muni ganga til hennar af járni, trje o. s. frv., eða hvað stöplarnir þurfi að vera rambyggðir. Það er ómögulegt að segja í huga sínum, hvað þess háttar muni kosta, ef menn hafa ekki yfirlit yfir, hvað hver einstakur hlutur og liður kostar. Jeg hygg því, að þetta frv. sje of snemma upp borið.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg álít mjer skylt að tala nokkur orð í þessu máli, þar eð jeg þekki nokkuð til þess. Jeg rengi alls ekki orð h. flutningsm. (E. Á.), að full þörf sje á að brúa Fnjóská. En jeg held, að það þurfi að brúa margar aðrar á undan. Jeg hef í 6 ár, er jeg var þar nyrðra, á ýmsum tímum ársins farið yfir Fnjóská, og opt á þeim tímum, sem vatnavöxtur var í ánni á vorin, t. d. í maímánuði, og alltaf slarkað yfir, en jeg játa það, að hún var stundum illfær og ófær með klyfjaða hesta. Eins og h. flutningsm. tók fram, getur einnig verið illt að reka fje yfir ána, einkum í rigningum og hríðum, eða þegar ísgangur og krapi kemur í ána á haustum, og fer það opt illa með fjeð. En jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að frumv. þetta sje ótímabært nú, þar sem allar upplýsingar vantar. Það er ekki sízt bagalegt, að ekki eru neinar skýrslur um kostnaðinn, og jeg hygg, að 18000 kr., sem nefndar eru í frumv., sjeu ekki nærri nógar, til að gjöra brúna fyrir. Ef gjöra ætti brúna nálægt Skógum mundu 18000 kr. að mínu áliti vera um það á þrotum, er búið bæri að gjöra fulltrygga brúarstöpla.

Annars er jeg málinu hlynntur og gef því atkvæði mitt, þegar nægar skýrslur og upplýsingar eru framkomnar, því að Fnjóská er ein af þeim ám, sem þarf að brúa.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg játa það, að samgöngumálið er eitt af þeim helztu velferðarmálum landsins, og því skylt fyrir þingið að styðja það sem bezt. Einn liðurinn í samgöngubótunum er að brúa sem flestar ár, og er hann einhver hinn þýðingarmesti. En umbætur í því efni eiga sjer þó takmörk, og vjer megum ekki taka allt of stórt stökk í einu eða reisa oss hurðarás um öxl í því tilliti, því að þá gæti svo farið, að ekkert yrði úr neinu. Ef þingið samþykkti mörg lög um brúargjörðir, gæti svo farið, að engin þeirra yrði framkvæmd í verkinu. Ef meira fje yrði veitt, en hægt væri fram að greiða,

með því að samþykkja á sama þingi mörg lög um brúargjörðir, þá gæti orðið erfitt fyrir landsstjórnina að ákveða, hver af mörgum ætti að fá fje til brúargjörðar. Annað er það líka, sem er á móti frumv. Eptir þeim lýsingum að dæma, sem bæði h. flutningsm. (E. Á.) og h. 6. kgk. (Þ. B.) hafa gefið á Fnjóská, þá er það mörg áin, sem er eins slæm og jafnvel mikið verri yfirferðar. Enn fremur voru lýsingarnar svo ólíkar hjá h. þm., að maður getur nærri því sagt, að þeir hafi þrætzt um málið.

Án þess að segja nokkuð um, hver segi sannara eða rjettara, vil jeg setja svo, að lýsing h. flutningsm. (E. Á.) sje rjettari, en þrátt fyrir það er ekki ástæða til að leggja fram fjeð, sem farið er fram á í frumv., og því síður þar sem ekkert álit eða skýrslur eru fram komnar til upplýsingar málinu, sem eitt út af fyrir sig, eins og hæstv. landsh. og h. 6. kgk. (Þ. B.) tóku fram, er nægt til þess, að ómögulegt er að mínu áliti að samþykkja frumv. Mjer finnst því rjett að vera ekki að treina sjer það, úr því maður er viss um, að fá ekki þær upplýsingar nú, sem breyti skoðun manna á málinu.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Menn hafa tekið þunglega undir þetta mál, furðu þunglega að mjer virðist.

Það eru samt allir, sem hafa sagt, að það væri nauðsynlegt og mikil þörf að brúa allar torfærar ár, og það er líka mín skoðun. Jeg vona, að það verði gjört á komandi árum, svo að þegar þessi öld rennur út og önnur ný rennur upp, verði komnar brýr á margar af þessum ám, sem nú eru til mesta farartálma.

Hvað tímann snertir til brúargjörðarinnar á Fnjóská, þá er tímatakmarkið alls eigi bundið við þetta fjárhagstimabil, sem fer í hönd. Til þess að bæta úr þeim galla, sem hæstv. landsh. taldi vera á frumv. með tilliti til fjárupphæðarinnar, sem tiltekin er, væri hægt að stryka út fjárupphæðina úr frumv. og láta þar að eins standa: Landstjórnin skal brúa o. s. frv. Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að með lögum væri nú þegar ákveðið, að brúa skyldi allar stórár á aðalpóstvegunum, þó fjeð gæti ekki fengizt til þess nema á nokkuð löngu tímabili. Auðvitað hefur brúarstæðið á Fnjóská eigi verið skoðað af mönnum, sem gott skyn bera á þá hluti, og ekkert álit til á pappírnum um brúargjörðina, en að fá menn til þess er heldur ekki auðvelt, og óvíst hvort nokkur er fullkomlega fær til þess hjer innanlands. *(Landsh.:* Svo!).

Það er auðvitað guðvelkomið fyrir mjer að brúa allar ár á aðalpóstleiðunum og alfaravegum landsins, og jeg neita því ekki, að einhverjar þeirra ætti að brúa á undan Fnjóská ef til vill. En þessa á þarf að brúa sem fyrst verða má, og lengra er ekki farið í þessu frumv.

Ef einu sinni hefur verið ákveðið með lögum að brúa á, þá álít jeg, að byrjunin eða hið fyrsta, er gjöra skal, sje að rannsaka brúarstæðið nákvæmlega og gera áætlun um kostnaðinn. Þetta er eðlilegast að sá geri, sem ætlar að framkvæma verkið; það er varla hentugt eða hyggilegt að ætlast til þess af öðrum. Menn vita, að það er ekki góð völ á mönnum, sem geta leyst það verk vel af hendi, og þó að einhverjir sjeu, sem beri góð kennsl á það efni, þá þora þeir ekki eða vilja ekki gefa skriflegt álit um það mál, Það er enginn, sem getur skyldað þá til þess. — Eins og jeg sagði, skal jeg með ánægju stytta frv. eða draga úr því ákvæðið um kostnaðinn, ef mönnum finnst það þá aðgengilegra. Jeg álít að brúargjörðin sje ekki bundin við næsta fjárhagstímabil og því síður, ef fjárupphæðin er strykuð út.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um iðnaðarnám; 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að jeg hef leyft mjer að koma fram með nokkrar breyt.till. við frumv. þetta, ætla jeg að gjöra grein fyrir ástæðum mínum. Eins og h. þm. geta sjeð, eru það engar efnisbreytingar. Jeg hef gengið út frá því, að frumv. væri svo rækilega athugað að efninu til, að það væri ekki ástæða til að breyta því, en á sumum stöðum fannst mjer, að betur mætti komast að orði og þar hef jeg leyft mjer að stinga upp á að breyta. Það er þá fyrst, að í 2. gr. frumv. stendur orðið „uppreisn"; jeg hef stungið upp á, að í stað þess komi „uppreist". Jeg skal ekki leggja neinn dóm á, hvort rjettara er frá málsins sjónarmiði, en það sem kom mjer til þess að gjöra þessa breyting var það, að í lögum um uppreist á æru frá 12. marz 1870 stendur alstaðar „uppreist", og vildi jeg þá að það sama orð stæði á öllum stöðum og að það væri samræmi einnig í orðfærinu milli þessa frumv. og þeirra laga, sem það vitnar til. Þó að þetta sje lítilfjörleg orðabreyting, hygg jeg samt, að hún sje heldur til bóta.

2. Í 9. gr. næstsíðustu málsgrein legg jeg til að orðið „að" falli burt. Jeg held að setningin verði betur orðuð á þann hátt.

3. Legg jeg til, að í stað orðanna: „ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra", komi: „ef hann beiðist þess af lögreglustjóra, áður en 2 vikur eru liðnar". Hjer hefur fallið úr, að vísa til 13. gr., sem breyt.till. á við. Mjer þykir rjettara að orða setninguna þannig, heldur en að hafa röðun orðanna sem í frumv. Jeg kann betur við að hafa 2 vikur heldur en 14 daga; það er ekki góð íslenzka.

4. Í síðasta tölul. 15. gr. stendur í frumv.: „ef hann er með dómi gjörður sekur um brot" o. s. frv.; jeg sting upp á, að því verði breytt svo: „ef hann með dómi verður sekur um brot" o. s. frv. Áður er haft í frumv., og það er rjettara mál, „að verða sekur", heldur en „verða gjörður sekur".

5. Legg eg til, að í stað orðanna: „nú beiðist einhver" komi: „nú vill einhver beiðast". Mjer finnst betur við eiga, þegar talað er um, hvernig sá, sem beiðist, eigi að fara að, að orða það svo: „nú vill (óskar einhver að) beiðast".

6. Í stað: „hinn gjörðarmanna" í 18. grein komi: „hinn gjörðarmaðurinn". Jeg ber ekki á móti, að hitt sje rjett mál, en jeg kann betur við að orða það svo, úr því þeir eru tveir gjörðarmennirnir.

7. Á þessum stað virðist mjer innskotssetningunni sje betur fyrirkomið með því móti, að í stað orðanna í byrjun annarar málsgreinar 19. gr.: „Sömu refsingu skal sá lærimeistari sæta — nema þyngri refsingarákvæði eigi við — sem freklega" o. s. frv. komi: „Sömu refsingu — nema þyngri refsingarákvæði eigi við — skal sá lærimeistari sæta, sem freklega" o. s. frv.

8. Loks hef jeg gjört breyt.till. við sömu grein, að í síðasta lið hennar komi: „hverfur ekki" í stað orðanna: „ekki snýr". Jeg kann betur við, að sama orðið sje haft hjer, úr því „hverfa" er haft á undan.

Eins og jeg tók fram, eru þetta að eins orðabreytingar, sem jeg held að fari betur frá málsins sjónarmiði.

Það er einnig annar h. þingdm. (G. G.), sem hefur komið með breyt.till. við frv., og ætla jeg þá að minnast á þær um leið, úr því að jeg er staðinn upp.

Hann stingur upp á, að aptan við 3. gr. bætist: „og ekki skemur en 3 ár". Það er verið að tala um, hvað langur kennslutíminn á að vera. H. þingdm. (G. G.) vill setja takmörk fyrir því, hvað stuttur hann megi vera, nfl. ekki styttri en 3 ár. Jeg álít, að það hafi verið með ásettu ráði gjört, að þessi takmörkun var eigi sett í frumv. Það getur vel komið fyrir, að það gefi sig maður fram, sem

þyrfti ekki annað en að eins fullnema sig í iðn sinni; við skulum segja t. d. trjesmiður, sem er orðinn allfær til flestra smíða, en vill fullkomnast meira hjá duglegum meistara, svo sem 1 árs tíma. Það væri þá ósanngjarnt, að hann gæti ekki orðið þeirrar kennslu aðnjótandi, nema með því móti að binda sig við 3 ár. Jeg álít ógjörlegt að setja stytztan kennslutíma 3 ár.

Þá kemur hann fram með þá breyt., að í stað: „kl. 5 á morgnana“ komi: „kl. 6 á morgnana“ í síðari málsgrein 7. gr. Það getur auðvitað verið álitamál, hvort tímatakmarkið eigi að setja. Jeg gæti fellt mig við hvorttveggja. Það gæti staðið svo á, að lærimeistari væri vanur að fara snemma á fætur, t. d. kl. 5, og sæi jeg þá ekkert á móti því, að hann tæki námspiltinn með sjer til vinnu; en þetta getur verið álitamál.

Þá kemur h. þingdm. fram með þá breyting við 8. gr., að orðin: „fram yfir kl. 9 fyrir hádegi“ falli burt. Jeg get fellt mig vel við þessa breyt., þar sem það einnig stendur í samræmi við frumv. í Nd. um almannafrið á helgidögum, sem nú liggur fyrir þinginu. Mun í því frumv. hafa staðið áður tímatakmark kl. 9, en nú er því sleppt í frumv., og þætti mjer því máske betra, að því væri einnig sleppt í þessu frumv. til samræmis.

Um hina 4. breyting, sem h. þingdm. vill gera, að fella burt orðin í 9. gr.: „ef slík kennsla er fáanleg á staðnum“, verð jeg það að segja, að mjer finnst það öldungis ógjörandi, að leggja öllum lærimeisturum það á herðar, að útvega kennslupiltum sínum kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist skilyrðislaust, hvernig sem á stendur. Það getur staðið svo á, að lærimeistari geti alls ekki útvegað þá kennslu, og hvaða ástæða er að taka ákvörðun um það, sem seinna sýnir sig að er óframkvæmilegt. Jeg má segja, að þessum orðum, sem h. þingdm. leggur til að verði sleppt, hafi verið bætt inn í á síðasta þingi, af því að mönnum fannst því að eins gjörlegt að gjöra ákvæði um þetta efni, að þessum orðum væri bætt við. En væru þau felld burt, kæmu fyrir mörg tilfelli, að ómögulegt væri að útvega nemendum þessa kennslu.

Þar sem h. þingdm. leggur til, að í 16. gr. 2. lið komi: „10 mílur frá sveitarfjelagi því“ o. s. frv. í stað: „1 mílu“, þá er mjer ekki með öllu ljóst, hvað h. þm. hugsar sjer með því. Jeg get vel ímyndað mjer, að verði sett 10 mílna takmarkið, geti það haft töluverð áhrif á samninginn. Mjer þykir það undarlega stórt stökk, að hann skuli tiltaka 10 mílur, en máske fær maður betri skýring á því hjá h. þingdm.

Guðjón Guðlaugsson: Það mun ekki ótilhlýðilegt, að jeg gjöri stuttlega grein fyrir breyt.till. þeim, sem jeg hef komið fram með við frumv. þetta. Þær eru eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram flestar efnisbreytingar að meiru eða minna leyti.

Fyrsta breyting er við 3. gr., að bæta inn í hana ákvæði um, að námstíminn skuli ekki vera styttri en 3 ár. Tilgangurinn er eiginlega ekki sá, að lengja yfir höfuð þennan kennslutíma, heldur að trygging fáist fyrir, að kennslan komi að notum, og að hún sje meira en nafnið tómt, og þá má ekki hafa tímann styttri en 3 ár. Það er kunnugt mörgum, að námsbrjef (sveinsbrjef) hafa ekki ætíð svo mikla þýðingu, og jeg veit til þess, að fyrir hefur komið, að menn hafa keypt hjer þess konar námsbrjef fremur sem verzlunarvöru heldur en fyrir eigin verðleika sína. Afleiðingin af slíku getur ekki orðið önnur en sú, að vjer fáum flokk af fínum flökkurum og slóðum — þessa svo nefndu „fúskara“ — en jeg vil feginn reyna að koma í veg fyrir þetta með þessu ákvæði, að kennslutíminn sje ekki styttri en 3 ár, því að með því er fengin nokkur trygging

fyrir, að lærisveinninn hafi numið eitthvað sjer og öðrum til gagns. Jeg skal að vísu játa, að það er nokkuð ófrjálslegt að setja þetta inn í lög, en þegar svo stendur á, að nemandi er svo langt á veg kominn, að hann ekki þarf svo langan tíma til námsins, þá eru ýmsir vegir opnir fyrir hann. Þess konar menn eru iðnaðarmenn fúsir að taka og leyfa þeim að vera hjá sjer og með sjer til að fullkomna sig í iðninni. Aðaláherzlan liggur alls ekki á námsbrjefinu, því að sá sem kann iðn sína vel og er kunnur að því að vera laginn, hann fær engu að síður aðgang að vinnu, þótt hann hafi ekkert námsbrjef, heldur en aðrir, sem hafa það, en aptur á móti minni hæfileika.

Önnur breyt.till. er um það, að vinnutíminn byrji ekki fyr en kl. 6 á morgnana. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nauðsynlegt að hafa það kl. 5, eins og í frv. stendur, því að jeg hef reynslu fyrir því, að það er ekki drýgra uppá vinnuna að hanga lengi við hana, — það gjörir menn lata og ónýta, og eins mun vera að sínu leyti með iðnað sem aðra líkamlega vinnu.

Þriðja breyt. er við 8. gr. og er hún gjörð í þeim tilgangi, að haldinn sje helgur allur hvíldardagurinn. Það er sem sje mín skoðun, að það eigi alls ekki að stytta hann. Ef dagurinn er helgur dagur, verður hann það eptir sem áður, hvaða lög sem þingið býr til um helgi hans. Annars virðist mjer það líka heyra fremur til andlega valdinu heldur en þinginu, að setja reglur um þess háttar. Þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.) benti á, að þessi breyt. væri í samræmi við frumv. um helgidagana, er liggur fyrir þinginu, þá skal jeg geta þess, að jeg athugaði það ekki, þegar jeg samdi breytinguna, því að jeg er yfir höfuð á móti því frumv. Mjer finnst líka, að ef ástæða er til að banna algenga vinnu á helgum dögum fyrir vinnuhjú og annan verkmannalýð, þá sje eins ástæða til að banna það fyrir námssveina. Þessi helgidagavinna er annars útlent ákvæði, sem vjer ættum ekki að apa eptir; það verður okkur hvorki til gagns nje sóma.

Fjórða breyt.till. er um það, að allir kennendur þessara námsveina skuli skyldir til að útvega þeim kennslu í uppdráttarlist þeirri, er að iðn þeirra lýtur. Það liggur í augum uppi, að ef slík kennsla er nauðsynleg á sumum stöðum, er hún það eins á öllum stöðum, og sje kennslan gjörð að skyldu, verður það að eins í byrjuninni, að erfitt verður að fá hæfa menn til að kenna. Svo ber og þess að gæta, að það er ekki nema við einstök handverk, sem uppdráttarlist er nauðsynleg. Úrsmiðir og skóarar þurfa t. a. m. ekki að læra uppdráttarlist sakir iðnar sinnar; það eru einkum þeir menn, er byggja hús, er ekki geta komizt af án þess, að hafa lært hana, og það er eitt verulegt aðalskilyrði fyrir því, að geta talizt hæfur til þess, að hafa numið uppdráttarlist, og þar sem svo mikið er í hófi eins og það, að byggja hús fyrir ef til vill mörg þúsund krónur, er einkar nauðsynlegt, að trygging sje fyrir því, að sá, sem það gjörir, hafi þá þekkingu og kunnáttu, er útheimtist til þess að leysa þann starfa traust og vel af hendi.

Ástæður mínar fyrir breyt.till. við 16. gr. eru þær, að jeg get ekki fundið það rjettlátt, að námssveinn geti hlaupið burtu frá kennara sínum, þótt hann flytji að eins 1 mílu burtu. Ein míla er svo lítil vegalengd, að það getur opt verið um að ræða svo langan flutning innan hrepps. Aptur á móti getur hugsazt, að það sje oflangt sett takmarkið hjá mjer, 10 mílur, og ef mönnum sýnist, má koma með breyt.till. um það til 3. umr.

H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að svo gæti staðið á, að maður, sem tekið hefði námssvein, þyrfti að fara sjálfur á fætur til vinnu sinnar kl. 5, og að hann skyldi þá ekki geta látið námssvein sinn fylgja sjer, það væri hart. En úr því er bætt í grein-

inni þar sem stendur „nema brýna nauðsyn beri til“. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira að þessu sinni.

Landshöfðingi: Eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, eru breytingartill. hans engar efnisbreytingar, heldur að eins lagfæringar á málinu, og get jeg fellt mig vel við þær allar. En aptur á móti er öðru máli að gegna með breyt. till. h. þm. Strandm. (G. G.). H. 2. kgk. (H. Sv.) er nú búinn að benda á ýmsa alvarlega agnúa á þeim breyt. till., og fannst mjer ekki, að uppást.m. gæti vel hrakið þær aðfinningar. Eins og tekið var fram, er það öldungis ekki rjett, að binda kenslutímann svo, að hann geti ekki í neinu tilfelli verið styttri en 3 ár, því að opt getur námssveinn verið svo vel undirbúinn, að 3 ár sje allt of langur kennslutími, og þá er þessi tími fjötur um fætur honum. En hann má til að vera hjá lærimeistara lögskipaðan tíma til að geta fengið sveinsbrjef sitt, enda er engin minnsta trygging fyrir því, að námið verði meira, þótt tíminn sje svona langur, því þegar pilturinn er orðinn fullnuma áður en þessi 3 ára tími er á enda, getur verið, að námið verði hinn tímann að eins að nafninu til, þannig að hann verji mestu af honum t. a. m. við heyvinnu eða sjóróðra. Tryggingin fyrir því, að námið verði að gagni er í allt öðru fólgin, sjer í lagi í ákvæðunum í 9. og 10. gr. frv. Þau ákvæði, sem þar eru álít jeg góð og fulltryggjandi; þau voru sett inn í frv. í Nd. í hitt eð fyrra og þóttu þá gild og góð.

Hin 2. br. till. h. þm. Strandm. (G. G.) er held jeg sprottin af misskilningi. Honum fórust svo orð, sem hann áliti, að vinnutíminn fyrir námssveinana væri lengri ef þeir byrjuðu kl. 5 heldur en ef þeir byrjuðu ekki fyrri en kl. 6. En þetta er misskilningur. Í 7. gr. er ákveðið, að vinnutíminn skuli ekki vera meir en 12 tímar, að meðtöldum 2 tímum til hvíldar og matar, eða alls 10 tímar. Þegar því fyr er byrjað á vinnunni á morgnana er fyr hætt á kveldin og vinnutíminn er jafnlangur hvort byrjað er kl. 5. eða 6. Það er aptur á móti óeðlilegt, eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, að lærimeistari gæti eigi og mætti eigi láta námssveina sína byrja á verki fyrri en kl. 6, hvernig sem á stæði, því að þar er líka misskilningur hjá h. þm. Strandm. (G. G.) að undanþága sje frá *því* „þegar brýna nauðsyn beri til“. Sú undanþága er í 8. gr. og á að eins við sunnudagavinnu. Hinn 3. tl. í breyt.till. þm. Strandam. legg jeg enga áherzlu á; það stendur á sama hvort það stendur eða fellur. En aptur á móti er 4. tl. öldungis óhafandi. Eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) benti á, var ákvæðinu um tilsögn í uppdráttarlist og jafnframt orðunum „ef slík kennsla er fáanleg á staðnum„ bætt við í Nd. í hitt eð fyrra, með því að það þótti alls ekki tiltækilegt að gjöra þessa kennslu undantekningarlaust að skyldu, meðan það er ekki almennara en nú er, að hægt sje að fá tilsögn í uppdráttarlist. Það væri óhafandi að fyrirskipa, að lærimeistari útvegi námspiltinum þá tilsögn, sem ekki er fáanleg á kennslustaðnum. Þar sem h. þm. Strandam. (G. G.) drap á, að hann kynni ekki við, að slík kennsla fengist að eins hjer í Rvík, þá ber þess að gæta, að kunnátta í uppdráttarlist mun dreifast bráðlega út frá Rvík með þeim mönnum, sem læra munu hjer þessa list, og verður þannig með tímanum hægt að fá nægilega tilsögn í henni út um land, svo að undantekningin að kennsla sje ekki fáanleg á staðnum, kemur sjaldnar til. Hin 5. br. till. er einnig hreint fráleit. Sýnist h. þm. Strandam. það sanngjarnt, að ef foreldrar hafa komið ungum syni sínum til náms hjá iðnaðarmanni hjer í Rvík, en iðnaðarmaðurinn flytur svo austur í Árnessýslu eða upp í Borgarfjörð, að pilturinn sje þá skyldugur til að flytjast þang-

að með honum. Nei, slíkt væri öldungis óhafandi; það er einmitt mjög nauðsynlegt, að foreldrar geti slitið samninginn, þegar lærimeistarinn flytur einhvern nokkuð lengri veg burtu — enda yrði 2. liður 16. gr. mjög afkáralegur, ef þetta 10 mílna takmark væri sett inn, — ef það þyrfti 10 mílna burtflutning til að piltur, sem er til heimilis hjá lærimeistara, geti losnað við samninginn, en að eins þurfi nokkuð langa morgun- og kveldgöngu til að verða því valdandi, að slíta megi samninginn, þá er hann er ekki hans heimilismaður.

Jeg verð því að leggja á móti 1. 2. 4. og 5. tl. á breyt.till. og jeg álít það mikinn galla á frv. ef þær breytingar komast að.

Jón A. Hjaltalín: Það er fyrsta breyt.till. á þingskj. 39, sem mjer finnst röng eptir málsvenju nú; og þó það orð sje komið inn í eitthvert lagaboð er einmitt rjett að snúa aptur af þeim villuvegi. „Uppreist“ þýðir allt annað en „uppreisn“ hjer. Að öðru leyti er jeg samþykkur öllum breyt.till. á þingskj. 39. Síðasta breyt.till., er reyndar alveg óþörf og þykir jafnvel opt fara betur í máli að breyta til með orð, er sömu þýðing hafa, en brúka ekki aptur og aptur sama orðið.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef nú orðið þess var, að ýmsir h. þm. eru ekki samdóma mjer og samþykkir breyt.till. mínum. Reyndar mun jeg halda heilsu fyrir því, og mjer liggur ljett á hjarta, þótt þær ekki lifi lengi. Jeg hef samið þær eptir minni sannfæringu og skoðanir mínar hafa ekki getað breyzt við þær umræður, sem orðið hafa. Jeg skal játa það, að setningin „nema brýna nauðsyn beri til“ á ekki við um byrjunartímann á morgnana; en samt sem áður virðist mjer eðlilegast, að byrjunartíminn sje ákveðinn kl. 6 en ekki kl. 5, því tíðast mun yfir höfuð að ganga ekki fyr til verka *(Landsh.:* Um sláttinn?). Um sláttinn ganga menn til verka milli 6 og 7 að morgni, þar sem jeg þekki til, og atkasta eins miklu og þeir, sem fyr fara. Auðvitað verður vinnutíminn jafnlangur, hvort uppistöðutakmarkið sem er lögleitt, en jeg álít rjettara að fylgja því sem vanalegast er fyrir verkalýðinn. Hæstv. landsh. hafði ekkert á móti 3. lið í breyt.till. og þarf jeg því ekki að tala um hann frekara. Jeg verð að halda því föstu, að uppdráttarlist sje kennd þegar hún er nauðsynleg. Úr því að það er skilyrði fyrir því að geta byggt hús, að kunna uppdráttarlist, þá er öldungis nauðsynlegt, að húsasmiðir læri hana; annars geta þeir ekki sagt, hvað hús kosti, eða gefið neinn reikning eða áætlun yfir það. — Jeg held einnig fastri breyt.till. minni um 10 mílna flutninginn, þrátt fyrir ræðu hæstv. landsh. Jeg álít ófært að námssveinn geti slitið samninginn fyrir það, að lærimeistari flytur að eins eina mílu vegar. Þegar námspilturinn er heimilismaður lærimeistarans, ættu vistarsamningar þeirra að vera í samræmi við samskonar atriði í hjúalögunum. En þar sem hæstv. landsh. sagði, að engin samkvæmni væri í því, að lengja þannig vegatakmarkið, þegar nemandinn væri heimilismaður lærimeistarans, úr því að það væri látið standa, að nemandinn, ef hann væri ekki heimilismaður lærimeistarans, gæti sagt upp samningnum, ef kennarinn flytti sig svo langt, að nemandinn þyrfti að ganga til vinnu sinnar óhæfilega langan veg, þá get jeg ómögulega sannfærzt um, að þessi athugasemd sje rjett, því að ef það er í námssamningnum tekið fram, að nemandi búi annarstaðar en hjá lærimeistaranum, þá gengst lærimeistarinn um leið undir það, þótt óbeinlínis sje, að vera kyr á sama stað þar til samningnum er fullnægt, því annars getur nemanda orðið ómögulegt að fylgja kennara sínum, ef hann á engan verustað vísan, hvorki hjá honum nje öðrum á hinum nýja bústað lærimeistarans, og ef hann flytur úr kaupstað á sveitaheimili, þá verður nemandi að komast

á sama heimilið, og þótt kennari bjóði honum þá að fara algjörlega til sín, þá þarf nemandi ekki að þiggja boðið, því það er beint á móti samningnum, og getur ekki gengið nema að breyta honum að öllu leyti.

ATKVŒÐAGR.: 1. gr. samþ. með 9 atkv., breyt. við 2. gr. (C. 39) felld með 6:3; 2. gr. samþ. í e. hlj.; breyt. við 3. gr. (C. 56) felld með 7:1; 3. gr. samþ. með 10 atk.; 4.—6. gr. samþ. í e. hlj.; breyt. við 7. gr. (C. 56) samþ. með 9 atkv.; 7. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; breyt. við 8. gr. (C. 56.) samþ. með 9 atkv.; 8. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; breyt. við 9. gr. (C. 56) felld með 9:1 atkv. 9. gr. samþ. í e. hlj., og sömuleiðis 10.—12. gr.; breyt. við 13. gr. (C. 39) samþ. með 10 atkv.; 13. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 14. gr. samþ. í e. hlj.; breyt. við 15. gr. (C. 39) samþ. með 10 atkv.; 15. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; breyt. við 16. gr. (C. 56) felld með 7:2; 16. gr samþ. með 10 atkv.; 17. gr. samþ. í e. hlj.; breyt. við 18. gr. a. (C. 39) samþ. með 8 atkv.; breyt. við sömu gr. b. (C. 39) samþ. með 9 atkv.; 18. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; breyt. við 19. gr. (C. 39) samþ. með 9 atkv.; 19. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 20. og 21. gr. samþ. í e. hlj.; fyrirsögn frv. samþ. með 10 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 47); 1. umr.

Sigurður Jensson: Við höfum 2 þm. leyft okkur að koma fram með þetta frv. og leggja það fram fyrir h. þingd. Við álítum fulla ástæðu vera til að hreyfa þessu máli nú, og nauðsyn beri til að útkljá þetta mál á þessu þingi, því að það er áhugamál — nú sem stendur eitthvert mesta áhugamál þjóðarinnar. Vjer sjáum iðulega greinir í öllum dagblöðum vorum, er krefjast breytingar á eptirlaunalögunum, og frá flestum þingmálafundum eru komnar til þingsins krafir um hið sama, krafir um að útkljá málið á þessu þingi. Það er því skylda þingsins, að reyna nú að komast að einhverri niðurstöðu. Það er nauðsynlegt bæði þjóðarinnar vegna af því, að eptirlaunabyrðin liggur þungt á, en nóg að vinna með fje því, er landssjóði hlotnast; og það er líka nauðsynlegt vegna sjálfra embættismannanna, því að þetta mál hefur, eins og kunnugt er, verið brúkað til æsinga, til að kveykja með kala til embættismannastjettarinnar, en það tel jeg ekki einungis óþægilegt fyrir embættismennina, heldur líka mjög óhollt fyrir þjóðina. En það er þó ekki meining okkar flutningsmanna, að eltar sjeu allar ósanngjarnar kröfur, er komið hafa fram í þessu máli, í ræðum og ritum, heldur hitt, að taka til greina það, sem skynsamlegt er í kröfum þessum, og reyna að sníða eptirlaunin eptir hag þjóðarinnar. Þjóðin vill ekki, að starfsmenn hennar líði nauð í ellinni; um það hafa menn og getað sannfært sig í dag, þar sem h. Nd. hefur nálega í einu hljóði samþ. að veita einum öldung mjög sómasamleg eptirlaun, og það manni, sem engan rétt hafði til eptirlauna að lögum.

Við viljum ekki fullyrða neitt um það, hvort grundvöllur sá, er frv. þetta er byggt á, er hinn rjettasti; um það á hin h. deild nú að dæma. Við höfum lagt til grundvallar frv., er áður hefur verið fyrir þinginu; en þó höfum við ákveðið eptirlaunin nokkuð ríflegri en þar er gjört, því að við ætlum oss ekki að láta þessu frv. fylgja neitt frv. um skyldu embættismanna til að tryggja sjer ellistyrk; við viljum láta það vera frjálst hverjum manni, hvort hann vill tryggja sjer meiri styrk í ellinni, á þann hátt, eða eigi. Við höfum og gjört þá breyting á frumv., að eptirlaunin eru látin vaxa jafnt hjá öllum embættismönnum, hvort sem laun þeirra hafa

verið há eða lág, því að það álítum við sanngjarnt, enda meiri líkur til, að sá sem há laun hefur haft, hafi getað safnað einhverju til elliáranna. Við höfum ekki tekið ekkjur embættismanna inn í frumv. þetta; við viljum ekki taka neitt af þeim.

Jeg hef ætlað mjer að stinga upp á nefnd í lok þessarar umr., þá er jeg hef heyrt ræður manna og undirtektir í málinu.

Hallgrímur Sveinsson: H. flutningsm. hafa tekið mál þetta til meðferðar á því stigi, sem það var, er það dagaði uppi á síðasta þingi, en þó hafa þeir fellt burtu, þann dilk, er því fylgdi þá, og sem mun hafa stutt einna mest að því í hitt eð fyrra, að málið komst svo langt á leið, eg meina ellistyrksfrumvarpið. Þá er maður lítur á frv. þetta, er það bert, að það hefur inni að halda stórkostlega breytingu frá því sem nú er; en það er ætíð mjög varhugavert í allri löggjöf, að gjöra í einu mjög stórkostlegar breytingar eða stökk. Látum það vera, að allir sjeu á einu máli um það, að ljetta landsjóðnum eptirlaunabyrðina, en það er þó mesti munur, að ljetta dálítið, eða ljetta eins og hjer er farið fram á. Jeg veit það að sönnu, að þær raddir hafa heyrzt, er viljað hafa taka enn dýpra í árinni, og í Nd. hefur verið frumv., er ákveðið hefur eptirlaunin $^1/_8$ af launum, þar sem hjer er ákveðinn $^1/_5$ hluti. En samt sem áður er $^1/_5$ partur launa að viðbættum 20 kr. fyrir hvert ár í embætti, mjög fjarri því að vera líkt eldri lögum. Í síðustu gr. stendur nú að vísu, að lög þessi skuli ekki ná til þeirra manna, er nú eru í embættum, og kynni þetta að gjöra frv. aðgengilegt í augum ýmsra, er nú hafa eptirlaunarjett; en menn verða þó að gæta sín, að vera eigi ósanngjarnir við eptirkomendurna, og vera eigi of-fljótir á að gjöra stórkostlegar breytingar þeim í vanhag, en fara varlega og gæta að sjer. Jeg held að hjer sje heldur langt farið og upphæðin sett oflág, einkum úr því að ekkert ellistyrksfrv. fylgir með, og að rjettara hefði verið að halda sjer til frv. þess, er samþ. var hjer í deildinni á síðasta þingi. H. flutningsm. (S. J.) gat þess, að hin árlega viðbót væri hin sama fyrir alla eptir frv., hvort sem laun þeirra væru há eða lág, meðan þeir þjónuðu í embættum, en jeg held, að þessi grundvallarregla sje ekki allskostar rjett. Ef það eru fullar ástæður til þess, að embættin sjeu misjafnlega launuð, önnur hærra, önnur lægra, þá er líka að sjálfsögðu sömu ástæðurnar fyrir hendi til þess, að hið sama gildi um eptirlaunin, að þau standi í beinu hlutfalli við launin, og að því leyti hefði verið rjettara, að halda sjer við fyrirkomulag frv. þess, er hjer var samþ. í Ed. í hitt eð fyrra. Jeg hef viljað drepa á þessi atriði, með því að jeg er nýr þm. og hef ekki látið skoðun mína í ljósi áður um þetta mál, et að nefnd sú sem kjósa á í málið, vildi taka þessar athugasemdir mínar til greina að einhverju leyti.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg hef nú heyrt ástæður h. 2. kgk. (H. Sv.) og er hann ekki samdóma okkur í því, að við höfum valið hinn rjettasta og heppilegasta grundvöll fyrir frv. Jeg skildi svo ræðu hans, sem hann saknaði ellistyrksfrv. frá fyrra þingi, en það er mín skoðun, að það hafi einmitt verið ellistyrksfrv., sem orðið hefur þessu máli að fótakefli á fyrri þingum. Jeg hygg að þetta mál væri nú löngu útkljáð á viðunanlegan hátt, ef hitt frv. hefði aldrei verið látið verða þessu samferða. Við flutningsmenn höfum í þessu frv. tekið tillit til þess, að ellistyrksfrv. er ekki með, þar sem við höfum hækkað eptirlaunin úr $^1/_8$ upp í $^1/_5$. Jeg finn svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira og leyfi mjer að stinga upp á, að kosin verði 3. manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 9 atkv. og í hana kosnir:

J. A. Hjaltalín með 7 atkv.

Sigurður Stefánsson með 7 atkv.
Sigurður Jensson — 7 —

Frumv. til laga um, að Austur-Skaptafellssýsla skuli, að því er sveitastjórn snertir, skilin frá suðuramtinu og lögð til austuramtsins; 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt síðan til Nd.

Till. til þingsályktunar um nefnd milli þinga til að endurskoða sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins o. fl. (C. 24); ein umr.

Flutningsmaður (Guðj. Guðlaugsson): Jeg hef komið með þessa till. sakir þess, að mjer finnst full ástæða og nauðsyn til, að breyta þeim lögum, sem hjer ræðir um og jeg stend ekki einn uppi með þetta álit, þeir eru margir, sem hafa þá skoðun, að þingið þurfi nauðsynlega að gjöra breytingar á lögum þessum, og vjer lesum mjög opt ritgjörðir í dagblöðum vorum, sem fara í sömu átt, og á hverju þingi eru 3—4 frv. um sama efni. Það voru tvö frv. fyrir síðasta þingi, er gengu í þessa stefnu, en þau náðu ekki fram að ganga.

Yfir höfuð eru tveir vegir til að gjöra breytingar á lögum þessum. Annar sá, sem farinn hefur verið hingað til, sem í mínum augum er ekki góður — að taka fyrir smátt og smátt einstök atriði, og breyta með smálögum, en við það verður öll vor fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf í molum. Jeg skal taka t. d.: Á síðasta þingi kom fram frv. sem hjet: Frv. til laga um breyting á lögum 11. júlí 1890 um breytingu á lögum 4. maí 1872.

Þetta frv. fjell nú að sönnu; en ef vjer hugsum oss, að það hefði komizt í gegnum þingið með litlum atkvæðamun og svo hefði nú á þessu þingi þótt ástæða til að breyta aptur þeim lögum, þá hefði fyrirsögn þessa frv. orðið svo ljót og leiðinleg, að jeg vil ekki þreyta h. þm. með því að láta þá heyra hana, — breyting við breyting og svo koll af kolli. Fyrir alþýðu sem nota á þessi lög, er það mjög óhentugt að hafa þau svona öll í molum, jafnvel þótt „Lagasafn fyrir alþýðu“ bæti talsvert úr — en það er ekki hinu opinbera að þakka. Lagaboðin og breyting þeirra, eru orðin svo mörg, að í því er mjög erfitt að botna.

Hinn vegurinn til breytinga á þessum lögum er sá, að taka málið fyrir í einni heild, og það er sá vegur, sem bent er á í tillögu þessari. Nú vitum vjer, að þingmenn eru úr ýmsum stjettum, og að sjálfsögðu eru margir þeirra, er aldrei hafa í sveitum verið eða tekið þátt í sveitarstjórn og geta því ekki haft „praktiska“ þekkingu í þesskonar. Þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á þessum lögum, hafa að öllum jafnaði verið smábreytingar, er einstakir þm. hafa komið fram með, af því að þeir hafa á einhvern hátt rekið sig á það sjálfir, að einhver breyting á því atriði væri nauðsynleg. Hinn eini og rjettasti vegur er það, að þetta mál komi fyrir sveitarstjórnirnar sjálfar til umsagna og álits, því að þeir menn eru kunnugastir, og þekkja bezt af reynslunni, hvar ábótavant er og hvar breyta þarf. Þetta er aðalaugnamið mitt í till., að þessir menn taki með þinginu þátt í þessari löggjöf. Ef sett er milliþinganefnd í þessu skyni og í þá nefnd valdir menn úr öllum fjórðungum landsins, og frv. þeirra svo borið undir sveitarstjórnir til umsagna, þá má búast við góðum árangri þessa máls. En með því að það hefur talsverðan kostnað í för með sjer, að setja slíka milliþinganefnd, þá ætla jeg að ráðlegt sje, að menn hugsi vel um það, hvort önnur ódýrari aðferð sje til, til þess að ná tilganginum með, því þó nefndin sjálf geti verið nauðsynleg, þá er það ekki hún, sem jeg legg mesta áherzluna á, heldur það, að öll þessi löggjöf sje endurskoðuð í einu, og komið í eitt lag, og að sveitarstjórnarvöld landsins fái sjálf að taka þátt í þessu laga-

smíði. Og til þess, að tína saman öll þau lög og úrskurði, — sem nú eru víst 30—40 að tölu, að meðtöldum öllum stjórnarvaldabrjefum, sem eru að vísu skýringar, en opt þar sem gat er á lögunum og því sama sem lög, — þarf allmikinn tíma. Er því mikið unnið, þó ekki yrði annað, en koma öllum þessum molum í eina heild.

Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að kosin verði 3. manna nefnd til að hugleiða þessa þingsályktunartillögu.

ATKVŒÐAGR.: Nefnd samþ. með 8. atkv. og í hana kosnir.

Guðjón Guðlaugsson með 8 atkv.
Þorkell Bjarnason — 5 —
Sigurður Jensson — 5 —

Sjöundi fundur, þriðjudag 11. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda; (C. 53); 3. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frv. var umræðul. samþ. í e. hlj., og sent forseta Nd.

Frv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum (C. 48); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorl. Jónsson): Jeg hef borið frv. þetta fram í þeim tilgangi, að gjöra greiðari innheimtu smáskulda heldur en á sjer stað eptir því sem nú er. Það mun öllum kunnugt, hversu torsótt og kostnaðarsöm sú innheimta er opt og einatt í hlutfalli við skuldarupphæðina, og er því mesta þörf á að gjöra hana greiðari. Jeg þarf ekki að lýsa þessu nákvæmar, því það mun öllum kunnugt. Eins og menn vita, er það gangur málsins, þegar menn tregðast að borga, og ná verður inn skuldunum með lögsókn, að skuldunautur er fyrst kærður fyrir sáttanefnd; gangi ekki saman við sáttanefndina, verður málið að ganga til dómstólanna. Þar dvelst því opt lengi, með því að óþarflega margir eða langir frestir eru veittir, eða með ýmsum vífilengjum skuldunauts o. s. frv., og bakast við það kostnaður langtum meiri en þörf gjörist, sjerstaklega, ef sýslumaður þarf að takast langa ferð á hendur til rjettarhaldanna, og borga verður til hans dagpeninga og ferðakostnað. Jafnvel þá, þegar sátt kemst á fyrir sættanefnd, eða þá dómur er fallinn, hefur það tíðum mikinn kostnað í för með sjer, að fá sættinni eða dómnum fullnægt, ef skuldunautur gjörir það ekki af sjálfsdáðum; þarf sýslumaður opt að fara langar leiðir, til þess að fullnægja dómnum eða sættinni með aðför. Leggst þá á nýr kostnaður, sem leggst að vísu á skuldunaut, en sem æskilegt væri að geta sloppið við. Jeg vona því að h. þingdm. kannist við, að innheimta á smáskuldum er kostnaðarmeiri en þyrfti að vera, og opt og einatt er, kostnaðarins vegna, alls ekki tilvinnandi að fara í mál út af þeim, svo að skuldirnar verða að falla, er svo á stendur. Skuldunautur veit þetta, og getur því fremur tregðazt við að borga skuldina, þar sem hann treystir því, að ekki verði höfðað mál gegn sjer, af því að kostnaðurinn yrði meiri en svo, að það borgaði sig fyrir skuldheimtumann. Jeg get því ekki annað en ímyndað mjer, að flestir telji það æskilegt að bæta úr þessu ástandi, og frv. þetta gjörir það með þrennu móti. Í fyrsta lagi með því, að veita sáttanefndum úrskurðarvald í smáskuldamálum, þegar viss skilyrði eru fyrir höndum. Jeg er viss um, að þetta fyrirkomulag gæti orðið til mikilla bóta, því að jeg hef reynslu fyrir mjer, að þessi skilyrði eru opt fyrir hendi. Sjerstaklega kemur það opt fyrir, að skuldunautur mætir, kannast við skuldina, en samt sem áður verður ekkert úr sætt. Þá væri það æskilegt, þegar svo stendur á, að sættanefnd hefði vald til að leggja úrskurð á málið, og hygg jeg að skuldunautur myndi opt una við úrskurð henn-

ar og innheimta þannig verða greiðari og kostnaðarminni. Í öðru lagi er í frv. reynt til að gjöra innheimtu smáskulda greiðari með því að gjöra allan málarekstur fyrir undirrjetti einfaldari og ó-brotnari og um leið kostnaðarminni en nú gerist. Í þriðja lagi fer frv. fram á, að hreppstjórar skuli framkvæma aðför, og halda nauðungaruppboð í smáskuldamálum; við það sparast bæði kostnaður og ómök, sem nú leiðir af því að þurfa að láta sýslumann framkvæma aðförina, því að hann þarf opt að fara langan veg til þess, og honum verður að borga fyrir það bæði dagpeninga og ferðakostnað, en að sjálfsögðu þarf hreppstjórinn ekki að fara, nema stuttan veg til þessa.

Með þessu þrennu, er jeg hef nú nefnt, er skuldheimtumanni gjört mikið hagræði við innköllun á smáskuldum, en þá liggur sú spurning fyrir: Er skuldunaut með þessu bakað óhagræði og hans rjettur fyrir borð borinn? Því er alls eigi svo varið, því að einmitt verður þetta fyrirkomulag kostnaðarminna fyrir hann, ómaksminna og fyrirhafnarminna. En svo ber nú þess að gæta, hvort sættanefndum muni vera trúandi til að uppkveða úrskurð í svona málum, og hygg jeg, að það sje engum vafa undirorpið. Bæði eru í frv. þessu skýr ákvæði um, hvenær þeir hafa heimild til að gjöra það, og svo er fyrsti sáttanefndarmaður venjulega prestur, menntaður maður, er hæglega getur afgjört, hvort þau rjettu skilyrði eru fyrir hendi; og hinn sáttanefndarmaðurinn er venjulega helzti bóndinn í sókninni eða einhver annar málsmetandi maður. Jeg get því ekki sjeð, að það geti orðið máli þessu til fyrirstöðu, að vantreysta þurfi sáttanefndunum. Á sama hátt verð jeg að halda því fram, að engin ástæða sje til að vantreysta hreppstjórum til þeirra starfa, sem þeim eru falin í frv.

Það eru til bæði í þessari álfu og eins í Ameríku ýmisleg lög til að greiða fyrir innheimtu á smáum skuldaupphæðum. Upphæðin, sem lögin eru bundin við, er nokkuð mismunandi á hinum ýmsu stöðum. Í Frakklandi 100, 200 eða 1500 fránkar, eptir prússneskum lögum 50 Thaler, eptir enskum lögum 20 eða 50 £, eptir amerikönskum lögum 100 dollarar, eptir austurrískum lögum 200 gyllini. Í Danmörku 100 ríkisdalir eða 200 kr.

Jeg er ekki nógu kunnugur lögum þeim, sem gilda í þessum löndum, en jeg hef kynnt mjer lög þau í Norvegi, sem sett hafa verið um þetta atriði og hef jeg sniðið þetta frv., sem mest eptir þeim. Þau voru upphaflega sett 8. maí 1869 og upphæð skuldarinnar mátti vera 30 spesíudalir. En þessi lög urðu brátt vinsæl og reyndust svo vel, að með lögum 29. maí 1879 var gjörð sú breyting, að upphæðin mætti vera allt að 500 kr. og það hefur lengi verið í lögum Norðmanna, að ljensmenn, sem svara til hreppstjóra hjá okkur hafa mátt framkvæma aðför í smáskuldamálum.

Þar sem nú frv. þetta gjörir innheimtuna greiðari með þessu þrennu móti, er áður er áminnzt, og samskonar lagaákvæði hafa reynzt vel bæði í Noregi og í mörgum öðrum löndum, vona jeg, að h. þd. taki frv. þessu vel og gjöri heldur við það þær breyt., er þurfa þykir, heldur en að vísa því algjörlega frá sjer.

Jeg álít æskilegt, að nefnd verði sett í þetta mál og mun jeg stinga upp á því í lok þessarar umræðu, en jeg vil ekki gjöra það nú þegar til þess að hin væntanlega nefnd geti heyrt undirtektirnar.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson.): Úr því að enginn tekur til máls, þá sting jeg upp á, að þriggja manna nefnd sje valin.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 10 atkv. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 9 atkv.
Þorleifur Jónsson — 9 —
Einar Ásmundss. — 7 —

Frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum; frh. 1. umr.

Framsögum. (L. E. Sveinbjörnsson). Nefndarálitið (C. 52) ber það með sjer, að nefndin álítur ákvæði þessa frv. nauðsynleg, og getur hún þess og, að hún álíti athugasemdirnar við frv. nægilegar til að sýna það. Breytingar nefndarinnar eru að mestu leyti orðabreytingar en úr því að þetta er 1. umr. er ekki ástæða til að fara meira út í málið að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Áttundi fundur, miðvikudag 12. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 62); 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og h. þingd. er ljóst ber br.till. sú, er jeg og 2 aðrir h. þdm. höfum komið fram með, það með sjer, að hún fer í sömu átt, sem 5. liður í breyt.till. þeirri, er jeg kom fram með við 2. umr. þessa máls og þá var felld. Jeg get ímyndað mjer, að sumir h. þm. muni ætla, að ástæðan fyrir því, að jeg kem nú aptur með breyt.till. sje tómur þrái, að jeg vilji ekki láta undan. En án þess þó að jeg vilji með öllu sýkna mig fyrir þeirri lyndiseinkunn get jeg samt fullvissað um, að ástæðan er ekki eingöngu sú. Jeg get sem sje ekki trúað því, að þm. finni fulla ástæðu til að halda þessu einnar mílu takmarki. Jeg get ekki skilið í því, að mönnum virðist það sanngjarnt og eðlilegt, að lærisveinn segi lærimeistara upp fyrir það, þótt hann t. a. m. flytji búferlum úr Hafnarfirði til Reykjavíkur — allra sízt ef hann er neyddur af kringumstæðunum til að flytja sig þetta. Jeg hygg, að breyt.till. mín hafi fremur verið felld um daginn vegna þess, að jeg þá spennti bogann of hátt með því að ákveða takmarkið 10 mílur. Jeg hef því nú valið meðalveg — eigi af því, að mín skoðun sje ekki enn þá sú, að 10 mílna takmarkið sje rjettilega valið, heldur vegna hins, að jeg ætla þetta takmark nálgast meira skoðanir þessarar h. þingd. Jeg hygg að menn hafi ekki athugað það nógu vel, og það hafði jeg ekki heldur sjálfur gjört um daginn — hve laust er við, að þetta einnar mílu takmark standi í nokkru samræmi við tilsvarandi ákvæði í hjúalögunum. Þar er ákveðið, að hjúið getur ekki sagt upp vistinni, þótt húsbóndi þess flytjist búferlum 15 mílur. (*Landsh:* En 5 mílur á sjó). Jeg hygg að það sje hverjum manni ljóst, að þetta er ofmikill munur, í þessu frv. 1 míla en í hjúalögunum 15 mílur. Jeg hygg að menn hafi ekki nógsamlega athugað það, að einmitt iðnaðarmenn þurfa opt vegna atvinnu sinnar að flytjast úr einum stað í annan, einkum ef þeir hafa marga verkamenn eða námssveina, og ef svo til hagar, að þá brestur atvinnu á einum stað, er það hart, að þeir skuli missa námssveinana við það að leita sjer atvinnu á þeim stað, sem hana er að finna — og það ekki meir en eina mílu í burtu.

Enn fremur þykir mjer það óeðlilegt, að þessi einnar mílu flutningur skuli hafa þessar afleiðingar við hliðina á öðrum ákvæðum frumvarpsins. Það er þó talsvert ólíkt að misþyrma námssveini — en við því er lögð hin sama hegning, ef jeg mætti brúka það orð. Það er óeðlilegt að það skuli kosta alveg hið sama, að misþyrma námssveini, t. a. m. hryggbrjóta hann, eins og að flytjast að eins eina mílu í burtu, t. a. m. frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Jeg get ekki trúað því, að mönnum finnist það sanngjarnt, að þetta skuli vera álitið jafnsaknæmt hvorttveggja. Jeg vil svo ekki orðlengja meira um þetta mál. Jeg hef gjört grein fyrir minni skoðun og fel h. þd. þetta til athugunar.

Landshöfðingi: Jeg verð enn þá að mótmæla breyt.till. þeirri, sem komin er við frv. þetta frá hinum sama h. þm., er

nú stendur fyrstur á blaði — og kom fram með breyt.till. við 2. umr. um að lengja í 16. gr. tl. 2. 1 mílu í 10 mílur. Nú er stungið upp á að lengja takmarkið í 5 mílur og verð jeg eins að mæla móti því. Það er sem sje í frv. þessu gengið út frá því, að þá er foreldrar eða aðrir vandamenn ráða námssvein hjá lærimeistara, þá taki þeir sjerstaklega tillit til þess staðar, þar sem lærimeistarinn á heima t. a. m. að því leyti, hve mikla atvinnu þar er að fá. Bústaður lærimeistarans er svo verulegt atriði, að hver veruleg breyting á honum hlýtur að gefa foreldrum eða vandamönnum námssveinsins rjett til þess að slíta samningnum. Það gjörir ekki svo mikið að verkum, hvort staðarbreytingin nemur einni mílu, heldur hitt, hvort staðarbreytingin hefur í för með sjer atvinnubreytingu fyrir nemandann, og ef svo er þarf það að vera í sjálfsvald sett foreldrum og vandamönnum hans, hvort þeir vilja slíta samningnum eða ekki. Það þarf heldur ekki að bera neinn kviðboga fyrir því, að þeir muni slíta samningnum að ástæðulausu. Vegna þess, að sá tími, sem námspilturinn er búinn að vinna hjá lærimeistaranum tapast, þannig að varla mundi verða haft verulegt tillit til hans, þegar pilturinn kæmi sjer fyrir hjá nýjum meistara, hlýtur það jafnan að hafa talsverðan óhagnað í för með sjer fyrir námssveininn, að þurfa að segja upp samningnum, svo að það mun ekki verða gjört nema nauðsyn krefji. H. þm. Strandam. (G. G.) tók dæmi af því, et lærimeistari flytti sig frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, að þá mundi ekki ástæða til að segja upp samningnum. En hvað virðist h. þm. ef dæminu væri snúið við: ef lærimeistari flytti sig frá Rvík til Hafnarfjarðar? Ef það nú væri t. a. m. trjesmiður, húsasmiður eða jafnvel skóari. Hve miklar líkur eru ekki til þess, að hann hefði meira að starfa í Reykjavík en þar. Fyrir því væri það eðlilegt, að foreldrar eða vandamenn námssveinsins segðu upp samningnum, þar sem þeir höfðu komið sveininum í nám til Reykjavíkur, einmitt með tilliti til atvinnunnar þar, og þeirrar æfingar sem henni væri samfara. Það nær ekki 5 mílna takmarkinu, þótt lærimeistari flyttist til Keflavíkur, en full ástæða væri fyrir foreldra eða vandamenn að segja upp samningnum, ef það kæmi fyrir.

H. þm. benti á, að þetta atriði væri ekki í samræmi við hjúalögin. En sá samanburður á alls ekki vel við. Menn verða að gæta að því, að samningur milli lærimeistara og námssveins getur hljóðað upp á allt að því 5 ár, en milli húsbónda og hjúa að eins um 1 ár. Þetta gjörir mikinn mun. Það tækifæri, sem kennslupiltur getur fengið til að framast og nema, er svo mjög bundið við staðinn, en slíkt á sjer ekki stað með hjúið. Hjúinu má að öllum jafnaði standa á sama, þótt það flytji með húsbóndanum, það má gilda hjer um bil einu, hvort það er í þessari vist eða annari. Þegar hjú ræður sig í vist, mun það venjulega taka mest tillit til, hvert traust það ber til sinna tilvonandi húsbænda, en ekki til þess, í hvaða sveit þeir eiga heima. Það átti heldur ekki vel við hjá h. þm. að setja hvort við hliðina á öðru, misþyrmingar, hryggbrot á kennslupilti og það að lærimeistarinn flytur burtu. Það má að sjálfsögðu segja upp samningnum fyrir margt fleira en misþyrmingar og burtflutning. Ef t. a. m. lærimeistarinn deyr getur námspilturinn að sjálfsögðu sagt samningnum upp; en það er ekkert brot af hálfu lærimeistarans, þótt hann deyi, heldur að eins breyttar kringumstæður. Jeg verð því að álíta það galla á þessu frv., ef það verður samþ. í h. þingd. að setja 5 mílur í stað 1 mílu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal leyfa mjer að svara með fáum orðum spurning þeirri, sem hæstv. landshöfðingi lagði fyrir mig um það, hvort jeg áliti sama,

að iðnaðarmaður flytti frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og ef hann flytti frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, sem gæti orðið til þess, að námssveinn fengi minni æfing í iðninni. Maður getur ekki búizt við því, að iðnaðarmaður flytji þangað, sem hann fær minni atvinnu. Ef hann flytur til þess að stunda aðra atvinnu t. a. m. ef úrsmiður flytur til að stunda vegagerð, þá er það að sjálfsögðu samningsrof og getur þá lærisveinninn losað sig, en ef hann stundar hina sömu atvinnu hjer og þar, þá virðist mjer, að á sama megi standa, hvort lærisveinninn er hjá honum þar eða hjer.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. við 16. gr. (C. 66) felld með 7:4; frv. því næst samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 60); 1. umr.

Flutningsm. (Guttormur Vigfússon): Jeg hef flutt þetta mál inn á þing eptir beiðni og óskum safnaðarins í Þingmúlasókn og hreppsbúa í Skriðdalshreppi, eins og bænarskrá sú ber með sjer, er liggur frammi á lestrarsalnum. Eins og kunnugt er, var frv. samhljóða þessu fyrir Nd. á síðasta þingi, en mætti þá talsverðri mótspyrnu, og var að lokum fellt, þó með litlum atkvæðamun. Menn kunna nú að segja, að ekki sje álitlegt að koma nú á næsta þingi á eptir, fram með sams konar frv., en bæði er þetta mikið áhugamál viðkomandi safnaðarfjelags og í öðru lagi álít jeg sjálfur málið svo nauðsynlegt, að jeg hef ekki getað skorazt undan að flytja það fram á þingi.

Jeg gat þess áðan, að mál þetta hefði komið fram á síðasta þingi 1891. En jeg hef heyrt ýmsa segja, út af því, að þetta mál hafði eigi komið fyr fyrir þingið: Hvers vegna hafa hlutaðeigendur þagað allan tímann, síðan prestakallalögin voru samþ. 1880 og þangað til 1891, eða full 10 ár, en taka sig þá loksins upp og tala? En þessi spurning á ekki við rjett rök að styðjast, og hún er sprottin af þekkingarleysi þeirra, er þannig spyrja. Jeg hygg, að h. 2. kgk. (H. Sv.) sje kunnugt um það, að á fyrsta hjeraðsfundi, sem haldinn var, eptir að lögin um stofnun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda komu út, var því hreyft í Suðurmúlaprófastsdæmi, að þetta brauð væri losað í sundur, og jeg veit ekki betur, en að sú hreyfing hafi altaf verið vakandi þangað til 1891. En þá sáu menn, að ekki dugði annað en að gjöra alvöru úr málinu, því þá voru bæði brauðin Vallanes og Þingmúli laus. Þessi stöðugi áhugi og viðleitni sóknarmanna kemur eigi til af neinum þráa, heldur af innilegri meðvitund og sannfæring um, að brauðasameiningin á Vallanesi, Hallormsstað og Þingmúla sje svo óhentug, sem framast má vera. Ástæðan fyrir því er fyrst sú, að brauðið er svo stórt og erfitt, að naumast er við að búast, að því geti þjónað, nema maður á bezta aldursskeiði. Þetta álíta menn skaða, eigi svo af því, að ungum presti sje það ekki kleyft, heldur vegna hins, að sje söfnuður ánægður með prestinn, og vilji prestur halda áfram að þjóna, einnig eptir það að hann er kominn af bezta aldursskeiði, hlýtur prestsþjónustan að verða mjög ófullkomin. Jeg skal ekki lengja umræðurnar í þetta sinn með því, að lýsa brauðinu, því að það var gjört svo rækilega á síðasta þingi. Í fyrra voru bornar fram tvær aðalmótbárur móti frv. þessu. Sú var önnur, að þetta prestakall væri ekki erfiðara heldur en 3 önnur prestaköll í Fljótsdalshjeraði. Þetta var notað sem sláandi ástæða á móti frv. En jeg segi: Þetta er hin allra sterkasta ástæða fyrir því, að skipta þarf prestakallinu í sundur. Það er einmitt til styrktar mínu máli, að þetta er 4. prestakall þarna á þessu svæði, sem er svo erfitt, að ekki er fyrir aðra en unga og hrausta presta, að þjóna því; einmitt þess vegna er nær því ómögu-

legt, hvað sem á liggur, að fá prestsþjónustu fyrir brauðið frá nágrannaprestaköllunum.

Hin önnur ástæðan á móti frv. var peningaspurningin fyrir landssjóð. Það var líka af peningaspurningunni fyrir landsjóð, að þessi brauðasamsteypa var gjörð með prestakallalögunum 1880. Það lítur út fyrir, að höfundar þeirra laga hafi haft meira fyrir augum peningaspurninguna fyrir landssjóð, heldur en hitt, hverjar þarfir söfnuðirnir hefðu í andlegum efnum. Mig minnir að í frv. frá í hitt eð fyrra væri farið fram á, að tekjumissirinn fyrir landssjóðinn, við sundurliðun þessa, yrði 500 kr. Jeg hef til samkomulags tiltekið lægri tölu, og get jeg síðar fært ástæðu fyrir því ef nauðsyn krefur. Jeg ætla eigi að svo stöddu að orðlengja meira um frv., en mun ef þörf gjörist svara þeim spurningum, er gjörðar kunna að verða. Jeg óska að málið fái að ganga til 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: H. flutningsmaður (G. V.), beindi því að mjer, að jeg gæfi vottorð um, að söknarmenn þeir, er í hlut eiga, hefðu eigi þagað yfir vankvæðum þeim, sem þeim hefði virzt vera á prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, undir eins og þessi lög hefðu komið til framkvæmdar. Jeg skal fúslega verða við þessari beiðni hans, og votta að það er rjett. Söknarmenn hafa á flestum — ef ekki öllum — hjeraðsfundum meira eða minna hreyft þessu máli. Að vísu hafa ekki tillögur þeirra verið jafnan með sömu orðum, en þó ávallt farið í sömu stefnu, þá, að samsteypa þeirra brauða, er hjer um ræðir, væri ótiltækileg, og vildu þeir gjöra tvö prestaköll úr þremur, en ekki slengja þremur saman í eitt. Vildu þeir þá, að tvær jarðir Hallormsstaðaprestakalls væru lagðar til Þingmúla, og stundum einnig tvær jarðir frá Vallanesprestakalli, af því að þær lægju hagfelldara við Þingmúlaprestakalli heldur en Vallanesprestakalli.

Að því leyti get jeg staðfest það, sem h. flutningsm. tók fram viðvíkjandi hreyfingum um þetta mál í hjeraði, sem mjer er það kunnugt af hjeraðsfundagjörðum þeim, sem árlega eru sendar hingað og jeg hef kynnt mjer, ekki að eins þau ár, sem jeg hef gegnt biskupsembættinu, heldur einnig öll undanfarin ár.

Jeg skal taka það fram, að jeg sje ekki annað en að frv. fari fram á það, sem sanngjarnt er í alla staði. Eins og h. flutningsm. sýndi fram á, sýnist það vera ákaflega djarft, að slengja þessum þremur brauðum saman í eitt. Að vísu er eitt þeirra, Hallormsstaðaprestakall nokkuð lítið; í því eru ekki margir bæir, en hefur þó engu að síður þótt lífvænlegt og mörgum liðið þar vel. Þingmúli hefur þótt í meðallagi og Vallanesbrauð gott.

Jeg er samdóma h. flutningsm. um það, að fjárspursmálið hafi verið það, sem rjeði mestu um þetta mál og nokkuð einnig stórstigar hugmyndir þeirra, sem fyrst fjölluðu um það og fóru nokkuð langt í samsteyputillögunum, og loks urðu þessar hugmyndir svo sterkar, að þær náðu samþykki löggjafarinnar. Jeg hygg að betra hefði verið, að þær hefðu ekki fengið framgang.

H. flutningsm. minntist á, að það væri heldur meðmæli en hitt, að flest brauð þar í kring væru stór, og það er rjett líka Þegar brauð eins og Hjaltastaða- og Eiðasóknir liggur á eina hliðina og Valþjófsstaður og Ás á hina, þá er enn síður farandi á stað með tvísýnni og erfiðari samsteypu. Því að það liggur í augum uppi, að ef einn prestur eða tveir fjellu frá, þá yrði þjónusta lítil í hinum sjö fyrverandi prestaköllum. Hvort sem maður lítur á vegalengd brauðanna frá austri til vesturs eða norðri til suðurs, þá virðist það töluvert djarft, að slengja þeim þremur saman í eitt, og er því ástæða að taka

til íhugunar, hvort eigi sje betra og jafnvel skylda við söfnuðina að gjöra breyting á þessu. Mjer finnst það rjett, þó að brauðið sje ekki stærra eða erfiðara en svo, að prestur á bezta skeiði geti þjónað þar, þá er öðru máli að gegna, er hann eldist. Mönnum er það kunnugt, að launin eru ekki svo mikil, að prestur geti fengið sjer aðstoðarprest, sem þó æskilegt væri. Það er kunnugt, að af brauðinu á að gjalda 1000 kr. í landsjóð og af ýmsu, svo sem vanskilum á afgjaldi frá brauðum, kvörtunum yfir því og bænarskrám til þingsins um að ljett sje af afgjöldum, er það nægilega kunnugt, að ekki muni vera aðgengilegt, að greiða 1000 kr. í peningum frá brauði. Svo ber þess að gæta, að afgjaldið getur orðið meira en 1000 kr. Ef af brauðinu ber að gjalda eptirlaun til uppgjafaprests eða prestsekkju, — þá verður afgjaldið enn meira. Nú er t. d. brauð, sem gjalda á af 500 kr. En þegar nú við það bætist, að gjald á einnig að greiða til uppgjafaprests, prestsekkju og svo rentur og afborganir af prestakallsláni, þá getur ársgjaldið af brauðinu orðið allt að 1600 kr. Má geta nærri, hve hægt er að greiða 1600 kr. ársgjald af brauði eptir því sem á stendur hjer á landi. — Hið sama getur komið fyrir í Vallanesprestakalli, að auk afgjaldsins af brauðinu verði presturinn að greiða ýms aukagjöld. Það er ástæða til að ætla, að ef þessu sama heldur áfram, muni fram koma alvarlegar kvartanir, bæði yfir gjaldaþunga og eins þjónustuerfiðleikum.

Mjer finnst því, að mesta sanngirni mæli með því, að frv. verði tekið vel af h. þingd., og vona jeg, að hún láti það ná góðum og greiðum framgangi. Að svo vöxnu máli skal jeg ekki tala um sjerstök atriði frv., en mun geyma það til síðar.

Raunar missir landsjóður 400 kr., eins og sjá má á frv., en peningaupphæð þessi er ekki svo mikil, að hún eigi að ráða úrslitum, ef málið er nauðsynjamál á annað borð, sem jeg vona að öllum h. þingd.m. sje ljóst. Hjer er farið fram á, að söfnuðurnir fái heimting á viðunanlegri þjónustu, ekki að eins meðan presturinn er ungur, heldur einnig, þegar kraptar hans í þjónustu erfiðs prestakalls fara að þverra.

Landstjórnin á að sjá um, að söfnuður missi ekki þjónustu prests með því að fá prestinum svo erfitt verksvið, að hann getur ekki gegnt starfi sínu, þó að hann feginn vildi. Svo lengi sem kirkjan er í sambandi við ríkið, þá er stjórnin skyld að taka fyllsta tillit til hennar og þeirra krafa, sem hún gjörir.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði (C. 61); 1. umr.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Jeg hef tekið að mjer að flytja þetta mál bæði fyrir áskorun ýmsra kjósenda og svo fyrir beiðni verzlunarstjóra Bache og hef jeg lagt brjef frá honum um það efni fram á lestrarsalinn. Því miður er jeg ekki málinu eins vel kunnugur og jeg hefði viljað til þess að mæla fyrir frv. Jeg hef samt reynt að kynna mjer það svo mikið, að jeg get gefið h. þingd.m. yfirlit yfir málið og það sem í því efni er nauðsynlegast.

Það hagar svo til, að h. þm., sem eiga sæti hjer í deildinni, mun flestum vera lítt kunnugur þessi staður. Jeg býst því við, að þeir muni beina að mjer ýmsum spurningum viðvíkjandi þessu máli.

Fyrst munu þeir þá spyrja, hvort þörf sje á að löggilda þennan verzlunarstað. Þessari spurningu held jeg, að mjer sje óhætt að svara játandi. Það er þá fyrst og fremst, að þörfin hefur sannað sig sjálf, með því að nú þegar eru þar reist-

ar tvær verzlanir, — mjer er óhætt að kalla það verzlanir, þó að þær að nafninu til sjeu sveitaverzlanir, þar sem þar er nú svo mikil umsetning, að víða er ekki meiri á löggiltum höfnum.

Nú kunna sumir að segja: Úr því að tvær verzlanir eru þar reknar, er þá þörf á að fá löggiltan verzlunarstað?

Já, af því að meðan þar er ekki löggiltur verzlunarstaður, þá er lítil von fyrir siglingum á þennan stað. Það fást held jeg ekki „assúreruð“ skip á ólöggiltar hafnir. Það kann samt að vera, en miklu síður á ólöggiltar en löggiltar. Öll líkindi eru til, ef þessi staður yrði löggiltur, að meiri uppsigling yrði á staðinn og fleiri verzlanir mundu koma en þessar tvær.

Eptir því sem afstaða Fáskrúðsfjarðar er, þá er mjög líklegt, að þar verði aðalverzlunarstaður fyrir firðina þar í kring. Þar mundi verða rekin mikil verzlun frá Reyðarfirði, úr Fáskrúðsfirði sjálfum, úr Stöðvarfirði og jafnvel Breiðdal.

Jeg skal geta þess, að eitt virðist stuðla að því, að í Fáskrúðsfirði geti komið upp talsverður verzlunarbær, nl. að þar er útræði ágætt, og því líkindi til, að þar geti orðið talsverð fiskverzlun; þar hefur einnig verið góð síldveiði undanfarin ár. Auk þess sækja þangað árlega og liggja inni fjöldi útlendra skipa, og gera þau bæði að auka verzlunina og flytja peninga inn í landið.

Enn fremur býst jeg við, að menn vilji fá að vita, hvernig höfnin sje, og hvort hún sje fær skipum. Jeg skal svara því, að mjer er ekki vel kunnugt um, hvernig hún er eða hvernig henni hagar. Hitt veit jeg, að þangað hafa árlega komið gufuskip allt sumarið, sem hafa farið á milli fjarðanna þar fyrir austan, og ekki að eins á sumrum, heldur líka á vetrum, nl. skip hr. O. Wathnes, sem hann hefur haft í förum fyrir Austurlandi.

Þá er enn ein ástæða, sem mælir með því, að Fáskrúðsfjörður verði löggiltur, nfl. sú, að jeg þykist fullviss um, að undir eins og það er orðið, verður hann aðalviðkomustaður fyrir gufuskipin, til ómetanlegs hagnaðar fyrir alla suðurfirðina, því frekar sem Djúpivogur og jafnvel Eskifjörður hafa aldrei verið vel sjeðir á ferðaáætlun hinna dönsku gufuskipa.

Jeg skal svo ekki orðlengja um málið að sinni, en vona að það fái góðan byr í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík; frh. 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þegar mál þetta var til 1. umr. hjer í deildinni um daginn, var því umræðulaust og athugasemdalaust vísað til 2. umr. Mjer kom þá ei annað til hugar, en að frv. mundi á þennan hátt ganga í gegn um deildina. En við 2. umr. stóð einn h. þm. upp og vildi hafa nefnd setta í málið með því að hann taldi ýmislegt athugavert við frv.; hún var þá og einnig kosin, og við sem urðum fyrir þeim heiðri að vera kosnir í hana, höfum nú grandgæfilega rannsakað frv., og eigi getað fundið neitt verulega athugavert við það. Nefndinni hefur eigi hugkvæmzt annar beinni eða betri vegur, en hjer er farið fram á, til þess að ráða út úr þessu hafnsögumáli. Með tilliti til innihalds frv. og ástæðna fyrir því hefur nefndin leyft sjer að vísa til frv. sjálfs, sem er stutt og greinilegt, og hinna ýtarlegu athugasemda, sem eru aptan við það. Jeg skal geta þess, að frv. er rækilega undirbúið og hefur gengið gegnum marga hreinsunarelda.

Að það sje nauðsynlegt, að ráðstafanir sjeu gerðar í því skyni, að lóðsmennsku sje haldið uppi í Reykjavík, hygg jeg að engum kunnugum geti blandazt hugur um. Það er skylda hins opinbera að annast um nægilega hafnsögu á þessu

helzta kauptúni landsins, en nú hefur sú raun á orðið, að tekjur þær, sem eru ætlaðar hafnsögumönnum eptir reglugjörð 1. desbr. 1841, hafa ekki nægt til þess að fá hæfa menn til að gegna því starfi, og hefur því orðið að grípa til annars sjóðs, hafnarsjóðsins, sem er ætlaður til allt annars nl. til þess að bæta höfnina, og gjöra hjer eptir ástæðum viðunanlegt skipalægi. — Af þessum ástæðum er frv. til orðið. Nefndin hefur ekki getað bent á annan betri álögustofn en skip, sem hingað koma, til þess að trygging verði fyrir því, að nægilegt fje fáist.

Hafnarsjóðurinn, sem stundum hefur verið gripið til til að launa hafnsögumönnum, er ekki ætlaður til þess, heldur er ætlazt til, að svo mikið fje safnist fyrir í honum, að gjört verði eitthvað til verulegra umbóta á höfninni. Það er einnig annar sjóður, sem stundum hefur verið gripið til í sama skyni, hinn svo nefndi lóðskassi, stofnaður með reglugj. 1. desbr. 1841. Bæði er hann lítill og svo líka ætlaður til annars, nl. til að veita verðlaun fyrir framúrskarandi dugnað hafnsögumannanna í stöku tilfellum. Það er ekki hægt að benda á neinn sjóð, sem launa megi úr hafnsögumönnum, og þess vegna er frv. þetta fram komið. — Nefndin er málinu mjög hlynnt, og vonar að það nái fram að ganga. Hún stingur upp á tveimur breytingum við frumvarpið, sem að eins eru orðabreytingar.

Jeg hef svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en vænti að frv. verði samþ. af deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till (C 59) við 1. gr. samþ. með 9 atkv.; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 10 atkv.; breyt.-till. við 2. gr. a. og b. samþ. með 9 atkv.; 2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 10 atkv.; 3. og 4. gr. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 10 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Níundi fundur, fimmtudag 13. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Eins og menn geta sjeð af nefndarálitinu á þingskj. 52 hefur nefndin, sem sett var í þetta mál, álitið það mjög þarft, og ekki ofsögum af því sagt, eins og tekið er fram í aths. við frv. þetta, að í afsals- og veðbrjefa-bókunum munu um land allt finnast margir gamlir veðmálar í fasteignum, sem ekki hefur verið hirt um að aflýsa. Mjer er það persónulega kunnugt, frá þeim tíma, er jeg var sýslumaður, að það á sjer mjög opt stað og eru það hin mestu vandræði fyrir menn, er vilja selja eða veðsetja fasteignir. Mjer finnst jeg ekki þurfa að fara mörgum orðum um málið, af því að athugasemdir frv. eru svo ýtarlegar. Nefndin hefur að eins leyft sjer að gjöra örfáar orðabreytingar og eina breyt., sem ef til vill er dálítið meira en orðabreyting.

Fyrst hefur þá nefndin lagt það til, að í stað „afmáun“ í 1. og 4. gr. komi: „afmáning“. Það er auðvitað, að sumum muni þykja „afmáun“ eins fallegt, en jeg álít hitt sje rjettara mál.

Í öðru lagi hefur nefndin stungið upp á, að í stað „er hefur hina veðsettu eign“ í 3. gr. komi: „er á hina veðsettu eign“. — Jeg skal geta þess, að þegar vjer förum yfir frv., skildum vjer ekki algjörlega þetta: „er *hefur* hina veðsettu eign“, af því að það er ekki almennt mál, og vissum ekki, hvað meint var með því. En síðan hef jeg komizt yfir danska textann, og þar stendur „i Besiddelse“ og er það dálítið víðtækara en „á“, svo að oss hefur komið saman um, að bæta að eins við „í eignarhaldi“. Vil jeg fara þess á leit við forseta, hvort ekki megi bera breyt.till. svo orðaða undir atkv., þó að hún sje ekki prentuð á sjerstöku blaði,

því jeg þykist vita að forseti hafi heimild til þess, að minnsta kosti, ef h. þingd. samþykkir.

Þriðja breytingin er að eins til skýringar, að í stað „hann hafi gjört“, komi: „veðhafi hafi gjört“. „Hann“ getur átt við tvennt á undan, en á auðvitað við veðhafa.

Jeg hef ekki að svo komnu meira að segja, fyr en jeg heyri, hvort h. þingdm. vilja mótmæla eða gjöra aths. við þessar breytingar og frv.

Forseti: Viðvíkjandi því sem framsögum. tók fram, að fá breytt staflið 2, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg tel áreiðanlegt, að breyt.till. að efninu til hefur verið útbýtt í tíma hjer í deildinni. Hjer er að eins um óverulegan orðamun eða ytri búning að ræða, en enga breyting á efninu. Í breyt.till. þeirri, sem útbýtt hefur verið á lögskipuðum tima, stendur „á“ og sje jeg ekki neitt á móti, að í stað þess sje sett „hefur í eignarhaldi“, ef h. þingdm. hafa ekkert á móti því, því að það er engin efnisbreyting í raun og veru.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. 52. stafl. 1) samþ. í e. hlj.; 1. gr. með áorðnum breyt. og 2. gr. samþ. í e. hlj.; breyt.till. við 3. og 4. gr. (C. 52 stafl. 2—3) samþ. í e. hlj.; 3. og 4. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra og lögaldur (C. 68); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eins og h. þingdm. sjá ræðir frv þetta um fjárforræði ómyndugra og um lögaldur. Það er öllum h. þm. kunnugt, að lög eru áður til um þetta efni, og því kunna sumir að spyrja, hvort þörf sje á nýjum lögum um þetta eða breytingar á hinum eldri lögum. Um þetta atriði geta nú verið skiptar skoðanir, en eptir minni skoðun og yfirvegun er fullkomin ástæða til, að breyta gildandi lögum í þessu efni. En til þess að brjóta ekki í mola fyrirskipanir um þetta efni, heldur sameina þær í eina heild, hef jeg tekið upp í frv. þetta það, sem jeg hef álitið viðunanlegt í hinum eldri lögum, einkum í tilskipun um fjárforræði ómyndugra, 18. febr. 1847 og af því þar eru mörg ákvæði, sem eru einkar góð, þá hef jeg tekið þau því nær orðrjett upp í frumv., því tilgangur minn var ekki sá, að breyta til að breyta, heldur sá, að reyna að breyta til að bæta. Án þess að fara út í einstök atriði frv. þessa, vil jeg þó í fám orðum skýra frá í hverjum meginatriðum frv. þetta er mismunandi frá gildandi lögum í þessu efni, bæði tilskipun þeirri, er eg nefndi og dönsku laga 3. bókar 17. kap.

Hin fyrsta aðalbreyting er takmörkun á rjetti yfirfjárráðamanns við skipun fjárhaldsmanns, eða rjettara: takmörkun á rjetti skyldmenna ómyndugra til fjárforræðis þeirra. Mjer hefur fundizt það óheppilegt, að nokkur maður skuli fremur öðrum hafa lagalegan rjett til að heimta fjárhald ómyndugs erfingja. Það er yfir höfuð augljóst, að úr því að yfirfjárráðamaður ber aðal-ábyrgðina á fjárhaldinu, þá á hann og hafa óbundnar hendur til þess, að geta skipað þann fjárráðamann, er hann fyrir eigin þekkingu trúir bezt til þess, og hyggur færan í þeim efnum. Reynsla undanfarins tíma hefur og tíðum verið sú, að fjárráðamenn, er settir hafa verið hafa eigi reynzt vel, og alls ekki betur þó þeir væru í frændsemi við hinn ómynduga, heldur en vandalausir menn; frændsemin hefur optar sýnt sig að vera þýðingarlítil í þeim efnum. Það væri nú reyndar fyrir sig, þótt náfrændur hins ómyndugu hefðu lagarjett til fjárhaldsins, ef allir náfrændur hans hefðu sama rjettinn. En í dönsku laga 3. bók 17. kap. er farið eptir röð þannig, að elzti bróðir hefur t. a. m. rjett til að heimta fjárhaldið, ef á honum eru annars ekki þeir annmarkar, er eptir lögum gjöra hann óhæf-

an til þess. Nú getur vel hugsazt, að næst elzti bróðir hins ómyndugu sje eptir áliti yfirfjárráðamanns miklu hæfari til fjárhaldsins, en samt hefur hann ekki vald til að velja þennan bróðurinn fram yfir þann eldri; yfirfjárráðandi hefur þannig rígbundnar hendur. Það getur og verið styggjandi, að ganga fram hjá eldri bróður, úr því hann á heimting á fjárhaldinu, og er því opt eðlilegt, þótt yfirfjárráðandi hlífist við að taka þann yngri, þótt hæfari sje. En við þessu væri síður hætt, ef allir vandamenn hefðu jafnan rjett til fjárhaldsins og yfirfjárráðandi gæti þannig valið úr þeim þann, er honum litist hæfastur.

Önnur breytingin frá eldri lögum er sú, að eigi er í frumv. þessu ákveðið, að fjárhaldsmaður þurfi að eiga vissa eignaupphæð; í dönskum lögum er ákveðið, að hann þurfi að eiga eins mikið og erfðafje hins ómyndugu nemur. Jeg hygg, að reynslan hafi sýnt það, að tryggingin sje mest í manninum sjálfum, og að því sje réttara, að yfirfjárráðamaður hafi einnig í þessu efni óbundnar hendur. Það getur og opt komið fyrir, að ekki sje um marga að velja, og sje yfirfjárráðamaður bundinn við að velja fjárráðamanninn eptir efnahag hans, þarf hann ef til vill að taka miður hæfan mann til þess, en ef hann gæti valið eptir eigin vild sinni. Að sönnu er í dönsku lögunum undanþága undan þessu ákvæði, en fyrir hana hefur sjálft ákvæðið enga þýðingu og hefur sjaldan sem aldrei verið hlýtt, að því er jeg þekki; það hefur enga þýðingu, að setja þau lagaákvæði, sem aldrei er hlýtt, og því síður þarf að búast við þeirri löghlýðni, þegar svo rúm undantekning er sett við hliðina á aðalákvæðinu, að það missir alla sína þýðingu.

Þriðja breytingin er um reikningsskilin. Eptir tilskipuninni 18. febr. 1847 á fjárráðamaður að gjöra árleg reikningsskil, ef fjármunir hins ómyndugu nema meiru en 20 hndr., eða sá samningur hafi verið gjörður milli fjárhaldsmanns og yfirfjárráðanda, að hinn ómyndugi hefði afgang af fjárstofninum, af því, sem vænta mætti, að hann þyrfti sjer til framfæris, en sjeu fjármunirnir minni, eða enginn afgangur fyrirsjáanlegur samkvæmt samningnum, þá þarf fjárhaldsmaður enga skilagrein að gjöra um fjárhaldið. Jeg sje ekki ástæðu til að fara langt út í það, hversu óheppilegt það er, að þeir geti gjört slíkan samning sín á milli um, hvernig verja skuli fje hins ómyndugu fyrir langan ókominn tíma. Slíkt ætti ekki að eiga sjer stað, því að kringumstæðurnar geta breyzt á svo margan hátt. Setjum svo, að í samningnum hafi verið svo ákveðið, að allur arfurinn skyldi ganga til uppeldis hinum ómyndugu, þá þarf fjárhaldsmaður aldrei að gjöra yfirfjárráðamanni grein fyrir, hvenær arfurinn er jetinn upp; þó að nú í samningnum sje ákveðið, að verja skuli árlega 70—80 kr. til framfæris ómaganum, getur skeð, að strax á fyrsta ári komi einhver og taki ómagann til uppfósturs fyrir alls ekki neitt; en yfirfjárráðamaður veit ekkert af þessu, og fjárhaldsmaður þarf ekki að að gjöra honum neitt aðvart um slíkt. Hann er í upphafi kominn undan öllu eptirliti.

Jeg gleymdi áðan, þegar jeg talaði um, að fjárhaldsmaður ætti að eiga vissa upphæð fjár eptir eldri lögum, — jeg gleymdi þá segi jeg, að benda á það, að yfirfjárráðamaður getur opt og tíðum lítið vitað um eignir manna. Það var máske hægt að vita nokkuð um slíkt á þeim árum, 1847, það var hægra að vita um eignir manna þá „netto“ heldur en nú „brutto“; nú á þessari krítar-öld er alls ekki auðvelt að segja um það, hvað mikið hver maður á.

Hin fjórða aðal-breyting er, að í frv. er ákveðið, að öllum lausafjármunum hins ómyndugu skuli breytt í peninga. Að vísu er svo ákveðið í hinum eldri lögum í flestum tilfellum, en þar er þó undanþága frá

því veitt, en jeg vil ekki, að nein undanþága eigi sjer stað frá því, nema sú, sem er samkvæm skiptilögunum frá 12. apríl 1878, nefnil. rétt foreldra ómagans að sitja í óskiptu búi.

Enn fremur er breyting gjörð á frumv. viðvíkjandi tímanum: ákveðið, að fjárhaldsmaður skuli innan fastákveðins tíma hafa komið ómyndugra-eigunum í peninga. Það getur komið fyrir, að fjárhaldsmaður taki við t. a. m. jarðarafgjöldum í landaurum, og þá vil jeg, að honum beri innan fastákveðins tíma að koma þeim í peninga, en láti þau ekki renna inn til sín og láti þau liggja hjá sjer, og komist þannig í skuld við ómagann. Jeg held, að tímatakmark það, sem jeg hef sett, sje nægilega langt, 1 ár frá gjalddaga afgjaldsins.

Stærsta breytingin í frumv. er sú, að peningar hins ómyndugu skuli ávaxtast í tilteknum sjóðum. Þetta er mikil breyting frá því sem nú er. Þá er löggjöfin var samin var eigi um aðra opinbera sjóði að tala í þessu tilliti, en jarðabókarsjóðinn, — en fje ómyndugra mun venjulega hafa verið lánað út til einstakra manna. Það getur og opt vel á því farið, en jeg álít þó, að það fyrirkomulag sje ekki heppilegt. Hin fyrsta afleiðing af því er sú, að renta tapast. Að vísu getur stundum verið lánað gegn hærri rentu, heldur en opinberir sjóðir gefa, og þó nú svo gangi, sem bezt gengur, að rentan borgist reglulega til fjárráðamanns, þá liggur hún hjá honum arðlaus lengur eða skemur, af því ekki er hægt fyrir menn til sveita að koma slíkum smámunum á vöxtu svo fljótt sem æskilegt væri. Í öðru lagi er jafnan hætt við því, að menn sjeu ekki svo reglusamir sem skyldi með greiðslur sínar, þegar prívatmenn eiga í hlut; menn reyna þó fremur að standa í skilum við opinbera sjóði. Og viðvíkjandi þessum lánum af ómyndugra fje er það að segja, að þótt opt geti komið sér vel að fá þau í svipinn, þá rekur opt að því, að það þarf að innkalla þau, þegar verst gegnir, og þá allt lánið í einu, af því að fjárráðamaður verður að hafa hagsmuni hins ómyndugu fyrir augum. En þessu er ekki þannig varið með lán, sem fengin eru af opinberum sjóðum; innköllun þeirra kemur ekki svo að óvörum. Jeg álít því, að opinberir sjóðir sjeu öldungis nauðsynlegir millilíðir í öllum peningasökum. Það er búhyggni af ýmsum eigna- og gróðamönnum, að hafa þann sið, að eiga fje sitt í opinberum sjóðum; því að jafnvel þótt þar fáist minni vextir heldur en aðrir bjóða, þá sparast margskonar amstur og „ergelsi“, sem innköllun annars hefur í för með sjer.

Loks er í frumv. þessu gjörð breyting á upphæð þóknunar þeirrar, er fjárhaldsmaður fær fyrir starfa sinn. Eins og kunnugt er, er það í tilskipuninni ákveðið $^1/_6$ hluti af því, sem eptir verður af tekjum hins ómyndugu, þegar búið er að ljúka af öllum gjöldum til árlegra þarfa hans. Þetta gildir þegar eigurnar eru meira en 20 hundruð, eða eptir fyrnefndum samningi, að árlegu tekjurnar gjöra betur en hrökkva fyrir hinum árlegu útgjöldum þess ómyndugu. Annars fær hann ekkert, þegar rentur og jarðarafgjald ekki nemur meiru en ársmeðlagi með ómagananum. Það sjá nú allir, hversu rjettlátt þetta er. Tökum dæmi af 2 fjárhaldsmönnum, sínum fyrir hvorn ómaga. Annar ómaginn á 2500 kr. virði í fasteign. Afgjöldin af því nema um 100 kr., og verður fjárhaldsmaður að heimta þau inn í landaurum og koma þeim í peninga. Sje nú meðlagið með ómaganum 80 kr. á ári, verða afgangs 20 kr., og hefur fjárhaldsmaður $^1/_6$ af þeim, eða rúmar 3 kr., fyrir alla fyrirhöfn sína og umstang við að innkalla jarðarafgjöldin og koma þeim í peninga. Setjum svo, að hinn ómaginn eigi 2500 kr. virði í peningum, er settar sjeu í landsbankann, og sje nú svo ástatt, að

ekki þurfi að gefa neitt með ómaganum, getur fjárhaldsmaður hafið árlega handa sjer $^1/_6$ af rentunni, eða um 14 kr., þótt fjárhald hans hafi enga fyrirhöfn í för með sjer, og standi nú svo á, að ómaginn sje á 1. ári, ávaxtast fjeð þarna í 17 ár og hækkar við rentur og renturentur, svo að síðasta árið verður hlutur fjárhaldsmannsins orðinn tvöfallt meiri, allt að 28 kr., eða hann hefur um 20 kr. að meðaltali á ári, fyrir að eins að geyma viðskiptabókina, eða í 17 ár um 340 kr. Þessi samanburður sýnir, hversu ósanngjörn hin eldri lög eru í þessu efni. Fyrir því vil jeg hafa þóknunina til fjárhaldsmanns breytanlega eptir því, hvort árstekjurnar greiðast í landaurum eða peningum, en ekkert, ef arðurinn er allur ávaxtaður í opinberum sjóði, nema náttúrlega burðareyri og þess háttar, sem fjárhaldsmaður verður að leggja út og fá endurgjald á.

Þetta eru nú hinar stærstu breytingar í frumv. Auk þess eru ýmisleg smáatriði, t. a. m. um eptirlit o. fl., sem jeg ekki vil fara út í á þessu stigi málsins. Enn fremur hef jeg tekið upp í frumv. þetta ákvæði um lögaldur og er takmarkið sett það sama, sem samþykkt var í frumv. í Nd. við 3. umr. á síðasta þingi. Jeg hef tekið ákvæði um lögaldur upp í þetta frumv. af því, að það er gjört í þessum sama kapítula í dönsku lögunum, sem á að vera úr lögum numinn með þessu frumv. Ef mönnum sýnist svo, má gjöra breyting við ákvæði þetta. En mjer finnst eðlilegast, að maður sje myndugur tvítugur, einkum með tilliti til þess, að gjört er ráð fyrir, að þeir þá megi ráða sjer sem lausamenn, og enn fremur geti þeir giptzt þá, og þykir mjer þá eðlilegast, að þeir sjeu þá einnig fjár síns ráðandi.

Jeg skal svo ekki tala frekar um þetta mál að sinni. Jeg vona að h. þingdm. taki frumv. vel. Jeg ætla ekki strax að stinga upp á nefnd, því að líklega taka fleiri til máls, og jeg vildi óska, að þeir tækju til máls, sem betur hefðu vit á þessu máli en jeg og gætu gefið bendingar nauðsynlegar málinu, er nefnd sú, er kann að verða kosin, geti tekið til greina.

L. E. Sveinbjörnsson: Það kann að vera, að það sjeu gallar á tilskipuninni frá 1847. En jeg hygg, að það sje ekki eins mikið á sjálfri löggjöfinni, eins og ef til vill því, hvernig henni hefur verið beitt. Hún er mjög erfið viðfangs sú tilskipun. Jeg hef sjálfur reynslu fyrir því, að henni hefur ekki verið alstaðar fylgt sem bezt, og þegar jeg var fyrir norðan, vissi jeg að minnsta kosti, að amtmaðurinn þá hirti ekki um, að ganga eins ríkt eptir að henni væri fylgt, sem þörf var á. Sýslumenn vilja opt komast hjá því umstangi, er fjárráðamál ómyndugra hafa opt í för með sjer. Jeg segi, að það geti verið, að það sjeu gallar á þessari tilskipun, en hvort þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er betra, efast jeg um.

Eptir að jeg hef lesið frumv. og borið saman við tilskipun frá 1847, verð jeg að álíta, að það nái alls ekki til þess alls, sem frumv. hefði þurft að ná til, enda er það miklu styttra en tilskipunin frá 1847, og vantar ýmislegt inn í frumv., sem mjer finnst að mætti alls ekki missa sig. En jeg verð að geyma þau atriði til 2. umr.

Jeg álít að það sje mjög virðingarvert, að h. þm. Strand. (G. G.), sem er leikmaður, skuli hafa treyst sjer til að leggja út í þetta mál og komizt nokkurn veginn frá því. Það sýnir bæði áhuga og dugnað, því að það er vandasamt fyrir menn, sem hafa ekki lagalega þekking, að búa til lög um þetta efni. Öll frumv., sem fara fram á stórar breytingar á lögum, sem gilt hafa um langan aldur, ættu helzt að koma frá stjórninni. Hún á miklu betra með að útvega skýrslur og hefur meiri þekking á, að koma þeim í gott horf. Jeg álít því, að menn ættu ekki að gjöra sjer mikið ómak fyrir frumv. nú sem stend-

ur. — Við það bætist, að slengt er saman við það ákvæðum um lögaldur, sem alls ekki á við í þessu frumv., og ef menn vilja á annað borð, að þetta frumv. nái fram að ganga og tilskipun 1847 sje úr gildi numin, þá álít jeg nauðsynlegt, að þessi ákvæði sjeu tekin út úr frumv., því að jeg hygg, að þau muni verða því til falls. Það er vitanlegt, að stjórnin vill ekki neinar breytingar á lögaldri fyr en það er í lög leitt í Danmörku. Jeg skal ekki segja neitt um, hvort það er æskilegt eða ekki, en jeg er hræddur um, að þau ákvæði í frumv. gætu orðið því til falls. Jeg skal svo ekki orðlengja meira að sinni.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg þarf ekki að svara ræðu h. 1. kgk. (L. E. Sv.) mörgum orðum, enda er jeg honum þakklátur fyrir hans vinsamlegu bendingar og hin mildu orð til mín. Vitanlega var honum ekki fullljóst, hvort bætt væri um með þessu frumvarpi frá hinum eldri lögum, en engu að síður fannst honum — og það er það, sem jeg legg mesta áherzlu á — að þessum eldri lögum þurfi að breyta og að þau standi til bóta. Það má því búast við góðum bendingum frá honum í þá átt, sem reyndum manni í því efni, og er gott að mega eiga hann að. H. 1. kgk. (L. E. Sv.) tók það fram, að frumv. þetta væri styttra en tilskipunin og ýmislegt vantaði inn í það, en þar sem það er styttra, er það fyrir það, að það er kafli, sem fellur burt af sjálfu sjer, kafli um reglur fyrir virðing á jörðum, þegar fje ómyndugra er lánað út gegn þeim. Jeg man ekki eptir, að annað hafi fallið burt.

Bending hans um viðauka frumv., ákvæðin um lögaldur, tek jeg þakksamlega, því að þegar jeg heyrði hana, var mjer ljóst, að hann vildi láta hann falla burt, af þeirri ástæðu, að hann áleit, að hann yrði frumv. til falls, og því auðsjeð, að hann er málinu sjerlega hlynntur. Mjer er þessi viðauki annars ekki neitt áhugamál; jeg vildi að eins hafa hann með, *ef* hann spillti ekki fyrir frumv.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Ef enginn tekur til máls, leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 9 atkv. og í hana kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson með 9 atkv.
Kristján Jónsson — 9 —
Guðjón Guðlaugsson — 9 —

Frv. til laga um heiðurslaun handa Páli sögukennara Melsted; (C. 64) 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tíundi fundur, föstudag 14. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík, (C. 86); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og sent forseta Nd.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði, (C. 61); 2. umr.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Þar sem engin mótmæli hafa komið fram gegn því, að frv. þetta fái framgang, sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið nje eyða tíma þingsins, en til leiðbeiningar fyrir þá, sem kunna að taka við því, er það hefur gengið hjer í gegnum deildina og sem mjer gleymdist að taka fram síðast, vil jeg geta þess, að jeg hef fengið betri skýringar viðvíkjandi höfninni. Þar er nú þegar svo góð bryggja, að við hana er vanalega lagt fjárflutningaskipum þeim, sem fara hjer á milli og Skotlands. Að undanförnu hefur fje það,

sem flutt hefur verið frá suðurfjörðunum, einmitt verið tekið þar.

Jeg vona, að málið fái að ganga til 3. umr. og helzt alla leið frá þessari h. deild.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e hlj. Fyrirsögnin samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 60, 95); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Eins og jeg er samþykkur frv. og mjer þykir það í alla staði gott, eins er jeg líka ósamþykkur breyt.till. (C. 95), sem fer fram á, að í st. f. 600 kr. afgjald af Vallanesprestakalli komi 800 kr. — Þegar tekið er tillit til þess, hvað frá Vallanesprestakalli gengur, nl. til Þingmúla, tveir bæir frá Vallanessókn og tveir frá Hallormstaðarsókn og þar að auki tvær kirkjujarðir, þá get jeg hugsað mjer, að hið nýja brauð verði að minnsta kosti upp á 1200 kr. — Mjer sýnist því sanngirni mæla með því, að þegar presturinn í Vallanesi sleppir 1200 kr., þó að hann þá hafi nokkuð hægri þjónustu, að honum verði þá ekki gjört að skyldu að greiða meira en 600 kr. frá prestakallinu, einkum þegar það á að greiða í peningum. Ef presturinn ætti að greiða 800 kr. frá brauðinu í peningum, þá mætti reikna — eins erfitt og nú er að greiða afgjald frá brauðum í peningum — að greiddar væru í rauninni 1000 kr. af brauðinu. Eptir því sem jeg veit bezt, eru peningar $^1/_5$ betri en landaurar og fyrir því megi hækka sömu upphæð, sem gjaldast á í peningum um $^1/_5$ gegn landaurum.

Jeg get því ekki betur sjeð en 600 kr. sje fullkomlega hátt afgjald frá Vallanesbrauði. Jeg held, að það sje sannarlega tilvinnandi fyrir landsjóðinn að verða af 400 kr., ef því verður kippt í lag, sem er hjer í ólagi. Það játa allir, sem til þekkja, að þegar þessum 3 brauðum er slengt saman í eitt, þá er það ofætlun fyrir prest að þjóna þeim, þegar hann eldist og því er eðlilegt, að söfnuðurinn sje óánægður með þessa ráðstöfun. Mjer þætti því vel fara, að frv. væri samþ., en breyt.till. við það væri felld. Jeg veit að þeir, sem koma fram með hana, gjöra það í góðri meiningu, nl. að hlífa landssjóðnum, en ef til vill verður sú hlífð allt of þungbær fyrir prestinn í Vallanesprestakalli.

Einar Ásmundsson: Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að þessu Vallanesprestakalli sje skipt í tvö prestaköll, jafnvel þó að jeg gjöri minna úr þeim erfiðleikum, sem eru á því að þjóna brauðinu en h. flutningsm. (G. V). Jeg er hræddur um, að orsakirnar til þess, að farið er fram á skiptinguna, sjeu einhverjar aðrar en beinlínis erfiðleikar þeir, sem eru á að þjóna brauðinu. Engu að síður er jeg málinu hlynntur, en mjer þykir að eins ætlazt til ofmikils kostnaðar eða framlags af landssjóði. Þess vegna hef jeg og h. þm. Strandam. (G. G.) báðir leyft okkur að koma fram með breyt.till. við frv. Jeg er ekki ókunnugur á þessu svæði, þar sem jeg hef verið um 2 ár í Vallanessókn. Þá voru á þessu svæði 3 prestaköll og 3 kirkjur, þó að ein þeirra, Hallormstaðakirkja væri álitin mjög óþörf. Nú var þessum 3 prestaköllum steypt saman í eitt með prestakallalögunum frá 1880 og varð það þó sannarlega ekki erfiðara en næsta prestakall, Valþjófstaðarprestakall, og eptir minni þekkingu öllu síður. Um leið og þessum þremur var steypt saman í eitt, var stofnað algjörlega nýtt prestakall í Mjóafirði, en menn eru nokkuð minnisdaufari á það, þegar prestum og söfnuðum er gjört hægra fyrir heldur en erfiðara.

Við höfum því leyft okkur að leggja það til, að afgjaldinu til landssjóðs af Vallanesprestakalli yrði breytt í 800 kr. og finnst það hæfilegt, að landssjóður þannig fái þær 800 kr., sem lagðar eru til Mjóa-

fjarðar. Jeg get ómögulega annað sjeð, en að þetta sje í alla staði sanngjarnt og þess vegna þótti okkur ástæða til að koma fram með breyt.till.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef að vísu engu við það að bæta, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls. En síðan er komin fram breyt.till. frá 2 háttv. þm., sem fer fram á, að í st.f. 600 kr. í 1. gr. frv. komi 800 kr. Jeg verð að taka alveg í sama strenginn og h. 6. kgk. (Þ. B.), að afgjaldið af brauðinu sje sett ofhátt. Jeg skal leitast við að færa rök að því. Breyt. till. kom svo seint, að jeg hef ekki getað nákvæmlega athugað og sundurliðað hið nýja mat, en jeg held, að hið næst síðasta mat fari ekki fjarri því mati, sem nú er. Eptir því er Vallanes eitt fyrir sig metið á 1537 kr. Hallormsstað má líklega telja 830—850 kr. brauð og Þingmúla út af fyrir sig allt að 700 kr. Nú vil jeg gjöra svo lauslega áætlaðan reikning, sem ekki mun vera fjarri lagi, að Þingmúli haldi sjer með 700 kr. og til hans lagðar tvær kirkjujarðir frá Hallormsstaðarsókn, sem jeg álít fullhátt að meta á 150 kr. og svo nokkrar sóknartekjur, svo að það verði alls c. 200 kr. Verður þá Þingmúli á 900 kr. Svo eru tvær jarðir ennfremur, sem ganga frá Vallanesi til Þingmúla og sóknartekjur þaðan varla meira en 20 kr.; er þá Þingmúli allur 900—1000 kr. og er það ekki of hátt reiknað.

En það er nú ekki svo mjög um það að gjöra, því að það er ekki Þingmúli, sem hjer ræðir um, heldur Vallanes. Vallanes var virt á 1537 kr. Sóknartekjur, sem frá dragast, eins og áður er sagt, 20 kr. Þá eru eptir 1517 kr. Nú bætist við Hallormsstaður að frádregnum tveimur bæjum. Hallormsstaður sjálfur var 830—50 kr. Frálag frá því brauði 200 kr.; þá er eptir af Hallormsstaðaprestakalli 630—50 kr. Það gengur þá til Vallanesa. — Þegar nú frá Vallanesi á að gjalda 600 kr. og það fær 600 kr. til, þá verður brauðið líkt og áður, nema að því leyti, að það verður töluvert erfiðara þar sem Hallormstaðarsókn og kirkja bætist við. Jeg skal reyndar játa með h. þm. S.-Þing. (E. Á.), að kirkja þessi mun vera óþörf og verða lögð niður, þegar endurbyggingar er þörf, svo að líklegt er, að hún muni eigi eiga langan aldur.

Mjer finnst því, að Vallanesbrauð geti ekki borið hærra afgjald en 600 kr. og ef það skyldi verða ofan á, að því yrði breytt í 800 kr., þá greiði jeg atkv. á móti sjálfu frv., af því að jeg álít það þá með öllu óaðgengilegt og vil heldur hafa það, eins og það nú er.

H. þm. S.-Þing. (E. Á.) gjörði ekki mikið úr erfiðleikum þeim, sem væru á því að þjóna þessu brauði, en jeg held þó að þeir sjeu töluverðir. Reyndar er hann kunnugri öllum staðarháttum þar en jeg, þar sem hann hefur verið þar um tíma, en jeg að eins farið þar um. En það liggur þó í augum uppi, að víðátta Vallanesprestakalls, eins og það nú er með Hallormsstað og Þingmúla, er of mikil til þess að það geti með góðu móti verið eitt prestakall. Jeg skal sjerstaklega taka það fram að eptir því, sem mjer hefur verið frá skýrt, er á vetrum mjög erfitt að ferðast um Skriðdal vegna snjóþyngsla, og er því full ástæða til — þess vegna — að skipta prestakallinu.

Það hefur og sýnt sig, að sóknarmenn hafa ekki verið ánægðir með þessa brauðaskipan eða aðgjörðir síðasta þings í því efni, sem ekki vildi gjöra neina breyting, þar sem hálfur Vallanessöfnuður hefur sagt sig úr þjóðkirkjunni og lýst óánægju sinni yfir þessu fyrirkomulagi brauðanna. Þetta sýnir, að hjeraðsbúar hafa ekki getað unað vel við þessa brauðaskipan, sem heldur ekki er við að búast. Mjer er kunnugt, að í Skriðdal hefur einnig borið á óánægju yfir því sama og það mun hafa legið við, að þeir tækju til sömu óyndis-

úrræða sem Vallanessóknarmenn, að segja sig úr þjóðkirkjunni. En þeim varð aptrað frá því á þann hátt, að prestur sá, sem í hlut átti, fjekk þá til með góðu móti að hætta og sjá til, hvort ekki væri nein batavon frá löggjafarinnar hálfu. Jeg tel sjálfsagt, að verði ekki bætt úr þessari óánægju þeirra, þá rísi upp fleiri, og ef til vill segi sig úr þjóðkirkjunni. Það væri ekki heppilegt, að þeir þyrftu að bera það fyrir sig, að brauðaskipunin væri svo ill, að ekki væri hægt að nota prestsþjónustu sökum erfiðleika.

Hvað því viðvíkur, sem h. þm. (E. Á.) tók fram, að menn væru minnisdaufari á það, sem gjört væri söfnuðum til hægðar, þá kann það satt að vera. En að öðru leyti var engin ástæða til að minnast hjer á Mjóafjörð, því að það kemur ekki þessu máli við. Jeg álít það ekki um skör fram, að ljett sje nokkuð fyrir sóknarmönnum, þó að það um leið verði byrði fyrir landssjóð. En það verð jeg að segja, að þó að greiddar sjeu 800 kr. til stofnunar nýs prestakalls í Mjóafirði, þá mega menn ekki muna allt of mikið eptir því, þegar verið er að tala um, hvað frálag eigi að vera mest á Vallanesprestakalli. Vasi þessara tveggja presta í Vallanesi og á Mjóafirði er víst ekki svo sameiginlegur, að það sje aðfall í vasa annars, þegar fráfall er í hins. Heldur ekki mun presturinn í Mjóafirði neitt skyldur til að hlaupa undir bagga með Vallanesprestinum, þó að hinn fyrnefndi hafi tillag úr landssjóði.

Sem sagt álít jeg of hátt sett að ákveða 800 kr. afgjald frá brauðinu, og ef það nær fram að ganga, greiði jeg atkv. móti frv. Hafi Vallanessprestakalli veitt fullerfitt 1000 kr. afgjald, eins og nú er, þá mun það ekki verða það síður, ef afgjaldið verður að eins lækkað um 200 kr., þó að heils prestakalls tekjur og meira til gangi frá prestakallinu.

Viðvíkjandi frv. hef jeg að eins fáar aths. að gjöra með tilliti til aðgreiningarmerkja. Jeg álít heppilegra, að settar sjeu 3 kommur inn í 1. gr. frv., á eptir orðunum: Vallanessókn, Vaði og Hallormsstaðasókn, og ennfremur í 3. gr. á eptir: Hallormsstaðaprestakalli. Vildi jeg spyrja h. forseta, hvort ekki mætti skjóta þeim inn í án atkv.gr. Og eins vildi jeg spyrja, hvort ekki mætti á sama hátt skjóta inn í fyrirsögn frv. á eptir 1. gr. „10. tölul.“, þar eð jeg álít það heppilegra, en annars má laga það við síðari umr., ef þörf þykir.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Jeg hef litlu við það að bæta, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram. Jeg er honum og h. 6. kgk. (Þ. B.) þakklátur fyrir undirtektir þeirra í málinu. H. þm. S.-Þing. (E. Á.) hefur komið fram með breyt. till. við þetta mál, og talað fyrir henni. En því hefur öllu eða flestu verið svarað og óþarfi að taka það upp aptur. Hann gat þess, að það mundu máske liggja aðrar orsakir til þessa frv., en erfiðleikar þeir, sem væru á prestsþjónustu í sóknunum. Eptir því sem mjer er framast kunnugt, eru það einmitt erfiðleikarnir, sem eru aðalástæðan til þess, að máli þessu hefur verið hreyft. Vegna erfiðleikanna hafa menn þótzt sjá fram á, og sjá betur og betur, að þeir eru svo miklir, að vænta má, að prestsþjónusta geti eigi komið að fullum notum einmitt í því efni, sem mest áherzla er lögð á, nfl. uppfræðing ungmenna. Menn sjá betur og betur, að það er ógjörningur fyrir einn prest, að uppfræða ungmenni í 3 söknum að vetrarlagi, svo í nokkru lagi fari. Í ræðu h. þm. kom það fram, sem jeg minntist á við 1. umr. þessa máls, að það var aðalmergurinn málsins fyrir honum, að fá sem flestar krónurnar í landssjóð, en minna hitt, að taka tillit til þarfa safnaðarins.

Því er margsvarað, að Vallanes sje ekki erfiðara en Valþjófsstaður. Það getur vel verið, að það sje ekki erfiðara, en óerfiðara er það ekki. Valþjófsstaður er

lõng strandlengja fram með Lagarfljótinu, en Vallanes er að kalla má í þrennu lagi, og tví- og þrísettar bæjaraðir í Skriðdalnum, sem er opt erfiður að ferðast um á vetrum sakir snjóþyngsla. Eins og jeg tók fram við 1. umr., álít jeg það lítið bæta að allt sje jafnerfitt, og það því síður, sem það er erfiðara að fá hjálp, ef prestinum í Vallanesi skyldi fatlast, heldur en frá Valþjófsstað, ef presturinn þar fatlast. Á hina hliðina taka við heiðar og fjöll, sem auðvitað eru ill yfirferðar á vetrum.

Jeg skil ekki, hvaða samband getur verið milli Mjóafjarðar og Vallaness, nje heldur hvernig eigi að finna það út, að Vallanes eigi að kosta prestsþjónustu í Mjóafirði, sem einmitt fær uppbót frá öðru prestakalli í Múlasýslu; það varð eigi hjá því komizt, að stofnað yrði prestakall þar, ef söfnuðurinn átti ekki á annað borð að vera alveg prestsþjónustulaus.

Jeg vildi óska, að h. þingd. vildi fella þessa breyt.till. hinna tveggja h. þm.

Guðjón Guðlaugsson: Það er ekki ólíklegt, að h. þingd. segi um mig í þessu máli, að blindur dæmi um lit, með því að jeg er alls ókunnugur í hjeraði því, sem þessi prestaköll liggja, er hjer ræðir um. Jeg skal fúslega játa að svo er. En tilgangur minn með því að koma með breyt. till. þessa í fjelagi með h. þm. S.-Þing. (E. Á.) var einmitt velvild til frv., til þess að koma í veg fyrir að það fjelli. Jeg þykist sem sje hafa komizt á snoðir um það, að það muni ekki eiga langan aldur fyrir höndum, ef það fer óbreytt hjeðan úr deildinni, eins og það nú er. En verði breyt.till. samþ., er talsverð von um, að það komist í gegnum þingið.

Ef vjer nú athugum af hvaða rótum frv. þetta er runnið, þá mun fyrsta ástæðan fyrir því vera stærð og erfiðleiki Vallanessprestakalls, eins og það nú er. Þetta frv. bætir úr þessum erfiðleika með því, að skipta prestakallinu í sundur, og þessi erfiðleiki bætist öldungis jafnt, hvort sem afgjald brauðsins er ákveðið 600 kr. eða 800 kr. Af því nú aðalástæðan fyrir frv. þessu er erfiðleikinn, sem jeg einnig viðurkenni, að sje góð og gild ástæða, þá furðar mig stórum á þeim h. þm., sem ekki vilja vinna það fyrir sálarheill safnaðanna, en hafa á orði, að fella frv. ef afgjaldið er sett 800 kr. í stað 600 kr. Eptir þeirri lýsingu, sem gefin hefur verið af Vallanesi, þá mun brauðið verða alllífvænlegt, þótt af því eigi að greiðast 800 kr., svo að líkur eru til, að sótt verði um það. Að minnsta kosti hef jeg heyrt prest segja: „Jeg hefði gjarnan sótt um Vallanes, þótt afgjaldið af því væri 800 kr., ef jeg hefði ekki átt kost á betra brauði". Mjer finnst því ekki rjett, að fella þessa breyt.till., þar sem hún getur ef til vill bjargað frv. frá falli. Það er ekki rjett gagnvart málefninu, því að aðaltilgangurinn, sem er skipting á brauðinu, næst með breyt.till. Og ef það kemur í ljós á eptir, að enginn sækir um brauðið vegna þess, að afgjaldið er 800 kr. en ekki 600 kr., þá er hægurinn hjá að breyta því síðar meir. — Önnur ástæða fyrir frv. þessu hefi jeg heyrt, að sje allmikil óánægja í söfnuðinum, sem sprottin er af mannavöldum. Sagan um þessa óánægju er svo margbrotin og flókin, að jeg er ekki svo næmur að hafa lært hana, en það er bert, að sú óánægja útilokast ekki fremur með því, að afgjaldið sje ákveðið 600 kr. en 800 kr. En að sjálfsögðu er það eðlilegt, að þeir sem hafa stuðlað að þessari óánægju vilji bæta úr henni, en þeir, sem ekkert eru að henni valdir, þurfa ekki úr neinu að bæta, og í þeirra flokki munum við flutningsmenn breyt.till.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Þar sem h. þm. Strandam. (G. G.) minntist á þessa óánægju í söfnuðinum, get jeg fullvissað hann um, að hún hefur ekki áhrif á þetta mál. Óánægja safnaðanna,

með samsteypu þessa, er jafngömul prestakallalögunum 27. febr. 1880, og mun halda áfram þangað til brauðin verða aptur losuð sundur.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hefði gjarnan óskað að heyra eitthvað nákvæmar um þessa óánægju „af mannavöldum“, sem h. þm. hafa minnzt á. Það sæmir ekki fyrir þingið að koma fram með dylgjur og dularfull orð um óánægju af manna völdum, en tala ekki hreint og skýrt um, hvað verið er að gefa í skyn. Mjer þykir það slæmt, ef þannig lagaðar dylgjur geta ráðið atkv. þm. Hver er þessi óánægja af manna völdum? Er hún milli prests og safnaðar, eða milli þings og veitingarvaldsins, eða milli safnaðar og veitingarvaldsins. Þessar dylgjur eru nú í dag svo seint fram komnar, að jeg tala nú í öðru sinni í þessu máli, og get því ekki svarað síðar, ef á þarf að halda; jeg held jeg verði samt að gefa dálitlar upplýsingar í þessu dylgju-máli. Það var imprað á líku á síðasta þingi og sveigt að veitingarvaldinu, og gæti maður ímyndað sjer, að hjer væri nú um eitthvað líkt að ræða. En sje þetta nú svo, þá er sagan um veiting þessa prestakalls þannig: Hallormsstaður og Þingmúli losnar seint á árinu 1890, en Vallanes ekki fyr en um vorið 1891, og veitingarvaldinu er nú legið á hálsi fyrir það, að Hallormsstað og Þingmúla var slegið upp sem lausu, áður en Vallanes losnaði, svo að brauðið gæti komizt í eina heild. En fyrst er nú það, að veitingarvaldið gat ómögulega fyrirfram vitað, hvenær Vallanes mundi losna, það gat alls ekki talið daga sjera Bergs í Vallanesi, en í annan stað mátti ekki láta Hallormsstað og Þingmúlaprestakall bíða prestslaust, með því að svo var vitanlega ástatt í tveimur næstu brauðum, að prestur annars þeirra hlaut að ríða til þings um vorið, en prestur hins prestakallsins, sjera Bergur í Vallanesi, var mjög heilsutæpur, svo að ekki var útlit fyrir, að neina prestsþjónustu væri hægt að fá sumarlangt hjá nágrannaprestum Þingmúla- og Hallormsstaðaprestakalls fyrir það brauð. Það er því ómögulegt að ámæla veitingarvaldinu fyrir það, að það áleit öldungis ótilhlýðilegt og ógjörlegt, að láta Þingmúlaprestakall vera svona prestsþjónustulaust allt fram á haust. Veitingarvaldið áleit því skyldu sína að auglýsa Hallormsstaðar- og Þingmúlaprestakall, alveg eins og venja er til, þegar fráfall prestsins þar varð kunnugt, og sendi síðan umsóknarbrjef sækjandanna söfnuðunum austur til umsagnar. En með þeim sama pósti, sem álit safnaðarins kemur aptur að austan hingað, kemur og tilkynning um andlát sjera Bergs í Vallanesi. Hvernig gat nú veitingarvaldið, þegar svona langt var komið, slegið upp prestakallinu á ný sem lausu, gabbað þá, sem sótt höfðu um Hallormsstað og Þingmúla, beðið enn á ný í 6 vikur eptir umsóknarbrjefum presta, til þess síðan að senda þau söfnuðunum austur til umsagna, fá svör þeirra suður, og svo hinn nýi prestur að flytjast til brauðsins? Þessi aðferð hefði verið í alla staði óformleg og ómöguleg vegna þess, að með þeim hætti var útsjeð um, að söfnuðirnir gætu haft nokkra prestsþjónustu allt sumarið og langt fram á haust. Menn kunna að segja: það hefði átt að setja einhvern til að þjóna brauðinu á meðan. En slíkt var vitanlega öldungis óframkvæmanlegt. Þá var engan hjer að fá, sem vildi gefa sig í það að taka „konstitution“ fyrir ótiltekinn, stuttan tíma, og fara þessa löngu leið með miklum tilkostnaði.

Jeg get því ekki sjeð, að hin minnsta ástæða sje til að bera sakir á veitingarvaldið í þessu efni; það hefur í fyllsta máta gjört skyldu sína, en ekki gjört neitt það, er valdið geti óánægju eða vandræðum.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Jeg hafði aldrei ætlað mjer, að draga inn í þetta mál veitinguna á Þingmúla og

Hallormsstað, því mjer þótti með öllu ástæðulaust að minnast á hana í sambandi við sundurliðan brauðanna, og eins þessa óánægju af mannavöldum, sem svo hefur verið kölluð hjer í þingsalnum. Hafi þessi óánægja verið nokkurs valdandi, kann hún helzt að hafa ýtt undir stofnun þess fríkirkjusafnaðar, sem menn vita að nú er í prestakallinu; — jafnvel þótt jeg álíti, að óánægja með stærð prestakallsins og sameining brauðanna valdi mestu í þessu efni. Viðvíkjandi síðustu veitingu á Hallormsstað og Þingmúla vil jeg geta þess, að Vallanessöfnuður mun þykjast hafa haft rjett til að taka þátt í kosningu prests þess, er skipaður yrði í brauðið, úr því að allar sóknirnar: Hallormsstaður, Þingmúli og Vallanes, voru óveittar sama dag; þeir munu yfir höfuð álíta, að ekkert Þingmúlaprestakall væri framar til, eptir að Vallanes var laust, það því síður sem fregnin um frá fall sjera Bergs fór suður til biskups með sama pósti, eins og yfirlýsing Hallormsstaðarsafnaðar og Skriðdæla. Hvort þessi skilningur, eða álit manna er á rjettum rökum byggður, get jeg ekkert um dæmt, og vil heldur ekki um dæma. Jeg skal taka það hjer fram, að myndun fríkirkjusafnaðarins í Vallanessókn á ekki rót sína að rekja til neinnar persónulegrar óánægju með prestinn í Vallanesi.

ATKVÆÐAGR.: breyt við 1. gr. (C. 95) felld með 6:3 atkv.; 1. gr. samþ. með 10 atkv.; 2. og 3. gr. samþ. með 9 atkv. hvor. Fyrirsögn frv. samþ. með 9 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði (C. 81); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hef leyft mjer að koma fram með þetta frv. samkvæmt óskum og áskorunum frá nokkrum kjósendum mínum, sem hjer eiga hlut að máli. Jeg hef sjálfur ekki komið á þennan stað, en þekki þó nokkuð þar til af sögusögn kunnugra manna. Hlaðsbót liggur að norðanverðu við Arnarfjörð nokkuð utarlega, eða milli Álptamýrar og Stapadals. Við Arnarfjörð er útræði mikið og aflasælt, einkum utarlega við fjörðinn; hins vegar liggur þessi eini kaupstaður, sem þar er, Bíldudalur, innarlega í firðinum, og því all-langt þangað úr útveiðistöðunum. Á Bíldudal er einn kaupmaður og því einvaldur og ætla menn, að samkeppnin muni aukast, ef annar kaupstaður kemur við fjörðinn. Jeg skal játa það, að jeg er ekki kunnugur höfninni, en eptir sögusögn kunnugra manna kvað hún vera góð, eins og líka almennt er á Vestfjörðum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala meira á þessu stigi málsins.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Till. til þingsál. um að landstjórnin láti vegfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hér á landi (C. 77); hvernig ræða skuli.

ATKVŒÐAGR.: Samþ. ein umr.

Ellefti fundur, laugardag 15. júlí. Allir á fundi nema 1. þm. Húnv. (Þorl. Jónsson), sem tilkynnt hafði forseta forföll sín.

Frumv. til laga um að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (C. 89); 3. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. umræðulaust samþ. í e. hlj. og sent forseta Nd.

Frv. til laga um heiðurslaun handa Páli sögukennara Melsteð (C. 64, 90) 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Eins og h. deild getur sjeð, hefur Nd. breytt í nokkru frv. frá því, sem það var upphaflega frá hendi stjórnarinnar, og þó ekki væru aðrar ástæður til þess að fara nokkrum orðum um frv., þá eru það orð flutningsmanns

þess, sem breyting þessa flutti. Hann vildi eigi, að frv. væri orðað svo sakir þess, að það væri almenn skoðun hjá almenningi — hvort það væri líka hans sjálfs, tók hann held jeg ekki fram — að eptirlaun væri álitið það sama og sveitastyrkur eða ómagameðlag. Jeg er ekki viss um, að þeir h. þdm., sem gáfu breyt.-till. atkvæði sitt hafi nógu nákvæmlega hugsað um það, að með því að gefa henni atkv. sitt, höfðu þeir að nokkru leyti líka fallizt á þessi ummæli. Jeg vona að þessi deild sje ekki flutningsm. samdóma.

Þá skal jeg snúa mér að efninu, hvað orðið „heiðurslaun“ snertir. Sumir kunna að ætla, að það sje meinlaust gaman að kalla allar sínar gæsir svani, en þegar menn athuga það nákvæmar og betur, hljóta menn að sjá, að það getur haft talsverðar afleiðingar og ekki góðar, að setja miðlungsskapinn upp í ágæti. Hvernig færi ef einhver meðtastofnun gæfi ágætlega fyrir meðal-frammistöðu? Hvað á hún að gefa þeim, sem standa sig ágætlega? Niðurstaðan yrði sú, að mjög fáir mundu keppa að öðru stígi en miðlungsstiginu. Það er ekki óeðlilegt eptir okkar fólksfjölda, að því sje svo varið hjer á landi og við því er að búast, að við höfum ekki marga ágætismenn. Við það, að við köllum miðlungsmennina allt of opt ágætismenn, hverfur sá spori eða það knýjandi afl, sem þarf til þess að menn sýni þá krapta, sem í þeim búa. Það er eins og einn ferðamaður, sem víða hafði farið, tók fram um okkur, að Íslendingar sýndu ekki, hvað í þeim væri, fyr en þeir fengju samkeppni og kæmu til útlanda, því að hjer vantaði spora til framkvæmdar. Það er því mjög varhugavert að stuðla að því, að miðlungsskapurinn sje settur í ágætissæti.

Mjer vitanlega hafa ekki nema að eins einu sinni áður verið veitt slík laun, sem þessi af þinginu, síðan það fjekk löggjafarvald og það var, eins og allir vita, Jóni sál. Sigurðssyni. Hvorki þm. nje landsmönnum blandast hugur um það, að það hafi verið rjett gjört og hvort sem menn hafa verið samdóma honum eða ekki, hafa menn þó viðurkennt, að hann hafi haft svo mikla yfirburði fram yfir aðra, að hann hafi átt heiðurslaunin sannarlega skilið.

En þegar vjer nú athugum það, sem hjer liggur fyrir, þá neitar enginn því, að maður sá, sem hjer ræðir um, sje mesta ljúfmenni og góðmenni og góðviljaður, en þrátt fyrir það getum við ekki sett hann hærra en á miðlungsstig. Ennfremur hefur hann haft á hendi ýms embætti, sem jeg ekki sje, að hann hafi staðið betur í en margir aðrir embættismenn, sem að eins fá venjuleg eptirlaun og hafa þar að auki tilkall til eptirlauna.

Það er einlægt vísað til bóka þeirra sögulegs efnis, sem hann hefur gefið út á íslenzku. Fyrir mitt leyti verð jeg að segja, að jeg álít það enga söguritun í eiginlegri merkingu, heldur eru það meira og minna heppilega valdar útlendar sögubækur, sem hann hefur útlagt á íslenzku, opt orð fyrir orð, á lipru og góðu máli. En það er ekki sjálfstæð sagnaritun með sjálfstæðum dómum eða skoðunum. Þar sem jeg sagði, að bækurnar væru opt meira eða miður heppilega valdar, þá skal jeg taka það fram, að aðalmergur reglulegrar söguritunar á ekki að vera bardagalisti eða konunga-upptalningar, heldur hið innra líf þjóðanna, framför þeirra og afturför og breytingar þær, sem á því verða án tillits til þess, hvort þessi var þá konungur eða ekki.

Það er eitt, sem mjer hefur þótt harla undarlegt. Það eru mjög margir útlendingar, sem hafa ritað sögu Norðurlanda og ávallt minnzt á Ísland í ritum sínum og ávallt ritað vel um það t. d. Munch, en svo fór einn Íslendingur að skrifa Norðurlandasögu á íslenzku og minnist ekki á Ísland einu orði og það var h. sögukennari, sem hjer ræðir um. Mjer

finnst því réttast, að deildin aðhyllist ekki þessa breyting, sem Nd. hefur gjört á frv. heldur láti frv. halda sjer, eins og það kom frá stjórninni. Ýmsir kunna að segja, að við flutningsm. breyt.till. hefðum átt að fylgja orðum okkar og setja upphæðina, sem ákveðin er í frv., niður í t. d. 1200 kr., sem eru þau mestu eptirlaun, sem menn munu geta fengið í embættum með líkum launum og hans. En þegar maður tekur tillit til þess, hvað hann er orðinn gamall og maklegt er, að hann fái að lifa áhyggjulausu lífi það sem eptir er, þá höfum við ekki sjeð ástæðu til annars en láta upphæðina halda sjer. Það er mikill munur, hvort maður veitir eptirlaun manni yfir sextugt eða manni yfir áttrætt.

Guðjón Guðlaugsson: Þar eð jeg býst við, að atkvæði mitt falli öðruvísi en sumra annara þingdm., þá ætla jeg að gjöra grein fyrir skoðunum mínum í þessu máli. Viðvíkjandi því, hvort kalla á laun þessi heiðurslaun eða eptirlaun, þá er það mín skoðun, að hvorugt nafnið sje svo æskilegt sem skyldi. Hvað nafninu „eptirlaun“ viðvíkur, þá finnst mjer ekki rjett eða viðfelldið, að vera að semja sjerstök eptirlaun fyrir einstakan mann á sama þinginu, sem komið er fram með takmörkun á eptirlaununum, og það því fremur, sem farið er fram á upphæð, sem er hærri en eptir gildandi eptirlaunalögum getur verið hæst.

Hvað nafnið „heiðurslaun“ snertir, þá álít jeg það heldur ekki heppilegt og ef til vill lakara en hitt. Það er orð, sem maður verður að fara vel með og ekki brúka nema þegar það á fullkomlega við. Ef það er brúkað í öllum almennum tilfellum, þá getur svo farið, eins og h. 5. kgk. (J. A. Hj.) tók fram, að það verði skoðað sem einskisvirði, án þess að jeg í nokkru vilji rýra gildi þess manns, sem hjer á í hlut eða hafa á móti því, að hann eigi þessi laun skilið í ýmsum greinum.

Aðalatriðið finnst mjer vera, hver upphæðin sje og finnst mjer óþarfi að eyða mörgum orðum um málið. Þykir mjer hún helzt til há, því að laun þau, sem hann hefur haft, eru þó hærri en laun margra annara embættismanna, sem hafa þó lægri eptirlaun. Af því að jeg sje ekki betur en frv. sje óþarft og hefði aldrei átt að koma fram, þar sem það aðeins hefur gefið ástæðu til þras og leiðinda fyrir þann, sem í hlut á, þá greiði eg atkv. gegn frv. Aðalástæðan er sú, að það er óþarft frá sjónarmiði mannsins sjálfs, og, eins og það er nú komið, sannkölluð hefndargjöf. Það hefði sparað mönnum þessar umræður, sem hafa orðið um málið og betra hefði verið að komast hjá, ef frv. hefði aldrei verið til. Þær hafa fremur gjört að særa tilfinningar þess, sem á að þiggja, heldur en veita honum ánægju. Með þeirri breyting, sem h. Nd. gjörði á frv., að eptirlaunum var breytt í heiðurslaun, sýndi hún honum svo mikinn heiður, að hann gat ekki verið meiri í því tilliti. En þar sem Nd. hefur samþ. þessa breyting — og það enda með ekki miklum atkv. mun — og hjer er svo stungið upp á að breyta aptur í það, sem áður var, þá er gæsin að eins sýnd en ekki gefin.

Jeg greiði sem sagt atkv. á móti frv. af þeirri aðalástæðu, að það er óþarft að mínu áliti. Ef jeg vissi, að hann fengi enga viðurkenningu samt, þá mundi jeg ekki greiða atkv. á móti. Það er eðlilegast að þetta verði tekið upp í fjárlögin sem sjerstakt styrktarfje, en ekki sjerstök lög samin. Það kostaði minni umræður og væri heppilegra. Það eru engar líkur til um þann mann, sem hjer á í hlut, að þingið ekki viðurkenni ætíð, að hann sje viðurkenningarverður, og það er betra að þau laun verði veitt stöðugt í hvert skipti heldur en að eitt þing taki fram fyrir hendurnar á öðrum þingum. Það

stríðir líka móti minu „principi“, að veita strax há eptirlaun, en vilja þó takmarka þau að miklu leyti. Jeg álít að með þessu verði stigið fyrsta sporið til þess, að á hverju þingi komi ný lög um sjerstök eptirlaun fyrir hvern einstakan, og á endanum gæti orðið svo mikil brögð að því, að engin takmörkun á eptirlaununum dygði. Jeg verð þessvegna að vera á móti frv. og einkum af því, að það er ekki hætt við því, að þetta vinsæla góðmenni fái ekki viðurkenningu, þó að þetta frv. falli.

Þorkell Bjarnason: Jeg er ekki samdóma h. þm. Strand. (G. G.) um það, að rjett sje að fella þetta frv. og taka upphæð þess upp í fjárlögin. Jeg vil ekki láta mann þann, sem í hlut á, þurfa í hvert skipti eiga það undir náð þingsins, hvort það vill veita honum þetta fje. Það getur verið, að það verði gjört, en hann á það samt undir náð þingsins, hvort það verði gjört.

Jeg er honum heldur ekki samdóma um það, að fjárupphæðin sje of há. Maður sá, sem í hlut á, hefur ekki haft fast embætti á lífsleiðinni, heldur alltaf verið settur í embættum. Starf hans sem málfærslumaður borgaði sig svo illa, að jeg get sagt, að hann hafi haft minna upp úr sínu starfi en allir eða flestir verzlegir embættismenn.

Hvað fyrirsögn frv. snertir, þykir mjer leiðinlegt, að hin fyrri fyrirsögn skyldi ekki geta staðið, sem stjórnin hafði. Jeg ímynda mjer, að það hafi komið af einhverjum óhug í Nd. á orðinu „eptirlaun“. Jeg skal ekki fara út í það að dæma um verðleika þessa manns til þess að fá heiðurslaun, en það vil jeg segja, að meðan íslenzk alþýða les bækur, er jeg viss um, að sögubækur hans verða eitt af því skemmtilegasta og fróðlegasta, sem hún á kost á að lesa.

Jeg álít gott til þess að sátt og samkomulag komist á milli efri og neðri deildar í þessu efni, að reyna að sameina sig við aðra um að koma með nýja fyrirsögn og kalla launin „ellistyrk“. Jeg get vel ímyndað mjer, að Nd. gangi að því og þá er um leið rutt úr vegi allri þrætu um málið.

Jeg hef svo ekki meira að segja að sinni.

ATKVÆÐAGR. Breyt.till. við frv. (C 90) samþ. með 6 samhlj. atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 6:1 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 7 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (C. 96); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að það er eptir áskorun almenns fundar í kjördæmi mínu, að jeg ber þetta frv. upp hjer á þingi. Það kann ef til vill mörgum ókunnugum að virðast undarlegt, að frv. þetta skuli koma fram, sjer í lagi sakir þess, að Svalbarðseyri er svo nálægt Akureyri; þar á milli er ekki meira en hjer um bil 1 míla. En orsakir til þess, að beðið er um löggilding Svalbarðseyrar, eru þær, að í fyrsta lagi er þar mjög góð höfn og í öðru lagi fer þar fram árlega mjög mikil verzlun, bæði á þann hátt að þaðan er útskipað sauðum og uppskipað er þar miklu af útlendum vörum. Það er hin eina höfn í Þingeyjarsýslu, þar sem mögulegt er, eða þar sem hugsa er til að skipa út fje til útflutnings, jafnvel þótt þangað sje allerfitt að reka sauði, þar sem bæði er yfir illa á að sækja og illan fjallveg. Öll Þingeyjarsýsla skipar þaðan út sauðum sínum, því að ótækt er að heita má, að reka sauðina yfir Eyjafjarðará og til Akureyrar, ofan á annan hrakning, sem þeir hafa fengið, einkum í illri tíð. En þessi útskipun sauðfjár gæti nú samt farið þar fram, þótt höfnin væri eigi löggilt, og frv. þetta væri eigi komið fram ef eigi væru aðrar fleiri ástæður fyrir því. Svo er mál vaxið, að skipað er árl. upp á

Svalbarðseyri miklu af vörum til kaupfjelags Þingeyinga og þar á meðal tollskyldar vörur. Tollgreiðsla af vörum þessum er mjög erfið og bagaleg fyrir fjelagið, með því að skipið, er vörurnar flytur, verður að afgreiða sig, að því er tollinn snertir, á löggiltri höfn, og þá er ekki um annað að tala en Akureyri, en hún er í öðru lögsagnarumdæmi, eða Húsavik, sem er innan lögsagnarumdæmisins, og þar sem tollinn á að borga eptir þeim reglum, sem fylgt er, en þangað er langur vegur að fara fyrir þá, sem borga eiga tollinn. Þessi tollgreiðsla er það, sem bakar mönnum mikið ómak og óþægindi og nær því vandræði, og er það aðalástæðan fyrir því, að beðið er um, að löggilda Svalbarðseyri. Jeg hygg, að öllum sjeu þannig ljósar ástæðurnar fyrir frumv. þessu, og vil jeg því ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingsins til að orðlengja framar um frv. Jeg óska, að h. þingd. taki frv. vel og taki málið til nákvæmrar íhugunar.

Þorkell Bjarnason: Jeg er því meðmæltur, að kauptún sjeu löggilt þar, sem þess er veruleg þörf og nauðsyn, og jeg skal ekki neita því, að nokkur nauðsyn muni bera til þess, að þessi staður verði löggiltur, að því leyti, sem h. flutningsm. (E. Á.) skýrði frá, að vöruflutningaskip til kaupfjelags Þingeyinga þyrfti að koma á löggilta höfn til þess að greiða toll af tollskyldum vörum. En jeg vil samt sem áður leita mjer upplýsingar um það, hvort þessi löggilding mundi ekki spilla fyrir Akureyri, því að mjer virðist það nauðsynlegt fremur að hlynna að hinum stærstu kaupstöðum landsins, og varast að gjöra nokkuð það, er spillt getur fyrir viðgangi þeirra. Jeg hef því eigi enn þá ráðið það með sjálfum mjer, hvort jeg get greitt atkvæði með frumv. þessu; jeg vil fyrst fá upplýsingar um, hvort þessi löggilding muni ekki spilla fyrir þrifum Akureyrarkaupstaðar; því að það liggur í augum uppi, að ekki er þörf á þessari löggildingu í því skyni, að auka „konkurranse“ í verzlun, með því að á Akureyri mun vera næg verzlunarkeppni.

Jón A. Hjaltalín: Það eru orð h. 6. kgk. (Þ. B.), sem gefa mjer ástæðu til að tala nokkur orð, þar sem hann sagðist vilja löggilda þær hafnir, er nauðsyn bæri til að væru löggiltar, og gefa þá atkvæði með frumv. Jeg fyrir mitt leyti vil gefa atkvæði með löggilding allra þeirra hafna, sem beðið er um. Það er reynslan, sem síðan á að skera úr, hvort kringumstæður, eðli og ástand staðarins er svo, að löggildingin kemur að notum eða ekki.

Hvað því viðvíkur, að þessi löggilding kunni að draga úr Akureyri eða aðsókn þangað, þá getur svo verið að einhverju leyti, því að nokkur hluti Suður-Þingeyjarsýslu á hægra með að sækja til Svalbarðseyrar en Akureyrar. En ef kaupmennirnir á Akureyri svo vilja, þarf þessi löggilding alls ekkert að draga úr fyrir þeim; þeir þurfa ekki annað en koma sjer upp almennilegri ferju yfir Pollinn, til þess að greiða fyrir viðskiptamönnum sínum. Og þó að frumv. þetta hefði engan annan árangur en þann, þá væri unnið þarft verk með löggilding Svalbarðseyrar.

Flutningsmaður (Einar Ásmundsson): Með tilliti til spurningar þeirrar, er h. 6. kgk. (Þ. B.) beindi til mín um það, hvort þessi löggilding mundi ekki verða Akureyri til hnekkis, skal jeg svara því, að jeg hygg, að löggilding þessi muni alls ekki gjöra neina stórkostlega breytingu fyrir Akureyri; að sönnu mundi verða nokkuð hægari kaupstaðarferðir fyrir Þingeyinga þangað, en til Akureyrar, en jeg hygg, að eigi muni þar verða stofnaðar fastar verzlanir. Aðalástæðan til þess, að löggilding þessi er svo nauðsynleg, er, eins og jeg tók fram áðan, sú, að ljetta undir með tollgreiðslu af aðfluttum, útlendum vörum.

Jeg get skrifað undir hvert orð, sem h. 5. kgk. (J. A. Hj.) talaði, enda talaði

hann um mál, sem honum er vel kunnugt.

Hallgrímur Sveinsson: Það hljóta einhverjar orsakir að vera til þess, að frumv. þetta, sem hefur fyrri verið fyrir þingi og jafnvel náð samþykki þingsins, hefur þó ekki enn þá náð fram að ganga. Mjer er það ekki ljóst, hvort ástæður þær, sem áður hafa orðið máli þessu að fótakefli, eru nú horfnar, eða hvort nú eru nokkrar nýjar ástæður fyrir hendi, sem ekki hafa áður verið til, er gjöri þessa löggilding svo æskilega og nauðsynlega. Sú ástæða hefur verið tekin fram sem meðmæli með löggildingunni, að ljettist fyrir útskipun á sauðfje og uppskipun á vörum, en þetta er engin ný ástæða. Uppskipun og útskipun á þessum stað hefur fram farið áður, enda getur farið fram á ólöggiltum höfnum, svo að það er engin ný ástæða. H. flutningsm. (E. Á.) tók fram, að löggildingin væri einkum nauðsynleg til þess, að gjöra tollgreiðslu fyrirhafnarminni, en bæði er það, að tollgreiðsla hefur að sjálfsögðu áður átt sjer stað af þeim vörum, sem hafa verið þangað fluttar, og getur ekki verið orðin erfiðari nú, en þá — og svo er mjög stuttur vegur til Akureyrar, sem er löggiltur kaupstaður. Menn verða að gæta þess, að allt eptirlit verður að miklum mun erfiðara við það, ef hlaðið er niður kauptúnum hverju við annað. Mjer er því enn ekki með öllu ljóst, að yfirgnæfandi ástæður sjeu nú fyrir hendi, fremur en verið hefur áður, til þess að samþykkja þessa löggildingu, auk þess sem það virðist bert, að þessi löggilding getur varla annað en dregið töluvert frá Akureyri. Jeg verð því heldur að vera mótfallinn því, að frv. þetta nái fram að ganga.

Jón A. Hjaltalín: Það er öldungis rjett, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) segir, að ástæðurnar fyrir löggilding Svalbarðseyrar eru hinar sömu nú eins og áður. En afstaða þingsins hefur mjög breyzt á síðari árum gagnvart öllum löggildingum. Jeg minnist þess, að 1887 voru langar umræður um og rekistefna, hvort löggilda skyldi þessa eða þessa höfn. 1889 voru þingmenn talsvert frjálslyndari í þeim málum, og á síðasta þingi var samþykkt löggilding allra þeirra staða, sem beðið var um. Á þennan hátt hefur afstaða þingsins breyzt gagnvart löggildingum.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að taka undir með h. 5. kgk. (J. A. Hj.) í því, að rjettast sje að skipta sjer eigi svo mikið af því, hverjar ástæður færðar eru fyrir nauðsyn á löggilding þeirra staða, sem beðið er um að löggilda, heldur lofa hlutaðeigendum sjálfum að ráða í því efni. Það er að sönnu rjett, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að tollgæzla verður umfangsmeiri, því fleiri sem löggiltar hafnir eru í hverju lögsagnarumdæmi; en þegar þess er gætt, að lögreglustjórinn sjálfur getur ekki verið í einu nema á einum stað, og verður að hafa umboðsmann fyrir sína hönd í þeim löggiltu kauptúnum, þar sem hann sjálfur er ekki búsettur, þá verður ekki svo mikið úr þeim mótbárum gegn löggildingunum. Fyrir þessar sakir gjörir það ekki svo mikið til, hvort löggilt kauptún eru fleiri eða færri í sama lögsagnarumdæmi.

Að því er Svalbarðseyri snertir, hefur hún ekki jafnan haft góðan byr. Að sönnu hefur löggilding hennar áður náð samþykki þingsins, en ekki staðfestingu stjórnarinnar; varð það henni að fótakefli, að kaupmenn á Akureyri höfðu prívat-„konferense“ við stjórnina og höfðu þeirra ummæli meira að segja hjá stjórninni, heldur en vilji alþingis. Jeg hygg því, að ekki sje mikil ástæða til að láta slíkt aptra sjer frá því að greiða atkvæði með þessu frumv. Álit og vilji hjeraðsmanna á að ráða mestu í þessu máli; löggildingin getur ekki haft neitt tjón í för með sjer fyrir þjóðina og verði kaupstaðurinn ekki reistur á hinum löggiltu stöðum,

er löggildingin að vísu þýðingarlítil, en gjörir þá heldur ekki neinum baga.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 76); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það eru að eins örfáar athugasemdir, sem jeg finn ástæðu til að gjöra nú við þessa 1. umr.

H. þingd. sjer það af nefndarálitinu, að það er samhuga álit allrar nefndarinnar, að frumv. þetta sje haganlegt og fari í rjetta stefnu. Úr því að stýrimannaskóli er stofnaður hjer, er eðlileg afleiðing af því, að tryggja verður þeim mönnum, er á þann skóla ganga rjett til þeirrar atvinnu fremur öðrum mönnum, er eigi hafa aflað sjer þekkingar í því efni; annars er hætt við, að skólinn verði ekki sóttur og menn fari þannig á mis við þá þekkingu, sem hann veitir, og sem telja verður alveg nauðsynlega til tryggingar lífi og eignum manna, er sjávarútveg stunda. En samt sem áður var það álit nefndarinnar, að varhugavert væri og viðurhlutamikið að beita lögum þessum stranglega nú fyrstu árin, með því að kunnugt er, að þilskipaútvegur vex svo stórum á þessum tímum, að svo getur fyrir komið, að ekki sje völ á nógu mörgum skipstjórum, er uppfylla þau skilyrði, er frumv. setur; í þessa stefnu miða þær einu efnisbreytingar, sem nefndin hefur gjört á frumv. Hinar aðrar breyt. eru að eins orðabreytingar, og skal jeg ekki fara út í þær nú. Jeg óska, að frumv. gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tólfti fundur, mánudag 17. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði (C. 61); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og síðan afgreitt til Nd.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 60, 101); 3. umr.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Síðan mál þetta var til 2. umr. hjer í deildinni hefur mjer og nokkrum h. þingdm. komið saman um, að nauðsynlegt væri að gjöra viðaukatillögu við frv. nl. bæta því inn í, hvenær lög þessi eigi að öðlast gildi. Því miður urðum við of seinir með tillöguna til þess að koma henni að við þessa 3. umr. Af því að jeg álít þetta ákvæði nauðsynlega viðbót, leyfi jeg mjer að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að tillögunni mætti koma að við 3. umr. fyrir því.

Forseti: Af ástæðum þeim, sem h. flutningsm. tók fram, álít jeg ekkert því til fyrirstöðu, að málið verði tekið út af dagskrá án sjerstakrar atkv.greiðslu nema hennar sje æskt. Var málið svo tekið út af dagskrá.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði (C. 81); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (C. 96); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 76, 99); 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að nefndin var samhuga um það, að frv. það, sem henni var fengið til meðferðar,

væri þarflegt og gott og til mikilla bóta fyrir þennan annan aðalatvinnuveg landsmanna sjávarútveginn.

Hinar einstöku breytingar, sem nefndin hefur leyft sjer að gjöra á frv. eru mest orðabreytingar. Það eru að eins 4 breytingar, sem eru verulegar efnisbreytingar.

Breytingarnar við greinarnar 1—6 á nefndarálitinu eru mest orðabreytingar.

Jeg skal geta þess samt, að nefndin hefur leyft sjer að leggja til, að felld sjeu úr 6. gr. orðin: „eða láta fara frá Íslands sæ", af því að henni virtist þetta ákvæði segja ekki meira en sagt væri á undan.

Við 7. gr. hefur nefndin lagt til að í st.f.: „1 ár" komi: „4 mánuði". Tíminn, sem tiltekinn var í stjórnarfrv., þótti nefndinni nokkuð langur, það er sama sem þrjár venjulegar þilskipavertíðir. Nefndin áleit nóg, að skilyrðið væri bundið við, að hafa verið eina vertíð til sjós. Þess vegna hefur nefndin komið með þessa breyting. — Þar á móti hefur henni ekki þótt ástæða til að breyta ákvæðunum í 9. gr., þar sem tekið er fram um skilyrði stýrimanns og tíminn er tiltekinn 4 mánuðir.

Þá er næsta efnisbreyting við 14. gr., þar sem talað er um að veita undanþágur frá skilyrðum og prófkröfum. Nefndinni þótti ekki ástæða til, að ráðgjafinn veitti þessar undanþágur, heldur virtist henni fulltryggilegt, þó að ekki þyrfti að fara lengra en til landshöfðingja. Það getur vel komið fyrir, að á því verði töluverðir vafningar og tímatöf, ef leita þyrfti þessara undanþága út úr landinu, og getur opt orðið að baga fyrir hlutaðeigendur.

Ennfremur leggur nefndin til, að seinni hluta greinarinnar verði breytt þannig, að í st.f.: „Þetta skal einkum eiga sjer stað, þegar hlutaðeigandi sannar, að hann hafi staðizt samskonar próf erlendis og verið þar eins mikið í förum og tilskilið er", komi: „Þetta skal einkum eiga sjer stað fyrstu árin eptir að lög þessi öðlast gildi og að því er kemur til skilyrðanna, sem sett eru í 7. og 9. gr." Þessar undanþágur yrðu einmitt fyrstu árin að fara í þá átt, að mönnum yrði leyft að vera skipstjórar, þó þeir eigi fullnægðu hinum lögákveðnu skilyrðum. Fannst nefndinni ekki þörf á að láta ákvæðin um próf erlendis standa, heldur virtist henni heppilegra að gjöra ákvæði um undanþágur fyrstu árin, að því er kemur til skilyrðanna í 7. og 9. gr.

Við 18. gr. er sú breyting gjörð, að í st.f.: „1. júlí 1893" komi: „1. júlí 1894". Hún fer í þá átt að koma í veg fyrir, að ekki fáist nógu margir skipstjórar; það er ekki alveg víst, að aðsóknin á stýrimannaskólann verði svo mikil, að svo margir fáist fyrir skipstjóra, sem þörf er á. Nefndin álítur hentugra, að skilyrðin nái ekki til þeirra, sem stundað hafa atvinnu þessa fyrir 1. júlí 1894, heldur en ákvæði það, sem sett er í stjórnarfrv.

Jeg hef svo ekki meira að segja í þetta sinn. Jeg skal að eins benda á breyt.till. þær (C. 99), sem komið hafa fram við frv. frá h. 2. kgk (H. Sv.) og að eins eru orðabreytingar. Nefndin álítur, að þær sjeu að eins til bóta og ræður til að samþykkja þær.

Landshöfðingi: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir, hvað vel hún hefur tekið frv. þessu og viljað styðja að því, að það, sem stjórnin vildi fá framgengt með því, kæmist á.

Breyt.till. þær, sem nefndin hefur gjört við frv., eru, eins og h. framsögum. (Sig. Stef.) gat um, flestar orðabreytingar, en efnisbreytingar ekki aðrar en þær, sem hann sjerstaklega tók fram.

Af efnisbreytingum er sjerílagi ein, sem mjer þykir varhugaverð, nl. breytingin við 7. gr. b um skilyrði fyrir því, að öðlast skírteini sem skipstjóri á innanlandssiglingum, að því er snertir það atriði, hversu lengi hlutaðeigandi hafi verið í förum, eptir að hann lauk stýrimannsprófi.

Stjórnarfrv. fer fram á, að hann hafi verið í förum 1 ár, en nefndin vill breyta því í 4 mánuði.

Jeg vil nú leiða athygli að því, að í 7. gr stendur: „að hann hafi verið í förum“, nl. annaðhvort sem háseti eða sem stýrimaður. Eins og þessi liður er orðaður, þarf maður því ekki að hafa verið í förum sem stýrimaður til þess að geta orðið skipstjóri, heldur er það að eins bundið við, að hann hafi verið í förum tiltekinn tíma að afloknu stýrimannsprófi. Ef tímalengdin er færð niður í 4 mánuði fyrir skipstjóra, verður hún hin sama fyrir þá sem sú, er sett er stýrimönnum í 9. gr. b. Þeir eiga líka að hafa verið í förum 4 mánuði.

Mjer finnst nú ekki eiga vel við, að gjöra engan mun í þessu efni á því, sem útheimtist til þess að verða skipstjóri og því, sem útheimtist til að verða stýrimaður. Það vakti fyrir stjórninni, að rjett væri að gjöra meiri kröfur til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri en sem stýrimaður. Jeg get þessvegna ekki felt mig við, að 1 ári verði breytt í 4 mánuði og vil skjóta því til h. nefndar, hvort hún kynni ekki betur við, að liðurinn yrði þá orðaður þannig: „að hann eptir það hafi verið í förum sem stýrimaður að minnsta kosti 4 mánuði“ ef hún vill ekki láta 1 ár halda sjer. Jeg hygg heppilegra bæði fyrir hlutaðeigendur sjálfa og fyrir atvinnuna, að sá, sem vill verða skipstjóri, hafi áður verið stýrimaður og hafi lært að skipa fyrir. Það er rjettara, að aðgangur að skipstjórastarfi sje erfiðari en að stýrimennsku. — Vil jeg biðja nefndina að taka þetta til athugunar.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það vakti fyrir nefndinni, er hún vildi færa tímann niður, að lögin yrðu því ekki til hindrunar, að skipstjórar fengjust fyrstu árin. Hins vegar verður því ekki neitað, að eigi er viðkunnanlegt, að sett sjeu sömu skilyrði fyrir skipstjóra og stýrimenn. Nefndin mun þess vegna taka bendingar h. hæstv. landsh. til íhugunar.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. nefndarinnar (C. 76) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br.till. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 3. br. till. n. við 2. gr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 4. og 5. br. till. n. (C. 76) við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj. 6. br.till. n. (C. 76.) við 4. gr. áður samþ. 4. gr. samþ. í e. hlj.; 7. og 8. br.till. n. við 5. gr. áður samþ. 5. gr. samþ. í e. hlj.; 9. br.till. n. við 6. gr. samþ. í e. hlj.; 10. br.till. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 11. br.till. n. við sömu gr. (C. 76.) samþ. í e. hlj.; 1. br.till. (C 99.) við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 12. br.till. n. (C. 76.) við 7. gr. b. samþ. í e. hlj.; 13. br.till. n. við sömu gr. c. samþ. í e. hlj.; 14. br.till. n. við sömu gr. f. samþ. í e. hlj.; 7. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 8. gr. samþ. í e hlj.; 15. br.till. n. (76.) við 9. gr. d. samþ. í e. hlj.; 9. gr. þannig breytt og 10. — 12. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br.till. (C. 99.) við 13. gr. samþ. í e. hlj.; 13. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 16., 17., 18. og 19. br.till. n. (C. 76.) við 14. gr. samþ. í e. hlj.; 14. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 15. gr. sömuleiðis. 3. br.till. (C. 99.) við 16. gr. samþ. í e. hlj.; 16. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 17. gr. sömuleiðis. 20. br.till. n. (C. 76.) við 18. gr. samþ. í e. hlj.; 18. gr þannig breytt samþ. í e. hlj.; Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.;

Till. til þingsál. um að landstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi (C. 77); ein umr.

Flutningsm. (Einar Ásmundsson): Jeg get eigi ætlað, að efni þessarar þingsál. geti orðið ágreiningsefni meðal h. þingdm. Jeg vona, að öllum háttv. þingdm., öllum landsmönnum yfir höfuð og einnig lands-

stjórninni sje það ljóst, að mál þetta er nauðsynjamál, að nauðsynlegt er að brúa helzt allar ár en sjerstaklega stórár landsins. En þetta getur þó svo bezt fengið framgang, að fyrst hafi átt sjer stað nauðsynlegur undirbúningur, sá undirbúningur, að rannsaka brúarstæði, og áætla kostnað við brúargerðirnar. Og verði sjerstakur fær maður fenginn til þeirra hluta er hyggilegast og kostnaðarminnst, að hann skoði sem flestar ár í sömu ferðinni og að jafnframt sveitarstjórnir, sem vilja brúa smáár á sinn kostnað geti haft aðgang að því, að fá ráðleggingar og leiðbeiningar hjá honum. Það gæti einnig verið hentugt, að sami maður liti eptir því um leið, hvernig og hvar hentugast sje að leggja vegi í hjeruðum því að jeg er sannfærður um, að hjeraða og sveita-vegir gætu víða legið beinna og betur heldur en þeir gera nú, en mönnum hættir mjög við að vera vanafastir í vegalagningum og halda gömlu krókunum.

Að því er brúargerðir snertir, hygg eg sjálfsagt, að fyrst beri að brúa hin stærstu vatnsföll; fyrir því er það í rjetta stefnu að brúa nú fyrst Þjórsá, eins og farið er fram á í frv., sem nú liggur fyrir þinginu. Þjórsá er víst stærsta áin á landinu og ill yfirferðar. Hjer á suðurlandi er það sjer í lagi Þjórsá, sem brúa þarf, og auk þess er, þegar efnin leyfa, nauðsynlegt að brúa Sogið og Hvítá í Árnessýslu. Á Vesturlandi munu eigi margar eiginlegar stórár; það munu nú þegar vera komnar tvær brýr á Hvítá í Borgarfirði, sem er stærsta áin, en ýmsar ár eru þar að auki í Mýrasýslu, er brúa þarf, en sem eigi geta talizt með stórám. Aptur á móti eru margar stórár á Norðurlandi: Blanda í Húnav.s. Hjeraðsvötn í Skagafjarðarsýslu, Hörgá og Eyjafjarðará í Eyjafjarðarsýslu, Fnjóská og Jökulsá í Axarfirði í Þingeyjarsýslu. Á Austurlandi virðist mjer þörf að brúuð sje Jökulsá á Jökuldal; enda þótt á henni sje brú, ætti að setja á hana aðra brú, miklu ofar, því að bæði er þar á henni ágætt brúarstæði, og auk þess mundi það stytta mjög veginn milli Norðurlands og Austurlands. Með því móti, að vegur lægi frá Möðrudal til Hákonarstaða á Jökuldal, þar sem er ágætt brúarstæði á Jökulsá milli Hákonarstaða og Klaustursels, og svo austur yfir Fljótsdalsheiði, og innan við botninn á Lagarfljóti, mundi vegalengdin úr Norðurlandi til Austfjarða styttast allt að um tvær dagleiðir frá því, sem nú er almennt farið. Á Austurlandi er Lagarfljót, sem sjálfsagt þarf að brúa. En svo eru þar eigi mörg fleiri stór vatnsföll, sem hugsanlegt er, að brúuð verði í nálægri tíð. Í Skaptafellssýslu eru sjálfsagt bæði mörg og stór vatnsföll, sem eru hin verstu yfirferðar, en ekki er hugsandi til að brúa þau fyrir jökulhlaupum og eldsumbrotum.

Jeg hygg, að jeg þurfi eigi margt að mæla með þessari þingsál. Jeg vona að h. þd. samþ. hana og landsstjórnin taki henni vel, ef hún kemur til hennar.

Landshöfðingi: H. flutningsm. þessarar þingsál. (E.Á.) er öldungis óhætt að láta í ljósi traust til landsstjórnarinnar út af því, að hún gjörir sjer annt um, að brýr geti komizt á ár þær sem flestar, er nauðsynlega þarf að brúa. Og að því er þingsál. þessa snertir, er landsstjórnin fús að taka hana til greina, ef hún verður samþ., en samt með því sjálfsagða skilyrði, að landsstjórnin fái það fje, er til þess útheimtist, að fá það gjört, er þingsál. fer fram á. Eins og fjárlagafrv. er nú, er ekki farið fram á annað, en fje verði veitt einum verkfræðing, er stjórni vegagerð þeirri, er árlega á að vinna fyrir landssjóðinn, en sá maður getur alls engan tíma haft til þess að ferðast um og rannsaka allt það, er ætlazt er til með þessari þingsál., og það því síður, ef hann verður jafnan að vera til taks fyrir sveitarstjórnir til að gefa þeim leiðbeiningar við brúargerðir og vega. Það getur ómögulega

sameinazt við það, að hafa alla umsjón með vegagerð fyrir landssjóðs hönd.

Verði hið nauðsynlega fje veitt er jeg viss um, að landsstjórnin er fús til að taka þingsál. þessa til greina, en án þess er tilgangslaust að samþ. hana.

ATKVÆÐAGR.: Þingsál. samþ. með 8 atkv.

Þrettándi fundur, þriðjudag 18. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 108); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Sigurður Stefánsson*): Jeg skal leyfa mjer að taka aptur fyrir hönd okkar flutningsmanna, hið upphaflega frumv. okkar.

Eins og h. þingd. er kunnugt, komum við 2 þm. fram með frv. um að breyta tilskipun þeirri, sem nú gildir um eptirlaun. En eptir það, að nefnd sú, er h. þingd. kaus til að íhuga málið, hefur hugsað það ítarlega, hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje eigi að eins þessi eina gr. tilskipunarinnar, sem gjöra verður breytingar við, heldur hún öll, með því að allmörg ákvæði hennar eiga alls ekki við hjer á landi; vjer höfum því tekið það ráð, að endurskoða hana alla og komið fram með nýtt frv., sem vjer ætlumst til að komi í hennar stað.

Auðvitað verður það nú aðalumtalsefnið, hvernig oss hefur hefur heppnazt að ákveða eptirlaunaupphæðina, því að það er mestur vandinn, bæði af því, að tilskipunin hefur verið all-lengi í gildi og embættismenn landsins vanir orðnir við að byggja eptirlaunavonir sínar á henni. Það er því mikill vandi að sigla hjer milli skers og báru. Það er kunnugt, að þjóðinni er það allmikið áhugamál að fá breytingar á eptirlaunareglunum; þykja eptirlaunin ofhá þegar tekið er tillit til efna þjóðar vorrar og ástæðna allra.

Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að það væri mjög varhugavert, að gjöra stökk eða stóra breyting á tilskipun þessari, svona allt í einu; jeg skal játa það, að þetta er rjett skoðun; en þess ber þó að jafnframt að gæta, að hjer er nokkuð sjerstaklega ástatt, því að tilskipun þessi er eiginlega dönsk lög, er hafa verið lögleidd hjer á landi, án þess að hið ráðgefandi þing þá ætti kost á því, að láta álit sitt í ljósi, og þar sem tilskipunin er búin til fyrir og miðuð við þá þjóð, sem stendur svo langtum hærra en vjer í efnalegu tilliti, þá er eðlilegt, að hún geti ekki átt vel við hjá oss. En þótt breytingar sjeu þannig nauðsynlegar og æskilegar, er mikill vandi að finna meðalhófið.

Við nánari íhugun hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að hækka eptlaunin úr $^1/_5$, sem til var tekið í hinu upphaflega frv. upp í $^1/_4$ embættislaunanna. Þessi hækkun nemur talsverðu, enda þótt eptirlaunaupphæðin verði mikið minni en eptir þeim reglum, sem nú gilda. Eptir álíti nefndarinnar verða samt eptirlaun þau, er embættismenn fá, vel viðunanleg, og vegna þess væntir nefndin, að tillögur hennar geti fengið góðan byr hjer í h. þingd. Af því að eptirlaunin eru svo fjarska há eptir þeim reglum, sem nú gilda, gat nefndin ekki látið stökkið vera minna en þetta, sem hún hefur tiltekið.

Það kom fram við 1. umr. bending í þá átt, að eptirlaunin ættu að öllu leyti að miðast við launin, þannig að þau færu jafnt vaxandi eptir launaupphæðinni. Nefndin hefur þó ekki getað aðhyllzt þessa skoðun; hún álítur, að það sje ekki óeðlilegt, að þeir, sem hafa há laun meðan þeir eru í embættum, geti lagt eitthvað upp til ellinnar. Nefndin gat ekki álitið þá mótbáru gegn því svo þunga á metun-

um, að þeir sem væru hærra launaðir hefðu þeim mun erfiðari embætti að jafnaði, því að henni var kunnugt, að hjá oss er því ekki svo varið, að það falli jafnan saman, að þeir sem hafi hærri laun hafi erfiðari embætti og kostnaðarsamari. Fyrir því hefur nefndin haldið því sama sem var í frv. að ákveða 20 kr. fyrir hvert ár í embætti. Það liggur í augum uppi að þeir, sem miður eru launaðir, eiga erfiðara að safna til elliáranna, og það er því eigi ósanngjarnt, að eptirlaun þeirra sjeu tiltölulega ríflegri en hinna, er hærri laun hafa á meðan þeir eru í embætti. Auk þess virðist oss og eðlilegt að miða eptirlaunin að nokkru við árafjölda þann, er hver embættismaður starfar í embætti, og sá, sem vinnur í embætti fyrir lítil laun, á engu síður endurgjald skilið fyrir starf sitt, en sá er vinnur fyrir há laun, að öðru jöfnu.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv. þetta við þessa fyrstu umr. Nefndin er þakklát hverri þeirri bendingu, er fram kemur, og miðar til að hrinda máli þessu í betra horf, og hugleiðir að sjálfsögðu allar tillögur; einkum kunna að koma bendingar um betra orðfæri á frv. eða eitthvað þess háttar.

Hallgrímur Sveinsson: Það mun vera öldungis rjett, sem h. framsögum. (S. St.) tók fram, að það hefur hreyft sjer talsverð óánægja yfir því, að eptirlaunin sjeu ofhá. Það mun engum blandast hugur um það, að hjer er vandamál úr að ráða, einkum að því leyti, að skoðanir hljóta að að vera mjög skiptar um það, hver hin hæfilega upphæð er. Það sem einn álítur ofhátt, álítur annar hæfilegt, en hinn þriðji oflítið. Það er eigi hægt að neita því, að það er öldungis rjett, að efnahagur þjóðar vorrar leyfir það eigi, að launa embættismönnum sínum eins vel og þjóð sú, er að miklum mun betur efnum búin; jeg á við samþegna vora Dani, en samt sem áður ber oss að varast allar öfgar og vera eigi allt of fljótir til að hverfa gjörsamlega frá því, er svo lengi hefur staðið, og hefur við töluverð rök að styðjast. Jeg hygg og að óánægja sú, er á sjer nú óneitanlega stað, muni að mun minnka þá er hin nýju launalög frá 1889 koma í gildi, því að það er kunnugt, að nú fyrir 4 árum síðan voru að mun lækkuð laun þau, er hæst voru, færð úr 7000 kr. og 6000 kr. niður í 5000 kr., úr 5000 kr. niður í 4000 kr. og þannig koll af kolli. En eptirlaun þau, sem nú eru goldin eptir hinum eldri launalögum, hafa væntanlega einna mest valdið óánægjunni með eptirlaunabyrðina, en eptirlaunin lækka að mjög miklum mun, þá er á sínum tíma launast eptir hinum nýju lögum. Jeg hygg og að það muni einkum vera eptirlaun þau, er tveir menn hafa notið, sem menn hafa rekið augun í og valdið hafa eptirtekt og óánægju vegna þess, hve há þau væru; af þessum mönnum er nú annar dáinn en hinn nýtur þeirra enn. Jeg hygg því, að óánægjan muni að miklu leyti hverfa bæði við það, að þessi eptirlaun hverfa og eins við hitt, að eptirlaunin fara að miðast við þau hin nýju launalög, því að eptir þeim lögum geta eigi eins há eptirlaun komið fyrir.

Nú ber að vísu þess að gæta, að einn flokkur embætta er enn svo ungur hjá oss, að eptirlaun fyrir þá menn eru svo að segja ekki farin enn að byrja, það eru læknaembættin. Í öðru lagi er ekki í frv. þessu gjörð nein breyting á eptirlaunum uppgjafapresta, prestekkna og embættismannaekkna nje uppeldisstyrk barna þeirra, og er því eigi um lækkun á öðru hjer að ræða, en þeim eina lið: uppgjafaembættismenn utan prestastjettarinnar, og er sá liður að mig minnir nú talinn um 21,000 kr. Það getur því aldrei gjört neina verulega eða stórvægilega breytingu á fjárhag landssjóðsins, þótt þessi eini liður lækki um 4—5 þús. kr., úr því eigi er hreyft við öðru en þessum eina lið. Jeg skal því eigi telja það alveg ástæðulaust, að einhver

breyting væri gjörð á gildandi reglum í þessu efni. Nefndin hefur í þessu efni valið meðalveg milli frv. þess, er fyrst kom fram, og þess, er nú gildir, með því að ákveða eptirlaunin $^1/_4$ af launununum, og get jeg í því aðhyllzt skoðun nefndarinnar. Aptur á móti hefur h. nefnd ákveðið hina sömu upphæð í viðbót eptirlaunanna fyrir hvert þjónustu ár, jafnt fyrir alla, hver sem embættislaunin hafa verið. En það virðist mjer ekki rjett eða sanngjarnt hjá h. nefnd. Mjer sýnist, að eptirlaunin eigi að standa í rjettu hlutfalli við launin. Eptir uppást. nefndarinnar verður mjög lítill eða nær enginn munur á eptirlaunum fyrir þau embætti, er lægst eru launuð, en aptur á móti er munurinn mjög mikill á því, hve eptirlaunin lækka fyrir hin hærra launuðu embætti. Að þessu leyti hefur h. nefnd ekki verið hlutfallslega sanngjörn, en það hefði hún átt að vera. Jeg hygg, að h. nefnd hefði gjört rjettara í að fylgja þeirri reglu, er kom fram í frv. því, er síðasta þing hafði hjer til meðferðar, að eptirlaunin færu vaxandi eptir hundraðspörtum tiltölulega miðað við embættislaunin. Jeg fyrir mitt leyti hefði helzt hallazt að því, að viðbótin væri $^1/_{100}$ af árslaununum fyrir hvert ár í embættisþjónustu, og með það fyrir augum hef jeg gjört dálitinn samanburð við þau lög, sem nú gilda og eins reglu þá, er nefndin hefur stungið upp á. Jeg skal fyrst taka embætti með 2000 kr. launum, og sýna fram á hvernig eptirlaunin verða eptir vissan árafjölda samkvæmt þessum þremur reikningsaðferðum.

Eptir 5 ára þjónustu hefur sá embættismaður í eptirlaun samkv. uppást. nefndarinnar 600 kr. og jafnmikið eptir núgildandi lögum, svo og eptir minni uppást; eptir 10 ár 700 kr. eptir uppást. nefndarinnar og minni, en 1000 kr. eptir því sem nú er; eptir 20 ár 900 kr. eptir uppást. nefndarinnar og minni, en 1030 kr. eptir því sem nú er; eptir 30 ár 1100 kr. eptir uppást. nefndarinnar og minni, en 1330 kr. eptir því sem nú er; eptir 40 ár 1300 kr. eptir uppást. nefndarinnar og minni, en 1330 kr. eptir því sem nú er. Þannig er munurinn enginn hjá mjer og nefndinni við þetta launatakmark, og yfir höfuð lítill munur á því og því, er nú gildir. Nú skal jeg aptur á móti taka 5000 kr. embætti. Eptir uppást. nefndarinnar verða eptirlaunin fyrir það embætti eptir 5 ára þjónustu 1350 kr. eptir minni 1500 kr. og eptir því sem nú er, einnig 1500 kr; eptir 10 ár 1450 kr. eptir uppást. nefndarinnar, en 2500 kr. eptir því, sem nú er, en 1750 kr. eptir minni. Eptir 20 ár verða það 1650 kr. eptir uppást. nefndarinnar, 2250 eptir minni, en 2583 eptir því sem nú er. Eptir 30 ár 1850 kr. eptir uppást. nefndarinnar, 2750 kr. eptir minni og 3400 kr. eptir því sem nú er. Eptir 40 ár 2050 kr. eptir uppást. nefndarinnar, 3250 kr. eptir minni, en 3400 kr. eptir því sem nú er. Af þessu sjest, að uppást. mín er meðalvegur milli þess, sem nefndin stingur upp á og þess, sem nú er, þegar launin eru há; eptirlaunin verða þá eptir þessari hundraðareglu dálítið hærri en eptir þeim reikningi, er nefndin vill viðhafa, en þó talsvert lægri en eptir núgildandi lögum. Jeg vil því skjóta því til h. nefndar, hvort hún eigi vill íhuga þessa hundraðareglu og hugsa um, hvort hún mundi eigi vilja ganga að breyt.till. í þá átt.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. Að eins skal jeg minna á það, að staða vor, sem nú erum í embættum með eptirlaunarjetti eptir hinum gildandi lögum, er nokkuð einkennileg í þessu máli, þar sem vjer erum að setja lagaákvæði um eptirlaunakjör eptirkomenda vorra. Þetta mál gengur að vísu eigi nærri sjálfum oss, en vjer verðum að gæta þess vandlega, að hve miklu leyti sanngjarnt er, viðfeldið og rjett, að skerða stórum

gagnvart eptirmönnunum rjett þann, er vjer sjálfir njótum að fullu.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Nefndin er að sjálfsögðu þakklát fyrir allar bendingar, sem gefnar eru í þessu máli, því að hún finnur sjálf til þess, hvílíkt vandaverk það er, að finna hér hið rétt-látasta.

Þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.) benti á það, að athuga bæri, að nýlega hefðu lækkuð verið hæstu launin, þá hefur nefndin einmitt tekið það til greina og fyrir því hækkað uppást. frumv. úr $^1/_5$ upp í $^1/_4$ — enda þótt flutningsmenn frumv. hefðu þá launabreytingu einnig í fersku minni.

H. sami þm. (H. Sv.) tók það fram, að óánægjan með eptirlaunin mundi mest stafa af hinum háu eptirlaunum, er fáeinir uppgjafaembættismenn njóta, en eg hef þó ekki orðið þess var, að óánægjan sé einkum af því sprottin, heldur mun alþýðu ofbjóða eptirlaunaupphæðin í heild sinni, því að sú upphæð í reikningi landssjóðsins er geigvænleg.

Það er rjett og satt, að nefndin hefur eigi haggað neitt við eptirlaunum uppgjafapresta, prestsekkna nje embættismannaekkna; en þótt þau eptirlaun sjeu látin vera óbreytt, getur verið full ástæða til að lækka nokkuð hin hærri eptirlaunin. Jeg vildi sem minnst þurfa að minnast á kjör uppgjafaprestanna, einkum af því, að að jeg er sjálfur prestur; þeir geta sannarlega eigi talizt í flokki hinna hálaunuðu, og það er sannarlega mikið djúp staðfest milli eptirlauna þeirra, er enda hinir láglaunuðustu eiga von á eptir frumv. þessu, og eptirlauna prestanna; munu menn þó viðurkenna, að prestarnir eigi að teljast með embættismönnum, en væri talað um jafnrjetti í þessu tilliti, þá verður varla sagt, að það sje mikið, þegar litið er á eptirlaun presta og annara embættismanna.

H. 2. kgk. (H. Sv.) kom fram með samanburð á eptirlaununum eptir því, sem nú er, og eptir sinni eigin uppástungu. Jeg get eigi áttað mig svo vel á þeim samanburði svona í flýtu bragði, en eptir því sem mjer skildist, varð munurinn á eptirlaununum eptir hans eigin uppástungu og lögum þeim, sem nú gilda, harla lítill, þegar um 5000 kr. laun er að ræða; eptirlaunin komust þá upp í 3250 kr. eptir 40 ára þjónustu í embætti, svo að munurinn eða lækkunin frá því, sem nú er, verður ákaflega lítill.

Viðvíkjandi því, að það sje rjettara og sanngjarnara að miða eptirlaunin að öllu leyti við upphæð embættislaunanna, þá getur nefndin ekki viðurkennt það; hún getur ekki álitið það nauðsynlegt, að eptirlaunin hækki tiltölulega meira fyrir ár hvert, er embættismaður þjónar í hálaunuðu embætti, því að heldur má gera ráð fyrir, að sá, sem slíkt embætti hefur, geti lagt eitthvað upp til elliáranna, og út frá því gengur nefndin, enda verða eptirlaunin lítil, ef slíkir menn hefðu eigi annað á að lifa, en þau einungis. Það munu og æði margir verða á flæðiskeri staddir, ef enginn hugsaði neitt um það, að reyna að safna sjer dálitlu til elliáranna.

Jeg skal játa, að það er nokkuð leiðinlegt verk fyrir embættismenn þá, er á þingi sitja, að lækka stórkostlega eptirlaun þeirra embættismanna, er eptir þá koma, þar sem þeir sjálfir eru tryggðir fyrir allri eptirlaunalækkun, en hjer á við sem optar, að fleira verður að gjöra en gott þykir; þess ber og líka að gæta, að þeir, sem um embættin sækja eptir þann tíma, er lækkunin er í lög leidd, vita að hverju þeir ganga og hvers þeir eiga að vænta, og það er þá fyrst ástæða til að ætla, að oflangt hafi verið farið í að lækka eptirlaunin, ef svo fer, að nýtir menn eigi fáist í embættin sökum þess, hve eptirlaunin eru lág, en þá er innan handar að breyta til og kippa í lag því, er reynslan sýnir að ábótavant er.

Nefndin mun að sjálfsögðu taka bend-

ingar h. 2. kgk. (H. Sv.) til yfirvegunar.

Guðjón Guðlaugsson: Það er langt frá því, að jeg geti verið í þessu á sama máli og h. 2. kgk. (H. Sv.). Jeg hygg, að hann sje eins langt fyrir ofan nefndina eins og jeg fyrir neðan hana, því að eptir skoðun minni máttu eptirlaunin ekki ákveðast hærri, en upp á var stungið í upphaflega frumv., og jeg hefði helzt óskað, að nefndin hefði látið það takmark óhaggað.

H. 2. kgk. (H. Sv.) áleit það, að óánægjan með eptirlaunin væri sprottin af því, að þau miðuðust nú við hin hærri launalög og væri því hærri en þau mundu verða, þá er hin yngri og lægri launalög eru komin í gildi. Jeg hygg þó, að þetta sje ekki svo, að óánægjan eigi ekki eingöngu þessar rætur. Óánægjan hefur aldrei verið meiri en hún er nú, og stafar mest af því, að þjóðin mælir eptirlaunin á annan mælikvarða en launin sjálf. Þjóðin hefur eigi á móti því, að launa embættismönnunum vel á meðan þeir vinna verk sitt í þarfir hennar. Við það getur þjóðin sætt sig betur, en við það, að launa þeim gífurlega, eptir að vinnan er hætt.

Jeg hygg, að óánægjan sé ekki sprottin af þessu, því að margur er svo fær í reikningi, að hann getur fundið út, hver eptirlaunin eigi að verða eptir hinum nýustu launalögum. Menn vita það, að 6000 kr. laun gefa rétt til 4000 kr. eptirlauna eptir 30 ára þjónustu, og menn skilja, hver sú upphæð er; það er upphæð, sem flestum alþýðumönnum auðnast aldrei að eignast, og að þau eptirlaun eru hærri en laun þau, er margir embættismenn fá á ári.

Jeg skal ekki minnast mikið á prestana. Það eru þeir menn, er alþýðan á mest saman við að sælda og þekkir bezt og sem að mínu áliti vinna bezt fyrir embættislaunum sínum, þegar þeir standa vel í stöðu sinni, og þó eru árslaun þeirra vanalegast að eins $^1/_4$ eptirlauna þeirra, sem jeg nefndi.

H. sami þm. (H. Sv.) áleit þessa 20 kr. árl. eptirlaunahækkun, jafnt fyrir alla embættismenn, hátt eða lágt launaða, ósanngjarna, en þar er jeg öldungis þvert á móti. Nú gjörir frv. ráð fyrir, að nokkuð af eptirlaununum sje miðað við launaupphæðina og þar af leiðir þá, að eptirlaunin verða töluvert hærri hjá þeim, sem hærri hafa launin, og eptir meiru finnst mjer maður ekki þurfa að óska í þessu efni. En að miða eptirlaunin að öllu leyti við launaupphæðina leiðir til hinnar mestu ósanngirni, og jeg verð að álíta, að flutningsmenn frv., hafi fundið einmitt það heppilegasta fyrirkomulag í þessu tilliti, að miða nokkuð af eptirlaununum við árafjölda hvers eins í embættisþjónustu, og úr því föst eptirlaun eru höfð, er næst að skoða þau, sem viðurkenning fyrir dygga þjónustu, og fyrir því er sanngjarnt, að tveir menn, er báðir hafa staðið vel í stöðu sinni hafi lík eptirlaun, hversu mikill munur sem verið hefur á launum þeirra, meðan þeir þjónuðu í embættum. Hafi báðir þjónað jafn dyggilega, hvað er þá á móti því, að báðir uppskeri hina sömu dyggðanna ávexti. Annars hefði jeg helzt viljað, að nefndin hefði haldið eptirlaunatakmarki því, er sett var í hinu upphaflega frv. $^1/_5$ hluta launanna. Ástæða mín fyrir því, að vilja ekki hafa eptirlaunin eins há og ákveðið er í þessu frv. er fyrst sú, að mjer virðist með því vera hjakkað í sama farinu; eptir mínum reikningi verður breytingin nær því engin þegar árslaunin eru 1500 kr. eða 2000 kr. og mjög lítil þegar launin eru allt upp að 3000 kr. Þetta virðist mjer ekki rjett og að eptirlaunin hefðu orðið nægilega há, þótt hið upphaflega frv. hefði verið lagt til grundvallar. Sá sem hefur þjónað 20 ár í embætti með 2000 kr. launum fær eptir till. nefndarinnar 900 kr. í eptirlaun en eptir ákvæðum hins upphaflega frv. 800 kr. og það er hærri upphæð heldur en margir prestar hafa í laun á ári. Jeg vil segja að t. a. m.

sýslumaður í Vestmanneyjum, er verið hefur 20 ár í embætti hefur eigi unnið eins vel fyrir 800 kr. eins og prestur, er í 50 ár hefur staðið vel í stöðu sinni og fær að eins 500 kr. í eptirlaun, að jeg ekki beri saman verðleikana, að slíkum eptirlaunum, við verðleika skyldurækins prests, sem þó ekki nýtur hærri árslauna en 800 kr. Mjer finnst 800 kr. upphæðin vera fullnægileg, ef tekið er tillit til efna hags þjóðarinnnar og vilja hennar.

Annar galli á frv. þessu virðist mjer vera sá, að með því að ákveða föst eptirlaun svo há, að búast megi við, að þau verði fullhá í öllum tilfellum, eða svo há, að þjóð eða þingi geti aldrei fundizt ástæða til að fara hærra, þá er með því tekið fram fyrir hendurnar á þjóðinni síðar meir og henni bægt frá því að geta sýnt ágætismönnum sínum viðurkenningu, úr því að eptirlaunin eru ákveðin svona há. Jeg skal að sönnu játa það, að þingið getur misbrúkað þetta vald sitt en þótt svo sje, er ekki heppilegt að svipta þingið þessu valdi, heldur að það geti haft tækifæri til, að sýna þeim manni heiður, er þjóðin viðurkenndi, að til þess hefði unnið.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Jeg vona, að h. þingdm. skiljist að mín skoðun er sú, að rjettara hefði verið að halda þeim ákvæðum, sem sett voru í hinu upphaflega frv.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það eru aðeins örfáar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra við ræðu h. þm. Strandam. (G. G.). Viðvíkjandi því sem hann sagði, að með þessu frv. væri hjakkað í sama farinu, þá skal jeg játa það, að þegar launin eru lág og þjónustuárin fá, þá er eptir frv. þessu ekki mikill munur á eptirlaununum og þeim sem nú eru eptir gildandi lögum. Nú eru það einmitt læknarnir, er lægst eru launaðir af embættismönnum vorum, er frv. þetta nær til, og eru þeir ekki vanir að kemba hærurnar. Eptir þeirri reynslu, sem vjer höfum endast þeir verst allra embættismanna, er eðlilega liggur í því, hvernig hjer hagar til. Það þarf varla að gjöra ráð fyrir, að þeir endist 30 ár í embættisþjónustu, að minnsta kosti eru færri dæmin fyrir því; 15—20 ár mun nógu hátt reiknað. Þetta hafði nefndin fyrir augum, og opt gæti komið fyrir að slíkir menn mundu sakir heilsubrests verða að segja af sjer eptir máske fárra ára embættisþjónustu, og að þá mundi ekki veita af eptirlaunaupphæð þeirri, er gjört er ráð fyrir í frv. nefndarinnar. Jeg vil sem minnst fara út í samanburð á kjörum prestanna, enda hygg jeg, að sá samanburður hafi ekki mikið að þýða í þessu máli.

H. þm. Strandam. (G. G.) vildi annaðhvort engin fastákveðin eptirlaun hafa eða þá mjög lág til þess að alþingi gæti sýnt ýmsum mönnum viðurkenning sína með sjerstökum eptirlaunum. En þetta er einmitt í mínum augum ástæða til að hafa eptirlaunin fremur há, því að jeg vildi helzt, að þau tilfelli yrðu sem fæst, ða þingið þurfi að fjalla um sjerstök heiðurslaun, eptirlaun, ellistyrk eða hvað sem það á að kallast. Jeg held að þess konar eptirlauna fyrirkomulag gjöri ekki þjóðina ánægðari, og enda lítil trygging fyrir því að þesskonar eptirlaun komi niður á þeim, sem verðugastir eru, hætt við, að mestu kunni að ráða við þessháttar bæði vinátta, ýmsir aðstandendur og aðrar sjerstakar kringumstæður, og að spurningin geti orðið talsvert vafasöm um sanna verðleika umsækendanna. Jeg hygg, að heppilegast væri, að hafa eptirlaunin svo rífleg og sómasamleg, að viðunandi geti verið, en freista ekki manna til, að senda sífelldar fjárbænir inn á þing, enda mikill vandi að gjöra upp á milli manna, og flestir þykjast verðugir, þegar um þess konar er að ræða. Þetta er sem hvetur mig til þess, að hallast fremur að því að hafa eptirlaunin ekki mjög lág; jeg álít þjóðina ekki betur farna með því að opnaðar sjeu dyrnar fyrir sjerstöku eptirlauna- kapphlaupi á hverju einasta þingi.

Guðjón Guðlaugsson: H. framsögum. (S. St.) tók það fram, að ástæða væri til að bæta upp eptirlaun hinna lægst launuðu t. d. lækna tiltölulega og nefndin hefði haft það fyrir augum, er hún hefði ákveðið eptirlaunin þannig, sem hún gjörir í frv. En eptir því sem mjer hefur reiknazt til, þá breyta ákvæðin engu eða litlu eptirlaunum hinna lægst launuðu embættismanna frá því sem þau nú eru eptir gildandi lögum. Ef við tökum embættismann með 1500 kr. í árleg laun, þá verða þau eptirlaun, sem hann fær eptir 5 ár nokkuð hærri eptir frv. nefndarinnar en núgildandi lögum. Eptir 20 ár verða þau alveg jöfn, hvort sem er tekið frv. nefndarinnar eða núgildandi lög og eptir 30 ár þvínær jöfn. Eins þó að maður athugi við 2000 kr. árslaun, þá verða eptirlaunin alveg jöfn eptir 5 ár, hvort sem farið er eptir frv. nefndarinnar eða núgildandi lögum og þegar tekin eru 3000 kr. laun, þá er munurinn eptir 5 ár að eins 50 kr. Þegar því á allt er litið og tekið er tillit til þessarar millislökunar nefndarinnar og hún borin saman við núgildandi lög, sýnist svo, að nefndin hafi æði mikið farið í sama farið og áður er, hvað snertir eptirlaun af árslaunum allt upp að 3000 kr. En jeg stend við það, sem jeg sagði áðan, að það væri rjett, að þing og þjóð gæti sýnt embættismönnum viðurkenningu sína, ef það óskaði að sýna þeim heiður með styrkveiting. Jeg játa það að vísu, að þingið hafi eigi farið eins hyggilega í það á þessu þingi og það hefði átt að gjöra, en það dugar ekki að hugsa um það, því að þó að þingið standi ekki vel í stöðu sinni eitt sinn, þá er ekki rjett að dæma af því, að það verði sama barnið alltaf. Ef þingið getur ekki hagað sjer eptir því, sem til hagar í hvert skipti, þá geta þannig fastákveðin lög enn síður leyft það. Það er ekki hægt að fastákveða fyrirfram, hvað hver er eða verður sjerstaklega verður, en hitt er miklu heldur gjörandi, og það er fullkominn mögulegleiki til þess, að þingið dæmdi um það á eptir. H. framsögum. (S. St.) tók fram, og það rjettilega, að þegar þingið ætti að fara að semja og samþykkja sjerstök heiðurslaunalög, þá þá mundi víst eins mikið ráða úrslitum, hvað góða vini og aðstoðarmenn sá ætti í þinginu, sem í hlut ætti, eins og verðleikar þess sama. Jeg skal játa það, að það getur vel verið, ef semja á sjerstök heiðurs- eða eptirlaunalög. En það er ekki skylda, að samin sjeu sjerstök lög í þessu skyni í hvert skipti, og þingið tæki þá fram fyrir hendurnar á öðrum þingum. og þó að menn eigi góða formælendur á einu þingi, þá er ekki víst fyrir það, að þeir hafi það á öðru. Þó að þingið sje ef til vill nú ekki svo þroskað, að það geti vísað bænarskrám, sem til þess koma, frá sjer, þá ætti það þó síðar, að geta náð þeim þroska, að geta neitað ósanngjörnum bænarskrám, sem kynnu að rigna niður frá embættismönnunum seinna meir, og með því vanið þá af betlinu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð (C. 115); 3. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg leyfi mjer að skýra frá því, að við, sem komið höfum fram með breyt.till. við frv., tökum hana aptur.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 atkv. og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. janúar 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 109); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal ekki neita því, að jeg varð hálfhissa, er frv. þetta kom fram í Nd. og ekki eingöngu

það, heldur einnig samþ. breytingalaust eptir allar umr. í deildinni.

Jeg sje ekki, hverjar ástæður eru til að óska þessarar breytingar, sem frv. fer fram á. Jeg held, að hjer sannist sem optar, að „mikið vill meira“. Þegar töluverð rjettarbót er fengin, láta menn sjer það ekki nægja, og eru óánægðir yfir að fá ekki svo að segja allt. Mönnum nægir ekki það, sem jeg vildi kalla hóflegt frelsi heldur fara menn út í yztu æsar, án tillits til þess, hvort það, sem þeir fara fram á, er betra en hið hóflega frelsi, sem þeir höfðu áður. Maður skyldi ætla, að á þessum sjö ára tíma, sem lögin hafa heimilað söfnuðum að kjósa presta sína, þættust þeir hafa gengið í gegnum þann skóla, að þeir væru betur færir en nokkur annar að veita prestsembættin. En jeg held að hjer sje samt farið fram á það, sem söfnuðirnir eru engan veginn færir um. Jeg vil leyfa mjer að segja, með allri virðingu fyrir prestkosningarlögunum, að veiting sumra prestsembætta eða kosning safnaða til þeirra hefur ekki verið hótinu betri en hjá veitingarvaldinu eptir eldra fyrirkomulaginu. Ýmislegt hefur átt sjer einnig stað við kosningarnar, sem betra hefði verið að aldrei hefði komið fram. Það hefur komið fyrir, að heiðarlegir menn hafi verið vegnir í hvorumtveggja skilningi orðsins, bæði vegnir á vog af kjósendum, og vegnir eða að velli lagðir, sem heiðarlegir menn. Þeir hafa leyft sjer að sækja um eitthvert prestakall, og svo hefur mannorð þeirra, ef til vill, sætt svo ómildri meðferð í kosningastælunni, að þeir hafa ekki verið samir eptir og áður, og jafnvel fengið blett á sig. Sýnist slíkt sannarlega vera mjög ósanngjarnt, og hafa óþægindi í för með sjer fyrir þá, er um prestaköll vilja sækja, enda hafa umsóknir um brauð stórum minnkað, síðan veitingarvaldið komst í hendur safnaðanna. Af þessu mætti ætla, að þeir treystu annaðhvort ekki núverandi veitingarvaldi til að taka verðleika sína til greina, eða hikuðu við að leggja sig undir dóm þess. Jeg álít, að veitingaraðferðin, sem nú er, sje að mörgu leyti svo óþægileg fyrir umsækjendur, að þeir hverfi frá að leita þeirrar breytingar, sem þeir annars kynnu að óska, og vilji heldur sitja kyrrir þar sem þeir eru komnir.

Nú er veitingu brauða svo fyrir komið, eins og menn vita, að söfnuðirnir hafa vald til að velja úr 2 eða 3 umsækjendur. Jeg hjelt, að vald það, sem söfnuðirnir nú hafa eptir lögunum frá 8. janúar 1886 til að kjósa presta sína, væri svo verulegt, að það mundi nægja þeim í meira en 7 ár. En það nægði þeim ekki einu sinni í 7 ár, því að á síðasta þingi fyrir víst, ef ekki þegar á þingi 1889 var farið fram á rýmkun á veitingarvaldi safnaðanna. Meðan menn koma sjer ekki niður á að nota frelsið, sem þeir hafa fengið, betur en þeir hafa enn gjört, þá held jeg, að menn ættu ekki að hreyfa þessu máli, heldur láta fyrst söfnuðina sýna, hvað þeim verður úr þessu frelsi, og hve vel þeir nota kosningarrjett sinn, og kunna að taka til greina verðleika þeirra, sem sækja, áður en þeir fara lengra og færa kvíarnar frekar út..

Við þessa umr. málsins á ekki við að fara út í hvert einstakt atriði eða orð frv., og skal jeg því ekki gjöra það, heldur einungis taka það fram aptur, að mjer finnst mjög óheppilegt, að breyta lögunum í þá átt, sem frv. fer fram á.

Jeg, og margir fleiri, tókum með viðurkenning fyrir frjálslyndi stjórnarinnar á móti þeim verulegu nýju rjettindum, sem hún með frv. sínu, um hluttöku safnaða í veitingu brauða, veitti söfnuðunum fyrir 7 árum. Við eigum nú ekki að vera svo óþolinmóðir eða óstilltir, að geta ekki unað við hin fengnu rjettindi lengur en þessi fáu ár. Jeg er fullkomlega sannfærður um, að söfnuðirnir hafa ekki lært ennþá að fara svo vel með frelsi það, sem þeim

hefur verið gefið, að næg ástæða sje til að veita þeim ótakmarkað og fullt frelsi í þeim efnum. Jeg vona því, að menn skoði vandlega huga sinn áður en þeir greiða atkvæði með frv. þessu.

Sigurður Jensson: Jeg skal játa það, að jeg er ekki neitt sjerlega hrifinn af frv. þessu, eins og það hjer kemur fyrir. Frá því fyrsta að farið var að tala um prestakosningalögin, hef jeg álitið, að ekki ætti við, að söfnuðirnir kysu sjer presta, úr því kirkjan væri í því sambandi við ríkið, sem hún er hjá oss, og þjóðfjelagið launar prestunum að miklu leyti.

Í hitt eð fyrra kom fram frv. í Nd. í þá sömu átt og frv. það, sem hjer liggur fyrir, og var jeg þá einn af þeim fáu, sem greiddu atkv. á móti frv., enda man jeg ekki eptir, að jeg heyrði þá neinar sennilegar ástæður fyrir því. Jeg heyrði reyndar færða þá ástæðu fram fyrir frv., að fyrst þjóðin borgaði prestunum, þá ætti hún einnig að fá að kjósa þá. Þessi orð hljóma kannske mjög fallega, en það er ekki mikið sagt með þeim. Eptir því ætti þjóðin þá að kjósa alla embættismenn sína og þjóðin öll að gjöra það. En það er eins um þetta og annað, sem þjóðin öll á að gjöra, að hún getur ekki gjört það öll, heldur verður hún að fela það öðrum á hendur. Það er þá spurningin í þessu efni, hvort þjóðin gjöri rjettara í því, að fela yfirstjórn kirkjunnar að skipa prestana eða láta söfnuðina kjósa þá.

Jeg fyrir mitt leyti hef ávallt verið á þeirri skoðun, að úr því kirkjan er í sambandi við ríkið, þá sje bezt, að veitingarvaldið sje hjá yfirstjórn kirkjunnar, því að jeg hygg, að hún sje færust um að vega bezt þarfir safnaðanna, hvers gagnvart öðrum. Ef kirkjustjórnin notaði valdið vel og beitti því samvizkusamlega, þá gæti það líkl. orðið til þess að hvetja presta til að standa vel í stöðu sinni, og rækja dyggilega embættisskyldu sína, því að þá getur kirkjustjórnin tekið tillit til þess, og launað þeim, sem eru þess verðugir, með betri embættum. Það er kirkjustjórnin, sem bezt getur haft yfirlit yfir, hvernig prestar standa í stöðu sinni. En það er síður við því að búast af söfnuðunum, að þeir skoði það sem meðmæling með prestinum, að hann hefur slitið sjer út í erfiðu prestakalli. Söfnuðirnir þekkja þar að auk, opt og einatt, engan af umsækjendum eða ekki nema einn af þeim, og viðkynning sú, sem þeir þá hafa af þessum eina, getur þá opt haft allt of mikil áhrif á kosninguna.

En nú erum við komnir af þeim vegi, að yfirstjórn kirkjunnar hafi veitingarvaldið og á annan veg; allir vita, hvernig á stendur, að söfnuðirnir hafa krafizt hluttöku í veitingu brauða af óánægju yfir því, að þeim þótti kirkjustjórnin misbrúka vald sitt. Menn þóttust sannfærðir um, að kirkjustjórnin væri alls ekki að hugsa um, hvað söfnuðunum væri fyrir beztu, heldur væri hún mjög opt einungis að hugsa um lífs-framfærslu fyrir skjólstæðinga sína, og þeir voru sumir allt annað en hæfir til að vera prestar. Þess vegna heimtuðu söfnuðirnir að fá þetta vald í hendur, og vildu verjast því, að upp á þá væri troðið prestum, sem þeir álitu ekki hæfa og vildu ekki hafa. Og stjórnin ljet tilleiðast, að veita þeim þetta, af því að hún sá, að það var nauðsynlegt fyrir þá, til þess að geta varið sig fyrir óreglusömum prestum, sem þeim voru sendir af kirkjustjórninni. Nú er málið komið inn á þessa leið, og það verður ekki snúið aptur; þó að jeg fyrir mitt leyti treysti þeirri yfirstjórn kirkjunnar, sem nú er, til að fara vel með veitingarvaldið, og beita því kirkjunni í hag, þá kemur mjer ekki til hugar,* að söfnuðirnir muni vilja úr þessu afsala sjer því valdi, sem þeir hafa fengið. Þeir gætu sagt sem svo: Þó að við treystum kirkjustjórninni nú til þess, til alls hins

bezta, þá er ekki sú kirkjustjórn eilíf, og við vitum ekki, hvað við tekur, er hún fer.

Hjer er því að eins spurningin, hvort staðar eigi að nema við það sem er eða fara lengra og lofa söfnuðunum að velja um alla þá, sem sækja. Hvernig er ásigkomulagið nú? Það er svo, að það fullnægir ekki söfnuðunum og yfirstjórn kirkjunnar hefur heldur ekki ástæðu til að vera ánægð með það. Hún ræður ekki hver embættið fær, og söfnuðirnir ráða því heldur ekki. Söfnuðurinn fær opt ekki þann prest, sem hann helzt vill. Jeg hygg að það eina, sem þessir tveir málsaðilar geta gjört eins og lögin nú eru, sje að hindra hvern annan í því að fá sínum vilja framgengt. Þeir eins og tefla um, hver eigi að fá embættið. Þetta er ekki heppilegt og það er vel skiljanlegt, að báðir sjeu óánægðir. Og um leið að valdinu er skipt milli þeirra, er einnig ábyrgðinni skipt, eða ábyrgðin er eiginlega hvergi, hvorki hjá kirkjustjórninni nje hjá söfnuðunum. Úr því sem komið er, þá held jeg sje rjettast að láta söfnuðinn hafa alla ábyrgðina af kosningunni; það er hann, sem mest á í hættu, ef illa fer og þá getur hann ekki öðrum um kennt, þegar hann hefur öll ráðin sjálfur.

Jeg vildi helzt, að gjörðar verði nokkrar breytingar á þessu frv. t. d. gefa biskupi vald til að stryka út af umsækjendalistanum þá, sem að hans áliti eru óhæfir til að hafa á hendi prestsembætti. Jeg kynni einnig vel við, að biskup sendi tillögur sínar til safnaðanna og gæfi góð ráð og bendingar um, hvern hann áliti hæfastan. Mjer finnst það ekki vera alveg þýðingarlaust; eins og landshöfðingi tekur nú samkvæmt lögunum á móti ráðum og tillögum biskups, eins finnst mér það geta átt vel við, að biskupinn leiðbeini og leggi söfnuðunum ráð, og jeg er viss um, að þau yrðu vel meðtekin, er söfnuðurinn væri sannfærður um, að ráðin væru gefin af velvild og umhyggju fyrir sjer, og að þau yrðu opt tekin til greina. Jeg sje ekki, að það sje til nokkurs að vera að berjast móti þessari hreyfingu. Mál þetta verður úr þessu sótt fastar og fastar, þangað til það nær fram að ganga.

H. 2. kgk. þm. (H. S.) talaði um, að menn ættu að láta sjer nægja hóflegt frelsi og læra fyrst að nota það réttilega, áður en þeir heimta meira frelsi. Jeg held, að það sje betra að söfnuðirnir fái fullt frelsi heldur en hálffrelsi eða brot úr frelsi, sem gefur að eins ástæðu til óánægju. Jeg held, að það sje að eins hið fullkomna frelsi, sem getur uppalið menn og orðið þeim gagnlegur skóli, en ekki hálf-frelsið, sem við höfum svo mikið af hjer á landi, og engin tilfinning fyrir ábyrgð er samfara; þá fyrst verður líka ábyrgðin fyllilega hjá söfnuðunum, þegar þeir ráða kosningunni til fulls, og þá geta þeir engum um kennt nema sjálfum sjer, ef kosningin mistekst.

Þorkell Bjarnason: Jeg get verið samdóma h. þm. Barðstr. (S. J.) um það, að það sje óeðlilegt, úr því að hjer er ríkiskirkja, að veitingarvaldið skuli þá ekki algjörlega vera í höndum kirkjustjórnarinnar, sem hlýtur að þekkja bezt verðleika þeirra, sem sækja. Hún hefur betri tök á að afla sjer þekkingar á umsækjendum en söfnuðurinn og þekkir betur hverjir eru hæfastir. En svo get jeg ekki verið samdóma honum lengur. Hann sagði, að söfnuðunum hefði verið veitt hluttaka í veitingu brauða til þess að þeir gætu varið sig því að fá ónýta og óhæfa presta. Hafi það verið, þá nægir það frelsi til þess, sem þeir hafa fengið. Það getur enginn búizt við, að þegar fleiri en 3 sækja og þrír eru valdir úr, sem söfnuðurinn á að kjósa um, að þeir þrír sjeu allir ófærir eða óhæfir. Miklu fremur geta menn búizt við, að valdir sjeu úr þeir, sem hæfastir eru og bezt hentir fyrir söfnuðinn. Sækji tveir þá er ólíklegt að báðir sjeu óhæfir og sækji einn, þá á

söfnuðurinn kost á, ef hann álítur umsækjanda óhæfan, að fá leyfi til að nota prestþjónustu nágrannaprests. Jeg get ekki sjeð annað en söfnuðirnir hafi fengið það, sem þeir vildu, með prestkosningarlögunum, nl. að verja sig fyrir óhæfum umsækjendum. Nú þarf naumast að óttast, að veitingarvaldið, þó það væri einrátt, reyndi til að koma óhæfum mönnum inn í embætti; en fyrrum voru ýms brauð svo lítil, að enginn vildi sækja um þau og var þá opt gripið til þeirra óyndisúrræða að senda þangað presta miður hæfa.

H. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að meðan söfnuðirnir hefðu ekki ábyrgðina að fullu þá gætu þeir opt fengið presta, sem þeir væru ekki ánægðir með. Það getur sjálfsagt farið svo, þó að söfnuðirnir fái að kjósa um alla, er um sækja, að mikill hluti safnaðarins verði óánægður með prestinn. Það getur eins komið deila milli safnaðarmanna innbyrðis eins og óánægja með veitingarvaldið, ef þeir, sem báru hærra hlut við kosninguna, verða berir að því að hafa brúkað einhver óleyfileg meðul eða að minnsta kosti á einhvern hátt óviðfeldin. Þetta gæti held jeg sannarlega kveykt megna óánægju í söfnuðinum engu síður en afskipti veitingarvaldsins.

Jeg skal nú taka fram þá galla, sem mjer þykir vera á frv.

Það er þá fyrst og fremst, að jeg get hugsað mjer, að kirkjustjórnin eigi óhægra með, að koma lítthæfum presti frá embætti, ef söfnuðurinn hefði einn komið honum í embætti; það gæti vel verið, að söfnuðurinn vildi þá eigi gefa þær upplýsingar, sem nauðsynlegar væru til þess og þyrftu fram að koma, af því að hann þættist gera sjer sjálfum minnkun með því og vildi því fyrir hvern mun hylja galla prestsins.

Í öðru lagi gæti svo farið, að með því fyrirkomulagi yrðu prestsembætti arfgeng og eins og það gæti verið æskilegt í sumum tilfellum, gæti það verið óæskilegt í öðrum. Við skulum segja, að sonur prests þess, sem frá færi, sækti um brauðið og væri mjög óhæfur til þess. Hafi faðir hans verið vel kynntur í söfnuðinum þá mundi í flestum tilfellum hægt fyrir hann, er hann „resignerar“, að fá söfnuðinn til að kjósa son sinn.

Í þriðja lagi getur kirkjustjórnin ekki komið í veg fyrir, að nýtir og góðir prestar verði að sitja lengi, kannske alla æfi í rýrum embættum en eptir gildandi lögum er þó mögulegleiki að koma þeim á betri eða hægri brauð. Af þessum lögum held jeg hljóti að leiða, að bæta verði eða að minnsta kosti að jafna brauðin hið allra bráðasta. Það væri þá eina ráðið að taka kirknagóssið og skipta því milli prestakallana eptir manntali eða einhverjum öðrum mælikvarða. Mjer þykir ekki gott að ungur maður, sem situr í fátæku brauði, verði að vera neyddur til að sitja þar alla æfi án þess að fá brauðið bætt. Og það er skylda kirkjustjórnarinnar, úr því að hjer er ríkiskirkja, að sjá um, að þeir sem hafa gegnt erfiðu embætti vel og dyggilega, fái síðar betra og hægra embætti, þegar þeir eldast, en það getur hún ekki, ef þetta frv. verður að lögum, — því söfnuðirnir fara ekki eptir því, heldur taka optast þann fyrir prest, sem þeir bezt þekkja t. d. ungan mann, sem alizt hefur upp í söfnuðinum, og það þó þeir eigi kost á margfalt reyndari eldri og ef til vill betri presti hafna þeir honum. Þar sem söfnuðurinn þekkir engan af umsækjendunum, þá tekur hann venjulega þann, sem fyrst kemur til hans, ef hann hefur lipurt og liðugt tungutak, en tekur ef til vill minna tillit til, hvort hann er hæfur í sjálfu sjer. Það er ekki gott fyrir presta, sem eiga langt að, að fara og „agitera“ fyrir sjer í söfnuðunum, sem nú sýnist þó orðið nauðsynlegt, ef menn vilja eiga víst að komast að, annaðhvort að gjöra það sjálfur eða láta einhvern náunga gjöra það fyrir sig.

Þá eru til brauð, sem heita fyrirheitsbrauð. Á þeim eru prestar, sem hafa fengið fyrirheit um betra brauð hjá kirkjustjórninni, t. d. Pjetur í Grímsey. Eins og nú á stendur, er nokkur mögulegleiki fyrir kirkjustjórnina að uppfylla þessi fyrirheit, en ef frv. þetta verður að lögum, verður það ómögulegt fyrir hana að efna þau loforð, sem gefin hafa verið, og er það ísjárvert að gjöra kirkjustjórninni þetta ómögulegt. *(Sigurður Jensson:* Það er ómögulegt nú). Nei, eptir þetta er það ómögulegt, ef frv. þetta verður að lögum, en nú er ekki alls hendis ómöguleiki fyrir því. Það getur komið fyrir, að ef margir sækja, verði fyrirheitsprestarnir fremur teknir á listann, og þá er þó heldur mögulegleiki fyrir því, að þeir fái annað betra brauð.

Þar sem þetta er 1. umr., skal jeg ekki fara fleirum orðum um málið. Jeg hygg, að menn ættu ekki fyrst um sinn, að stíga lengra en búið er, heldur láta söfnuðina fyrst sýna, að þeir hafi lært að nota kosningarrjett sinn, og jeg held, að menn megi láta þá bíða tvisvar 7 ár og jafnvel kannske þrisvar 7 ár, áður en það fyllilega ásannast.

Guðjón Guðlaugsson: Þótt jeg reyndar ekki sje á sama máli og h. 2. kgk. (H. Sv.) og 6. kgk. (Þ. B.), get jeg þó vel sett mig inn í það, sem þeir færðu til síns máls. Jeg get mjög vel litið á málið, frá sjónarmiði kirkjustjórnarinnar og fundið, að það er í ýmsum greinum óviðfelldið fyrir hana, að sleppa frá sjer öllu valdi á veiting brauðanna í hendur safnaðanna, en nú hefur kirkjustjórnin þegar sleppt allmiklu af valdi sínu, með tilliti til veitingar brauða, og að mínu áliti er lítið nema tillátssemi fyrir hana, að sleppa því sem eptir er.

Þegar 2 sækja um brauð verður þessi rjettur hennar að engu, en sækji fleiri, þá kemur fyrst til hennar kasta, þá fyrst kemur fram rjettur hennar til þess að skera úr, hverjir af umsækjendunum eigi að takast til greina, og það er þessi litli rjettur, sem nú kemur til mála að svipta kirkjustjórnina.

En þó er nú fyrir sig, hvað þetta vald er lítið sem kirkjustjórnin nú hefur, viðvíkjandi veitingum brauða, en það er verra frá hennar sjónarmiði, að það er hvorki heilt nje hálft, og optar meira komið undir tilviljan. Það er opt og tíðum tilviljan ein, sem ræður því, hvað margir sækja um sama brauðið. Menn munu nú máske segja, að um smábrauðin sæki vanalega að eins 1 eða 2, og þar fái söfnuðirnir að ráða, en það sjeu stærri brauðin, sem kirkjustjórnin fái ávallt að ráða nokkru um. Væri þetta ávallt tilfellið, væri nokkur ástæða fyrir kirkjustjórnina að vilja halda í það sem eptir er, en nú er mönnum það kunnugt, að opt sækja fáir um þau brauð, sem hingað til hafa verið í góðu áliti, af því að á þeim hvílir árgjald í landssjóð, afborgun af láni, eptirlaun uppgjafaprests eða prestsekkna, einnar eða fleiri o. fl., sem má kallast tilviljan í þessu sambandi, en sem sviptir kirkjustjórnina öllu valdi sínu til veitingarinnar.

Hvað viðvíkur þroska safnaðanna að nota þennan rjett, sem núgildandi lög veita þeim, þá skal jeg fúslega játa það, að margt það hefur komið fyrir á undan kosningum þeim, er hjer ræðir um, sem virðist benda á, að söfnuðina hafi vantað nauðsynlegan og æskilegan þroska til þeirra verka, en slíkt hefur verið að færast í lag, og mun færast í lag með tímanum og reynslunni. Við vitum mjög vel, að megn óánægja hefur þó nokkrum sinnum risið út af því, hvernig kirkjustjórnin hefur beitt valdi sínu, tekið menn inn á skrárnar, sem söfnuðir alls ekki æsktu eptir, en sleppt öðrum, er menn vildu fá.

Jeg ætla ennfremur að leyfa mjer, að minna kirkjustjórnina á það, að leggja ekki allt of mikla áherzlu á það, að halda

mjög fast í þetta vald, sem hún enn hefur, og jeg vil leyfa mjer að minna hana á tímana, sem vjer lifum á, hverjir þeir eru. Vjer verðum að muna eptir, að tíminn sem vjer nú lifum á, er í ýmsum greinum mjög hættulegur fyrir kirkju og kristindóm. Vjer sjáum daglega og það jafnvel á þinginu, að verið er að finna upp ýmislegt nýtt, sem er ekkert annað en fleygur til þess að reka inn í hverja holu, sem hægt er að finna til þess, að glenna og spenna kirkju og kristindóm í sundur, og tvístra hvorttveggju víðsvegar svo að engu verði.

En þessum og þvílíkum fleygum verður hvergi komið að, þar sem sátt og samlyndi ríkir milli prests og safnaðar, en bezta ráðið til þess að halda í þessa sátt og samlyndi er að lofa söfnuðunum sjálfum að velja sjer presta sína óhindrað, og það ætti kirkjustjórnin að vilja vinna til, vinna það til, að sleppa því minna, til þess að geta haldið í það meira, vinna til að sleppa þessum leifum veitingarvaldsins, til þess að geta haldið í kirkju og kristindóm.

Eins og eðlilegt er, getur komið fyrir, að menn verði óánægðir með prest sinn, þó þeir hafi kosið hann sjálfir, en af því að þá hafa þeir ekki öðrum um að kenna en sjálfum sjer, þá má búazt við, að þeir fari skynsamlegar að, en þegar þeir geta kennt veitingarvaldinu um, að þeir ekki beri ómannlega út bresti prestsins, heldur sýni umburðarlyndi við hann og reyni að ráða bót á því, sem miður fer.

Hallgrímur Sveinsson: H. þm. Strand. (G. G.) vildi gefa í skyn, að kirkjustjórnin mundi stundum hafa kosið frá menn, sem hefðu átt að komast að, en jeg held að þetta sje ekki svo, og jeg veit ekki til þess; þvert á móti hefur hún gjört sjer allt far um að haga aðgjörðum sínum, eins og hún áleit rjettast og söfnuðinum til mestra heilla; hún hefur viljað taka allt það til greina, sem taka átti til greina, og því sleppt öllu persónulegu. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) tók fram í ræðu sinni mörg veruleg atriði þessa máls, og kann jeg honum miklar þakkir fyrir, en þó fannst mjer það fremur leiða að því hjá honum. að söfnuðirnir aldrei hefðu átt að fá svo mikið vald, sem þeir nú þegar hafa fengið; en hjer sem annarstaðar á þetta við: Oss mönnunum munar annaðhvort aptur á bak eða þá nokkuð á leið".

Vjer hefðum líklegast haft betra af, að fá ekki þessi lög, og værum eptir minni sannfæringu bezt farnir án þeirra, og að allt væri við hið gamla, hvað snertir veitingu brauða, en nú hafa lög þessi einu sinni, reyndar ekki án mótmæla, komizt gegnum báðar deildir alþ. og fengið staðfestingu konungs, og mun því ekki greitt aðgöngu að fá þau úr gildi numin; vjer verðum því að sitja við það, sem komið er, en eins og jeg hef sagt, og mun betur taka fram, álít jeg allskostar óheppilegt, að fara nú enn þá lengra í sömu átt og menn hafa farið með þeim núgildandi lögum.

Mjer fannst h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) tala um þennan rjett safnaðanna, eins og þeir noti hann á bezta hátt, en við kosningu presta koma svo mörg atriði fyrir, sem alls ekki ættu að koma fyrir. Jeg gæti tilgreint mörg dæmi hjer, án þess að ganga nokkrum ofnærri. Það getur komið fyrir, að ýmisleg atvik hafi áhrif á kosningu sumra manna, sem alls ekki ættu að gjöra það. Jeg vil setja svo, að prestsetrið sé góð jörð og landmikil, en einhverjir nágrannar hafi þörf á slægjum eða beit, og hugsuðu nú á þessa leið: Okkur er hagfelldast að fá þann af sækjendunum, sem hvort sem er þarf ekki á öllum þessum gæðum að halda handa sjálfum sjer, en getur miðlað okkur því, sem við þurfum. Þess vegna er ungi, einhleypi og efnalitli kandídatinn ákjósanlegri heldur en sá prestur, sem vel er kominn undir efni og hefur mikið um sig, og þarf sjálfur að nota alla jörðina.

Slíkar og þvílíkar athuganir ættu alls ekki áð eiga sjer stað hjá mönnum, er þeir kjósa prest sinn. Svo er enn þá eitt. Skyldleiki kemur of mikið til greina í þessum atriðum; frændalið og skyldmenni ganga um og biðja menn og binda atkvæði þeirra með svo felldum orðum: „Jeg vona og treysti því, að þú gjörir það fyrir mig að kjósa þennan".

Mönnum getur víst ekki blandazt hugur um, að veitingarvaldið er ekki notað rjett, þegar þessu líkt er að farið, og þegar þetta getur átt sjer stað undir núgildandi lögum, þá er hætt við að þessi nýja viðbót mundi ekki bæta úr skák.

H. þm. Strandam. (G. G.) talaði um að mönnum stundum þætti sárt, að einhver umsækjandi væri tekinn undan, sem þeir óskuðu eptir að fá; en til þess að sýna að þeirri ósk manna eptir einhverjum vissum ekki ávallt er samfara fullkomin þekking á eða vissa fyrir, að sá hinn sami verði þeim hentugur eða hollur, vil jeg nefna dæmi.

Söfnuður einn, sem misst hafði prest, er vel var látinn, skrifar kirkjustjórn brjef þess efnis, að í söknuði sínum væri það hin bezta raunabót, ef prestsefni eitt, sem til var nefnt, fengi að verða í kjöri. En svo hörmulega tekst samt til, að búið er að velja umsækjendur til kosninga, þegar brjefið berst hingað og hinn umbeðni maður hafði einmitt verið frá kosinn. Söfnuðurinn hlaut því annan mann fyrir prest sinn, og þegar hann kynntist honum leizt sóknarmönnum mætavel á hann, enda var hann, eptir sannfæringu veitingarvaldsins, miklu álitlegri og efnilegri heldur en hinn. Hjer hafði því kirkjustjórnin ráðið betur en söfnuðurinn ætlaði að gjöra, sjálfsagt sökum ónógrar þekkingar á mönnunum.

H. þm. Strandam. (G. G.) bað kirkjustjórnina að muna eptir á hvaða tíma hún væri; en ætti þá ekki aptur á móti við að áminna menn um að líta í kringum sig og sjá, hvernig ástandið væri hjá öðrum þjóðum í þvílíkum efnum. Ef dæmi eru sönn, sem jeg nefndi áðan uppá misjafnlega heppilega notkun kosníngarjettarins, ætti jeg þá að kalla það eða þvílíkt kröfu tímanna. Jeg ímynda mjer, að kirkjustjórnin sje engu síður á sig komin með að taka tillit til þess, sem ber, heldur en söfnuðirnir; þá vantar þá þekkingu á mönnum, sem kirkjustjórnin í flestum tilfellum hefur.

Sami h. þm. (G. G.) áleit heppilegt, að kirkjustjórnin sleppti öllu valdinu, þar sem hún þegar hefði orðið að sleppa nokkru, en jeg er alls ekki þeirrar skoðunar. Kirkjustjórnin þarf að hafa vald til þess, og kost á því að leiðbeina söfnuðunum, velja menn þeim til handa, þegar með þarf, sem ekki svo sjaldan kemur fyrir, og hún er líka fús til þess og vill gjarna gjöra það, en það virðist svo, sem söfnuðirnir ekki sjeu svo fíknir í að þiggja ráð af henni, þar sem þeir stundum hafa lagt kapp á að kjósa þann mann, sem þeir vissu að kirkjustjórninni var á móti skapi að þeir kysu, og það jafnvel komið fyrir, að sagt hefur verið, að söfnuðurinn gjörði slíkt einungis til að erta kirkjustjórnina.

Jeg er fastur á því, að hin núgildandi lög gefi nægilegt tilefni til ótilhlýðilegra æsinga, sem ekki myndu batna við þessa breytingu, sem hjer er farið fram á. Menn vita hvernig það hefur gengið sumstaðar til; óðara en presturinn er fallinn frá fer einhver, sem ætlar að sækja, eða maður fyrir hann, að leita eptir atkvæðum sóknarmanna og reyna að binda þau, áður en þeir vita hverjir muni sækja.

Söfnuðirnir hafa enn þá ekki sýnt nægilegan þroska og því engin orsök til þess að veita þeim meira vald en nú er. Kirkjustjórnin hefur miklu betra tækifæri til þess að kynna sjer presta en söfnuðirnir, en hún getur ekki neytt þessarar þekkingar sinnar, sem hún hefur fram yfir þá, af því þeir ráða svo miklu og eptir

þessu frv. getur kirkjustjórnin ekki einu sinni tekið frá menn, sem alls ekki eru hæfir að þjóna kirkjulegu embætti.

H. þm. Strandam. (G. G.) ljet, að mjer skildist, orð falla um, að menn hafi vantraust á kirkjustjórninni, en jeg hef ekki trú á því að það sje mjög almennt, og það segi jeg hiklaust, að væri svo, væri ekki æskilegt að vera í kirkjustjórn, og er það von mín, að ekki þurfi að gjöra ráð fyrir þessu.

Hvað vilja safnaðanna snertir, þá er hann opt nokkuð á reiki, einn í dag og annar á morgun; menn þekkja til, hvernig gengur á undan kosningum; menn eru ekki á einu máli, einn vill þennan annar hinn, og opt er það tóm tilviljun, sem ræður úrslitum kosninga, atkvæðamunur opt sáralítill. Það hefur komið fyrir, að kirkjustjórn veitti öðrum en söfnuður vildi en hann þakkaði brátt kirkjustjórninni fyrir ráð hennar og svona getur það gengið enn

Jeg held því fastlega fram, að frv. þetta sje með öllu óþarft og mjög ísjárvert og ræð frá því að samþykkja það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að leyfa mjer að gjöra athugasemd við það sem hinn h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði í ræðu sinni, að jeg hefði viljað gefa í skyn, að kirkjustjórnin mundi hafa dregið frá menn, sem hefðu átt að komast að, en jeg held að hjer komi fram æðimikill misskilningur hjá þm. á orðum mínum. Jeg hef aldrei sagt það, að kirkjustjórnin hafi áþreifanlega vikið frá skyldu sinni í þessu efni af persónulegum ástæðum, eða persónulegu vinfengi við þann, er veitinguna hefði hlotið, og vona jeg, að skrifararnir bæði geti og gjöri, að sýna það svart á hvítu, hvort svo hefur verið. Það var nokkuð annað, þótt jeg segði á þá leið, að einstaka söfnuði mundi hafa fundizt eitthvað óviðfeldið við slíkar veitingar af hálfu veitingarvaldsins, og að þessir söfnuðir hefðu þá þótzt finna einhverjar persónulegar ástæður hjá veitingarvaldinu á bak við veitinguna, en þar sem þessar ástæður hafa jafnan verið meira eður minna órökstuddar getgátur, þá hefur mjer aldrei komið til hugar, að staðhæfa það, að slíkt hafi komið fyrir, en jeg ímynda mjer, að hinum h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sje öllu kunnara en mjer, að óánægja hefur þó komið meðal safnaða út úr veitingu brauða; að minnsta kosti gjöri jeg ekki ráð fyrir, að hann sje svo minnislaus að muna ekki eptir Vallanesveitingunni, fyrst ekki er lengra síðan en er, að hún kom til umræðu hjer í deildinni; en það er eins og fyr, að jeg segi alls ekki, að sú óánægja, sem þar á sjer stað, sje á rökum byggð. En kirkjustjórninni má koma það fyrir sama, af hverju óánægjan er sprottin, eða á hve miklum rökum hún er byggð, úr því hún einu sinni kemst inn og söfnuðurinn getur kennt kirkjustjórninni um komu hennar; og þegar óánægja kemst inn hjá söfnuði undir eins við veitinguna, þá þarf vanalega ekki að búast við neinu góðu úr því í trúareða kirkjulegum efnum safnaðarins, þegar hinum lítt kunna presti er undir eins tekið með fæð og ólempni, sem opt mun eiga sjer stað, þegar svona stendur á, og með því vakinn í byrjuninni sá mótþróa, sem hann kann að hafa til.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði á þá leið, að hann mundi helzt óska, að lögin um hluttöku safnaða í veitingu brauða væru úr lögum numin. Vegurinn til þess væri auðvitað sá að fá þingið til þessa verks og setjum nú svo, að það takist; en þá liggur sú spurning næst: Hverjum mundi mestur óhagur í slíku verki?; og því skal jeg verða fyrstur til að svara, að það væri kirkjustjórninni og þá jafnframt þjóðkirkju landsins, það væri banatilræði fyrir hvorutveggja, og því undrar mig, að hinn h. 2. kgk. þm., sem er biskup landsins skuli óska eptir slíku.

Þá gaf hinn h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) það í skyn, að söfnuðunum væri ekki trúandi fyrir þessu valdi, vegna eigingjarnra hvata, sem opt ættu sjer stað meðal safnaðarlimanna t. d., að bændurnir, sem næstir væru prestsetrinu og þyrftu að ná sjer í slægjublett, reyndu að koma í veg fyrir það, að vel efnum búinn prestur kæmist í brauðið, en reyndu þar á móti til að fá óefnilegri mann, sem vænta mætti, að gæti lánað slægjur og beit. Að geta slíks til um söfnuðina almennt verð jeg að álíta getsakir og það jafnvel lúalegar getsakir, eða svo mundi þm. hafa kallað það af mjer, hefði jeg getið slíks til um kirkjustjórnina og auk þess er þetta ekki byggt á miklum líkum, því það munu meiri líkur til þess, að söfnuðirnir á stundum hafi ekki eins fyrir augum og æskilegt væri hið andlega ástand umsækjandans, sem það, að hann verði sveitafjelaginu fremur til uppbyggingar en byrðar. Að menn ekki vilji fá góðan búmann í sveitarfjelagið, til þess eru víst fá dæmi og litlar líkur.

Dæmið, sem hinn h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tilfærir og sem mjer finnst hann vera mest hróðugur af, um það að veitingarvaldið hafi þó sjeð betur fram í veginn í einu tilfelli nýlega, heldur en hlutaðeigandi söfnuður, er víst svo einstakt, að það sannar ekkert, hvað almennt gjörist í þeim efnum enda, ekki til neins að koma með svo einstök dæmi, því það er svo sem við því að búast að söfnuðunnm geti orðið það á, að villast af rjettustu leið í þessu tilliti, en hins sama geta menn einnig búizt við af kirkjustjórninni af þeirri ástæðu, að hún samanstendur eins og söfnuðirnir, af syndugum mönnum, sem einnig geta hent yfirsjónir.

Þá gat hinn h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) þess til, að frændsemi manna í söfnuðinum við einn umsækjandann rjeði og stundum æði miklu í tilliti til kosningarúrslita og skal jeg ekkert taka söfnuðina í forsvar frá því, en jeg leyfi mjer jafnframt, að minna þingmanninn á, að menn hafa líka á stundum haldið, að kirkjustjórnin ætti frændur, sem þyrftu að komast í prestsembætti.

Viðvíkjandi þroskaleysi safnaðanna til þess að nota þetta frelsi, þá verður þess að gæta, að hjer er ekki nægilega tilreynt enn, og svo verð jeg að vera á sama máli og h. þm. Barðstr. (S. J.) Af því frelsið í þessari grein hefir hvorki verið heilt eður hálft, og í mörgum tilfellum hefur hver getað kennt öðrum um, þá hafa menn síður lært að nota sjer þessa rjettarbót, sem veitt er með lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða og eins og það hefur nú verið viðurkennt hjer í þingsalnum, að kirkjustjórnin hafi síður vikið frá skyldu sinni nú í seinni tíð, en átt hafi sjer stundum stað áður, og að þetta eru ávextir langrar reynslu, eins má búast við, að söfnuðunum lærist æ betur og betur við reynsluna, að fara hyggilega að ráði sínu í þessu efni, og það því fremur, sem þeim sjálfum en engum öðrum kemur í koll, ef þeir hafa farið illa með þetta mikilvæga frelsi.

Þótt kirkjustjórniu sleppti nú þessu, sem hún enn heldur eptir af veitingarvaldinu, þá heldur hún þó eptir mikilsverðu valdi fyrir það, því valdi að geta sett alla þá presta af, sem ekki rækja svo skyldu sína í embættisfærslunni, að við sje unandi, og jeg væri líka bezt ásáttur með, að kirkjustjórnin hefði þegar í upphafi vald til að stryka þá menn út sem umsækjendur, sem slíks mætti vænta af, allt að einu þótt umsækjendurnir væru að eins 2 og annar þeirra væri á þennan hátt mjög óliklegur, en nú hefur kirkjustjórnin eins og stendur ekki vald til slíks, ef umsækjendurnir eru að eins 2, nema annar sje með reynslunni búinn að sanna, að hann sje með öllu óhæfur og rækur úr allri kirkjulegri þjónustu. Jeg er því samdóma h. þm. Barðstr. (S. J.) um, að rjett væri að bæta þvílíku ákvæði inn í frumvarpið.

Bendingu þá, er jeg gaf kirkjustjórninni (*Hallgrímur Sveinsson:* Hvaða bending?) um að hún yrði að muna eptir á hvaða tíma við lifðum, má h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) taka, hvernig sem honum þóknast, en jeg verð enn að álíta það heilræði til hinnar íslenzku kirkjustjórnar, en ekki skil jeg, hvernig þingmaðurinn hefur farið að því, að taka þetta sem ráðleggingu til allra kirkjustjórna heimsins, því hún náði þó alls ekki svo langt, enda kemur oss hjer á löggjafarþingi Íslendinga ekki við, að tala um aðrar kirkjustjórnir en vora, og jeg þykist viss um, að enginn annar hjer í deildinni en h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hafi tekið orð mín öðruvísi.

Jeg hef aldrei talað það, að söfnuðirnir bæru almennt lítið traust til kirkjustjórnarinnar; mér hefur aldrei komið til hugar að segja það, en hitt veit jeg fyllilega, að þó menn treysti kirkjustjórninni vel, þá treysta menn þó sjálfum sjer öllu betur, því menn vita það, að hver er þó sjálfum sjer næstur.

Það sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) sagði, að kirkjustjórnin væri að jafnaði kunnug öllum umsækjendunum en söfnuðirnir stundum engum, og gætu því ekki sagt, hvað þeir vildu, þá verð jeg að benda mönnum á ráð, sem lögin sjálf gefa í þessum tilfellum, og það er, að söfnuðurinn getur þá yfirlátið öll ráðin til kirkjustjórnarinnar, sem veit betur, með því að neita ekki kosningarrjettar síns.

Þá sagði h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) á þá leið, að ekki bæri að taka vilja þjóðarinnar fullkomlega til greina, einkum af því, að hann mundi eitt í dag og annað á morgun, en jeg leyfi mjer að mótmæla því að svo sje. Það er alkunnugt, að þessi ósk kom fram á mörgum þingum, áður en þjóðin fjekk þá tilslökun, sem henni er veitt í lögunum um hluttöku safnaða í veitingu brauða frá 8. jan. 1886, og að þá í upphafi var óskað hins sama og nú er farið fram á, enda þótt þjóðin tæki það með þökkum, sem hún fjekk, af því þá var ekki kostur á meiru, en nær því ávallt síðan hafa þó heyrzt raddir um það, hvað þessi rjettarbót var meinguð, og margar óskir komið fram um, að fá þetta sem upphaflega var óskað eptir, og þar á meðal á síðasta þingi var frumvarp til meðferðar samhjóða þessu, sem hjer liggur fyrir, svo jeg held það ástæðulaust, að bregða þjóð vorri um hvikulleik í þessu atriði.

Jeg man svo ekki fleira athugavert við ræður þeirra, sem talað hafa og fjölyrði svo ekki frekar um þetta mál að sinni.

ATKVÆÐAGR. Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um gjaldþrotaskipti (C. 98); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta frv. nú við frh. 1. umr. Nefndin álítur, að það sje mikilsverð rjettarbót boðin með því og að þessvegna sje því rjett, að samþykkja það, enda hefur hún ráðið til þess Þangað til skiptilögin frá 12. apríl 1878 voru útgefin var öll skiptalöggjöf hjá oss í molum. Skiptaráðendur fóru og urðu að fara eptir „praxis“, sem byggð var á dönskum lögum, er all-opt voru hjer ólöggilt. Úr þessu bættu nýnefnd lög 12. apr. 1878 það sem þau ná. Þau innihalda nokkur ákvæði um þrotabúa-meðferð, t. d. um niðurröðun skulda; annars hafa hjer á landi eigi verið nein lög um meðferð þrotabúa. Þessi skiptalög vor 12. apr. 1878, sem sniðin voru eptir dönsku skiptalögunum frá 30. nóv. 1874, hafa fengið mjög gott gengi hjer á landi og almenningi líkað vel við þau; fyrir því hef jeg eigin reynslu. En þó að þau innihjeldu einstök ákvæði með þrotabúa-skipti, eins og jeg hefi minnzt á, vantaði þó í löggjöf vora sjerstaklega ákvæði um 3 atriði. Í fyrsta

lagi um, hvenær og með hverjum skilyrðum skuldheimtumaður getur heimtað bú skuldunauts tekið til skiptameðferðar sem þrotabú, þegar skuldunautur er á lífi, en eptir núgildandi lögum getur skuldheimtumaður eigi komið því til leiðar, að bú skuldunauts verði tekið til skiptameðferðar sem þrotabú, meðan hann er á lífi og gegn vilja hans. Honum má og verða svarað því, að hann skuli lögsækja skuldunaut á venjulegan hátt. Í öðru lagi um, hverjum þvingunarmeðulum megi beita við skuldunaut sjálfan, og í 3. lagi um, hvenær og með hverjum skilyrðum megi ónýta ráðstafanir þær, er skuldunautur hefur gjört yfir fjármunum sínum ákveðnum, skömmum tíma, áður en hann varð gjaldþrota. Úr þessari vöntun í löggjöfinni bætir frv., verði það að lögum. Það er í öllu verulegu sniðið eptir samsvarandi köflum í lögum þeim fyrir Danmörku, sem nú gilda um gjaldþrotaskipti, útgefnum 25. marz 1872, sem mjer er kunnugt um, að voru svo vel undirbúin og svo vel vönduð sem ítrast mátti verða; má því ganga að því vísu, að grundvöllurinn fyrir lagafrv. því, sem hjer er til meðferðar, sje góður. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið á þessu stigi þess. Að eins skal jeg geta þess, að nefndin hefur leyft sjer að koma fram með mjög margar orðabreytingar við frv., sem seinna mun verða rætt um.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fjórtándi fundur, miðvikudag 19. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði (C. 81); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. umræðul. samþ. með 9 atkv., og síðan afgr. til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (C. 96); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. umr.laust samþ. með 9 atkv. og síðan afgr. til Nd.

Frumv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 123, 142); 3. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Samkvæmt bendingum hæstv. landsh. við 2. umr. þessa máls, hefur nefndin komið fram með þessa tillögu til breytingar á þingskj. 142. Nefndinni þótti sjálfsagt að taka þessar bendingar til greina, og henni kom líka saman um, að betur færi, að skilyrði það, sem um ræðir í 7. gr. stafl. b, væri ekki alveg einskorðað, og því væri breytt í 8 mánuði úr 1 ári stjórnarfrv. og áleit nefndin, að það væri nægur tími fyrir þann, sem skipstjóri vildi verða, að hafa verið í förum svo lengi. Nefndin gjörði þessa breyting í sama tilgangi og margar aðrar breyt. sínar, að lögin, er þau yrðu lögleidd, yrðu ekki til þess að stemma stigu fyrir því, að nægir skipstjórar fáist fyrst í stað á þilskip hjer, þar sem þilskipaútvegurinn vex óðum.

Jeg hef svo ekki meira að segja að sinni.

ATKVŒÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar (C. 142) við 7. gr. b. samþ. í e. hlj. Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgr. síðan til Nd.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 92); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Þegar nefnd sú kom saman, sem hjer hefur komið fram með nefndarálit í þessu máli, varð hún þess fljótt vör, að fleiri breytingar en þær, sem stjórnin hefur lagt til, að gjörðar væru við kosningarlögin, mundu koma fram á þessu þingi, og þess vegna áleit nefndin rjettast að taka öll kosningarlögin fyrir til meðferðar, því að allir þeir, sem nota lög, kannast við, að það er

óþægilegt, að hinar ýmislegu breyt. við sömu lög sjeu á ýmsum stöðum, og illt að þurfa að leita að þeim hingað og þangað. Það er betra að afnema hin eldri lög með öllu, og koma öllum breytingunum á einn stað, og gjöra úr því eina heild.

Þess vegna hefur nefndin leyft sjer, að ráða h. deild til að fella stjórnarfrumv. í þeirri mynd, sem það er í; en nefndin er ekki fyrir það ósamdóma ákvæðum þeim, sem í frv. standa, heldur eru þau öll tekin upp úr stjórnarfrv. og inn í þetta síðara frv. — Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. fellt með 6 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 93); 1. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín); Jeg skal eigi að sinni fara langt út í frv. þetta; aðalbreytingu þá, er það gjörir á á hinum núgildandi kosningarlögum munu margir kannast við. Það er óviðurkvæmilegt, að löggjafarvaldið gefi það með annari hendinni, sem það svo að segja tekur aptur með hinni. Að nafninu til mun það vera um 7000 manns, er veittur hefur verið kosningarrjetturinn, en eptir því sem hagar til hjá oss, er svo erfitt fyrir allan þorrann að nota þennan rjett, að reynslan hefur sýnt, að vart meira en þriðjungur kosningarbærra manna hefur haft tækifæri til að neyta hans, þegar kosið hefur verið til alþingis. Jeg get ekki trúað því, að það sje vilji manna, að það ástand haldist, að svona lítill hluti kosningarbærra manna geti ráðið úrslitum á landsmálum og stjórn þess. Þess ber og að gæta, að þyki mönnum þeir agnúar á, að ofmikið sje að hafa kjörstað í hverjum hreppi, þá er sjeð við þessari mótbáru í frv. sjálfu, með því að þar er kveðið svo á, að tveir eða fleiri nábúahreppar geti slegið sjer saman um einn kjörstað. Hjer er því sjeð svo vel fyrir frelsi manna og óskum sem bezt má verða.

Að svo stöddu máli skal jeg ekki fara nú lengra út í einstök ákvæði frv., jeg vona að það verði tækifæri til þess við 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg greiddi hvorki atkv. með nje mót, þá er næsta frumv. á undan á dagskránni var borið undir atkv. og fellt. Jeg greiddi eigi atkv. á móti því, að það væri fellt, af því að ákvæði þess eru tekin upp í þetta frumv., og í öðru lagi eru ákvæði þess frv. svo lítilsvirði, að eiginlega má standa á sama, hverju megin hryggjar það liggur. Jeg greiddi heldur ekki atkv. með því, að það væri fellt, af því að það eru kaflar í þessu frumv., svo sem kaflinn um fjölgun kjörstaðanna, sem spilla því svo mjög, eða eru að mínu áliti svo varhugaverðir, að jeg get ekki gefið því atkv. mitt. Þessi aðferð, að hafa kjörstaði í hverjum hreppi, sundrar og dreifir allri pólitiskri samheldni í kjördæmunum, eykur hreppapólitík, sem er hin versta pólitík þjóðarinnar og henni til vanþrifa og minnkunar. Löggjafarvaldið ætti fremur að reyna að koma í veg fyrir, að slík pólitík ætti sjer stað, en hvetja ekki þjóðina til að halda henni áfram. Jeg get ekki sjeð, hvernig nokkur samheldni er möguleg í pólitiskum efnum, ef kosningar eiga að fara fram í öllum hreppum landsins. Umræðurnar hljóta að verða á sundrungu og ályktanirnar eins að sama skapi. Vjer höfum sjeð dálítið sýnishorn af þessum einveruskap á fundargjörð einni, er liggur frammi á lestrarsalnum, frá Skeggjastaðahreppi, með því að hreppsbúar hafa ekki nennt á þingmálafund með öðrum kjósendum kjördæmisins. Þeir leggja til: „að ljetta tollum á þjóðinni með því, að strjála alþingi“ o. fl. En samt sem áður leggja þeir til, að landssjóður skuli styrkja ýms fyrirtæki, er hafa ákaflega byrði í för með sjer fyrir hann.

Þetta er gott sýnishorn af því, hvernig fer, þegar einn einstakur hreppur tekur sig út úr og gjörir ályktanir. Ef nú t. a. m. svona hreppur ætti einn fyrir sig að kjósa þingmann? Hvernig mundu atkv. hafa fallið? Auðvitað mundi kosinn hafa verið einhver hreppsbúa, er verið hefði á því máli, að alþingi ætti ekki að koma saman nema fimmta hvert ár. Og hugsi maður sjer nú, að þessi hreppur hefði flesta kjósendur af hreppum kjördæmisins, og sinn hreppurinn hefði kosið hvern mann, þá gat þessi hreppur ráðið kosningunni og komið sínum manni að, og inn á þing. Af þessu fyrirkomulagi getur þannig hæglega leitt það, að sá sem kosinn er á þing, hafi ekki nema $^1/_6$, $^1/_8$ eða jafnvel $^1/_{10}$ af þeim atkv. sem greidd eru, og þá því minni hluta allra kjósenda með sjer, og svona lítill partur af kjósendunum getur þannig ráðið kosningunni, og máske afdrifum ýmsra af landsins málum. Jeg get ekki betur sjeð, en að með þessari kosningaraðferð muni þeir menn geta komizt að, er aldrei hafa áður jafnvel látið sjer slíkt í hug koma. Setjum t. a. m. að einhver maður sje í svona hrepp, sem laginn er á að laða menn að sjer með hjálpsemi eða einhverju þess háttar, er fáfróð alþýða metur mikils. Slíkur maður væri sjálfsagður að geta komið sjer að í sínum hreppi. Þetta fyrirkomulag, að hafa kjörstað í hverjum hreppi, er auk þess mjög torsótt og erfitt fyrir þingmannaefnin, ekki fyrir þingmannaefni einstaks hrepps, heldur fyrir þá, er ætla sjer að fá fylgi í fleirum en einum hreppi. Fyrst og fremst verður þingmannsefnið að hafa meðmælanda í hverjum hreppi. Í öðru lagi verður það, að ferðast um til þess að gjöra kjósendum kunnugar skoðanir sínar, og getur þannig orðið torsótt fyrir hin færustu þingmannsefni að komast á þing, en óbilgjörnum mönnum verður öllu hægra fyrir eptir þessu frv. Jeg get heldur ekki álitið, að hreppstjórar og hreppsnefndir sjeu fær um það, að vera í kjörstjórn. Jeg hef verið á svo mörgum hreppafundum og veit, hvernig þar gengur opt til. Og þegar kosningar til hreppsnefnda geta ekki fram farið án stórra formgalla, hvernig halda menn þá að fari, þegar um kosningar til alþingis er að ræða. Vjer skulum setja það dæmi, að tveir sjeu í kjöri í einum hrepp, og annar sje þar mættur, en flest atkvæði fái hinn, sem ekki er viðstaddur. Ætli að þá sje ekki hugsanlegt, að þetta þingmannsefni, sem undir verður, ef það er óbilgjarnt eða miður vandlátt að meðulum, velji ekki vandlega öll meðul til þess að rugla kjörstjórnina, og gjöra kosninguna ólögmæta í þeim tilgangi, að koma sjálfum sjer að.

Orsakirnar til þess, að kjörfundir eru svo illa sóttir, eru ekki eingöngu erfiðleikarnir að sækja á kjörfundarstaðinn, þótt þeir kunni að eiga dálítinn þátt í því. Orsakirnar eru fleiri, og sönnunin fyrir því er glögg í þeim kjördæmum, þar sem ekki er um neina erfiðleika að ræða. Jeg skal benda á Reykjavík; ekki er það erfiðleikunum um að kenna, að þar eru ekki sóttir kjörfundir betur en svo, að einn þriðji hluti kjósenda mætir. Sama er að segja um Vestmannaeyjar. Vegalengdin þar er eigi meiri en svo, eptir því sem skýrt er frá, að nemur 100 föðmum í allar áttir til heimilanna. Á þessum stöðum, og þá að sjálfsögðu víðar, er einhverju öðru en erfiðleikum og vegalengd að kenna um, hve fáir sækja kjörfund. Áhugaleysi mun engu síður vera ástæðan til þess, og sá sjúkdómur læknast varla með lögum eins og þessum. Það þarf fleira og meira til, þar á meðal betri samgöngur og ýmislegt fleira.

Síðasti kafli frumv. er um þingfararkaup. Jeg skal játa það, að jeg er heldur hlynntur því, að þingfararkaupið sje fastákveðið, einkum ef jeg sæi einhvern veg til þess að finna þann rjetta meðalveg, svo að hvorki landssjóður nje þingmenn hefðu halla af, En jeg efast stórum um, að það

heppnist að finna rjettlátlegar tölur; að minnsta kosti eru upphæðir þær, sem settar eru í frumv. þessu víða mjög athugaverðar. Jeg vildi helzt, að þetta frumv. yrði samferða frumv. því, sem næst var á undan. Jeg vil helzt ekki, að gjörðar sjeu aðrar breytingar á kosningarlögunum en þær, að þeim kjördæmum sje skipt í tvennt, sem nú eiga að kjósa 2 þingmenn á þing, og að kjörfundirnir verði hafðir í júní, en ekki í september, því það er hentugra fyrir allflesta landsmenn, en víst ekki óhentugra fyrir neina.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir um frumv. þetta að sinni.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg er þakklátur h. þm. Strand. (G. G.) fyrir ýmislegt, sem hann tók fram í ræðu sinni, en þó einkum fyrir dæmi það, sem hann tók: að fjölmennur hreppur gæti ráðið alveg kosning þingmanna. Jeg hefði ekki getað fundið eins gott dæmi sjálfur. Þessi fjölmenni hreppur gæti eins og nú er ástatt, ráðið kosningu, ef hann væri nálægt kjörstaðnum, en það er ekki því að heilsa, ef kosið er á fleiri stöðum og fleiri hreppar gætu neytt kosningarrjettar síns eins vel og þessi hreppur.

Jeg þóttist finna, að það eins og ávallt hitti hausinn á naglanum, þegar farið var að tala um þingmannaefnin. Það er rjett, að þau þurfa að gjöra meira en þau hafa gjört og vekja áhuga kjósenda fyrir málunum. Þeir þurfa auðvitað að ferðast um allt kjördæmið og halda fundi í hreppunum, og jeg tel það ekki eptir þeim, þó að þeir ef til vill gjöri það sjálfir.

Jeg hef heyrt opt áður talað um hreppapólitík og það hræðir ekki mig. Er það ekki rjett, að hjer á þessari allsherjarsamkomu Íslendinga sameinist og komi fram flestar skoðanir á landinu og renni saman í eina heild? Jeg skil ekki hverja hugmynd menn hafa þá um þing og hvernig fram eigi að koma vilji landsmanna þar. Á þessu þingi eru menn úr flestum hjeruðum landsins, og jeg sje ekki betur, en þar eigi að koma fram misjafnar skoðanir landsmanna og ólíkar.

Frá sjónarmiði h. þm. Strand. (G. G.) getur verið að það hafi verið fásinna — og svo var að heyra á honum — að þessi þingmálafundur á Skeggjastöðum skyldi koma fram með sínar tillögur um landsmál, að strjála alþingi þannig, að það verði ekki haldið nema 5. hvert ár og þar fram eptir götunum. Jeg segi ekki, að jeg sje sömu skoðunar, en að ekki sje rjett, að láta þess háttar skoðanir í ljósi, skil jeg ekki. Það er ætlun hjá flcirum en Íslendingum einum, að því sjaldnar og skemur, sem þing kemur saman, því minna illt gjöri það. Jeg held að sú skoðun sje ekki mjög útbreidd hjer hjá oss, en hún er til, og hefur þá rjett til að koma fram, en þá geta aðrir kæft hana niður. Það er bezt að þingmenn sjeu sannarlegir fulltrúar landsmanna og endurskin af skoðunum þeirra.

Hvað þingfararkaupið snertir, skal jeg ekki fara neinum orðum um það núna, þar sem ekki er leyfilegt að fara út í einstakar greinir frumv.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki fyllilega athugasemdir h. framsögum. (J. A. Hj.) viðvíkjandi dæmi því, er jeg tók til, og því síður skil jeg í, að hann geti tekið þetta dæmi til þess að sanna sinn málstað. Með dæmi mínu vildi jeg sýna fram á, hvernig einn hreppur, ef hann er fjölmennur og allir íbúarnir koma sjer saman um einn mann, getur komið þessum manni sínum inn á þing, þótt enginn hinna hreppanna í kjördæminu sje honum hlynntur eða vilji kosningu hans. Á þennan hátt getur einn hreppur kjördæmisins komið þeim skoðunum inn á þingið, sem engan veginn þurfa að vera í samræmi við skoðanir alls kjördæmisins yfir höfuð að tala. Nokkrir hreppar geta þannig orðið út undan og vilji þeirra að vettugi virtur.

Vitanlega getur það átt sjer stað, að næstu hreppar við kjörstað, geti, eins og kosningum nú er háttað, allopt ráðið miklu, en bæði er það, að einmitt þeir hrepparnir, sem næstir eru kjörstöðunum og því hafa optast bezt tækifærin til, að taka þátt í hinu pólitiska lífi, að þeir hafa vanalega af þessu leiðandi meiri pólitíska þekkingu og eru því betur færir um að velja sér þingmann, en menn úr hreppum, sem vegna hnattstöðu og erfiðleika geta sjaldan sem aldrei fengið tækifæri til að taka þátt í almennum samkomum, og eru því í raun og veru fyrir utan heiminn, og þá mestar líkur til, að hafi ekki þær skoðanir, sem geti vel samrýmst skoðunum skynberandi manna, sem eru innan heims. Í öðru lagi eru miklu minni líkur til, að einn hreppur, þótt næstur sje kjörstaðnum, geti upp á sitt eindæmi ráðið kosningunni eptir gildandi lögum, heldur en ef frumv. þetta yrði að lögum. Setjum nú svo, að næsti hreppur við kjörstaðinn væri fjölmennasti hreppur kjördæmisins og að hann hefði eindregið ákveðið sig til að kjósa sama þingmannsefnið, en sem engir aðrir vildu hafa, og setjum svo, að frambjóðendurnir sjeu margir og að atkvæði hinna hreppanna skiptist milli hinna þingmannaefnanna, en þegar kosningin er úti, fær að vísu þessi vildarmaður nágrannanna flest atkvæði, en þó ekki svo mörg, að nóg sje til þess, að kosning hans sje gild eptir núgildandi lögum, svo kjósa verður upp þá þegar, þá geta hinir allir samlagað sig um eitt þingmannsefni, sem öllum yfir höfuð geðjast bezt að, og með því borið þennan eina hrepp ofurliða, svo hann líður skipbrot á allri sinni hreppapólitík, en eptir frumv. færi þetta allt öðruvísi; þar geta dugað atkvæði eins hrepps, ef hann er fjölmennur, að eins ef þingmannsefnið getur náð sjer í einhverjar meiningarlausar rolur sína úr hverjum hreppi af meiri hluta hreppanna, til þess að skrifa sig sem meðmælendur.

H. framsögum. (J. A. Hj.) hafði ekki mikið að setja út á pólitík Skeggjastaðamanna og sagði, að þeir hefðu leyfi til þess, eins og aðrir, að koma fram með sína meiningu, og er það rjett; þeir höfðu leyfi til að senda þinginu þetta skjal, og með því gjöra skoðanir sínar kunnar sjer til hugfróunar og þingmönnum til fróðleiks, en annað mál er, hvort það hefði verið heppilegt, að þeim hefði gefizt kostur á að taka ráðin af öðrum hreppum.

Ef hver hreppur kysi sinn mann, þá væri öðru máli að gegna, þá væri sjálfsagt, að hver hreppur hefði kjörstað fyrir sig, og þá kæmust skoðanir allra hreppanna inn á þingið í gegnum þingmanninn, en nú er að eins einn fyrir marga hreppa og er því ekki rjett, að nokkur sjerstakur hreppur geti haft töglin og hagldirnar við kosningarnar.

Með því jeg ekki man fleira úr ræðu h. framsögum. (J. A. Hj.), læt jeg hjer með lokið að sinni.

Sigurður Jensson: Jeg stend upp til þess að lýsa gleði minni yfir þessu frv., og óska mikillega eptir, að það nái fram að ganga. Jeg álít, að h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.) eigi lof skilið fyrir, hvað hann hefur barizt óþreytandi fyrir þessu máli, sem hingað til hefur átt svo erfitt uppdráttar. Jeg játa það, að í fyrstu (1887) veitti jeg þessu frumv. lítinn gaum, en seinna hef jeg athugað það, og sjeð, hve það er nauðsynlegt, að gjöra mönnum ljettara fyrir að nota kosningarrjettinn, eða réttara sagt, gjöra þeim mögulegt að nota hann. Í mínu kjördæmi er það fullur helmingur kjósenda, sem ekki getur notað kosningarrjett sinn, vegna þess, hve örðugt er að komast á kjörstaðinn, og ef svo vill til, að ófært er yfir sjó að fara, þá er það eiginlega að eins íbúarnir í einum hreppi, sem geta tekið þátt í kosningunni. Jeg kalla það sama sem ómögulegt að sækja kjörfund, þegar bændur verða að eyða til þess mörgum dögum, því að tím-

inn er peningar, ekki sízt fyrir þá — tíminn og vinnan eru hinir einu peningar, sem þeir hafa sér til lífsframfæris. Jeg játa, að betra væri að ná öllum kjósendum saman á einn stað, ef unnt væri, en þar eð það ekki er hægt, finnst mjer þó heppilegra, að láta kosningu fram fara í hverjum hrepp fyrir sig, heldur en að haga því svo, að fáeinir menn geti ráðið úrslitum á kosningu. Jeg vildi sem þingmannsefni jafnvel heldur falla eptir þessum kosningalögum, heldur en vera kosinn með fáeinum atkvæðum og vita ekki neitt um það, hvort þorri kjósenda hafa nokkurt traust til mín sem þingmanns.

Jeg leyfi mjer því að mæla sterklega fram með þessu frumv., og get ekki sjeð, að nein hreppapólitík þurfi fremur að komast að fyrir það, þótt svona verði hagað kosningum; miklu fremur má tala um hreppapólitík, þegar það er að eins einn hreppur, sem kýs þingm. fyrir alla sýsluna.

Jeg álít reyndar, að nauðsynlegt sje að lagfæra nokkur atriði í frumv. Til dæmis vil jeg benda á, að frumv. talar um, að nágrannahreppar megi slá sjer saman um að kjósa. Jeg vildi helzt, að öll sýslan gæti slegið sjer saman, og haldið einn fund, þar sem svo hagar til, að hægt er að koma saman öllum á einum stað án mikillar fyrirhafnar, eins og t. d. er í Rangárvallasýslu. En þar sem það er ómögulegt, ætti að halda kjörfund í hverjum hreppi. Einnig finnst mjer nokkuð athugavert við það, að kjörtíminn skuli vera ákveðinn í júnímánuði; með því er mörgum gjört ómögulegt að nota kosningarrjett sinn, t. d. þar sem menn stunda fiskiveiðar á þilskipum, því þar eru menn almennt ekki heima þann tíma. Þar sem jeg þekki til mundu mjög margir missa kosningarrjettinn fyrir það, að kjörtíminn yrði í júní, í staðinn fyrir í september, en það er einmitt gagnstætt tilgangi nefndarinnar að svipta nokkurn kosningarrjettinum.

Jeg vil því biðja nefndina að athuga bæði þetta og annað, sem kann að þurfa lagfæringar við, og vanda þessi lög, sem bezt, svo að þau geti nú náð fram að ganga, og vildi jeg mikillega óska, að næstu kosningar til alþingis gætu farið fram eptir þessum lögum.

Guttormur Vigfússon: Af því að jeg var einn í nefnd þeirri, er sett var til þess að athuga frumv. stjórnarinnar, og var samþykkur því, að fella frumv., þá verð jeg að tala nokkur orð um málið og gjöra grein fyrir skoðun minni á því.

Eins og h. framsögum. (J. A. Hj.) tók fram, áleit nefndin rjettast, að fella frumv. stjórnarinnar, ekki af því, að nefndin væri mótfallin þeim breytingum á kosningarlögunum, sem frumv. fór fram á, heldur vegna þess, að nefndinni var kunnugt um, að margir þingmenn höfðu í huga ýmsar fleiri breytingar við lög þessi.

Nefndin tók því það ráð, að draga saman í eitt allar þessar breytingar og endurskoða kosningarlögin í heild sinni, eða með öðrum orðum, að semja nýtt frv. til kosningarlaga, enda er sú aðferð að mínu áliti miklu réttari, heldur en að gjöra ýmsar smábreytingar við lög þessi, sem jafnopt þarf að nota, og hafa þau þannig í smámolum.

Viðvíkjandi fjölgun þeirri á kjörstöðum, sem frumv. fer fram á, vil jeg geta þess, að jeg hafði að vísu hugsað mjer fjölgun kjörstaða nokkuð á annan hátt, en frumv. fer fram á, og að mjer geta alls ekki dulizt ýmsir gallar á hreppakosningum; en þrátt fyrir það get jeg eigi annað en mælt með frumv., þar eð það í aðalatriðunum stefnir í þá átt, sem jeg hafði hugsað mjer, nefnil. að fjölga kjörstöðum í kjördæmunum.

H. þm. Strand. (G. G.) vildi strax drepa frumv., og þykir mjer hann taka þar of djúpt í árinni, því eins og jeg tók fram, er frv. í aðalatriðunum gott og tals-

verð rjettarbót, þótt það fari máske lengra í sumum breytingum, en jeg hafði hugsað mjer, að hollt væri fyrst um sinn.

Mjer finnst ein mikilsverð breyting koma fram í frumv. þessu frá því sem áður var, og það er viðvíkjandi tímanum, sem kjörfundir skuli haldnir á. H. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að sú breyting mundi ekki heppileg við sjávarsíðuna, því þá væru menn almennt ekki heima, en jeg held, að þetta hafi ekki við mikil rök að styðjast. Jeg vil geta þess, að þótt nefndin fengi nú málið aptur til frekari íhugunar, tel jeg sjálfsagt, að hún ekki mundi gjöra frekari breytingar, hvað þetta atriði snertir. Nú eru kosningar lögskipaðar í septembermánuði, og standa þá yfir heyannir. Er þá hinn síðasti tími heyskapar og menn hafa þá opt mjög mikið að gjöra; mönnum þykir sárt að verða að fara frá björginni einmitt seinustu daga heyskaparins, og er þetta opt aðalorsökin til þess, að menn ekki hafa sótt kjörfundina. Septembermánuður er líka opt, einkum norðan og austanlands, mesti óþurkamánuður, opt rigningar og snjóbleytur; dagur er þá farinn að styttast, en næturnar orðnar dimmar og yfir höfuð að tala allt orðið svo illt til ferðalags, að menn verða að setjast að til gistingar á næstu bæjum við kjörstaðinn og komast ekki áleiðis heim til sín fyr en næsta dag eptir kjördag, og er það eingöngu opt nóg ástæða til þess, að menn heldur hlífa sér við að fara á kjörfundina.

Á hinn bóginn eru menn í júnímánuði venjulega búnir að ljúka af öllum helztu vorverkum; nóttin er björt, svo menn geta verið á ferð eins nótt sem dag; þá geta menn tafarlaust haldið heim til sín strax og kjörþingi er lokið, og er það ekki lítilsvert fyrir bændur, sem ekki mega vera nema hinn allra skemmsta tíma frá búum sínum. Þetta gjörir menn fúsari á að sækja fundina, enda er það alkunnugt, að þeir málfundir, sem haldnir eru um þann tíma, eru margfallt betur sóttir en kjörfundir venjulega, þótt áhugi manna á þeim ætti að vera miklu meiri. Þetta ákvæði frv. er að mínu áliti til bóta, og það svo mikilla, að jeg álít þörfina á að fjölga kjörstöðum miklu minni einasta fyrir þetta eina ákvæði.

Hvað viðvíkur föstu þingfararkaupi skal jeg ekki vera langorður en að eins geta þess að nefndin byggði atkvæði sín, um upphæð þingfararkaupsins úr hverju kjördæmi, á einum og sama grundvelli, en mun samt alls ekki gjöra að neinu kappsmáli, þótt tölunum yrði breytt, enda líklegt, að þeim þurfi að breyta hjer og þar. Ennfremur skal jeg benda þeim, sem kann að þykja þingfararkaup það, sem hjer er stungið upp á of lágt, að dagpeningar þingmanna, meðan þeir eru á ferðinni, eru ekki taldir með þingfararkaupinu, enda er sú aðgreining að mínu áliti miklu rjettari og sanngjarnari, bæði gagnvart þingmönnum og landsjóði, heldur en að hafa hvorttveggja í einni upphæð.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg verð að geta þess, að jeg ekki hef haft nægilegan tíma til þess í öllum greinum að bera frv. þetta saman við hin núgildandi lög um þetta efni, en engu að síður finnst mjer, að frv. gangi í rjetta stefnu og að rjettarbót sje mikil að því; jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir það, að hún tók lögin um þetta efni í heild sinni til athugunar en ekki einstakar greinar út af fyrir sig; það var einnig mjög rjett og heppilega hugsað af nefndinni að taka tillit til álits eða meininga þm. bæði hjer úr deildinni og eins úr Nd., er henni voru kunnar, því, eins og eðlilegt er, greiðir það mikið fyrir góðum gangi málsins gengum þingið.

Hvað viðvíkur því að setja kjörstaði í hvern hrepp, eins og frv. fer fram á, þá er þar máske nokkuð langt farið, en hugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir því er í sjálfu sjer alveg rjett, en í einstökum atriðum getur það verið nokkuð viðsjár-

vert, og lögin gera einnig ráð fyrir, að víkja megi frá aðalreglunni; þegar óskir koma frá einstökum hreppum, sem saman liggja, um að mega kjósa í sameiningu og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, má amtmaður gjöra þá að einu kjördæmi.

Þótt þetta frv. nái fram að ganga getum við ekki búizt við, að öll vandræði eða misfellur, sem hafa átt sjer stað undir hinum núgildandi kosningarlögum, falli burt eða hverfi, enda þurfum við ekki að hugsa til að geta nokkurntíma búið til þau lög, að slíkt hverfi. Aðaltilgangur laganna er sá, að sem flestir kjósendur geti látið vilja sinn í ljósi, og þó menn ekki ávallt geti það, þá þarf það alls ekki að vera af slóðaskap, eins og h. þm. Strand. (G. G.) talaði um, því að margt getur orðið til tálmana; satt að segja bjóst jeg varla við að heyra slík orð frá munni hins h. þm.; mig minnir ekki betur, en að sami þm. fyndi að við mig í gær fyrir það, hvað jeg væri vandlætingasamur, og kemur það sjer þá illa að falla á hinu sama dagínn eptir; mjer fannst hann taka sjer nokkuð stór orð í munn, er hann talaði um hreppapólitikina, sem hann valdi mörg hörð orð. Það er að jeg held, ekki mjög fjarri því að vera hálf lúalegar getsakir að tala um meiningarlausar rolur, og að menn ekki sækji kjörfundi vegna leti. Jeg bið menn að athuga að þetta er sagt um háttvirta kjósendur til löggjafarþings þjóðarinnar.

H. þm. talaði um hreppafjelög, sem væru svo út úr heiminum, að skoðanir þeirra gætu ekki samrýmst skoðunum skynberandi manna. Þetta finnst mjer nokkuð djúpt tekið í árinni.

Við samsteypu nefndarinnar á þessu frv. hafa slæðzt inn í nokkrar villur t. d. tilvitnunin í lög frá 14. sept. 1877, sem í þessu frv. getur ekki átt við, þótt hún hafi átt við í frv. stjórnarinnar, þar sem síðasta gr. í frv. nefndarinnar nemur þessi lög úr gildi.

Sömuleiðis vil jeg biðja nefndina að athuga 13. gr. og 17. gr., þar sem rangar tilvitnanir hafa slæðzt inn; það getur vel verið fleira að athuga í þessu frv. en að sinni ætla jeg ekki að fara fleirum orðum um það.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Menn skulu ekki vera lengi hræddir við þetta stóra skjal. Jeg skal benda þeim á, að þeir þurfa ekki að byrja fyr en á 9. gr., því að greinirnar á undan eru alveg þær sömu og í stjórnarfrv. Svo geta þeir lesið lauslega allt til 19. gr.; þá fyrst mega þeir fara að setja upp gleraugu og verður það þó ekki neitt voðalegt til lesturs. — Jeg er þakklátur þeim, sem hafa talað í málinu og mun nefndin taka þakklátlega öllum góðum bendingum, svo að frv. verði lagað og sem bezt úr garði gjört.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, (C. 101, 125); 3. umr.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Þar sem þetta litla frv. hefur gengið svo greiðlega gegnum h. þingd. og viðaukatill. frá okkur 3. þm. gjörir enga breyting á frv. aðra en þá að taka nákvæmar fram það atriði, hvenær lögin eigi að öðlast gildi, þá hef jeg ekkert um frv. að tala, en óska, að það megi njóta sömu hylli deildarinnar við þessa síðustu umr. þess og áður.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 125) við frv. samþ. í e. hlj.

Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og síðan afgreitt til Nd.

Fimmtándi fundur, fimmtudag 20. júlí.

Allir á fundi.

Frv. til laga um eptirlaun (C. 108, 153, 159); 2. umr.

Landshöfðingi: Það mun hafa verið tekið fram við 1. umr. þessa máls af framsögum., að það væri almenn óánægja meðal alþýðu yfir því, hve eptirlaunabyrði sú, sem á landsjóði hvíldi, væri mikil. Jeg skal ekki neita því, að svo hefur atvikazt síðustu árin, að eptirlaunabyrðin er tiltölulega mikil. Af þessári óánægju hefur sprottið, að komið hafa fram á hinum 3 síðustu þingum frv. um breyting á hinum gildandi lögum um eptirlaun. Það er meining manna, að það sje beinlínis að kenna hinum núgildandi lögum um eptirlaun, hve eptirlaunabyrðin nú sje há og eptir þeirri reglu að teppa skuli á að upptökum, hefur mönnum þótt ráðin bót á þessu með því að breyta eptirlaunalögunum, því að þá gjöra menn sjer vissa von um, að eptirlaunaupphæðin muni fara niður.

En jeg er ekki fullkomlega á því, að svo muni reynast. Ef það væri eptirlaunalögunum frá 31. maí 1855 að kenna, hve eptirlaunabyrðin nú er há, þá yrðu menn að geta sýnt, að eptirlaun hafi hækkað mjög mikið við það, að þau lög komu í gildi. Menn geta sjeð, hvernig var áður en tilsk. 31. maí 1855 kom í gildi; þá voru eptirlaunin, er goldin voru úr ríkissjóði til íslenzkra embættismanna og ekkna þeirra allt að 14—15000 kr. árlega. Ef maður fer svo niður eptir og tekur eptirlaunaupphæðina kringum 1870, þegar lögin eru búin að vera um 15 ár í gildi og afleiðingarnar af þeim komnar í ljós, þá hafa eptirlaunin að vísu hækkað, en þó ekki meira en svo, að upphæðin er um 20000 kr. nokkru fyrir 1875, þegar alþingi fjekk hlutdeild í fjárforræðinu. En þegar svo kemur fram um 1890 kemst upphæðin upp í 46—47000 kr. og hefur þannig tvöfaldazt á 15 ára tímabilinu frá 1875. En er það þessum lögum að kenna? Jeg held að það sje ekki hægt að staðhæfa það, því að það má sýna fram á mörg önnur atvik, sem hafa valdið því, að eptirlaunabyrðin hefur aukizt svo mjög á árunum frá 1870 til 1890.

Það er þá fyrst það, sem mönnum mun kunnugt, að það eru flokkar manna, sem á þessu tímabili hafa fengið rjett til eptirlauna úr landsjóði, en sem höfðu ekki þann rjett áður, fyrst prestar með eptirlaunalögunum frá 27. febr. 1880, svo prestsekkjur með lögum frá 3. október 1884. Þessi eptirlaun presta úr landsjóði nema nú rúmum 5000 kr. og eptirlaun til prestsekkna um 4000 kr. Þetta verður þá til samans nær 10000 kr., sem bæzt hefur við með nýjum eptirlaunalögum.

Ennfremur skal jeg geta þess, að tilraunir þær, sem gjörðar eru í þessu frv. til að færa niður eptirlaunaupphæðina, ná ekki til ekkna embættismanna eða barna þeirra. Eptirlaun til embættismannaekkna og barna þeirra hafa eptir síðasta landsreikningi numið um 10000 kr. Þarna eru þá komnar 20 þúsundir, sem þessi lög að minnsta kosti hreyfa ekki við. Einnig eru það nokkrir embættismenn, sem heyra ekki undir þessi eptirlaunalög t. a. m. dómarar, þegar þeir eru leystir frá embætti fyrir elli sakir. Það er þannig takmarkað svið, sem ákvæði frv. þessa ná yfir og því eðlilegt, þó það reynist svo, að þau hafi ekki eins mikil áhrif og menn gjöra sjer von um.

H. framsögum. (S. St.) gat þess við 1. umr. þessa máls, að lögin um eptirlaunin frá 31. maí 1855 væru sniðin eptir dönskum eptirlaunalögum og áleit ekki rjett, að lög okkar um það efni færu eptir lögum, sem gildu í Danmörku, þar sem við værum svo miklu fátækari þjóð en Danir. En jeg verð að gjöra við það þá aths., að í tilsk. frá 1855 eru eptirlaunin ekki ákveðin með neinum vissum upphæðum, heldur eptir hlutfalli við launin.

Ef Danir — og jeg ber ekki á móti því — eru betur efnum búnir en vjer svo að þeir geti lagt meira fje til embættis-

manna en vjer, þá á það að koma fram og kemur fram í launununum. En á hinn bóginn verður því ekki mótmælt, að þó að við sjeum fátækari en Danir, þá leiðir alls ekki þar af að embættismenn hjá okkur eigi ekki siðferðislegt tilkall til að halda tiltölulegum hluta af launum sínum, þegar þeir vegna elli eða lasleika geta ekki gegnt þeim lengur, eptir sama hlutfalli og embættismenn í Danmörku. Og jeg get ekki sjeð annað, en að sje það sanngjarnt í Danmörku, að embættismenn fái sem eptirlaun í mesta lagi $^2/_3$ hluta launa sinna, þá sje það eins sanngjarnt, að embættismenn hjer fái það einnig, sjerstaklega vegna þess, að laun allra æðri embættismanna eru lægri hjá okkur en í Danmörku.

Fyrsta stigið, sem stigið var til að koma því til leiðar, að eptirlaunabyrðin minnkaði var gjört með þeim lögum, sem samin voru fyrir nokkrum árum um lækkun á launum hinna æztu embættismanna, þó að með sömu lögum væri stigið fet í gagnstæða átt, með því að hækka laun sumra hinna lægri embættismanna og gjöra þau hærri en samsvarandi laun í Danmörku.

Jeg sje því ekki neina sjerstaka ástæðu til að breyta eptirlaunalögunum fyrir þá sök, að eptirlaunabyrðin nú sem stendur sje í mesta lagi. Jeg skal ekki fullyrða, en jeg er hræddur um, að sumir þeir, sem klifa mest á niðurfærslu eptirlaunanna kunni að ímynda sjer, að þegar búið sje að samþykkja lög um lækkun þeirra, þá sjái þess strax stað í landsreikningnum. En jeg hygg, að það sje h. nefnd og öllum þeim ljóst, sem íhuga málið, að þar sem slík lög ekki geta náð til neins þess manns, sem nú er í embætti, þá megi ekki búast við, að þau hafi nokkra þýðingu í reikningslegu tilliti fyr en eptir 20—30 ár; þangað til verður eptirlaunaupphæðin lík og hingað til.

Það var tekið fram af h. framsögum. (S. St.) viðvíkjandi þeirri breyting á eptirlaunalögunum, sem hjer er farið fram á, að eptir henni fái þeir, sem hafa lág laun og neyðast til að fá lausn eptir skammman tíma, fullt eins mikil eptirlaun og eptir núgildandi lögum; breytingin væri sjerstaklega sú, að hinir hálaunuðu fengju minni eptirlaun, þó að þeir væru í embættinu langan tíma, og ástæðan til þess, var tekin fram sú, að það væri minni vorkunn fyrir þá, þó að þeir fengju lægri eptirlaun, því að þeir gætu fremur hugsað fyrir elli sinni, og lagt eitthvað til hliðar af launum sínum.

Þetta hefði vel mátt segja fyrir þremur, fjórum árum, en þegar búið er að færa niður talsvert laun allra hinna hæst launuðu embættismanna, þá efast jeg um, að búast megi við, að þeir geti lagt mikið til hliðar af þessum launum. Jeg skal taka til dæmis justitiarius í landsyfirdóminum, sem hefur eptir núgildandi lögum 4,800 kr. í laun. Jeg efast um, að nokkrum blandist hugur um, að hann vildi heldur kjósa sýslumannsembætti í Árness- eða Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hvað tekjurnar snertir, því þó að laun þessara embætta sjeu ekki nema 3,500 kr., þá eru þeim samfara tekjur af tollheimtu, dagpeningar og endurgjald ferðakostnaðar í opinberum málum og einkamálum, og opt gott bú, sem allt samanlagt getur gefið miklu meiri afrakstur en 4800 kr. Jeg get ekki ímyndað mjer, að maður, sem er í hárri stöðu hjer í Reykjavík, geti lagt mikið fje til hliðar, þó að hann hafi 4,800 kr.

Jeg verð, eptir því sem jeg hef tekið fram, að álíta, að ekki beri brýna nauðsyn til breytinga á eptirlaunalögunum, sumpart af því, að það hlutfall, sem í þeim er lagt til grundvallar, milli launa og eptirlauna, er að minni hyggju sanngjarnt, og sumpart vegna þess, að breytinganna mun ekki gæta fyr en eptir mjög langan tíma. Í annan stað verður að hafa það hugfast, að þó ekki sje breytt nú, hlýtur eptirlaunabyrðin að fara minnkandi smátt

og smátt, vegna þess, hve hæstu launin hafa verið lækkuð. Og loks má geta þess, að það er sjerstakleg óheppni, ef jeg má svo að orði kveða, sem hefur valdið því, að eptirlaunabyrðin varð svo þung um 1890, þar sem svo hefur hitzt á, að svo margir af þeim embættismönnum, sem höfðu notið hæstu launa, hafa verið á sama tíma á eptirlaunum, og einn þeirra jafnvel á fullum launum.

Eins og sjá má á fjárlagafrv. því, sem lagt er fyrir þingið, er eptirlaunaþunginn að smáfærast niður, og hann hlýtur að að fara síminnkandi, að því er til embættismanna og ekkna þeirra kemur, eptir því sem launalækkunin kemur til framkvæmdar.

Það ber því að minni hyggju enga brýna ástæðu til að gjöra breyting á þeim lögum, sem gilda um þetta efni; það er óhætt að láta þau standa óhögguð, því að það má ganga að því vísu, að eptirlaunaþunginn minnkar smátt og smátt af sjálfu sjer.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra grein fyrir breytingum þeim, sem jeg hef leyft mjer að stinga upp á.

Hæstv. landsh. hefur þegar tekið fram, mörg atriði, sem hafa stórvægilega þýðingu í þessu máli, og leitt sannfærandi rök fyrir því, að ekki er eins mikil þörf á að breyta eptirlaunalögunum og menn ætla, og í öðru lagi leitt athygli að því, að breytingin mundi eigi koma í ljós, fyr en eptir æðilangan tíma. Engu síður býst jeg við, að ekki munu allir láta sannfærast um það að sinni, og þess vegna ætla jeg að leyfa mjer að taka fram, hvað jeg hef hugsað mjer með breyt.till. þeirri, sem jeg hef komið fram með.

Aðalbreytingin er í stafl. 1 á breyt. till. við 2. gr. Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, gjöri jeg þá tillögu, að hinn fasti stofn eptirlaunanna standi óhaggaður, en sting upp á, að ekki sje, eins og í tillögum nefndarinnar og í frv., ákveðin ein föst upphæð fyrir hvert þjónustuár, jöfn fyrir há laun sem lág, heldur sje sú upphæð ákveðin í rjettu hlutfalli við embættislaunin, og þá $1^0/_0$ af embættislaunaupphæðinni fyrir hvert ár, sem embættismaðurinn hefur þjónað embætti með eptirlaunarjettí. Til þess samt að mæta nefndinni á miðri leið, og fara ekki lengra en hún gæti fylgt með, þá er þó ekki talað um lengri þjónustutíma en 35 ár. Þó að embættismaður þjóni í 50 ár, þá fær hann enga viðbót fyrir þau ár, sem eru umfram þau 35.

Til þess að sýna, að þetta er veruleg tilslökun, sem er gjörð hjer, skal jeg geta þess, að á frv. því, sem lá fyrir á síðasta þingi 1891, var gjört ráð fyrir, að þjónustuár væru talin 42, en gjaldið var að vísu lægra, $^1/_2{}^0/_0$; en þá var líka gjört ráð fyrir ellistyrk til viðbótar eptirlaununum. Það var mín skoðun, að ef tekin væri $^1/_2{}^0/_0$ af embættislaunaupphæðinni, þá gæti það engan veginn nægt til þess, að gjöra eptirlaunin sómasamleg eða viðunanleg.

Jeg skal ekki taka fram aptur þann samanburð, sem jeg gjörði við 1. umr. á því, hver eptirlaunin verða eptir núgildandi lögum, eptir frv. nefndarinnar og eptir minni tillögu. En jeg skal geta þess, að ef tekin eru 5000 kr. laun, sem eru þau hæstu eptir núgildandi lögum, þá verða eptirlaunin, sem sá maður fær, er hefur þjónað með þeim launum í 35 ár, eptir nefndarinnar frv. 1950 kr., minna en $^1/_2$ af launununum og meira en $^1/_3$, en eptir minni tillögu verða 3000 kr. þau hæstu eptirlaun, sem nokkur getur fengið. Ef menn hafa það jafnframt hugfast, að formaður minn í embættinu naut 5000 kr. eptirlauna, þá sjá menn, að það er æðimikið millibil milli 5000 kr. og hinna hæstu, sem fyrir geta komið eptir minni tillögu, 3000 kr. Eptir þeim núgildandi lögum eru þau hæstu eptirlaun 3400 kr.,

svo að jeg vona, að því verði ekki neitað, að jeg hafi reynt að fara milliveg til samkomulags með breyt.till. minni.

Viðvíkjandi hinum öðrum uppástungum, sem jeg hef leyft mjer að koma fram með, skal jeg ekki orðlengja mjög. Það eru mest orðabreytingar, sem jeg hef álitið að færi betur á.

Stafl. 3 á breyt.till., er ef til vill dálítið meira en orðabreyting, að í staðinn fyrir: „hinn tiltölulega hluta eptirlaunanna“ komi: „eptirlaunin“. Mjer virtist hjer eigi rjett komizt að orði, því hjer er ekki talað um tiltölulegan hluta eptirlaunanna, heldur eptirlaunin öll, og þótti því rjettara að stæði að eins: „eptirlaunin“.

Það hefur verið tekið fram, viðvíkjandi eptirlaununum, að allir aðrir embættismenn hefðu hærri eptirlaun en prestarnir og eptirlaun þeirra hafa verið notuð fyrir mælikvarða, og af því verið leitt, hve sanngjarnt væri að lækka eptirlaun annara embættismanna. Jeg hef ekki minnzt á eptirlaun presta, en hver maður verður að játa, að einar 10 kr. fyrir hvert þjónustuár, sem þeir hafa stundað embætti sitt, og stundað það vel og rækilega, er hörmulega lítið. En það kemur ekki af því, að menn kannist ekki við, að þau sjeu of lítil. En af því að þeir geta opt einnig stundað búskap, jafnvel eptir að þeir hafa sleppt brauði, hafa þeir getað komizt bærilega af, einkum hafi þeir verið einhleypir, og haft nokkur efni sjálfir. En það er auðsætt, að ef þeir ættu að lifa í kaupstað með þeim eptirlaunum, sem þeir nú hafa, og hafa ekki neitt í aðra hönd, þá nægja eptirlaunin ekki nema ef til vill alveg einhleypum mönnum. Um það, sem prestsekkjur hafa, má það sama segja, að það er hörmulega lítið. En aðalatriðið, sem veldur því, að eptirlaun presta eru svo lág, er það, að vegna þess að flokkur þeirra er svo fjölmennur, mundi það verða æðiþung byrði á landssjóð, ef þeim væri veitt eptirlaun í hlutfalli við aðra embættismenn, svo sem menn annars viðurkenna, að þeir hafa þörf fyrir að fá. Jeg hef ekki viljað minnast á laun þessi, af því að jeg hef ekki getað búizt við, að nein von væri nú sem stendur, til að fá þau bætt, og þá eigi heldur viljað að menn beittu þeim ofmikið sem ástæðu fyrir niðurfærslu á eptirlaunum hinna annara embættismanna.

Það er ekki meining mín, að vilja spilla fyrir prestsekkjunum, en jeg hygg, að eins og 7. gr. frv. er orðuð, geti það náð til þeirra, sem þar stendur: „Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði o. s. frv.“. Enginn neitar, að prestsekkjur eru ekkjur eptir embættismenn, sem hafa eptirlaunarjett, og geta því heyrt undir þessa grein, en af því að jeg þykist vita, að það hafi ekki verið tilgangur nefndarinnar, þá vildi jeg skjóta því til hennar, hvort ekki væri rjett að koma með viðbót við greinina t. a. m. 'þessi ákvæði ná ekki til prestsekkna', svo að byggt verði fyrir allan misskilning.

Breyt.till. á þingskj. 159, frá 2 h. þm. fer fram á, að færa $^1/_4$ af hinum fasta stofni niður í $^1/_5$. Þeir vilja taka aptur þá rýmkun, sem nefndin fann ástæðu til að gjöra frá því á síðasta þingi. Jeg álít óheppilegt, að þessi breyt.till. hefur komið fram, og efast ekki um, að miklu betra sje til samkomulags, að $^1/_4$ fái að standa, heldur en ef $^1/_5$ yrði settur í staðinn.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Nefndinni þótti gott að fá að heyra álit hæstv. landsh. um þetta frv., þar sem það er líka nýmæli. Athugas. hans voru mest almenns efnis, en fóru ekki inn á nein einstök ákvæði frv. Hann tók það fram, að það hefði verið óánægja undanfarin ár yfir því, hvað eptirlaunaupphæðin væri há, og kvað, að hún mundi eiga rót sína

í því, að hún hefði hækkað af sjerstökum ástæðum, en leiddi ekki af eptirlaunalögunum beinlínis. Almenningur þekkir auðvitað ekki svo vel þessar ástæður, og þess vegna mun óánægjan ef til vill hafa verið meiri en hún hefði átt að vera. Hann talaði um, að nefndin hefði valið sjer nokkuð takmarkað svið, en hún hugði, að það mundi verða fremur til bóta, og vildi ekki hreyfa við prestsekkjum eða uppgjafaprestum.

Hæstv. landsh. tók fram, að tilsk. 31. maí 1855 væri að vísu sniðin eptir lögum, sem gilda í Danmörku, en ekki vær í þeim tiltekin nein viss talnaupphæð, heldur viss upphæð af launum. En nefndin áleit að það væri of hátt, og að við værum ekki færir um, að launa embættismönnum okkar eins hátt og Danir, og gefa þeim t. d. helming launa í eptirlaun eptir 10 ára þjónustu.

Það má annars þrátta um það fram og aptur, hvað sjeu hæfileg eptirlaun, úr því að þau eru ekki afnumin með öllu, sem jeg held ekki fram að sje rjett. Jeg hygg, að taka verði tillit til efnahags þjóðarinnar, og sníða sjer eptir honum stakk eptir vexti, og þar sem við værum fátækir, gætum við ekki goldið eins há laun og ríkari þjóðirnar. Embættismennirnir hjá okkur mega ekki gjöra eins miklar kröfur og hjá auðugu þjóðunum. Jeg held það sje ekki hægt að segja annað, en við launum embættismönnum vorum eins vel, og enda betur en þær þjóðir, sem auðugri eru.

Hæstv. landsh. sagði, að eptirlaunaupphæðin myndi minnka, og er það rjett athugað, en frá mínu og nefndarinnar sjónarmiði er ekki komið svo mikið undir því, hvort upphæðin er mikil eða lítil, heldur hvort eptirlaunin sjálf eru há eða lág. Þó að upphæðin væri ekki hærri en 10,000 kr., þá væri eins mikil ástæða til að breyta eptirlaunum, eins og þó hún væri 70—80,000 kr., ef mönnum á annað borð kemur saman um, að eptirlaunin sjeu of há í hinum einstöku tilfellum. Jeg álít að embættismenn verði að finna sig í því, þó að eptirlaunin sjeu ekki eins há og hjá öðrum ríkari þjóðum og verði að sníða sjer stakk eptir vexti og haga lífnaðarháttum sínum eptir því fje, sem þjóðin getur veitt þeim.

Hæstv. landshöfðingi tók fram, að sjer sýndist engin nauðsyn á breytingu á þessum lögum, en jeg get ekki verið á því máli; jeg er sannfærður um, að eptirlaun eru of há í mörgum tilfellum. En hitt er það, að það er vandi að finna það rjetta og ákveða, hvað hæfilegt sje, að þau sjeu færð niður.

Auðvitað kemur ekki verkun laganna í ljós fyr en eptir langan tíma og svo hlýtur það jafnan að verða, hvenær sem breytt er, að verkunin kemur ekki í ljós fyr en hálfum eða heilum mannsaldri eptir að lögin koma í gildi, og þess vegna er engin ástæða til að fresta breytingunni, ef hún á annað borð er nauðsynleg.

Hæstv. landsh. tók fram, að laun embættismanna hjer væru lægri en laun embættismanna í Danmörku, og þess vegna finnst mjer líka sjálfsagt, að eptirlaunin verði lægri

Þetta var það helzta, er hæstv. landsh. minntist á og skal jeg svo snúa mjer að breyt.till., sem fram hefur komið frá h. 2. kgk. þm. (H. Sv.). Nefndin virðir viðleitni þá, sem þar kemur fram til að mæta henni á miðri leið, í alla staði, en hefur ekki sjeð sjer fært að ganga inn á tillögu hans, en verður að halda því föstu, að eptirlaunaupphæðin sje ekki svo lág eptir frv. nefndarinnar, að ekki sje viðunandi.

Eptir breyt.till. hans verður ekki mikill mismunur á eptirlaunum hinna lægri embættismanna og eptir frv. nefndarinnar, en úr því að kemur yfir 2000 kr. upp í 3000, þá fer að verða mikill munur. Eptirlaun geta eptir hans uppástungu komizt allt upp í 3000 kr. Sje 3000 kr. hæfileg

eptirlaun fyrir embættismann, sem er hættur að þjóna embætti, þá væri 3000 kr. embættislaun sannarlega allt of lág. Auðvitað sleppa menn ekki embætti fyr en á elliárum; þá er kostnaði af börnum og uppeldi þeirra optast lokið, og í mörgum tilfellum þarf embættismaður þá að eins að sjá fyrir sjálfum sjer einum. Það er öll von, að mönnum þyki það óviðkunnanlegt að sjá uppgjafa-embættismenn hafa svo mikil eptirlaun, að þeir leggja upp fje á elliárum. Það er auðsætt, að embættismaður sem hefur 3000 kr. eða meira í eptirlaun og þarf litlu til að kosta, getur árlega lagt upp töluvert fje en það á þó ekki að vera tilgangur eptirlaunalagganna, að uppgjafaembættismenn geti safnað fje handa erfingjum sínum síðustu æfiárin, heldur að þeir geti lifað sómasamlegu lífi.

H. 2. kgk. (H. Sv.) vill miða við annað en nefndin, og vill leggja helzt launaupphæðina til grundvallar, en nefndin verður að halda því föstu, að rjettara sje að miða við þjónustuárin en launaupphæðina og jeg skal taka aptur fram, að meiri líkindi eru til, að þeir, sem hafa góð laun geti fremur lagt upp, meðan þeir eru í embættum.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) nefndi eptirlaun presta. Jeg er samdóma honum um það, að þau eru ekki samanberandi. Þau eru svo óheyrilega lág, að ef ætti að sníða eptirlaun annara embættismanna eptir þeim, þá væri það harla ósanngjarnt. En þá langar mig að spyrja, hversvegna þau eru svo lág. Það er ekki af því, að þingið eða löggjafarvaldið viðurkenni ekki, að þeir ættu að fá hærri eptirlaun, heldur kemur það til af því, að efnahagur þjóðarinnar leyfir ekki að ákveða þau hærri. Og þegar efnahagur þjóðarinnar ræður svo miklu í þessu tilfelli, þá ætti hann líka að ráða miklu, þegar ákveða á eptirlaun annara embættismanna.

Aths. h. 2. kgk. (H. Sv.) við 7. gr. er á rökum byggð, þó að ekki sje gjörð breyting á öðru en sagt er í 11. gr. Þessi lög eru að eins fyrir þá, sem fengið hafa konungsveitingu fyrir embætti og fá laun úr landssjóði, en þar sem það má segja líka um suma presta, þá er jeg þakklátur honum fyrir bendinguna og mun nefndin taka hana til greina.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 159 skal jeg ekki fjölyrða, en jeg tók það fram við 1. umr., að nefndinni hefði þótt rjett að færa föstu upphæðina upp, og getur hún því ekki gengið að því, að þessu ákvæði sje breytt aptur og verður að álíta, að fasta upphæðin sje ekki of há.

Jeg skal geta þess að endingu, þó að það ef til vill hafi ekki mikla þýðing, að á þingi 1883 var frv. um lækkun á eptirlaunum samþykkt í efri deild og fór það þó lengra en þetta frv. Eptir því fjekk embættismaður með 5000 kr. launum eptir 35 ára embættisþjónustu um 1400 kr. í eptirlaun, en hjer eptir þessu frv. verða sömu eptirlaun allt að 2000 kr. Jeg vona að menn sjái, að sú upphæð er svo sómasamleg, að hún nægir fyrir embættismann, þegar kraptar hans eru þrotnir og að það sje sómasamleg viðurkenning fyrir starfa hans.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli h. framsögum. (S. St.) á því, að eptir því sem 2. gr. frv. þessa er orðuð, getur afleiðing hennar orðið allt önnur en h. nefnd hefur víst ætlazt til, þar sem sagt er: „og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embættinu með eptirlauna-rjetti“. Það er þó víst ekki meining nefndarinnar, að það sjeu að eins þjónustuár í hinu síðasta embætti, er embættismaðurinn hefur haft, er hann á að fá 20 kr. í eptirlaun fyrir? (*Sigurður Stefánsson:* Nei).

Jeg minntist á það áðan, að óánægja sú, sem mælt er, að nú eigi sjer stað, og

sem víst á sjer stað út af þeirri miklu eptirlaunabyrði, sem nú hvílir á landssjóði, mundi ekki hverfa, þótt þetta frv. næði fram að ganga og yrði staðfest, þar sem verkanir þess mundu ekki sjást fyr en eptir svo og svo langan tíma, þá vakti það fyrir mjer, að jeg óttast fyrir, að þegar menn, þrátt fyrir lög um niðurfærslu á eptirlaununum, sæu enga breytingu á eptirlauna-upphæðinni í fjárlögunum og reikningum landssjóðs, mundi sama óánægjan koma upp á ný, og þingmenn verða neyddir til, að koma fram með ný og ný frv. um nýja lækkun. Jeg hygg því, að það muni vera skammgóður vermir fyrir þingið að samþ. svona lagað frv. nú, því að eptir sem áður muni koma frv. fram á hverju þingi um sama efni. Ef menn kenna núgildandi eptirlaunalögum um eptirlaunabyrðina, og eptirlaunabyrðin minnkar ekki þrátt fyrir það, þótt þetta frv. verði að lögum, er ógn líklegt, að óánægjan minnki ekki, heldur haldi áfram, og menn heimti ný og ný breytingalög. Ef jeg gæti treyst mjer til að mæta h. nefnd á miðri leið í þessu máli, þá vildi jeg helzt skírskota til frv. þess, er samþ. var hjer í þessari þd. á síðasta þingi um breyt. á tilskipuninni 1855. Í því frv. var gengið hið ýtrasta í lækkun eptirlaunanna, er jeg get álitið tiltækilegt að ganga. Þar var ákveðið, að eptirlaunin skyldu aldrei geta orðið meiri en helmingur launanna, en svo hlutfallslega minni eptir því sem embættisárin hefðu verið færri. Þetta er hið ýtrasta, sem jeg get hugsað mjer að tiltækilegt sje að fara fram á. Eptir því fyrirkomulagi yrðu eptirlaunin nokkuð lægri heldur en eptir uppást. h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) en dálítið hærri en eptir frv. nefndarinnar. Eptir uppást. h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) verða hæstu eptirlaun fyrir þann mann, er hefur 5000 kr. embætti 3000 kr., eptir frv. frá síðasta þingi 2500 kr., og eptir frv. þessu um 2000 kr. Þetta frv. frá 1891 er þannig mitt á milli beggja og það fer líka í rjetta átt að því leyti, að það er almennt víða, að eptirlaun yfir höfuð sje helmingur af launum. Jeg álít því, að ekki sje tiltækilegt að fara lengra að þessu sinni en það, að eptirlaunin geti hæst orðið helmingur launanna og sjeu svo ákveðin eitthvað hlutfallslega eptir þjónustu ára fjölda samkv. því, sem mönnum gæti komið saman um.

Þorleifur Jónsson: Breyt.till. mín og annars h. þm. (C. 159) hefur ekki átt upp á háborðið hjá þeim h. þm., sem á hana hafa minnst, hvorki 2. kgk. (H. Sv.) nje heldur framsögumanni (S. St.) og þó fer hún ekki fram á neitt annað en það, sem upphaflega stóð í frv. því, er h. framsögumaður (S. St.) kom sjálfur með hjer inn í deildina.

Skoðanir manna eru mjög skiptar í þessu eptirlaunamáli; sumir vilja afnema eptirlaunin með öllu, aðrir vilja það ekki, heldur setja þau þetta eða þetta — og hvað þau skuli ákveðin kemur mönnum ekki saman um. Það dugar ekki að einblína á það, að eptirlaunin sjeu svo há, að þau nægi einsaman fyrir uppgjafaembættismanninn að lifa á þeim, heldur eiga þau eptir eðli sínu að vera styrkur fyrir hann til að ljetta undir með öðrum eignum hans; því að til þess að geta lifað á þeim einum þyrftu þau að vera gífurlega há.

Þegar eptirlaunin eru ákveðin er það þrennt, sem að minni ætlun á að taka til greina 1. launaupphæðin, 2. árafjöldi sá, er embættismaðurinn þjónar og 3. efnahagur þjóðarinnar. Öll þessi þrjú atriði eru tekin til greina í þessu frv. og mjer finnst breyt.atkv. mitt vera nær því, sem efni þjóðarinnar leyfa heldur en frv. Jeg skal benda á, hvernig eptirlaunin verða samkvæmt breyt.till. minni. Jeg skal taka til dæmis embætti, sem er launað með 3000 kr. Eptir 20 ára þjónustu fær sá maður í eptirlaun 1000 kr., sem er talsvert meira heldur en margur heimilisfaðir hefur árlega fyrir sig að leggja og

og heimili sitt. Það er margur heimilisfaðir, sem ekki hefur 1000 kr. á ári til forsorgunar sjer og sinni fjölskyldu. Og eptir 30 ár fær sami embættismaður í eptirlaun 1200 kr. sem sýnist vera allgóður styrkur fyrir hann að lifa af.

Það hefur verið minnzt á uppgjafaprestana, en jeg vil benda á prestana sjálfa og laun þeirra. Þessi eptirlaun, sem jeg tók til dæmis eru hærri en *laun* flestra presta. Að meðaltali munu prestar ekki hafa í laun meira en 1000 kr., ef tekjur þeirra eru miðaðar við peningagjald. Þegar laun prestanna eru höfð fyrir augum held jeg, að menn sjái, að þau eptirlaun, sem jeg held fram, sjeu ekki sett oflágt.

Það verða allir að sníða sjer stakk eptir vexti, og sjerhver verður að haga sínum lifnaðarháttum eptir þeim tekjum, sem hann hefur; alþýða verður að gjöra það, og slíkt hið sama ættu bæði embættismenn og uppgjafaembættismenn að gjöra. Jeg verð því að halda fast við breyt.till. mína.

Jeg get ekki verið samdóma h. 2. kgk. (H. Sv.) nje breyt.till hans, því að þar er miðað mest við upphæð launanna. H. þm. (H. Sv.) tók það fram, að það ætti einmitt að miða eptirlaunin mest við embættislaunin, en jeg heyrði hann ekki færa neina ástæðu fyrir því, hvers vegna það þyrfti endilega svo að vera. Það sýnist þó liggja í augum uppi, að sá, sem notið hefur í embætti hæstra launa, að hann hafi átt hægast með að leggja dálítið upp til elliáranna, svo að hann þyrfti síður en aðrir, að hafa mjög há eptirlaun. Eptir breyt.till. h. 2. kgk. (H. Sv.) eru hæstu eptirlaunin meir en þrefalt hærri heldur en hin lægstu. Tökum til dæmis eptirlaun læknanna og þess embættismanns, sem hefur 5000 kr. í laun; ef læknir hefur verið í embætti í 20 ár fær hann eptir tillögu h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) 675 kr. eptirlaun, en sá sem fær eptirlaun frá 5000 kr. embætti eptir jafnlanga þjónustu í embætti fær eptir sömu tillögu 2250 kr. sem er meira en þrefalt meira, og með þessum mikla mismun á eptirlaununum get jeg með engu móti verið.

Hæstv. landsh. sagði, að laun þeirra, er hæst laun hefðu, væru ekki svo há, að þeir mundu geta lagt upp af þeim, og hann hugði, að justitiarius í yfirrjettinum mundi vilja skipta, að því er launin snertir, við sýslumann í Árnessýslu eða Borgarfjarðarsýslu. Þetta hygg jeg að sje fjarri sanni, og mundi ekki koma fyrir, þótt justitiarius stæði slíkt til boða.

Það er og í sjálfu sjer óskiljanlegt, að ef 2000 kr. í embættislaun þykja hæfileg og nokkurn veginn sómasamleg laun fyrir suma embættismenn, að þá skuli ekki þykja viðunanleg eptirlaun fyrir þann sem hefur setið í hálaunuðu embætti minni upphæð en 3000 kr.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer hefur skilizt svo á ræðu h. þm. Húnv. (Þ. J.) að hann alls ekki vilji, að eptirlaun manna standi í rjettu hlutfalli við launaupphæðina og liggur þá næst að halda, að hann vilji hafa þau jöfn hjá öllum (*Þorleifur Jónsson:* Nei) eða hjer um bil það. Hann talaði mikið um það, að embættismennirnir ættu að leggja upp af launum sínum, geyma og spara til elliáranna og taldi hann þeim það sízt vorkun. Menn hafa opt minnzt á þetta, að embættismennirnir sjeu ekki nægilega sparsamir, gleymi fátækt þjóðarinnar o. s. frv., en um það má víst segja eins og margt annað, að það er hægra sagt en gjört. Hjer er margt, sem menn þurfa að taka til greina. Það er máske stundum ekki ástæðulaust af mönnum að halda, að þeir, sem há laun hafa geti lagt upp, en í flestum atvikum held jeg að það sje hugsmíði tóm; þarfirnar eru miklar ekki einungis til hinna sjálfsögðustu nauðsynja: fæðis, klæða og húsnæðis, ekki sízt sje um barnamann að

ræða, sem óskar að veita börnum sínum gott uppeldi. Margir af þeim, sem góð laun hafa, komast ekki af um þann tíma, sem útgjöldin eru mest, meðan þeir eru að manna börn sín o. s. frv., og hleypa þeir sjer þá opt í skuldir, sem þeir ekki geta borgað fyr en þeir eiga fyrir færrum að sjá, og jafnvel eru farnir frá embætti og komnir á eptirlaun. Hægt væri að sýna fleiri en eitt dæmi upp á þetta. Jeg játa það, að það er alls ekki tilgangur eptirlaunanna, að menn leggi upp af þeim, og ef svo væri, þá væri veruleg ástæða til að lækka þau og takmarka; meiningin með eptirlaununum er, að menn að eins geti sómasamlega dregið fram lífið. Stundum hefur eptirlaunamaðurinn að eins að sjá fyrir sjer og konu sinni, og gengur þá allt hægra, en það er ekki allsjaldan, að töluverður þungi af ómegð liggur á embættismanninum, jafnvel eptir að hann er hættur að geta gegnt embætti sínu; hann hefur þá stundum mörg börn óframkomin. Jeg tek sem dæmi mann með 5000 kr. launum, sem eru hin hæstu laun, sem um verður talað í þessu atriði; hann hefur hlotið að hafa dýrt húsnæði og árlega að kosta miklu fje til þess; hann hefur máske byggt sjer kostnaðarsamt hús sjálfur. En þá er spurningin: Getur hann nú ávallt minnkað stórum útgjöldin í þessa átt, þótt hann leggi niður embætti sitt? Ætli hann eigi ávallt svo hægt með að byggja af og minnka kostnaðinn? Þeir sem kunnugir eru embættismönnum yfir höfuð að tala, sem búa í kaupstöðum og þá einkum hjer í Reykjavík, vita það, að ekki er greitt aðgöngu fyrir þá að minnka útgjöldin að nokkrum verulegum mun, þótt þeir komist á eptirlaun. Þar að auki má taka það fram, að jafnvel lögbundnar kvaðir liggja á þeim, sem alls ekki minnka þótt þeir sleppi embætti og taki við eptirlaunum. Jeg vil taka til dæmis, að maður einn, sem var í háttlaunuðu embætti, verður að svara út árlega til framfærslu konu sinnar eptir sinn dag nálægt 1100 kr., og þetta gjald minnkar ekki, þótt hann komist á eptirlaun. Það er ekki ávallt svo gott að minnka stakkinn og draga saman seglin, þótt menn fúslega vildu.

H. þm. Húnv. (Þorl. J.) vildi ekki gjöra mikið úr mismuninum, sem ætti að vera á eptirlaununum. Það er alveg satt, að eptirlaunin mega aldrei fara niður fyrir vist takmark, því að vissa upphæð þarf þó maður ávallt til þess að geta dregið fram lífið sómasamlega, og niður úr henni verður ekki farið. 1600—1800 kr. geta verið bjargvænlegur styrkur fyrir mann, ef hann er í góðum kringumstæðum, eða ef svo stendur á, að hann þarf litlu til að kosta, eins og ef um karlæga menn er að tala. En þess verður að gæta, að allar þarfir, nauðsynjar og tilkostnaður mannsins breytist eigi ávallt stórvægilega, þótt hann láti af embætti. Geta menn almennt haldið, að maður, sem haft hefur 5000 kr. laun, geti vel látið sjer nægja með 16—1800 kr.? Tökum til dæmis sögukennara Pál Melsteð, sem á að fá 1800 kr. í eptirlaun, jafnt launununum, sem hann hafði; ætli það þætti sanngjörn eptirlaun handa manni, sem áður naut tvöfaldra eða þrefaldra launa við það? Menn gjöra langt of lítið úr þörfum embættismannsins, eptir að hann er kominn á eptirlaun.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það eru að eins fáar athugasemdir, er jeg ætla að leyfa mjer að gjöra.

Hæstv. landsh. sagði, að þótt hinum núgildandi eptirlaunalögum yrði breytt, þá mundu bænarskrár um lækkun eptirlauna koma til þingsins ár frá ári, með því að menn mundu ekki sjá verkanir laganna fyr en eptir svo langan tíma. Þetta hygg jeg að ekki muni koma fyrir, því að almenningur er þó ekki svo skyni skroppinn, að hann ekki sjái, að slík lagabreyting, sem hjer er um að ræða, getur ekki farið að verka fyr en eptir mörg ár.

Jeg get ekki verið h. 2. kgk. (H. Sv.)

samdóma í því, að rjettara sje, að eptirlaunin eigi að öllu leyti að standa í hlutfalli við hin föstu embættislaun, eins og hann í breyt.till. sinni við frv. nefndarinnar fer fram á. H. 2. kgk. (H. Sv.) gat þess, að kostnaður sá, er embættin hefðu í för með sjer, væri mjög misjafn fyrir hina ýmsu embættismenn meðan þeir gegndu stöðu sinni. Það er rjett, embættin eru misjafnlega kostnaðarsöm og misjafnlega erfið og þess vegna þurfa launin líka að vera misjöfn, en þetta á að mínu áliti ekki að ráða svo miklu, þegar ræða er um eptirlaun; þegar embættismaðurinn segir af sjer embættinu, þá hverfur og sá kostnaður og fyrirhöfn, sem hann varð að hafa sem embættismaður, og að því leyti verða þarfir uppgjafaembættismanna næsta líkar, hversu ólík sem embættin hafa verið. Embættin hafa misjafnar þarfir og kröfur þær, sem gjörðar eru til þeirra, eru allólíkar; en einnig þessi mismunur hverfur að mestu leyti, er embættinu er sleppt. Þetta leiðir til þess, að eptirlaunin geta verið tiltölulega miklu jafnari en embættislaunin.

H. 2. kgk. (H. Sv.) kallaði það hugmyndir og hugsmíðar einar, að embættismenn legðu upp af launum sínum; þetta kann vel að vera, en það er engin sönnun gegn því, að ekki megi lækka eptirlaunin. Þess ber sem sje að gæta, að þegar eptirlaunin eru ákveðin mjög há, svo að embættismaðurinn getur átt von á að fá nær því full laun, eptir að hann hættir að þjóna embættinu, þá hefur hann miklu minni hvöt til að leggja nokkuð til hliðar af launum sínum, heldur en ef eptirlaunin eru miklu lægri en embættislaunin. Hann er með hinum háu eptirlaunum algjörlega tryggður fyrir öllum skorti, hvernig sem hann ver launum sínum — landssjóður veitir honum ríkulegt uppeldi alla æfi.

H. 2. kgk. (H. Sv.) gat þess enn fremur, að kostnaði þeim, er embættismenn yrðu að hleypa sjer í, væri opt svo varið, að þeir ekki með góðu móti gætu dregið saman seglin, þótt þeir fegnir vildu, svo sem með húskostnað; margir væru neyddir til að koma sjer upp góðum og dýrum hýbýlum, sem þeir síðar meir, er þeir ekki þurfa þeirra með, geta ekki losnað við. En jeg fæ eigi sjeð, að hús þeirra þurfi að verða þeim arðlaus, þó að þeir ekki geti selt þau; þeir geta leigt þau út eða á annan hátt haft upp renturnar af höfuðstól þeim, sem í þeim liggur.

Til dæmis um, að háttlaunaðir embættismenn yrðu að hafa hærri eptirlaun en aðrir, minntist h. 2. kgk. (H. Sv.) á frumv., er verið hefur hjer fyrir deildinni, um að veita sögukennara Páli Melsteð 1800 kr. í eptirlaun, og talaði um, hversu lítil þessi upphæð mundi hafa þótt fyrir mann, sem hefði t. d. haft 5000 króna laun. Jeg álít, að t. d. 80 ára gamall amtmaður væri allt eins vel sæmdur af 1800 króna eptirlaunum eins og hr. Páll Melsteð, og þessi öldungur þarf þessara eptirlauna því fremur, sem hann hefur um langan aldur unnið fyrir þjóðfjelagið fyrir mjög lítil laun og því allsendis ómögulegt fyrir hann að leggja nokkuð til muna upp af launum sínum.

Ummælum hæstv. landsh. um tilslökun af hendi nefndarinnar í líka átt og frumv. 1891, get jeg eigi svarað að svo stöddu.

Þorleifur Jónsson: Jeg ætla að eins í stuttu máli að svara h. 2. kgk. (H. Sv.). H. þm. sagði, að jeg hefði viljað hafa eptirlaunin jafnhá eða hjer um bil jafnhá hjá öllum embættismönnum, en þetta er misskilningur. Jeg held því einmitt fram, að eptirlaunin sjeu höfð misjöfn, en ekki eins stórkostlega eins og h. 2. kgk. (H. Sv.). Eptir minni tillögu yrði hlutfallið þannig, að sá maður, sem í 30 ár hefði gegnt embætti sínu og haft 1500 kr. í laun, fengi í eptirlaun 900 kr., maður með 2000 kr. launum 1000, maður með 3000 kr. 1200

o. s. frv. Embættismaður sá, er hefði haft 5000 kr. í laun, fengi eptir þessu 1600 kr. í eptirlaun. Jeg vona, að hinn h. þm. (H. Sv.) geti á þessu sjeð, að mismunur sá, er jeg vil hafa, sje talsverður, og að mínu áliti er hann hæfilegur.

Ef við aptur á móti lítum á þann mismun, er h. 2. kgk. (H. Sv.) vill gjöra, þá verður hann svo stórkostlegur, að ógjörningur er að fallast á hans tillögur. Eptir minni tillögu fengi maður með 5000 króna launum, er þjónað hefði embætti 35 ár, 1700 kr., en eptir tillögu h. þm. (H. Sv.) 3000 kr. Hversu mikill munur er á tillögum vorum vona jeg öllum geti skilizt á þessu.

Að sá, sem há laun hefur, eigi hægra með að leggja upp, en hinn, er lítil laun fær, er mín fasta sannfæring, sem jeg á engan hátt get fallið frá.

Guðjón Guðlaugsson: Það hafa svo margir tekið til máls í þessu máli, og flest af því tekið fram, er jeg ætlaði mjer að segja. Það verða því að eins fáeinar athugasemdir, er jeg mun gjöra.

H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að eptir frumv. nefndarinnar yrðu öll eptirlaun nálega jöfn, en þetta er engan veginn rjett, heldur verður mismunurinn töluverður, eins og hægt er að sjá, þegar menn gæta nákvæmar að, þar sem eptir frumv. nefndarinnar eru eptirlaunin eptir 30 ára þjónustu með 1500 kr. launum 975 kr., en með 5000 kr. launum 1820 kr.

Að eptirlaunin eigi að standa í beinu hlutfalli við embættislaunin finnst mjer eigi rjett. Eptirlaunin eiga að mínu áliti að vera æði miklu minni en launin. Hvernig háttar til hjer í Reykjavík er mjer ekki kunnugt, en jeg veit, að upp í sveit er sá maður eins vel eða betur haldinn, sem hefur 1000 kr. í eptirlaun, heldur en embættismaður með 3000 kr. launum. Þetta er einnig mjög augljóst, þegar gætt er nánar að. Það má gjöra ráð fyrir 1000 kr. kostnaði við að reka slík embætti til sveita, eins og t. d. sýslumannaembættin. Verða þá eptir 1—2 þús. kr., sem borgun fyrir allt verkið, fyrir það, að embættismaðurinn verður, hvort honum er ljúft eða leitt, að vera bundinn við þennan starfa. Hvor skyldi nú eptir þessu standa betur að vígi, embættismaðurinn, er hefur 2—3000 kr. í laun, eða eptirlaunamaðurinn með 1000 kr.: embættismaðurinn, sem, ef hann er skyldurækinn, hefur nóg með að gegna embættisskyldum sínum og engan tíma til að gefa sig að mun við neinu öðru, eða eptirlaunamaðurinn, sem, eins og jeg sýndi fram á, í raun rjettri hefur eins mikil laun og engum skyldum eða kvöðum hefur að gegna, nema þeim, er hann leggur sjer sjálfur á herðar? Auk þess kemur það, að embættismaðurinn hefur optast þyngra hús og óframkominn barnafjölda, þar sem hinn aptur á uppkomin börn, sem, þótt þau ef til vill ekki styrki hann, þá að minnsta kosti ekki þurfa að vera honum kostnaðarauki.

Þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að eptirlaunin ættu að standa í rjettu hlutfalli við hin föstu embættislaun, og hafði það á móti tillögu h. þm. Húnv. (Þorl. J.), að hún ekki tæki tillit til þess, þá vil jeg að eins benda hinum h. þm. (H. Sv.) á hin núgildandi eptirlaunalög. Eptir þeim fær sá maður, er í 30 ár hefur gegnt embætti með 5000 kr. launum, 3333 kr., en maður með 2000 kr. launum að eins 1333 kr. Að 3333 kr. ekki standa í sama hlutfalli við 1333 kr., sem 5000 við 2000, geta allir sjeð, þar sem eptirlaun hins betur launaða embættismanns eru einmitt óhlutfallslega há, borin saman við eptirlaun hins ver launaða.

Jeg vil að þessu sinni ekki fjölyrða meira um þetta mál.

Guttormur Vigfússon: Jeg vil ekki tefja tímann með löngum umræðum. Það er að eins eitt atriði, sem mjer finnst hafa verið gengið fram hjá, það sem sje, að eðlilegt er, að hin vandasömu og

ábyrgðarmestu embætti sjeu hæst launuð. Það var þetta atriði, sem mjer þótti vanta í ræðu h. 2. kgk. (H. Sv.). Jeg vil þó ekki með þessu segja, að þessum embættum ávallt fylgi mest erfiði eða kostnaður, heldur er það einmitt hin mikla ábyrgð, er á þeim mönnum hvílir, er þessum embættum gegna, er gjörir það að verkum, að þau hljóta að vera vel launuð, til þess að sem duglegastir og áreiðanlegastir menn fáist í þau. En af þessu leiðir þó ekki, að þessir menn þurfi að sjálfsögðu meiri eptirlaun, þegar þeir eru hættir að gegna embættinu, heldur þvert á móti er það líklegt, að þeir hafi getað safnað einhverju til elliáranna, fremur en ýmsir aðrir embættismenn í lægra launuðum, en máske fullt eins erfiðum embættum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg gleymdi að geta þess áðan, er talað var um, að eptirlaunin yrðu of jöfn eptir frv. nefndarinnar, er reiknað væri 20 kr. fyrir hvert embættisár, eða að þjónustuárafjöldinn hefði of mikil áhrif á eptirlaunaupphæðina, að þetta getur í vissum tilfellum átt sjer stað, og það í enn stærri stýl eptir gildandi lögum. Þetta kemur einkum fyrir, þegar embættismaður er fluttur úr lálaunuðu embætti sem hann hefur lengi þjónað, og í annað hálaunað og segir svo af sjer í því embætti. Tökum t. d. mann, sem í 25 ár hefur gegnt sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum, en hin 5 síðustu amtmannsstörfum í öðru hvoru amtinu. Ef hann í öll þessi 30 ár hefði verið sýslumaður í Vestmannaeyjum fengi hann að eins 1333 kr. þar sem hann nú fyrir þessa 5 ára vinnu fær 3333 kr. eða jafnmikið eins og hann hefði gegnt því öll þessi 30 ár. Þetta er að mínu áliti stórkostleg ósamkvæmni í gildandi eptirlaunalögum, þau sem vilja svo lítið tillit taka til þjónustutímans, en mikið til launaupphæðarinnar, en þarna er það þó þjónustutíminn, sem gjörir það að verkum, að maðurinn fær svona há eptirlaun, og það miklu hærri eptirlaun en annar sem hefur verið t. d. amtmaður í 20 ár, og ekki í öðru embætti, sem eptirlaunarjettur fylgir. Með þessu fær maður þessi 1333 kr. meira í eptirlaun en hann hefur mestan hluta æfi sinnar haft í laun. Er þetta sanngjarnt?. Er þetta eðlilegt, eða er það nauðsynlegt?.

Mjer er því óskiljanlegt, hví menn vilja halda við svona ósanngjörn lög og sem eru þar eptir ósamkvæm sjálfum sjer, og að menn skuli endilega vilja stappa í sama farinu ef nokkur breyting er gjörð.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 9: 1 atkv. Breyt.till. (C. 159) við 2. gr. felld með 7 : 4 atkv.; 1. br.till. (C 153) við sömu gr. felld með 8 : 3 atkv.; 2—4. br.till. (C. 153) við sömu gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv. 3. og 4. gr. samþ. með 9 atkv. hvor; 5. br.till. (C. 153) við 5. gr. samþ. í e. hlj.; 5. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 6. gr. samþ. með 9 atkv.; 6. br.till. (C. 153) við 7. gr. samþ. í e. hlj.; 7. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 8. og 9. gr. samþ. með 9 atkv. hvor; 7. og 8. br.till. við 10. gr. (C. 153) samþ. með 6 atkv.; 10. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. 11. gr. samþ. með 9 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 3.

Frv. til laga um gjaldþrotaskipti (C. 98, 154); 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Jeg talaði nokkur orð almennt um mál þetta við frh. 1. umr. þess og skal jeg því ekki orðlengja um það nú. Jeg gat þess þá, að nefndin hefur í heild sinni fallizt á frv. og telur það vera sannarlega og verulega rjettarbót, og leggur því eindregið til að h. deild samþ. það. Jeg gat þá ekki um neinn verulegan galla á frv. þessu, en hann er þó sá, að málið á því er ekki nærri því eins gott eins og æskilegt væri og hefur því nefndin neyðzt til að gjöra

allmargar breytingar við orðfærið á því. Þessar breytingar eru taldar upp á þingskj. 98 og eru það sem sagt að mestu leyti að eins orðabreytingar. Jeg skal leyfa mjer að fara stuttlega gegnum hinar helztu af breytingum þessum, einkum þær, er miða til þess að skýra efni frv. eða breyta því eitthvað lítilsháttar. Undir tölul. 1—4 eru að eins orðabreytingar. Við tölul. 5. stingur nefndin upp á að í stað orðsins „þrýtur“ sje sett „nægir“. Nefndinni virtist orðið „þrýtur“ vera í þessu sambandi markleysa.

Orðinu „verzlunarmaður“ í 4. gr. vill nefndin breyta í „kaupmaður“, því að hún verður að álíta, eins og líka skýringin í greininni sjálfri ber með sjer, að hjer sje ekki átt við þjóna kaupmanna, heldur þann mann, er rekur sjálfstæða verzlun. Orðin „svarakröfu“ á 2 stöðum í sömu grein vill nefndin og breyta í „svarkröfu“ og skilur við það orð þá kröfu, er svars er heimtað með. Orðið „svarakröfu“ mundi nefndin ekki eptir að hafa fyrri sjeð nema í frv. um aukatekjur, sem einnig er nú fyrir þinginu. Að sjálfsögðu er það undir tilfinningu komið, hvort orðið menn heldur velja. Síðan eru tómar orðabreytingar allt til 12. liðs. Br. við þann lið er gjörð að eins til skýringar, en er ekki efnisbreyting. Til 19. tölul. eru svo orðabreytingar. Við 19. tölul. vill nefndin breyta orðinu „hyski“ í „heimamenn“. Það orð virtist nefndinni tæma betur hugmyndina. 20. liður er orðabr. Við 21. lið var víst eptir frv. prentvilla: „einkayfirlýsingu ákvæði“ í stað „einkayfirlýsingar ákvæði“, sama sem ákvæði einstakra manna, eptir því sem nefndinni skildist, og vill hún því setja þau orð inn í staðinn. 22.—26. tölul. eru orðabr. Síðasta málsgr. 17. gr. er svo í frv. „Þetta gildir þó eigi um það, er honum áskotnast með talnaspili eða á annan þvílíkan hátt af tilviljun“. Með orðinu „talnaspil“ hugði nefndin væri átt við „hasard“. Nefndin vill halda orðinu „talnaspil“ og bæta svo við: í spilum eða á annan hátt; með því hugðist nefndin skýra betur það, sem átt er við í gr. Síðan eru tómar orðabr. til tölul. 33. þar vill nefndin láta nokkur orð í 20. gr. falla burt, því að þau eru óþörf. Málsgreinin er fullskýr án þessara orða. 34.—39. tölul. eru orðabr. Undir tölul. 39. vill nefndin að breytt sje orðinu „skal“ í 24. gr. í „má“, því að hún áleit ekki sjálfsagða skyldu að gruna skuldheimtumann um það, að hann hafi vitað af þroti skuldanauts, þó að gruna mætti hann um það eptir atvikum. 26. og 27. gr. er talsvert mikið breytt, en allar þær breytingar eru að eins orðabreytingar, til skýringar gjörðar. Hið sama má segja um breyt. við 28. 30. og 34. gr., það eru að eins orðabreytingar. 36. gr. vill nefndin heldur orða eins og hún stingur upp á og sömuleiðis fyrirsögn 5. kap.

Eins og h. þd. nú hefur sjeð eru breyt. þessar yfirhöfuð orðabreyt. Að eins á stöku stað smá- efnisbreyt. Það var í fundarbyrjun útbýtt hjer breyt.till. frá h. 2. kgk. (H. Sv.) á þingskj. 154. Jeg hef litið yfir þær, og virðist mjer þær flestar vera að eins orðabreyt. 1. 2. og 3. breyt. hef jeg ekkert á móti. 4. breyt. er í því fólgin að setja orðið „skýrslur“ í stað „upplýsingar“. Það kom einnig til umr. í nefndinni, en nefndarmönnum virtist ekki sjerleg ástæða til þess. Það virtist standa nokkurn veginn á sama, hvort orðið er haft. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12. breyt. hef jeg ekkert á móti, enda eru sumar þeirra í samræmi við breyt.till. nefndarinnar. 13. breyt.till. er einnig mjög lík eins og 36. breyt.till. nefndarinnar og 14. eins og nefndarinnar 45.

Jeg sje svo eigi ástæðu til að fjölyrða. Breyt. snerta yfir höfuð málið en miður efnið.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og h. framsögum. (Kr. J.) hefur tekið fram, var það tilgangur minn með breyt. þessum að gjöra

að eins orðabreyt. við frv. þetta, því að bæði var það, að jeg treysti mjer ekki út í það, að gjöra við það neinar efnisbreytingar, enda hugði jeg þess enga þörf.

Jeg kann betur við orðið „skýrslur“ heldur en „upplýsingar“, enda hefur nefndin sjálf breytt þannig í 3. gr., og þessi breyt. getur ekki í minnsta máta raskað þýðingunni, því að skýrslur þurfa alls ekki að vera skriflegar, heldur er skilið við það orð: upplýsingar í einhverju máli, hvort heldur sem þær eru munnlegar eða skriflegar.

Undir tölul. 7. vil jeg bæta inn í setningunni í 16. gr. orðinu: „slíkum munum“, því að hún verður við það miklu skýrari.

Að öðru leyti eru þessar breyt.till. mínar að eins lítilfjörlegar orðabreytingar.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. nefndarinnar (C. 98) samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br. n. (C. 98) við 3. gr. samþ. með 10 atkv.; 3—5. br. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 6. br. n. við 4. gr. samþ. með 10 atkv.; 7—8. br. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 9. br. n. við 5. gr. samþ. með 10 atkv.; 1. br. (C. 154) samþ. í e. hlj.; 5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 10. br. n. (C. 98) við 6. gr. samþ. í e. hlj.; 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 7. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br. (C. 154) við 8. gr. samþ. með 9 atkv.; 8. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 11. br. n. (C. 98) við 9. gr. samþ. með 10 atkv.; 9. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 12. br. n. við 10. gr. samþ. í e. hlj.; 13. br. n. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 3. br. (C. 154) við sömu gr. samþ. með 8 atkv.; 10 gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 14. br. n. (C. 98) við 11. gr. samþ. með 10 atkv.; 4. br. (C. 154) við sömu gr. samþ. með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Þorleifur Jónsson
Einar Ásmundsson	Guðj. Guðlaugsson
Hallgr. Sveinsson	Gutt. Vigfússon
Sigurður Jensson	Kristján Jónsson
Sigurður Stefánsson	L. E. Sveinbjörnsson
Þorkell Bjarnason.	

15. breyt. n. (C. 98) við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 16. breyt. n. við sömu gr. samþ. án atkvæðagr.; 11. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 17. breyt. n. við 12. gr. samþ. með 9 atkv.; 18. breyt. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 19. breyt. n. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 12. gr þannig breytt samþ. í e. hlj.; 20. breyt. n. við 13. gr. samþ. með 10 atkv.; 21. breyt. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 13. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 22. br. n. við 14. gr. samþ. með 10 atkv.; 14. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 23. breyt. n. við 15. gr. samþ. með 10 atkv.; 5. breyt. (C. 154) við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 24. breyt n. þar með fallin; 15. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 6. breyt. (C. 154) við 16. gr. samþ. með 9 atkv.; 25. breyt. n. við sömu gr. samþ. án atkvæðagr.; 7. breyt. (C. 154) við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 8. breyt. (C. 154) við sömu gr. felld með 6:5 atkv.; 16. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 26. br. n. við 17. gr. samþ. með 10 atkv.; 17. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 27. breyt. n. samþ. án atkvæðagr.; 28. breyt. n. við 18. gr. samþ. án atkvæðagr.; 18. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 9.—11. breyt. (C. 154) við 19 gr.. samþ. í e. hlj.; 19. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 29.—30. breyt. n. við 20. gr. samþ. án atkvæðagr.; 31. breyt. n. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 32. breyt. n. við sömu gr. samþ. án atkvæðagr.; 33. breyt. n. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 20. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 34. og 35. breyt. n. við 21. gr. samþ. án atkvæðagr.; 21. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 12. breyt. (C. 154) við 22. gr. samþ.

með 9 atkv.; 36. breyt. n. við sömu gr. þar með fallin; 37. breyt. n. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 22. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 38. breyt. n. við 23. gr. samþ. í e. hlj.; 23. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 39. og 40. breyt. n. við 24. gr. samþ. í e, hlj.; 24. gr. þannig breytt. samþ. í e. hlj.; 41. og 43. breyt. n. við 25. gr. samþ. án atkvæðagr.; 42. breyt. n. og 13. breyt. (C. 154) við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 25. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 44. breyt. n. og 14. breyt. (C. 154) við 26. gr. samþ. með 10 atkv.; 45. og 47.—49. breyt. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 46. breyt. n. við sömu gr. samþ. án atkv.gr.; 26. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 50. —51., 53. og 54. breyt. n. við 27. gr. samþ. án atkvæðagr.; 52. breyt. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 27. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 55. og 56. breyt. n. og 15. breyt. (C. 154) við 28. gr. samþ. án atkvæðagr.; 28. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 16. breyt. (C. 154) við 29. gr. samþ. án atkvæðagr.; 29. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 57. breyt. n. og 17. breyt. (C. 154) við 30. gr. samþ. í e. hlj.; 58. og 59. breyt. n. við sömu gr. samþ. án atkvæðagr.; 30. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 31.—33. gr. samþ. í e. hlj.; 60. breyt. n. samþ. í. e. hlj.; 18. breyt. (C. 154) og 61. og 62. breyt, n. við 34. gr. samþ. án atkvæðagr.; 63. breyt. n. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 34. gr. þannig breytt. samþ. í e. hlj.; 35. gr. samþ. með 10 atkv.; 64. breyt. n. á 36. gr. samþ. í e. hlj.; 36. gr. frv. þar með fallin. Fyrirsagnirnar með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 124); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eins og kunnugt er, er svo ákveðið í lögum 27. febr. 1880, að 400 kr. árgjald skuli greiða af Stað á Reykjanesi í Barðastrandarprófastsdæmi. Jeg hef nokkur undanfarandi þing komið með frv. þess efnis, að lækka þetta árgjald, en það hefur ávallt verið fellt af h. Nd., hún hefur aldrei viljað sinna því hið minnsta. Nú kem jeg enn með frv. um þetta atriði, og er þar í farið fram á, að afnema allt afgjaldið. Þingmönnum þykir máske nokkuð undarlegt, að jeg kem með þetta frv. þing eftir þing, og fer það nú lengra en nokkurntíma áður, og ímynda sjer ef til vill, að jeg sje að gjöra að gamni mínu, eða að það sje af virðingarskorti fyrir alþ., að jeg er að koma með þetta mál aptur og aptur, og eyða tíma þingsins. Jeg get fullvissað þm. um, að það er ekki; það er þvert á móti meining mín, að virðing þingsins muni vaxa, ef það sýnir rjettsýni og sanngirni í þessu máli. Þingið hefur hingað til ekki viljað virða þetta mál þess, að kynna sjer rækilega málavexti. Þegar jeg á síðasta þingi fór fram á 200 kr. lækkun á árgjaldinu, vakti einn þm. andmæli gegn því, en gat þess þó jafnframt, að sjer væri ekki málið fullkomlega kunnugt, og að hann hefði ekki átt kost á, að kynna sjer það, en ef svo væri sem jeg skýrði frá, þá væri sjálfsagt rjettara, að afnema allt árgjaldið heldur en að eins helming þess. Þegar jeg bað þm. að kynna sjer málið, eða gefa mjer kost á, að sýna honum, hvernig í öllu lægi, lofa mjer að sýna honum það af brauðamatinu, að þetta gjald væri óhæfilega hátt, og af alþingistíðindunum, að það var aldrei meining þingsins, að leggja þetta gjald á Staðarprestakall, þá svaraði hann svo, að hann ásamt 11 öðrum þm. felldi málið frá 2. umr. Jeg get ekki gjört mig ánægðan með þessi dómsúrslit, eða þessa frávísun málsins. Jeg kem apur með málið, til þess það verði rannsakað, og jeg fer fram á, að allt árgjaldið sje afnumið, bæði af því mjer finnst það sjálfum rjettast, og mjer var líka í hitt eð fyrra bent á, að það væri eðlilegast, af þeim eina þm., sem

minntist á þetta mál. Jeg kem í þetta skipti með málið hjer í deildinni, og jeg veit, að hjer eiga sæti svo margir sannsýnir menn, að jeg ber engan kvíðboga fyrir, að því muni ganga vel í gegnum þessa deild, hvað sem svo tekur við.

Jeg skal nú stuttlega drepa á hið helzta, sem jeg hef fram að færa, þessu máli til stuðnings og skýringar.

Nefnd sú, sem sett var á alþ. 1879 til þess að athuga prestakallalögin, rjeð til að sameina Staðar- og Garpsdalsprestakall, og leggja 400 kr. árgjald á hið sameinaða brauð, en þetta mætti mikilli mótstöðu, eins og fleiri brauðasameiningar, og var það einkum þm. Dal., sem færði rök að því, að slík samsteypa væri ógjörningur, og stakk hann upp á því, í breyt.till., sem lesa má í alþ.tíðindunum, að Staður skyldi vera prestakall út af fyrir sig, og ekkert árgjald af því greiða; þessi tillaga var samþykkt af þinginu. En eptir á sjest það, að prentvilla hefur komizt inn í lögin, þar sem stendur, að 400 kr. árgjald skuli greiða frá Staðarprestakalli, þótt það sjáist greinilega af tíðindunum og gjörðabókinni, að það hefur aldrei legið fyrir tillaga í þá átt, og því síður verið samþ. En þetta var ekki athugað fyr en of seint, og var ekki leiðrjett, svo lögin voru staðfest af konungi með þessari prentvillu í.

Nokkru seinna losnaði brauðið; presturinn, sem sótti um það, þekkti ekki til, hvernig brauðið var, en ímyndaði sjer, að árgjaldið væri á skynsamlegum ástæðum byggt. Hann gat fyrst framan af nokkurn veginn staðið í skilum með að borga árgjaldið, meðan hann þjónaði öðru brauði ásamt Stað, og fékk 200 kr. uppbót, og meðan dúnninn var í háu verði, en síðustu árin hefur hann átt mjög erfitt með það; hann hefur hleypt sjer í stórskuldir til þess að geta staðið í skilum við landssjóð, og nú er ekki útlit fyrir annað, en að hann verði að fara frá brauðinu, og af honum verði tekið það sem hann á til. Hann hefur nú látið skoða jörðina og meta brauðið af dómkvöddum mönnum; þessir menn álíta samkvæmt skýrslu, er liggur fyrir þinginu, brauðið rjettilega metið á kr. 989,86. og af þessu brauði á að greiða 400 kr. í árgjald, svo eptir verða sem laun prestsins kr. 589,86.

Jeg hef heyrt á mörgum þm., að þá furðar á því, hvað lágt þetta mat er, og jeg skal játa, að mjer fannst það líka, þegar jeg fyrst leit á matsgjörðina. En jeg hef kynnt mjer það nákvæmar, og jeg hef enga ástæðu til að ætla, að það sje samið öðruvísi en eptir beztu vitund, og það er mjer óhætt að segja, að það er miklu nær sanni, en hið fyrra matið, sem fram fór fyrir 1879.

Jeg hef gjört það fyrir bæn prestsins, að flytja þetta frumv. hjer á þinginu, enn einu sinni, og jeg er viss um, að þm. munu sjá, að hjer þarf lagfæringar við, ef þeir einungis fást til að rannsaka þetta mál kostgæfilega. Jeg hef stungið upp á að afnema allt árgjaldið, og ætla mjer að fylgja því fram, en þingið ræður því náttúrlega, hvort það vill taka það allt af eða að eins nokkurn hluta þess. Eins og nú stendur á, álít jeg brýna nauðsyn til, að ljetta þessu gjaldi af prestinum, ef það er ekki meiningin að hrekja hann burt af brauðinu.

ATKVŒÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 134); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um verndun Safarmýrar í Rangárvallasýslu (C. 130); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fyrirspurn til landshöfðingja (C. 112); hvort leyfa skuli.

ATKVÆÐAGR: Samþykkt með 10 atkv.

Sextándi fundur, föstudag 21. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 102); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg vil þá fyrst geta þess, að þetta frv. er ekki nýtt, heldur er það samhljóða frv. því, er að lögum varð 9. ágúst 1889, en þó með litlum viðauka.

Þegar farið var að breyta þessum lögum kom ágreiningur upp milli manna um það, hvernig skilja ætti orðið „ábúð". Það komst til dómstólanna, landsyfirrjettur fjekk það til meðferðar, og ágreiningurinn minnkaði ekki um skilning þessa orðs. Það eru margir sem finna til þess, að hjer þarf lagfæringar við, og frekari útskýringar. Það þarf að lagfæra þetta, því það er ekki gott, að svo mikil óvissa liggi í orðum eða orðavali í lögunum, að einn geti skilið þau á þennan hátt og annar á hinn.

Jeg hef því leyft mjer að koma með viðauka við lögin, til skilnings þessu orði, og ætla jeg ekki að mæla fleiri orð að sinni, og bíða átekta h. þingdm.

Þorkell Bjarnason: Jeg er mjög þakklátur h. flutningsmanni (J. A. Hj.) fyrir að hann kom fram með frv. þetta; það ákveður og skýrir orðið „ábúð", og gjörir þannig að vonum enda á miklum ágreiningi, sem af því hefur stafað, að ágreiningur hefur verið um það, hvað ábúð væri. En fyrst talað er um niðurjöfnun útsvars, eru nokkur ákvæði sem jeg óska að kæmust inn í frv., og sem jeg held að yrðu til bóta, ef þau kæmust að. Við vitum allir, að niðurjöfnun útsvara er mjög mikið vandaverk, og það kemur ekki allsjaldan fyrir, að megn óánægja rís út af henni.

Stundum eru menn í niðurjöfnuninni máske miður vandvirkir, en vera skyldi, og hafa heldur ekki ávallt nægilegan tíma til hennar. Það kemur líka fyrir, og það ekki allsjaldan, að hreppsnefndarmenn vantar þá þekkingu, sem þarf til þess starfa, svo að hann geti verið vel af hendi leystur; menn þekkja ekki ætíð sem skyldi gjaldþol þeirra, sem þeir eiga að jafna niður á. Það væri því nauðsynlegt, að minni ætlun, í frv. þessu að ákveða, að sýslunefnd hverri skuli skylt, að búa til leiðarvísi, sem hreppsnefndarmenn gætu farið eptir við niðurjöfnunina; auðvitað væru þeir ekki fast bundnir við hann, heldur væri hann þeim til leiðbeiningar; hann væri til að minna hreppsnefndina á tekjur og gjöld hreppsbúa, og á ýmislegt það, sem bætti eða rýrði hag þeirra. Þessi leiðarvísir ætti t. d. að taka fram, hverju eitt, tvö eða þrjú hundruð kr. í atvinnutekjum samsvaraði í lausafje, eða hve mikið af embættistekjum ætti að koma á móti einu hundraði kr. í eignatekjum o.s. frv. Jeg játa að það er vandasamt að búa slíkan leiðarvísi til, en jeg veit, að ein sýslunefnd hefur gjört það, og þótt bót að, og þá ættu aðrar sýslunefndir einnig að geta gjört hið sama. Jeg hugsa því til, að koma með breyt.till. í þessa átt við aðra umr. málsins.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef ekki mikið að athuga við frumv. þetta; það tekur að eins nákvæmar fram það, sem hefur verið misskilið af mörgum. Jeg hafði nú helzt hugsað mjer, að vera ekki með neinni smábreytingu á sveitarstjórnar- eða fátækralöggjöfinni, af því, eins og jeg hef skýrt frá, álít það eina rjetta, að taka hana fyrir í heild, og hef nú von um, að ekki verði langt að bíða þar til, að það

getur gengið, en þar eð þetta að eins er útskýring á viðaukalögunum frá 9. ágúst 1889, en fer ekki fram á neina breyting á sveitarstjórnarlöggjöfinni, þá hef jeg hugsað að gefa atkv. mitt með frv.

Þótt gott sje að fá skýring á þessum stað í lögunum, má þó geta þess, að þar með sje ekki loku skotið fyrir það, að menn ekki komist í kringum lögin, ef þeir annarsvegar setja sig út til þess, enda vill það verða erfitt að semja slík lög, en samt er jeg ekki frá því, að enn skýrara mætti taka fram um þetta efni, en gjört er í frumv..

Af því að þetta er 1. umr. málsins vil jeg ekki fara frekar út í það, en jeg vil geta þess, að ef mjer dytti eitthvað í hug, er gæti verið þessu máli til skýringar, þá er jeg fús á því, að leita samkomulags við h. flutningsmann (J. A. Hj.)

Hvað viðvíkur leiðarvísi þeim, sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) talaði um, að heppilegt sje, að gjörður væri mönnum til leiðbeiningar við niðurjöfnun, þá get jeg ekki hugsað mjer, að það verði svo greitt aðgöngu. Hann hlyti að verða mjög svo langur, og breytingin yrði mjög mikil og stórt spursmál, hvort þingið væri fært um að gjöra hann svo úr garði, að bót væri að honum; það mundu sjálfsagt ýmsir agnúar verða á þeim breytingum; að minnsta kosti get jeg ekki gefið þeirri breyt.till. atkv. mitt, ef hún kemur fram.

Jeg er að eins með betri útskýringum á þessum lögum, en vil ekki nýjar breytingar á neinu í sveitarstjórnar- eða fátækralögjöf vorri á þessu þingi, af þeim ástæðum, sem öllum þingdm. eru kunnar.

Þorkell Bjarnason: H. þm. Strand. (G. G) hefur misskilið orð mín; það var ekki meining mín, að þingið gjörði þennan leiðarvísi heldur skyldu sýslunefndir gjöra hann.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg játa að jeg hef misskilið orð h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) en jeg verð þó að halda við það, að þessi breyting ekki muni heppileg, af því að sýslunefndirnar margar hverjar alls ekki eru færari um að semja þennan leiðarvísi en sumar hreppsnefndir.

Mælikvarðarnir við tilbúning hans mundu verða eins margir og sýslunefndirnar; breyting þessi mundi því jafnóheppileg, hvort sem þingið eða sýslunefndirnar ættu að semja leiðarvísirinn.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breytingu á lögum 8. janúar 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 109, 148, 149); 2. umr.

Sigurður Jensson: Jeg hef leyft mjer ásamt h. þm. Strand. (G. G.) að koma fram með breytingar- og viðaukatillögur við frv. þetta og álít jeg, að ef þær komast að, verði það til mikilla bóta bæði fyrir frv. þetta og líka á þeim prestakosningarlögum, sem nú eru í gildi. Tilgangurinn með þessum tillögum er sá, að fá hverjum af þeim, sem hjer eiga hlut að máli, það vald í hendur, sem þeir eiga með rjettu að hafa. Það er þá fyrst biskupinn; það er eðlilegt að hann hafi vald til þess þegar um veitingu prestsembætta er að ræða að bægja þeim frá, sem hann álítur óhæfa til þess að hafa prestsembætti á hendi. Hann fær því, komist þessar tillögur að, vald til að hrinda þeim frá kosningu, er hann álítur líklega til að verða til að niðurbrjóta fremur en að uppbyggja í kirkjunni. Meðan kirkjan, eins og nú er, stendur í fjárhagslegu tilliti í sambandi við ríkið, þá hlýtur landsstjórninni að vera annt um, að þjóðfjelagið og kirkjan ekki bíði neinn hnekki í fjárhagslegu tilliti við það, að þeir menn komist að embætti, sem ekki geta álitizt trúanlegir til þess að standa í skilum með gjöld þau, er greiðast skulu af embættinu t. d. árgjöld brauða eða afborganir af lánum.

Landshöfðingi fær því eptir tillögum okkar vald til þess að koma í veg fyrir, að þeir menn fái embættið, sem hann ekki álítur trúandi til, að greiða á rjettum tíma, það sem í landssjóð á að renna frá brauðinu.

Að endingu er það þriðji hlutaðeigandi, *söfnuðurinn*; úr því að hann hefur fengið það vald að mega kjósa um nokkra af umsækjendum, þá er það eðlilegt, að hann fái að kjósa um alla þá, sem landsstjórnin og kirkjustjórnin hafa ekkert út á að setja, og álitnir eru heiðarlegir og áreiðanlegir prestar. Þetta vald viljum við nú veita söfnuðunum. Svo viljum vjer gjöra þá breytingu á fyrirkomulaginu, eins og það er nú, að biskup sendi meðmæli sín með þeim af umsækjendum, sem hann álítur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Jeg álít þessa breytingu hafa talsverða þýðingu; ef söfnuðurinn fær að sjá meðmæli biskups fyrirfram, og þannig veit með vissu, hverjum kirkjustjórnin ætlar að veita embættið, ef hún fær að ráða, þá mun opt sparast við það fyrirhöfn og kostnaður, þegar söfnuðurinn hefur ekkert á móti að fá einmitt þann umsækjandann, og það er þó einlægt dálítil fyrirhöfn og kostnaður við prestkosningar, sem gott væri að komast hjá, þegar hægt er. Þar að auki trúi jeg ekki öðru, en að meðmæli biskups muni megna mikils hjá söfnuðinum og koma sjer vel, einkum þegar söfnuðurinn þekkir lítið til umsækjendanna. Svo er það enn þá ein breyting, sem við viljum gjöra; hún er við 9. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Þar er svo ákveðið, að einn umsækjandinn verði að fá að minnsta kosti helming atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið, til þess að honum verði veitt embættið; nú viljum við breyta þessu, svo að í staðinn fyrir helming atkvæða komi tveir þriðju hlutar. Ef söfnuðurinn vill ekki sinna meðmælum biskups, heldur fá einhvern annan af umsækjendum en þann, sem biskup bendir á, þá viljum við að í þessu komi fram eindreginn vilji hjá söfnuðinum. Eins og nú er, getur rúmur fjórði hluti sóknarmanna ráðið úrslitum við kosningar, en við hyggjum, að söfnuðunum sje það engu kærara, að lítill hluti safnaðarins ráði veitingunni, heldur en biskupinn ráði henni. Við viljum, að það komi greinilega í ljós, að söfnuðurinn vilji annan, ef sá á að víkja, sem biskupinn álítur hæfastan og verðugastan. Jeg vil svo ekki fjölyrða meira um breytingartillögu okkar. H. þm. Ísf. (S. St.) hefur einnig komið fram með breytingartillögur við frv. og mun hann sjálfur mæla með þeim. Jeg álít náttúrlega, að okkar tillögur sjeu heppilegri. Ef hans tillögur verða samþykktar, verður fyrirkomulagið líkt því sem nú er, og jeg er hræddur um, að menn verði engu ánægðari en áður. Það er hætt við, að þess konar breyting, sem hann fer fram á, þyki skammgóður vermir, og menn komi strax aptur með óskir um, að prestakosningalögunum verði enn breytt.

Einar Ásmundsson: Eins og mál þetta nú er komið, eru 4 vegir til að velja um að fara. Fyrst og fremst þeir tveir breiðu vegir, annaðhvort að samþykkja frv. óbreytt eða fella það. Þriðji vegurinn er að samþykkja það með breytingum þeim, er h. þm. Ísf. (S. St.) stingur upp á og fjórði vegurinn að samþykkja það með breytingum h. þm. Barðstr. (S. J.) og þm. Strand. (G. G.). Jeg get ekki verið á því að fara fyrsta veginn, og gengur mjer það til þess, að enginn varnagli verður þá sleginn við því í frv., að gjörsamlega óhæfir menn komist á kjörskrá. Þetta lýtur helzt að mönnum, sem enn þá ekki hafa prestskap, en síður að þeim, sem áður hafa þjónað embætti, því ef þeir eru álitnir hæfir á einum stað í víngarðinum þá má að öllum líkindum færa þá yfir í annað beð. Umsækjendur geta auðvitað opt verið misjafnir, og er þá eðlilegast, að

söfnuðurinn sjálfur meti og dæmi um verðleika þeirra, því hver er sjálfum sjer næstur, og ætti bezt að vita, hvað honum hagar bezt. Eptir núgildandi lögum á landshöfðingi með ráði biskups að nema burt svo eða svo marga umsækjendur, ef fleiri en þrír eru; en það ætlunarverk er víst einatt mjög vandasamt og vanþakklátt. Það getur verið, að einir 10 sæki um eitt prestakall, og allir sjeu viðlíka hæfir og verðugir til að fá það. Þegar svo stendur á, hlýtur það að vera, eins og jeg sagði, bæði vandasamt og vanþakklátt verk að verða að stryka nokkra út af umsækjendaskránni.

Jeg get heldur ekki lagt það til, að frv. sje fellt, þótt mjer ekki líki það í alla staði. Jeg hefði sjálfsagt ekki neitt verið áfram um að breyta hinum gildandi lögum, ef áskoranir hefðu ekki komið frá mörgum kjördæmum í þessa átt, sem leiddi þetta frv. af sjer. Jeg ímynda mjer jafnvel, að ekkert hefði verið á móti því og engu til spillt, þótt hin ára 7 gömlu prestakosningalög sem nú gilda, hefðu enn fengið að standa óbreytt næstu 7 ár eða öldina út, en úr því frv. þetta er komið fram og þjóðin ekki er ánægð með það frelsi, sem hún nú hefur í þessu efni, þá vil jeg að frv. þetta sje samþykkt með nauðsynlegum breytingum. Þriðji vegurinn, sem jeg minntist á, að samþykkja frv. með breytingartill. h. þm. Ísf. (S. St.), get jeg ekki álitið að sje nægjandi; hann breytir svo litlu, að jeg álít, að þjóðinni mundi þykja það lítilsvirði, þótt hún fengi það, og mundi þá jafnvel kvikna af því enn þá meiri óánægja, en nú á sjer stað. Jeg held fyrir mitt leyti, að fjórði vegurinn mundi beztur, að samþykkja breytingartillögu h. þm. Barðstr. (S. J.) og Strand. (G. G.). Það er ómótmælanlegt og eðliegt frelsi safnaðanna, að mega kjósa um lalla, sem óska að verða prestar þeirra og með breytingum þessum er varnagli sleginn við því, að óverðugir og óhæfir umsækjendur komist að. Jeg er alveg á sömu skoðun og h. þm. Barðstr. (S. J.) og Str.m. (G. G.), að biskup eigi að hafa vald til að útiloka þá umsækjendur, er hann álítur óhæfa til þess að hafa prestsembætti á hendi.

Orsakirnar til þess, að þeir ekki eru hæfir geta verið ýmislegar, bæði siðferðislegar og svo þær, að trúarskoðanir einhvers þeirra eru frábrugðnar þjóðkirkjutrúnni. Það getur ekki verið heppilegt, og dugar ekki að leyfa að kjósa menn, sem eru frábrugðnir þjóðkirkjunni í trúaratriðum. Jeg skal þá ekki tefja tímann lengur, svo að aðrir, sem betur eru fallnir til þess en jeg, geti sagt álit sitt um málið.

Sigurður Stefánsson: Jeg get tekið undir með h. þm. S.-Þing. (E. Á.) um það, að jeg hefði verið eins vel ánægður, þó að engin breyting á lögum þessum hefði komið fram á þessu þingi. En jeg er einnig samdóma honum um það, að úr því að hún er komin fram, þá sje ekki rjett, að hún sje þegjandi felld, heldur sje tekið það tillit til hennar sem hægt er.

Þegar málið var fyrir á þingi síðast, og samþykkt, var það talinn eðlilegur rjettur, sem söfnuðunum væri veittur með þeim lögum. Jeg skal líka fyllilega játa, að svo sje. En þó að svo sje í sjálfu sjer, þá verða menn þó að gæta að, að hverju leyti þetta kemur saman við ástand það, sem nú er. Þá kemur margt til greina, sem verður að athuga. Jeg vil alls ekki draga úr þeim rjetti, sem söfnuðirnir hafa í þessu efni. Menn verða að gá að því, að þó að söfnuðirnir hafi kannske ekki farið vel með vald það, sem þeim hefur verið fengið í hendur, þá hlýtur þeim að lærast það með tímanum, eptir því, sem lögin verða lengur í gildi. Það er ekki von, að barnið læri undir eins að ganga, og það reynir það. Þar sem löggjöfin hefur gjört svo stórkostlega breyting frá því sem áður var, þá þætti mjer vel við

eiga, að lögin hefðu fengið að standa óbreytt nokkur ár enn, svo að söfnuðunum gæfist kostur á, að læra að nota þennan rjett eða frelsi, sem þeim er veitt með lögum þessum. En úr því tillaga til breytingar er fram komin, þá álít jeg það þó skyldu þingsins að reyna eitthvað við það og kasta málinu ekki alveg fyrir borð, heldur leitast við að koma því í það horf, að allir málsaðilar verði nokkurn veginn ánægðir.

Jeg skal játa, að þó jeg viðurkenni að frv. gangi í rjetta stefnu, þá er jeg þó ekki ánægður með það, og hef þess vegna komið fram með breyt.till. við frv., en eptir þeim orðum að dæma, sem hafa fallið um það, má ráða, að hún hafi ekki mikinn byr í deildinni.

Jeg skal játa það, að í fljótu bragði sýnist breyt.till. mín ef til vill ekki mikil breyting frá því, sem nú er. H. þm. S.-Þing. (E, Á.) gat þess, að ekki mundi vera nauðsyn á breyting á þessum lögum; hefði jeg því heldur búizt við, að hann hefði mælt fram með hinni minni fremur en hinni meiri, en hann hefur nú fært sínar ástæður fyrir því.

Eins og h. þingdm. geta sjeð, fer breyt.till. mín fram á, að í stað þess, að veiting kirkjulegra embætta er í höndum hins verzlega valds, vil jeg að veitingarvaldið sje sem mest í höndum biskupsins.

Eptir prestakosningalögunum, sem nú gilda, er það landshöfðingi með ráði biskups, sem semur umsækjendalistann. Það mun auðvitað vera optast ofan á, að landshöfðingi taki mikið tillit til ráða biskups, en þó er engin trygging fyrir því, að hann taki tillit til tillaga biskups fremur en hann vill.

Kirkjan er andlegt fjelag, sem á að leiða mannfjelagið til fullkomnunar og hefja þjóðfjelagið á hærra stig í trú og siðgæði, en til þess að kirkjan geti leyst þetta helga hlutverk sitt sem bezt af hendi, álít jeg, að hún eigi að hafa sem frjálsastar hendur og vera sem óháðust annarlegu valdi. Í þessu tilliti er veiting kirkjulegra embætta mjög þýðingarmikið atriði fyrir kristilegt safnaðarlíf, en að miklu leyti undir því komið, að þessi embætti sjeu skipuð nýtum mönnum, er hafi einlægan áhuga á að glæða og efla allt gott og fagurt hver í sínum verkahring. Veiting þessara embætta á því, að mínu áliti, eingöngu að vera í höndum kirkjunnar sjálfrar, að svo miklu leyti, sem samrýmst getur við samband hennar við ríkið.

Eins og nú er, skipar valdstjórnin biskupinn, sem er yfirhirðir safnaðanna, en biskupinn og söfnuðirnir eiga svo, að mínu áliti að hafa veitingarvald prestsembættanna, án tilhlutunar hins verzlega valds. Það er kunnugt hver áhrif hið verzlega vald hefur haft á málefni kirkjunnar. Sagan sýnir, að þau hafa ekki jafnan verið heillavænleg. Jeg kann ekki vel við að t. d. landshöfðingi, sem annars má vera hverrar trúar sem vill, eða hin ærzta landsstjórn, hver sem hún nú er, hafi veiting embætta í þjóðkirkjunni á hendi. Það er vanalega einn hinn bezti klerkur þjóðarinnar, sem situr á biskupsstólnum, maður, sem hefur helgað kirkjunni krapta sína og gjört það að sínu lífsstarfi að efla hana og styrkja, og það er næsta líklegt, að þessi maður, bæði með veiting hinna andlegu embætta og öðru, kappkosti að gjöra ekkert annað en það, sem miðar kirkjunni til gagns og góða. En jeg verð að álíta, að veiting hinna andlegu embætta sje eitt hið mikilsverðasta atriði í þessu efni. Trúarlíf safnaðanna er komið undir því, hvernig prestarnir gæta stöðu sinnar. Frá sjónarmiði þeirra, sem ekkert kæra sig um það, stendur á sama, hvar veitingarvaldið er. Það er ekki meining mín, að hið verzlega vald hafi í nokkru misbeitt valdi sínu í þessu efni, síðan prestakosningalögin komu í gildi, en hið verzlega vald hefur miklu minni eiginhvatir til að hugsa um ástand og hag kirkjunnar en biskup, sem beinlínis er til þess settur.

Þess vegna hef jeg komið fram með þá breytingu á lögunum, að biskup einn velji úr flokki umsækjenda þá, sem hann álítur hæfasta, og þó að það í fljótu bragði virðist ekki vera mikil breyting, þá er það þó talsverð breyting frá því sem nú er. Nú er svo ástatt, að veitingarvaldið við prestkosningar er hjá þremur, biskupi, landsh. og söfnuðunum, en biskupinn er að eins ráðgjafi landshöfðingjans, sem hann þarf ekki að taka meira tillit til en honum gott þykir. Jeg vil láta fækka þessum liðum í veitingarvaldinu, svo að að eins biskup og söfnuður veiti embættin en ekki, eins og nú er, biskup, landsh og söfnuður í sameiningu.

Frá safnaðanna sjónarmiði verður þetta ef til vill ekki talin mikilsverð breyting, en jeg er viss um, að frá þeirra sjónarmiði í söfnuðinum, sem láta sjer annt um velferð safnaðarins, sje hinum andlegu þörfum kirkjunnar betur borgið. Hvað sem sagt er um afnám biskupsembættisins þá er það ekki almennur vilji þjóðarinnar. Vegur þess er meiri en svo, að fyrir því fáist mörg atkvæði hjá hinni íslenzku þjóð. Jeg ímynda mjer, að söfnuðirnir tækju allflestir vel þessari breytingu og samvinnan gengi eins vel og jafnvel betur en hingað til. Jeg skal ekki neita því, að þetta, sem frv. fer fram á, er eðlilegur rjettur, sem söfnuðirnir eiga að hafa og því vandi að segja: hingað og ekki lengra. En þar sem kirkjan er enn bundin hinu verzlega valdi eða sameinuð ríkinu, þá kemur fleira til athugunar, sem líta verður á. Þá kemur til greina, hvernig þessi rjettur á við ásigkomulag það, sem nú er. Maður verður einnig að líta á þetta mál frá sjónarmiði prestanna. Því neitar víst enginn, að prestarnir eru til fyrir söfnuðinn, en ekki söfnuðirnir fyrir prestana. En það er sanngjarnt, að yfirstjórn kirkjunnar og í þessu tilfelli biskupinn hafi nokkuð að segja, þegar um veitingar er að ræða. Söfnuðurinn lítur eðlilega á kosninguna frá sínu sjónarmiði, en yfirstjórn kirkjunnar gjörir það frá beggja sjónarmiði, bæði safnaðanna og prestanna. Það er ekki rjett, að prestar verði að vera kannske alla æfi á sama brauðinu, hve aumt sem það er og hve sómasamlega og dyggilega þeir hafa staðið í stöðu sinni. Meðan brauðin eru ekki jafnari en þau eru, þá er það ekki rjettlátt. En söfnuðirnir taka ekki ávallt svo mikið tillit til þessa sem skyldi og er það eðlilegt frá þeirra sjónarmiði. En jeg hygg að með góðri samvinnu gæti þetta vankvæði horfið. Jeg álít, að söfnuðirnir geti borið það traust til biskups, að hann gjöri það, sem bæði prestunum og söfnuðunum er fyrir beztu. Það dugar ekki að vera allt af að „citera“ í það, þó einhverntíma hafi þótt mistakast val á umsækjendalistann; það getur komið fyrir hjá öllum, hvar sem veitingarvaldið er og söfnuðunum getur skjátlazt líka.

Jeg álít því eigi ástæðu til að fara lengra en uppástunga mín fer fram á. Jeg hygg, að valdi því sem jeg vil veita biskupinum í þessu efni verði ekki beitt svo, að ekki megi vel við una og því ekki ástæða til að gjöra meiri breyting frá því sem er. Jeg hef þó rýmkað rjett safnaðanna, er til þess kemur, að að eins þrír sækja um brauðið; þá má söfnuðurinn velja um þá alla, nema ef biskup af einhverjum sjerstökum ástæðum álítur einhvern þeirra alveg óhæfan í embættið.

Jeg álít miður heppilegt, að söfnuðirnir sjeu jafnan einir í ráðum. Það er kunnugt, að opt sækja ungir og alveg óreyndir kandídatar um prestsembætti, og ef þeir eru jafnframt framhleypnir og djarfir, þá gætu þeir vel komið svo ár sinni fyrir borð, að söfnuðirnir, ef þeir mættu einir ráða, kysu kannske þann, sem síztur væri af umsækjendum og sízt skyldi kjósa, auðvitað ekki af því, að þeir vilja hafa

slæman prest, heldur af ókunnugleika. En biskupinn þekkir langbezt þessa ungu menn. Hann situr í Reykjavík og er kunnugt um hegðun þeirra á námsárunum, og á því betra með að dæma um hæfilegleika umsækjenda en söfnuðir, sem opt hafa engan kost átt á að þekkja þá og renna því blint í sjóinn í vali sínu.

Jeg hef heyrt þessu opt svarað með því, að það sjeu söfnuðirnir, sem hjer eigi mest í hættunni og þeir geti ekki öðrum um kennt en sjálfum sjer, þótt kosningin misheppnist. Þetta er ekki allskostar rjett, því að það er ekki betra fyrir söfnuðinn að hafa óuppbyggilegan eða ónýtan prest, af því að hann hefur sjálfur kosið hann, heldur en þó veitingarvaldið hefði útnefnt hann. Ef presturinn rífur það niður, sem hann á að uppbyggja, þá er tjónið jafnmikið, hvernig sem hann hefur komizt að embættinu.

Við 1. umr. þessa máls var það tekið fram, að umsóknirnar um prestsembætti hefðu fækkað, síðan prestakosningalögin komu í gildi. Þetta mun vera rjett athugað, en jeg get þó ekki fallizt á það, sem við var bætt, að prestar mundu vera hálfhræddir við lögin eða þessar kosningar. Að vísu getur þetta verið í sumum tilfellum, en sjerilagi hygg jeg það koma af því, að prestaköllin eru nokkuð jafnari en áður og menn vilja ekki vera að hafa fyrir því, að rífa sig upp af brauðum, þegar svo lítill er munurinn, og álít jeg það kost, að flutningur presta hefur farið minnkandi. En úr því að umsóknunum hefur fækkað, þá er líka minni þörf á, að veitingarvald safnaðanna nái til allra umsækjenda, því að þá koma færri tilfelli fyrir, að fleiri en þrír sæki og þá hefur söfnuðurinn fullkomið vald til að velja um þá alla.

Viðvíkjandi því að talað hefur verið um raddir frá þjóðinni í þá átt að æskja þessarar breytingar, þá hef jeg gjört mjer far um að leita þær uppi og fundið líka á lestrarsalnum raddir úr einum 6 kjördæmum. Í þingmálafundargjörðum úr öðrum kjördæmum er ekki minnzt á neina breyting. Ástæðurnar til þess, að þessar fáu raddir hafa látið til sín heyra eru sprottnar af því, að á þingi 1891 kom fram frv. líkt þessu. En af umræðunum um það frv. hafa þessar raddir komið fram; það er því enn eigi almennur vilji þjóðarinnar að breyta lögum þessum og dregur það töluvert úr mjer, þó að jeg álíti rjett að söfnuðurinn hafi sem mest atkvæði um það, hverja presta þeir fái.

Jeg skal taka fram, að mjer er ekki neitt kappsmál að þessari breyt.till. minni og jeg get vel fallizt á breyt.till. h. 2 þm. (G. G. og S. J.) og greitt atkv. með henni.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal fúslega játa, að frv. þetta yrði mjög mikið aðgengilegra, ef breyt.till. þær, sem komnar eru hjer fram við það, kæmust að. Jeg skal viðurkenna það með mestu ánægju, að uppástungur þessar jafna úr misfellum þeim, sem bæði eru á frv. þessu og hafa verið á hinum núgildandi lögum, með því að ákveða nákvæmar um ýmisleg atriði í þeim, er áður hefur verið of lauslega skipað fyrir um. Jeg get verið samdóma þeim aðalskoðunum, sem komið hafa fram við þessa umr. í þessari h. þingd. því að h. þm. hafa talað með stillingu þeirri og alvöru, er sæmir þessu vandasama máli, þar sem um það er að ræða, að skipta niður á hagfeldasta hátt veitingarrjettinum milli þessara þriggju málsaðila: safnaðanna, kirkjustjórnarinnar og landsstjórnarinnar. Jeg skal lýsa yfir því, að mjer virðist breyt.till. á þingskj. 149 aðgengilegri en hin á þingskj. 148, af því að hún gjörir minni breytingu á lögunum. Jeg er samdóma h. þm. S.-Þing. (E. Á.) og þm. Ísf. (S. St.) um það, að rjettast muni vera að gjöra eigi að sinni stórvægilegar breytingar á lögum þessum, sem eru svona ung og sem menn eigi hafa haft nema stuttan tíma til að læra að hagnýta sjer. Breyt.till.

þessi bætir mjög úr þeim bresti, sem er á frumv.; komist hún í gildi, verður hægt að koma í veg fyrir þær óheppilegu afleiðingar, sem hlotizt gætu af því að í kjöri væri sá umsækjandi, er að einhverju leyti eigi væri vel til fallið að kosinn yrði. Það getur opt og einatt verið mjög erfitt fyrir söfnuði, að afla sjer sannrar þekkingar á öllum umsækjendunum, svo að þeir geti kosið með fullri sannfæringu á milli þeirra, sem í kjöri eru. Að vísu er svo ákveðið í lögum nú, að biskup, um leið og hann sendir umsóknarbrjef umsækjendanna, geti gjört athugasemdir, ef honum virðist ástæða til; en það er mjög óvíst, hvort slíkar athugasemdir eða tillögur frá biskupi mundi hafa hin tilætluðu áhrif, ef t. a. m. svo væri ástatt, að einhver annar af umsækjendum heldur en sá, er biskup mælti fram með, ætti sjer ötulan meðhaldsmann meðal safnaðarins, er gæti fengið hann til að kjósa eptir sínum vilja, en ganga fram hjá hinum, er biskup legði með. — Báðar þessar breyt. till. heimila biskupi að halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfilega til að hafa á hendi prestsembætti. Þessi sama takmörkun er í báðum till. En hjer gæti þó verið um 2 stig að ræða. Það getur verið, að einhver umsækjandi sje óhæfur í öll prestsembætti, og fyrir því sje sjálfsagt að útiloka hann, en svo getur verið annar, sem hefur einhvern þann galla, er gjörir hann óhæfan til prestsembættis á vissum stöðum, jafnvel þótt hann sje alls ekki óhæfur á öllum stöðum. Mjer virðist því ákvæði þetta vera of einskorðað, en skeð getur, að það þurfi ekki að verða til tjóns í framkvæmdinni.

Í breytingartill. 149 er bætt inn ákvæðunum úr lögunum, sem jeg við 1. umr. tók fram, að fallið hefðu út úr frv. um, að þeir sem í kjöri megi vera, skuli allir fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Það er mjög til bóta, að þessi viðbót sje tekin upp í frv.

Breyt.till. á þingskj. 148 stefnir auðsjáanlega í sömu átt sem hin, þá átt, að ráða bót á göllum frv. og gjöra það aðgengilegra. Jafnvel þótt það sje mjög viðurkenningarvert, að vilja jafna milli þessara þriggja hlutaðeigenda um veitingarrjettinn, virðist mjer þó þessum lofsverða tilgangi eigi vera fyllilega náð með þeim ákvörðunum, sem þar eru settar. Það er þá fyrst, að landshöfðingja er áskilið vald til þess, fjárhagsins vegna, að krefjast þess, að haldið sje eptir umsóknarbrjefum, þá er honum virðast ástæður til þess eptir atvikum. Jeg skal viðurkenna, að þetta er í sjálfu sjer rjett hugsun, og veit jeg, að landshöfðingi muni álíta hana allrar viðurkenningar verða. En spurningin er, hvort þetta verður svo auðvelt í framkvæmdinni. Hjer er svo eptir greininni, að ef landsh. eigi telur umsækjandann trúanlegan til að standa í skilum með gjöld af prestakallinu, þá getur umsækjandi þó komizt að, með því móti „að setja nægilega tryggingu“. Það getur opt og tíðum verið ekki svo auðvelt fyrir umsækjanda að vita það, hvort hann verður álitinn af landsh. trúanlegur fyrir gjöldunum af prestakallinu, án þess að hann þurfi að setja tryggingu, og setjum nú svo, að hann verði hræddur um, að hann verði eigi álitinn skilsamari en svo, að heimtuð verði af sjer trygging, en þá verður hann líka að senda þessa tryggingu um leið og umsóknarbrjef sitt; en á þessu geta orðið annmarkar, vegna naums tíma, því að þessi 6 vikna frestur, frá því að brauð er auglýst laust, og þangað til það er aptur tekið niður, mundi reynast harla stuttur tími, ef umsækjandi væri úr fjarlægum landsfjórðungi. Þótt póstgöngur hafi nokkuð batnað á síðari tímum, þá eru þær eigi svo fljótar enn á öllum tímum árs, að hægt sje að koma brjefum fram

og til baka á þeim tíma frá fjarlægum landsfjórðungum. Svo er það og kunnugt, að það hefur jafnan verið, og er jafnvel enn venja þeirra presta, sem æskja eptir að skipta um prestakall, að hafa umboðsmann hjer í Reykjavík, er þeir hafa gefið aðalumboð til að sækja fyrir sína hönd, ef viðunanlegt prestakall kynni að losna. Þessi umboðsmaður mundi nú alls eigi geta sett þessa tryggingu um leið og hann sækti fyrir umbjóðanda sinn, jafnvel þótt hún yrði heimtuð, til þess að hlutaðeigandi prestur gæti fengið að verá í kjöri. Það er heldur ekki svo auðvelt fyrir fátækan umsækjanda, að hafa tryggingu á reiðum höndum. Um verðbrjef er naumast að ræða, heldur annaðhvort fasteign eður ábyrgð manna, sem landsh. tæki gilda. Jeg hygg, að þetta ákvæði mundi reynast mjög erfitt og óhentugt í framkvæmdinni, hversu vel sem það er meint.

Annað atriði í þessum breyt.till. (C. 148) er það, að svo er mælt fyrir, að biskup skuli senda til safnaðarins meðmæli sín með einum af umsækjendunum, og gefa í skyn: þessum og engum öðrum verður brauðið veitt, ef jeg má ráða; jeg vil ráða ykkur til að kjósa hann. Þetta getur nú verið mikið gott, ef söfnuðurinn fer eptir þessu, og gefur þessum umsækjanda af frjálsum vilja atkvæði sitt. En setjum nú svo, að einhver ólga sje í söfnuðinum og æsingur, svo að hann hafi ekki nóga stillingu til að gefa gaum hollum og vel meintum ráðum biskups, svo að söfnuðurinn kýs ekki þennan umsækjanda, heldur einhvern af hinum, þá getur þetta orðið talsvert óþægilegt fyrir biskupinn, að hafa óbeinlínis lagt á móti þeim, sem söfnuðurinn þó kýs. Jeg finn þetta töluvert athugavert við þessar breyt.till., jafnvel þó jeg játi, að þær eru mjög til bóta fyrir frumv. ef þær komast að, og gjöra það aðgengilegri heldur en áður.

Á þessu sama þingskj. 148 er nýr viðauki frá sömu h. þm. Jeg er þeim mjög þakklátur fyrir þennan viðauka. Það er töluverð trygging í því, að það sje eindreginn vilji safnaðarins, sem lýsir sjer, þegar svo mikill hluti hans er á sama máli, og það er fyllilega á rökum byggt, að komi það fyrir, að söfnuður kjósi á annan hátt, heldur en biskup hefur bent til, þá þurfi talsverðan meiri hluta safnaðarins, til að geta sameinað sig um annan umsækjanda, til þess að kosningin sje bindandi fyrir veitingarvaldið. Jeg hygg því, að þessi viðauki sje mjög til bóta, og vil sem bezt mæla með því, að hann nái samþ. h. þingd. Jeg skal að lokum benda á það, að það mun eigi vera allskostar rjett á þessu sama þingskj. (148), þar sem að eins er vitnað í 8. gr. laga 8. janúar 1886 — auk þess er prentvilla 1866 í stað 1886 —; það ætti víst að standa 4.—8. gr., því að í öllum þessum greinum eru ákvæði um kosninguna, en ekki í 8. gr. einni. Það má að líkindum skoða þetta sem prentvillu, og leiðrjetta það án sjerstaks breyt. atkvæðis.

Jeg skal leyfa mjer að benda á eitt orð í frumv., sem getur valdið misskilningi. Það er orðið „þeir“ í setningunni: „ef þeir eru komnir til lögaldurs“. Eptir sambandi orðanna liggur næst, að þetta „þeir“ eigi við umsækjendurna, en á að sjálfsögðu við kjósendurna. Þetta þarf að sönnu ekki að valda hættulegum misskilningi, en jeg minnist á þetta, af því að á þingi 1885 urðu miklar umræður og mikil rekistefna út úr þessu orði, sem þá. eins og nú, var sett á rangan stað í málsgreininni, og þetta varð þess valdandi, að frv. komst í sameinað þing. Þá var þessu að lokum kippt í lag, á þann hátt, að setningunni var snúið við, og byrjuð þannig: „Um umsækjendur þá“ o. s. frv.

Jeg get ekki sezt svo niður nú, að jeg eigi víki frá mjer orðum þeim, er til mín voru töluð við 1. umr. þessa frumv. H. þm. Strand. (G. G.) viðhafði þau orð um mig, að jeg gerði söfnuði „lúalegar

getsakir", og hann endurtók þessi ummæli sín. Jeg álít, að orð mín við þá umr., hafi alls ekki gefið þeim h. þm. minnsta tilefni til, að viðhafa þessi orð, og jeg mótmæli þeim kröptuglega, og vísa þeim frá mjer, sem meiðandi fyrir mig. Ef sú gjörð, sem þá var um að ræða, verðskuldar ámælisorð, þá liggur sökin hjá þeim, sem hana hafa framið, en eigi hjá þeim, sem um hana talar. Jeg mótmæli því, að jeg hafi viðhaft þau orð, er hafi getað gefið þm. rjett til, eða tilefni, til þessara orða.

Forseti áminnti menn um að halda sjer fast við dagskrána í dag, og ekki fara út fyrir hana, en kvaðst þó mundi leyfa örstutt svar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef eigi fundið ástæðu til að standa upp í þessu máli, og heldur ekki haft neitt sjerstakt að athuga við það, sem sagt hefur verið, en knúður af hinum h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) til að standa upp, ætla jeg um leið að nota tækifærið til að gjöra fáeinar athugasemdir.

Viðvíkjandi umræðum h. þm. Ísf. (S. St.) um að breyt.till. okkar h. þm. Barðstr. (S. J.) gengi í allólíka stefnu og hans, þá vil jeg geta þess, að þetta er ekki allskostar rjett, því um báðar þessar breytingartill. er það að segja, að þær auka vald biskups, þótt okkar tillaga gangi ekki eins langt og tillaga h. þm. Ísf. (S. St.), af því að söfnuðunum er ætlaður meiri rjettur eptir okkar breyt.till., en h. þm. Ísf. (S. St).

Það var einnig lítið í ræðu h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) við 1. umr. hjer í deildinni, og sem h. þm. Ísf. (S. St.) minntist einnig á, en það var viðvíkjandi hinum svo nefndu fyrirheitsbrauðum, er mjer þykir athugavert, og þess vegna ætla jeg stuttlega að leyfa mjer að svara með fáeinum orðum. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) kvað frumv. það, er hjer liggur fyrir deildinni, vera því til fyrirstöðu, að hægt væri að efna þessi loforð, og minntist um leið á sjera Pjetur í Grímsey. En hvernig sagt verður, að þetta frumv., er hjer liggur fyrir, fremur sje þessum fyrirheitum til fyrirstöðu, en núgildandi prestakosningalög, fæ jeg eigi sjeð. Eptir þessum lögum er það jafnómögulegt, að kjósendum að eins gefist kostur á einum manni, ef fleiri gefa kost á sjer, eins og eptir þessu frumv. Sjera Pjetur getur alveg eins vel fengið annað brauð, þó það nái fram að ganga sem lög, eins og hann getur nú. Sje hann t. d. einn af mörgum, sem sækir um eitt brauð, þá getur landsstjórnin að eins látið hann vera einn af þremur, sem kjósa á um, og þá getur söfnuðurinn eins vel tekið annanhvorn hinna, en sje hann einn af 2—3 umsækjendum þá hefur hann þó ávallt keppinaut hjá söfnuðinum, sem getur orðið honum hættulegur. H. h. þm. Ísf. (S. St.) hafði það á móti þessu frumv., að þjóðinni væri það ekkert áhugamál að fá prestakosningarlögunum breytt, og færði því til sönnunar, að óskir um breytingar þessu aðlútandi, hefðu komið frá sex þingmálafundum. Hann taldi þessar sex raddir ljóst merki þess, að þjóðin yfir höfuð ekki kærði sig um neinar breytingar. Þetta álít jeg þó enganveginn rjetta röksemdaleiðslu hjá h. þm. Að ekki komu fram fleiri bænarskrár til þingsins í líka stefnu er ef til vill sumpart að kenna áhugaleysi manna í kirkjulegum málum, en þó einkum kemur það að minni hyggju til af því, að menn almennt eru ánægðir með þá presta, sem þeir nú hafa, og finna því ekki ástæðu til að kvarta yfir lögum, sem hafa stuðlað til þess, að þeir fengju þá. — Mjer er einnig kunnugt um, eptir því sem orð fjölda manna hafa fallið, sem einmitt eru úr þeim sóknum, sem enga ósk hafa sent, að þetta er eindreginn vilji manna yfir höfuð að fá sem frjálslegust prestakosningalög sem auðið er. Jeg held því, eins og jeg hef sagt, að orsökin til þess, að svo fáar raddir hafa heyrzt þetta mál áhrærandi

sje fremur sú, að menn síður gefa þeim göllum, er á kosningarlögunum eru gaum, þar eð þeir eru ánægðir með presta sína, heldur en sú, að þeim geðjist svo vel að sjálfum kosningarlögunum. Áhuginn mun vakna hjá hverjum söfnuði þegar að því kemur, að hann sjálfur þarf að fara að hagnýta sjer lögin.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) fór vægum orðum um breytingartillögu okkar, og verð jeg að játa, að jeg get ekki þakkað honum það, þar sem breytingar- og viðaukatillaga okkar h. þm. Barðstr. (S. J.) fer að eins í þá stefnu að auka biskupsvaldið og að öðru leyti til að mæta h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) og öðrum andmælendum frv. á miðri leið. Breytingartillaga okkar eykur vald biskupsins með því að veita honum vald til að útiloka óverðuga menn frá því að komast á kjörskrá, og er það, eins og h. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, eðlilegt að þetta vald heyri honum til. Ennfremur tekur tillaga okkar tillit til, að fjár landsins sje gætt og sje eigi falið á hendur óráðsömum mönnum. Með því að setja það á vald landshöfðingja að bægja þeim frá, er að hans áliti ekki er skilsamur maður, ef eigi er sett veð, er sú mótbára, sem af þessu hefur stafað, með öllu horfin.

H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að þessi varnagli okkar væri meira á orði en á borði; það væri efasamt um það, hvort hann væri framkvæmanlegur, og það mundi verða hinn mesti bagi fyrir fátæka menn, ef þeir þyrftu að vera sjer út um veð. Þetta er að sönnu satt, en h. þm. gætir eigi þess, að veð mundi alls ekki heimtað af manni, sem kunnur er að skilvísi, þótt hann væri fátækur, eða að minnsta kosti ætti að vera óhætt að bera það traust til landsstjórnarinnar.

Jeg hef svo ekki fleira að athuga við það, sem talað hefur verið málinu viðkomandi, en þá er eptir að svara viðauka þeim, er h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) bætti við ræðu sína og sem var málinu óviðkomandi, og vil jeg verða við tilmælum forseta að verða ekki fjölorður um þetta.

Að jeg taki orð mín aptur er enginn vegur, af því þau voru byggð á skoðun minni, sem stendur óhögguð enn, þeirri skoðun, að það væru getsakir, jafnvel lúalegar getsakir að geta þess til, að söfnuðirnir settu ef til vill tímanlega og eilífa velferð sína í veð móti lítilfjörlegum slægjubletti.

Það sjest á þingræðum okkar, hvað hver okkar hefur sagt, og hann getur sjálfur sjeð í ræðu sinni, ef hann vill, að honum fórust þau orð, að kjósendur litu meir á stundarhagnað og kysu þann prest, er þeir ef til vill alls ekki vildu hafa, ef þeir að eins sæju sjer einhvern veraldlegan hagnað í því. Út af þeim ummælum mínum, sem raunar ekki koma þessu máli neitt við, að menn, með því að fá einhverjar lítilfjörlegar og meiningarlausar rolur fyrir meðmælendur, gætu náð kosningu til alþingis, dregur h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) þá ályktun, að jeg ekki geri mönnum minni getsakir, en jeg segi að hann hafi gjört, og slettir því fram í umræðum við óviðkomandi mál. En hvernig getur það verið blettur á heilum hreppi, þó einhver einn finnist í honum, sem er lítilmenni og jafnframt meiningarlítill og jeg held fáa hreppa svo vel skipaða, að þeir eigi ekki einn slíkan mann. Þessar getsakir mínar, er hann kallar svo, eru ekki ólíkar þeim, er hann hefur látið sjer um munn fara, getsakir, sem, ef þær væru sannar, væru nægar samkvæmt kenningu kirkjunnar til þess, að koma ef til vildi bæði þeim sjálfum, er gjört hefðu og hluttakeigandi söfnuði, norður og niður, þangað sem jeg veit ekki, hvort jeg má nefna hjer í þessari heiðruðu þingdeild. Slíkt er þó sannarlega sá þungbærasti slægju- eða beitartollur, sem jeg hef heyrt getið um.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C. 149) við 1. gr. samþ. með 7:4 atkv.; 2. br.till.

(C. 149) við sömu gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. br.till. (C. 148) samþ. með 6 atkv.; 4. br.till. (C. 148) samþ. með 6 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 10 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Einar Ásmundsson,	Kristján Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Gutt. Vigfússon,	Þorkell Bjarnason.
Hallgr. Sveinsson,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson.	

Frv. til laga um samþykktir til að friða skóg og mel (C. 131); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. 132); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: H. Nd. hefur sent oss frv., er heitir „frv. til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband“; texti þess er ekki langur og mergurinn sá, að þjóðkirkjumönnum skuli jafnheimilt að nota borgaralegt hjónaband, sem utanþjóðkirkjumönnum. Frv. þetta hefur tekið æðimiklum breytingum frá því, er það fyrst var lagt fyrir alþingi að þessu sinni, bæði til þess að gjöra það aðgengilegra og formlegra. Þegar vjer lítum á þetta frv., verður sú spurning fyrst fyrir, hvort nokkur þörf sje á því. Er nokkur nauðsyn á að útvega mönnum, sem í þjóðkirkjunni eru, þennan rjett, er frv. fer fram á? Jeg sje engar þær ástæður, að þingið geti fundið sig knúð til að veita því fylgi sitt, engar óskir af hendi þjóðarinnar, er benda í þá átt. Og jafnvel þótt frv. þetta öðlaðist hylli þingsins og næði staðfestingu konungs þá er jeg þó fullviss um, að það mundi enga verulega þýðingu hafa, af þeirri einföldu ástæðu, að menn mundu ganga framhjá og eigi færa sjer í nyt leyfi það, er frv. þetta heimilar, nema ef til vill örfáir menn. Aðalástæðan til, að frv. þetta hefur komið fram, mun vera, að einstakir menn hafa kvartað yfir þeim ritningarlestri og helgisiðum eða „serimonium“, er kirkjulegri vígslu er samfara og sagt þær spilla ánægju þeirri og gleði, er vígslunni á að fylgja; spurningar þær og ritningargreinar, sem prestinum með lögum er skipað að hafa um hönd og lesa við þetta tækifæri, væru sjer ógeðfeldar og jafnvel hneyksluðu sig. Jeg vil alls ekki gera lítið úr þessum ástæðum, og mönnum kann að einhverju leyti að vera nokkur vorkunn, þótt þeim þyki svo, en sje þetta aðalástæðan til, að frv. hefur komið fyrir þingið, þá hygg jeg, að hún falli fljótt um sjálfa sig, þegar menn gæta að því, að öll líkindi eru til, að handbókin innan skamms tíma verði endurskoðuð og lagfærð. Takist endurskoðun þessi vel, sem engin ástæða er til að efa að óreyndu, og öðlist staðfestingu stjórnarinnar, þá er engin ástæða til að ætla, að sönnum þjóðkirkjutrúarmönnum þurfi lengur að þykja óviðfeldið að nota þessa kirkjulegu athöfn, því meðal breytinganna á handbókinni verða óefað breytingar á hjónavígslu-rítúalinu, og það í þá átt, sem óskir manna hafa bent til. Eða hvers vegna skyldi mönnum þykja *þessi* kirkjulega athöfn óviðfeldnari en allar aðrar? Vitanlega stendur þessi athöfn í nokkru öðru sambandi við lög og landsstjórnarreglur en ýmsar aðrar kirkjulegar athafnir, t. d. hin heilögu sakramenti; hjónabandið hefur vissulega sína borgaralegu hlið, sem sakramentin hafa eigi, eða miklu síður; en hjer á landi er sú skoðun að minnsta kosti almenn, að sáttmáli sá, sem maður og kona gera sín á milli, sje annað, meira og helgara, heldur en hver annar sáttmáli manna á meðal. Menn hafa opt í þessu sambandi hengt hatt sinn á

þau orð Lúters, að hjónavígsla væri borgaraleg athöfn og ekki kirkjuleg; en sjaldnast eða aldrei hafa menn þá athugað við hvaða tækifæri og í hvaða sambandi þessi orð voru töluð. Þau voru töluð móti kaþólsku kirkjunni, er setja vildi hjónavígsluna í tölu hinna heilögu *sakramenta*. Jeg þykist skilja svo vel anda Lúters, að jeg óhikað þori að segja, að ef einhver þá hefði beint þeim orðum að honum, hvort kirkjan hefði þá ekkert með hjónavígsluna að gera, að hann hefði svarað því með beinhörðu „já“. Kirkjan á einnig eptir skoðun Lúters að „sanktionera“ og lýsa blessun sinni yfir þessum helga sáttmála, sem hefur svo víðtæka þýðingu fyrir alla siðferðislega fjelagsskipun.

Ef menn gætu bent mjer á einhvern verulegan hagnað, sem af frv. þessu gæti leitt, eða verulega þörf, sem það bætti úr, væri öðru máli að gegna, og jeg mundi þá ekki stuðla til að fella þetta frv.

Lög 19. febr. 1886 veita utanþjóðkirkjumönnum leyfi til að ganga í borgaralegt hjónaband, svo þeir ekki þurfi að fara á mis við þau borgaraleg rjettindi, er þeir hafa sannagjarna kröfu til, sem og eru tryggð þeim til handa með sjálfri stjórnarskránni, og geti fengið vígslu án hjálpar kirkjunnar. Þetta er rjett og sjálfsagt, en síðar hafa menn viljað rýmka þetta frelsi, er kallað er, og láta það einnig ná til þjóðkirkjumanna, sem alls enga þörf hafa á því; menn hafa á fyrri þingum haldið fyrir því langar og snjallar ræður, án þess þó að geta sannfært hina háttvirtu deild, og vona jeg eins verði í þetta sinn, þar eð jeg frá kirkjulegu sjónarmiði ekki enn þá get sjeð neina ástæðu til að halda þessu máli fram.

Guttormur Vigfússon: Jeg stend ekki upp til þess að mæla þessu frv. bót, enda virðist mjer þess eigi þurfa. Jeg get ekki sjeð, að þau mótmæli, sem fram hafa komið móti því hafi við mikil rök að styðjast eða geti skaðað framgang þess. Það hefur að vísu verið sagt, sem aðalmótbára gegn frv., að það sje óþarft og ónauðsynlegt, en enginn hefur sýnt fram á, að það væri skaðlegt á nokkurn hátt. Mjer virðist nú frv. þetta vera mikil rjettarbót og jeg er þakklátur h. Nd. fyrir að hafa komið fram með það. Rjettarbót kalla jeg það, að sjerhverjum hjónaefnum, þótt þau sjeu í þjóðkirkjunni, er heimilað að ganga í hjónaband hjá verzlegu yfirvaldi, sýslumanni eða bæjarfógeta, án þess að þurfa að fara til prests. Jeg hygg, að það geti opt komið fyrir, að hjónaefni, þótt þau sjeu vel kristin, og hafi hreina þjóðkirkjutrú, kjósi þessa aðferð, og hafi sínar ástæður fyrir því. Jeg segi ekki þar með að jeg búist við því, að þetta verði almennt gjört. Jeg heyrði það á ræðu h. 2. kgk. (H. Sv.) að hann áleit það vorkunnarmál, þótt einstöku maður, undir ýmsum kringumstæðum, vildi koma sjer hjá að þurfa að taka vígsluna í kirkjunni, ef honum t. a. m. þætti óviðfeldnar reglur og setningar, sem viðhafðar eru við það tækifæri o. fl. Jeg segi fyrir sjálfan mig, að jeg hefði verið þakklátur, þá er jeg giptist, ef slík lög, sem þessi hefðu þá verið til, því satt að segja eru í handbókinni ýmisleg ákvæði sem mjer eins og mörgum fleirum þykja ógeðfeld, og miður viðeigandi á þessum tíma. Jeg vil því mæla með því, að frv. þetta fái að ganga sinn veg, bæði til 2. umr. og svo í gegnum þingið.

Landshöfðingi: Stjórnin lagði fyrir alþingi 1877 frv. um borgaralegt hjónaband til þess að fullnægja þeirri gr. í stjórnarskránni, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) nefndi. Þá var frv. felt á þinginu, af því að þm. höfðu hina mestu óbeit á borgaralegu hjónabandi. 1885 var aptur fyrir þinginu frv. um líkt efni og var það þá samþykkt með hangandi hendi, en þá mátti það ekki heyrast, að borgaralegt hjónaband skyldi leyfast öðrum en utanþjóðkirkjumönnum. Síðan eru nú liðin að eins 7 ár og 16 ár síðan hið fyrra frv. var fyrir

þinginu. En að skoðanir landsmanna hafi breytzt svo mjög, að það sem ekki mátti nefna á nafn fyrir 16 árum síðan, og jafnvel ekki fyrir 7 árum síðan, að það skuli nú hafa eins mikinn byr og þetta frv. — það er mjer mjög svo óskiljanlegt.

H. þm. S.-Múl. (G. V.) sagði, að frv. þetta væri rjettarbót. Því get jeg alls ekki samsinnt. Jeg get ekki fundið það í neinu mætara, að sýslumaður eða bæjarfógeti gefi í hjónaband heldur en að prestur gjöri það. Jeg hef ekki svo fínar tilfinningar, að jeg þoli ekki að heyra lesin upp nokkur orð úr gamla testamentinu, jafnvel þó jeg finni að þau orð eigi betur við þann tíma, sem þau voru rituð á, en við vora daga.

Jeg heyrði þær ástæður vera færðar fyrir frv. þessu í h. Nd., að hjónabandið væri eigi annað en samningur, og því væri það gamaldags kreddur, að skylda menn til að fara endilega til prests til að gera þennan samning. En hví er mönnum þá ekki heimilað að upphefja þennan samning eins og hvern annan samning? Mjer finnst það eðlileg afleiðing af þessu frv. að tekið sje skrefið út, og hjónum sje leyft að fara til sýslumanns eða bæjarfógeta og segja lausum þessum samning, þegar þeim svo lízt. Þau geta komið sjer saman um það fyrir fógetanum, hvernig þau vilja ráðstafa búi sínu og börnum, ef þau eiga þau. Þetta mundi víst h. þm. S.-Múl. (G. V.) þykja æskilegt frelsi. Vill ekki h. þm. (G. V.) bæta ákvæðum um þetta inn í frv.

Guttormur Vigfússon: Það eru að eins örfá orð, sem jeg ætla að tala, út af ræðu hæstv. landsh. Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að Nd. hefði byggt á því að álíta bæri hjónabandið að eins sem samning, svo að rjettast væri að taka skrefið út og fá heimild til að fara til sýslumanns eða bæjarfógeta til að rjúfa þann samning, þegar manni sýndist. Jeg skal nú ekkert verja eða sækja um það, hvaða meiningar Nd. hefur um þetta; en hitt get jeg sagt, að jeg skoða ekki hjónabandið sem hvern annan samning. Jeg hef allt of mikla virðingu fyrir hjónabandinu til þess; jeg álít það helgan samning, helgari en alla aðra samninga, sem jeg þekki. En samt sem áður virðist mjer engin brýn nauðsyn bera til að fastbinda, að það skuli endilega stofnað fyrir presti, ef hlutaðeigendur, af einhverjum sjerstökum ástæðum, vilja heldur að valdsmaður gipti sig, enda álít jeg þann samning engu helgari eða fastbundnari fyrir það, þótt prestur sje við, þegar þessi samningur er gjörður, heldur en einhver verzlegur valdsmaður.

Jón A. Hjaltalín: Það voru orð hæstv. landsh., er komu mjer til að standa upp Hann furðaði á því, að hugir landsmanna skyldu hafa breytzt svo, að það sem menn vildu ekki sjá 1877 og gengu að að nokkruleyti 1885, að það væru menn svo fiknir í að fá nú í gegn. En þetta er alls ekki undarlegt; það hafa farið fram tvennar alþingiskosningar síðan, svo að andinn hefur mikið breytzt frá því sem þá var. Vjer erum framfaramenn.

Hæstv. landsh. stakk upp á, að bætt væri inn í frv. ákvæðum um, að hjón gætu líka skilið hjá bæjarfógeta eða sýslumanni. Jeg get ekkert sjeð á móti því fyrirkomulagi. Jeg get ekki skilið, að neitt geti verið á móti því, að hjón geti eins vel skilið hjá sýslumanni eða bæjarfógeta eins og hjá amtmanni.

Orð Lúters styðja og einmitt þetta mál. Það eru hans bein orð, að hjónabandið sje verzleg athöfn. Það þarf því allmikið hugrekki til, að gjöra Lúter upp þau orð, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) gjörði honum upp, ef sú spurning hefði lögð verið fyrir hann, er sami h. þm. (H. Sv.) bar upp.

Það getur vel skeð, að Lúter hafi

komizt á þessa skoðun, af því að hann átti í höggi við kenningu kaþ.kirkjunnar á hjónabandinu, en það er engin minnsta ástæða til að halda, að hann hafi ekki talað þessi orð í fullri meiningu.

Hallgrímur Sveinsson: Jú jeg þori að segja það. Jeg hef fullkomna dirfsku til að segja, að Lúter hefur ekki viljað hrekja hjónabandið burt úr kirkjunni. Jeg er sannfærður um, að minn skilningur á anda Lúters er rjettur, svo að hann er að minnsta kosti ekki fjarri aðalskoðun hans á þessu efni.

Jeg get yfirhöfuð ekki sjeð, hvað gjörir það að verkum, að mönnum, sem á annað borð hafa þjóðkirkjutrú, veitir svo erfitt að fara í kirkju og þiggja þjónustu af presti. Sá, sem er sannarlegur þjóðkirkjumaður, hlýtur að eins að hafa ánægju og uppbyggingu af að koma í kirkju. Ef menn bera virðingu fyrir prestinum, ekki að eins sem manni, heldur og vegna embættisins, má þeim vera það ljúft að heyra hann og nota hans þjónustu við stofnun hjúskaparins, ekki síður en til að fá hjá honum barn sitt skírt eða láta það staðfesta sitt skírnarheit fyrir honum í guðshúsi. Hafi maðurinn þjóðkirkjutrú meira en að nafninu, og það má gera ráð fyrir því hjá allflestum, þá á honum ekki að vera neitt ógeðfellt að nota kirkjulegar athafnir, eins og þær hingað til hafa verið skipaðar með lögum og venjum kirkjunnar.

Á þingi 1885 var hjer í Ed. gamall og æruverðugur þingmaður, sem ekki er nú hjer eða jafnvel meðal lifenda, því hann er kominn undir græna torfu. Talaði hann þá mjög hjartnæmum orðum og innilegum, hve hátíðleg honum hefði þótt sú stund, er hann var gefinn í hjónaband og lýsti því yfir, hve ógeðfellt sjer mundi hafa verið, ef athöfn sú hefði farið fram á nokkrum öðrum stað en í guðshúsi. Jeg ímynda mjer, að það sjeu margir og jafnvel flestir, sem hugsa eins og þessi maður, og það er ætlun mín, að þeir, sem hafa sannarlega þjóðkirkjutrú, þurfi ekki að láta á móti sjer að fara í kirkju og nota þessa kirkjulegu athöfn.

Það hefur verið sagt og í sambandi við orð Lúters, sem menn nota nógu rösklega í þessu efni, að það sje ófrelsi að geta ekki gengið í hjónaband nema með því móti að ónáða prestinn og nota „seremoniur“, sem sjeu óþægilegar og óviðkunnanlegar. Jeg held að það sje nokkuð djarft sagt af mönnum, sem eru í kirkjufjelaginu að setja sig til dóms yfir því og álíta hneykslanlegt að taka þátt í athöfnum þess. Þó að þeir kynnu að hafa á móti prestinum, sem manni, þá á það ekki að hafa áhrif á skoðun þeirra á þeirri þjónustu, sem presturinn framkvæmir. Í kirkjunni kemur hann ekki fram eingöngu sem maður, heldur sem umboðsmaður kirkjunnar, er á að framkvæma kirkjulegar athafnir eptir þeim reglum, sem í kirkjunni gilda. — Það getur eins komið fyrir, að einhver, sem vill fá hjónavígslu, hafi á móti þeim bæjarfógeta eða sýslumanni, sem gefa á saman og svo getur komið fyrir í öllum samböndum, en þess háttar smámuni mega menn ekki láta hafa áhrif á sig eða ráða miklu. Jeg gjöri ekki mikið úr þeim ástæðum, að prestar sjeu tilkomulitlir og óskemmtilegir; það kann að vera að sumir sýslumenn sjeu tilkomumeiri, en ekki eru það þó allir. Jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að þeim, sem eru verulegir þjóðkirkjutrúarmenn, geti ekki verið það áhugamál að losast við kirkjulega vígslu. Það er heldur ekki rjett, sem sumir láta í veðri vaka, að kirkjan hafi ranglega sölsað undir sig þetta vald, heldur hefur landsstjórnin og borgaralegt fjelag falið kirkjunni þetta vald. Í vígslunni sameinast „funktion“ þess borgaralega valds og „funktion“ hins kirkjulega valds, og presturinn, sem umboðsmaður kirkjunnar og þjóðfjelagsins, staðfestir þetta samband, sem er annars eðlis en öll önnur borgaraleg

sambönd. Það á að standa um langan tíma og hefur meiri þýðingu, dýpri og varanlegri en önnur. Það getur því enginn sagt, sem vill vera sannsýnn, að það sje ástæðulaust, að kirkjan vill gjöra þessa athöfn eins hátíðamikla og alvörumikla og hægt er, og leggja hátíðlega blessun sína yfir þennan helga sáttmála. Nú getur verið, að einhver segi, að hjónabönd hafi ekki öll blessazt fyrir það, en það er sannarlega ekki hinni kirkjulegu vígslu að kenna, þótt stundum hafi farið á annan hátt. Þessi hjónabönd hafa ekki vanblessazt af því, að presturinn hefur gefið hjónin saman eða að lesnar hafa verið yfir þeim ritningargreinar, heldur af því að þau hafa sjálf eigi getað lifað kristilega saman, þó að kirkjan hafi reynt að hafa helgandi og betrandi áhrif á hjónabandið bæði í byrjuninni við stofnun þess og einnig í framhaldi þess.

Þessi athöfn er of þýðingarmikil til þess, að ekki sje allt gjört til þess að brýna fyrir mönnum, sem stíga það stig, að hún sje ekki lítilsvirði nje ljettvæg, heldur alvarleg og áhrifamikil athöfn, eigi að eins fyrir sjálfa þá, heldur einnig niðja þeirra og vandamenn og fjelag það, sem þeir lifa í, fyrir sóknarfjelagið, kirkjufjelagið og yfir höfuð borgaralegt fjelag, og hefur meiri þýðing en nokkur annar fjelagsskapur.

Jeg verð því að vona að menn leggi svo mikla áherzlu á kirkjulega vígslu, að menn greiði atkv. móti þessu frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. feldt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón A Hjaltalín,	Guðjón Guðlaugsson,
Þorl. Jónsson,	Hallgrímur Sveinsson,
Einar Ásmundsson,	Kristján Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sigurður Jensson,	Sig. Stefánsson,
	Þorkell Bjarnason.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna. (C. 133); 1. umr.

Landshöfðingi: Þeim, sem hafa borið frv. þetta upp, hefur eflaust gengið það til að gjöra konum þeim, sem frv. nær til, mikinn greiða með því að veita þeim mikil rjettindi, sem ættu að vera mikilsverð fyrir þær.

Jeg er ekki á móti því, að konum sje veitt öll þau rjettindi, sem þær geta tekið á móti og geta orðið þeim til góðs.

En það er sjerstaklega ástatt með þessi rjettindi, sem hjer er farið fram á að konur fái, að því fylgir nokkur agnúi, því að undireins og konur fá kjörgengi til sýslunefndar, hreppsnefndar og bæjarstjórnar, þá er þeim um leið gjört að skyldu að taka á móti kosningu. En menn vita, hve mikill fengur það þykir vera að verða kosinn í þessar nefndir, sjerstaklega í hreppsnefnd. Jeg þori að fullyrða, að hver, sem getur hjá því komizt, reynir að nota öll undanbrögð til þess að losast við það. Það sýnir að það þykir ekki neitt happ að komast í þessa stöðu. Þess vegna skyldu menn halda, að konur, sem fengju rjett til kjörgengis, mundu líta á þetta líkt og karlmenn og þeim koma það illa, að verða settar í þessar nefndir. En ef þær fá rjettindin, fá þær um leið skyldurnar, og það yrði harla tilgangslaust að veita þeim kjörgengi, ef þær svo aldrei yrðu kosnar. Menn vita, að ýms störf í þessum nefndum, sjerstaklega í hreppsnefnd, eru fullerfið og ekki má ætlast til að konur vilji komast í þesshättar t. a. m. ríða út á vetrum og koma fyrir ómögum. Jeg ímynda mjer, að flestar vildu heldur vera lausar við það. Jeg vona því, að þeir, sem vilja konunum vel, felli þetta frv.

Hallgrímur Sveinsson: Hæstv. landsh. hefur þegar tekið fram margar verulegar ástæður með því, að frumv. þetta verði fellt og er jeg honum alveg samdóma.

Konum er ekki veittur með því neinn sjerstaklega tilkomumikill rjettur. Mjer er heldur ekki kunnugt um að þær, sem hjer eiga hlut að máli, hafi sótzt eptir þessum rjetti eða beðið um hann, og hafi þær ekki gjört það, finnst mjer ástæðulaust af þinginu, að fara að skenkja þeim þetta svona að fyrra bragði, sem þó ekki er annað en sann-nefnd hefndargjöf. Þingið hefur einnig mörg önnur mikilsverð mál til meðferðar, sem verða að sitja í fyrirrúmi.

Við vitum einnig, að mönnum þykir það byrði ein að vera í hreppsnefnd eða sýslunefnd, og mundi eins vera með konur; þær mundu að eins álíta það byrði fyrir sig, og verða ófúsar að takast það á hendur, en ef frumv. þetta verður að lögum, hljóta þær eins og aðrir, að taka við starfanum, ef þær verða til hans valdar; það getur verið mjög laglegt á pappírnum að sjá það, að konur hafi kjörgengi, en meðan rjettur sá, sem þeim veitist, er þeim að eins til byrði, sem þær munu ófúsar að taka við, er það ástæðulaust af þinginu að leggja þeim þvílíkt á herðar.

Eitt er og að athuga við frv. þetta; það hefur verið samið orðrjett eptir lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna, að eins með þeim breytingum, að í stað orðsins „kosningarrjett“ komi „kjörgengi“. Í frumv. stendur því, að þær skuli hafa kjörgengi í hreppsnefnd, ... og „á safnaðarfundum“; það er þó víst ekki meiningin, að þær skuli hafa kjörgengi til prestskapar, því það er vel hugsandi, að þær geti fullnægt þeim námsskilyrðum, eins og nú hagar til hjá oss. Það getur ekki verið meiningin, að með þessu litla frumv. eigi, án þess á beri, að lauma inn í löggjöfina ákvæðum, jafnþýðingarmiklum og þeim, að konum sje opinn aðgangur jafnt sem körlum að prestsstöðunni, heldur mun hjer einungis vera óheppilega að orði komizt. Þegar menn orðuðu frv. þetta, hafa menn ekki gætt nægilega hins mikla mismunar á kosningarrjetti og kjörgengi.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 3.

Frumv. til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 144); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 atkvæðum.

Seytjándi fundur, laugardag 22. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis, 14. sept. 1877 (C. 45); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Eins og hinir h. þm. sjá, stendur mál þetta fyrst á dagskrá í dag, og það að eins til þess, að mjer gefist kostur á að taka það aptur. Jeg lýsi því hjer með yfir, að jeg tek frumv. aptur.

Forseti spurði, hvort nokkur h. þm. vildi taka frumv. að sjer, og tók það því næst út af dagskrá, er enginn varð til þess.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 93, 162, 176); 2. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Frumv. þetta mætti svo góðum undirtektum, er það síðast var hjer fyrir deildinni, að jeg ekki finn ástæðu til að vera langorður í þetta sinn, og býst við því af svo frálslyndri samkomu, sem þessari h. deild, að hún leyfi þjóðinni á eðlilegan og frjálslegan hátt, að taka þátt í löggjöf landsins, og ekki láta kosningarrjett hennar að eins vera nafnið tómt. Þó get jeg eigi neitað því, að ein rödd hafi heyrzt anda á móti þessu frv., og vil eg því beina þeirri spurningu að henni, hvort hún álíti kjósendum ljúft að geta notað kosningarrjett sinn eða ekki. Ef það er vilji kjósendanna, hvort á þá löggjöfin ekki að gjöra sitt til, að þeir geti notað þennan rjett, eða á hún heldur að leggja þeim allar mögulegar og ómögulegar tálmanir í veg-

inn. Þessi sami h. þm. hafði það einnig á móti frv. minu nfl., að það eigi, eins og hin núgildandi kosningarlög, gæfi mönnum tækifæri eða kost á að koma fjölmennum saman á einn stað, en í frv. okkar stendur með skýrum orðum, að ef tilmæli koma fram frá einum eða fleirum nágrannahreppum, og sýslunefndin gefur þeim meðmæli sín, þá megi amtmaður leyfa þeim að kjósa í fjelagi saman. Eptir okkar frv. gefst svo mörgum nágrannahreppum sem vill, kostur á að koma sjer saman um einn kjörstað, en neyðir ekki eins og hin núgildandi kosningarlög menn úr fjærliggjandi hreppum til að ferðast margar dagleiðir, ef þeir vilja njóta kosningarrjettar síns. Hjer með álít jeg nægilega svarað öllum mótbárum, er komið hafa fram móti því, að hafa kjörstað í hverjum hreppi.

Þá kemur hitt aðalatriði frv., sem er að ákveða fast þingfararkaup. Um þetta atriði hafa menn ekki getað komið sjer saman, sumir hafa viljað hafa það fastákveðið, sumir ekki. Eins og sjest á frv. nefndarinnar, þá hefur nefndin komið sjer saman um, að ákveða fast þingfararkaup eitt skipti fyrir öll, enda sje jeg ekki, að sá eðlismunur sje á dagpeningum, sem fastákveðnir eru með lögum, og þingfararkaupinu, að það eigi mætti vera í líku horfi. Nefndin hefur tekið meðaltalið af þingfararkaupi því, er þingm. sjálfir hafa reiknað sjer til handa frá árunum 1867—1891 að báðum meðtöldum og byggt á því. Það er að sönnu satt, að mikill munur er á því, að ferðast sjóveg eða landveg, en allólíklegt þykir mjer, að vjer, sem höfum svo mikinn áhuga á að efla samgöngur landsins, gjörum það á þann hátt, að mönnum eptirleiðis verði óhægra að nota sjóferðirnar, sem eru að mun hægri og ódýrari heldur en áður. Jeg sje enga ástæðu til að óttast þetta, heldur hygg jeg, og munu fleiri vera mjer samdóma í því, að sjóferðir muni hjeðan af fara í vöxt ár frá ári. Þessar upphæðir eru þó nefndinni ekki neitt kappsmál, og jeg er því viss um, að hún fúslega mun styðja að því, að koma að einhverjum breytingum í þá átt, ef einhverjir yrðu til að bera þær fram. Viðvíkjandi breytingum þeim, sem komið hafa fram, hef jeg að eins lítið að athuga; þær eru flestar orðabreytingar. Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Barðstr. (S. J.) á þingskj. 176 um: að í stað júním. komi septemberm. hefi jeg lítið að segja. Það kann vel að vera, að júním. sje óhentugur fyrir Barðstrendinga og aðra, er sjó þurfa að stunda, en á hinn bóginn er mjer kunnugt um, að september er ákaflega óhentugur tími fyrir menn á ýmsum stöðum í landinu, og yfir höfuð alla þá, er miklar heyannir hafa, og hvernig þessu verður rýmt saman fæ jeg eigi sjeð. Þó vildi jeg gjarnan, að menn tækju þetta til nákvæmari hugleiðslu, áður en frv. verður afgreitt frá deildinni. Hvað snertir síðustu breyt.till. h. þm. við 33. gr., þá játa jeg, að mjer sjálfum datt eitthvað líkt í hug, er jeg var að semja frumv., en mjer fannst það nokkuð hart, að skylda oddvita kjörstjórnarinnar, eins og h. þm. vill hafa, til að sjá um, að afskript kjörbókarinnar og hið annað, er senda á til oddvita yfirkjörstjórnarinnar sje komið þangað (til oddvita yfirkjörstjórnarinnar) innan viku, þar eð óvæntar tálmanir geta gjört honum það ómögulegt, heldur fannst mjer það nægilegt, að hann næsta dag hefði sent það á stað. Þetta vakti fyrir mjer, er jeg samdi frv. Jeg vil þó eigi gjöra þetta að neinu kappsmáli.

Sigurður Jensson: Jeg þarf ekki að vera margorður um þessa breyt.till. mína. Jeg fer þar fram á, að kosningar skuli fram fara í septembermánuði, eins og nú er, en ekki í júní, eins og nefndin vill, því mjer finnst það mjög svo óeðlileg breyting, er hún þar vill gjöra við hin núgildandi lög, og hún er ekki samkvæm aðalstefnu nefndarinnar, sem einmitt er sú, að gjöra mönnum mögulegt að neyta kosn-

ingarrjettar síns. Ef kosningarnar ættu að fara fram í júnímánuði mundu margir með því verða sviptir kosningarrjetti sínum; þeim mundi ómögulegt að sækja kjörfundinn. Um það leyti eru allmargir kjósendur burtu frá heimilum t. d. allir þeir, sem stunda fiskiveiðar á þilskipum, eða eru við sjó í veiðistöðum. Að minnsta kosti hagar svo til í *mínu* kjördæmi og víðar á Vesturlandi; það getur verið, að annarstaðar hagi öðruvísi til, svo að þar sje hentugra að hafa fundina í júní. Einn h. þm. talaði um, að veðuráttan væri svo ill í september, að mönnum væri þá svo erfitt að sækja kjörfundi, en jeg held að úr því sje mikið bætt í frv. nefndarinnar með því, að kjörstaðir eiga að vera í hverjum hreppi, því með því móti er mönnum gjört mikið hægra fyrir með ferðalag. Sömuleiðis vil jeg gjöra breytingu á 33. gr.; jeg skil svo ákvæði þeirrar greinar, að hver oddviti eigi að senda mann af stað til oddvita yfirkjörstjórnarinnar undir eins eða eigi síðar, en næsta dag eptir kjörþingið. Þetta mundi víða hafa óþarfa kostnað í för með sjer, og þessi kostnaður lenda á sýslusjóðunum, sem þegar hafa nóg að bera; breyt.till. mín fer því fram á að spara þennan óþarfa kostnað, og í stað þess, að t. d. 10 menn væru sendir af stað með skrárnar, mætti nægja að senda að eins 1 eða 2 að afreka það erindi. Það hagar sumstaðar svo til, að margir hreppar liggja hver við hliðina á öðrum, og mætti þá koma þessu fyrir á miklu ódýrari hátt, heldur en fyrirskipað er í frv. nefndarinnar, og kjörskrárnar þó komið í tíma til oddvita yfirkjörstjórnarinnar, eða áður en vika væri liðin frá kjörþinginu.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef nokkrar athugasemdir að gjöra við frumv. þetta. Jeg játa fúslega, að nefndinni hefur gengið gott til, að koma með þessar breytingar á núgildandi kosningarlögum, og hún hefur viljað gjöra mönnum hægra fyrir að nota kosningarrjett sinn, en mjer finnst hún fara nokkuð langt, er hún ákveður að hafa kjörstaði í hverjum hreppi; að vísu gjörir hún ráð fyrir, að gjöra megi 2 eða fleiri hreppa, sem saman liggja, að kjördæmi, eða að hafa í þeim einn kjörstað, ef það er sameiginlegur vilji manna, en jeg er hræddur um, að það verði ekki margir hreppar, sem gefi um að sameina sig við aðra; flestir hreppar munu óska að hafa kjörstaðinn heima hjá sjer. Menn segja að örðugt sje að sækja kjörfundi, eins og nú hagar til, en jeg ímynda mjer, að það sje ekki örðugra en svo, að ef áhuginn væri nógu mikill hjá mönnum, mundi allt fara vel, og fundirnir yrðu vel sóttir.

Með þessum breytingum er mönnum að vísu gjört hægra fyrir að nota kosningarrjett sinn og sækja fundi, en er þá víst að allt sje með því unnið? Það hafa ekki allir jafnt vit á að nota kosningarrjett sinn; fleiri mundu með þessu móti en nú á sjer stað kjósa, sem ekki eru nógu sjálfstæðir, eða hafa næga þekkingu, og yrðu þá við þessa kosningaraðferð fleiri menn en áður verkfæri í höndum annara og ljetu leiðast af þeim.

Það gæti máske verið æskilegt, að skipta kjördæminu í tvennt, þar sem 2 þingmenn á að kjósa; á því er jeg, og með því hefði jeg viljað vera; það er líka spursmál, hvort allir hreppar muni enn svo skipaðir mönnum, að þeir gætu fengizt í kjörstjórn, sem færir væru um að takast það starf á hendur svo í fullu lagi færi. Í 19. greininni stendur, að með hreppsstjóranum sem oddvita skuli vera 2 menn í kjörstjórn, annan kýs hreppsnefndin úr sínum flokk, en hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæðisrjett hafa í sveitarmálum. Hjer er ekki talað um, hvort þessi síðari skuli vera maður, sem atkvæðisrjett hefur eða ekki, og finnst mjer því vanta ákvæði um það. Það kemur opt fyrir nú, síðan alþýðumenntunin fór að aukast, að margir unglingar um tvítugt eru svo vel að sjer,

að þeir eru færari um að sitja í kjörstjórn en eldri bændurnir, því eldri kynslóðin naut minni uppfræðingar á yngri árum sínum en almennt gjörist nú. Er þá meiningin að kjósa megi slíka unglinga, þótt ekki hafi þeir enn fengið atkvæðisrjett?

Í 23. gr. stendur, að þingmannsefnið skuli senda framboð sitt og meðmæli til oddvita yfirkjörstjórnar og beri maður það saman við 34. gr. þar sem segir, að sá skuli rjettkjörinn þingmaður, sem eldri er eða elztur, ef 2 eða fleiri fá jöfn atkv. og ef 2 eru jafngamlir þá skuli hlutkesti ráða. Þá finnst mjer hjer vanta lítilsháttar ákvæði, sem þó hefur talsverða þýðingu. Það getur verið, að kjörstjórnin þekki ekki nákvæmlega aldur hlutaðeigandi manna og örðugt sje fyrir hana að kveða á um það, hver elztur sje eða eldri og sjerstaklega hlýtur það að vera örðugleikum bundið fyrir hana að ákveða, hvort 2 af þeim, sem hlotið hafa kosningu sjeu alveg jafngamlir. Til þess þarf hún að hafa skírnarseðil þeirra. Annars verður hún í vandræðum.

Jeg álít því nauðsynlegt, að þingmannsefnið sje skylt að senda skírnarseðil sinn jafnframt framboðinu til yfirkjörstjórnaroddvitans. Þetta ákvæði vantar því í 23. gr., og jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort það ekki muni heppilegt að koma þessu ákvæði þar að.

Jeg er nefndinni samdóma í því, að rjett sje að ákveða fast þingfararkaup, ef hægt er að gjöra það með sanngirni; hvort henni hefur heppnazt það fyllilega alstaðar efast jeg um, því jeg held, að ýmislegt sje að athuga við töluupphæðirnar. Þar er ákveðið þm. úr Rangárvallasýslu 130 kr. en þm. Barðstr. að eins 100 kr. og hefur hann þó víst helmingi lengri veg að fara en þm. Rangvellinga. Til Vestmannaeyja eru ákveðnar 100 kr. í þingfararkaup, 30 kr. minna en til Rangárvallasýsu, en þó verður þm. Vestmanneyinga fyrst að fara landveg austur í Rangárvallasýslu, og þaðan kaupa sjer sjóvegsferð út í eyjarnar og eins úr eyjunum til lands, þegar hann fer á þing, því það er engin vissa fyrir því, að þm. á Vestmannaeyjum komist sjóveg til Reykjavíkur. Það er alkunnugt, hve örðugt það allopt er að komast úr eyjunum eða út í þær þegar illa viðrar og að þær ferðir hafa talsverðan kostnað í för með sjer.

Þm. Ísfirðinga eru ákveðnar 160 kr. og hið sama er þm. Strand. ákveðið og er þó stór munur á vegalengd til Ísafjarðar, sjálfsagt helmingi lengra en norður í Strandasýsluna.

Jeg vildi benda h. nefnd á þetta til frekari íhugunar.

Sigurður Stefánsson: Jeg finn mjer skylt, að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. H. framsögum. (J. Hj.) tók það fram við 1. umr. þessa máls, að sjer fyndist óviðurkvæmilegt, að löggjafarvaldið tæki það með annari hendinni, sem það gefur með hinni. En jeg get nú reyndar ekki sjeð, að svo sje að farið með hinum núgildandi kosningarlögum. Jeg skal ekki neita því, að sum kjördæmin sjeu víðlend og því all- örðugt að sækja kjörfundi úr fjarlægustu hreppunum, en hefðu kjósendur almennt tilhlýðilegan áhuga á þingkosningum og þjóðmálum, þá myndu þessir örðugleikar ekki tálma því verulega, að kjörfundir væru sóttir af öllum fjölda kjósenda. Aðalmeinið okkar er áhugaleysið og þess vegna eru kjörfundir opt illa sóttir af kjósendum. Þótt við tökum stærstu kjördæmi í landinu, tekur ferðin á kjörstaðinn aldrei meir en einn dag og annar dagurinn gengur þá til að komast heim aptur, og það einungis úr fjarlægustu hreppunum; það getur sannarlega ekki talizt mikill tilkostnaður, þótt nokkrir kjósendur eyði tveimur dögum á 6 árum frá öðrum störfum sínum og varla ástæða til að vorkenna þeim það.

Reynslan sýnir einnig, að það eru ekki ætíð næstu hreppar við kjörstaði,

sem bezt sækja fundina, heldur einmitt þeir hreppar, þar sem áhuginn er mestur á þjóðmálum. Jeg skal geta þess að við síðustu kosningar í kjördæmi mínu mættu helmingi fleiri kjósendur úr Sljettuhreppi en Hólshreppi, þótt hinn síðarnefndi liggi rjett við kjörstaðinn en hinn langt í burtu frá honum; af því má marka, að það er ekki vegalengdin heldur áhugaleysið, sem hjer er til fyrirstöðu. Jeg skal ekki neita því, að þessi fjölgun kjörstaða gjörir hægra fyrir, en jeg held að það verði alls ekki til að vekja áhuga hjá mönnum, heldur þvert á móti til að auka mönnum pólitiska leti; menn hugsa minna um þessa hreppafundi, álíta þá svo þýðingarlitla og lítilfjörlega að ekki taki að ómaka sig á þá. Jeg sje reyndar að h. framsögum. (J. Hj.) hristir höfuðið, en hann hrekur ekki með því orð mín.

Almennir hjeraðsfundir hafa mjög mikla þýðingu í þessu efni; þar koma beztu menn hjeraðsins venjulega saman, kynnast hver öðrum, og ólíkar skoðanir eru þar ræddar og athugaðar og við það fá menn skýrara yfirlit yfir mál þau, sem helzt eru á dagskrá, geta samlagað skoðanir sínar og yfirhöfuð lært hver af öðrum. Af þessu eykst aptur politiskur þroski kjósendanna. Jeg tel það því einmitt mikinn kost, að mönnum úr heilum hjeruðum gefist þannig færi á að koma saman á einn stað og ræða þar mál sín. Reynslan sýnir, að þessir fundir hafa mjög mikil menntandi áhrif á menn; jeg vil taka t. d. verzlunarfjelagafundina. Í kaupfjelagi Ísfirðinga eru árlega haldnir margir fundir, þar sem fulltrúar mæta úr flestum hreppum sýslunnar og get jeg af eigin reynslu borið um það, að mönnum hefur aukizt bæði menntun og þroski af fundum þessum og það er mjög ólíkt að heyra, hvernig mönnum farast þessi fundarhöld nú, eða fyrst eptir að fjelagsskapur þessi hófst, ekki einungis það, er kemur til verzlunarmála, heldur og þegar um önnur mál er að ræða, er á einhvern hátt snerta fjelagið. Eptir frv. nefndarinnar þarf ekki nema mjög lítinn hluta atkv. þeirra, sem greidd eru til að vera rjettkjörinn þingmaður; það nægir að eins að hafa flest atkv. Þetta álít jeg mjög varhugavert. Það er og á að vera tilgangur kosningarlaganna að tryggja það sem bezt, að sem nýtastir menn verði kosnir á þing og er þessa gætt í hinum núgildandi kosningarlögum með því ákvæði, að til þess að verða rjettkjörinn þingmaður útheimtist að minnsta kosti helmingur þeirra atkv., er greidd eru. Þessi regla mundi alveg umturnast, ef frv. þetta yrði að lögum. Jeg vil taka t. d. sýslu með 12 hreppum og 20 kjósendum að meðaltali í hverjum hreppi, og tala allra kjósenda sje því 240; jeg set svo, að 6 þingmannaefni bjóði sig fram og fengju nú tveir af þessum þingmannaefnum eindregið fylgi allra kjósenda í svo sem 3 hreppunum og yrðu kosnir þar með t. d. 60 atkv., en hinir hrepparnir dreifðu atkvæðum sínum um hin þingmannaefnin, þá gæti svo farið að þessir tveir yrðu þingmenn, enda þótt allir hrepparnir nema þessir 3 væru á móti þeim, og þeir hefðu ekki með sjer nema $^1/_4$ kjósendanna í kjördæminu, sem gjöra má ráð fyrir að flestallir sæktu þessa hreppafundi. Þetta get jeg alls ekki álitið heppilegt og er jeg sannfærður um, að fjöldi myndi fara að verða óánægður með slík kosningarúrslit, og það er fjarri því, að það yki áhugann á kosningunum, heldur myndu menn hugsa svo í næsta skipti, að ekki væri vert fyrir þá að vera að ómaka sig á þessa hreppafundi, sem engu rjeðu um kosningarnar. Það er líka aðgætandi, að þó menn sæki illa fundi, eptir því sem nú hagar til, þá geta þeir engum um kennt nema sjálfum sjer, þótt kosningin fari öðruvísi en þeir vildu helzt á kjósa en þarna verða menn að ómaka sig fyrir ekki neitt og eru svo óánægðir með allt saman; en komi menn frá öllum hreppum á einn fund, gefst þeim kostur á að

tala sig saman, og sætta menn sig þá stundum við að fylgja þeim, sem þeir ekki höfðu í fyrstu hugsað sjer, er þeir sjá það hentar bezt; fara þeir þá ánægðir heim til sín, og það getur orðið þeim hvöt til að sækja betur næsta fund.

Þótt þessi breyting, sem frumv. fer fram á, hafi sína kosti, held jeg samt, að hún verði til þess að auka pólitiska deyfð og dofa. Mönnum þykir líka eitthvað hátíðlegt við að sækja almenna sýslufundi, þar sem það þykir aptur á móti ærið tilkomulítið að koma á hreppafundina. Það var tekið fram við 1. umr. málsins, að þetta mundi verða til þess að efla hreppapólitikina, og fannst mjer menn fara að „definera“ hana á ýmsa vegu. Sú hreppapólitík, sem hjer kemur helzt til greina, og sem að mínu áliti er niðurdrep fyrir allar sannar framfarir, er pólitik þeirra manna, er í þjóðmálum hugsa fyrst og fremst um hreppinn sinn; hinn pólitiski sjóndeildarhringur þeirra nær ekki út yfir þeirra eigin sveit eða sýslu. Ef eitthvað kann að vera gott eða heppilegt fyrir hreppinn, þá telja þessir menn sjálfsagða skyldu sína að berjast fyrir því, hversu óheppilegt, sem það kann að vera fyrir aðra. Eins og allir sjá, er þetta mjög skaðlegt og ætti sízt að komast að í almennum landsmálum. En jeg hygg, að meiri hætta sé búin af þessari pólitik, ef þetta frumv. verður að lögum, heldur en eptir núgildandi lögum. Þetta mál hefur verið rætt mikið á undanfarandi þingum; það er orðinn gamall gestur hjer í þinginu, og skyldu menn þá ætla, að það hefði slegið svo á hjartastrengi þjóðarinnar, að hún hefði öll sem einn maður risið upp til að verða þessa hnoss aðnjótandi, en mjer er ekki kunnugt um, að svo sje, og jeg held, að þjóðinni sje þetta alls ekkert áhugamál. Jeg hef gengið í gegnum skýrslur frá öllum þingmálafundum, sem frammi liggja á lestrarsalnum. Í 10 af þeim er ekki minnst á þetta einu orði, 3 fundir eru algjörlega mótfallnir breyting á kosningalögunum í þessa átt, 5 fundir vilja hreyfa málinu, biðja tveir af þeim um fjölgun kjörstaða eptir ákvæðum amtsráða, 3 vilja fjölga kjörstöðum, en óákveðið, hve mikið, og einn vill fjölga kjördæmum. Jeg hygg, sem sagt, að fámenni kjörfundanna stafi ekki af erfiðleikunum, heldur öllu fremur af áhugaleysinu.

Jeg skal samt ekki leggja þungan dóm á þessar breytingar, þær eru komnar fram af góðum hug, en jeg get samt ekki gefið atkvæði mitt með þeim. Jeg vil enn taka það fram viðvíkjandi þessari breytingu á kosningalögunum, að nú er á ferðinni frumv. til stjórnarskrárbreytingar, sem ekki er óhugsandi, að komist svo langt, að það geti orðið að lögum á næstu árum og mundi það að líkindum hafa í för með sjer allmiklar breytingar á kosningarlögunum, og fyrir því mætti vel bíða að breyta þeim nú. Svo kemur til annars atriðisins, þingfararkaupsins. Um það atriði get eg ekki farið eins mjúkum höndum. Jeg verð að játa, að jeg er alveg á sömu skoðun og jeg áður hef verið í því efni, þótt það sje hálfleiðinlegt, að þurfa að vera taka upp aptur sömu ástæðurnar þing eptir þing. Skoðun mín er, að hjer sje ekki nauðsynlegt að gjöra breytingu á. Þjóðin á að bera það traust til þingmanna sinna, að þeir ekki fari í vasa hennar eða fjefletti hana með röngum ferðakostnaðarreikningum; það væri enda sorgleg játning frá þingmanna hálfu, ef þeir álitu slíkar ákvarðanir nauðsynlegar. Jeg hef aldrei sjeð svo háa reikninga um þingfararkaup, að jeg ekki hefði ástæðu til að halda, að þeir væru gjörðir af samvizkusemi og sanngirni. Sumir þingmenn hafa viljað setja þessar ákvarðanir til þess, að þeir ekki væru tortryggðir, en það er víst ekki almennt, að kjósendur gruni þingmenn sína um græzku í þessu efni. Þessar tölur eru líka fjarri

öllum sanni. Ef um sjóferðir einar er að ræða eru þær ofháar en aptur á móti allt oflágar ef um landferðir er að tala. Löggjafarvaldið má ekki lögleiða ákvarðanir, er auðsætt er að geta orðið til þess, að þingmenn bíði beinlínis skaða af þingförinni. Þeir eiga aldrei að þurfa að leggja fram fje úr sínum eigin vasa til að komast á eða af þingi og það er mjög sanngjarnt, að þeir fái endurgoldinn allan þann kostnað, er þeir verða út að leggja. Það væri að vissu leyti mikið gott að hafa þingfararkaupið fastákveðið, en þá yrði það að vera svo hátt, að þau tilfelli yrðu sem sjaldgæfust, er þingmenn hefðu beinan peningalegan skaða af þingferðinni, en á því fyrirkomulagi myndi landssjóður miklu fremur tapa en græða. Það er fjarska mikill munur í þessu tilliti, hvort þingmenn ferðast sjóveg eða landveg. Úr sumum kjördæmunum á Vesturlandi kostar sjóferðin báðar leiðir ekki nema 40—50 krónur, en landferð 3—400 krónur. Enginn getur talið það rjettlátt að setja þær ákvarðanir í lög, er neyði þingmenn til að ferðast á einhvern vissan hátt t. a. m. setja þingfarakaupið svo lágt, að þingmenn geti ekki nema sér til stórskaða farið landveg til þings; það verður að vera komið undir kringumstæðum þingmannsins, hvort hann fer sjóveg eða landveg. Löggjafarvaldið á hvorki beinlínis né óbeinlínis að setja þingmönnum nokkrar reglur um það, hvernig þeir ferðist til þings eða af þingi. Það er örðugt og mjög mikið vandaverk að gjöra hjer þau ákvæði, að ekki verði annaðhvort oflágt kaup þingmanna og ekki ofhár kostnaðurinn á þjóðinni. Hér rekur sig hvað á annað og það er lítt mögulegt að ákveða þetta fasta þingfararkaup, svo að við sje unandi; sé það miðað við sjóferðir þá er það allt oflágt fyrir þingmenn þá, er landveg fara, og sje það miðað við landferðir einar, þá er það allt ofhátt og landssjóðurinn tapar í mörgum tilfellum; að fara meðalveg er að hafa slumpareikning við landssjóð, sem jeg álít alls ekki við eiga. Ferðirnar, hvort farið er á sjó eða landi, breytast ár frá ári, hvað kostnaðinn snertir; eptir því sem samgöngurnar komast í betra horf bæði á sjó og landi verður kostnaðarminna að ferðast og þar af leiðandi getur það þingfararkaup, sem um eitt skeið er hæfilegt, orðið óhæfilegt annað tímabilið. Það hefur verið tekið fram, að þótt þingmaður tapaði eitt árið á þingförinni, þá gæti hann unnið það upp hitt árið, svo að allt jafnaði sig, en þetta er mjög óvíst, því að það er óvíst, að sá þingmaður, sem í ár biður skaða af of lágu þingfararkaupi, komi á næsta þing. En eitt er líklegt, að orðið gæti afleiðing þessara laga, og það er, að óvissan um það, að fá kostnað sinn endurgoldinn í fullum mæli, leiddi til þess, að ríkismenn einir rjeðust í að bjóða sig til þingkosningar, en hvort það væri til verulegs gagns fyrir þjóðfjelagið, verð jeg að efast um, þótt jeg beri mikla virðingu fyrir ríkismönnum.

Jeg hef athugað, hve dýrt er að ferðast landveg til þings úr Ísafjarðarsýslu; jeg gjöri ráð fyrir, að þingmaðurinn eigi heima á Ísafirði, sem er í miðju kjördæminu; frá Ísafirði inn á Langadalsströnd verður að fara sjóveg og getur sú ferð ekki kostað minna en 40 kr.; af Langadalsströndinni þarf 5 hesta, hver þeirra fæst varla fyrir minna en 25 kr., fylgdarmann reikna jeg á 30 kr., sem reyndar er hið lægsta; eptir þessu kostar öll ferðin:

Flutningur frá Ísafirði inn á Langadalsströnd	40 kr.
5 hestar á 25 kr.	125 —
Fylgdarmaður á 30 kr. . . .	30 —
Samtals	195 kr.

eða báðar leiðir 390 krónur. En hvað á nú þessi þingmaður að hafa eptir frumvarpi nefndarinnar: segi og skrifa 160 kr. Það er með öðrum orðum, að þingmaðurinn verður að borga 230 kr. úr sínum eigin vasa, ef hann af einhverjum ástæð-

um ekki getur farið sjóveg, en geti hann farið sjóveg, þá græðir hann eptir frumv. nefndarinnar um 100 kr., en væri þingfararkaupið eingöngu miðað við landferðina, þá græðir hann yfir 300 kr. Hverjum getur nú þótt þetta rjett eða eðlilegt? Svona veit jeg, að hagar líka til í Barðastrandarsýslu og líklega eins á Austfjörðum. Í þeim hjeruðum, þar sem jafnan er farið landveg, er munurinn minni.

Það dugar ekki að taka meðaltal af þingfararkaupi þingmanna um ákveðið tímabil og ákveða eptir því þingfararkaupið, því að það meðaltal getur, eins og jeg hef sýnt fram á, komið mjög ranglátlega niður á einstökum mönnum, eptir því sem hjer hagar til.

Jón A. Hjaltalín: H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) kom með ýmsar mótbárur á móti þessu frv. og þar á meðal var sú, að af því mundi leiða, að öllum kjósendum gæfist kostur á að greiða atkv. og áleit það óheppilegt. Jeg var satt að segja hissa á þessum orðum hans, að það væri háski, að öllum kjósendum gæfist færi á að njóta kosningarrjettar síns. Ef það er háski, þá held jeg, að það geti verið eins mikill háski, að allir, sem kosnir eru, komi til þings. Hann sagði, að það lægi í því, að allir hefðu ekki jafngott vit á að kjósa. Þetta kann mikið satt að vera. En sjer h. þm. (Þ. B.) sjer sjálfum fært, að búa til kosningarlög, þar sem ekki mega aðrir kjósa en þeir, sem vit hafa á? Jeg get ekki skilið það. En það er fleira, sem liggur til grundvallar fyrir þess konar mótbáru, og það er, að þeir vilja ekki láta alla kjósa — það er sannleikurinn. H. þm. Ísf. (S. St.) má gjarnan hrista höfuðið. Það getur vel verið, að hann kæri sig ekki um, að allir hreppar eigi jafnhægt með að kjósa.

Það var annað, sem h. 6. kgk.. (Þ B.) tók fram, að ekki mundu fást nógu margir hreppsmenn, sem væru færir til að sitja í kjörstjórn. Það getur verið; jeg skal ekki segja um það, þar sem hann þekkir til, en þar sem jeg þekki til, er jeg ekki órór fyrir því, að ekki fáist færir menn hæfir til að taka á móti atkvæðum við kosningu; það er ekki sá vandi, og menn hafa einnig fengið æfingu í nokkur ár við hreppskosningar, svo að það ætti ekki að koma mönnum á óvart.

Hvað ræðu h. þm. Ísf. (S. St.) snertir, þá hefði jeg fullkomlega skilið, hvað hann vildi, þó að hann hefði ekki farið eins mörgum orðum um það og hann gjörði. Hann sagði, að kjörfundir væru illa sóttir af því, að menn hefðu ekki nægan áhuga á kosningunum. Jeg get vel verið á sama máli. En hvers vegna er þetta áhugaleysi? Það kemur víða til af því, að örðugleikarnir á að geta neytt kosningarrjettar síns eru of miklir. Þingmannaefni halda ekki fundi á nógu mörgum stöðum í kjördæmunum og útbreiða ekki áhuga hjá kjósendum. Það er því ekki að búast við, að áhugi sje mikill. En jeg veit, að í hjeraðinu, sem jeg er, er það einungis fjarlægðin, sem hindrar menn í að sækja kjörfund.

Í öðru lagi var h. 6. kgk. (Þ. B.) hræddur um, að þingmaður yrði álitinn rjettkjörinn, þó að hann fengi ekki helming allra atkvæða. En það er víst, að sá yrði kosinn, sem upprunalega hafði fylgi flestra kjósenda í kjördæminu. En hitt kemur opt fyrir, að þegar kosið er um aptur til þess, að einhver nái meira en helming atkvæða, þá kemst sá að, sem upphaflega hafði fæst atkvæði. Það á ekki að eins stað hjer, heldur víða annarsstaðar. Eg hef sjeð það opt og verið við þessháttar kosningar, og þetta hefur orðið niðurstaðan, svo að meiri hluti kjósenda hefur orðið að fara óánægður heim.

Það var minnst á hreppapólitik hjer um daginn. Einn h. þm. minntist á hana aptur núna, og það er von, að þm. tali

um hana, þar sem mörgum hreppi í kjördæmi hans mun ekki hafa líkað svo vel frammistaða hans í einu máli, að þeir mundi kjósa þm., ef þeir fengju að neyta kosningarrjettar síns, sem frv. þetta fer fram á að gjöra þeim hægra. En jeg hafði sízt hugsað, að þessi þm. vildi neita kjósendum um, að þeim sje gjört hægra fyrir að nota kosningarrjett sinn, þar sem það kom fyrir, eins og menn vita, að menn drukknuðu, sem sóttu kjörfund í hans umdæmi síðast. Þó að það auðvitað geti líka komið fyrir á öðrum ferðum, þá er þó samt ekki að vita, nema að þeir hefðu lifað enn, ef þeir hefðu ekki þurft að sækja kjörfund inn á Ísafjörð.

H. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að þetta væri mönnum ekkert áhugamál, og vitnaði í þingmálafundi. Það getur verið, en áhugi á málinu er mikið að aukast. Jeg skal játa, að hugsun sú, að láta kosning fram fara í hverjum hreppi, er ekki komin upp hjer á landi, heldur er hún innflutt, og nú eru sumir, sem fyrst í stað voru henni mótfallnir, komnir á þá skoðun, að hún sje ekki óheppileg. Jeg vona að við lifum það allir, að sjá það, að það sje áhugamál. Og fyrst h. þm. er að tala um áhuga, þá verður gaman að vita, hvað hann metur þá vilja og áhuga, þegar eitt víst mál, sem hann ber mjög fyrir brjósti og kallar víst áhugamál, kemur fyrir þessa deild. Jeg vona, að jeg geti sýnt, að landsmenn hafi eigi á síðustu þingmálafundum sýnt meiri áhuga á því máli en á þessu.

Það datt yfir h. þm. Ísf. (S. St.), þegar hann sá, að þingfararkaup hafði verið fastákveðið í frv. En til grundvallar fyrir þingfararkaupi í Ísafjarðarsýslu höfum við lagt reikninga þingmannsins sjálfs. Hafa þeir verið settir ofháir eða lágir? Eru þeir ekki sanngjarnir? Ef þeir eru sanngjarnir, þá er ástæða til að spyrja, hvort það muni verða meiri erfiðleikar á að ferðast þaðan eptirleiðis, en verið hefur. Eins og allir vita, erum við að reyna að gjöra samgöngur greiðari, og jeg vona að það takist, og fari ekki svo ólögulega með þetta mál, eins og á síðasta þingi, að samgöngurnar minnki, þá verður þessi upphæð þingfararkaupsins nægileg og þess vegna finnst mjer rangt að segja, að hún sje ósanngjörn. Við höfum tekið meðaltalið eptir reikningum þingmannsins sjálfs. Það má þá líka segja, að ósanngjarnt sje, að hafa fastákveðna dagpeninga. Það er ekki hægt að sjá fyrir svo nákvæmlega í almennum lögum, að ekki komi fyrir eitt tilfelli á hundrað árum, að þingferð alþingismanna kosti meira eða minna en ákveðið er. Jeg held, að h. þm. hafi verið á þessari skoðun í gær, að óþarfi væri að gefa lög um það, sem ekki kæmi fyrir nema í einstöku tilfellum. H. þm. var að tala um almennings óskir í þessu efni, og að þær hefðu ekki komið fram nema á fáum kjörfundum. En það er alls ekki það, sem hefur komið mjer til þess, að gjöra þessi ákvæði. En mjer fyrir mitt leyti þótti það eins viðkunnanlegt, að vita að hverju maður hefur að ganga. Ef mönnum þykir þingfararkaupið of lágt, þá stendur mönnum frjálst fyrir, að fara ekki á þing. Það getur hver gjört í því efni það sem honum sjálfum bezt líkar. H. þm. sagði, að það mætti ekki koma fyrir, að þingmenn biðu halla af að fara til þings. En jeg er þó viss um, að sumir þingm. hafa af því fremur óhag en hag, þó að þeir fái ferðakostnað eptir reikningi og dagpeninga.

Jeg skal svo ekki þreyta lengur h. þingdm., þó að mjer þyki illt að hafa varið færri orðum til að verja rjettindi kjósendanna, en hinn frjálslyndi framfaramaður til að traðka þeim.

Þorleifur Jónsson: Eins og menn geta sjeð, er í frumv. þessu farið fram á tvær stórar breytingar. Önnur er sú, að gjöra kjósendum hægra að sækja kjörfundi, og hin sú, að þingfararkaup er fastákveðið. Hvað hinni fyrri breyting viðvíkur,

þá verð jeg að halda því fram, að hennar er fyllsta þörf. Það eru óneitanlega mjög margir af kjósendum, sem eiga því nær eða algjörlega ómögulegt með að sækja kjörfundi, eins og nú er ástatt. Úr því að kjörfundir eru haldnir um háþjargræðistímann, þá geta ýmsir ekki farið að heiman nema sjer til stórtjóns. Dæmi til þess eru fleiri en eitt við síðustu kosningar. Þá höfðu víða gengið miklir óþurkar á undan kjörfundi, en svo um kjörfundarleytið komu þurkar, og þá er eins og menn þekkja þörf á hverri hönd við heyþurk, og því ekki von, að menn vilji yfirgefa heimili sín og fara á kjörfund, þó að þeir hafi mikinn áhuga á að kjósa. Jeg verð að neita því, að það sje eingöngu af áhugaleysi, að kjörfundir eru ekki sóttir. Jeg verð að halda því fast fram, að það er af því, að örðugleikarnir eru svo miklir.

En til þess að bæta úr því er ekki annað sýnt en fjölga kjörstöðum. Engum hefur að minnsta kosti komið annað ráð í hug.

En það hafa nú komið fram ýmsar mótbárur. H. þm. Ísf. (S. St.) kom fram með þá mótbáru meðal annars, að það væri mjög óhagkvæmt ákvæði, að sá sje kosinn þingm., sem fengið hafi flest atkv., þótt hann hafi ekki fengið meiri hluta atkvæða þeirra, er greidd hafa verið. Jeg skal játa það, að þetta hefur við talsverð rök að styðjast. En jeg sje ekki, að það sje verra en nú er ástatt. Það kemur opt fyrir, af því að margir eiga ómögulegt með að sækja kjörfundi, að þingm. er opt kosinn með örfáum atkvæðum, og því af litlum hluta af kjósendum kjördæmisins, sem er alls ekki heppilegt. Jeg sje því ekki, að það verði verra en nú er.

Sami h. þm. lagði mikla áherzlu á, hvað kjörfundir hefðu menntandi áhrif á hugi manna, og ykju pólitiskt líf. En jeg held, að það dragi ekki all-lítið úr þessari ástæðu, að kjörfundirnir eru ekki haldnir optar en sjötta hvert ár, og áhrifin verði þá minni en menn ímynda sjer. En ef almennir málfundir væru haldnir einu sinni á ári eða optar, þá mætti fyrst segja, að þeir mundu verulega glæða pólitiskt líf, en meðan það er ekki nema 6. hvert ár, þá mun það hafa minni þýðing, því fremur, sem, eins og jeg hef tekið fram, að eins lítill hluti kjósenda getur sótt kjörfundi.

Í sambandi við þetta skal jeg minnast á orð h. þm. Ísf. (S. St.), er hann vildi sýna, að menn sæktu kjörfund betur úr fjarlægari hjeruðum. Það getur auðvitað komið fyrir einstaka sinnum, eins og í Ísafjarðarsýslu seinast, sem hann nefndi sjerstaklega, en alstaðar er ekki hægt að koma því við. Jeg ímynda mjer líka, að í Ísafjarðarsýslu hafi við síðustu kosningar verið meiri áhugi en ella, þar sem nokkuð sjerstaklega var ástatt.

Þegar verið er að tala um, að ýmsir kjósendur, sem ekki hafi gott vit á að kjósa, ráði úrslitum og komi mönnum að, þá kemur það einmitt nú fyrir, eins og nú er ástatt. Venjulega er það sá hreppur, þar sem kjörfundurinn er haldinn, sem ræður úrslitum, og það geta eins verið ýmsir í þeim hreppi, sem hafa miður vit á kosningunni, ekki síður en í hinum hreppunum.

Hvað því næst þingfararkaupið snertir, þá verður því ekki neitað, að það er almenn ósk landsmanna, að fá það fastákveðið, og má í því efni vísa til fundargjörða frá þingmálafundum í vor. Ef áherzla er lögð á það móti einhverju máli, að óskir hafi ekki komið fram af landsmanna hálfu, og menn þess vegna eru á móti málinu, þá má eins taka hitt fram til stuðnings einhverju máli, þegar almennar óskir liggja fyrir um það, og þegar til þessa máls kemur, þá hafa þær komið fram á nærri hverjum einasta fundi. Því verður ekki neitað, að opt hefur borið á óánægju meðal almennings yfir ferðakostnaðarreikningum alþingismanna, enda hefur

það opt komið fyrir, að þeir hafa verið misjafnir. Þeir sem hafa átt lengra hafa stundum haft lægri ferðakostnað en þeir sem hafa átt skemmra, og þeir, sem hafa átt jafnlangt, hafa stundum haft misjafnan ferðakostnað. Jeg segi ekki, að það sje af því, að þingmennirnir hafi ekki kostað því til ferðar sinnar, sem þeir hafa gjört reikning fyrir. En þess háttar vekur tortryggni og óánægju yfir þingm., og bakar þeim opt álas. Og þess vegna sýndist það eiga að vera hverjum þingm. ljúfast að losast við þá tortryggni og óánægju. Það er ómögulegt að segja, að það sje ranglátt. Það veit hver, sem býður sig fram til þings, að hverju hann gengur og verður því að sætta sig við það. Ef þingfararkaupið er ekki fastákveðið, þá er heldur ekki þörf eða rjett, að dagpeningar sjeu fastákveðnir. Það getur vel komið fyrir, að vera þingm. í Reykjavík um þingtímann kosti meira en dagpeningar hans nema. Það getur komið fyrir, að hann verði veikur og dagpeningarnir dugi ekki til. Úr því að dagpeningar eru fastákveðnir, þá má eins hafa þingfararkaupið fastákveðið.

H. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að ef þingfararkaupið yrði fastákveðið, þá yrði það að vera svo hátt, að þingm. biðu aldrei neinn skaða af. En eptir því sem nú er, þá getur eins komið fyrir, að þeir bíði skaða af. Þegar þeir fara heim aptur frá þingi, þá eru ferðakostnaðarreikningar þeirra að eins áætlaðir fyrir þá leið, og það gæti komið það fyrir, að kostnaður yrði meiri en áætlað var, og það því ekki fyrirbyggt, að þingm. kosti meiru til ferðar sinnar, en hann hefur gjört reikning fyrir og fær í ferðakostnað. Jeg sje því ekki, að ástæða þessi hafi svo mikla þýðingu, þó að þingm. geti biðið halla í einstöku tilfellum. Það hefur komið fyrir, að þingmenn, sem hafa átt heima í Reykjavík, hafi farið í kjördæmi sitt og haldið fundi þar á undan hverju þingi, þótt langan veg hafi þurft að fara. Á sama hátt ímynda jeg mjer, að þm. sætti sig við, þótt það kunni að koma fyrir, að þeir einstaka sinnum kosti einhverju lítilræði meiru til en þeir fá. Hitt er annað mál, að hjer er vandi að ákveða, hvað hæfilegt þingfararkaup er. Jeg get ekki fellt mig við allar upphæðirnar í frv. og þess vegna vildi jeg gjarnan sameina mig við einhvern h. þingdm. og koma með breytingar því viðvíkjandi fyrir næstu umr.

Guðjón Guðlaugsson: H. framsögum. (J. A. Hj.) tók það fram í byrjun fyrri ræðu sinnar, að frv. þetta hefði fengið góðar undirtektir við 1. umr.; að eins hefði heyrzt ein rödd, er andæft hefði móti því. Jeg þykist vita, að hann hafi átt við mig, þar sem hann talaði um þessa einu rödd, en nú í dag hafa heyrzt fleiri raddir, sem hljómað hafa móti frv. þessu. Það er samt ekki svo að skilja, að jeg hefði nokkuð blygðast mín, þótt eigi hefði andmælendum frv. fjölgað, því að jeg ímyndaði mjer, að sumpart orsakaðist það af því, að frv. var þá fyrir til 1. umr. og sumpart af því, að menn bera virðing og hlýjan hug til h. framsögum. og flutningsm. frv. (J. A. Hj.) fyrir þann áhuga, sem hann hefur sýnt í því að gjöra þessa tilraun til að bæta kosningarlögin. Jeg er líka þakklátur h. framsögum. (J. A. Hj.) fyrir þessa tilraun hans til að bæta úr þeim agnúum, sem eru á kosningarlögunum og að nokkru leyti valda því, að almenningur notar þau ver en skyldi. En hann má þó ekki misvirða það við aðra, þótt þeir geti ekki fylgst með honum alla leið eða orðið honum samferða, því að það er alls eigi sprottið af neinni óvild til hans. Að jeg get ekki orðið flutningsm. samferða, er sprottið af þeirri sannfæring minni, að ef þetta frv. verður samþ., sje með því gjört hið óþarfasta verk, er jeg veit til, að gjört hafi verið á þingi, síðan alþing fjekk löggjafarvald og jafnvel áður meðan það var að eins ráðgjafarþing, á þann hátt og með

því að sundurdreifa nauðsynlegri samheldni í pólitiskum efnum.

H. framsögum. (J. A. Hj.) sagði, að ef það væri vilji manna, að neyta kosningarrjettar síns, þá væri það og vilji þeirra, að þeim væri gjört sem hægast fyrir að geta notið hans. Það getur vel verið, að ef jeg vil neyta kosningarrjettarins, þá þætti mjer æskilegast að geta neytt hans í bólinu mínu. En ef jeg sæi nú, að þessu fyrirkomulagi væri samfara sá agnúi, að jeg fengi síður framgengt vilja mínum, að jeg fengi ekki tækifæri til að sannfæra aðra og að sannfærast sjálfur, af því að jeg væri út úr öllum pólitiskum fjelagsskap, þá væri þetta svo mikill agnúi í augum mínum, að jeg mundi ekki vilja það fyrirkomulag — þá mundi jeg heldur kjósa að koma á fund með hjeraðsmönnum mínum til að heyra skoðanir þeirra og tillögur, og jafnframt láta þá heyra mínar skoðanir.

Þó að kosið yrði í hverjum hreppi, þá verður víða samt sem áður eigi svo mikill hægðarmunurinn við að nota kosningarrjett sinn. Svo hagar víða til, að við það mundi eyðast að minnsta kosti einn dagur, og mörg kjördæmi eru þau nú, þar sem kjósendur úr flestum hreppunum þurfa eigi að eyða meiru en einum degi til kosningarferðarinnar, að undanskildu úr útkjálkahreppunum, sem þurfa vanalega 2—3 daga til allrar ferðarinnar. Það er því eigi svo fjarska mikið gjörandi úr hægðarmuninum.

H. framsögum. sagði, að menn þyrftu eigi að nota þennan rjett, að kjósa í hverjum hreppi, heldur gætu fleiri hreppar slegið sjer saman. Svo er það að vísu, að menn geta þetta, en er nokkur von til að þeir gjöri það? Það er ætíð hægra að sundurdreifa en samansafna. En úr því að það eru þingmennirnir sjálfir, er þjóðin hefur kosið, sem beztu og hæfustu menn sína, — úr því að þeir verða til þess að sundurdreifa er hætt við því, að litlar líkur sjeu til, að alþýðumennirnir verði til þess að sameina sig. Það ætti fremur að vera stefna þingsins, að sameina kraptana til þess að aðrir læri hið sama.

Það er eitt atriði í frv. þessu, sem jeg er samþykkur sem sje það, að kjörfundir sjeu haldnir í júnímánuði í st.f. í september. Að sönnu hefur einn h. þm. orðið til þess, að hafa á móti þessari breytingu og komið fram með br.till. um að breyta þessu á ný, en jeg er ekki því samþykkur. Það eykur mjög mikið á hægð að sækja kjörþing, ef það er haldið í júnímánuði. Vjer sjáum t. a. m. hvað þingmálafundir eru að jafnaði betur sóttir heldur en kjörfundir, og kemur það einmitt til af því, að þeir eru haldnir á hentugri tíma nl. í júnímánuði. Í september eru endalok heyskaparins og endir heyanna er opt erfiðari en byrjun þeirra, ef óhagkvæm tíð er og hey manna liggur undir skemmdum. Dæmi það, er h. þm. Húnv. (Þ. J.) kom með, sýnir það berlega, hve mikið er undir því komið, að kjörþingin fari fram á hentugum tíma, en dæmi þetta átti alls ekki við í tilliti til fjölgunar kjörstaða, því ef að eins þessu eina atriði væri breytt, kosningartímanum, þá er ráðin bót á því, sem dæmið sýndi, að væri óheppilegt við gildandi kosningarlög. En þessi breyting er aptur þýðingarminni í tilliti til þessa frv. í þessari botnleysu — því að ef kjósa á í hverjum hreppi stendur öldungis á sama á hvaða tíma kosið er.

H. þm. Barðstr. (S. J.) benti á það, að í sjóplássum væri mönnum erfitt að sækja kjörfundi í júnímánuði. Það getur mjer þó ekki fundizt, — að minnsta kosti eru þeir erfiðismunir ekki eins miklir eins og fyrir sveitabóndann að sækja kjörfund um heyskapartímann. — Í sjóplássum mun allvíðast haga svo til, að ekki er erfitt að sækja til kjörstaðar; svo er t. a. m. við Ísafjarðardjúp, að þar er ekki örðugt að

sækja til kjörstaðar, sem er jafnan á Ísafirði, sízt í samanburði við örðugleika víða í sveitum.

Jeg tók það fram við 1. umr. þessa frv. hvernig sundurleitar skoðanir gætu komið til greina, ef kosið væri í hverjum hreppi, og hvernig ein skoðun gæti bolað allar aðrar undir sig, þótt meiri hluti kjósenda væri á móti og þannig ein ráðið. Vjer skulum nú taka eitt dæmi og velja til þess kosningarlögin: Það mun nú ekki fjarri, að á þingi sjeu 5 flokkar. Einn flokkurinn vill alls ekki breyta þeim. Annar flokkurinn vill fjölga kjörstöðum eptir því, sem sýslunefndir álíta æskilegt. Þriðji flokkurinn vill, að kosið sje í hverjum hreppi. Fjórði flokkurinn vill, að viðhafðar sjeu tvöfaldar kosningar. Fimmti, að sýslum þeim, er 2 þm. eigi að kjósa, sje skipt í tvö kjördæmi og kosningartíminn sje í júnímánuði. Ef nú væru eins margir hreppar eins og þessar skoðanir eru margar, og kosið væri svo eptir því, þá mundi sá hreppur ráða kosningu, sem flesta hefði kjósendur, og hans skoðun verða ofan á. Allir hinir hrepparnir yrðu undir, þótt þeir til samans hefðu meira en tvöfalt meiri kjósendafjölda heldur en þessi eini hreppur. En allt annað mundi koma út, ef kjósendurnir úr öllum hreppunum kæmu saman á einn kjörfund. Við fyrstu kosningu mundi að vísu fara svo, að sá fengi flest atkvæði, er fjölmennasti hreppurinn kysi, en atkv. þau, sem hann hlyti væru samt ekki nógu mörg til þess að hann væri þegar kosinn. Það yrði að kjósa um aptur. En þá mundu þeir, sem líkasta skoðun hafa, slá sjer saman. Þeir slá sjer t. a. m. saman, sem að eins vilja skipta vissum sýslum í 2 kjördæmi, þeir sem engu vilja breyta og þeir sem vilja hafa tvöfaldar kosningar. Þá yrði sá flokkurinn fjölmennastur, og sá flokkur allur gæti líka orðið ánægður. Jeg, sem engu vildi breyta, gæti sætt mig við það, að sá flokkur varð ofan á, sem næstur var minni skoðun, því að jeg gæti vel sætt mig við tvöfaldar kosningar með vissum skilyrðum og eins við sundurskipting vissra kjördæma, og færi jeg því ánægður af þingi, þótt jeg hefði ekki fengið það, sem jeg helzt óskaði í fyrstu.

Það er einn vegur enn til að ljetta undir með að sækja kjörfundi og gjöra kjördæmin viðáttuminni; það er sú aðferð að jafna kjördæmin að sínu leyti eins og læknishjeruðin og skipta þeim niður eptir landslagi og afstöðu. Þetta er vel hugsanlegur vegur. Að sönnu er eigi um það að tala að gjöra þetta nú svona undirbúningslaust; það þarf að sjálfsögðu rækilegan undirbúning.

Sá er og annar vegur að innleiða tvöfaldar kosningar. Að sönnu getur sú aðferð heldur ekki komið til greina nú; jeg kem ekki með þá uppástungu, af því að jeg hafi nógu marga með mjer, sem vilja hafa þá aðferð, jafnvel þótt jeg ætli, að eins margir mundu aðhyllast það, sem fyrirkomulag það, sem h. 5. kgk. (J. A. Hj.) vill innleiða. Jeg vil í stuttu máli lýsa skoðun minni á tvöföldum kosningum. Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að menn velji svo eða svo marga menn til að mæta fyrir sig á kjörfundi til kosninga; þeir, sem hafa sömu skoðanir, slá sjer saman, og velja þá, er atkvæði munu greiða eins og þeir sjálfir. Sje jeg fjarri kjörstaðnum er þetta fyrirkomulag til mikils hægðarauka fyrir mig og um leið loku skotið fyrir það, að þeir, sem næstir kjörstað búa, geti einir ráðið úrslitum kosninga, þar sem þeim er fækkað og einmitt fyrir það teldi jeg einhverja von um árangur af för minni. Með prófkosningu má ganga úr skugga um það, að kjörmenn kjósi eptir ósk kjósenda þeirra svo að hættan er engin fyrir þá. H. framsögum. (J. A. Hj.) sagði, að engin kosningarlög gætu tryggt það, að þeir einir kysu, er vit hefðu á að gjöra það. Jeg er líka sannfærður um, að engin lög gefa slíka trygging, ef lög um tvöfalda kosning

gjöra það ekki og bið jeg menn að athuga það. Menn kunna að segja, að þess konar lög sjeu ekki nógu frjálsleg, og það er að því leyti satt, að þau leyfa ekki þeim að ráða mestu, sem næstir eru kjörstaðnum, en allir fá þó beinlínis eða óbeinlínis að taka þátt í kosningunni, og ef $^1/_8$ helmings kjósenda mættu vera kjörmenn, þá fengju í flestum hreppum eins margir að greiða atkv. sjálfir og óskuðu þess, en að kjörmennirnir væru margir væri minnst breyting frá því sem er, og því hyggilegust, því menn verða að gæta þess, að þetta væri rjettur en engin skylda að nota hann, nfl. engin skylda fyrir neinn hrepp að senda svona marga kjörmenn.

Það hefur verið tekið fram, að það sjeu yfir höfuð fáar raddir, sem heyrzt hafi, er breyta vilji kosningarlögunum. Þetta er satt og jeg verð að leggja talsverða áherzlu á það. Að sönnu kunna menn að kalla það ósamkvæmni af mjer, að leggja í þessu máli áherzlu á það, þar sem jeg ekki vildi byggja mikið á áliti almennings eða raddafæðinni í einu máli á síðasta fundi. En í því máli var svo ástatt, að það kemur ekki til, nema við einstök tækifæri, að menn sjeu minntir á þörfina, en hjer er um mál að ræða, sem menn eru minntir á af erfiðleikunum sjálfum við að sækja sjerhvern pólitiskan fund. Menn koma saman á kjörfundunum og aptur á vorin á þingmálafundi; þannig eru menn ávallt minntir á þetta mál af erfiðleikunum, en samt þegja menn. Það eru svona miklir agnúar á móti þessari breytingu. H. framsögum. (J. A. Hj.) sagði í ræðu sinni, að eptir því sem nú væri lögum háttað, væru þeir kosnir á endanum, er við fyrstu kosningu fengju fæst atkv. Jeg hygg, að hann hafi sagt þetta í athugaleysi, því að, eins og menn vita, er kosið á eptir bundnum kosningum milli þeirra, er flest fá atkv., en þeir, sem færri atkv. fá, falla. Auðvitað getur það komið fyrir í einstöku tilfellum, að maður, sem fær fæst atkv. við fyrstu kosninguna, komist að, en þá er það af því, að kjósendurnir sjá sig um hönd og kvarta til hans viljugir og er þá ekki um neina nauðung að tala. Ef t. a. m. kjósendur úr einum hreppi hafa lofað einhverju vissu þingmannsefni atkv. sínu, en ef þeir sjá, þegar á kjörfund er komið, að þeir eigi geta komið honum að, eða það reynist svo við fyrstu kosningu, og svo hafa þeir ef til vill kynnzt skoðunum annars þingmannsefnis, sem þeim fellur betur í geð, þá segja þeir við hann: Vjer getum ekki komið þjer að, nú er okkar skylda úti, þú mátt ekki misvirða það við okkur, vjer verðum að samlaga oss við aðra kjósendur um annað þingmannsefni. Þetta er allt annað en að bauka hver í sínum hreppi, hver með sitt þingmannsefni. Jeg er því öldungis samdóma, sem h. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að fjölmennir fundir hafa mjög mikil menntandi áhrif. Það er mjög þýðingarmikið, að menn kynnist hver öðrum eigi að eins innbyrðis í einu kjördæmi heldur úr fleiri kjördæmum. Jeg hef sjálfur reynslu fyrir mjer í þessu efni. Það var einmitt heppilegt dæmi, sem h. þm. tók af verzlunarfjelögunum; jeg er því kunnugur, að þess konar fundir hafa haft menntandi áhrif á marga. Hið sama er að segja um kjörfundi og þingmálafundi. En áhrifin verða því nær engin, ef kjördæmin verða brytjuð niður í hreppa, auk þess sem það verður ómögulegt fyrir þingmannaefnin að ferðast um alla hreppa kjördæmisins til þess að prjedika fyrir mönnum.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) talaði um, að eptir kosningarlögum þeim, er nú gilda, gæti einn hreppur ráðið kosningunni. Þetta hefur verið svo greinilega hrakið, að jeg þarf ekki að svara því.

Þegar ekki koma aðrir á kjörfund en þeir, sem næst búa kjörstaðnum, þá er það vanalegast af því, að hinum, sem fjær

búa þykir ekki þörf á að sækja fundinn, fyrir þá skuld, að allir eru sammála, því opt hefur það komið fyrir, að skoðanir kjósenda eru alls ekki neitt skiptar um það, hvern eða hverja kjósa skuli, og eins hitt, að ekki sje í kjöri nema eitt þingmannsefni. Þegar svo er ástatt, sjá kjósendur, að tilgangslaust er að fjölmenna á kjörfundi, og þá ráða þeir, sem næstir búa kjörstað, en samkvæmt allra vilja, og er þá ekki um neitt að tala.

Þá er að minnast á fast þingfararkaup. Því betur sem jeg skoða það mál, því sannfærðari verð jeg um, að því verður varla ráðið svo til lykta á þessu þingi, að setja fast þingfararkaup, að það verði ekki betra og ábatasamara fyrir þingmennina, en verra og kostnaðarmeira fyrir þjóðina. Jeg dirfist að koma opinberlega fram með þessa skoðun, þótt mjer sje það fullkunnugt, að það er vilji kjósenda minna, að sett sje með lögum fast þingfararkaup; — þótt jeg viti, að þeim, sumum hverjum, er það eins mikið áhugamál, og bæði þeim og mjer er að koma í veg fyrir þessar hreppakosningar. Jeg er hjer um bil sannfærður um það, að hjer á þingi kemst ekki fram frv. um fast þingfararkaup, sem ekki verður til stórkostlegs skaða fyrir landssjóðinn, og því greiði jeg atkvæði móti þessum hluta frv., enda þótt jeg vilji ekki segja, hvað jeg mundi gera, ef þetta kæmi sem sjerstakt frv., og jeg sæi það gæti gengið án stórskaða fyrir landssjóðinn, sem jeg því miður býst ekki við; en jeg vil ekki taka þátt í að samþykkja það frv., sem reynist gagnstætt vilja landsmanna, og nær alls ekki tilgangi sínum, og verður því sannkölluð hefndargjöf til þeirra. Jeg held, að mjer geti tekizt, að sannfæra kjósendur mína um það, að þeirra skoðun sje ekki fullkomlega rjett í þessu efni, og ekki byggð á nægri þekkingu á málinu og öllum kringumstæðum.

Sigurður Stefánsson: Það eru að eins örfáar athugasemdir, sem jeg ætla að gjöra.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. forseta, hvort jeg hafi haft nokkur þau orð í umræðum mínum er gæfu h. frams.m. (J. A. Hj.) tilefni til að segja, að jeg traðki rjettindum þjóðarinnar.

H. framsögum. (J. A. Hj.) gat þess sjálfur í ræðu sinni áður, að þessi kosningaraðferð væri útlend og aðflutt. Þetta er alveg rjett, og hann hefur sjálfur flutt hana hingað. En þótt þetta fyrirkomulag geti verið heppilegt í útlöndum, þá er hjer allt öðru máli að gegna; hjer er allt svo ólíkt því, sem er í öðrum löndum, þar sem menn geta talað saman, þótt sinn sje á hverjum landsenda, og því engin þörf eins og hjer á að stefna sem flestum kjósendum saman á einn fund

Jeg hef aldrei sagt, eða mjer dottið í hug að vera á móti öllum breytingum á kosningarlögunum, af því mjer þætti þau svo ágæt, en hitt hef jeg sagt, að jeg gæti vart gefið þessu frv. atkv. mitt.

Hvað þingfararkaupið snertir, þá hef jeg áður tekið fram, að jeg því að eins vil vera með því að ákveða fast þingfararkaup, að jeg sje viss um, að þingm ekki beri skaða af því. H. framsögum. (J. A. Hj.) sagði, að þegar þingfararkaupið væri ákveðið, þá vissu þm. þó, að hverju þeir gengju og þyrftu ekki að fara á þing fremur en þeir vildu. En það er ekki nema í sumum tilfellum, að hægt er að segja, að þeir viti að hverju þeir ganga, því ís og ýmsar aðrar óvæntar tálmanir geta gert fátækum bændum ferðina svo kostnaðarsama, að þeim verði ókleyft að fara til alþingis, og verða því á þennan hátt auðmennirnir þeir einu, er sótt geta þing, og get jeg þó eigi, án þess jeg á nokkurn hátt vilji lasta þá, álitið, að þeir sjeu jafnan greindari menn og færari um að vera alþingismenn en margir aðrir efnaminni bændur.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) hjelt fram hæfilega ákveðnu þingfararkaupi; en hvað er hæfilegt þingfararkaup? Það, sem

þetta ár er álitið hæfilegt, er ef til vill næsta ár talið með öllu óhæfilegt. Jeg vil að öðru leyti ekki fjölyrða meir um þetta frv., en vona til þess, að menn geti talað um það hita- og stóryrðalaust, og h. framsögum. (J. A. Hj.) stryki því yfir stóru orðin, er hvergi fer vel á, og allra minnst hjer.

Forseti: Hinn heiðraði þm. hefur eigi átalað orð þessi fyr en nú, og skal jeg taka fram, að þingmenn verða að gæta þess í ræðum sínum, að ganga eigi of nærri virðingu annara, eða að ætla þeim það, er skerði sóma þeirra. Til frekari áminningar finn jeg ekki ástæðu að þessu sinni.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Það sem jeg sagði var, að jeg hefði ekki varið eins mörgum orðum til að verja rjettindi þjóðarinnar, eins og hann til að traðka þeim niður, og þessi orð tek jeg ekki aptur. Jeg hef aldrei sagt, að h. þm. viljandi hafi traðkað rjettindum þjóðarinnar, en getur hann neitað því, að hann traðki þeim niður, er hann vill banna kjósendunum að njóta þess rjettar, er þeim eðlilega ber. Öllum þeim ímynduðu, upphugsuðu og skálduðu dæmum, er menn hafa komið með á móti þessu frv., svara jeg ekki einu orði; að eins vil jeg leyfa mjer að sýna h. þm. Strandam. (G. G.) fram á, að honum dugir ekki að neita því, að það hafi komið fyrir, að einn hreppur hafi ráðið kosningu heils kjördæmis. Jeg skal ekki nefna eitt, heldur tvö dæmi; það hefur bæði komið fyrir í Skaptafells- og Barðastrandarsýslu.

Mönnum þykir lítið koma til þess hjer í deildinni, að taka dæmi frá útlöndum, en þó ætla jeg að gera það í þetta sinn. Í Skotlandi, þar sem samgöngurnar víða, eins og hjer á landi, eru mjög örðugar, einkum á vesturströndinni og fyrir þá, er eyjarnar fram með henni byggja, er hið sama fyrirkomulag, sem frv. þetta fer fram á, og er það svo langt frá, að það þar þyki deyfa eða dreifa áhuga manna í pólitiskum málum, að það fremur þykir styrkja hann og efla. Mjer þykir undarlegt, ef við Íslendingar erum að öllu svo ólíkir öðrum þjóðum, að stórkostlegir agnúar sjeu á því fyrir oss, er aðrar þjóðir í mörg ár hafa notað og látið vel yfir.

Jeg á lítið þakklæti skilið hjá h. þm. Strandam. (G. G.) fyrir frv. þetta, ef það ekki gæti orðið þjóðinni að meiri notum en h. þm. heldur. Ekki hygg jeg það heldur rjett hjá h. þm., að menn takist langar ferðir á hendur til að breyta skoðun sinni, heldur mun hitt öllu almennara, að menn þegar fyrir kjörfund hafi ráðið með sjálfum sjer, hvernig þeir mundu gefa atkv., enda veit jeg eigi til, að menn hafi sannfærzt stórkostlega á þeim ræðum, er á kjörfundum eru venjulega haldnar.

Jeg vil að endingu geta þess, að jeg með ánægju tek á móti breytingum hvað þingfararkaupið snertir, bæði frá þm. Ísf. (S. St.) og öðrum.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 93) samþ. með 7 atkv.; 2. gr. samþ. með 9 atkv.; 3—7 gr. samþ. með 8. atkv.; 8. gr. samþ. með 6 atkv.; 1. br.till. nefndarinnar (C. 162) við 9. gr. samþ. með 8 atkv.; 9. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 10. gr. samþ. með 8 atkv.; 2. br.till. n. (C. 162) við 11. gr. samþ. með 8 atkv.; 11. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 12. gr. samþ. með 8 atkv.; 3. br.till. n. (C. 162) við 13. gr. samþ. með 9 atkv.; 13. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.; 14.—16. gr. samþ. með 8. atkv.; 4. br.till. n. (C. 162) við 17. gr. *a* og *b* samþ. með 8 atkv.; 17. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 18. gr. samþ. með 8 atkv.; 5. br.till. n. (C. 162) við 19. gr. *a* samþ. með 8. atkv.; við 19. gr. *b* samþ. með 7 atkv.; 19. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.; 20. gr. samþ. með 6 atkv.; 6. br.till. n. (C. 162) við 21. gr. samþ. með 8 atkv.; 21. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkv.; 7. br.tilll. n. (C. 162)

við 22. gr. samþ. án atkv.gr.; 22. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.; 8. br.till. n. (C. 162) við 23. gr. samþ. með 8 atkv.; 23. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkv.; 24. gr. samþ. með 8 atkv.; 25. gr. samþ. með 7 atkv.; br.till. (C. 176) við 26. gr. felld með 6:2 atkv.; 26. gr. samþ. með 7 atkv.; br.till. (C. 176) við 27. gr. fallin við atkv.gr. um br.till. á sama þingskj. við 26. gr.; 27.—31. gr. samþ. með 7 atkv. hver; 9. br.till. n. (C. 162) við 32. gr. samþ. með 8 atkv.; 32. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkv.; br.till. (C. 176) við 33. gr. samþ. með 7 atkv.; 33. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.; 34. og 35. gr. samþ. með 7 atkv. hvor.; 36. gr. felld með 5 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Guðjón Guðlaugsson,
Þorleifur Jónsson,	Hallgr. Sveinsson,
Einar Ásmundsson,	Kristján Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sig. Jensson.	Sig. Stefánsson.

37.—39. gr. samþ. með 7 atkv. hver. Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 124); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um gjaldþrotaskipti (C. 170); 3. umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

Frv. til laga um aukatekjur, er renna í landssjóð (C. 128); 1. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þar eð þetta er framhald 1. umræðu málsins, og fyrir því ekki verður farið út í hinar einstöku greinar frumvarps þess, er hjer um ræðir, læt jeg mjer nægja að leggja það til fyrir hönd nefndarinnar, sem hefur haft frumv. til meðferðar, að samþykkt verði að málið gangi til 2. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna (C. 129); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það er af minni hálfu hið sama að segja um þetta mál, eins og mál það, sem síðast var til umr., að mjer þykir eigi tilefni til þess að útlista það nákvæmar eða að ganga gegnum einstök ákvæði frumv. á þessu stigi málsins. Nefndin hefur verið samhuga um það, að leggja það til, að málið væri látið ganga til 2. umr., en allt að einu hefur nefndin eigi getað orðið sammála um einstök atriði í frumv., og munu þau koma til ítarlegri yfirvegunar og athugunar við 2. umr. — Jeg legg það nú til, að samþykkt verði að frumv. gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um sveitastjórnar- og fátækralöggjöf (C. 120); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþykkt í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um frímerki (C. 152); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR: Ein umr. samþykkt í e. hlj.

Átjándi fundur, mánudag 24. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. 171, 177, 185); 3. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er einn með tveimur öðrum þingdm., sem á breyt. atkv. við frumv. þetta. Ekki hef jeg samt

skrifað undir það, af því að jeg sje ánægður með frv., þótt breytingartillögurnar verði samþykktar samt sem áður, heldur af því, að það breytir þó dálitið ákvæðum þess, eins og það nú liggur fyrir.

Það, sem einkum þarf að líta á í þessu máli, er að minu áliti þetta tvennt: í fyrsta lagi, hvort eptirlauna upphæðin sje ákveðin svo, að hægt sje að lifa af henni nokkurn veginn þolanlegu lífi, og þótt fátæklega væri, og í öðru lagi, hvort landsjóður er fær um að bera hana eða ekki. Jeg legg minni áherzlu á fátækt þjóðarinnar, því að jeg hef tekið eptir því, að menn eru ekki að hugsa um fátækt þjóðarinnar opt og tíðum, þegar verið er að leggja á hana nýjar álögur, og það opt gífurlegar álögur. En þegar verið er að tala um eptirlaun, þá hljómar altaf þetta viðkvæði: fátækt þjóðarinnar. Mjer dettur ekki í hug að kasta þungum steini á flutningsmenn þessa frumv.; þeir hafa reynt að synda milli skers og báru, milli kröfu þjóðarviljans, sem svo er nefndur, og þess, sem þeir þó verða að viðurkenna sem sannsýnilegt. Jeg býst ekki við því, að breyt.atkv. okkar verði samþykkt, en verði frumv. samþ. óbreytt af þessari deild, þá lifi jeg þó í þeirri von, að það falli í Nd., því jeg hygg, að hún geti alls ekki fallizt á frumv., en skyldi sú von mín bregðast, þá ætla jeg þó að kveða upp með þá ósk, að frumv. ekki nái konungsstaðfestingu, og er það þó sú ósk, sem enginn þingm. ætti að láta sjer um munn fara, nema í ítrustu neyð.

Hallgrímur Sveinsson: H. meðflutningsmaður minn að breyt.till. þeirri, er hjer liggur fyrir, hefur gjört grein fyrir, hvernig á henni stendur. Hún er dálítil tilraun til miðlunar milli ákvæða þeirra, er í frumv. standa, og breyt.till. þeirrar, er jeg kom fram með við 2. umr. frumv., en sem þá ekki náði hylli h. þingd. Þessi breyt.till. hefur í sjer fólgin 2 atriði. Fyrri liður hennar heldur fast við þá stefnu nefndarinnar, þá er þingd. samþykkti við 2. umr. að halda óbreyttum hinum ákveðnu 20 kr. fyrir hvert þjónustu-ár, það er að segja fyrir þá, er lægra eru launaðir, eða allt upp að 2500 kr. Við treystum okkur ekki til að minnka eptirlaun þessara manna, sem lægra eru launaðir, frá því, sem stungið er upp á í frumv.; en okkur virtist hin reglan, sú að tiltaka viðbótina fyrir þjónustuárin í ákveðnum hundruðustu pörtum af launununum, ætti betur við þá, er hafa hærri launin. Þótt h. þingd. gæti ekki sætt sig við það um daginn, að ganga að því, að ákveðið væri 1% fyrir hvert þjónustuár, þá vona jeg þó, að að hún taki til yfirvegunar, hvort hún getur ekki orðið með til að samþykkja $^2/_3$%, því jeg vona, að allir hljóti að sannfærast um, að með því sjeu þó ekki ofháar kröfur gerðar.

Til skýringar þessari breyt.till., skal jeg leyfa mjer að taka dæmi, og sýna mismuninn á eptirlaununum eptir henni í samanburði við breyt.till. mína við 2. umr. Jeg ætla að taka eptirlaun, sem miðuð eru við hæstu laun, 5000 kr. Sá embættismaður, er verið hefur í slíku embætti í 5 ár, fengi í eptirlaun eptir till. minni þá — 1500 kr., eptir þessari till. 1417 kr., eða 83 kr. lægra, eptir 10 ár eptir hinni 1750 kr., eptir þessari 1585 kr.; eptir 20 ár eptir fyrri tillögunni 2250 kr., en eptir þessari 1920 kr.; eptir 30 ár eptir hinni fyrri 2750 kr., en eptir þessari 2250 kr. Af þessu sjá menn, að munurinn er töluverður orðinn, 500 kr. fyrir 30 ára þjónustu, svo að þessi tilhliðrun er æði mikil. Eptir 35 ára þjónustu yrðu eptirlaunin eptir þessari till. 2417 kr., en eptir hinni 3000 kr. Munurinn er þar nær því 600 kr. Við stungum og upp á, að gjöra einnig þá breyt. á áratölunni frá því, sem jeg stakk upp á um daginn, að reiknuð sje viðbótin fyrir 38 embættisár, en ekki lengur, jafnvel þótt embættismaðurinn hefði þjónað í 50 ár eða lengur.

Hæstu eptirlaun verða þannig eptir þessari breyt.till. fyrir 38 ára þjónustu eða meira 2525 kr. eða sem allra næst $^1/_2$ launanna, og kemur það heim við það, er hæstv. landsh. lýsti yfir hjer í þingd. við 2. umr., að væri hin ítrasta lækkun, sem hann gæti lagt með við stjórnina.

Við höfum þannig farið meðalveg milli frv. og uppást. minnar við 2. umr., en það er bert, að eptirlaunin yrðu eptir breyt.till. okkar stórum lægri heldur en eptir núgildandi lögum, en litlu hærri en eptir frumv. nefndarinnar. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu fyrir því, að hyggilegt sje, að fara stórum neðar í þessu máli, heldur en hæstv. landsh. hefur lýst yfir, að hann treysti sjer til að mæla með, að staðfest verði af stjórninni. Vjer getum ekkert vitað um það, hvað h. Nd. gjörir í þessu máli; slíkt er enn hulinn leyndardómur. Vjer getum því eigi farið eptir öðru en því, er bæði vjer álítum tiltækilegast og sanngjarnast, og sem jafnframt væri hið ítrasta, sem vjer getum haft vonir um, að nái staðfestingu stjórnarinnar.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hef engu eða litlu að bæta við það, sem jeg hef tekið áður fram við undanfarnar umr. málsins. En það er komin fram breyt.till. frá 3 h. þm., sem fer fram á töluverða breyting frá því, sem stendur í frumv. Jeg skal fyllilega viðurkenna, að það er allrar virðingar vert, að h. 3 þm. hafa leitazt við að mæta nefndinni, ef svo má segja, á miðri leið, en því miður hygg jeg, að nefndin geti ekki fallizt á þessa breyt.till. Nefndin hefur sem sagt íhugað málið rækilega, og niðurstaðan hefur orðið, að henni sýndist, að hún gæti ekki farið skemmra í þessu efni, en hún fór, og virtist eptirlaunaupphæðin vera ákveðin svo há, að hún gæti ekki hækkað hana meir. Það er ekki rjett að koma með neinar getgátur eða spádóma um það, hvað Nd. gjörir í þessu efni; menn munu gjöra í því efni, hver eptir því, sem honum virðist vera sanngjarnt og hæfilegt. H. 1. kgk. þm. (L. E. Svbj.) tók fram, að eptirlaunin þyrftu að vera svo há, að unnt væri að lifa af þeim, og því hæfilega hátt sett. En einum getur þótt það hæfilegt, sem öðrum þykir ekki, og um það getur alltaf orðið ágreiningur. Nefndin hefur álitið, að það sem hún hefur lagt til, væri hæfilegt og hefur, hygg jeg, fært töluverð rök fyrir því.

Reynslan sýnir líka, að embættismaður með lágum launum kemst stundum betur af en hinn, sem meira hefur, að öðrum ástæðum jöfnum; það er svo mjög komið undir embættismanninum sjálfum, hve vel honum tekst að fara með laun sín; það er og verður einlægt álitamál, hvað er nægilegt. Einn getur komizt af með það, sem öðrum nægir ekki, af því að annar kann ekki eins vel að haga efnum sínum eins og hinn.

Jeg skal þó í þessu tilliti taka það fram, sem jeg hef reyndar áður tekið fram, að taka verður tillit til efnahags þjóðarinnar. Jeg álít rjett, að öll gjöld þjóðarinnar sjeu miðuð við efnahag hennar, og nú eru eptirlaunin eitt af hinum verulegu útgjöldum hennar. Getur verið, að stundum sje ekki tekið sem skyldi tillit til fátæktar þjóðarinnar, þegar verið er að leggja á hana nýjar álögur. En af hverju verður að leggja á menn þessar álögur? Af því, að gjöldin sem greiða þarf, eru svo mikil, og þar á meðal eptirlaunin, ekki þau minnstu.

Jeg hygg, að almenningur hafi enga ástæðu til að óttast afleiðingarnar af þessu frumv. nefndarinnar. Þá fyrst þegar menn sjá, að menn vilja ekki lengur ganga embættisveginn, sakir þess, hve eptirlaunin eru lág, þá fyrst er að óttast afleiðingar þeirra. En meðan það er ekki, þá er engin ástæða að óttast, að eptirlaunin sjeu oflág.

Það er kunnugt eins og nú á stendur, að það sýnist vera eitthvert hið

mesta hnoss að geta gengið embættisveginn, og það er svo að segja kapphlaup hjá þjóðinni um þetta hnoss, svo að næstum hver tómthúsmaður og bóndi telur það hin æztu gæði, sem hann geti veitt syni sínum, að koma honum í latínuskólann og þann veg áfram til embætta. Það er auðvitað gott, að hafa alltaf nóg embættismannaefni, en það er ekki gott, að embættin sjeu svo feit, ef jeg má svo að orði komast, að þau freisti landsmanna til að láta syni sína ganga embættisveginn, án tillits til þess, hvort þeir eru til þess hæfir eða ekki. Það er kominn sá hugsunarháttur inn hjá þjóðinni, að þegar menn sjeu komnir í embætti, þá sjeu menn komnir í höfn fyrir lífstíð, þar sem að engin óveður eða stormar lífsins geti grandað skipi þeirra, þeir sjeu, sem maður segir, tryggðir fyrir öllum skorti upp á lífstíð. Og það er mikið þessi hugsunarháttur, sem hefur komið því til leiðar, að þjóðinni virðist, að laun embættismanna hennar sjeu helzt til há.

Jeg verð að álíta, eins og jeg hef tekið fram, þessa upphæð, sem nefndin hefur ákveðið, svo sæmilega og sennilega, að hún geti ekki fælt neinn frá að ganga í embætti, og ef nýtir menn fást í embætti, eins eptir sem áður, þá er ekki nein ástæða til frá nefndarinnar sjónarmiði, að ganga inn á meiri hækkun á eptirlaununum, en hún fer fram á í frv. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Að eins skal jeg benda á breyt.-till., sem nefndin hefur leyft sjer að koma fram með við frumv., en eru að eins orðabreytingar. Jeg vona, að h. þingd. samþ. þessar breyt. og frumv., eins og það annars liggur fyrir.

ATKVŒÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 177) samþ. í e. hlj.; 1. breyt.till. (C. 185) felld með 8 atkv. gegn 3.; 2. breyt.till. (C. 177) samþ. með 9 atkv.; 3. breyt.till. (C. 177) samþ. með 9 atkv.; 2. breyt.till. (C. 185) samþ. án atkvæðagr. Frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 3, og afgr. til Nd.

Frumv. til laga um verndun Safarmýrar í Rangárvallasýslu (C. 130); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Hinar einstöku gr. frumv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 102); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Það er kunnugt, hversu sveitarþyngslin eru mikil, og hve almenningur er óánægður út af sveitarþyngslunum, og er það ekki ástæðulaust. Aukaútsvörin eru einhverjar hinar þyngstu álögur, sem til eru á almenning, en það er og önnur sjerstök óánægja yfir sveitaálögunum, það er óánægja almennnings yfir því, hvernig þeim er jafnað niður. Þessi óánægja er auðvitað ekki ætíð á rökum byggð, því blindur er hver í sjálfs síns sök. En eptir því sem niðurjöfnun aukaútsvara er víða varið, þá er það það flýtisverk, jeg vil ekki segja handahófsverk, að það getur naumast farið svo, þótt hver hreppsnefnd vilji gjöra rjett, — um það er jeg sannfærður, — að ekki verði misfellur á. Það getur t. d. alls ekki verið rjett, þegar um svo mikla álögu sem sveitarþyngslin er að ræða, að reyna ekki áður en gjaldið er lagt á, að gjöra tilraun til áætlunar yfir tekjur og gjöld hvers gjaldþegns, og ef menn vita, að þetta er ekki gjört, það held jeg sje meðfram orsök til óánægju hjá hinum einstöku yfir útsvari þeirra. Aðferðin að jafna niður mun á sumum stöðum eitthvað svipuð þessu. Menn leggja til grundvallar síðasta árs útsvar, breyta svo til eptir því, hvort þeir halda, að hagur mannsins hafi batnað eða versnað á síðastliðnu ári. Þótt þessi aðferð sje að vissu leyti rjett, getur hún samt ekki ávallt leitt fullkomlega til hins rjetta.

Þegar menn t. d. gleyma svo og svo miklum tekjum, sem maðurinn hefur fram yfir bú sitt o. s. frv., og lagt er útsvarið á, ef til vill á 4—5 klukkustundum á 50 menn, þá má geta nærri, hversu hagurinn er ítarlega skoðaður. Jeg hef því komið fram með viðaukatillögu við frumv., þá nefnil., að á eptir 1. gr. komi 2. gr. svo hljóðandi:

„Skylt skal sýslunefndum að semja leiðarvísi fyrir hreppsnefndir sýslunnar til leiðbeiningar fyrir þær við niðurjöfnun aukaútsvara". Og leiðir svo þar af sú breyting, að 2. gr. frumv. verður 3. gr. Það er ekki meining mín, að hreppsnefndirnar skuli alveg bundnar við, að fara nákvæmlega eptir þessum leiðarvísi, því slíkan leiðarvísi er ómögulegt að setja, þar sem talað er um gjöld eptir efnum og ástæðum, svo að reikna megi gjöldin út eptir honum, eins og t. d. tíund. Jeg vil að eins, að leiðarvísirinn minni hreppsnefndirnar á tekjur og gjöld manna, minni menn á, að sá eða sá hafi þessar tekjur, og sömuleiðis hvaða gjaldþol tekjurnar hafa innbyrðis að öðru jöfnu; þess vegna hef jeg líka orðað það svo: „leiðarvísir fyrir hreppsnefndir til leiðbeiningar".

Jeg veit um, að ein sýslunefnd hefur tekið þetta upp hjá sjálfri sjer, nefnilega sýslunefndin í Skagafirði. Hún mundi ekki hafa gjört þetta, ef hún ekki áliti regluna góða og gilda. Það er ekki meining mín, að koma með ákærur gegn hreppsnefndum um, að þær jafni vísvitandi ójafnt niður á hreppsbúa sína aukaútsvarinu, en það stendur ekki á sama, hvernig að er farið; það hlýtur að vera rjettara, að menn hafi ljóst yfirlit yfir tekjur og gjöld þeirra, sem jafna á niður á, og þetta ljósa yfirlit ætti leiðarvísirinn að geta gefið. Fyrtjeð sýslunefnd hefur álitið, að hún með tjeðum leiðarvísi gæti gjört hægra fyrir og væri æskilegt, að aðrar sýslunefndir gjörðu slíkt hið sama, en það er ekki víst, að þær gjöri það, nema það sje lögskipað. Jeg þykist viss um, að slíkur leiðarvísir mundi gjöra gagn, og þótt það sje mikið verk að búa hann til, þá hafa sýslunefndirnar að minni ætlun ekki svo mikið að starfa, að þær eigi geti gjört það.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg skal geta þess, að í síðustu línu 1. gr. frumvarpsins hefur gleymzt að tilfæra, hvenær lög um bátfiski á fjörðum voru gefin út, nfl. orðin: „19. júní 1888", og vona jeg, að það verði lagað þegar til 3. umr. kemur.

Hvað viðaukatillögu h. 6. kgk. (Þ. B.) snertir, þá er það auðvitað mikið gott, ef menn gætu gefið reglur við niðurjöfnun, og jeg skal ekki bera brigður á það, sem hann sagði, að hreppsnefndirnar fari stundum nokkuð af handahófi í því. En jeg er hræddur um, að ef hreppsnefndirnar ekki gjöra áætlanir, sem þó eru lögboðnar, muni þær lítið hugsa um leiðarvísirinn og ekki gæta hans mikið. Það er kunnugt, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefur gjört leiðarvísi í þessa átt, og það er vel þekkt í næstu sýslu, Eyjafjarðarsýslu, en þó hafa hreppsnefndirnar þar ekki sjeð sjer fært að fara eptir honum; þær hafa og sjálfar gjört sjer leiðarvísi, en hafa ekki getað farið eptir honum.

Yfir höfuð að tala held jeg, að þetta bæti lítið úr, en skaða getur það engan veginn gjört.

Þorkell Bjarnason: Það er annaðhvort, að h. 5. kgk. (J. A. Hj.) hefur misskilið mig, eða jeg sagt annað, en jeg vildi sagt hafa og meinti. Meining mín var, að hreppsnefndirnar gjörðu ekki ávallt áætlanir yfir tekjur og gjöld hvers einstaks manns, en það er ekki lögboðið, heldur er að eins ákveðið, að þær skuli gera áætlun um allar tekjur og gjöld alls hreppsins í heild sinni. Eins og jeg tók fram, vildi jeg að eins, að þessi leiðarvísir væri til þess, að áminna menn, svo að þeir ekki gleymdu svo eða svo miklu af gjöldum manna eða tekjum; þótt sumir færu ekki

eptir honum, mundu aptur á móti aðrir gjöra það. Það gæti orðið til þess, að hreppsbúar yrðu miklu síður óánægðir með útsvör sín, er þeir vissu, að hreppsnefndirnar hefðu leiðarvísinn sjer til leiðbeiningar. Jeg held, að óánægja komi opt af því, að menn renni grun í, að hreppsnefndirnar gjöri niðurjöfnunina stundum af meira handahófi en vera skyldi.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg játa, að annaðhvort hef jeg misskilið orð h. 6. kgk. (Þ. B.) eða hann hefur sagt annað en hann ætlaði að segja um áætlanirnar; jeg skrifaði þessi orð hans ekki eptir honum og skildi þau svo, sem hann meinti til hinna lögboðnu áætlana, en ekki til áætlana um hvern einstakan gjaldanda.

Þorleifur Jónsson: Með lögum 9. ágúst 1889, sem þetta frumv. á að breyta, var meiningin, að leggja mætti útsvar á utansveitarmenn, sem hefðu með jörð eða jarðarpart í öðru sveitarfjelagi, en lög þessi hafa ekki náð tilgangi sínum. Þar er sagt, að leggja megi gjald á „ábúð", en orð þetta hefur verið skilið mjög mismunandi, og er jeg hræddur um, að með þessu frumv., sem hjer liggur fyrir, sje heldur ekki svo tryggilega eða glögglega umbúið, sem skyldi, og hver maður geti farið í kringum það eptir vild sinni. Þar stendur: ... „en ábúð er það, ef maður hefur umráð og afnot jarðar eða jarðarparts, sem metinn er til dýrleika" ... En jeg þekki jarðir, sem metnar eru til dýrleika, þar sem alls engin byggð er á eða hús, en sá, sem hefur afnot þeirra, sendir þangað fólk að eins einstöku sinnum á ári; þetta á sjer stað um ýmsar eyjar. Nú er spurningin, hvort þvílíkar jarðir geta heimfærzt undir frumv. og hvort þær eiga að heimfærast undir það. Svo koma orðin: ... „og greiði öll skyldugjöld, sem á jörð þeirri eða jarðarparti hvíla".... Hvað er hjer meint með orðunum „öll skyldugjöld"? Jeg sje ekki betur, en að eitt af skyldugjöldunum sje einmitt aukaútsvarið, sem hjer er ágreiningurinn um. Með þessu finnst mjer ekki, að það, sem tryggja á, sje hjer svo tryggt, að eigi verði komizt í kringum það. Sá, sem hefur í verunni jarðarpartinn með, gæti t. d. látið annan hafa jarðarpartinn undir sínu nafni, látið hann greiða öll gjöld, en haft þar sjálfur slægjur og önnur afnot og í verunni búið á partinum, án þess að hægt væri að leggja á hann aukaútsvar. Svo er eitt í frumv., sem jeg skil aldrei, og það eru orðin: „en samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi". Hvaða útsvar er hjer meint?" Er það útsvar mannsins í heimilishreppi hans eða útsvörin í því sveitarfélagi, þar sem jörðin er? Þetta ákvæði stendur að vísu í lögunum, sem nú gilda, en það er jafnóskiljanlegt fyrir það. Jeg held það veitti varla af að setja nefnd í mál þetta, en jeg vil samt ekki stinga upp á henni, fyr en jeg hef heyrt skýringar h. flutningsm. (J. A. Hj.) á þessum atriðum, sem jeg hef nefnt.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Við skyldugjöld hef jeg skilið gjöld, sem goldin eru landssjóði, og hafði jeg sjerstaklega fyrir augum ábúðarskattinn. Jeg get ekki skilið í, hvernig ábúðarskattur ætti að gjaldast af öðru en ábúð.

Orðin: „útsvarinu eptir efnum og ástandi" hafa menn skilið svo, að þar væri meintur arður sá, sem menn hafa af því, er þeir störfuðu að eða hefðu handa á milli í því eða því sveitarfjelagi. Annars veit jeg ekki til, að þetta hafi nokkurn tíma verið misskilið.

Jeg yrði manna fegnastur, ef menn hjálpuðust til þess að skýra lögin svo, að jafnvel ekki hinir lærðustu gætu misskilið þau.

Þorleifur Jónsson: Það er einmitt áríðandi, að gjöra lögin svo úr garði, að þau ekki verði misskilin, og þess vegna

vil jeg stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Jón A. Hjaltalín með 7 atkv.
Þorleifur Jónsson — 7 —
Kristján Jónsson — 5 —

Frumv. til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 109, 178); 3. umr.

Sigurður Jensson: Jeg þarf ekki að orðlengja mikið um þessar breyt.till., sem jeg hef komið með ásamt 2 öðrum h. þm.; Þar er að eins farið fram á, að laga orðfærið síðast í 1. gr., svo að það verði ekki misskilið, að orðin: „ef þeir eru ekki komnir til lögaldurs“ o. s. frv. eigi við kjósendur, en ekki við umsækendur. Hin breytingin er á 2. gr., að í stað orðanna: „og 8. gr. laga 8. jan. 1886“. komi: „og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886“. Svo vil jeg geta þess, að prentvilla hefur slæðzt inn í milli 2. og 3. umr. Í 3. gr. stendur: „Með lögum þessum er úr lögum numin 3. og 9. gr.“ o. s. frv., en á að vera: „2., 3. og 9. gr.“

Forseti kvaðst mundu sjá um, að það yrði leiðrjett.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. stafl. 1 við 1. gr. samþ. í e. hlj.; breyt.till. stafl. 2 við 1. gr. sömuleiðis samþ. í e. hlj. Frv. samþ. með 9 samhljóða atkvæðum og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um samþykktir til að friða skóg og mel (C. 131); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 7 atkv.; 2.—7. gr. samþ. með 9 atkv. hver. Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 133, 184); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Þetta frv., sem hjer er til umræðu, er eitt af þeim svo kölluðu kvennfrelsisfrumv. eða kvennfrelsismálum. Orðið kvennfrelsi er orðið mjög almennt og opt um hönd haft, en þó miklu optar í munni karla en kvenna. Að vísu hefur orðið nokkur árangur af þessum kvennfrelsishreyfingum. Með lögum 12. maí 1882 fengu konur rjett til að kjósa í hreppsnefnd, sýslunefnd og bæjarstjórn; en eptir því, sem jeg þekki til, hygg jeg þó, að þau lög hafi ekki verið tímabær burður. Ekkjur, sem er heimilaður þessi rjettur, hafa mjög lítið notað hann, að því sem mjer er kunnugt. Með tilskipun 4. desbr. 1886 hefur kvennfólki einnig verið heimilaður töluverður rjettur. En um það er hið sama að segja, að örfáar konur hafa neytt þessa rjettar. Jeg hygg því, að þessar rjettarbætur, sem kvennfólkið hefur fengið, sjeu meira í orði en á borði. Kvennfólkið telur þennan rjett að minnsta kosti ekki svo dýrmætan, að það sækist mjög eptir að nota hann. Allir frelsismenn hjer á landi setja samt kvennfrelsismálin á fána sinn, og menn hafa gengið svo langt, að einn þingmaður lýsti því yfir opinberlega í blaði í sumar, að á þingmálafundum hans skyldu kvennmenn hafa jafnt atkvæðisrjett sem karlmenn. Jeg skal ekki kasta steini á hann fyrir það, þetta hefur auðvitað verið hans skoðun á málinu. Jeg held þó, að menn almennt kynnu illa við, ef svo margar vinnukonur flykktust á þingmálafund, að þær bæru kjósendurna ofurliði við atkvæðagreiðslu um málin. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er eitt af kvennfrelsismálunum, og jeg held, að það sje ekki heppilegt og að það sje fremur kvennófrelsismál en hitt.

Hæstv. landsh. hefur sýnt fram á, að þessi rjettur, sem konum er hjer veittur, verði þeim til svo þungrar byrði, að naumast sje hægt að kalla það frelsi. Þeir, sem þekkja til í sveit, vita, að enginn má síður missa sig frá heimili en húsmæður, og það eru margar, sem ekki gefa sjer einu sinni tíma til að fara í kaupstað eða veizlu

fyrir annríki og önnum. Það má nú nærri geta, hvort ógiptar konur eða ekkjur, sem standa fyrir búi, eiga hægra með að yfirgefa heimili sín en giptar konur, til að vera á hreppsfundum og sýslufundum o. s. frv. Ef ætti að neyða ekkjur eða húskonur, sem verða að verja hverri stundinni til vinnu í hreppsnefnd, þá yrði þeim hinn mesti óleikur gjörður. En af því að jeg sje, að frv. muni ná fram að ganga, þó að jeg greiði atkv. á móti því, þá hef jeg komið fram með breyt.till. við það, sem gjörir það, að því er jeg hygg, nokkuð betra. Jeg fer fram á, að aptan við frv. sje bætt: Þó er þeim heimilt að skorast undan kosningu. Þá er þeim konum í þeirri stöðu, sem tiltekið er í frv., veitt kjörgengi í hreppsnefnd, sýslunefnd o. s. frv., sem þær einar nota, sem óska eptir að komast í nefndir þessar; þessi viðaukatill. gjörir það að verkum, að ekki er hægt að neyða neina konu til þess að takast hina þungu byrði á hendur.

Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er málinu í heild sinni mótfallinn; en ef það nær fram að ganga, þá er þessi breyting til bóta.

Jeg sje ekkert á móti því, að þær konur, sem vilja, komist í þessar nefndir. En jeg er aptur á móti því, að þær, sem ekki vilja það, sjeu neyddar til þess.

Hallgrímur Sveinsson: Við 1. umr. þessa máls vakti jeg athygli á því, að frumv. væri á einum stað óljóst orðað, og menn gætu vel haldið, að veittur væri í frumv. rjettur eða byrði, sem ekki væri ætlazt til að veita. Það eru orðin „og á safnaðarfundum“, sem koma svo undarlega við, að maður skyldi ætla, að hjer lægi fiskur undir steini, og hugsað væri fyrir því, að ef konur færu prestamenntunarveginn, þá gætu þær eptir þessum lögum fengið kosningu til prestsembætta; því á safnaðarfundum eru prestar nú kosnir.

Það hygg jeg samt, að ekki muni vera tilgangurinn, en þessu mun hafa valdið orðalagið í lögum um kosningarrjett kvenna frá 12. maí 1882. Það er sitt hvað kosningarrjettur og kjörgengi og þess vegna verður að hafa hjer annað orðalag, ef fyrirbyggja á misskilning. Til hvers eiga konur að hafa kjörgengi á safnaðarfundum eptir þessu frumv.? Til alls þess, sem kjósa má til á safnaðarfundum, og þar á meðal þá sjálfsagt einnig til prestsembætta.

Ef frumv. þetta verður að lögum, þá fá konur kjörgengi í sóknarnefnd, og jeg skal ekki neita því, að mjer þætti koma undarlega við, að sjá konur t. d. veita prestum aðstoð í kirkju sem meðhjálpari, sem er skylda þeirra, sem í sóknarnefnd eru. Sumir kunna að segja, að það sje hjegómamál að kunna ekki við, að konur skrýði presta, en jeg get ekki að því gjört, að það særir tilfinningu mína. Jeg skal geta þess, að það hefur komið fyrir, að kona, sem sjálfsagt hefur verið álitin fær til að gegna þeim störfum, hefur verið kosin í sóknarnefnd. En jeg veit ekki betur, en að svo hafi farið, að hún hafi skorazt undan, eða hliðrað sjer við, að verða meðhjálpari. Jeg verð að benda á, að það, sem hjer um ræðir, er ekki komið inn í meðvitund þjóðarinnar. Það getur ekki samrýmzt mínum tilfinningum; getur verið að það falli öðrum betur. En jeg efast um, að þjóðin í heild sinni kunni við að láta konur gegna meðhjálparastörfum.

Jeg álít að sjálfsögðu, að frumv. sje komið fram og sprottið af fögrum og góðum hugmyndum, kannske nokkuð háfleygum, en ekki til þess að fullnægja neinni verulegri þörf, eða eptirkalli þarfa, því að eigi er kunnugt, að konur hafi óskað, að lög, sem þessi, kæmu fram. En þó kastar nú fyrst tólfunum, þegar jeg sje viðaukatill. eins h. þm. 6. kgk. (Þ. B.). Hann stingur upp á, að aptan við frv. bætist: „Þó er þeim heimilt að skorast undan

kosningu". Hinum h. uppástungumanni gengur gott eitt til; hann sjer að hjer á að veita konum mjög viðsjárverð rjettindi, og hann finnur upp ráð til að bjarga þeim frá vandræðunum. Ef þetta ekki sýnir, að frv. er gagnfúið;og getur ekki staðið eina stund, þá veit jeg ekki, hvað sýnir það betur. Ef það er ekki meiningin, að rjettur og skylda fylgist að, jafnt hjá konum sem körlum, þá er harla lítið í frumv. varið. Jeg tek það upp aptur: jeg er viss um, að h. þm. hefur ekki gengið annað en gott eitt til, með þessari viðaukatill., eins og öllum öðrum, sem koma fram með eitthvað hjer á þingi, að þeir gjöra það af góðum og hreinum hvötum, og vilja að það verði landsmönnum að gagni. Það heyrist líka opt, að þm. hafi gengið gott eitt til, og jeg efast því síður um það, í þessu tilfelli, sem sá maður á hlut að máli, er jeg þekki að sanngirni og velvild. H. þm. hefur ekki sjeð önnur ráð til þess að bjarga þessu frumv., og veita konum hin umræddu rjettindi, en að gjöra þessa undantekning, sem annars er óheyrð, og sem leiðir til þess, að þó kjósendur kjósi konur í þessar nefndir aptur og aptur, þá geta þeir hvað eptir annað orðið gabbaðir. Þegar búið er að kjósa þær, geta þær sagt: Þakka ykkur fyrir kosninguna, en jeg tek ekki á móti henni; lögin heimila mjer það.

Ekkert sýnir betur en þessi viðaukatill., hvað þetta frumv. er byggt á lausum sandi, og jeg vona, að h. þingd. sjái það og láti frumv. ekki verða allt of gamalt.

Þorkell Bjarnason: Jeg hygg, að þessi viðaukatill. mín sje samt ekki eins slæm og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) taldi hana vera. Í sveitarstjórnarlögunum er gjört ráð fyrir undanþágum fyrir þá, sem sitja í hreppsnefnd. Þar er það í einstökum tilfellum, en hjer eru þau dregin saman í eitt. Mjer finnst eins megi vera í þessum lögum, algjörð og full undanþága um kvennfólkið, að það megi skorast undan óþægilegum starfa, — sem kosningin hlýtur opt að verða því, — ef það vill. Það er rjett hermt hjá h. 2. kgk. þm (H. Sv.), að jeg vil bjarga konum undan þeirri byrði, að takast hreppsnefndarstörf á herðar, ef þær ekki vilja sjálfar. Jeg er viss um, að flestar skorast undan, og þakka fyrir, að sleppa frá jafn óþægilegum störfum, og þá er sanngjarnt, að þær fái lausn, en jeg sje ekkert á móti, að þær, sem hafa brennandi löngun til þess að gegna þessum störfum, fái það þá líka, og einmitt til þessa miðaði breytingaratkvæði mitt, sem jeg vona, að kvennfólkið verði mjer þakklátt fyrir, komist það að.

Jón A. Hjaltalín: Mig langar til að skora á h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) í jafnrjettisins nafni, að koma því til leiðar, að við karlmennirnir getum líka skorast undan að komast í þessar nefndir, því að jeg ímynda mjer, að mörgum mundi koma það engu síður vel en konunum.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6. atkv. gegn 5. Viðaukatill. (C. 184) felld með 7 atkv. gegn 4. Fyrirsögn frv. samþ. með 8 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Islands (C. 145); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer virðist það óviðfeldið, þegar svona stórt og merkilegt mál er sent oss hingað til deildarinnar, að enginn skuli heilsa því, nema h. forseti einn, með því að setja það á dagskrá, og bjóða mönnum að ræða það.

Jeg játa það að sönnu, að það er vandhæft að segja, hvernig h. þingd. á að taka þessu máli, svo að vel sje. Jeg ætla mjer ekki að rifja upp alla sögu þessa máls, en jeg vil þó minnast stuttlega á, hvað fram hefur farið, að því er sjálfstjórnarkröfur vorar snertir, nú á síðari árum.

Eins og kunnugt er, höfum vjer Íslendingar átt í sjálfsstjórnarbaráttu um vor sjerstöku mál í all-langan tíma. Saga þessarar baráttu virðist skiptast í tvo aðalkafla, annan fram að 1874, það ár sem vjer fengum hina núgildandi stjórnarskrá, og hinn eptir þann tíma. Það er fullkunnugt, hversu það reyndist erfitt fyrir Ísland, að ná þeim sjálfstjórnarrjettindum, sem vjer áttum fulla heimting á, eptir það er H. Hátign konungur vor hafði afsalað sjer einveldinu, og veitt samþegnum vorum hlutdeild í löggjöfinni. H. Hátign konungur vor, sem sýnt hefur þessu landi svo mikinn ástarhug, og sæmdi það með návist sinni á þúsund ára afmæli þess, notaði þá þetta tækifæri, og kom með „frelsisskrá í föðurhendi", eins og opt hefur verið að orði komizt. Gjörðist þá um hríð hlje á sjálfstjórnar-baráttunni, hlje á hreyfingum þeim og æsingum, er áður höfðu átt sjer stað, út af því, að mál þetta eigi varð til lykta leitt, því að aldrei verður því neitað, að þessi stjórnarskrá vor veitir oss mikil rjettindi, er mjög mikil breyting til batnaðar frá því, sem áður var, jafnvel þótt margir sjeu þeir enn, er ekki eru ánægðir, en sjá á henni allmikla annmarka, og sáu þá reyndar undir eins. En þrátt fyrir það, varð þó um hríð hlje á sókninni eptir 1874. Vjer verðum og að játa það, að eptir það, er vjer fengum þessa stjórnarskrá, hefur landsstjórn vor breytzt mjög til batnaðar, landið tekið framförum og blómgast á margan hátt. En þetta hlje varð ekki nema skammvinnt. Eptir sjö ár eða 1881 var þegar farið að hreyfa því, hvort eigi mundi kominn tími til, að fá frekari bætur þess, er enn þótti ábótavant, og sem eptir þótti vera skilið, þá er stjórnarskráin var gefin. Þessi hreyfing komst loks svo langt 1885, að þá var af báðum deildum alþingis samþykkt frumv. til stjórnlagabreytingar og sent hinni konunglegu stjórn. Eins og lög gjöra ráð fyrir og sjálfsagt var leysti konungur þá upp þingið, og efndi til nýrra kosninga. Kom þá út hin alkunna konunglega auglýsing 2. nóv. 1885, er tók glögglega fram afstöðu stjórnarinnar í máli þessu. Samt sem áður álitu þó hinir nýkjörnu þingm., er komu saman á aukaþinginu 1886, eigi annað við eiga, en að leiða málið til fullra lykta, svo að það var samþykkt af 2 þingum í röð. En eins og við var að búast, eptir nóvemberauglýsingunni, náði frumv. ekki konunglegri staðfestingu, og máli þessu hefur eigi miðað neitt áfram síðan.

Hin konunglega stjórn hefur lýst því yfir skýrt og skorinort, að eigi væri til neins samkomulags að hugsa á þeim grundvelli, sem byggt var á 1885. Jeg veit nú eigi til, að síðan hafi nokkuð breytzt afstaða h. konungl. stjórnar gagnvart máli þessu. Málinu hefur síðan verið haldið vakandi, þótt nokkuð hafi misjafnlega verið glatt yfir því. Ýmsir hafa viljað fara hægt, bíða og sæta lagi, en flestar og sterkastar hafa þær raddir hljómað, er hafa viljað halda fram sleitulaust, óskertum sjálfstjórnarkröfum. Skoðanir manna hafa verið nokkuð skiptar í þinginu, og sín skoðunin stundum orðið ofan á í hvorri deild. En nú er þessu máli svo komið, að það virðist ekki hafa vakið sundurleitar skoðanir í h. Nd., með því að það hefur gengið þar í gegn nær því umræðulaust, og verið að lokum samþ. með öllum eða nær því öllum atkv. Ef af þessu mætti nú draga þá ályktun, að frumv. þetta, eins og það liggur nú hjer fyrir, samsvari að öllu leyti óskum og kröfum h. þm. í Nd., þá er mikil spurning um, hvort þessi h. þingd. ætti eigi líka að ljúka þessu máli og gefa samþ.atkv. sitt með því. En jeg hygg, að það geti engum dulizt, að þótt á yfirborðinu sje kyrt, þá sje þó töluverður undirstraumur, og að allir þingm. sjeu ekki að öllu leyti samþykkir frv. þessu. Jeg er hræddur um, að í h. Nd. sitji ein-

hverjir þeir þingm., sem ekki eru fullkomlega ánægðir með frumv.

Það er því talsvert alvarleg spurning um það, hvað þessi h. þingd. á að gjöra við þetta frumv. Eða er von á nokkrum minnsta árangri af því, þótt frv. þetta verði nú samþ. óbreytt af þessari þingd., og komi svo til álits hinnar kgl. stjórnar? Eptir því sem mjer skilst er auglýsing stjórnarinnar frá 2. nóv. 1885 enn í fullu gildi; hún er hið síðasta ófrávikjanlega svar stjórnarinnar. Jeg get ekkert gagn sjeð í því nje skynsamlega meiningu, að halda fram því frumv., sem hlýtur að fá einbert nei. En setjum nú svo, að h. þingd. vilji ekki samþ. frumv. þetta, af því að vonlaust er, að það fái nú staðfestingu. Eru þá h. þingm. með því horfnir frá öllum vonum um frekari sjálfstjórn heldur en vjer höfum nú? Eru þeir menn, sem slíkt atkv. gefa, fyrir það orðnir slæmir synir fósturjarðarinnar? Jeg hika ekki við að svara báðum þessum spurningum með nei. Þeir hinir sömu óska eins eptir fullkomnara sjálfsforræði og hagkvæmara stjórnarfyrirkomulagi fyrir því, þótt þeir, þegar svona stendur á, sjeu á móti þessu frumv. Það er engin minnsta ástæða til fyrir það, að kalla þá slæma syni fósturjarðarinnar, hverjar sem skoðanir þeirra hafa áður verið í þessu máli.

Það er venja á þingi við stór og merkileg mál, sem vel þarf að athuga, að velja til þess nefnd, og mætti því virðast sjálfsagt, að setja nefnd í þessu máli, og það því fremur, sem sumir í þessari h. þingd. hafa eigi setið fyr á þingi, og gætu ef til vill gefið góðar bendingar málinu til framgangs eða bóta. En hverja þýðing gæti það haft? Að sönnu er það eigi ómögulegt, að sú nefnd kynni að gjöra við það breytingar þær, er hrundið gætu málinu áfram, en samt er jeg vondaufur um það. Jeg skil svo atkv. h. Nd., að það sje þetta frumv., eins og það liggur nú fyrir, en ekkert annað frumv. sem hún aðhyllist, og ef farið verður að breyta því hjer í þessari h. þingd., þá sje það sama sem að búa til frv., sem lítil líkindi sjeu til, að h. Nd. geti fallizt á. Það er og mikil spurning, hvort þessu frumv. verður svo breytt, að samkomulag náist við stjórnina. Nei, jeg sje það, og jeg get vel bætt því við, sje það mjer til sorgar, að auglýsingin frá 2. nóv. 1885 sýnir ljóslega, að vjer getum ekki gjört frumv. þetta svo úr garði, að stjórnin geti aðhyllzt það. Hið eina ráð er því fyrir oss, að taka á þolinmæðinni, og bíða betri hentugleika. Jeg segi það ekki, að engin von sje nokkurntíma á því, að vjer fáum umbætur á stjórnarhögum landsins, en hitt segi jeg, að það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar, að samþykkja þetta frv. nú, því að það er í öllum meginatriðum samhljóða frumv. því, er stjórnin hefur áður sagt nei við, og það því fremur, sem öllum er kunnugt um, að engin breyting hefur síðan 1885 orðið á skipun stjórnarinnar í Danmörku; þar eru því nær sömu ráðherrar nú, sem þá; sjerstaklega er nú hinn sami ráðherra, er ræður Íslandsmálum, sem þá var; hinn sami konungur situr og enn að völdum, sem sett hefur nafn sitt undir auglýsinguna 2. nóv. 1885, og það er konungur, er sýnt hefur Íslandi svo margt og mikið gott, og margan ljósan vott konunglegrar hylli sinnar. Það gæti því kallast miður viðeigandi, að vjer ónáðum hann á elliárum hans með því að krefjast þess, sem hann hefur einu sinni áður sagt, að vjer gætum ekki fengið.

Þó að jeg óski að sá tími komi, og komi innan skamms, að Ísland geti fengið fyllri sjálfstjórnarlög en vjer nú höfum, þá álít jeg þó tilgangslaust og vonlaust, fyrir góðan framgang þessa máls nú, að framfylgja þessu frv. Jeg gef því þess vegna ekki atkv. mitt.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla mjer eigi að halda langa ræðu um þetta mál;

það hafa heldur ekki komið fram neinar breyt.till., er geti gefið tilefni til þess.

H. 2. kgk. (H. Sv.) skýrði stuttlega frá sögu þessa máls, frá því það fyrst kom inn á þing árið 1881 og þangað til nú; það hefur verið samþ. á tveimur þingum, og er, ef jeg má svo að orði komast, orðið sameiginleg eign þings og þjóðar, er þau hafa komið sjer saman um að halda til streitu. H. þm. sagðist ekki ætla að fara neitt út í galla þá, er á frv. þessu kynnu að vera og er það mjög skiljanlegt, þar eð hann hefur sjálfur verið með til að samþ. það í einmitt sama eða mjög líku formi, eins og það nú kemur fram. Það var einkum eitt í ræðu h. þm., er jeg ekki skildi glögglega. Hann játaði, að h. Nd. hefði verið nálega samhuga um að gefa þessu frv. fylgi sitt, en sagðist þó vita af einhverjum undirstraumum, er ekki gengju í sömu átt og sagðist hyggja, að sumir h. þingdm. væru ekki svo allskostar ánægðir með það. Jeg verð að játa, að ef jeg hefði verið einn af þessum h. þingdm. Nd., þá hefði mjer þótt æði óviðkunnanlegt að heyra þessi orð, enda er jeg líka sannfærður um, að h. þm. er mjer fullkomlega samdóma í því, að h. þm. ekki greiði atkv. á móti sannfæringu sinni eða gefi því frv. atkv. sitt, er þeir eigi eru sannfærðir um, að sje til gagns fyrir þjóðina. Jeg er líka viss um, að þó eitthvað kunni að vera til í þessum undirstraumum, þá eru þeir þó algjörlega í minni hluta bæði hjá þingi og þjóð.

Þetta mál er og á að vera efst á dagskrá þjóðarinnar, og þótt eigi allir sjeu jafnötulir í framsókninni og einhverjir kunni að digna, þá er það sannarlega engin undur, eins og hjer er ástatt, þar sem hinn málsaðillinn, stjórnin, gjörir að sínu leyti það, sem í hennar valdi stendur til að hindra framgang þessa máls, og hefur hingað til ekki gefið þjóðinni annað svar, en ástæðulaust eða ástæðulítið „nei“. H. þm. benti á hina alkunnu auglýsingu stjórnarinnar frá 2. nóv. 1885 og að stjórnin með auglýsingu þessari hefði gefið svo ótvírætt svar í þessu máli, að ekki væri um að villast, hver vilji hennar væri. En þess ber líka að gæta, hvernig synjunarástæður stjórnarinnar eru lagaðar; ef þær virðast góðar og gildar, þá væri mikil ástæða til að taka þær til greina, en jeg held, og er enda viss um, að h. þm. er mjer samdóma í því, að þessar ástæður sjeu enganveginn svo lagaðar, að þær eigi að draga úr framsókn þjóðarinnar í þessu máli, og enda ólíklegt, að stjórnin sjálf geti látið sjer lynda að beita þessu til langframa gegn sjálfsstjórnarkröfum Íslendinga.

Það hefur optlega verið tekið fram áður og nú síðast af h. 2. kgk. (H. Sv.), að það væri eigi svo að skilja, að menn ekki vildu stjórnarbót, þótt menn greiddu atkv. á móti þessu frv. Það má vel vera, að sumum líki ekki þetta frv., en á þá að hætta við svo búið? Eru ekki enn minni líkur til þess, að vjer fáum stjórnarbót, ef vjer nú hættum í miðju kafi og látum ekkert til vor heyra, heldur en ef vjer höldum áfram og krefjumst rjettinda vorra með þreki og stillingu, enda þótt í fyrstu ekki líti sigurvænlega út? Sje það ekki þessi vegur, sem vjer eigum að ganga í þessu máli, þá veit jeg ekki, hvar vegurinn er. Jeg skal ekki svo mjög liggja stjórninni á hálsi, þótt hún sje sein til samþykkis í þessu máli, en hitt væri henni láandi, ef hún þrátt fyrir margítrekaðar óskir vorar og kröfur ekki vill einu sinni virða oss viðtals. Þótt því stjórnin hafi einu sinni svarað oss með þessu ástæðulitla nóvember-neii, þá er engin ástæða til að draga þar af þá ályktun, að stjórnin muni jafnan sitja við þann sama keip, heldur hygg jeg miklu fremur, að hún muni slaka til, að minnsta kosti eigi synja okkur viðtals, er hún sjer, að þjóðin ár eptir ár heldur fram sjálfstjórnarkröfum sínum.

H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að hið eina

ráð væri að bíða með þolinmæði betri tíma í þessu máli. En skyldum vjer ekki lengi mega bíða eptir „þeim betri tíma“ á þennan hátt. Sú þolinmæði er að mínu áliti miklu vænlegri til sigurs, að þreytast ekki að bera fram óskir sínar, þrátt fyrir ýmislegan andróður og ítrekuð „nei“ stjórnarinnar, í þeirri von, að stjórnin muni þó að lokum láta sannfærast um nauðsyn þessa máls. Það er ekki líklegt, að stjórnin bjóði okkur að fyrra bragði stjórnarbót, þótt vjer í allri þolinmæði bíðum þegjandi hins „betri tíma“; hitt er miklu líklegra, að hún eins og „manneskjunnar barn“ sjái sig um hönd, og synji oss ekki um aldur og æfi allrar áheyrnar, ef vjer sýnum þolinmæði og þrautseigju í kröfum vorum.

Hvað því viðvíkur, að við eigum að taka tillit til þeirra ástæða, er stjórnin gefur í skyn, að hún hafi á móti þessu frv., þá vil jeg að eins segja, að þá fyrst er tíminn kominn fyrir oss, að sýna alla þá tillátsemi, sem oss er auðið að óskertum aðalkröfum vorum, er hún hefur látið svo lítið að tala við okkur, þá fyrst er tími, segi jeg, fyrir okkur að slá undan og mæta henni á miðri leið, er hún að sínu leyti hefur sýnt oss svo mikla tilhliðrunarsemi, að hún vilji mæla við oss eitt „einasta“ orð um þetta mál, annað en blábert og ástæðulaust nei.

Hvað það snertir, að h. Nd. hafi látið mál þetta frá sjer fara nálega umræðulaust, þá er bert af því, að hún hefur álitið það svo rætt á alla vegu, sem framast er unnt, og því eigi ástæðu til að eyða hinum dýrmæta tíma þingsins til að ræða það frekar, jafnvel þótt það sje eitt af mestu velferðarmálum þjóðarinnar; jeg sje heldur ekki, að hjer sje um nema tvennt að velja, annaðhvort að samþykkja frv., eins og það er, eða að fella það. Sjálfur mun jeg nú sem áður óhikað gefa þessu frv. atkvæði mitt, án þess jeg á nokkurn hátt vilji bregða mönnum um, að þeir eigi sjeu sannir vinir og synir fósturjarðarinnar, þótt þeir greiði atkv. á annan hátt.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil ekki nú gjöra neina grein fyrir eða fara út í þær ástæður, er jeg kann að hafa haft fyrir mjer, er jeg sagðist hyggja, að allir h. þm., er Nd. skipa, mundu ekki vera svo allskostar ánægðir með frv. eins og útlit væri fyrir, því það mundi að eins leiða til langra og ef til vill óheppilegra umræðna, er fremur spilltu fyrir málinu, en hitt; en hvað það snertir, að jeg hafi hvatt menn til þolinmæði, þá er það eigi svo að skilja, að jeg biðji menn um að hafa biðlund um aldur og æfi, heldur að eins meðan hinir sömu menn sitja við stýrið. Þegar annar konungur, — því vor ástkæri gamli konungur á eins og vjer allir eitt sinn fyrir höndum að deyja, — og annar ráðgjafi er seztur að völdum, þá getum vjer ef til vill búizt við að fá gleðilegra svar, en við fengum 1885. — Hjer er að eins um það að ræða, að hafa þolinmæði í nokkurn tíma, já ef til vill fremur stuttan tíma. Vissulega eigum vjer ekki að vera aðgjörðalausir, þar sem nokkurs árangurs er von af starfseminni, og það er lofsvert að hvetja menn til starfsemi. En sú starfsemi er til, sem engan ávöxt ber, og hún kallast „að vinna fyrir gýg“. Hana vil jeg hvorki lofa nje hvetja aðra til hennar. Það má að vísu kallast vinna, að halda fram þessu máli, eins og nú horfir við, en hún er arðlaus og þess vegna gagnslaus og ónýt. Mjer dettur í hug einn gamall og góður málsháttur, er segir: „Geymt er ekki gleymt“. Þegar sú breyting er á orðin, að sennileg von sje um einhvern árangur og að málinu þoki nokkuð áfram, sje því fylgt fram, þá er fyrst tíminn kominn fyrir okkur til að fara að eins og hinir góðu sjómenn að leita lags og grípa hið hentuga tækifæri.

Jeg játa það fúslega, að mjer þóttu og þykja enn ástæður stjórnarinnar engan

veginn fullkomnar eða óaðfinnanlegar; en hvað stoðar það oss, og hvað ávinnum vjer, þótt vjer getum sagt við hana: þetta er ekki rjett hjá þjer, þú hefur ályktað rangt og verður því að hafa aptur á. Hún hefur greinilega sagt, að hún láti ekki haggast. Jeg þekki að vísu sögu eina um fögur laun þolinmæðinnar; en jeg er meir en hræddur um, að hún reynist ekki að eiga hjer við.

Það var einu sinni maður, er bað sjer stúlku, og fjekk nei; árið eptir í sama mund kom hann jafnrólegur og bað hennar á ný, og fær aptur jafnrólegt nei. Þessu heldur hann áfram einu sinni á ári í 10 eða 15 ár og fær alltaf hið sama rólega svar, þangað til loks í síðasta sinni, að hann fær það svar, er hann lengst hafði þráð. Ef þolgæðin ávallt mætti leiða til þessara loka, skyldi jeg ekki hvetja menn til að láta mál þetta liggja niðri; en hjer álít jeg öðru máli að gegna; jeg er hræddur um, að sá maður, sem hjer er við að eiga, muni eigi láta sigrast af hinum viðkvæmu tilfinningum, eins og stúlkan, heldur halda áfram að gefa hið sama neitandi svar, sem vjer þekkjum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 4.

Nítjándi fundur, þriðjudag 25. júlí. Allir á fundi.

Frv til laga um gjaldþrotaskipti (C. 170); 3. umr.

Framsögumaður: (Kristján Jónsson): Frv. þetta gekk fram hjer í deildinni við 1. og 2. umr. nær því umræðulaust og alveg mótmælalaust og var samþ. með öllum atkv. Nú hafa engar breyt.till. komið fram við það og býst jeg því við, að frv. verði nú samþ. umræðulítið og sent h. Nd. Eins og h. forseti hefur bent til eru allmargar prentvillur nú í frv., sem nauðsynlegt er að verði lagaðar, þá er frv. verður prentað upp aptur.

Hallgrímur Sveinsson benti einnig á allmargar prentvillur og skort á aðgreiningarmerkjum í frv. eins og það lægi nú fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og því næst afgreitt til Nd.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 124); 3. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Þessu frv. hefur verið svo vel tekið í þessari h. þingd. við báðar fyrri umr., að jeg finn ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Jeg vil minnast að eins á eitt atriði og er það, fyrir hví, að jeg hef nú í þessu frv. farið fram á, að algjörlega sje afnumið árgjaldið frá þessu prestakalli, þar sem jeg á undanfarandi þingum hef að eins farið fram á lækkun þess.

Jeg hef heyrt það á sumum h. þm., að þeir undrast þessa aðferð mína, því að þeir segja, að máli þessu hafi ekki verið svo vel tekið á undanfarandi þingum, að ástæða sje fyrir mig að færa mig upp á skaptið, og ganga lengra í kröfum mínum. Þessu svara jeg svo, að undanfarin þing hafa alls ekki viljað sinna þessu máli, og hafa alls ekki látið uppi neitt álit sitt um það, hvort nokkurt árgjald skyldi greiða af Staðarprestakalli eða ekki, og eins, hvert árgjald væri hæfilegt. Jeg álít því, að í hið eina skipti, sem málið hefur eiginlega legið fyrir þinginu, og það látið í ljósi vilja sinn um það, sje þegar prestakallalögin voru samin, og þá var það atkv. þingsins, að alls ekkert árgjald ætti að greiða af þessu brauði, og eins og jeg tók fram við 1. umr. var það að eins fyrir tilviljun eða óhapp, að ákvæðið um árgjaldsskylduna komst inn í lögin. Jeg verð því að fara eingöngu eptir því, sem jeg hygg rjettast, og jeg álít að presta-

kall þetta þoli ekkert árgjald. Þetta álit mitt styrkist við það mat á brauðinu, sem nýlega hefur fram farið, og samið er af dómkvöddum mönnum, sem eru reiðubúnir að staðfesta skýrslu sína með eiði. Þetta mat ber það ljóslega með sjer, að það nær engri átt, að heimta nokkuð árgjald af þessu prestakalli og allra sízt svona hátt.

Jeg hef nú þá föstu von, að frv. þetta verði samþ. í þessari h. þingd. nú eins og við fyrri umr. og jeg hef líka ástæðu til að vona þess, að það verði í þetta skipti tekið til nákvæmrar yfirvegunar í h. Nd.; og ef sú von mín rætist, þá þykist jeg viss um, að allir sannsýnir menn komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn beri til að breyta þessu ákvæði prestakallalaganna, sem komið er inn í lögin án vilja og vitundar þingsins.

Þorkell Bjarnason: Það hlýtur að vera rjett, sem h. flutningsm. þessa frv. (S. J.) hefur sagt, að það getur ekki hafa verið með vilja þingsins, að þau ákvæði komust inn í prestakallalögin, að árgjald skyldi greiða frá þessu prestakalli, heldur mun það vera komið inn fyrir óhapp. Jeg hef dálítið rannsakað þetta mál, og jeg byggi þessa skoðun mína á samanburði á mati Staðarprestakalls, og mati nokkurra annara brauða, sem þessi sömu lög ætlast ekki til, að nokkurt árgjald greiðist af. Staður á Reykjanesi er metinn eptir nýjasta brauðamati 1415 kr., Arnarbæli 1708 kr., Útskálar 1696 kr., Garðar á Álptanesi 2522 kr., Helgafell 2309 kr., Selárdalur 1424 kr., Holt í Önundarfirði 1748 kr., en af engum af þessum brauðum er ætlazt til, að nokkurt árgjald skuli greiða frá. Það hlýtur því, að liggja í augum uppi, að það getur ekki hafa verið tilætlun þingsins, þá er lögin voru samin, að leggja 400 kr. árgjaldsskyldu á Staðarprestakall á Reykjanesi, brauð sem að eins er metið 1415 kr. Sum af þeim brauðum, sem jeg hef tekið til samanburðar hafa góð hlunnindi af sjávarútveg, svo sem Garðar á Álptanesi og Útskálar. Jeg get því ekki efast um, að þessi h. þd. sýni presti þeim, sem hjer á hlut að máli, sanngirni, og nemi burtu árgjaldið. Það sem líka mælir ennfremur með því er það, að þau hlunnindi, sem tekjur brauðsins eru mestar af, svo sem æðarvarp og selveiði, hafa rýrnað mjög á síðustu árum við það, að bæði æðardúnn og selslýsi hafa fallið í verði. Jeg vona, að þessi h. þd. samþ. þetta frv. og að h. Nd. gjöri það líka, jafnvel þótt prestur eigi hjer hlut að máli.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og jeg greiddi atkv. með því á þingi 1885, að beiðni prests þess, er hjer á hlut að máli, væri tekin til greina, eins greiði jeg nú atkv. með frv. þessu. Það er sannfæring mín, að ákvæðið um þetta árgjald er komið inn í prestakallalögin, án þess að þingið ætlaðist til þess eða greiddi atkv. með því, og er það því hin mesta ósanngirni að láta þetta árgjald hvíla á svona litlu brauði. Reynslan hefur og orðið sú, að erfiðlega hefur gengið að innheimta árgjaldið, án þess þó viljaleysi prestsins sje um að kenna, heldur hinu, að hann hefur beinlínis átt bágt með að geta staðið í skilum, eins og líka gefur að skilja. Þó að hann hafi getað innt árgjaldið af hendi í eitt og eitt skipti, hefur þó orðið reyndin á, að árgjaldið hefur safnazt í skuld, af því að hann hefur eigi haft efni til að fullnægja árlega þessum þungu kröfum. Jeg vona því, að þingið sýni þá sanngirni, að afnema árgjaldið að fullu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um aukatekjur, sem renna í landssjóð (C. 128); 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þangað til lög 14. des. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta komu út, runnu aukatekjurnar yfir höfuð til gjaldheimtumanna sem laun. En með þeim lögum

var sú breyting gjörð, að sýslumenn og bæjarfógetar voru settir á föst laun, en allar aukatekjur skyldu greiðast í landssjóð nema innheimtugjald af aðflutningstolli. Þrátt fyrir þessa mikilsverðu breytingu með tilliti til aukateknanna, nfl. þá: að þær nú renna í landssjóð, en gengu áður til gjaldheimtumanna sem laun þeirra, hefur að öðru leyti því nær engin breyting verið gjörð á aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, sem því að mestu leyti gildir enn. Þó er það einn kafli hennar, er breytt hefur verið með lögum 13. jan. 1882, þar sem settar eru nýjar reglur um borgun til hreppstjóra og annara sýslunarmanna. Það er því mjög æskilegt, að aukatekjureglugjörðin sje endurskoðuð í heild sinni, enda hefur stjórnin nú gjört það, og er ávöxturinn af þessari endurskoðun þau 2 frv., sem liggja hjer fyrir í dag. Sá greinarmunur hefur verið gjörður, að safnað hefur verið saman í eitt frv. aukatekjum þeim, sem eiga að renna í landssjóð, og það er það frv., sem hjer liggur fyrir, en upp í frv. það, sem næst er á dagskránni er aptur á móti safnað þeim hluta aukateknanna, er rennur til embættismannanna sjálfra.

Jafnframt og aukatekjureglugjörðin var endurskoðuð var og sjálfsagt að taka til greina önnur lög, er komið hafa út, sem sje lögin um peningabreytinguna, svo að aukatekjurnar eru nú reiknaðar eptir krónumynt.

Nefndin hefur í heild sinni fallizt á, að frv. þetta sje þarft og fari í rjetta átt. Hún óskar því, að h. þd. samþ. það, en hefur stungið upp á æði mörgum breytingum, sem þó að mestu eru orðabreytingar. Jeg skal leyfa mjer að minnast stuttlega á hinar helztu af þessum breytingum. Breyt. við 1. gr. er að eins orðabreyt. Við 2. gr. er sú breyt. gjörð að fella burtu nokkur orð, er nefndin álítur óþörf. Úr 6. gr. vill nefndin fella burtu síðari málsgrein. Nefndinni fannst ekki ástæða til, að halda ákvæðum þeim, sem áður hafa gilt um það, að ekkert skuli greiða fyrir virðingargjörðir þær, sem hjer er um að ræða. Að vísu er það ákveðið í 8. gr. tilskipunar 18. febr. 1847, en til þess að gjöra breyting á þessu áleit nefndin nægja 6. gr. 1. málsgr. Við 9. gr. vill nefndin gera þá breyt. að setja orðið „hjúamál“ í stað heillrar setningar. Nefndin áleit, að það orð grípi yfir eins mikið og orð þau, sem í gr. eru viðhöfð, en er styttra. Síðan eru að eins orðabreyt. aptur að 24. gr. Þar stingur nefndin upp á, að numin sje burtu 6. liður þeirrar gr.; hún áleit hann óþarfan. Í 31. gr. vill nefndin bæta inn orðunum: „eða skiptaforstjóri án dómsvalds“; við það verður 34. gr. óþörf, og ræður því nefndin til að fella hana burtu. Við 37. gr. vill nefndin gjöra þá breyt. að setja orðið: „jarðir“ í stað orðanna: „grunnar, jarðagóz“. Hún hugði, að hugmyndin, sem felst í orðinu „grunnar“ gæti heimfærzt undir orðin: „aðrar fasteignir“, en „grunnar“ er alveg óíslenzkt orð. Við sömu gr. vill hún og gjöra þá br. að setja: „þilskip“ í stað: „skip“, því að hún áleit, að að eins ætti að setja þilskip á borð við fasteignir, en skoða báta fremur í flokki með lausafje. Úr 38. gr. vill nefndin fella síðustu málsgr.; virtist ekki þurfa frekari ákvæði en tekin eru fram í undanfarinni gr. 46. gr. er um undirboðsþing. Nefndin áleit, að erfitt mundi í framkvæmdinni að beita við undirboðsþing ákvæðum þeim, sem í gr. er vísað til, einkum ef um eitthvert stórvirki væri að ræða, svo sem brúaeða vega-gjörð. Hún ræður því til að ákveða fast verð í þeim tilfellum og stingur upp á 4 kr. Að sjálfsögðu er það álitamál, hversu hátt það skuli sett. Fyrir „notarial“-vottorð, sem ræðir um í 51. gr. áleit nefndin 1 kr. nægilegt gjald. Svo ræður nefndin til að fella burtu 62. gr. Þar er um nýtt gjald að ræða, sem nefnd-

in áleit enga ástæðu til að innleiða. 67. gr. vill nefndin einnig fella úr frv.; hún áleit, að ef gjöldin eigi eru borguð þegar í stað, ɔ: þegar þau eru komin í gjalddaga, þá verði það að vera á ábyrgð gjaldheimtumanns, eins og hver önnur gjöld, er hann á að heimta. Svo álítur og nefndin 68. gr. óþarfa. Það er hætt við, að henni verði ekki hlýtt, enda sýnist nægilegt, að lögin sjeu eins og hver önnur lög birt í Stjórnartíðindunum.

Loks er prentvilla í 1. og 2. gr. frv. 14. ágúst á að vera 15. ágúst.

Landshöfðingi: Jeg er h. nefnd mikið þakklátur fyrir, hvað hún hefur tekið vel í þetta mál og kannast við þá nauðsyn, er hvatti stjórnina til að leggja þetta frv. fyrir þingið. Jeg get yfir höfuð fellt mig vel við breyt.till. h. nefndar; það eru að eins fáeinar þeirra, er jeg hef nokkuð að athuga við. Það er þá fyrst 4. stafl. við 6. gr. b. Jeg hef í sjálfu sjer ekkert á móti þessari breyt.till., jafnvel þótt stjórnin hafi ekki sjeð sjerstaka ástæðu til að víkja frá þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi um virðingar á fasteignum til veðsetningar fyrir lánum af fje ómyndugra. En mjer getur eigi skilizt betur en svo, að þau ákvæði, sem sett eru um þetta atriði í tilsk. 18. febr. 1847, 8. gr., en sem nefndin sjálfsagt hefur ætlazt til að breyt.till. þessi óbeinlínis ætti að upphefja, standi óhögguð, þótt sá málsliður í 6. gr. frv., sem breyt.till. beinist að, væri felldur burt. Jeg álít því bezt til fallið að skjóta inn í nýrri grein, er skilmerkilega nemi þessi ákvæði burtu, jafnvel þótt það ef til vill sje óþarfi, þar sem nú virðast vera horfur á, að tilskipunin um fjárforráð ómyndugra eigi að fá gagngjörða endurskoðun. Þá er stafliður 6 við 9. gr., að í staðinn fyrir orðin: „Í lögreglumálum hjúa“ í upphafi greinarinnar komi: „Í hjúamálum“. Jeg álít mjög vafasamt, hvað skilið verði við þetta orð, hvort undir það heyri öll þau lögreglumál, er hjú er annar málsaðili í, án tillits til, hvort það er á milli húsbænda og hjúa eða milli hjúa innbyrðis eða milli hjúa og annara út í frá. Jeg skal benda á eitt dæmi. Í tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 er bannað að ráða annars manns hjú; hvort á nú að álíta mál það, er af broti móti banni þessu getur risið, heyra undir þetta orð „hjúamál“ eða ekki? Mjer finnst eigi gott að sjá, hvað meint er með þessum orðum í 14. gr. frv., þegar upphæðin er hærri en 25 kr. en minni en 50 kr., hærri en 50 en minni en 100. Það er eigi hægt að sjá, hvort átt er að eins við þær tölur, er liggja á milli 25 og 50, eða þær taldar með; þetta hefur h. nefnd einnig sjeð, og viljað bæta úr því með því í staðinn fyrir orðin „hærri en“ og „minni en“ að setja „frá“ og til“, en þetta er heldur ekki fullkomlega ljóslega orðað. Það er t. d. ekki hægt að sjá, þegar sagt er frá 100 til 200, hvort báðar endatölurnar eigi að reiknast með eða að eins önnur. Af 1. tölulið má raunar sjá, að meiningin er, að lægri talan í þessu tilfelli 100 ekki á að teljast með, heldur að eins sú hærri, en þetta ætti þó heldur að vera ljósara orðað.

Hvað orðinu „grunnar“ í 37. gr. frv. viðvíkur, þá gekk stjórninni að eins það til, að hún ekki var viss um, hvort lóðir í kaupstöðum gætu falizt í orðinu jarðir, en með því h. nefnd álítur það nægilegt, þá skal jeg ekki hafa neitt á móti því. Breyt.till. við 38. gr. um að fella burtu svigana og bæta inn í orðinu „en“ hef jeg heldur ekki neitt á móti, þótt mjer finnist fullt eins ljóslega tekið til orða í frv. stjórnarinnar; við breyt.till. við 46. gr. um að greiða skuli jafnt af öllum undirboðsþingum get jeg vel fellt mig, og að gjald þetta sje ákveðið 4 kr. sje jeg heldur ekkert á móti, en hvað viðvíkur að fella burtu 62. gr. þá get jeg ekki verið h. nefnd samþykkur um það. Fyrir störf þau, sem hjer er um að ræða hefur verið heimtað gjald að undanförnu eptir 22. gr.

aukatekjureglugjörðarinnar, og mjer finnst mjög sanngjarnt, að þeir, er vanrækt hafa að láta tilgreina á tollseðlinum styrkleika þess vínanda eða þess brennivíns, er þeir flytja inn í landið og fyrir þá sök þurfa aðstoðar lögreglustjóra til að bæta úr vanrækslu sinni, borgi fyrir það eins og aðrir, sem leita aðstoðar lögreglustjórnarinnar og hið sama er það, þegar þeir, sem flytja inn áfenga drekki, vilja fá vottorð lögreglustjóra um, að eitthvað af þeim hafi lekið niður á leiðinni. Vildi h. deild samt ekki fallast á gjald þetta, þá vil jeg ekki gjöra það að neinu kappsmáli.

Breyt.till. h. nefndar um að fella burtu 67. gr. frv. vil jeg heldur ekki setja mig á móti, en get þó eigi neitað því, að mjer finnst nokkuð hart að láta það lenda á baki viðkomandi embættismanns, þótt hann eigi nái inn einhverju aukatekjugjaldi fyrir landssjóð, ef hann ekki sýnir neina vanrækslu í að innheimta það, einkum þegar um þau gjöld er að ræða, sem ekki er skylt að greiða fyrir fram. Vilji þingd. þó ekki fallast á þennan 4 vikna frest er gr. frv. fer fram á, þá skal jeg ekki leggja neina áherzlu á það.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Hæstv. landsh. hefur tekið svo vel í breyt.till. nefndarinnar, að jeg ekki finn neina ástæðu til að fjölyrða um þær. Hvað snertir breyt.till. okkar við 6. gr. b., þá var það eins og hæstv. landsh. gat til, tilgangur nefndarinnar, að hin fornu ákvæði um þetta efni óbeinlínis væru úr lögum numin með breyt.till., og hlýtur það að minni ætlun að skiljast svo. En nefndin mun ekki hafa neitt á móti því, að taka þetta skýlaust fram, og koma með beina breyt.till. í þá átt. Hvað orðið „hjúamál" snertir, þá var það skoðun nefndarinnar, að undir það hlytu að heyra öll þau lögreglumál, sem hjú eru annar málspartur í, og risin eru af stöðu þeirra, sem hjúa, og ekki einungis þau mál, er stæðu milli hjúa og húsbænda. Viðvíkjandi breyt.till. við 14. gr., að í stað „hærri" og „minni en" komi „frá" og „til" þá finnst mjer ekki hægt að misskilja það; það verður að skilja það „exclusive" fyrir lægri töluna, en „inclusive" fyrir hina hærri. Þetta verður fullljóst, þegar athuguð er fyrsta línan í upptalningunni. Eins og jeg hef áður tekið fram, þá gekk nefndinni ekki annað til að setja „jarðir" í stað „grunna og jarðagóz", en að henni þótti orðið „grunnar" mjög óviðfeldið. Viðvíkjandi breyt.till. vorri um að fella burtu 62. gr., þá vil jeg alls ekki gjöra það að neinu kappsmáli, en að eins leyfa mjer að geta þess, að eptir því, sem mjer er kunnugt, þá munu fæstir sýslumenn hafa tekið nokkuð gjald fyrir að gefa þess háttar vottorð, er hjer ræðir um.

Ef landsstjórninni er nokkuð áhugamál að veita þennan 4 vikna frest, er hún fer fram á í 67. gr., þá hygg jeg, að nefndin setji sig ekki á móti því, en hins vegar verð jeg að játa, að ræða hæstv. landsh. ekki gat sannfært mig um, að nefndin færi fram á neitt ósanngjarnt. Mjer finnst eigi nein ósanngirni í því, þó að embættismenn þeir, er láta hjá líða, að innheimta tekjur landssjóðs þegar í stað, er þær falla í gjalddaga, sjálfir verði að bera skaðann, ef gjöldin síðan eigi nást. Það er kemur til br. till. okkar um að nema burt 68 gr., þá er nefndinni hún ekkert kappsmál.

ATKVÆÐAGR.: 2. br.till. við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 3. br.till. við 2. gr. samþ. með 10 atkv.; 2—5 gr. samþ. í e. hlj.; 4. br.till. við 6. gr. samþ. í e. hlj.; br.till. b. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 5. br.till. við 7. gr. samþ. í e. hlj.; 7. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 8. gr. samþ. í e. hlj.; 6. br.till. við 9. gr. samþ. með 9. atkv.; 7. br.till. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 9—13 gr. samþ. í e. hlj.; 1. br.till. við fyrirsögn 1. kapítula samþ. í e. hlj.; 8. br.till. við 14. gr. samþ. með 10 atkv.; 9. br.till. við sömu

gr. samþ. í e. hlj.; 14. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 15. gr. samþ. í e. hlj.; 10—12. br.till. við 16. gr. samþ. í e. hlj.; 16. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 17—21 gr. samþ. í e. hlj.; 13. br.till. við 22 gr. samþ. án atkvgr.; 22. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 14. br.till. við 23. gr. samþ. í e. hlj.; 23. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 15—16 br.till. við 24 gr. samþ. í e. hlj.; 17. br.till. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 18—19 br.till. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 24 gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 25—30 gr. samþ. í e. hlj.; 14. br.till. við fyrirsögn 3. kapítula samþ. í e. hlj.; 21—22 br.till við 31. gr. samþ. í e. hlj.; 31. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 32.—33 gr. samþ. í e. hlj.; 23. br.till. við 34. gr. samþ. með 10 atkv. 34. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 24. br.till. við 35 gr. samþ. áður; 35. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 20. br.till. við fyrirsögn 4. kapítula samþ. í e. hlj.; 36. gr. samþ. í e. hlj.; 26—27 br.till. við 37. gr. samþ. í e. hlj.; 28. br.till. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 37. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 29—30. br.till. við 38. gr. samþ. í e. hlj.; 38. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 39—45 gr. samþ. í e. hlj.; 31. br.till. við 46. gr. samþ. í e. hlj.; 46. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 47. gr. samþ. í e. hlj.; 25. br.till. við fyrirsögn 5. kapítula samþ. í e. hlj.; 33—35 br.till. við 48 gr. samþ. í e. hlj.; 48. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 36. br.till *a* og *b* við 49. gr. samþ. í e. hlj.; 49. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 50. gr. samþ. í e. hlj.; 37. br.till. við 51. gr. samþ. með 10 atkv.; 51. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 38. br.till. við 52. gr. samþ. í e. hlj.; 52. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 32. br.till. við fyrirsögn 6. kap. samþ. í e. hlj.; 53.—56. gr. samþ. í e. hlj.; 39. br.till. við 57. gr. samþ. án atkvgr.; 57. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 40. og 41. br.till. við 58. gr. samþ. í e. hlj.; 58. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 59. og 60. gr. samþ. í e. hlj.; 42. br.till. við 61. gr. samþ. með 10 atkv.; 61. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 43. br.till. við 62. gr. felld með 6 atkv. gegn 4.; 62.—64. gr. samþ. í e. hlj.; 38. br.till. við fyrirsögn 7. kap. samþ. í e. hlj.; 65.—66. gr. samþ. í e. hlj.; 44. br.till. við 67. gr. samþ. með 7 atkv.; 67. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 45. br.till. við 68. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 5.; 68. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.. 69.—70. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. (C. 129.); 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Jeg minntist áðan einnig að nokkru leyti á þetta frv., þegar hitt frv., sem nú hefur verið samþ., lá fyrir. Eg gat þess, að greinarmunur hefur verið gjörður á þeim aukatekjum, sem renna í landssj. og þeim, sem nú eru ætlaðar hlutaðeigandi embættismönnum, sem endurgjald fyrir ómök þeirra. Hitt frumvarpið var um aukatekjur landssjóðsins.

Þetta frv., sem nú er til umræðu, er um þær aukatekjur, sem lagðar eru embættismönnum í endurgjaldsskyni fyrir ómök þeirra. Auk þess eru í því ákvæði um dagpeninga og ferðakostnað embættismanna.

Það eru tvö veruleg og eiginleg nýmæli, sem frv. þetta inniheldur. Annað er það, að ritlaun fyrir útskript úr embættisbókum sýslumanna og bæjarfógeta og gjöld fyrir eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættismanna skuli eptirleiðis renna í sjóð embættismanna sjálfra, en síðan lög 14. des. 1877 komu í gildi, hafa þessi gjöld runnið í landssjóð.

Hitt nýmælið er það, að eins og sýslumenn og bæjarfógetar hingað til hafa fengið dagpeninga og ferðakostnað í dómsmálum, þá skuli þeir eptirleiðis einnig fá dagpeninga og ferðakostnað, þegar um skiptauppboðs- og notarialgjörðir er að ræða, en þetta hefur hingaðtil eigi verið goldið nema

kannske í nótarialgjörðum og að nokkru leyti í fógetagjörðum. Í frv. er farið fram á, að þegar embættismaður þarf að fara ferð í þessum erindagjörðum, svo að nemi ákveðinni vegalengd frá heimili hans, þá fái hann dagpeninga og ferðakostnað fyrir það, eptir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um venjuleg dómsmál. Það var eðlilegt, að embættismenn fengju ekki endurgoldinn ferðakostnað nje dagpeninga í þessum málum, þangað til launalagabreytingin komst á 1877, því að þangað til fengu þeir sjálfir gjöld þau, sem greiða átti fyrir þessar embættisgjörðir, það er skipta-uppboðs-fógeta og nótarialgjörðir, og þau voru vanalega svo há, að embættismenn fengu mjög ríflegt endurgjald fyrir ómök sín, og ferðakostnað. En þegar gjöld þessi voru með lögum 14. des. 1877 tekin frá embættismönnunum og látin renna í landssjóð, þá var þess ekki gætt, að láta hlutaðeigandi embættismenn fá í endurgjaldsskyni dagpeninga og ferðakostnað, sem þó virtist liggja beint fyrir. Frv. vill nú ráða bót á þessu og fer fram á, að skiptaráðendur, uppboðshaldarar, fógetar og notarii publici fái endurgjald fyrir ferðakostnað og dagpeninga. Jeg er samþykkur þessu ákvæði frv., en h. meðnefndarmenn mínir ekki, og hafa því komið fram með breyt.till., sem fer fram á að fella niður dagpeningana, en halda endurgjaldi fyrir ferðakostnað. En jafnframt hafa þeir farið lengra og lagt það til að fella niður dagpeninga þá til dómenda, sem um ræðir í 4. gr. frv. og breyta hinni eldri löggjöf í því efni, þar sem dómarar hafa haft í sakamálum og öðrum opinberum málum 2 kr. í dagpeninga síðan um síðustu aldamót.

Að öðru leyti vill öll nefndin ráða til þess að samþykkja frv. Fyrir utan breytingar meiri hlutans eru að eins lítilfjörlegar orðabreytingar, sem nefndin hefur leyft sjer að koma fram með til skýringar. Ennfremur hef jeg leyft mjer að stinga upp á, að ef 4. og 5. gr. frv. ná fram að ganga, sem jeg er eindreginn með, þá skuli í 5. gr. fyrri málsgr. orðið „eiginleg“ falla burt og í stað „skiptis“ komi „skiptingar“, sem mun vera skýrara til orða tekið, þar sem danska orðið mun vera „delingsforretning“.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögum. (Kr. J.) tók fram, er það ein aðalbreyting, sem nefndin hefur stungið upp á, að gjörð væri á frv., og er hún fólgin í því, að dagpeningar, sem stungið er upp á í frv., að sýslumenn og bæjarfógetar fái, þegar þeir verða að fara burt frá heimili sínu til uppboðs-skipta-fógeta eða notarialgjörða, falli burt og um leið, að dagpeningar dómara í sakamálum og öðrum opinberum málum líka falli burt.

Hvað hið fyrra snertir, að dagpeningar eru ekki reiknaðir sýslumönnum og bæjarfógetum, þegar þeir eru heiman að við skipta-uppboðs-fógeta eða notarialgjörðir, þá er ekki hægt að segja, að það sje óbilgjarnt, þar sem þeir fá ferðakostnað endurgoldinn, sem þeir hafa ekki fengið hingað til fyrir þessháttar gjörðir. Jeg get ekki sagt, að jeg sjerlega finni til þess, þó h. þingd. hafi ekki viljað halda hvorttveggja ákvæðinu, þó að jeg hefði helzt óskað þess. En hitt er ísjárverðara að taka af dagpeninga fyrir dómaraverk í sakamálum, sem dómarar hafa hingað til notið alla þessa öld og einnig í öðrum opinberum málum, 2 kr. á dag í sakamálum og 3. kr. á dag í einkamálum. Það gæti hugsazt, að það hefði óheppilegar afleiðingar fyrir fyrirtekt þessara mála. Jeg vil ekki gjöra sýslumönnum eða öðrum neinar getsakir, að þeir mundu leggjast undir höfuð að taka fyrir mál, þó að þeir fái ekki dagpeninga, en það væri eðlilegt, að þeir fengju að halda þeim, þar sem þeir hafa notið þeirra svo lengi.

Það er einnig að athuga, ef frumv. þetta verður að lögum og 4. og 5. gr. þess verða felldar burt, hvort ákvæðin í

opnu brjefi 21. marz 1800 sjeu um leið óbeinlínis felld burtu. Það er æfinlega hæpið að afmá lög óbeinlínis. Mjer finnst, að þessi lög geti ekki, eingöngu með því að nefna ekki dagpeningana, tekið af dómurum dagpeninga, sem þeim eru heimilaðir í öðrum lögum. Ef það hefur verið vilji nefndarinnar að afnema alla dagpeninga, þá hefði hún um leið átt að afnema opna brjefið 1800 og önnur ákvæði, sem heimila þessa dagpeninga.

Svo er einnig annað atriði, sem kemur til greina, hvort þau ákvæði, sem gjörð væru um afnám dagpeninga til dómara, gætu náð til þeirra embættismanna, sem nú eru í embættum. Það er ekki hægt að gjöra breyting á launakjörum þeirra fyrir þeirra embættistíð. Rjettast væri því, að 4. og 5. gr. væri haldið, þó að h. deild þyki ef til vill ástæða til, að sýslumönnum og bæjarfógetum sjeu veittir dagpeningar, þegar þeir eru fjærverandi frá heimilum sínum við önnur embættisstörf en dómstörf. En jeg vil biðja menn að athuga vandlega, að þó að 4. og 5. gr. sje felld burt úr frv., að álíta verður, að rjettur til þess að fá 2 kr. á dag í dagpeninga í sakamálum og 3 kr. á dag í einkamálum standi óhaggaður, meðan opið brjef 1800 er við líði, og í öðru lagi, að þó að það verði afnumið, þá er spursmál, hvort frumv. það, sem hjer liggur fyrir, ef það verður að lögum, getur náð til embættismanna þeirra, sem sitja í sömu embættum og þeir nú eru í.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal ekki minnast á þær breyt.till., sem öll nefndin hefur komið sjer saman um, heldur á þá breytingu, sem ágreiningur varð um í nefndinni, og h. minni hluti gat ekki fallizt á. Hún er í því fólgin að vilja afnema dagpeninga þá, sem getið er um í 4. og 5. gr. frv. Aðalástæðan til þess er sú, að ef dagpeningum er haldið og ferðakostnaður leggst líka á, þá verður kostnaðurinn við málin og þær rjettargjörðir, sem hjer er um að ræða svo mikill, að hann verður stórkostleg og tilfinnanleg byrði fyrir þá, sem hlut eiga að máli, og það verður ekki sjeð, að sú byrði sje rjettlát eða sanngjörn, og meiri hluta nefndarinnar þótti því eðlilegt, að hún væri numin burtu. Það vita allir, að mjög mikill kostnaður getur fallið á í þessum málum, sem hjer ræðir um. Við skulum t. a. m. taka eitt dæmi af mörgum, að sýslumaður hefur tekið 35 kr. fyrir ferð úr Hafnarfirði upp í Kjós; þessa upphæð varð hlutaðeigandi málsaðili að borga, auk rjettargjaldanna. Jeg nefni ekki þennan reikning, af því að hann hafi verið ofhár, eptir því sem lög leyfa; þvert á móti var hann að öllu leyti lögum samkvæmur, og einmitt þess vegna sýnir hann bezt, hversu dagpeningar og ferðakostnaður sýslumanna getur orðið þung byrði fyrir þá, sem greiða þurfa þennan kostnað. Jeg hef þetta eptir einum h. þingdm., sem hefur sagt mjer það. Þetta dæmi og mörg önnur, sem jeg gæti nefnt, sýna bezt, að þegar um smáupphæðir er að ræða, er ekki tiltækilegt eða tilvinnandi að láta framkvæma rjettargjörðir þær, sem hjer er um að ræða, ef borga þarf sýslumanni ferðakostnað og dagpeninga og verður því eðlilegast að afnema alla dagpeninga.

En þá er að athuga á hina hliðina, hvort embættismönnum þeim, sem hlut eiga að máli, sje gjört rangt með því. En það er alls ekki. Þegar þeir fá ferðakostnað fyrir ferðir sínar í erindagjörðum þessara mála, þá verður ekki sjeð, að það sje ranglátt, þar sem maður verður að skoða þess háttar verk sem skylduverk embættismanna, og borgunina fyrir þau fólgna í launum þeim, sem þeir fá úr landssjóði. Eins og þeir fara manntalsþingferðir, og fá ekki neina sjerstaka borgun fyrir, þá sýnist það ekkert ranglæti, þó að þeir fari þær ferðir, sem hjer er um að ræða, án þess að fá dagpeninga, og það því síður, sem bætt er ýmsum tekju-

greinum við tekjur þeirra með þessu frv. Í fyrsta lagi bætir frumv. við þá borgun fyrir eptirrit úr embættisbókunum og eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, en borgun fyrir það rennur nú í landssjóð. Jeg veit ekki, hvort þetta nemur miklu, en nokkuð er það þó. Í öðru lagi fá þeir eptir 8. gr. 6 kr. í dagpeninga hvern dag á stranduppboðum, meðan uppboðin standa yfir, en eptir 21. gr. laga 14. jan. 1876 um skipströnd fá þeir dagpeninga að eins fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðinni til uppboðsins og frá því, svo að hjer er bætt við þá dagpeningum fyrir uppboðsdagana. Í þriðja lagi fá þeir 6 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman degi lengur, vegna tilsjónar með útflutningum. Í útflutningalögunum er ekkert gjald ákveðið fyrir þetta. Að eins eru 20 kr. ákveðnar fyrir umsjónina alla, og renna þær í landssjóð. Í fjórða lagi er bætt við þá dagpeningum og ferðakostnaði, þegar þeir takast ferð á hendur í tilefni af rannsóknum og vottorðum, sem getið er um í 2. og 3. gr. laga nr. 10, 11. febr. 1876, og er það nýtt gjald í þeirra vasa. Og loks í 5. lagi fá þeir borgun fyrir ferðakostnað í skipta- uppboðs- og notarialgjörðum, sem er einnig viðbót við laun þeirra.

Þegar þá litið er á, að við tekjur þeirra bætast ýmsar tekjur, sem þeir hafa ekki áður haft, þá sýnist það ekki vera ranglátt að nema ákvæðin um dagpeninga burtu, og þegar verkin, sem á að greiða þá fyrir, eru skylduverk, sem þeir fá borgun fyrir í launum sínum úr landssjóði.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. tók fram, skal jeg vera stuttorður. Hann gat þess, að það væri eðlilegt, að dagpeningunum væri haldið. Um það má auðvitað þrátta án þess að komast að nokkurri niðurstöðu; einum getur sýnzt það eðlilegt og öðrum óeðlilegt, og mjer sýnist óeðlilegt að halda dagpeningunum. Jeg get ekki lagt mikla áherzlu á það, sem hæstv. landsh. sagði, að það geti orðið óheppilegt fyrir fyrirtektir mála, ef dagpeningar verða afnumdir. Jeg get ekki ímyndað mjer, að embættismenn láti það fremur dragast með mál, þó að þeir fái ekki borgun fyrir það, úr því að þeir fá ferðakostnað endurgoldinn.

Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir þær bendingar, sem hann gaf viðvíkjandi opnu brjefi 21. marz 1800. Minni hluti nefndarinnar mun taka það til íhugunar, og væri rjettast, eins og hæstv. landsh. benti á, að það kæmu skýlaus ákvæði um, að opna brjefið væri afnumið.

Viðvíkjandi því, hvort lögin nái til embættismanna, sem þá sitja í embættum, er lögin öðlast gildi, sje jeg ekkert á móti því, að svo geti verið. Það getur aldrei numið stórri upphæð, og líka er það bætt upp með nýjum tekjuauka í frv. þessu.

Landshöfðingi: Jeg gleymdi að geta þess áðan, að mjer finnst 3. breyt.till. við 3. gr. frv., ekki koma vel við. Jeg hef ekkert á móti því, að hjúamál sje sett í staðinn fyrir mál, sem rísa út af viðskiptum húsbænda og hjúa, heldur er orðalagið óviðfeldið, þegar maður les greinina, svo að jeg kynni betur við, að lagfært yrði við 3. umr., svo að „hjúamál“ kæmi fram fyrir: „lögreglumál“. Það er betra formsins vegna.

Þorkell Bjarnason: Það mun hafa verið jeg, sem skýrði h. þm. Húnv. (Þ. J.) frá ferðakostnaði sýslumanns úr Hafnarfirði upp í Kjós, sem hafi orðið 35 kr. eða 33 kr.; hvort heldur var man jeg ekki, því að langt er liðið frá. En jeg skal taka það fram, að það var ekki svo að skilja, að reikningurinn væri ofhár eða ósanngjarn, og að hann er ekki nefndur til ákæru við sýslumann (*Þorl. J.:* Nei, alls ekki), heldur gat hann vel sett jafnvel hærri upphæð fyrir ferðina, þar sem hann hafði sig sjálfan, skrifara og 3 hesta,

í 3 daga. En það sýnir, hvað háar þesshátttar gjaldupphæðir geta orðið. Við skulum taka t. d. bú, sem á að bjóða upp og hleypur 2000 kr. Svo ganga t. d. 1500 kr. upp í skuldir. Þá leggjast á 500 kr. sölulaun 4% af allri upphæðinni og því næst dagpeningar og ferðakostnaður sýslumanns, og ef vegalengdin, sem hann verður að fara, er talsverð, þá getur kostnaðurinn orðið æði mikill og tilfinnanlegur og svo getur farið í fleiri gjörðum en uppboðsgjörðum.

ATKVŒÐAGR.: 1—2. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 1., 2. og 4. breyt.till. við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. br.till. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 5. br.till. við 4. gr. samþ. með 8 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 6. br.till. við 5. gr. samþ. með 8 atkv.; 5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 7. br.till. við 6. gr. samþ. með 8 atkv.; 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 7. gr. samþ. með 10 atkv.; 8. br.till. við 8. gr. samþ. í e. hlj.; 8. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 9.—11. gr. samþ. í e. hlj.; 9. br.till. við 12. gr. samþ. í e. hlj.; 12. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 13.—15. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 144); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1—7. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 186); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um sveitarstjórn (C. 120); ein umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin, sem kosin var til þess að athuga tillögu mína til þingsályktunar um skipun 5 manna nefndar milli þinga, til að yfirskoða sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins og semja frv. til nýrra laga í þá átt, er á sínum tíma væri lagt fyrir þingið, komst að þeirri niðurstöðu, að láta þá þingsályktunartillögu hverfa en taka aptur upp aðra, sem byggð er á sama grundvelli en mismunar að því leyti frá hinni, að ekki skuli setja nefnd milli þinga heldur skuli landsstjórninni falið á hendur að leita álits sveitarstjórnarvalda landsins um breytingar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni og semja frumvarp um það og leggja það fyrir þingið. Nefndin var einhuga á því, að nauðsyn bæri til að yfirvega og athuga nákvæmlega sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina, en hún áleit það hafa allt of mikinn kostnað í för með sjer, að skipa til þess nefnd milli þinga og rjettarbót sú, sem við það kæmi, mundi ekki samsvara kostnaðinum. Jeg er á sama máli, að æskilegt væri, að nefnd hefði fjallað um málið, því þá mundi það betur undirbúið, ef nefndin væri skipuð góðum mönnum, en þar sem það ekki er á þingsins valdi heldur stjórnarinnar að velja menn í þessa nefnd, þá er óvíst, hvernig það tækist. En þótt jeg álíti, að betra væri, að nefnd milli þinga fjallaði um málið, þá gæti það samt gengið og orðið að gagni með þessu fyrirkomulagi, sem nefndin stingur upp á; að minnsta kosti verður ekki kostnaðurinn við það mikill með þessu móti.

Jeg vil því ráða h. deild til þess, að samþykkja þessa þingsályktunartillögu og vil jeg svo ekki fara fleirum orðum um hana fyr en jeg heyri andmæli koma fram gegn henni.

Landshöfðingi: Jeg sje, að h. nefnd sem sett var til að íhuga þingsályktunartillögu h. þm. Strand. (G. G.) um skipun nefndar milli þinga til að athuga sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf vora, hefur ekki fallizt á þá tillögu, heldur komið

fram með aðra í þá átt, að alþingi skori á landsstjórnina að leita álits sveitarstjórnarvalda landsins um þessar breytingar; jeg get ekki fallizt á þetta hjá nefndinni eða verið henni samdóma, því jeg álít miklu heppilegra, að nefnd verði skipuð milli þinga, sem athugi mál þetta og sendi svo stjórninni álit sitt; stjórnin íhugi ítarlega það álit hennar, breyti þar, sem henni þyki breytinga við þurfa og leggi svo frv. fyrir þingið. Jeg álít þetta heppilegra, heldur en að stjórnin leiti álits sýslunefnda, hreppsnefnda og amtsráða, sjóði svo saman í einn graut allar þessar tillögur, búi til nýtt frv. og sendi þinginu. Jeg álít, að það yrði mjög vandasamt að finna út úr öllum þessum tillögum og búa til úr þeim eitthvað, er frambærilegt þætti. Mjer er heldur ekki kunnugt, hverjar breytingar menn helzt óska eptir, að gjörðar sjeu á sveitarstjórnarlögunum, og í nefndarálitinu eru engar bendingar gefnar þar að lútandi. Jeg get búizt við, að hver hreppsnefnd, er hennar álits er leitað, álíti sjer skylt að leggja sig í líma til þess að finna eitthvað athugavert við hin núgildandi lög og þá jafnvel, að sú þykist bezt, sem flestar breytingartillögur kemur með. Það er líka mjög hæpið, að stjórninni takist, að hitta einmitt þær breytingar á sveitarstjórnarlöggjöfinni, sem alþingi álítur nauðsynlegastar.

Eins og kunnugt er hefur opt verið hreyft við fátækralöggjöf vorri, og gjörðir margir viðaukar og breytingar á henni og allar fengið staðfestingu stjórnarinnar; þrátt fyrir það heyrist enn sama óánægjan með hana og jeg er hræddur um, að hjer megi ekki kenna löggjöfinni um, heldur þeim, sem eiga að framfylgja lögunum; það er auðvitað ekki nægilegt að hafa lög á pappírnum, þegar þeim er ekki framfylgt með þeim krapti, sem nauðsynlegt er eða þau sjálf heimta. Það er trú mín, að þótt gjörð væru ný fátækralög, mundi sama verða ofan á, að menn væru óánægðir með stjórn fátækramálefnanna af því, að þeir, sem ættu að framfylgja lögunum, mundu ekki framfylgja hinum nýju lögum með meira fylgi en þeim lögum, sem nú gilda. Jeg er því mótfallinn þessari breytingu nefndarinnar og álít, að ef breyta ætti fátækralöggjöfinni, þá ætti að gjöra uppástungur um breytingarnar af þeim mönnum, sem kunnugir væru í öllum landsfjórðungum, eins og til er tekið í tillögu h. þm. Strandm. (G. G.) og þeir sætu í nefnd, er starfaði að þessu milli þinga.

Þorkell Bjarnason: Jeg er að mörgu leyti samdóma hæstv. landsh. Það er vanalega meir að kenna þeim, sem eiga að framfylgja lögunum, heldur en sjálfu löggjafarvaldinu, að hjer fer eigi allt að óskum. Þó álít jeg, að heppilegt væri að endurskoða ýms atriði laga þessara t. d. ákvæðin um sveitfesti; þar er tiltekið, að menn verði að vera 10 ár samfleytt í sama hreppi til þess að vinna sjer þar sveit; en jeg álít, að þetta ákvæði gjöri opt mikinn skaða. Eins og menn vita er sú skoðun mjög almenn, að sá sje duglegastur sveitarstjóri, sem beztur er að hrinda byrði af sínni sveit á aðrar. Þegar menn því hafa dvalið 8—9 ár í einni sveit gjörir sveitarstjórnin stundum allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að bola þeim burtu, ef nokkur líkindi eru til, að þeir einhverntíma gætu orðið sveitarfjelagi hennar til byrði, og er þetta þá ekki ávallt gjört með sem beztum meðulum. Jeg gæti komið með mörg dæmi þessu til sönnunar, en jeg vil að eins geta eins dæmis, hvernig menn reyna að losast við ímyndaða byrði. Einu sinni kom maður til mín og bað mig um að skrifa barn fætt í mínum hreppi, sem fæddist í öðrum hreppi og var það tilraun til hreint og beint að fá mig til að falsa embættisbókina. Jeg vil geta þess, að síðan þetta var eru 20 ár, en maðurinn, sem fór fram

á þetta, er nú fallinn frá, en var álitinn merkismaður í sinni sveit.

Það mundi ekki vera óheppilegt að stytta þennan sveitfestistíma og máske hafa hann að eins 1 ár; með því móti mundu menn miklu síður geta komið brögðum við til að flæma menn í burtu frá sjer sökum ótta fyrir sveitfesti þeirra.

Hæstv. landsh. sagði, að leita ætti álits allra sveitanefnda landsins, en jeg get ekki sjeð, að tillagan gefi ástæðu til þess. Það mundi nóg að leita álits helztu sýslumanna *(Landsh.:* Sýslumanna?) eða sýslunefnda; það mundi taka of mikinn tíma, ef fara ætti til allra hreppsnefnda.

Jeg vil þá ekki fara fleirum orðum um þetta, en að eins taka það fram aptur, að meiri sök mun hjer hvíla á þeim, sem framfylgja eiga lögunum en löggjöfinni, en það kynni samt að vera bót að endurskoða fátækralöggjöfina, eins og tillagan fer fram á; reyndar þyrfti endurskoðunin ekki að ganga svo fljótt fyrir sig, að henni væri lokið fyrir næsta þing. Það er líklegt, að stjórnin þyrfti lengri tíma til þessa starfa, enda liggur ekki svo mikið á, að mínu áliti.

Landshöfðingi: Jeg vil geta þess, að þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) sagði, að það væri ekki meining nefndarinnar, að leitað væri álits allra sveitarstjórnarvaldanna, heldur að eins til nokkurra og þá einkum til sýslunefnda, þá held jeg, að sýslunefndirnar muni ekki bezt fallnar til þess starfa, því þær munu víst fjarskalítið hafa með fátækramál að gjöra, og mun það því vera að fara í geitarhús að leita sjer ullar, að fá álit þeirra um breytingar á fátækralöggjöfinni. Jeg held að hreppsnefndirnar muni hafa miklu betra vit á því, og að fara til sýslunefnda viðvíkjandi þessu mundi ekki betra en að fara til sóknarnefnda eða hjeraðsnefnda.

Þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) talaði um sveitfesti og vildi láta breyta hinum ákveðna 10 ára tíma í 1 ár, þá er um það að segja, eins og margt annað, að örðugt mun þar að koma öllum höfðum undir einn hatt. Sumir vilja, að hver eigi þar hrepp, sem hann fæðist, aðrir vilja miða sveitfesti við 5 ára tíma og enn aðrir við 10 ár, og svo vilja nokkrir hafa þau ákvæði, að sá, sem sveitarstyrks þarf, skuli sveitlægur þar sem hann er, þegar hann þarf styrksins við. Það má ekki ætlast til, að stjórnin muni finna það, sem öllum geðjast að í þessu efni, þegar svo margar eru skoðanir manna.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get ekki fallizt á, að mjög erfitt sje fyrir stjórnina að leita álits sveitarstjórnarvaldanna. Erfiðleikarnir liggja ekki í öðru en því, að gjöra sveitarstjórnunum kunnugt, að þær skuli senda stjórninni athuganir sínar á þessum lögum. Það hefur líka átt sjer stað, að landsstjórnin hefur, að minnsta kosti óbeinlínis, leitað ráða til hreppsnefndanna. Þótt hjer væri skilið svo, að allar hreppsnefndir legðu fyrst álit sitt á málið og svo sameinuðu sýslunefndir álit allra þeirra, eða bæru það saman, þá mundi ekki allur sá grautur, eins og hæstv. landsh. tók til orða, komast til landsstjórnarinnar, heldur mundi hann smáminnka og þá jafnframt þykkna, svo þar yrði að eins kjarninn eptir, sem landsstjórninni yrði sendur. Hæstv. landsh. sagði, að sýslunefndirnar mundu ekki færar að fjalla um fátækramálefni, en jeg álít þvert á móti, að það sje einmitt verksvið þeirra, því flestar sýslunefndir samanstanda af hreppsnefndarmönnum og hafa fleiri eða færri af þeim í liði sínu. Jeg þekki að minnsta kosti ekki þær sýslunefndir, sem ekki eru skipaðar hreppsnefndarmönnum.

Hæstv. landsh. sagði enn fremur, að hver hreppsnefnd mundi þykjast bezt, sem mest gæti breytt, og að stjórnin ekki sjái þörf á svo miklum breytingum, en jeg vil geta þess, að aðaltilgangurinn er ekki hjer, að breyta, heldur miklu fremur að stöðva breytingar, sem ekki væru heppi-

legar, eða að loku sje skotið fyrir, að miður heppilegar breytingar komist að og svo að safna öllum þeim lagaákvæðum um þetta efni, sem nú eru á víð og dreif, í eina heild. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) talaði um ákvæði um sveitfesti, sem eitt, er breyta þyrfti í hinum núgildandi lögum.

Jeg ætla mjer ekki að telja hjer upp allar nauðsynlegar breytingar á lögum þessum; hugur minn stefnir ekki í þessu máli að breytingum, heldur að því að sameina, eins og jeg sagði, hin ýmsu ákvæði í eina heild, og þá yrði náttúrlega nokkur breyting að vera samfara. Menn munu máske segja, að jeg hafi vísað veg til breytinga með þessari tillögu, en jeg álít ekki, að svo sje; því það er einmitt helzti vegurinn til breytinga, þegar einstakir þingm. taka þær upp og bera þær fram. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) vildi láta færa sveitfestitímann úr 10 árum niður í 1 ár, en jeg held að slík lagabreyting væri mjög varhugaverð. Þingmaðurinn talaði um hrakning á fólki þar sem það fengi sjaldan að vera nema 9 ár í sveit, ef nokkur líkindi væru til að það brysti heilsu eða efni, en ef þessi breyting kæmist á, þá yrðu það ekki 9 ár, sem það mætti vera með ró, heldur að eins eitt ár, og hrakningurinn á mönnum yrði því ekki minni við það; það væri þá varla óhætt að taka mann í vist árlangt. Þessi breytingaruppástunga, sem heyrzt hefur nú reyndar frá fleiri stöðum en h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) sýnir það bezt, hve nauðsynlegt það er, að taka málið fyrir í heild, en þó einkum, að það verði ítarlega rætt af landsmönnum, að það sje reynt að koma í veg fyrir það, að einstakir þingmenn komi jafnglæfralegum breytingum inn, öllum óafvitandi og ef til vill öllum nauðugt, nema að eins meiri hluta þingsins, sem af fljótræði og þekkingarskorti kynni að gefa því atkvæði sitt, einkum ef flutningsmaðurinn væri ötull. Eins og jeg hef sagt, vill nefndin ekki neina verulega breytingu, heldur að allt sje sameinað og þá nauðsynlegar breytingar samfara því, og jeg skil ekki í, að stjórnin geti ekki þetta. Jeg er samþykkur hæstv. landsh. um, að enn þá æskilegar væri að skipa nefnd milli þinga til þess að íhuga þetta, en viðvíkjandi erfiðleikunum, sem hann talaði um, þá álít jeg þá ekki svo fjarska mikla, þar sem ekkert er hjer tekið til um tímann. Við erum ekki að hugsa hjer um skjótar og bráðar breytingar og meðan málið væri í undirbúningi væri síður hætt við, að þá kæmust fram á meðan margar eða miður heppilegar breytingar, sem kæmu, sem kölski úr sauðarleggnum, þjóðinni einungis til ama og andstreymis.

Guttormur Vigfússon: Þegar þingsál. sú, er þessi þingsál.till. er sprottin af, kom fyrst hjer fyrir deildina, þá hafði jeg hugsað mjer að gefa henni ekki atkvæði mitt, og var það þó ekki af því, að mjer þætti ekki nauðsynlegt að endurskoða sveitarstjórnarlögin, og sameina allar þær mörgu breytingar og viðauka við breytingar, er hvað eptir annað hafa verið gjörðar á þeim, heldur var það sökum þess, að jeg þóttist viss um, að árangurinn af þessari fyrirhuguðu milliþinganefnd mundi verða sáralítill, og naumast samsvara þeim kostnaði, er af henni leiddi fyrir landssjóð. Nefndin hefði að sönnu getað fengið upplýsingar hjá sveitarstjórnunum, eins og tillagan fór fram á, en jeg er hræddur um, að þær tillögur hefðu orðið á meira reitingi og ekki eins greinilegar, eins og ef stjórnin sjálf gengist fyrir þessu, og því frekar var jeg hræddur um, að árangurinn yrði lítill af nefnd þessari, en kostnaðurinn mikill, sem nefndarmenn áttu að vera sinn af hverju landshorninu. Nefndinni hefur að mínu áliti tekizt að koma þessari þingsál. í mikið betra horf, en hún upphaflega var, og vil jeg þess vegna gefa henni atkvæði mitt, og mæla með því, að hún nái fram að ganga. Það er einkanlega þrennt, er kemur mjer til þess. Fyrst og fremst það, að ef þingsál.tillögu

þessari yrði gaumur gefinn, þá verða öll hin mörgu ákvæði, er að sveitarstjórnarlögum lúta, sameinuð í eina heild, til mikils hægðarauka fyrir þá, sem lög þessi þurfa að nota. Í öðru lagi af því jeg álít, að stjórnin eigi miklu hægra með, vegna þekkingar á lögunum, að draga þessi ákvæði saman í eina heild, heldur en nefnd, máske ólögfróðra manna, og í þriðja lagi er jeg viss um, að stjórnin á miklu hægra með að fá hinar nauðsynlegu upplýsingar, heldur en nokkur nefnd og það landssjóði að kostnaðarlitlu eða alveg kostnaðarlausu. Það eru einkum þessar tvær síðustu ástæður, er hafa komið mjer til að gefa þingsályktun h. nefndar atkvæði mitt, en ekki hinni upprunalegu. Jeg skil ekki, að nokkur nauðsyn sje, eins og sagt hefur verið, til að leita upplýsinga hjá öllum sveitarstjórnarvöldum, hreppsnefndum, sýslunefndum og amtsráðum, heldur álít jeg sýslunefndirnar einar fullfærar um að gefa þær, og það því fremur sem flestar eða allar sýslunefndir, eptir því sem mjer er kunnugt, munu vera skipaðar eins mörgum, ef ekki fleiri hreppsnefndar en utanhreppsnefndarmönnum.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunin samþykkt með 7 samhlj. atkv.

Till. til þingsályktunar um frímerki (C. 152); ein umr.

Landshöfðingi: Það er eins með þessa till. og þá á undan, að mjer er ekki ljóst, í hverju nauðsynin á till. er fólgin. Jeg sje ekki, hvað er að þeim frímerkjum, sem nú eru notuð, eða hvaða gallar það eru, sem tillaga þessi fer fram á að bæta, svo að þörf sje á nýjum frímerkjum. Það hafa engar umkvartanir komið fram yfir, að eigi sje unandi við þau gömlu, eða þeir gallar sjeu á þeim, að breytingar þurfi, og ef það er ekki, hvaða ástæða er þá til að búa til ný frímerki? Það kostar alltaf peninga, og hví á að fara að demba þeim kostnaði á landssjóð?

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er málinu alveg ókunnugur, og skal því ekki svara hæstv. landsh. En jeg vildi leyfa mjer að beina þeirri spurningu að honum, hvort það sje ekki á rökum byggt, sem jeg hef heyrt utanþings, að það gæti verið gróðavegur fyrir landssjóð að skipta um frímerki, því að þá hækkuðu hin gömlu í verði. En ekki mun hitt hafa verið ástæðan, að nokkuð væri fundið að frímerkjunum sjálfum, heldur mun það hafa verið aðalástæðan, að þetta mundi vera gróðavegur fyrir landssjóð. Jeg veit ekki hvort svo er, en treysti hæstv. landsh. til að skýra það. Jeg vildi að eins fá að heyra, hvort gróðinn mundi vega móti kostnaðinum við að búa til ný frímerki.

Landshöfðingi: Jeg skal játa það, að jeg þekkti ekki til þess háttar „finansiella“ bragða, að menn mundu fara að „spekulera“ í óskiljanlegri og heimskulegri fordild hjá fólki, til að safna gömlum, úr gildi gengnum frímerkjum. Jeg get ekki annað en álitið slíkar „spekulationir“ óverðugar fyrir heilt land, sjerstaklega fyrir land, sem ekki stendur sig illa. Jeg hef heyrt, að einhver smáríki á Þýzkalandi, sem jeg ekki einu sinni kann að nefna, brúki það bragð, þegar þeim liggur á peningum, að fara þá að pranga á gömlum frímerkjum. En það er í alla staði óverðugt okkar alþingi, og þó að boðið yrði meira í gömul frímerki en hingað til, ef skipt yrði um, þá getur alþingi eða fjárveitingarvaldið ekki verið þekkt fyrir að brúka þess háttar fjárhagslega pretti, ef jeg má svo að orði kveða.

ATKVÆÐAGR.: Till. felld með 6 atkvæðum gegn 1.

Tuttugasti fundur, miðvikudag 26. júlí.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu (C. 130); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Frumv. til laga um samþykkt til að friða skóg og mel (C. 131); 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætlaði með fáeinum orðum að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg álít, að það sje ekki rjett, að þingið sleppi valdi sínu, sem það hefur til þess að gjöra ákvæði um það, sem hjer ræðir um; mjer finnst það ekki rjett, að heil hjeruð taki sjer vald yfir fáum mönnum, eins og hjer er farið fram á, þannig, að allir hjeraðsbúar þeir sem kosningarrjett hafa til alþingis, eigi að ráða yfir einstakra manna eign og gjöra ákvarðanir þar um. Það er ofmikil skerðing á eignarrjettinum. Hjer er öðru máli að gegna en t. d. um verndun Safamýrar, því þar er ákveðið, að þeir sem land eigi þar að, skuli ráða úrslitum, og að þeir sjálfir gjöri ákvarðanir um notkun þess; en hjer er farið fram á, að allir, sem kosningarrjett hafa til alþingis skuli gera ákvarðanir, þótt þeir alls ekki eigi nokkrar jarðir eða land, þar sem um skóg eða mel er að tala; hefðu að eins þeir, sem hjer áttu hlut að máli, átt að skera úr, þá var það öðru máli að gegna. Það er alls ekki láandi, þótt bæði þjóð og þing vildu gjöra ákvarðanir gegn eyðing skóga og mels, en jeg álít alls ekki rjett að gjöra það á þennan hátt, heldur fjalli eigendurnir um það en ekki aðrir. Jeg vil sjerstaklega taka það fram um skógana, því þetta ákvæði mundi sjerstaklega miða til gjörræðis gegn einstökum örfáum mönnum, sem skóg eiga í landi sínu.

Landshöfðingi: Það, sem vakti fyrir h. Nd., er hún samþykkti frumv. þetta, var, að hún áleit það viðurhlutamikið að semja gildandi lög fyrir allt landið í þessum efnum, þar eð svo ólíkt hagar til í mörgum sveitum, og kaus því heldur að gefa sýslunefndum vald til að gjöra samþykktir til að friða skóg og mel á þeim stöðum, er þær álitu slíkt nauðsynlegt.

H. þm. Strandam. (G. G.) sagði, að frumv. þetta væri takmörkun á eignarrjetti einstakra manna og skerði hann. En að því er til skógarins kemur, þá er hann ekki að eins hlunnindi fyrir þá einstöku menn, er það og það skiptið hafa eignarrjett yfir honum, heldur einnig fyrir allt hjeraðið. Öll sveitin getur verið „interesseruð“ í, að skógurinn sje friðaður, og þá er ekki nema sanngjarnt, að hún fái að hafa atkvæði um það. Það er ekki heldur rjett, að allir sýslubúar, er hafa kosningarrjett til alþingis eigi samkvæmt frv. atkvæðisrjett um samþykktir þessar, heldur er sýslunefndinni í sjálfsvald sett, hvort hún heldur vilji friða skóg í öllu hjeraðinu yfir höfuð, eða að eins í nokkrum hluta þess, og koma þá þeir að eins til að eiga atkvæði um það efni, er búa í þeim hluta sýslunnar, sem friðunin nær til.

Jeg fyrir mitt leyti álít, að skógur og melur til samans hafi svo mikla þýðingu fyrir landið allt í heild sinni, að nauðsynlegt sje að friða það, og veginn — sem þingið hefur valið til að koma þessu á, sem sje, ekki að búa til ein lög fyrir allt landið, sem af fyrnefndum ástæðum er mjög svo varhugavert, heldur að fela það á hendur sýslunefndunum að búa til samþykktir, og síðan bera þær undir atkvæði sýslubúa og staðfesting amtmanns, — álít jeg hinn heppilegasta, er fyrir höndum var.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal stuttlega gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg hafði upphaflega ekki ætlað mjer að tala um frumv. þetta, eða reyna til að vinna móti því, vegna þess að jeg þóttist ekki svo kunnugur, sem vera skyldi, hverja þýðingu það hefði fyrir sýslufjelag það, sem frumv. einkum er miðað við, nfl.

Rangárvallasýslu, heldur hafði jeg ráðið það þegjandi með sjálfum mjer að greiða atkvæði móti því, en þar eð h. sessunautur minn þm. Strandam. (G. G.) hefur hafið umræðurnar og lýst yfir skoðun sinni á málinu, þá skal jeg einnig í fáum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg gef atkvæði móti þessu frumv., ekki af því, að jeg álíti óheppilegt, að sýslunefndir hafi vald til að semja samþykktir um hjeraðsmál, heldur af því að mál þetta er að mínu áliti nokkuð sjerstaks eðlis. Þegar um samþykktir sýslunefnda er talað, þá finnst mjer þær að eins eiga við um þau mál, er varða allan almenning, eða eins og hæstv. landsh. komst að orði, þegar allur almenningur er „interesseraður", en ekki í þeim málum, er að eins snerta örfáa einstaklinga í byggðarlaginu. Frumv. fer fram á tvennt, sem sje, að friða skóg og mel. Að því er til melsins kemur, þá er það gras, sem hefur svo mikla þýðingu jafnvel fyrir heil sýslufjelög, að nauðsynlegt getur verið að vernda það á allan mögulegan hátt. Það má óhætt fullyrða, að velferð heilla sveitarfjelaga getur verið komin undir því, að vel sje farið með gras þetta, því ekki þarf nema óvarkára yrking, svo að jeg ekki nefni hið skaðlega og heimskulega melrif, til þess að heilum sveitum, eða jafnvel sýslum, geti verið mesta hætta búin af uppblæstri og sandfoki. En með skóginn er öðru máli að gegna. Víðast hvar á þessum 10—20 stöðum, sem skógur er talinn vera, er það víðast hvar að eins ofurlítið kropp. Í Múlasýslum, þar sem skógar munu vera einna verulegastir á öllu landinu, er það þó ekki nema á þremur eða fjórum bæjum svo að nokkru nemi, annars eru það að eins einstaka víðibúskar á stöku stað. Mjer er nú spurn: Er það rjett að sýslunefndirnar semji og samþykki reglur fyrir þessa einstöku menn? Er yfir höfuð hægt að búast við, að þeir menn geti búið til heppilegar samþykktir um að friða skóg, er ekkert þekkja til haus, sem aldrei hafa haft nokkur umráð yfir svo miklu, sem einni viðarhríslu, og yfir höfuð að tala, skiptir málið mjög litlu; um þetta verð jeg algjört að efast. Öðru máli væri að gegna um það hefðu ákvæði um yrking og friðun skóga almennt, samin af fróðum mönnum í þeirri grein, legið hjer fyrir þinginu til samþykktar, því þá mundi jeg hafa orðið fyrsti maður til þess að gefa þeim atkv. mitt, en eins og nú tilhagar, þá get jeg ekki treyst hjeraðsfundunum til að leysa þetta verk svo af hendi, að vel fari.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6 atkv. gegn 2, og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 133); 3. umr.

Sigurður Jensson: Jeg kann ekki við, að frumv. þetta gangi í gegnum þessa deild, án þess nokkur verði til að tala með því, þar sem það þó hefur mætt talsverðum andmælum. Jeg hef reyndar ekki fundið hjá mjer neina hvöt til að halda uppi vörn fyrir þessu máli, því að jeg verð að segja það eins og er, að jeg þekki engan kvennmann, sem hefur látið í ljósi löngun til að komast í hreppsnefnd, sóknarnefnd eða sýslunefnd. En það getur vel verið, að þessi löngun sje vöknuð hjá kvennfólkinu annarstaðar, en þar sem jeg þekki til, og þótt það ekki væri nema 1, 2 eða 3 á öllu landinu, sem það vildu, þá álít jeg það virðingarvert, og ósanngjarnt að banna þeim það, svo framarlega sem þær hafa traust kjósenda. Jeg gæti vel trúað því, að í þeim landshlutum, þar sem meira er gjört fyrir menntun kvennfólksins, heldur en á Vesturlandi, þar sje þessi löngun vöknuð, eða tilfinningin fyrir því, að kvennfólkinu sje sýnd óvirðing, með því að láta ekki konur hafa kjörgengi jafnt og karlmenn. Og þegar jeg nú heyri, að þetta frv. er samþ. af nálega öllum atkvæðum í h. Nd., þá get

jeg ekki efast um, að einhverstaðar í landinu er þó vaknaður áhugi hjá kvennfólkinu í þessa átt. Það kann vel að vera, að þessi áhugi sje enn daufur, en því er ómögulegt að neita, að meðvitundin er vöknuð hjá fulltrúum þjóðarinnar um, að sanngjarnt sje að gefa konum jafnrjetti við karlmenn; það sjáum vjer af þessu og fleiri frv., sem fram hafa komið á síðustu þingum. Sumir hafa reyndar sagt, að frv. þetta veiti konum ekki mikil, glæsileg eða eptirsóknarverð rjettindi, heldur að eins leggi þeim óþægilegar og þungar byrðar á herðar, en mjer finnst það alveg rjett, að þegar þær fá hlutdeild í rjettindunum, þá fái þær einnig sinn hluta af skyldunum. Jeg get ómögulega sjeð, að nokkuð sje því til fyrirstöðu, að konur fái kjörgengi það, er hjer ræðir um. Jeg þekki ekkjur, sem hafa eins vel staðið fyrir búi sínu og karlmenn, og getað talað alveg eins skynsamlega um sveitarmál og þeir, jafnvel þótt þær aldrei hafi átt neinn kost á að taka verulegan þátt í undirbúningi sveitarmálefna og aldrei verið með á sveitarfundum og heyrt þar tillögur og ráðagerðir manna um þess konar mál. Þó þetta frv. verði að lögum, þá er svo sem ekki þar með hverri konu opnaður aðgangur til þessara nefnda; þær verða að hafa traust kjósenda, eins og hver annar kjörgengur maður. En ef þær hafa traust kjósenda fram yfir karlmenn, hvað er þá á móti því, að þær megi kjósa?

Skyldi ekki t. d. umsjóninni með munaðarlausum börnum vera eins vel borgið í þeirra höndum, sem karlmannanna? Það er líka svo gott að vita, að eins og nú er, þá er það mikið undir konunum komið, hvernig sveitarómögum er ráðstafað og hvar þeim er komið fyrir, því að enginn almennilegur bóndi tekur sveitarómaga á heimili sitt án þess að hafa ráðfært sig við konu sína og fengið samþykki hennar. Það eina, sem hægt er að segja móti þessu frv., er það, að engar óskir hafi komið frá konum um þetta, en það hafa heldur engar komið á móti því, en setjum svo, að þetta frv. verði að lögum, og konum þyki þessi rjettindi eða skyldur allt annað en girnilegar, þá geta þær afbeðið þær. Og ef þær gjöra það, þá væri ekki einungis ástæða til, að afnema þessi lög aptur, heldur jafnvel ástæða til, að hætta við alla þá lagasmíði um rjettindi kvenna, sem nú er svo mikið rætt um.

Hallgrímur Sveinsson: Fyrr má nú vera að menn hugsi um rjettindi kvenna, en að menn gangi svo langt eða svo nærri þeim, að þær þurfi að senda bænarskrá um að verða lausar við þau rjettindi, er vjer viljum troða upp á þær.

Menn mega ekki halda, að þessi mótmæli mín sjeu sprottin af óvild til kvenna eða af því jeg vilji rýra rjett þeirra eða á nokkurn hátt ganga of nærri þeim, heldur eru þau þvert á móti komin af innilegri velvild, af því jeg ekki vil setja upp á þær þau rjettindi, sem að eins mundu verða þeim til byrði, og sem sannarlega mega kallast hefndargjöf.

Mjer finnst nokkuð mikið ætlazt til af h. þm. Barðstr. (S. J.) að búast við, að konur að fyrra bragði biðji sig lausar við rjettindi, er menn ætla að veita þeim. Jeg hef aldrei heyrt, að heil stjett hafi sent bænarskrá um, að einhver rjettindi verði *ekki* veitt henni, heldur einmitt hið gagnstæða. Mjer finnst nokkuð mikið sagt, að þingið í tveimur deildum eigi að semja lög, sem í orði kveðnu eiga að ná til mikils hluta þjóðarinnar, en verða þó í rauninni að eins fyrir 2 eða 3 persónur á öllu landinu, og hefur það víst ekki áður komið fyrir. Það getur vel komið fyrir, að lög sjeu samin fyrir einstaka menn, svo sem nú lögin um eptirlaun handa Páli Melsteð sögukennara, er nýlega voru hjer fyrir í deildinni. En hjer er um löggjöf að ræða, er á að ná eða getur með

tímanum náð til helmings þjóðarinnar, og er þó að minni ætlun svo á sig komin, að svo sem enginn óskar eptir eða hefur not af. Jeg greiði því atkv. móti þessu frv., því jeg álít það mjög óþarflegt, að jeg ekki segi hjegómlegt, og muni meira byggt á hugmyndaflugi, jafnrjettis- og frelsispostula en á sönnum þörfum. Jeg hef áður tekið fram, að stórir formgallar eru á frv. þessu, sem lagfæra þyrfti, ef það ætti fram að ganga, en jeg hef ekki viljað koma fram með breytingartillögu, af því jeg vil það feigt, en enginn hefur viljað sinna bendingum mínum eða taka þær til greina, og finn jeg því enn meiri hvöt til að mæla móti frv., þar sem það í því formi, sem það nú er, í alla staði er, að mínu áliti, óþarft, ólöglegt og ástæðulaust.

Landshöfðingi: H. þm. Barðstr. (S. J.) byrjaði ræðu sína með því, að sjer þætti það óviðfeldið, að ekki kæmu nein meðmæli með þessu frv., er það gengi í gegn um deildina, nje grein fyrir ástæðunum til að samþykkja það. Þegar jeg heyrði það, bjóst jeg við, að heyra einhverjar sláandi ástæður fyrir nauðsyn frv., og að jeg mundi sannfærast um, að rjett væri að samþykkja það. Jeg bjóst því við að heyra eitthvað málinu til styrkingar, en við ræðu h. þm. Barðstr. (S. J.) styrktist jeg einmitt í því, að frv. þetta væri, eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, ekki annað en tildur, og að meiningin með frv. væri alls ekki að efla sanna heill og þroska þess flokks í þjóðfjelaginu, sem í hlut á, heldur væri það að eins veifa til þess að láta í veðri vaka, að þeir, sem samþykktu frv., væru miklu hlynntari kvennfólkinu en allir aðrir landsmenn.

Sigurður Jensson: Jeg ætla mér ekki að fara í neitt orðakast við h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) nje hæstv. landsh. út af þessu frv. Hæstv. landsh. gat ekki tekið neina af mínum ástæðum til greina, en færði heldur ekki neinar á móti. (*Landsh.:* Það er búið að gera það). Mjer skildist svo á h. 2. kgk. þm. (H. Sv.), að í löggjöf, sem snerti kvennfólkið ættu menn að leiðast af kvennhollustu, og hafa ekkert það í lögunum, er kvennfólkinu geti verið byrði að eða óþægindi, en jeg get alls ekki verið honum samdóma um það.

Í máli því, sem hjer liggur fyrir, er alls ekki að ræða um að veita konum neitt framyfir það, sem karlmennirnir hafa, heldur er hjer að eins gengið út frá því, að kvennfólkið er menn, eins og vjer, sem hafa tilkall til sömu rjettinda og vjer, og um leið og þær fá þessi rjettindi verða þær eðlilega að gangast undir sömu skyldur. Það er ekki hægt og ekki rjett að gefa þeim þessi rjettindi, nema þær fái um leið hlutdeild í sömu skyldunum.

Hvað það snertir, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, að frv. væri ómynd að því leyti, að kvennfólk hefði kjörgengi á safnaðarfundum, þá man jeg ekki eptir annari mótbáru frá hendi hans í því tilliti, en þeirri, að óviðkunnanlegt væri að sjá konur gegna meðhjálparastörfum. Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, þó að konur gerðu það. Jeg held, að þær sjeu okkur karlmönnunum svo opt hjálplegar í því, að færa okkur í fötin, og sjá um að þau fari okkur vel, að jeg get ekki álitið annað, en að þeim sje vel trúandi fyrir því að hjálpa prestunum í messuklæðin og úr þeim svo að vel færi; jeg er jafnvel viss um, að messuklæðin færu þá opt betur á prestunum en nú hjá mörgum gömlum og stirðhentum meðhjálpurum, sem ekki kunna að skrýða almennilega prestinn.

Mjer er raunar ekkert kappsmál, að frv. þetta fái fram að ganga, en þar sem verið er að tala um, að það sje engin þörf á þessum lögum, og að enginn óski þeirra, þá álít jeg því bezt svarað með því að benda á, að neðri deild samþykkti

þetta frv. nærri með öllum atkv. og ekki að eins nú, heldur líka á síðasta þingi.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka fram, þar sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, og auðvitað hafði mikið til síns máls, að það væri skylda löggjafarvaldsins að veita kvennfólkinu sem mest jafnrjetti við karlmenn, þá virtist mjer vera rjettast, að byrja á því, sem helzt ber á, að mikill rjettarmunur er á. Jeg vildi því óska, að hinn h. þm. gæti fundið einhver ráð til að sjá svo um, að kvennfólk, sem gengur í vinnu og afkastar alveg sömu vinnu, eins og karlmenn, fengi þá einnig sömu borgun og karlmenn; ef h. þm. gæti komið því til leiðar, þá væri það sannarlega þarflegt og gagnlegt. (*Þorl. Jónsson:* Heyr!). Og eins er með árskaup. Gjöra ekki margar konur eins mikið gagn og karlmenn? Hversvegna fá þær þá lægri laun? Jeg hygg, að þetta sje eitt af því fyrsta, sem þarf að leiðrjetta, og eins að kvennfólk sje ekki brúkað til vinnu, sem alls ekki er því samboðin. Þó að h. þm. Barðstr. (S. J.) talaði um, að kvennfólkið ætti að fá sömu rjettindi og um leið gangast undir sömu skyldur og karlmennirnir, þá kann jeg samt ekki við að sjá kvennmann bera kolapoka upp bryggjurnar hjer í Reykjavík og fá svo ekki nema hálfa borgun á við karlmenn. Gæti h. þm. lagað þetta, þá gæti það sannarlega orðið kvennþjóðinni að gagni, en hitt held jeg að minna gagni, að vera að bisa við að útvega kvennfólki kjörgengi í sveitarnefndir.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal játa það, að jeg hef verið mjög í efa um, hvernig jeg ætti að snúast í þessu máli. Þegar jeg fyrst leit á frv., þótti mjer það ekki mikil rjettarbót og heldur ekki sá jeg neitt við frv., sem sjerstaklega fældi mig frá því. En þegar jeg heyrði ræðu hæstv. landsh. í þessu máli, sem hann hjelt í neðri deild, þá komst jeg á þá skoðun, að rjettast væri að láta frv. fara, og sannfærði hann mig að því leyti. En það er þó aðgætandi, að þá skoðaði jeg málið að eins frá annari hliðinni og sneri hann mjer þá á sitt mál. En með ræðu þeirri, er hann hjelt áðan, hefur hann snúið mjer aptur og gjört það að verkum, að jeg nú verð að greiða atkv. með frv. Mjer fannst hann og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) leggja nokkuð mikla áherzlu á þær getgátur, að frv. þetta væri fram komið af því, að sumir þingmenn vildu veifa því sjer til frægðar og frama, og skrifa það því á sinn frelsisfána, þó að frv. yrði fremur til skaða en til gagns. Jeg vil ekki styðja þessar getgátur með atkvæði mínu, en það gjöri jeg, ef jeg greiði atkv. á móti frv.

Jeg álít eðlilegt, að kvennfólkið fái um leið og það fær þessi rjettindi, einnig skyldur, svo að það fái að vita, hvað það er. Þær óska allt af eptir rjettindum, og er það mjög eðlilegt, en þær þurfa að muna eptir, að skyldur fylgi með. En mjer þykir rjettast að gjöra þeim aðvart um það og koma þeim í skilning um, að skyldur sjeu samfara rjettindunum. Það verður að gá að því, að tilgangurinn með frv. þetta getur engu að síður verið af velvild til þjóðarinnar og á jafnrjettiskröfum hennar, og því er það ekki rjett gagnvart þjóðfjelaginu, að konur hafi rjett til kosningar í hreppsnefnd, en hafi þá ekki um leið þær skyldur, sem þeim er samfara. Jeg verð að leggja áherzlu á þetta, og get vel trúað, að þeir, sem komið hafa fram með frv., hafi gjört það einnig, þeir hafi sjeð, að konur ættu ekki eingöngu að hafa rjettindi, heldur líka skyldur, sem af þeim leiða. Kvennfólkið gæti þá líka komizt upp á, að hugsa sjer allt af til hreyfings, að fá ein og önnur rjettindi, án þess að hugsa um, að þeim fylgja líka skyldur.

Jón A. Hjaltalín: Jeg hugði, að jeg

mundi ekki þurfa að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli, en ræður h. landsh. og h. 2. kgkj. þm. (H. Sv.) höfðu rjett komið mjer til að greiða atkv. með þessu frv., þar sem mjer þótti þær báðar á engum rökum byggðar. Jeg býst samt við, að jeg sitji fyrir því í þetta sinn, af því jeg álít, að ekki sjeu komnar nægilegar beiðnir utan að í þá átt, að lög fengjust um þetta efni. En haldi menn þessu málefni áfram, og komi það í ljós, að það er ósk bæði kvenna og karla, þá mun jeg gefa atkv. mitt með þessu frv., ef það kemur fyrir þingið aptur.

Þorkell Bjarnason: Jeg er mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir hina síðustu ræðu hans og álít ástæðu til fyrir þingið að gjöra, ef það gæti, meiri jöfnuð milli karlmanna og kvennfólks, hvað arð af vinnu snertir. En það mun ekki vera svo auðvelt, að koma því í kring með lögum. En það er líka annað, sem er miklu nauðsynlegra að fá framgengt fyrir kvennfólkið en kjörgengi kvenna, og það er að fá betur tryggðan rjett giptra kvenna gagnvart eiginmönnum sínum, en nú á sjer stað. Jeg álít, að þetta tvennt sje hin helztu rjettindi, sem kvennfólkið þurfi að fá. Þær þurfa að fá meiri rjettindi gagnvart karlmönnum, hvað kaup snertir og rjettur giptra kvenna þarf að verða betur tryggður gagnvart þeim eiginmönnum, sem fara miður en skyldi með konur sínar, og sem því miður finnast of mörg dæmi til. Jeg vil spyrja h. deild, hvort kvennfólk í nágrannalöndunum, t. d. í Englandi, Danmörku og Noregi hafi fengið kjörgengi til hreppsnefnda, sýslunefnda og bæjarstjórna. Mjer vitanlega er það ekki. Sannarlega ætti þar þó að vera hægra fyrir kvennfólkið að nota þau rjettindi, og hægra að sækja hreppsnefndarfundi o. s. frv., þar sem samgöngur eru svo hægar, en hjer, t. d. á vetrum í snjó og illviðri. Menn vita, að þessar þjóðir eru þó á undan okkur í flestu, bæði í andlegu og líkamlegu tilliti, og þegar þær hafa ekki sjeð ástæðu til að veita kvennfólkinu þennan rjett, sem fylgir svo mikil byrði, en sem vjer viljum þó veita því, því að hann er sannkölluð hefndargjöf, þá virðist mjer ekki vera ástæða til fyrir okkur að vera á undan þeim í þessu, sem ekki er svo þýðingarmikið, þegar við erum langt að baki þeim í svo mörgu öðru. Rjettara væri sjálfsagt að reyna að feta í fótspor þeirra í verklegum framkvæmdum heldur en vera á undan þeim í þessu smáræði.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer heyrðist h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.) tala um, að einhverjar óskir hefðu framkomið frá kvennmönnum um það, að frumv. í sömu átt, sem þetta fer, yrði gjört að lögum, en að þær raddir væru ekki enn svo margar, að hann þeirra vegna þættist hafa næga ástæðu til að greiða atkv. með frv. þessu. En jeg vil leyfa mjer að spyrja. Hafa nokkrar raddir fram komið í þessa átt? Liggur nokkur yfirlýsing fyrir þinginu frá kvennfólkinu um, að það óski þeirra laga, sem hjer er um að ræða? Satt að segja, hef jeg hvergi sjeð það. Skeð getur, að það sje af óaðgætni minni. En skyldi það nú vera svo, að engar óskir hafi komið fram frá þeim, sem hjer eiga hlut að máli, um það, er frumv. þetta ræðir um, hví á þingið þá, að vera að troða upp á kvennfólkið þeim rjettindum, sem það sjálft (ɔ: þingið) viðurkennir, að hafi þær skyldur í för með sjer, sem eru þungar og ekki æskilegar fyrir kvennfólkið sjálft. Það er öldungis rjett, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að sje rjetturinn veittur, þá eigi og skyldurnar að fylgja með, en ef frumv. þetta leggur þyngri skyldur á herðar konum, en samsvara rjettindum þeim, er það veitir, er það þá rjettlátt, að þingið láti hefndarhönd sína falla svo þungt á konurnar, hafi þær ekki óskað þess, að þessi rjettindi væru þeim veitt. Ef engar áskoranir hafa komið fram

um þetta, þá eigum vjer eigi að vera svo ómannúðlegir að láta hefndina skella á því; það er alls engin ástæða til þess. Það væri sök sjer, ef kvennþjóðin væri í undirokaðri stöðu, en jeg hygg, að konurnar almennt talað, sæti ekki þeim búsifjum af hálfu manna þeirra, að þær geti ekki komið öllu því fram, er eindreginn vilji þeirra er fyrir, og eptir því sem menntun kvenna eykst, og þar af leiðandi djörfung og sjálfstæði, því meiri líkur eru til þess, að óskir þeirra komi fram, um öll þau mál, er þær hafa áhuga á, og óska að fá framgengt. Þetta gildir því fremur, sem forstöðukonur kvennaskólanna mundu bæði fúsar og sjálfkjörnar til, að bera fram óskir þær, er lægju innanbrjósts hjá námsmeyjum skólanna. H. þm. Barðstr. (S. J.) gat þess, að hann þekkti ötular og ráðdeildarsamar konur, er lagt hefðu gott og nytsamlegt til kennslumála og uppeldismála, og þetta skal jeg fyllilega játa, að þær konur eru eigi svo fáar, en jeg hygg að staða þeirra sje svo nú sem stendur yfir höfuð að tala, að þær geti beitt þessum hæfilegleikum sínum sem ráðanautar manna sinna, með því að blása þeim í brjóst ýmsu því, er betur má fara. Nú hafa konur fengið kosningarrjett í mörgum mikilsverðum málum, og jeg skal geta þess, til að sýna, að jeg er líka kvennhollur, að jeg varð til þess fyrir 8 árum síðan, að bera upp tillögu ásamt öðrum h. þm. um það, að konur fengju þann kosningarrjett, sem þær nú vantar, og þann, sem einnig mikið er í varið, sem sje til alþingis, og til þess væri jeg enn fús. Jeg vil heldur vera með til að samþykkja að konur fái kosningarrjett til alþingis, en að frumv. þetta, sem nú liggur fyrir fái framgang. Jeg gæti heldur verið með h. 6. kgk. (Þ. B.) í því, að gjörður væri sjerstakur lagabálkur um rjettindi kvenna í einni heild, en þó því að eins, að það væri skynsamleg en ekki nein hjegómleg löggjöf.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6 atkv. gegn 4 og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Frumv. til laga um dagpeninga og þingfararkaup alþingismanna (C. 197); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Frumv. þetta hefur eigiulega verið áður fyrir h. þingd., en fjell þá „injuria temporum“. Okkur flutningsmönnum hefur því komið saman um, að rjettara mundi að koma fram með það sem sjerstakt og sjálfstætt frumv., til þess að það gæti staðið eða fallið eitt fyrir sig, án þess að hafa áhrif á frumv. það, sem það var upphaflega partur af. Upphæðir þær, sem ákveðnar eru í þessu frv., eru nær því hinar sömu, sem til voru teknar í hinu fyrra frumv., að eins eru einar tvær upphæðir lítið eitt hækkaðar.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer, að gjöra til h. flutningsmanna frumv. þessa fyrirspurn um samband þess og annars frumv. nfl. frumv. um kosningar til alþingis — sem liggur nú einnig fyrir h. þingd. Eptir því sem mig minnir, eru komnar fram við það frumv. þær breyt.-till. sem gjöra það að verkum, að ef þær verða samþ. kemur það frv. í bága við þetta frumv.

Jón A. Hjaltalín: Við flutningsmenn þessa frumv. höfum hugsað okkur, að þetta frumv. skuli rætt sem sjálfstætt frv., án þess, að það sje nokkuð bundið við afdrif þau, er frumv. til kosningarlaganna kann að fá.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki með þessu fengið neina skýringu á því, hvernig uppástungumenn hugsa sjer, að frumv. þetta geti sameinazt við kosningarlagafrv. ef það skyldi verða samþykkt með breyt.-till. þeim, sem h. nefnd hefur við það gjört.

Jón A. Hjaltalín: Uppástungumenn frumv. þessa hugsa sjer að gjöra breyt.-till. við það í þá átt, að fyrstu grein sje breytt svo, að hún komist í samræmi við

kosningarlagafrumv., en að 2. gr. sje numin burt.

Landshöfðingi: Úr því að í breyt.-till. við kosningarlagafrumv. stendur, að alþingismenn skuli fá ferðakostnaðinn endurgoldinn *„eptir reikningi“*, get jeg ekki sjeð, hvernig það getur samrýmzt við þetta frumv., ef sú breytingartill. verður samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Frumv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum (C. 48, 174); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Við byrjun þessarar 1. umr. leiddi jeg rök að því, að nauðsynlegt væri, að innheimta á smáskuldum yrði greiðari en nú væri, og ef frumv. þetta yrði að lögum, myndi fást það, sem jeg vildi, að innheimtan í smáskuldamálum yrði greiðari. Nefndin hefur komizt að sömu niðurstöðu, eins og sjá má af nefndarálitinu, þar sem segir, að hún hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að það geti orðið góð rjettarbót, ef frv. yrði að lögum með þeirri breytingu, sem hún stingur upp á.

Af því að hjer liggur ekki fyrir að fara út í einstök atriði frumv., skal jeg ei gjöra það að þessu sinni, og óska að eins, að málið megi fá að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Mál þetta er mjög þýðingarmikið og þarf íhugunar, en vegna þess, hve nú er mikið rekið eptir málum í þinginu, hef jeg ekki haft tíma til að íhuga það, og get því ekki sagt neitt um, hvort jeg get lagt með því eða ekki. Jeg vil taka þetta fram, til þess að h. þm. skoði það ekki svo, að jeg sje samþykkur frumv., þó jeg ekki tali á móti því, því að þegar málin eru rekin svona áfram, eins og nú er gjört á þinginu í báðum deildum, þá get jeg ekki haft nægilegt yfirlit yfir hvert einstakt mál.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Fyrirspurn til landshöfðingja (C. 112).

Jón A. Hjaltalín: Eins og þm. er kunnugt, var á síðasta alþingi samþykkt sú tillaga, að skora á stjórnina að sjá um:

1., að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann

2., að latína verði ekki heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum og að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann.

Þinginu var þá mikið áhugamál að fá þessu framgengt, og er það að líkindum enn þá; að minnsta kosti er það fyrir mjer hið sama áhugamál sem fyr.

Í neðri deild alþingis var fyrir nokkrum dögum drepið á þetta í sambandi við frv. um kennslu latínu og grísku í lærðaskólanum, og kom þá hæstv. landsh. með nokkrar skýringar í máli þessu, en jeg kom þó fram með þessa fyrirspurn hjer til þess að fá frekari skýringu og svo til þess, að menn vissu, að áhugi beggja þingd. væri hinn sami í þessu máli sem fyr.

Landshöfðingi: Eins og tekið hefur verið fram voru á síðasta alþingi samþ. 2 tillögur til þingsályktunar, viðvíkjandi gagnfræðakennslu í latínuskólanum, önnur í efri deild, og hin í neðri, og voru þær báðar samhuga í því:

1. að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann;
2. að latína verði ekki heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann.

En neðri deild bætti því við tillöguna

3. að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð, svo sem nauðsynlegt er, til þess, að gagnfræðakennslunni verði við komið, sjerstaklega í þá átt, að

kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð.

Það sem mjer fannst fyrst tiltækilegast að gjöra í máli þessu var að gefa þeim, sem mest afskipti hafa af kennslunni, tækifæri til þess að segja álit sitt um þetta. Jeg skrifaði því stiptsyfirvöldunum brjef 16. marz í fyrra og fór þar fram á, að þau leituðu álits kennendanna við hinn lærða skóla og sendu mjer síðan álitsskjöl þeirra ásamt ummælum þeim, sem þau fyndu þörf á að gjöra. Í þessu brjefi mínu, sem lesa má í B deild Stjórnartíðandanna 1892 bls. 99, gat jeg um hina ýmsu vegi, sem fara mætti til þess að koma á gagnfræðakennslu í latínuskólanum, svo sem að bæta við lærða skólann nýjum bekkjum, sem eingöngu væru fyrir gagnfræðakennslu, en kennsla í hinum bekkjunum væri að öðru leyti hin sama og áður, eða að gagnfræðisnámið og lærða námið færi saman í því, sem sameiginlegt er fyrir hvortveggja, en í gagnfræðabekkjunum væri kennt það, sem sjerstakt er fyrir gagnfræðanemendur. En tiltækilegast áleit jeg þó, að gagnfræðakennslunni væri steypt saman við lærðu kennsluna, þannig að gagnfræðakennslan væri lægra stig en lærða kennslan æðra stig í sama skólanum og að gagnfræðamenntunin auk þess að vera sjerstakt menntunarstig væri jafnframt undirbúningsstig undir hina æðri lærðu menntun. Jafnframt tók jeg það fram, að til þess að koma þessu fyrirkomulagi á, mundi þurfa að bæta við skólann einum eða 2 nýjum bekkjum, og auka kennslukraptana að því skapi, en þá ætti ekki að heimta önnur skilyrði fyrir inntöku í skólann, en þau, sem heimtuð eru í reglugjörð Möðruvallaskólans (sbr. reglugj. 28. júlí 1882, 3. gr. d. og e.) fyrir inntöku á þann skóla og fjelli þá undirbúningskennsla undir lærða skólann burtu. Ef með þessu móti yrði bætt við lærða skólann 2 bekkjum, ætti þá að kenna nokkuð sama í 4 neðstu bekkjunum og á Möðruvallaskólanum og ætti svo að taka 4. bekkjar próf, sem sumpart væri burtfararpróf frá gagnfræðakennslunni og sumpart skilyrði fyrir uppflutning í 5. bekk, fyrir þá, sem vildu halda náminu áfram, og ættu þá eins þeir, sem tekið hafa burtfararpróf við Möðruvallaskólann, að geta komizt próflaust inn í 5. bekk.

Stiptsyfirvöldin leituðu álits kennendanna við latínuskólann, en þeir settu 3 manna nefnd í málið úr sínum flokki og sú nefnd ljet uppi álit sitt 28. apríl 1892.

Nefndin vildi í öllum aðalatriðum aðhyllast það fyrirkomulag, sem jeg hafði stungið upp á í brjefi mínu 16. marz, og gjörði ítarlegar uppástungur um ýms einstök atriði, t. a. m. um það, hvað hún áliti að kenna ætti í hverjum bekk og hve mikið í hverri grein. Þetta nefndarálit var svo rætt á fundi í skólanum, og mjer er ekki ljóslega kunnugt, hverjar undirtektir það fjekk þar, en aptur á móti hafa komið athugasemdir við nefndarálitið, undirskrifaðar af rektor, yfirkennara og 3 af föstum kennurum skólans. Athugasemdir þessara 5 manna fara í allt aðra átt en álit nefndarinnar; þeir fundu alls ekki ástæðu til að koma gagnfræðakennslu á við lærða skólann, meðan við hefðum þá gagnfræðaskóla, sem við höfum, því að þá yrðu gagnfræða-stúdentarnir svo margir, að að eins fáir þeirra mundu fá hjer atvinnu eptir því sem tilhagar hjá oss. Þeir voru einnig alveg mótfallnir því sambandi milli skólanna, að taka pilta frá Möðruvallaskólanum próflaust inn í latínu skólann. Sjerstaklega voru þeir móttallnir takmörkun á latínu- og grískukennslunni. Leiddu þeir margar, frá þeirra sjónarmiði, mjög ítarlegar ástæður fyrir því, hve allt þetta fyrirkomulag, sem jeg hafði stungið upp á, væri óheppilegt, og álitu, að kunnátta og þekking manna frá lærða skólanum mundi fyrir það verða miklu rýrari en hún þó nú er.

Stiptsyfirvöldin sendu mjer því næst

í vetur er leið bæði álitsskjalið og athugasemdirnar og tóku fram, að hverri niðurstöðu nefndin að einu leytinu og hinir 5 að öðru leytinu hefðu komizt og svo segja þau: „Þar sem eptir hinu framanskrifaða 5 af hinum föstu kennurum við latínuskólann og þar á meðal rektor og yfirkennarinn, hafa tjáð sig gjörsamlega mótfallna hinni fyrirhuguðu breytingu á skólafyrirkomulaginu en einir 2 af föstu kennurunum eru henni meðmæltir, þykir okkur, þegar af þessari ástæðu, mjög varhugavert, að mæla með, að hún verði lögleidd, beint á móti atkvæði og vilja þeirra, sem sjerstaklega verða að hafa það hlutverk, að koma henni til framkvæmdar, enda getur okkur ekki dulizt, að þrátt fyrir ákvæði núgildandi reglugjörðar í 18. gr., sjeu mjög verulegir erfiðleikar á því, að sameina gagnfræðakennslu við klassisku kennsluna í sama skóla, svo að vel fari". Því næst ljetu þau í ljósi athuganir sínar á hinum einstöku atriðum, sem rædd höfðu verið bæði í nefndarálitinu og svo í athugasemdum hinna 5 kennendanna og komust svo að þeirri niðurstöðu, að þótt þau fúslega kannist við ýmsa kosti hins fyrirhugaða skipulags, þá geti þeim eigi dulizt, að svo margir og verulegir annmarkar sjeu á hinni umræddu samsteypu lærðrar kennslu og gagnfræðamenntunar í hinum sama skóla, að harla ískyggilegt sje, að ráðast í hana, eptir því sem hjer hagar til. Þau telja það ráðlegt að fresta verulegum breytingum á skólanum að svo komnu og bíða heldur þess tíma, að gagngjörð endurskoðun hans kynni að verða nauðsynleg, fyrir þá sök að vjer, að dæmi annara þjóða, yrðum að taka alveg nýja stefnu, að því er kemur til hinnar umþráttuðu klassisku menntunar.

Jeg leitaði sömuleiðis álits kennaranna við Möðruvallaskólann og fjellust þeir í öllum aðalatriðum á upppástungur mínar og kennaranefndarinnar.

Öll skjöl þessa máls voru ekki komin til mín fyr en í febrúar, og afgreiddi jeg svo í marzm. málið til ráðgjafans, svo að hann gæti kynnt sjer það og lagt sinn úrskurð á, hvort æskilegt væri að halda málinu í sömu stefnu, sem jeg og kennaranefndin fer fram á, eða að fara eptir álíti stiptsyfirvaldanna og hinna 5 kennenda. Jeg hef enn þá ekki fengið svar frá ráðgjafanum, en jeg veit, að málið verður tekið til nákvæmrar yfirvegunar og leitað mun álits þeirra manna í Danmörku, er gott vit hafa á þeim málum og mikið gefa sig við þeim. Þar sem nú hefur verið samþykkt rökstudd dagskrá í neðri deild alþingis og sú þingd. hefur lýst því yfir, að hún haldi fast við þá skoðun í þessu máli, sem báðar þingd. ljetu í ljósi á alþingi 1891, þá er ekki hætt við, að þetta mál verði lagt til hliðar, heldur verður það vandlega íhugað; og hvað sem stjórnin nú gjörir í þessu máli mun hún gjöra grein fyrir stefnu þeirri, sem hún ætlar sjer að fylgja í því, sjerstaklega, hvort henni er hugarhaldið að framkvæma ákvæðið í 18. gr. í reglugjörð skólans um að koma á gagnfræðakennslu við hann.

Að svo komnu get jeg ekki gefið frekari upplýsingar í þessu máli.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir skýringar hans, og kannast við, að hann hafi gjört allt, sem í hans valdi stóð, til að fullnægt verði óskum þingsins í því efni og álít að þetta verði nægilegt til þess að stjórnin sjái, að þingið ekki hefur gleymt ályktununum frá 1891, og gæti þá málið máske orðið leitt til lykta í þá æskilegu átt. Jeg hef ekki fleira að segja í þetta sinn og er fyrirspurninni lokið.

Tuttugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 27. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 144, 244); 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Ásamt með 2

öðrum h. þingdm. hef jeg leyft mjer að koma fram með breyt.till. við frv. þetta, en það eru að eins orðabreytingar. Við stingum upp á, að orðinu „svo“ sje bætt inn í 1. málsgr. 2. gr. á undan orðinu „sem“, við álítum það skýrara mál; enn fremur viljum vjer fella burt úr síðari málsgr. sömu gr. orðin „þar til“, því að þau virðast öldungis óþörf. Loks viljum vjer breyta einni setningu í 4. gr. Setningin byrjar svo: „Ef breyta skal eða fella úr gildi samþykkt, sem samþykkt hefur verið“ o. s. frv. Í stað þess að hafa þessa setningu svona, viljum við láta hana vera svo: „Ef breyta skal eða fella úr gildi staðfesta samþykkt“; það er ekki eins stirt mál og óviðfeldið eins og hitt. Jeg vona að h. þingdm. sje það augljóst, að þetta eru engar efnisbreytingar, heldur að eins lítilfjörleg lögun á málfæriau.

ATKVÆÐAGR.: 1., 2. og 3. breyt. (C. 244) samþ. í e. hlj.

Frv. samþ. með 10 atkv. og sent aptur til Nd.

Frv. til laga um kosningar til alþingis (C. 189, 214); 3. umr.

Einar Ásmundsson: Eins og h. þingdm. er kunnugt er þetta stóra frv., sem hjer er til umræðu, sprottið af tiltölulega litlu frækorni. Fyrir deildina var fyrst lagt frv. frá stjórninni í þá átt, að breyta að eins einu ákvæði í kosningarlögunum, sem nú gilda. Það var gjört samkvæmt óskum margra landsmanna í þeim hjeruðum, þar sem menn eiga hægra með að sækja kjörfundi í júní, og stjórnarfrv. var til þess að fullnægja þessum óskum meiri hluta kjördæmanna. H. deild kaus svo nefnd í þetta mál, því að það var kunnugt, að enn fleiri óskir mundu fram koma um að breyta ýmsu öðru í kosningarlögunum. Nefndin, sem var kunnugt um þessar óskir, vildi þá reyna að gjöra sitt bezta til, að óskir þessar yrðu uppfylltar að svo miklu leyti, sem verða mætti. Óskirnar lutu að því þrennu, fyrst að breytt væri því, sem stjórnin hafði fallizt á með sínu frv., að færa kjörþingin frá haustinu til vorsins.

Í annan máta var það ósk mjög margra, að kjörstöðum í hverju kjördæmi væri fjölgað meira eða minna. Allir vita, hvað mörg kjördæmi á voru stóra og strjálbyggða landi eru erfið yfirferðar og að fjöldi kjósenda á bágt með að sækja fund á eitt sameiginlegt kjörþing. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að líta sem mest á nauðsynjamál þetta, og henni kom saman um, að hafa það fyrir aðalreglu, að hver hreppur mætti kjósa út af fyrir sig, en hún bætti úr fyrir þeim,sem ekki vildu dreifa þannig kosningu, með því að taka upp í frv. ákvæði um, að svo margir hreppar, sem vildu í sama kjördæmi og jafnvel allir, mættu sameina sig á einu kjörþingi og kjósa í einu lagi. Þetta ákvæði, sem ef til vill ekki öllum líkar, sýnist mjer samt fyrir mitt leyti vera svo frjálslegt, sem hægt er, þar sem það er lagt öllum í sjálfsvald, hvort þeir vilja nota sjer að kjósa í smádeildum og hafa einn kjörstað í hverjum hreppi, eða sameina sig og hafa færri kjörstaði eða loks jafnvel að hafa ekki nema einn kjörstað, eins og nú er. Yrði þetta ákvæði þannig að lögum, þá virðist mjer það svo frjálslegt, sem menn framast geta hugsað sjer.

En þegar nefndin athugaði, að það þurfti svo mikilla breytinga við, þá áleit hún hreinlegast, að endurskoða kosningarlögin frá upphafi til enda, og reyna að semja nýtt frv., svo að út yrði gefin ný og endurskoðuð útgáfa af kosningarlögunum, því að almenningur á opt bágt með að átta sig, ef gjörðar eru margar breytingar og viðaukar við lög hvað eptir annað. Þetta getur sjálfsagt ekki verið til neins baga eða óþæginda fyrir lögfróða

menn, en þeir verða þá að vorkenna alþýðu, sem ekki getur daglega blaðað í lögum, þó að hún eigi erfitt með að átta sig, þegar lögin eru í mörgum smámolum.

Í þriðja lagi höfðu komið fram óskir frá mönnum víða um land, að í stað þess að ferðakostnaður þingmanna hefur hingaðtil verið goldinn eptir reikningi, sem þeir sjálfir hafa gjört, þá væri nú þingfararkaup þeirra fastákveðið eptir því í hvaða kjördæmi þeir ættu heimili. Nefndinni virtist hjer hægra um að tala en í að komast, þegar setja ætti fast þingfararkaup handa þm. úr öllum kjördæmum. — Það er öllum kunnugt, að þegar um fastar tölur er að ræða og ekki er hægt að fara eptir neinum vissum eða ákveðnum reglum, er optast vandhæfi á að ákveða þær svo að öllum líki. Það kemur opt fram meðal annars þegar ákveða á sanngjörn laun embættismanna og eptirlaun þeirra og ekkna þeirra eða sveitarútsvör á að leggja á og í ótal öðrum tilfellum. Nefndin vildi reyna að gjöra allt sitt bezta með því að stinga upp á einhverjum fastákveðnum tölum, sem ekki voru þó gripnar úr lausu lopti, heldur var farið eptir reikningum yfir ferðakostnað þingmanna um mörg undanfarin ár og tekið meðaltalið af þessum reikningum með lítilsháttar lagfæringum í þá átt, að þingfararkaupið stæði á heilum tugum. Við 2. umr. þessa máls fjell hjer í deildinni, sem kunnugt er, grein sú í frv., er hafði inni að halda tillögur um upphæð þingfararkaupsins, og við það kom stórt skarð í frv., ekki svo mjög, þótt þessi ákvæði fjellu úr, heldur af því að í sömu gr. voru fleiri ákvæði um allan kostnað til þinghalds.

Ef það væri nú meiningin, að ekki ætti neinn kostnaður að greiðast og þingmenn ættu hvorki að fá dagpeninga eða ferðakostnað og engan skrifara ætti að hafa og engin þingtíðindi prenta, þá væri ekkert skarð í þetta frv. En nefndin hugði, að þetta væri ekki meining deildarinnar, heldur ættu þm. eptir sem áður að fá laun fyrir starfa sinn, dagpeninga og ferðakostnað, hvernig sem ferðakostnaðurinn svo yrði ákveðinn. Þessvegna hefur nefndin leyft sjer að koma með breyt.till. og stungið upp á, að ný gr. bætist inn í frv, þar sem hin fjell úr. En nefndinni virtist ekki, að hún ætti að taka upp í hana tölur um fast þingfararkaup, en tók að eins ákvæði úr kosningarlögunum, sem nú gilda, svo að enginn lagabreyting yrði gjörð í þessu tilliti. — Aptur hafa tveir úr nefndinni komið sjerstaklega fram með lagafrv. um fast þingfararkaup. Sumum gæti virzt við fyrsta álit, sem þetta stóra frv., sem hjer liggur fyrir og hitt sjerstaka frv. h. 2 þm. ræki sig hvort á annað, með því að í breyt.till. okkar við frv. er ákveðið, að þm. fái endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, en í hinu er hann fast ákveðinn.

En fyrst og fremst er ekki víst, að bæði frv. geti fengið samþykki þingsins og þó svo væri, þá get jeg ekki sjeð, að menn þurfi að óttast nokkurn árekstur. Hjer segir, að þm. fái ferðakostnað endurgoldinn *eptir reikningi* og þá helzt að skilja eptir sundurliðuðum reikningi, þar sem þeir telja kostnað fyrir hesta, fylgdarmenn, ferjur o. fl., ef þeir fara landveg, en fargjald og annað smávegis, ef þeir fara sjóveg. En þó að það haldist í frv. og þar standi „eptir reikningi“, þá segir sig sjálft, að þó að hitt frv. verði samþ., þá gefa þeir samt reikning fyrir ferðakostnaði eða þingfararkaupi. Munurinn verður að eins sá, að ef þetta frv. eitt fær gildi, verður hann sundurliðaður, en ef hitt frv. nær jafnframt gildi, þá verður hann ekki nema ein lína og ekki sundurliðaður.

Mín till. er, að h. deild samþ. breyt.till. nefndarinnar á þingskj. 214; en aðra breyt.till., sem nefndin hefur áður komið fram með, mun framsögum. taka aptur, áður en atkv. verða greidd. Jeg hygg

því, að þetta frv. geti gengið í skaplegu formi til h. systurdeildar, svo að hún geti samþ. það, annaðhvort hafið það á líknarlófum óbreytt, eða þá farið um það sínum mjúku og bætandi höndum eða þá breytt því, ef hún kynni að finna á því einhverjar misfellur með sínum tilfinningarnæmu fingurgómum.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg skal lýsa því yfir fyrst, að jeg tek aptur fyrir hönd nefndarinnar breyt.till. á þingskj. 192.

Jeg þarf ekki að segja nú hið sama, sem jeg sagði við 1. og 2. umr. þessa máls, að því hafi verið tekið vel, því að við 2. umr. ljet einn h. þm. hjer í deildinni þau orð sjer um munn fara, að frv. þetta væri eitthvert hið óþarfasta verk, er þingið hefði gjört, síðan það fjekk löggjafarvald, og jafnvel einnig á ráðgjafarþingunum. Jeg tek orð þessi nú upp aptur til maklegs heiðurs fyrir þann mann, er þau hefur viðhaft. Hann færði það sem ástæðu fyrir þessari skoðun sinni, að þetta frv., sem gjörir kjósendum hægra fyrir að nota kosningarrjett sinn, ali með því upp áhugaleysi; deyfð, ódugnað og leti meðal alþýðu. En jeg held h. þm. hafi ekki athugað það nógu vandlega, hvert svona skoðun getur leitt hann og hlýtur að leiða, ef teknar eru „consequenser“ hennar. Eða þá, að h. þm. er ekki alvara, þegar hann kemur með svona ástæður. Það liggur þó í augum uppi, að sje það að efla leti og dugleysi að gjöra mönnum hægra fyrir að nota kosningarrjett sinn, þá er það líka að efla leti og dugleysi að gjöra mönnum hægri aðflutninga t. a. m. með vegagjörð og gufuskipaferðum. Það væri því hið mesta tjón fyrir Strandam., að gufuskip kæmi á Borðeyri, þeir yrðu við það latari og dugminni. Maður getur varla hugsað sjer, að h. þm. hafi talað svona orð í alvöru.

Menn hafa og komið með þá ástæðu gegn frumv. þessu, sem heldur er mergur í, að með því fyrirkomulagi, er gjört er ráð fyrir í frumv., þá aukist erfiðismunir fyrir þingmannaefni, fyrir þá menn, er finna hjá sjer krapt og köllun til að gjöra þjóð sinni gagn með því að taka þátt í löggjöf landsins. Það er þessi hræðsla, það er viljaleysið að leggja nokkuð í sölurnar til þess, að vinna þjóð sinni gagn. Það er hin sama ástæðan, er borin var fram á móti þeim hluta frumv. þessa, er fellt var úr við 2. umr., óttinn fyrir því, að einhverntíma kynni svo að fara, að það tilfelli gæti komið fyrir, að 1 þingm. af 10 má ske skaðaðist um nokkrar krónur. Jeg get ekki sjeð neina samkvæmni í því af þeim mönnum, sem hafa þessa skoðun, og vilja þó í ýmsum öðrum atriðum leggja talsvert mikið í sölurnar fyrir ættjörð sína.

Einn h. þm. talaði um, að fjölda margir af kjósendunum væru bjánar, er ekki væru færir um, að nota kosningarrjett sinn rjettilega. En hverjum stendur það nær, en einmitt þingmönnunum eða þingmannaefnunum að uppfræða alþýðu í þessu efni.

Jeg skal ekki fjölyrða um breyt.till. okkar á þingskj. 214; h. þm. S.-Þing. (E. Á.) hefur útlistað þær svo rækilega, að óþarft er að gjöra það framar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að segja það, að í þetta sinn stend jeg nauðugur upp til að tala í máli þessu, en jeg verð þó að gjöra það, því mjer finnst að h. framsögumaður (J. A. Hj.) hafi riðið hjer á garðinn, þar sem hann var lægstur, og í því líkzt þeim, sem honum er þó ólíkur. Hann sleit orð mín, sem jeg talaði við 2. umr. málsins, svo úr sambandi sínu og samhengi, sem þau stóðu í, að jeg get eigi látið það standa mótmælalaust. Hann lagði mjer þau orð í munn, að leti og deyfð mundi vaxa hjá mönnum, ef ljett væri þannig undir með þeim með fjölgun

kjörstaða. Þingritararnir munu bezt geta borið um, hvað jeg hef talað, og það sem þeir hafa ritað er til sýnis og mun það bera það með sjer, að aðaláherzlan var ekki lögð á þetta, heldur hitt, að lítill hluti kjördæmisins gæti bælt alla hina undir sig, og látið sinn vilja verða ráðandi. Það var þetta, sem jeg lagði aðaláherzluna á við þetta fyrirkomulag. Að vísu neita jeg ekki, að meðal til þess að gjöra menn lata, er að elta hvern einstakan inn á heimili sitt, en eini og aðalgallinn á frumv. þessu er þetta ekki, því þeir eru miklu fleiri og stærri, en samt get jeg alls ekki sannfærzt um hið mótsetta af dæmi h. framsögumanns (J.A.Hj.) um Borðeyri. Eins og nú er ástatt, dett ur Strandamönnum ekki í hug að nota strandferðirnar, en væri þessu breytt svo, að þeir gætu það, færu þeir sjálfsagt að hugsa um það, eða yrðu hugsunarsamari og ötulari til þess að hafa not af þessum ferðum. En þetta dæmi getur alls ekki samrýmzt við það, sem hjer er um að ræða. H. framsögumaður (J. A. Hj.) tók það fram, að sumir hjer í deildinni hefðu borið mönnum á brýn vitleysu og fáfræði, að menn kynnu ekki að nota rjett sinn, og þess vegna væri engin þörf á að ljetta fyrir þeim aðgang að kjörfundum, en jeg vil geta þess, að jeg hafði aldrei þessi ummæli og jeg held enginn nema h. framsögumaður (J. A. Hj.) en með tilliti til þess, að þingmenn eiga að uppfræða og leiðbeina almenningi, þá er það ekki rjett að gjöra þeim það ómögulegt með því að láta þá þurfa að elta hvern inn í sinn kofa. Eins og menn vita eru kjörfundirnir helztu fundir, sem menn koma saman á, og ef þeir allir ættu að haldast sama dag í öllu kjördæminu, gætu þingmannaefnin ekki verið alstaðar og gætu þannig tiltölulega fáir fengið tækifæri til þess að heyra skoðanir þeirra, því ekki geta menn ætlazt til þess að þeir geti elt menn uppi um háslóttinn rjett fyrir kosningarnar, enda óvíst, hve mikið gagn af því hlytist, að þau töluðu við menn svona sinn á hverjum stað; ef að einhver þingmannaefni hefðu miður heppilegar skoðanir á landsmálum, þá álít jeg einmitt rjettast, að gefa þeim ekki kost á að prjedika fyrir kjósendum sínum, nema á almennum fundi. Jeg tók það fram um daginn, að jeg blygðaðist mín alls ekki fyrir að vera á móti þessu, þar sem það væri hið óþarfasta verk, er þingið hefði gjört, síðan það fjekk löggjafarvald og jafnvel áður, og mjer er mjög annt um, að sú skoðun mín móti þessu glapræði verði heyrum kunnug.

Jeg mun verða með til þess að samþykkja breyt.till. þá, sem nú síðast hefur komið frá nefndinni, ekki af því, að mjer þyki hún frá hennar sjónarmiði sjeð heppileg, heldur af hinu, að komist hún að, þá mun stjórnin ekki staðfesta frumv., og er það þó hið síðasta neyðarúrræði að óska þess. Reyndar hef jeg ekki mikla lagalega þekkingu, en jeg ímynda mjer samt, að það muni ekki allskostar lagalega *rjett að álíta, að sá maður fái borgaðan* ferðakostnað eptir reikningi, sem hefur fastákveðinn ferðakostnað í lögunum. Mjer finnst stjórnin ekki geta samþykkt frv. með þessu móti, jafnframt og frumv. um fast þingfararkaup; annaðhvort verður að falla, og þá eru þó meiri líkur til, að þetta verði fyrir því, ef það kemst svo langt, sem jeg nú í rauninni vona að ekki verði, því jeg treysti svo h. Nd. að hún afmái axarskapt þetta.

Jón A. Hjaltalín: Mjer finnst h. þm. Strandam. (G. G.) aldrei vera heppinn með dæmi sín. Hann sagði, að þeir Strandamenn ekki hugsuðu um strandferðir, af því þeir gætu ekki náð til þeirra. Alveg eins er t. d. með þá í Trjekyllisvík, þeim detta ekki í hug kosningar, af því þeir ekki komast á kjörstað, en ef nú lögin væru svo úr garði gjörð, að þeir kæmust á kjörfundi, þá mundu þeir fara að hugsa um kosningu, eins og aðrir, og áhuginn hjá

þeim vakna. Dæmið mun því miður heppilega valið.

Jeg er ósköp ánægður yfir því, að hinn h. þm. er ánægður með frammistöðu sína í málinu, en þetta er hans sannfæring, og jeg skal ekki að henni finna.

Jeg ætla að sleppa því að svara orðum hans um breyt.till. nefndarinnar, því mjer fannst hreint og beint ekki nokkurt vit í því, sem hann þar sagði.

Breytingartill. á þingskj. 192 er tekin aptur.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar (C. 214) samþ. með 10 samhlj. atkv. Frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 3, og því næst afgreitt til Nd.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 186, 250); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.-till. á þingskjali 250, sem komið hefur frá 3 h. þingdm.

Í frumv. stendur, að borga skuli útgefanda safnsins upphæð þá, allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar handritið er tilbúið undir prentun, en í breyt.till. er ekki að eins gjört að skilyrði, að handritið sje tilbúið undir prentun, heldur einnig, að því hafi verið skilað, og er það auðvitað alveg rjett í sjálfu sjer því handritið er ekki eign útgefandans, en hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Útgáfa Fornbrjefasafnsins heldur ávallt áfram ár frá ári, og kemur opt fyrir að bera þarf saman það, sem nú er verið að safna, við það, sem búið er, og ef handritið er tekið frá útgefandanum, getur hann ekki gjört hinn nauðsynlega samanburð, svo fljótt sem honum þætti æskilegt, því opt gæti orðið langur dráttur fyrir hann að nálgast handritið, ef það væri geymt einhverstaðar langt frá heimili hans. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein útlátssemi að lofa honum að halda handritinu, þar til það verður prentað, því opt getur komið fyrir, að hann fynni fornbrjef, er skylt eigi við þau, sem á undan eru komin, og sem hann því þarf að bera saman við. Jeg hef sjálfur fengizt dálítið við sagnastörf og veit hversu iðulega þarf að bera saman, þegar verið er að semja slík rit, og áleit mjer skylt að benda á þetta, svo að ekki yrði gjörð manni þeim, sem starfar að útgáfu Fornbrjefasafnsins, óþægindi að nauðsynjalausu.

Þorleifur Jónsson: Það er alveg rjett hjá h. 6. kgk. þm. (Þ. B.), að breyt.-till. fer að eins fram á, að útgefandi skuli *skila* handritinu til þess að fá styrkinn útborgaðan í stað þess, að í frumv. stendur, að það sje nóg að handritið væri *tilbúið*. Það sem okkur gekk til að koma með breyt.till. var, að við vildum tryggja það, að handritið væri komið í hendur þeirra, sem ættu að sjá um prentunina, því annars gæti komið fyrir, að útgefandi neitaði að skila því, þegar á því þyrfti að halda til prentunar. Það getur og verið spurning um það, hvers eign handritið er, þegar styrkurinn hefur verið veittur og útborgaður, ef því er ekki skilað. Jeg get ekki sjeð, að þetta ákvæði, sem breyt.till. fer fram á, yrði til nokkurra óþæginda, fyrir útgefandann, enda er það heldur ekki meiningin. Eins og menn vita fær bókmenntafjelagið handritið, og þar getur hann fengið það lánað, þótt hann skili því, eins og önnur skjöl fjelagsins, ef hann þarf á því að halda. Í athugasemdum við fjárlagafrumv. bls. 34 neðst má sjá, að útgefandinn dr. Jón Þorkelsson, hefur farið fram á það við ráðaneytið, að það eigi verði gjört að skilyrði fyrir útborgun á styrknum, að tiltekinn arkafjöldi sje prentaður á ári, heldur að eins, að svo miklu handriti albúnu undir prentun verði *skilað* árlega, sem samsvari arkafjölda þeim, sem hann er miðaður við. Þar sem hann sjálfur hefur ekki farið fram á annað en að „skila“ handritinu, til þess að fá styrkinn útborgaðan, kemur ekki til mála, að hon-

um sje gert nokkuð rangt til, þótt breyt.-till. sje samþykkt; með því yrði og bókmenntafjelaginu tryggð eign handritsins, en annars gæti verið vafasamt, hver ætti það, eins og jeg hef áður tekið fram.

Þorkell Bjarnason: Mjer kom ekki til hugar að segja, að manni þeim, sem hjer á hlut að máli, sje órjettur gjör með þessu ákvæði, heldur að eins óþægindi og lagði jeg sjerstaka áherzlu á það. Jeg hef, eins og jeg áður sagði, dálítið fengizt við að skrifa sögu, og þekki því nokkuð til, hvers hjer þarf með. Menn þurfa daglega að hafa mörg skjöl og bækur við hendina, og gæti þá orðið óþægilegt, ef menn þyrftu að fá allt eða flest að láni annarstaðar frá, sem brúka þyrfti í hvert skipið. Ef menn vilja tryggja það eða fyrirbyggja, að hann haldi handritinu, þá má orða þessa grein frumv. á þann hátt, að honum sje það ómögulegt, án þess þó, að með því sje honum þau óþægindi gjörð í starfi hans í vísindanna þarfir, að taka af honum handritið, fyr en á því þarf að halda.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frumv. samþ. í e. hlj. Breyt.till. (C. 250) við 4. gr. b. samþ. með 7 atkv. gegn 4. 4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 212); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað umræðulaust til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. (C. 215); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hef ásamt öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með þetta frumv., meðfram sökum þess, að jeg hef fengið áskorun í þá átt frá kjósendum mínum. Þegar lögin 4. nóv. 1881 voru samin, voru þessar vörur, er við í frumv. okkar förum fram á að tolla, ekki til sem útflutningsvara, en síðan hefur þetta breytzt svo, að nú er óhætt að segja, að töluvert sje flutt út af þeim, og höfum við af þeirri ástæðu komið með þennan viðauka. Þar eð þetta er 1. umr. málsins, þá skal jeg ekki fara út í hina einstöku liði frumv., en jeg vil að eins geta þess, að hvað hvalskíði snertir, þá höfum við verið í nokkrum vafa um, hversu háan útflutningstoll ætti að leggja á þau. Mjer er eigi sjálfum vel kunnugt um verð á þessum skíðum, en eptir því sem hef heyrt, þá munu vera til þrjár mismunandi tegundir af þeim. Verðið á hinni ódýrustu mun vera 35—40 aurar fyrir pundið, þeirri næstu 1 kr. og á hinni þriðju, sem er lang-dýrust og fágætust frá 16 og upp að 20 krónum. Það er vitanlegt, að hægt hefði verið að ákveða mismunandi háan útflutningstoll á hinum ýmsu skíðategundum, en við álltum það mundi verða til að freista manna til að fara í kringum lögin. Viðvíkjandi upphæðunum þá vil jeg geta þess, að við höfum haft hliðsjón af lögunum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, en við viljum engan veginn halda fast við þær, og tökum með þakklæti á móti breytingum í þá átt, og það því fremur, sem jeg hygg þær helzt til oflágar.

Landshöfðingi: Jeg er h. flutningsm. (S. St.) samdóma um, að ákvæði frumv. þessa fylli út í eyður, sem reynslan hefur sýnt, að eru í lögunum frá 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., en mjer hefur um leið komið til hugar, að æskilegt væri, að ef til vill fleiri breytingar á tjeðum lögum væru teknar inn í frumv. Það vantar þannig ákvæði um ýmsar vörutegundir, sem fluttar eru út til annara landa, t. d. um fisk, sem útfluttur er í tunnum, skorinn sundur í stykki. Það hefur verið leitað útskurðar um, hvaða gjald eigi að greiða af fiski, sem svo er farið með, en lögin ákveða að eins, að tollur á fiski, sem er útfluttur hálfhertur eða saltaður, skuli reiknast eptir fiskatali,

en því ákvæði verður eigi beitt, þegar fiskurinn er ekki látinn niður í tunnur í heilu lagi, og þessvegna hefur ekkert útflutningsgjald verið tekið af slíkum fiski. Ákvæði hjer að lútandi væru því æskileg. Sömuleiðis hefur því verið hreyft, að ástæða mundi vera til að færa niður toll á útfluttri síld, sem mörgum finnst allt ofhár, eptir því verði, sem er á síld í samanburði við toll á saltfiski og harðfiski. Samkvæmt hinum núgildandi lögum á að gjalda 25 a. fyrir hverja síldartunnu (108 potta), hvort sem síldin er flutt út í stærri eða smærri ílátum, en af skippundinu af saltfiski og harðfiski að eins 32 a., og er þó öllum vitanlegt, að hvert skippund af fiski selst fyrir mörgum sinnum meira verð en síldartunnan. Það hafa opt orðið vafningar út af útreikningnum á útflutningsgjaldi af síld, því hún er venjulega ekki flutt út í 108 potta tunnum, eins og ráð er gjört fyrir í lögunum, heldur í 120 pt., og þess vegna hafa sumir reikningshaldarar ávallt tekið að eins 25 a. af hverri 120 potta tunnu, sem þó ekki verður samrýmt við lögin.

Ef h. flutningsm. vildu taka þessi ummæli mín til greina til 2. umr., þá skal jeg leyfa mjer að benda þeim á, að hinn umboðslegi endurskoðandi er allra manna kunnugastur þessum tollmálum, og mun hann fúslega gefa þeim allar þær upplýsingar, er þeir kynnu að óska um þau atriði, sem jeg hef bent á.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Í sambandi við orð hæstv. landsh. skal jeg geta þess, að við munum taka til greina þær bendingar, er hann hefur gefið okkur, jafnframt því, sem við munum leita þeirra upplýsinga, er hann benti til.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg hef fengið beiðni frá nokkrum kjósendum mínum um að fara þess á leit við þingið, að útflutningstollur á síld yrði lækkaður og jafnframt um, að ákvæðin um þessar 108 potta tunnur, sem víst hvergi eru til, yrðu lagfærð, og síldartunnan ákveðin 120 pottar, eins og hún í raun rjettri er. Jeg hafði upphaflega hugsað mjer að koma með frv., er lyti að þessu, en mun nú láta mjer nægja að sameina mig við hina h. flutningsm. þessa frumv. um að koma þessum viðauka inn í frumv. þeirra til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund (C. 216); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Um þetta frumv. er að nokkru leyti sama máli að gegna eins og hið fyrra. Lögin frá 12. júlí 1878 segja, að leggja skuli í lausafjártíund hvert þilskip, er notað er til fiskiveiða, á 3 hndr. Þetta þótti okkur allt of lítið, þegar um gufuskip er að ræða; það er mikill munur á þilskipi, er kostar 4—5000 kr., eða gufuskipi, er kostar 60—80,000 kr., og því eðlilegt, að þau sjeu hærri í tíund en þiljubátar, með því líka arðurinn af þessum hvalveiðagufubátum er margfalt meiri, en eins og kunnugt er þekktust ekki þessir gufubátar eða hvalveiðar hjer á landi, þá er tíundarlögin voru samin og samþykkt. Okkur hefur jafnvel þótt við fara ofvægt í sakirnar, og munum koma með breyt.till. í þá átt, að hækka tíundina á þessum skipum. Öll þau hvalaveiðaskip, er fyrir vestan ganga, eru minni en 50 smálestir og heyra því undir fyrri liðinn í frumv. okkar. Jeg vona að þetta frumv., eins og hið undanfarandi, fái að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við þetta frumv. Á þau fjelög, sem stunda hvalaveiðar hjer við land, er lagt svo hátt gjald til sveitar, að jeg álít það óþarft og mjög varhugavert að bæta nokkru hjer við. Þetta nýja gjald mun heldur ekki koma sveitinni svo mjög að haldi, þar sem taka

verður tillit til þess við niðurjöfnun sveitarútsvarsins, og verður það þá sjer í lagi til gróða fyrir prest og kirkju. Samkvæmt tíundarlögunum frá 12. júlí 1878 eru að eins þilskip lögð í tíund, og mjer virðist það því ekki vera í sem beztu samræmi við tjeð lög, að leggja nú gjald á þau gufuskip, sem ganga til fiskiveiða eða hvalveiða, en engin önnur skip, og það því síður, sem fjelög þau, sem eiga hvalveiðaskipin, borga, eins og jeg hef tekið fram, svo hátt sveitartillag og eru slík sveitarstoð, að jeg verð að álíta ísjárvert að leggja þeim nokkrar nýjar kvaðir eða gjöld á herðar.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Hæstv. landsh. tók fram, að af skipum þessum væri goldið svo hátt sveitartillag, að varhugavert væri að bæta nýjum gjöldum við, en aðgætandi er, að atvinnuvegur þessi er mjög arðsamur, en þetta gjald getur aldrei orðið hvalveiðamönnum mjög tilfinnanlegt, þar sem þeir eru stórríkir menn. Það er mikið rjett, eins og hæstv. landsh. tók fram, að tíundin verður tiltölulega lítil í samanburði við sveitarútsvarið og að því leyti munar fátækrasjóðinn ekki svo mikið um hana, en eins og hann benti á, greiðist tíund þessi einnig til prests og kirkju, og jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til að hlífa þessum ríku útvegsmönnum fremur en öðrum við að gjalda tíund af skipum sínum, þótt til prests og kirkju sé.

Jeg skal ekki þrátta um, hvort frv. sje í samræmi við 3. gr. í lögunum frá 12. júlí 1878, en svo mikið er víst, að þótt orðið í greininni ekki beinlínis nái til gufuskipa, þá hafa þó sveitastjórnir í Ísafjarðarsýslu álitið báta þessa heyra undir ákvæði laganna um tíund af þilskipum. Aukaútsvarið er, eins og allir vita, lagt á eptir efnum og ástæðum, og það er lagt hátt aukaútsvar á menn þessa, af því þeir eru álitnir velstandandi menn, en þar af leiðir ekki, að nokkuð sje órjettlátt í því, að þeir gjaldi tíund af skipum sínum, eins og aðrir þilskipaeigendur, sem flestir líka bera hærra útsvar, en útvegsmenn almennt. Jeg álít því eigi rjett að fella þetta frumv., en hitt er álitamál, hvað hátt gjald hver vill hafa; jeg fyrir mitt leyti er nú á þeirri skoðun, að við höfum tiltekið allt of lágar tölur, þegar miðað er við önnur skip.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og annar fundur, föstudag 28. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna o. s. frv. (C. 228, 231); 3. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Við 2. umr. þessa máls fjell atkvæðagreiðslan svo, að 4. og 5. gr. voru felldar úr frumv. Þetta var samkvæmt tillögu meiri hluta nefndar þeirrar, sem sett var til að athuga málið. En jafnframt komu ekki tillögur til breytinga, sem nýnefnd aðalbreyting gjörir nauðsynlegar, við aðrar greinar frumv., þar sem talað er um dagpeninga, t. d. í 9. gr., þar sem stendur: „dagpeninga og“, og verður því nauðsynlegt, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að nefndin geti komið fram með breytingartillögu viðvíkjandi þessu í venjulegu formi. Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að frv. verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók því næst málið út af dagskrá.

Frv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (C. 213); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Þetta frv. hefur áður verið fyrir á þingi. Það var borið upp 1891 í neðri deild af þáverandi þm. Reykvíkinga. Jeg var þá einn af þeim, sem greiddu atkv. móti þessu frv. og reyndar mikið til af því, að þá lá ekki

fyrir neitt álit, hvorki viðkomandi hreppsnefndar eða sýslunefndar, heldur að eins álit þm. og bæjarstjórnarinnar. En nú hafa menn einnig fengið till. sveitarstjórnar þeirrar, sem á hlut í máli, bæði hreppsnefndar og sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og ef þingið vill taka tillit til þeirra, þá getur því ekki blandazt hugur um að fella frv. þetta þegar í stað. Þegar jeg sje, að þeir menn, sem mál þetta skiptir mestu, eru því mótfallnir, þá dregur það úr mjer að greiða atkv. með frv. Eptir gildandi lögum er ekki hægt að gjöra nein hreppaskipti, nema málsaðilar eða hlutaðeigandi hreppsnefndir sjeu með því. Í 23. gr. sveitarstjórnarlaganna stendur, að breytingar á hreppaskipun megi ekki gjöra án samþykkis nefnda þeirra, sem í hlut eiga, þótt þar sje átt við umboðsvaldið. Löggjafarvaldið verður því að fara mjög eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda í þess konar málum, sjerstaklega þegar taka á frá hreppi og leggja öðrum. Þess vegna eru þetta ærnar ástæður til þess að jeg skoði vel huga minn, áður en jeg greiði atkv. með frv. Jeg mundi samt, ef til vill, hneigjast að þeirri skoðun, að rjett væri að taka jarðir þær, sem um er að ræða, ef þær væru hreppnum til lítilla nota, en bæjarfjelaginu væri mikill hagur að fá þær, svo að það biði stórtjón við að fá þær ekki. En það er kunnugt, að jarðirnar eru eign Reykjavíkurbæjar og getur hann byggt þær, eins og hann vill og haft þau not, sem hann vill af þeim. En jafnframt hefur auðvitað sveitarfjelag Seltjarnarneshrepps gott af jörðunum, þar sem það nýtur opinberra gjalda af þeim, og frá þessu sjónarmiði hefur það ekki mikið við að styðjast að samþykkja frv. Jeg hef ekki heyrt þær ástæður frá formælendum þessa frv., sem hafi getað sannfært mig. Jeg hef heyrt, að Reykjavík þyrfti á þessum jörðum að halda til þess að geta fært út kvíarnar og geta ræktað land með hægu móti; en eins og jeg viðurkenni, að það er í alla staði lofsvert af Reykvíkingum að gjöra tilraunir í þá átt, eins get jeg ekki sjeð, að það hindri þá í nokkurn máta frá jarðabótum í landi þessara jarða, sem um er að ræða, þó að þær sjeu í Seltjarnarneshreppi. Jeg hef heyrt því barið við, að Seltjarnarneshreppur mundi strax leggja hátt gjald á þá, sem gjörðu þessar jarðabætur og fengju arð af þeim, en jeg get ekki sjeð, að það eigi að ráða atkv. Hverskvegna má ekki Seltjarnarneshreppur eins njóta góðs af dugnaði þeirra manna, sem nota land í hreppnum? Það er frv. hjer fyrir deildinni, sem h. 5. kgk. (J. A. Hj.) hefur komið fram með, og þar er skýlaust farið fram á, að menn borgi aukaútsvar, ef menn hafa nokkur afnot af jörðum eða landi í öðrum hreppi; það þykir honum eðlilegt. En það er ekki ástæða til, að taka þessar jarðir, sem hjer er um að ræða, frá Seltjarnarneshreppi, þó að Reykvíkingar kynnu að þurfa að borga útsvör til Seltjarnarneshrepps af jarðabótum þeim, er þeir kunna að gjöra þar. Frá mínu sjónarmiði er því meiri ástæða til að halda í þessar jarðir fyrir Seltjarnarneshrepp, þar sem búast má við, að dugnaður og framtaksemi Reykvíkinga muni koma hreppnum að góðu. En væri samt eitthvað í húfi eða óttast mætti, að sveitarnefndin í Seltjarnarneshreppi mundi leggja meiri gjöld en hófi gegndi á Reykjavíkurbúa, þá væri öðru máli að gegna. En það er ekki svo, heldur að eins hugarburður og getsakir, að hreppsnefndin mundi leggja meira gjald en rjettlátt væri á þá, sem gæfu sig að ræktun lands í hreppnum. Þá fyrst væri ástæða til fyrir Reykvíkinga að fá þessar jarðir, þegar það er bert, að hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi og sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu sýnir þeim órjettlæti og leggur ofhá gjöld á viðkomandi menn. En meðan þetta er

að eins ótti og hugarburður, sem framtíðin á eptir að sanna, þá er engin ástæða til að taka þessar jarðir. Sje það hagur fyrir Reykvíkinga að rækta land þessara jarða, þá sje jeg ekki, að það megi ekki líka vera til hags fyrir Seltjarnarneshrepp. Það kemur opt fyrir, að menn hafa jarðir til ábúðar og afnota í öðrum hreppum og þá er það í alla staði eðlilegt, að þeir hinir sömu gjaldi til sveitar í þeim hrepp, sem jörðin liggur í, og jeg sje ekki neina ástæðu til að gjöra undantekningar í þessu efni, þó að Reykjavík eigi í hlut.

Jeg sje því ekki ástæðu til að gefa frv. atkv. mitt, og það því síður, sem fram hafa komið skýlaus mótmæli hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar. Jeg hygg líka, að í þessu máli hafi verið beitt meiri stífni en hefði þurft að vera. Jeg skil ekki í öðru, en að hreppsnefnd og bæjarstjórn hefðu getað komið sjer betur saman um þetta mál, ef neytt hefði verið meiri lipurðar og tilhliðrunarsemi, og þá hefðu málsaðilar getað komið sjer saman um málið á friðsamlegan og bróðurlegan hátt, og ef samþykki þeirra *beggja* fæst til þessarar breytingar, þá skal jeg hvenær sem er glaður greiða atkv. með málinu.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er ekki neinn talsmaður Reykvíkinga, en get þó ekki verið samdóma h. þm. Ísf. (S. St.) um að fella þetta frv. Þar sem hann vitnaði til sveitarstjórnarlaganna í þessu efni, þá á það alls ekki við þetta mál. Þegar allir málsaðilar koma sjer saman um breyting á hreppum, þá er hún leyfð; en þegar þeir koma sjer ekki saman um það, þá er löggjafarvaldið til þess að skera úr. Það er fráleitt í þessu efni, að löggjafarvaldið hafi bundið sjálft sig.

Af hverju Reykvíkingar vilja ná í þessar tvær jarðir, skal jeg ekki segja; hvort það er af ótta fyrir útsvörum, veit jeg ekki, en í enda ræðu sinnar gat h. þm. Ísf. (S. St.) þess, að kapp mundi hafa átt sjer stað á báðar hliðar og af því að málsaðilar hefðu ekki getað komið sjer saman, þá hefðu þeir orðið að fara með málið til löggjafarvaldsins, og þá er það hinn eini rjetti hlutaðeigandi til að skera úr málinu. Að það geti verið til skaða fyrir Seltjarnarneshrepp, sje jeg ekki. Í þessu frv., er gjört ráð fyrir, að Reykjavíkur lögsagnarumdæmi gjaldi fullt fyrir. Jeg get vel skilið, úr því að þetta kapp er komið í menn, að Reykvíkingar gjöri lítið til að gjöra eign sína arðsama, meðan á þessari þrætu stendur, og væri þeim innanhandar að koma því svo fyrir, að þó að Seltjarnarneshreppur gæti haldið jörðunum í sínu umdæmi, þá yrði það enginn hagur fyrir hann. En jeg get vel hugsað, að þeir gjörðu miklu meira og reyndu, að gjöra eign sína miklu arðsamari, ef hún lægi undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þeir gætu komið þar á fót verksmiðjum og mörgu öðru gagnlegu, sem þeir gjöra ekki, eins og nú er á statt með þessar jarðir, af því að þeir vilja það ekki og það er nóg. Jeg sje ekki betur, en að Reykvíkingar hafi meiri hag af að fá þessar jarðir til sín en Seltjarnarneshreppur óhag við að missa þær og þess vegna gef jeg þessu frv. atkv. mitt.

Sigurður Stefánsson: H. 5. kgk. (J. A. Hj.) gat þess, að frv. þetta gjörði ráð fyrir, að Reykjavík bætti Seltjarnarneshreppi þennan jarðamissi. Jeg skal fúslega játa, að í frv. eru ákvæði um þetta, og það er heldur alls ekki neitt þakklætisvert, heldur öldungis sjálfsagt, að uppbót eða endurgjald komi í staðinn hreppnum til handa af hálfu Reykjavíkur. En mjer virðast þó þessi ákvæði í frv. óljóst orðuð; það er ekki tekið fram, hvort þessi hluttaka af hálfu Reykjavíkur skuli vera að eins einu sinni í eitt skipti fyrir öll eða þá árlega. Jeg gæti vel ímyndað mjer, að það mundi eyða mótspyrnu hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps í þessu máli, ef Reykjavík byðist til að taka árlega tiltölulegan þátt í skyld-

um hreppsins, en aptur á móti eru það engin stór hlunnindi, þótt Reykjavík bjóðist til, að taka upp á sig þessa hlutdeild að eins í eitt skipti fyrir öll; jeg hygg að slíkt muni ekki draga mikið, hvorki Seltjarnarneshrepp nje Reykjavík.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að jeg gæti ekki gefið frv. þessu atkv. mitt, en það er þó ekki svo að skilja, að mjer sje það nokkurt kappsmál, að frv. verði felt. En jeg álít málið mjög varhugavert, og að ekki megi láta það ganga íhugunarlaust og hvatvíslega, því að það getur hæglega dregið dilk eptir sjer; má vel vera að aðrir komi á eptir og heimti samskonar fyrir sig, sem Reykjavík á að fá í frv. þessu. Jeg hygg því, að rjettast væri að setja nefnd til að íhuga frv. við lok þessarar umr. Jeg vil ekki, að frv. verði felt nú þegar, því að jeg hef von um það, að nefnd, sem í því væri sett af greindum og ráðsettum mönnum, mundi ef til vill geta orðið nokkurs konar sáttanefnd, fundið eitthvert ráð til þess að miðla svo málum, að báðir partar gætu orðið sáttir og sammála, og sú stífni og stirðleiki gæti liðkazt, sem hefur því valdið, að frv. þetta er fram komið.

Hallgrímur Sveinsson: H. þm. Ísf. (S. St.) talaði um það í ræðu sinni, að ef frv. þetta yrði samþ. þá gæti það dregið dilk eptir sjer. Út af þessum ummælum skal jeg taka það fram, að það mun með öllu óþarft að bera nokkurn kvíðboga í þessu efni. Hjer stendur svo öldungis sjerstaklega á, að þetta tilfelli getur alls ekki „praejudicerað“ eða haft fyrir fram bindandi áhrif á svona löguð mál, er síðar kynnu fram að koma á þingum. Svona lagað mál getur ekki komið fyrir nema þar sem kaupstaður á í hlut annars vegar og hreppur hins vegar, og það varla á öðrum stað en hjer í Reykjavík; Reykjavík er svo langsterkasti kaupstaður landsins, að hún fremur öðrum kaupstöðum þarfnast lands til notkunar. Það er auðsætt, að þetta mál hefur stórkostlega þýðingu fyrir Reykjavík. Það er og auðsætt, að hagnaðurinn af því er svo langsamlega miklu meiri fyrir Reykjavík heldur en óhagurinn fyrir Seltjarnarneshrepp. Um hvern óhag getur nú eiginlega verið hjer að ræða fyrir hreppinn? Væntanlega engan annan en þann, að hreppurinn missir ofurlitlar tekjur, missir gjald það til hreppsfjelags síns, sem lagt hefur verið árlega á ábúendur þessara jarða. En skoðum nú ábúð þessara jarða um undanfarin ár, ætli hjer sje um mikinn missi að ræða. Kleppur er lítil jörð, og þar hefur búið og býr enn efnalítill bóndi, sem að sönnu ekki hefur verið hrepp sínum til þyngsla, en mun heldur ekki hafa verið honum mjög til stórvægilegrar uppbyggingar. Á Laugarnesi hefur varla verið ábúð hinn síðasta mannsaldur nema með höppum og glöppum. Hreppurinn hefur því ekki getað haft neinar verulegar tekjur af hvorugri þessari jörð nú um langan tíma og eru engar líkur til, að það mundi breytast, þótt hreppurinn fengi að halda jörðum þessum framvegis. Auk þess er tekið fram í 2. gr. frv. þessa, að Reykjavík taki á sig tiltölulegan hluta af byrðum hreppsins fyrir þann hnekki, sem hreppurinn bíður við það að sleppa þessum tveimur jörðum. H. þm. Ísfirðinga (S. St.) var það ekki ljóst, hvort gert væri ráð fyrir í frv., að þessi greiðsla af hálfu Reykjavíkur ætti að innast árlega af hendi eða þá að eins í eitt skipti fyrir öll. Mjer virðist að með því að leggja til grundvallar 5 ára meðaltal skyldnanna til þess að finna út sanngjarnan mælikvarða, eins og frv. gjörir, þá sje með því bert, að þóknun þessi eigi að vera í eitt skipti fyrir öll, því að það var tilgangslaust að taka 5 ára meðaltal, ef um það var að ræða, að Reykjavík skyldi greiða árlegt gjald, sem þá að sjálfsögðu væri breytilegt eptir mismunandi árlegu ástandi hreppsins.

H. 5. kgk. (J. A. Hj.) hefur tekið glöggt og greinilega fram, hvað það eiginlega er, sem hjer er í efni. Það er bersýnilegt, að það er stórkostlegt atriði fyrir Reykjavík, að geta fengið þessar tvær eignarjarðir sínar inn í lögsagnarumdæmi sitt og bæjarfjelag, til þess að geta haft hin fyllstu not þeirra. Það er kunnugt, að jarðabætur fara sívaxandi hjer í Rvíkurlandi, en bæjarlandið er takmarkað að víðáttu, svo að heita má, að það sje lífsspursmál fyrir Rvík, að fá fullkomin yfirráð yfir eigin landi sínu. Að sjálfsögðu hefur Reykjavík fullkominn eignarrjett og þar af leiðandi notkunarrjett jarðanna, en það liggur hverjum einum í augum uppi, hvílík tálmun það er á notarjettinum, að eiga það yfir höfði sjer, að gjöld til annars sveitafjelags verði lögð á áburð og afnot jarðanna, en vita ekki, hver eða hve mikil. Það eru eðlilegar og sanngjarnar kröfur af hverju sveitarfjelagi að vilja uppskera arðinn af þeim fyrirtækjum, sem það sjálft hefur stofnað til, og það mundum vjer og allir vilja, ef vjer værum í sveitarfjelagi Seltjarnarness. En hjer er allt öðru máli að gegna. Hjer er um það að ræða, að uppskera það, sem annar hefur sáð til. Fyrir því er það byggt á gildum rökum, að löggjafarvaldið taki málið til yfirvegunar og skeri úr, þegar málinu er svo farið, að hlutaðeigendur geta ekki orðið á eitt sáttir. Krafa Reykjavíkur virðist eigi vera óeðlileg; N.d. hefur viðurkennt þetta með því að samþ. frv. þetta. Jeg er einnig sannfærður um það, að við skynsamlega og óhlutdræga yfirvegun hlýtur hver maður að sannfærast um, að hjer er um sanngjarnar og eðlilegar kröfur að ræða; hjer er og um það að ræða að gjöra fyrir Reykjavík mögulegt og fýsilegt að auka jarðabætur sínar, sem bæði miðar til gagns fyrir borgarana sjálfa og einnig miðar til almennings heilla. Þær jarðabætur, sem hjer eru gerðar, þær liggja svo öllum til sýnis, er til bæjarins koma, að þær verða mönnum upphvatning og uppörfun til eptirbreytni. Þegar einn eður annar sjer, hvað gjört hefur verið við mýrarnar, holtin og melana hjer í kringum Reykjavík, hugsar hann sem svo: hvað getum við bændurnir gjört við jarðir okkar, við, sem höfum svo langtum frjófsamari jarðveg; ef þessar jarðabætur á svona hrjóstrugum og mögrum jarðvegi geta borið góða vexti, hversu miklu fremur mætti jeg vænta þess, að jarðabætur, sem jeg gjörði á jörðinni minni gætu gefið mjer góða ávexti. Hjer liggur því fyrir svo verulegt velferðarmál, að jeg ber þá vissu von til þ.d., að hún samþ. frv. þetta, hvort sem sett er nefnd í það eða ekki.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð fyrst að taka það fram, að jeg er alveg á sama máli og h. þm. Ísf. (S. St.), að það eigi alls ekki við að svo komnu, að breyta hinum gildandi lögum í þessu efni, sem sje lögunum frá 4. maí 1872, þar sem stendur, að breytingar megi ekki gjöra á hreppaskipun án samþykkis nefnda þeirra, sem hlut eiga að máli. Að gjöra þvílíkar breytingar er heldur ekki samkvæmt stefnu tímans nú. Við höfum nú á hverjum degi til meðferðar frumvörp um að auka völd hjeraðanna, og væri það þá að taka með annari hendinni, sem gefið er með hinni, að fara að gjöra undanþágur frá þessu, enda mundi sú breyting eða undanþága, að mínu áliti, ekki hafa góð eptirköst; jeg álít það siðferðislega skyldu þingsins að ganga sem mest á snið við slíkar óskir, sem þessi fer fram á. Jeg álít það ekki rjett, að löggjafarvaldið skakki leikinn, þegar eins stendur á og hjer, því jeg er sannfærður um, að það getur það ekki án þess að bera annanhvorn hlutaðeigandi ofurliða og kveykja upp með því megnan óánægjueld. Jeg get bezt sett mig inn í þetta með því að skoða mig sem hreppsnefndarmann þeirra Seltjarnarnessmanna, og mundi jeg þá ekki geta álitið rjett af þinginu að sletta sjer

hjer fram í, meðan ekki væri tími til, og hlutaðeigendur hefðu ekki talað sig betur saman í þessu máli, en þeir enn hafa gjört, og ef löggjafarvaldið gjörði það í þetta skipti, mundi það einnig finna ástæðu til að gjöra slíkt hið sama við önnur tækifæri, sem byðust lík þessu. En þetta gæti orðið upphaf mikils elds, eins og jeg áður sagði. Jeg hef talsverða reynslu fyrir mjer, hvernig það gengur til, þegar æðri stjettir hrifsa til sín völdin frá hlutaðeigendum í þeirra eigin málum.

Ef þingið nú sinnti þessari ósk, mundu þeir, sem hærri hlut bæru, færa út kvíarnar og æskja eptir meiru og svo hitt, að aðrir, sem líkt stæði á fyrir, mundu æskja hins sama, og yrði þá þingið að taka óskir þeirra til greina til þess að gjöra þeim ekki kægra undir höfði en hinum og halda þeirri stefnu, sem það hefði tekið. Nú hafa bráðum 4 eða 5 bæir fengið kaupstaðarrjettindi, og mundu þeir þá eins vilja færa út kvíarnar og Reykjavík fer fram á, og hvernig gæti þá þingið snúið aptur á þeirri leið, sem það er byrjað á? Svo mundu sveitirnar koma á eptir og krefjast slíks hins sama og mundi allt þetta leiða til þess, að hlutaðeigendur síður mundu hugsa um að koma sjer saman á skynsamlegan hátt, er þeir hefðu von um, að löggjafarvaldið uppfyllti ósk sína. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.), tók það fram, að hjer stæði nokkuð sjerstakt á, að Reykjavík væri stærri en aðrir bæir, en jeg get ekki fallizt á að taka eigi tillit til þess, nema að því leyti að láta þá þann, sem meiri máttar er, alltaf verða ofan á og ráða meiru. (*Hallgrímur Sveinsson:* Hver segir það?) Úr því svo er að Reykjavík er miklu stærri en hreppur þeirra Framnesmanna, sem jeg veit að er, og ef hjer er sá mesti mannamunur á, sem hægt er að tala um, þá finnst mjer það ekki falleg grundvallarregla að leggjast á lítilmagnann, en rjetta þeim hjálparhönd, sem meira má sín. (*Hallgrímur Sveinsson:* Hver talar um að leggjast á lítilmagnann?) H. 2. kgk. (H. Sv.) talaði um, að skaðinn væri ekki mikill fyrir hreppinn, þótt hann yrði þannig viðskila við þessar 2 jarðir, þar sem svo að segja engin ábúð hefði verið á þeim undanfarin ár, en með því er ekki sagt, að svo verði ávallt; við lifum nú á miklum framfaratíma og er ekki ólíklegt, að Seltjarnarnessmenn, sem búa rjett við Reykjavík og hinar miklu framfarir í búnaði þar, muni feta í fótspor þeirra og fara að bæta jarðir sínar og ganga þannig á eptir þeim í góðri eptirbreytni. Reykjavík vill að vísu taka að sjer að bæta hreppnum þann skaða, sem hann biði við skiptin, og er það ekki nema sanngjarnt og eðlilegt. En spursmál er, hvort hún getur það með því móti, sem farið er fram á í frumvarpinu, því allt breytist eins og við vitum. Vitanlega segja menn, að skipting hreppa verði að fara fram eptir þessum mælikvarða eptir því, hvernig þá á stendur, en það má þó búast við, að annarhvor hafi halla í þessu tilliti, þegar fram í sækir, en þegar allir hlutaðeigendur hafa óskað þess, þá er um ekkert að tala, en það er hætt við að sá, sem fyrir hallanum verður, gjöri sig ekki eins ásáttan, ef skiptin hafa verið keyrð í gegn með valdi og yfirgangi án hans vilja. Slík skipti eru mjög vandasöm, og þótt löggjafarvaldið sje ætíð liður í allri löggjöfinni, mun það ekki ávallt vera kunnugast, hvernig á stendur fyrir hlutaðeigendum þeim, sem það á að dæma milli, og mun því rèttast, að þeir kunnugu gangi á undan og segi sína meiningu. Þegar samkomulag eigi fæst um skipti er það varasamt, að þingið bindi fast, hvernig skipta eigi, heldur er það eðlilegt, að sýslunefndin gangi á undan og segi fyrst sína meiningu en hjer er hún einnig á móti málinu. H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að rjettast væri að Reykjavík fengi að öllu yfirráð yfir jörðum þessum, svo að ekki væru lögð nein bönd á jarðabætur þær, sem

hefðu verið gjörðar þar og kynnu að vera gjörðar þar, því þær miðuðu til landsins heilla, þar sem menn gætu sjeð þær og tekið sjer þær til fyrirmyndar, og játa jeg það svo framarlega, sem því er slegið föstu, að Seltjarnarnessmenn bæti aldrei þessar jarðir. En ekki álít jeg, að þessi landsheill mundi svo mikil, sem óánægjan er af því leiddi, og þar af leiðandi margt miður æskilegt. Reykjavík getur auðvitað gjört allt við þessar jarðir, sem hún vill, þó þær sjeu í Seltjarnarnesshreppi. Það er líka óviðfeldið að gjöra slíka undanþágu nú, þegar síðasta þing samþykkti lög, sem fóru í þá átt að geta lagt útsvar á menn, ef þeir byggju á jörðum í hreppnum, þótt þeir ættu heimili í öðrum hrepp, og nú er einmitt verið að skýra og skerpa þessi lög, og þó er sama daginn verið að berja þetta frumv. fram, einmitt til þess að losa Reykjavík undan þeirri skyldu, sem allir aðrir hafa, er búa á jörðum í öðrum hreppum, nfl. að borga tiltölulega til sveitar við aðra hreppsmenn. *(Hallgrímur Sveinsson:* Þau lög koma að sínum fullu notum fyrir það). Það er að vísu satt, að jarðabæturnar hjer eru miklar og álitlegar, en samt er ekki víst, að allir, sem sjá þær, geti tekið sjer þær til fyrirmyndar, enda væri það heimskulegt, ef menn hugsuðu sjer að kosta eins miklu til þeirra og hjer er gjört, því hjer er allt öðru máli að gegna en víða annarstaðar; hjer eru peningamennirnir safnaðir saman og hjer er markaðurinn mestur. Jeg ber það traust til Seltjarnarnesshrepps, að hann innan skamms feti í fótspor Reykjavíkur, hvað jarðabætur snertir, því hann er næstur til að taka Reykjavík sjer til fyrirmyndar, og hann hefur markaðinn við hendina, eins og Reykjavík, fyrir afurðir þær, sem jarð ræktin gefur af sjer.

Sigurður Stefánsson: Jeg sting upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Sakir óljósrar atkvæðagr. var við haft nafnakall og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Ásmundsson,	Jón A. Hjaltalín,
Guðj. Guðlaugsson,	Þorl. Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Sigurður Stefánsson,	Kristján Jónsson,
Þorkell Bjarnason,	L. E. Sveinbjörnsson,
	Sigurður Jensson.

Nefnd þannig felld með 6 atkv. gegn 5. Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkvæðum gegn 4.

Frumv. til laga um fjárforræði ómyndugra og lögaldur (C. 221); frh. 1. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, gat meiri hluti nefndarinnar ekki fallizt á það, að frumv. það, sem hjer ræðir um, væri til nokkurra verulegra bóta, með því tilskipun 18. febrúar 1847 um fjárforræði ómyndugra sje í heild sinni gott og hentugt lagaboð, og hafi reynzt þeim fullnægjandi, sem áttu að beita því. Við höfum því ráðið h. þingd. til þess að fella frv.; en með því vera kynni, að tilskipun 18. febr. 1847 gæti tekið einhverjum umbótum, leyfum við okkur að koma með tillögu til þingsályktunar í þá átt, að landsstjórnin leiti álits yfirvaldanna um, hverju og hve miklu þurfi að breyta í lögum þessum, og semji svo frumv. þar að lútandi og leggja fyrir þingið. En jeg vil fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar lýsa því yfir, að við munum ekki tárfella, þótt tillaga okkar til þingsályktunar ekki verði samþykkt.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og h. deild getur sjeð á nefndarálitinu, þá hefur nefndin ekki getað orðið sammála og klofnað í tvennt. Ástæður meiri hlutans hafa enn þá ekki getað sannfært mig um, að breytingar þær, er jeg fer fram á, að gjörðar sjeu á hinum núgildandi lögum um fjárforræði ómyndugra, sjeu ekki heppilegar.

Frumv. er alveg nýtt á þingi, en menn mega eigi álíta sögu þess eins þýðingarlitla, eins og hún er stutt. Í nefndina

voru valdir þeir menn, er þingd. átti að geta og gat haft traust til, og sýndi h. framsögumaður meiri hlutans, að það ekki var að ástæðulausu, að hann var kosinn, þar sem hann við 1. umr. ljet sjer svo annt um þetta mál, að hann varaði mig við, að halda fast við þær breytingar, er stjórnin ekki gæti gengið inn á, nfl. um lögaldurinn, og tók jeg þeim bendingum mikið vel. Hingað og ekki lengra náði nú áhuginn, því þegar til nefndarinnar kom varð reyndin önnur. Heila viku þurfti h. meiri hluti til að hugsa sig um, hvort hann ætti að svæfa frumv. eða drepa; jeg get ekki álitið þetta eptirbreytnisvert dæmi, eða hvað skyldu menn segja um slíkt háttalag hjá hjúum, ef þau í heila viku væru að hugsa um, hvort þau skyldu vinna það, er þeim væri boðið, og síðan kæmust að þeirri niðurstöðu, að gjöra ekki neitt, og ef það þykir miður heppilegt af algengum verkamönnum, þá er það þó því síður lofsvert af fulltrúum þjóðarinnar. Ræðu h. framsögumanns meiri hlutans (L. E. Svbj.) skal jeg ekki svara, því hún var hvorki löng nje merkileg. Aðalástæða meiri hlutans til að ráða frá að fallast á frumv. mitt er, að tilskipunin frá 18. febr. 1847 sje góð og gild, en jeg hef áður sýnt fram á galla, er á henni eru, og meðan það ekki er hrakið, þá verð jeg að halda fast við það, er jeg hef sagt. Það er þá fyrst sá galli á henni, að hafa þennan fastákveðna frændsemisrjett, sem svo opt getur og hefur orðið til mikils ógagns fyrir hina ómyndugu. Lögin binda með því hendurnar á yfirvaldinu, svo það ekki getur falið eigur hins ómynduga þeim manni til forráða, er það álítur bezt færan til að gæta þeirra, þegar ættingjar eru á lífi, því þeir hafa rjett til að krefjast þess, að barnið sje falið þeim á hendur, ef engin sjerstök ástæða bannar. Þá er reikningsfærslan. Fjárhaldsmenn ómyndugra eru engan reikning skyldir til að sýna, ef eigur barns þess, er þeir hafa umráð með, ekki nema 20 hundruðum á landsvísu; sýslumaður hefur að sönnu rjett til að heimta reikning, ef honum þykir ástæða til þess, en það er engin skylda. Þetta er engu samkvæmara en því, að telja rjett vera, að halla á þann, sem minni máttar er, en snúast í lið með þeim, sem meira má sín; það er í samræmi við þetta en ekkert annað, að telja þau lög heillaríik, sem reyna að eins að vernda hinn ríka gagnvart órjettindum, en gefa þar á móti óbeinlínis í skyn, að menn megi fara með hinn fátæka, hvernig sem þeim lízt, eða hvernig á að skilja það öðruvísi, þegar lögin segja við yfirfjárráðandann: ef fjárhaldið er 20 hundruð, þá heimtaðu árlega reikning, til þess að geta vitað, hvernig fer um fjeð, en ef það er að eins 19 hundruð, þá máttu gjöra, hvort þú vilt að líta eptir því eða ekki. Þá er það munaðarlaus fátæklingur sem í hlut á, og þarf því ekki að hafa fyrir honum, nema sjerstök atvik gjöri það nauðsynlegt.

Að telja þetta rjettlát lög er varla samboðið neinum skynsömum manni, og því síður sannsýnum.

Jeg hef ennfremur sýnt fram á, að það væri ekki heppilegt ákvæði, að leyfa að geyma lausafje ómyndugra óselt um lengri tíma, og með því, ef til vill, eiga það á hættu, að meira eða minna af því tapist fyrir ýms óhöpp, sem komið geta fyrir.

Þá verð jeg líka að telja það ekki æskilegt, að fje ómyndugra sje lánað út og suður, þó það eigi að vera móti tryggingu, því með þeirri aðferð er mjög erfitt allt eptirlit frá hálfu hins opinbera.

Þó tel jeg öllu hættulegra, ef til vill, að nálega öllum sparisjóðum skuli vera leyft að njóta þeirra hlunninda, að taka á móti ómyndugra fje. Samkvæmt tilskipun 5. jan. 1874 hefur landshöfðingi leyfi til að veita hverjum sparisjóði slík hlunnindi, og það gjörir hann tafarlaust; það er leyft að leggja fleiri þúsund kr. ómyndugrafjár í sjóði, sem áður, ef til vill, hafa ekki

nema 1—2 þús. kr. sem stofnfje. Þeim er þannig leyft, að taka við stórum upphæðum, sem þeim, ef til vill, getur orðið ómögulegt að borga út, ef sá ómyndugi þarfnast fljótlega fyrir að fá hana útborgaða, og ennfremur er það athugavert með smásparisjóði, einkum upp til sveita, að það getur vel komið fyrir, að þeir lifi að eins á 1 eða 2 mönnum, sem hafa stofnað þá, og hafa svo alla reikningsfærslu þeirra á hendi, en þegar þessara manna missir við, sje enginn, sem fær sje um að taka við verkum þeirra, og þá getur svo farið, að allt lendi í óreglu og vanskilum, og það því fremur, sem veltufje þeirra er meira og er það varasamt að hætta þannig fje ómyndugra barna.

Að endingu eru ákvæðin um þóknun til fjárráðamanna einkar ósanngjörn, eins og jeg hef áður tekið fram, þar sem fjárhaldsmaður, sem ef til vill verður að hafa mjög mikið fyrir fjárhaldinu, á alls enga þóknun að fá fyrir starfa sinn, ef sá ómyndugi eyðir sjálfur vöxtunum, en annar, sem aptur á móti þarf ekkert fyrir að hafa, getur fengið töluvert fje fyrir ekkert, Þótt tilskipun þessi kunni að hafa verið góð og gild á sínum tíma, þá er þess að gæta, að hún er orðin svo gömul, að ekki er hægt að búast við, að hún geti átt við þann tíma, er nú er, það því síður, sem kringumstæðurnar hafa í þessum efnum breytzt meira en í flestum öðrum; þá voru t. d. engir sparisjóðir til, og engar stofnanir aðrar en jarðabókarsjóðurinn, sem hægt var að ávaxta ómyndugrafje í. Þótt h. meiri hluti nefndarinnar gefi helzt í skyn, að löggjöfin um fjárforræði ómyndugra sje gallalaus, þá get jeg einmitt fyrir eigin reynslu sagt og sannað, að svo er ekki. Jeg veit til þess, að fje hefur tapazt frá ómyndugu barni, einmitt sökum þess, að lögin voru ekki svo tæmandi og góð, sem þau eiga að vera. Jeg skal gjarnan láta h. deild heyra söguna eins og hún gekk. Sýslumaður gjörir samning við mann um að taka fjárhald 4 ára gamals barns, og nota arf þess því til framfæris, eins og lögin gjöra ráð fyrir. Fjárhaldsmaður tekur við arfinum, sem var lítill jarðarpartur, og selur hann fyrir nokkuð hærra verð en hann var virtur. Þegar barnið svo er komið til lögaldurs, og fjárhaldsmaðurinn er krafinn um reikning fyrir gjörðum sínum, þá fær það reikning yfir úttektina, sem var í þorskhöfðum og fleiru þess konar, og er barnið eptir reikningnum orðið skuldugt, það er að segja, þegar hann var borinn saman við lóðseðilinn, því það sem jarðarhundruðin höfðu selzt við hærra verði vantaði. Jeg hef að gamni mínu reiknað, hvað barnið var nærri búið að tapa á þessu fjárhaldi. Það var fyrst 40—50 kr. af jarðarverðinu sem það fekk nú að mestu aptur, og svo næstum annað eins í rentum, bæði af þessum 40 eða 50 kr., og svo af virðingarverðinu meðan það var að eyðast. Hvað átti sýslumaður nú að gjöra, eða hvað gat hann nú gjört, þegar hann vissi ekkert um þetta? *(Kristján Jónsson:* Heimta reikning). Hann hafði enga skyldu til þess, þar sem ekkert tilefni var fyrir hendi og honum var þetta allt hulið, og fjárhaldið að líkindum gleymt. Hann hafði einu sinni sleppt frá sjer fjárhaldinu og það á löglegan hátt, vissi ekki annað, en fjeð hefði verið brúkað barninu til framfæris, og hafði ekki minnstu ástæðu til að gruna fjárhaldsmann um neitt misjafnt, og það því síður, sem þetta var maður, sem ávallt hafði fullan munninn af mannkærleika og öllu þess konar, enda alveg ósagt, hvort ásetningur hans hafi verið að „snuða“ barn þetta. Einfeldni og þekkingarleysi getur eins vel hafa verið orsök þessa samfara athugaleysi.

Það var að eins af tilviljan, að þetta komst upp, því eigandi fjárins hafði sjálfur ekki minnsta grun um þetta, og bjóst ekki við að eiga neitt eptir óeytt. Það

var annar maður sem rjetti hluta hans, því sjálfur var hann ekki fær um það.

Þetta kom fyrir einungis af því, að fjárhaldsmaður hafði ekki skyldu til að gefa yfirfjárráðanda neina árlega skilagrein, því að hefði svo verið, þá hefði þetta trauðlega komið fyrir.

Tilskipunin 18. febr. 1847 gefur yfirfjárráðendum að eins leyfi til, að heimta árlegan reikning af fjárhaldsmanni, ef fjárhaldið er fyrir neðan 20 hundr., þegar sjerlega „iskyggilegt“ ráðlag fjárhaldsmanns gefur tilefni til þess. Hann þarf helzt að hafa grun á sjer um einhverja óráðvendni, til þess að sýslumaður geti verið þekktur fyrir, að heimta af honum reikning, því það kemur annars fram sem tortryggni gagnvart fjárhaldsmanni. Þótt ástæður hins ómynduga í upphafi sjeu svo, að útlit sje fyrir, að allt fjeð gangi í eyðslueyri, þá geta þær breytzt; hinn ómyndugi getur hætt að þurfa að eyða fje sínu, t. d. barn — sem hefur verið á fullri meðgjöf, þegar arfurinn tilfjell, svo að þá hafi yfirfjárráðandi samið svo um, að fjeð skyldi ganga því til framfæris, — er síðar tekið af einhverjum fyrir ekkert. Þetta er ekki hægt að vita um löngu fyrir, og um þetta er óvíst, að sýslumaður viti nokkurntíma, og líkast að hann gleymi slíku fjárhaldi, sem hann fær aldrei neina skilagrein um, og sem hann hefur ekki búizt við að þurfa neitt að skeyta um framar.

H. framsögumaður (L. E. Svbj.) gat þess þó við byrjun 1. umr., að þótt lög þessi væru allgóð, þá væri þeim ekki vel hlýtt, og hið sama hefur h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagt við mig, og látizt vita til, að svo hafi verið. En er það ekki einmitt opt aðalástæðan hjá oss til að breyta eldri lögum, að þeim er illa hlýtt, og að þess vegna þykir ástæða til að breyta þeim svo, að búast megi við, að þeim verði betur hlýtt framvegis.

Hvernig sem h. þingd. kann að taka í mál þetta, þá vona jeg að hún yfirvegi það vandlega og hugsi sig um, áður en hún felli það. Þótt h. meðnefndarmenn mínir ekki hafi sýnt frv. neina sjerstaka föðurlega umönnun, þá veit jeg þó að þeir og allir hinir h. þingdm. eru svo góðir og ræktarsamir feður barna sinna, að þeim mundi finnast sárt, ef þeir vissu, að þau innan skamms, mundu verða svift öllum sínum vandamönnum, og að þau með þeim efnum, sem þau áttu að hafa sjer til lífsframfærslu, kæmust undir umráð einhverra óþekktra manna, sem ef til vill hefðu hvorki vit nje vilja til að leysa það verk vel og samvizkusamlega af hendi. Og þó þeir, sem hjer sitja, ekki búist við, að þvílíkt komi fyrir þeirra börn, þá er fyrst og fremst ómögulegt, að segja neitt um það með vissu, og svo ættum vjer, sem skynsemi gæddar verur og sem samvizkusamir menn, eins að geta sett oss inn í ástand annara fjarskyldra barna og munaðarleysingja, og ekki sjá eptir oss til þess, að gjöra vorar ítrustu tilraunir, til þess að vernda rjett þeirra, að svo miklu leyti, sem það er mögulegt með lögum.

Jeg ímynda mjer, að hverjum hugsandi og samvizkusömum manni, er alvarlega íhugar þetta mál, ekki finnist ofgjört, þótt nokkrum klukkustundum sje varið til nákvæmar að yfirvega það, og að þeim muni þá finnast heppilegra að rjetta því hjálparhönd með viturlegum bendingum, en að fella það. Þeir munu varla eptir viku umhugsun komast að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að gjöra ekki neitt.

Framsögumaðnr (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg veit ekki, hvort h. deild hefur þótt mikil uppbygging að ræðu h. þm. Strand. (G. G.); mjer þótti það ekki. Hann veitti oss hinum nefndarmönnunum þungar átölur fyrir það, hvað lengi nefndin hefði dregið að ræða málið. En jeg hygg, að við hefðum heldur átt þakkir skilið fyrir, að við notuðum heila viku til að bera saman

þetta ómyndar- frv. hans við eldri lög, heldur en að við eptir einn dag hefðum flanað að því, að segja álit vort um frv. Þess háttar ákúrur og h. þm. kom með, hefur hann hvorki ástæðu nje leyfi til. Það var svo langt frá, að nokkuð í ræðu hans væri til uppbyggingar, að jeg heyrði ekki eitt einasta atriði, sem væri svaravert. Þó að h. þm. hafi sagt, að við höfum ekkert gjört í þessu máli, þá sjer þó h. deild, að við höfum lagt til að skora á stjórnina að taka þetta mál að sjer og jeg sje ekki, hvað er betra en það. Það get skilið, að h. þm. Strand. (G. G.) taki það sárt, að þetta vanburða fóstur hans fái ekki greiðlega fram að ganga.

Sigurður Stefánsson: Jeg játa það fyllilega, að þetta mál er mikið vandamál, og get ekki legið nefndinni á hálsi, hvorki h. meiri hluta eða minni hluta, fyrir afskipti hennar af þessu máli, sem er svo mikilsvert og snertir hin helgustu rjettindi þeirra, sem mega sín minnst í mannfjelaginu. Það er því rjett, að málið sje vandlega athugað. Hjer liggja tveir vegir fyrir hendi. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að stjórninni sje falið málið á hendur, en minni hlutinn, að frv. sje samþ. með viðaukum og breytingum. Jeg játa, að mjer þykir till. minni hlutans tiltækilegri, því að málið á það skilið, að deildin ræði og athugi það sem bezt, og þó að frv. kynni ekki að verða svo úr garði gjört, að stjórnin gæti ráðið til staðfestingar á því, þá er ekki annað en hún leggur það aptur fyrir þingið með þeim breytingum, sem henni þykja nauðsynlegar. Hygg jeg því, að tilgangi meiri hlutans verði eins náð með þessu móti eins og að fara þingsályktunarveginn. Með þessari aðferð er athygli hennar á þessu máli eins vel vakin, eins og með þingsályktun. Þess vegna verð jeg að greiða atkv. með frv. til 2. umr. og styðja að því, að það nái fram að ganga, án þess, að mjer komi til hugar að lá h. meiri hluta afskipti hans af málinu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil leyfa mjer að spyrja háttv. framsögumann (L. E. Sv.): Hvar sjest það, að h. meiri hlutinn hafi íhugað frv. þetta og þetta mál í heild sinni rækilega? Nefndarálit hans ber það alls ekki með sjer og heldur ekki hefur það komið í ljós af ræðum h. framsögum. (L. E. Sv.), og jeg býst heldur ekki við, að ræður hans framvegis muni sýna það. Til þess að geta sagzt hafa íhugað það rækilega þurfti að gjöra samanburð á ákvæðum frv. og tilskipuninni, á kostum beggja og ókostum. Jeg veit ekki til þess, að neinum verulegum atriðum sje sleppt úr í frv. og að það sje svo mikil ástæða til að kalla frv. þetta „ómyndar- frv.“ eins og h. þm. (L. E. Sv.) komst að orði. Meiri hlutinn bendir á það, að það sje varúðarvert að afnema dönsku laga 3. bók 17. kap. Það er nú að vísu svo, að gjört er ráð fyrir því í frv., en þó að jeg yrði að semja álit mitt áður þó jeg væri í minni hluta, af því jeg sá að álit meiri hlutans mundi annars aldrei koma, tók jeg samt upp í álit mitt till. um að gjöra breyt. á þessu, þannig að eigi skuli nema úr gildi nema 1—13 gr. af d. l. 3. b. 17. kap. Þessi breyt.till. mín var meiri hlutanum kunnug, þegar hann samdi sitt álit, svo að mjer finnst þessi aðfinning hans vera að eins högg slegið út í vindinn og sanna, að hann hafi ekki íhugað málið rækilega. Það þýddi ekkert, að koma fram með þessa aðfinningu við frv., úr því að það var augljóst, að jeg lagði til að þessu yrði breytt. Það var því á valdi þingd., að gefa atkv. um þetta, og ef hún hefði ekki samþ. breyt.till. þá var það henni að kenna en ekki mjer.

H. þm. Ísf. (S. St.) sýndi ljóslega fram á það, að mál þetta vekur fullt eins vel athugun stjórnarinnar, ef það kemur til hennar í frv.-formi, eins og ef það kæmi

í þingsál. formi. Þá fær stjórnin tækifæri til að sjá og yfirvega, hverjar þær breyt. eru, sem þingið álítur nauðsynlegastar, svo að það er frá minu sjónarmiði heppilegra, að málið komi frá þinginu í frv., heldur en sem þingsál. Því er líka komið svo fyrir í þingsál. meiri hlutans, að stjórnin á „að leita álits yfirvalda þeirra, sem hlut eiga að máli". Jeg hygg að yfirvöldin hafi ekki opt og tíðum betri þekkingu á, hvað gjöra þarf í þessu máli, og á þessu þingi er einmitt dæmi þess. Það eru einmitt miklar líkur til þess, að stjórnin mundi helzt bera þetta mál undir álit amtmannsins í Suður- og Vesturamtinu og máske einnig háyfirdómarans. En jeg ber ekki það traust til þessara yfirvalda, að þeir muni undirbúa þetta mál, eins og nauðsyn krefur; það er ekki svo að skilja að mjer detti í hug, að þeir breyti á móti betri vitund, en jeg er sannfærður um, að þeir vita ekki, hver þörfin er. Þó að jeg beri fullt traust til stjórnarinnar, þá get jeg ekki ætlað, að þessi aðferð, sem farið er fram á að viðhafa í þingsál. geti orðið þessu máli til góðs og greiðs framgangs.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Frv. til laga um afnám kóngsbænadagsins sem helgidags (C. 236); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um meðferð á líkum (C. 209); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. ein umr.

Frv. til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi (C. 248); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkv.greiðslu og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	J. A. Hjaltalín,
Einar Ásmundsson,	Kr. Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Gutt. Vigfússon,	Þorkell Bjarnason.
Hallgr. Sveinsson	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson.	

Tuttugasti og þriðji fundur, laugardag 29. júlí. Allir á fundi nema 1. kgk. þm. (L. E. Svbj.), sem hafði tilkynnt forföll.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 260, 266); 3. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg vona, að breyt.till. okkar sje svo úr garði gjörð, að allir hlutaðeigendur geti unað vel við. Það sem breyt.till. fer fram á er, að útgefandi Fornbrjefasafnsins fái 600 kr. útborgaðar þegar handritið, er ætla má að nemi 24 prentuðum örkum, er albúið til prentunar, í stað þess, að hann eptir frv. eigi fjekk þær útborgaðar, fyrr en hann hafði látið handritið af hendi. Munurinn er því sá, að honum verður ekki synjað um að hafa handritið hjá sjer, ef breyt.till. kemst að. Það er sjeð fyrir, að enginn vafi geti leikið á, hver hafi eignarrjettinn, því að í breyt.till. stendur, að honum skuli skylt að láta það af hendi jafnskjótt, sem þess þurfi til prentunar.

Bókmenntafjelagið hefur ákveðið, að gefa að eins út 12 prentaðar arkir á ári af Fornbrjefasafninu; það líða því tvö ár áður allt það er komið út, er hann hefur safnað, og getur hann iðulega þurft á því að halda til að bera saman við þau fornbrjef, er hann safnar til; þegar honum, eins og jeg áður hef sýnt fram á, er skylt að láta af hendi handritið, þegar þess þarf með, þá er þetta engin hætta, heldur að eins tillátsemi. Jeg hef einnig heyrt, að handritið ætti að geymast upp á ein-

hverju lopti. er bókmenntafjelagið hefur leigt til að geyma handrit sín í, þar sem ómögulegt er að sitja sakir kulda. Fyrir vísindamanninn er hver stundin dýrmæt, og ekki sízt þegar svo er ástatt eins og hjer er, að hann þarf að lifa af starfa sínum. Jeg vona því, að h. þingd. sjái, að þetta er að eins lítil tilhliðrunarsemi, sem engin hætta er samfara.

Guðjón Guðlaugsson: Það er að eins lítil athugasemd við fjáraukalögin 1892—93, er jeg ætla að leyfa mjer að gjöra. Mjer finnst nfl. mönnum hafa gleymzt að athuga að lítinn viðauka vantar, er hefði átt að vera við þetta fjáraukalagafrv. Samkvæmt fjárlögum 1892—1893 á Páll sögukennari Melsteð að hafa í laun sem kennari við latínuskólann 1800 kr. hvort árið, en samkvæmt lögum um eptirlaun handa hinum sama manni, er samþykkt voru fyrir skömmu af þinginu, þá ber honum að fá 1800 kr. í eptirlaun frá 1. okt. 1893. Hann kemur því eptir því sem mjer skilst til að hafa tvöföld laun í 3 mánuði, og veit jeg þó að það hvorki hefur verið meining þings nje stjórnar, heldur að eins orðið af athugaleysi. Mjer hefði því fundizt vel hlýða, að einhver ákvæði hefðu komið, er breyttu þessu. Vitanlega er of seint að koma nú fram með breyt.till. nema því að eins að málið yrði tekið út af dagskrá, eða þá h. Nd. gjörði einhverja breyt. í þessa átt. Mjer hefði sem sagt þótt viðkunnanlegra, að einhver ákvæði hefðu komið fram þetta áhrærandi.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. Strand. (G. G.) skal jeg leyfa mjer að geta þess, að þetta sama einmitt kom til tals í h. Nd. og gat jeg þess þá, að óhætt væri að hafa það traust til stjórnarinnar, að hún ekki mundi borga sama manninum bæði laun og eptirlaun. Það er auðvitað, að ef Páll Melsteð fær lausn frá sýslun sinni frá 1. okt. næstk. og eptirlaunin verða samþ., sem jeg vona, þá verða honfrá 1. okt. 1893 að eins borguð út eptirlaun, enda eru launin veitt honum í fjárlögunum, „sem kennara í sögu“, en undir eins og hann fær lausn, er hann ekki lengur kennari í sögu. Jeg mundi því álíta öldungis ófyrirgefanlegt, ef stjórnin ljeti borga honum bæði laun og eptirlaun, og það væri ekki einungis hið mesta gjörræði, heldur beinlínis rangt. H. þm. Strand. (G. G.) getur því verið rólegur fyrir því, að Páli sögukennara Melsteð ekki mun verða borgað meira en honum ber.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg læt mjer fullkomlega nægja yfirlýsing hæstv. landsh. og jeg var heldur ekki hræddur um, að stjórnin mundi borga út þessi laun nema vera kynni af athugaleysi, en mjer þótti þetta ekki formlegt, og vildi því koma með þennan viðauka. Jeg hef að sönnu eigi sjálfur heyrt á umr. um þetta mál í h. Nd., en einn h. þm. úr þeirri deild sagði mjer, að hæstv. landsh. hefði sjálfur helzt verið á því að koma líkum viðauka að, og hugði jeg þetta hafa gleymzt mönnum, og vildi því að eins vekja athygli á því. Það var sem sagt ekki af því, að mjer þætti neitt hætt við, að stjórnin mundi borga þessi tvöföldu laun, að jeg fór að vekja umr. um þetta, heldur að eins af því mjer þótti það óformlegt.

Landshöfðingi: H. þm. Strand. (G. G.) hefur ekki verið skýrt allskostar rjett frá umr. mínum í Nd. Það sem talið kom út af var, að einn h. þm. ljet í ljósi efa um að eptirlaunin yrðu formlega borguð út, fyr en frá 1. jan. 1893, og því væri rjettara að taka launin fyrir okt. - des. þ. árs upp í fjáraukalögin fyrir 1892—93, og gat jeg þess þá, að ekki gæti átt vel við, að taka fjárveitingu þessa upp í fjáraukalögin fyr en hún væri samþ. af þinginu, en sagði ef menn endilega vildu það formsins vegna, þá mætti taka þessi ársfjórðungslaun upp á fjáraukalögin, er frv. hefði

náð staðfestingu en fyr ekki. En að nokkur hætta væri á, að launin yrðu borguð tvívegis kom ekki til tals.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 266) var samþ. með 7 samhlj. atkv.; frv samþ. í e. hlj. og sent aptur til Nd.

Frv til laga um dagpeninga og þingfararkaup alþingismanna (C. 197, 246, 263); 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer finnst, að hjer liggi næst að spyrja, af hverju frv. þetta sje komið inn á þingið, og hvers vegna þetta sje ítrekað svona hvað eptir annað, og allir vita, að þá liggur beinast við að svara því á þá leið, að það sje af því, að allmargir út um landið æski eptir því. En hversvegna óska þá landsmenn eptir, að ferðakostnaður þm. sje fastákveðinn? Það hlýtur að vera af því, að þeir ekki bera traust til þess, að þeir gefi rjetta reikninga og það vantraust þeirra getur ekki átt rót sína að rekja til annars, en að landsmenn hafa rekið sig á það, að sumir þm. hafa gefið hærri reikninga en góðu hófi gegndi. En þá er að spyrja, hvers vegna landsmenn treysta okkur til, að semja föst lög fyrir þá að fara eptir, en treysta okkur ekki til þess að semja rjettláta og sanngjarna reikninga fyrir ferðakostnaði okkar, og þeirri spurningu ímynda jeg mjer, að hvorki jeg eða nokkur annar geti svarað. Ef mjer er ekki treyst til þess að gjöra rjettlátan reikning fyrir ferðakostnaði mínum eitt ár, hvernig í dauðanum væri mjer þá treystandi til, að fastákveða ferðakostnaðinn fyrir mörg komandi ár, svo að hann yrði rjettlátur.

Það er vitanlegt, að þessar óskir eru komnar fram hjá landsmönnum, af því þeim hafa fundizt reikningarnir of háir, en þeir þurfa ekki að hugsa til þess, að byrðin verði ljettari á landinu við að fastákveða þingfararkaupið, heldur miklu fremur þyngri. Það getur ekki verið meiningin, að fastákveða ferðakostnaðinn svo, að það geti komið órjettlátlega niður á einstökum þingmönnum; en úr því menn nú vilja hliðra til við kjósendur sína, sem ekki er neinum láandi, því það er aldrei nema rjett, að reyna til þess, að verða við óskum þjóðarinnar, en þá verður að athuga það nákvæmlega, hvað það er, sem hún óskar, og hvað það er, sem maður getur gjört fyrir hana, því það er miklu drengilegra að segja nei, heldur en að segja já við því, og ganga svo í allt aðra stefnu, en landsmenn byggja óskir sínar á, því slíkt mundi verða þeim hefndargjöf, og ekki gjöra þá til lengdar ánægða. Nokkuð er víst, að eptir þessu frumv. er ómögulegt að komast hjá því, að það verði eigi halli fyrir landssjóð. Vilji menn því verða við ósk landsmanna og jafnframt komast hjá því, að hafa ranglega fje af landssjóði, þá verða menn að synda milli skers og báru; en jeg skal játa, að það er vandasamt og naumast á færi þingsins, að gjöra þetta svo úr garði, að allt fari vel. Mestur skakkinn við fastákveðinn ferðakostnað hlýtur að koma þar fram, sem bæði verður farið sjóveg og landveg. Það getur ekki átt sjer stað að rjettlátt sje, að setja kostnaðinn ávallt jafnan fyrir þann, sem getur farið bæði sjóveg og landveg, og ósamkvæmnin í því verður að líkindum miklu meiri í framtíðinni, því maður hefur ástæðu til að vona, að samgöngur fari batnandi hjá oss, eða verði að minnsta kosti heldur betri en verri eptirleiðis en að undanförnu.

Jeg hef borið það saman, hvað landssjóður mundi hafa grætt við það eða tapað, ef samskonar frumv. hefði orðið að lögum 1881, og sett upp 2 dálka, annan fyrir ábatann en hinn fyrir tap, en jeg hef ekki getað orðið svo heppinn að fá annað í ábatadálkinn en púnkta, en aptur á móti hef jeg fengið tölur í skaðadálkinn, og þær ekki svo lágar.

Jeg ætla þá að láta h. deildarmenn

heyra yfirlit yfir ferðakostnað þingmanna frá 1881 til 1891.

Ár.	Samkv. reikn.	Fastákv.	Skaði.	Ábati.
1881	3,380	4,290	910	„
1883	3,052	3,800	748	„
1885	2,887	4,190	1,303	„
1886	3,602	4,840	1,238	„
1887	4,158	4,770	612	„
1889	4,596	4,660	64	„
1891	5,171	5,480	309	„
			5,184	„

Skaðinn á þessu tímabili er þá meiri en ferðakostnaðurinn nokkurntíma á sama tímabili, og nærri helmingi meiri en minnsti kostnaðurinn; en þó get jeg ekki sagt, að tölurnar í frumv. þessu sjeu ósanngjarnar, að því leyti, sem þær eru miðaðar við landferðir; en misfellurnar, sem koma fram við fastákveðinn ferðakostnað stafa að mestu af sjóferðunum, sem þó hingað til hafa opt verið í ólagi, en munu að vonum batna þegar frá líður.

Árið 1881 hefði þingm. úr Múlasýslum getað stungið í vasa sinn 235 kr. fyrir ekkert, ef slík lög hefðu verið til, þar sem hann að eins reiknar sjer 135 kr. í stað 370, eptir frumv. Sama ár gat þingm. úr Eyjafirði stungið á sig 124 kr. og annar þm. úr Stykkishólmi 186 kr. Árið 1883 gat þm. úr Húnavatnssýslu stungið í vasa sinn 116 kr., þm. úr Stykkishólmi 90 kr. og einn frá Akureyri 140 kr.

Við Snæfellsnessýslu kemur fram mestur mismunurinn, því þar sem þm. þaðan geta ferðast sjóveg fyrir 27 kr. hvor, samkvæmt ferðakostnaðarreikningum þeirra 1881, eru þeim ætlaðar 120 kr. Þegar menn hafa farið sjóleiðis til og frá Stykkishólmi á þing, hafa menn fengið $^4/_5$ þingfararkaupsins fyrir ekki neitt. $^4/_5$ verða löghelguð gjöf en að eins $^1/_5$ endurgjald. Menn mega heldur ekki ganga út frá því sem sjálfsögðu, að ekki verði fleiri þingm. úr hverju kjördæmi, en þar á að kjósa, t. d. 1 úr Snæfellsnessýslu og 2 úr Ísafjarðarsýslu, þeir geta allt eins orðið 4, 5 eða jafnvel fleiri úr hverjum staðnum, Stykkishólmi og Ísafirði, og þá fer nú heldur að verða halli fyrir landssjóð að lögum þessum. Hefðu 4 þm. farið úr Múlasýslum 1881, eins og t. d. nú, þá hefðu þeir allir til samans getað stungið í vasa sinn 940 kr. á einu ári. Jeg veit, að það er ekki ósk landsmanna, að fá þau ákvæði í þessu atriði, sem leiddu til þess, að þingmenn gætu fengið svo og svo mikinn hluta af ferðakostnaðinum fyrir ekkert, og væri það þá sannkölluð hefndargjöf að gefa þeim þvílík lög, eða sama sem að gefa þeim steina fyrir brauð. Jeg veit vilja kjósenda minna í þessu efni og mjer finnst það ekki úr vegi, að koma með þær breytingar, er í einhverju samsvara óskum þeirra, en jeg vil ekki gabba þá með því, að gefa þeim lögum atkvæði mitt, sem gjörsamlega stríða móti tilgangi þeirra og vilja. Jeg hef því komið fram með breyt.till. þessar, og eru þar 2 taxtarnir, annar fyrir sjóferðir en hinn fyrir landferðir, þó náttúrlega að eins þar, sem sjóferðum verður við komið.

Jeg skal ekki segja um, hvort tölurnar muni allar rjettar, og jeg get ekki forsvarað þær, því jeg þekki ekki svo vel til alstaðar, en hver einn er kunnugastur hjá sjer, og gætu menn þá komið sjer saman um breytingar á þeim eptir ástæðum, en jeg vildi að eins koma þessu „principi“ að, því það er þó eini vegurinn til þess að geta orðið við ósk landsmanna, án þess stórkostlega að skaka af landssjóði, og því mun jeg gefa frumv. atkv. mitt, ef breyt.till. komast að, en annars ekki.

Jeg hef ekki fleira að segja að þessu sinni, en mun svara þeim athugasemdum, sem kunna að koma við breytingartill. mínar.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugas. Við 1. umr. þessa máls, vakti jeg máls á því, að ósamkvæmni væri milli þessa frumv.

og frumv. þess, sem nú hefur verið samþ. við 3. umr. hjer, kosningarlagafrumv. Í kosningarlagafrumv. stendur, ef mig minnir rjett, með berum orðum, að þingmenn eigi að fá ferðakostnað endurgoldinn eptir reikningi. En ef svo frumv. kemur frá þinginu, sem ákveður, að ferðakostnaður þingm. skuli endurgoldinn eptir reikningi, og annað frumv. verður líka samþ., sem segir, að ferðakostnaðurinn sje ákveðinn með tölum, þá sje jeg ekki betur, en að hjer sje ósamkvæmni milli frumv., svo að þau geti ekki samrýmzt.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Með tilliti til þeirrar breyt.till., sem við tveir þingm. höfum komið með, þá finnst mjer að hún ráði bót á því, að frv. þau, sem hæstv. landsh. taldi vera ósamkvæmni milli, rækjust á. Jeg hygg heldur ekki, eins og tekið var fram við 1. umr. þessa máls, að „eptir reikningi“ þýði „eptir sundurliðuðum reikningi“, heldur geti það eins vel skilizt, eptir reikningi fyrir upphæð, sem hjer er tekin fram í frumv. Hvað breyt.till. h. þm. Strandam. (G. G.) viðvíkur, þá vildi jeg spyrja um eitt, hvort hann ætlist til, af því að dagpeningar standa í fyrirsögninni, að þeir sjeu taldir með í upphæðinni; ef það er ekki, þá er ekki rjett, að þeir standi þar, og það er mikil spurning, hvort upphæðirnar eru þá nægilegar, ef dagpeningar eru reiknaðir með fyrir þá daga, sem þeir eru að fara til og frá.

Það hefur komið fyr fram á þingi, að menn hafa viljað gæta tvennskonar stigs, er ákveða hefur átt þingfararkaup, og taka tillit til, hvort farið er sjóveg eða landveg. Auðvitað er á því talsverður munur, hver leiðin er farin, en ekki fannst mönnum gott að koma því vel saman. Upphæðirnar, sem hið upprunalega frumv. ákveður, eru byggðar á, að stundum sje farið landveg og stundum sjóveg. Ef einungis væri ætlazt til að farið væri landveg, þá væru upphæðirnar margar of lágar. Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið, fyr en jeg heyri, hvort h. þm. ætlast til, að dagpeningarnir sjeu taldir með.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal að eins leyfa mjer að benda á eitt atriði í ræðu h. þm. Strandam. (G. G.), sem ekki var alveg rjett, þó að svo kunni að virðast. Hann var að tala um þann ábata, sem þingm. gætu haft á því að fara með strandferðaskipunum, ef þeir fengju ferðakostnað ákveðinn eptir frumv. okkar flutningsmanna, og sagði, að svo og svo miklu fje gætu þingmenn þá stungið í vasann. Hann tók til þingmann úr Múlasýslu í þessu efni, en jeg hygg, að það sje heldur laust athugað, að hjer sje að ræða um fje, sem stungið sje í vasa. Það er að vísu satt, að með strandferðaskipinu er hægt að ferðast úr Múlasýslu fyrir 140 kr., hvað fargjald snertir, en auk þess kostar fæði 5—6 kr. á dag. Á þessu er mjög mikill munur, þegar farið er landveg, því að þá eyðir þingm. ekki, eða þarf ekki að eyða, nema litlum hluta af dagpeningum sínum fyrir fæði, auk fararkostnaðarins, sem ætíð fæst endurgoldinn. Af þessu er ljóst, að ekki verður með rjettu sagt, að þingm. stingi öllum mismuninum í vasann, þar sem hann auk fargjaldsins verður að borga út mest alla dagpeninga sína.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal fyrst svara spurning h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.), hvort í breyt.till. minni væru dagpeningar fólgnir í upphæðunum. Jeg get svarað því með fáum orðum: það er að eins ætlazt til, að í þeim sje fólginn ferðakostnaður, enda sýnist mjer það vera augljóst öllum, þar sem stendur í 1. gr. frumv.: „borgun fyrir ferðakostnað, sem hjer greinir“. Jeg held, að öllum muni skiljast það, að hjer er að eins átt við ferðakostnað, þegar líka sagt er áður, að þeir fái 6 kr. í dagpeninga fyrir hvern dag, sem þeir eru á ferðinni frá eða til alþingis.

Jeg skal játa, að jeg skildi ekki ræðu

h. sessunautar míns h. þm. S.-Múl. (G. V.) Jeg gat ekki sjeð, hvað var athugavert við það dæmi, sem jeg tók. En jeg ímynda mjer, að ef hann skoðaði ferðakostnaðarreikninga þingmanns úr Múlasýslu á undanfarandi þingum, þá mundi hann geta skilið, að þingmaður úr þeirri sýslu gæti stungið 235 kr. í vasa sinn, ef þingfararkaup er fast ákveðið eptir landferð, en farið er sjóveg. Jeg get ekki ímyndað mjer, að þingm. hafi verið svo samvizkusamir við landssjóð eða samvizkulausir við sjálfa sig, að þeir hafi reiknað af sjer svo tugum skiptir. Þá væri ástæða landsmanna horfin til að óska fastákveðins þingfararkaups, ef þingmenn settu svo lítið upp, að þeir gjörðu sjer skaða með því. — Það sýnist þýðingarlítið að vera að mótmæla því, að það sje skaði fyrir landssjóð að borga út 120 kr. í staðinn fyrir 27 kr. eða 370 kr. í staðinn fyrir 135 kr. Þeir, sem ekki skilja þetta, skilja að minnsta kosti ekki mikið í reikningi.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal ekki fara neitt að verja það, hvor okkar þm. Strandamanna er betri í reikningi, en það get jeg varið, að það er ekki rjett, að þm. stingi þessu fje í sinn vasa. H. þm. Strand. (G. G.) sagðist ekki skilja í, að þm. gjörðu sjer skaða og settu reikninga sína of lága. En þetta hljóta þeir að gjöra, þegar með skipum er farið, af því þeir eru neyddir til að eyða eða jeta upp mest alla dagpeninga sína — jeg segi fyrir mína reynslu — þá eyða menn ekki 5 kr. í fæðispeninga á dag. Jeg veit ekki betur, en að reikningarnir sjeu svo gjörðir, að að eins sje borgaður kostnaðurinn við ferðina, en ekki fæði. Þegar ferðast er á landi, þá er fæði, sem menn borga á dag, mest 2 kr., en með strandferðaskipunum 5 kr. og er þá 3 kr. dýrara að ferðast með strandferðaskipunum og skaðast þá þingm. um þær krónur.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Mjer þótti gott að fá þær upplýsingar hjá h. þm. Strand. (G. G.), að eigi væru fólgnir dagpeningar þingm. í tölum þeim, er hann stingur upp á í breyt.till. sínum. En samt sem áður er ýmislegt að athuga við þessar breyt.till. h. þm. Strand. (G. G.); þannig eru t. a. m. mjög óglögg ákvæði þessarar nýju gr. sem gjört er ráð fyrir að bætist inn aptan við 1. gr. Það er sagt í gr.: „Þingm. fær ferðakostnaðinn borgaðan fyrir sjóferð, eins og hann hefði verið búsettur í þeirri sýslu, sem sjóferðin byrjaði, en fyrir landferðina jafna upphæð því, sem landferðakostnaðurinn er meiri eptir lögum þessum úr sýslu þeirri, sem þm. er búsettur í, en þeirri, sem sjóferðin byrjaði í". En þetta dugar ekki í öllum tilfellum, t. a. m. þar sem landferðin er innan sýslu, ekki út fyrir endamörk sýslunnar og sjóferðin byrjar því einnig frá sömu sýslu. Tökum dæmi af Mýrasýslu, að þm. sje búsettur uppi á Gilsbakka og fari þaðan landveg niður í Borgarnes, en sjóveg þaðan til Reykjavíkur. Þegar svona kemur fyrir er ómögulegt að heimfæra eða miða við ákvæði þessarar nýju gr. um tvöfalt eða tvenns konar reikning á þingfararkaupinu.

Að svo mæltu skal jeg engum ónytjuorðum eyða að þessu frv. en læt h. þingd. greiða atkv. sitt, eins og henni bezt þykir. Jeg hef ekki svo mikið gaman af að heyra sjálfan mig tala.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 246) samþ. með 9 atkv.; 1. br. (C. 263) þar með fallin; 2. breyt. (C. 263) felld með 6 : 2 atkv.; 3. breyt. (C. 263) þar með fallin.; 2. breyt. (C. 246) samþ. með 8 atkv.; 3. breyt. (C. 246) samþ. með 8 atkv. 1. gr. þannig breytt samþ. með 6 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Guðj. Guðlaugsson,
Þorl. Jónsson,	Hallgr. Sveinsson,
Einar Ásmundsson,	Kristján Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Sigurður Stefánsson,

Já: *Nei:*
Sigurður Jensson,
Þorkell Bjarnason.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 3 atkv.

Frv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna o. s. frv. (C. 228, 231, 242, 253, 267); 3. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Jeg hef fátt eitt að segja um frv. þetta, því að það liggur nú hjer fyrir eins og það var samþ, við 2. umr. Þær breyt.-till. sem nú liggja fyrir eru nauðsynleg afleiðing af því, hvernig þá fjellu atkv. h. þdm. um greinir frv.

Fyrsta breyt.till. er á þingskj. 231 og er hún við 3. gr. 2. málslið. Þessi breyt. er gjörð eptir bending hæstv. landsh. við 2. umr. Þetta er að eins orðabreyting, breyting á orðaröð greinarinnar, en sem betur fer að haga svo sem stungið er upp á. Jeg vona, að h. þd. geti ekki blandazt hugur um að samþ. hana. Á þingskj. 242 er viðaukatill. frá hæstv. landsh. Á henni mun standa svo, að gleymzt hefur, þá er frv. var samið, að setja inn í það þessi ákvæði, og fyrir því er öldungis sjálfsagt að fallast á þessa viðaukatill.

Nefndin hefur komið með breyt.till. á þingskj. 267 og eru þær bein afleiðing af atkvæðagr. um frv. við 2. umr. Þó að jeg sje ekki samþ. breytingum þeim, sem frv. fjekk við 2. umr. eru þó breyt.till. þessar frá nefndinni allri í heild sinni, því að þær eru nauðsynlegar úr því, að frv. var breytt á þennan hátt á annað borð.

Fyrsta br.till. er aðeins orðabreyt.; við 2. breyt.till. skal jeg geta þess, að fallið hefur burt orðið „og“ í prentuninni, sem væntanlega má leiðrjetta við hreinprentun frv., eins og það verður nú samþ. við þessa 3. umr. 3. og 4. breyt.till. eru einnig afleiðing af því, að 4. og 5. gr. voru felldar úr frv. stjórnarinnar.

Breyt.till. á þingskj. 253. er gjörð eptir bending hæstv. landsh. við 2. umr. frv. Úr því að felld er burt greinin um dagpeninga sýslumanna og bæjarfógeta í sakamálum, án þess að numin væru úr lögum þau ákvæði, er veita þessa dagpeninga, var nauðsynlegt að orða þessa grein, eins og gjört er á þingskj. 253. Það virðist því liggja beint fyrir, að samþ. verði allar þessar breyt.till. og væntir nefndin þess, svo að h. Nd. fái frv. til íhugunar.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að vekja athygli h. þdm. á því, að viðaukatill. mín á þingskj. 242 er að öllu leyti samkvæm lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn, bæði að því er snertir upphæð dagpeninga og ferðakostnaðar fyrir valdsmann, er þarf að takast ferð á hendur til að framkvæma það starf sem hjer er um að ræða. Jeg hef og stungið upp á samskonar viðaukatill. við frv. um aukatekjur, er renna í landssjóð með því að láðzt hefur eptir að taka þessi atriði inn, þá er bæði þessi frv. voru samin; en úr því að safnað er saman í bæði þessi frv. öllum þeim gjöldum, sem nefnd hafa verið aukatekjur hingað til, er nauðsynlegt að þau gjöld, sem hjer ræðir um sjeu einnig tilgreind í þeim.

ATKVÆÐAGR. Breyt.till. (C. 231) samþ. í e. hlj.; 1. br.till. nefndarinnar (C. 267) samþ. í e. hlj.; 2.—3. br. n. (C. 267) samþ. í e. hlj.; 4. br. n. (C. 267) samþ. án. atkvæðagr.; br.till. (C. 242) samþ. í e. hlj.; br.till. (C. 253) samþ. í e. hlj. Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt því næst til Nd.

Frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 212); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Meginhluti frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 249); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og mönnum er kunnugt um, þá er frv. þetta lagt fyrir þingið af stjórninni. H. Nd. hefur haft það til meðferðar og gjört á því eigi óverulegar breytingar. Með því frv. þetta hefur svo mörg mikilsvarðandi ákvæði inni að halda virðist mjer vel til fallið að setja nefnd í málið, svo að mönnum gefist tími til að átta sig á í hvaða sambandi það standi við hin núgildandi lög, og hversu mikla rjettarbót það geti haft í för með sjer. Þar eð jeg býst við, að umræður muni spinnast um málið, þá vil jeg leyfa mjer að áskilja mjer rjett til að stinga upp á nefnd áður umræðunni verði lokið.

Hallgrímur Sveinsson: Með því ekki lítur út fyrir, að nokkur h. þdm. ætli að taka til máls, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 7 samhlj. atkv., og í hana kosnir:

Hallgrímur Sveinsson með 7 atkv.
Guðjón Guðlaugsson — 7 —
Einar Ásmundsson — 5 —

Tuttugasti og fjórði fundur, mánudag 31. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda o. fl. (C. 48, 174); 2. umr.

Framsögumaður (*Þorleifur Jónsson*): Jeg skal leyfa mjer nú þegar að benda á tvær prentvillur, er komizt hafa inn í frv. Í upphafi 3. gr. stendur 2. gr. en á að vera 3. gr.; í 1. línu sömu gr. stendur einnig sáttanefnda, en á að vera sáttanefndar. Í br.till. nefndarinnar (C. 174) stafl. 11. við 5. gr. stendur: „en“ kveða skal upp úrskurð eða gjörð; en á að vera: „er“ kveða skal upp o. s. frv. Við 31. tölulið á nefndarálitinu skal jeg geta þess, að á eptir „Í málum þeim ... b. Málsfærslan“ hefur orðið „skal“ fallið úr Aðrar prentvillur held jeg sjeu leiðrjettar í br.till. okkar.

Jeg gat þess við 1. umr. málsins, hversu örðugt og kostnaðarsamt það væri eptir hinum núgildandi lögum að innheimta ýmsar smáskuldir og nefndin hefur einnig komizt að þessari niðurstöðu og og álitið frv. töluverða rjettarbót. Það eru þrjú aðalákvæði, er frv. þetta fer fram á, frábrugðið því, er verið hefur. Í fyrsta lagi, að sáttanefndum er samkvæmt 1. gr. frv. gefið úrskurðarvald í vissum skuldamálum. Í öðru lagi er málfærsla fyrir undirrjetti gjörð töluvert óbrotnari og kostnaðarminni en nú, og ákvæðin um það eru í 14. gr. frv., og í þriðja lagi er sú nýbreytni gjörð í 15. gr., að hreppstjórum er veitt vald til að framkvæma löggeymslugjörð, aðför og nauðungaruppboð í skuldamálum þeim, er hjer ræðir um. Þetta eru sem sagt þær þrjár aðalbreytingar, er frv. fer fram á, að gjörðar sjeu á hinum gildandi lögum og virtist nefndinni þær miða til þess að gera lögsókn til innheimtu smáskulda fyrirhafnarminni og kostnaðarminni en nú á sjer stað. Þó virtist henni ísjárvert að láta þetta ná til allra þeirra skuldamála, er ekki væru hærri en 200 kr., og hefur því lagt til að færa 200 kr. niður í 100 kr., þar sem ákvæði þessi væru alveg ný og engin reynsla fyrir, hvernig þau muni gefast. Fari svo, að reynslan sýni, að þau sjeu heppileg, þá má einlægt hækka töluna, eins og t. d. gjört hefur verið í Noregi; þar voru þessi ákvæði í fyrstu að eins látin ná til þeirra skulda, er ekki námu meir en þrjátíu spesíum, en síðar voru þessar 30 spesíur hækkaðar upp í 500 kr., er menn sáu, hversu vel það gafst. Í stafl. *a* og *b* 1. gr. er getið þeirra skilyrða, er sett eru fyrir úrskurðarvaldi sáttanefnda; þær eiga sem sje að kveða upp úrskurð, a) þegar kærði, þrátt fyrir löglega birting fyrirkallsins, mætir ekki og sáttanefndin hefur ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann að mæta eða láta mæta

fyrir sig, og b) þegar sáttanefndin hefur eptir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust, að hann sje skyldur að borga hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma sætt á milli málsaðila um ýms aukaatriði, svo sem borgunarfrest inn, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið. Ákvæði þessi eru svo skýr og svo ljós, að engri sáttanefnd er ofætlun að skilja þau. Menn munu ætla, að þessi skilyrði ekki sjeu svo opt fyrir höndum, en það er engan veginn svo, einkum hvað hið síðara skilyrði snertir. Það kemur all-opt fyrir, að hinn kærði mætir, kannast við skuldina, en vill þó ekki sættast, t. d. af því hann ekkert segist eiga til að borga með. Málið verður því að ganga til dóms, til þess að skuldheimtumaður geti fengið vissu sína um, hvort það sje satt eða ekki. Af þessu leiðir töluverður kostnaður, sem falla mundi burtu, ef sáttanefndir fengju úrskurðarvald, því að skuldunautur mundi opt una við úrskurðinn, svo að málið þyrfti aldrei að fara lengra. Nefndin hefur lagt til að fella burtu 1. og 2. tölulið í 1. gr. með því að þau ákvæði innifelast í staflið b í sömu grein, því að ef skuldunautur hefur mótmælt kyrsetning, sýnir það, að hann viðurkennir ekki skuldina, svo að 1. tölul. er óþarfur; sömuleiðis er 2. tölul. óþarfur, af því að ef allir, sem svara eiga til sömu skuldar, kannast ekki við hana, þá er ekki fengin sú viðurkenning fyrir skuldinni, sem heimtuð er í stafl. b. Nefndin leggur og til að fella burtu 2. gr. og vil jeg því ekki fjölyrða um hana. — 3. gr. frv. ákveður, að ef málsaðilar eru ásáttir um að leggja skuldamál í gjörð sáttanefndar skuli hún gjöra um málið, ef hægt sje eptir skjölum þeim, er framlögð hafa verið eða því, er þeir hafa látið bóka um málið. Þetta eru þýðingarmikil ákvæði, er opt geta komið í veg fyrir óþarfa kostnað og málaþras. — 4. gr. talar um, að ef kærandi ekki mætir, en hinn kærði kemur að árangurslausu, þá skuli sáttanefndin úrskurða honum þóknun fyrir ómak sitt, en hana getur hann eptir hinum núgildandi lögum ekki fengið nema undir rekstri málsins eða með því að höfða nýtt mál á hendur kæranda. Í 5. gr. er í 1. og 2. málsgrein talað um, hvað lengi megi draga að kveða upp úrskurðinn, og hvenær málinu skuli vísað til dóms, og í 3. málsgr. að skipa skuli varasáttanefndarmenn, sem taki sæti í nefndinni, þegar sáttanefndarmennina greinir á, eða annar þeirra er málið eitthvað viðriðinn eða hefur forföll. Þetta er eins og menn sjá ekki svo þýðingarlítið atriði, og allmikil breyting frá því sem nú er tíðkanlegt. Í 6. gr. er nákvæmar talað um úrskurðina sjálfa, til hvers þeir eigi að taka tillit o. fl. Í 7. gr. er talað um, hvað bóka skuli í sáttabókina. Í 8. gr. hvaða gildi þessir úrskurðir hafi, sem sje sama gildi sem undirrjettardómar. Í 9. gr. er ákveðið, hve mikið sáttanefndarmönnunum beri fyrir vinnu sína. 10. gr. hvað taka skuli í útskript af úrskurði, er áfrýjað er. — 11. gr. segir, að áfrýja megi úrskurði sáttanefndarinnar til undirrjettar þess, er málið að lögum heyri undir, og tiltekur innan hve langs tíma það skuli gjört. Í frv. var tiltekinn 1 mánuður, en nefndinni fannst það of stuttur frestur og hefur því sett 3 mánuði í staðinn. — 12. og 13. gr. hefur nefndin stungið upp á að fella burtu, og skal því ekki fara neinum orðum um þær. Við 14. gr. hefur nefndin stungið upp á þeirri breytingu að fella burtu staflið *a*, þar eð hann sje óþarfur, með því tekið er fram í tilsk. 15. ágúst 1832, að dómurum skuli skylt að gefa málsaðilum leiðbeiningar þær, sem hjer ræðir um. Staflið *b* lýtur að því, að gera málfærsluna fyrir undirrjetti svo

óbrotna og auðvelda, sem hægt er. Stafl. *c.* lítur einnig að því sama með því að gefa leyfi til að koma fram með gagnkröfu án nokkurrar nýrrar sáttakæru eða gagnstefnu. Í 15. gr. er talað um vald hreppstjóra til að framkvæma löggeymslu og aðför og halda nauðungaruppboð í skuldamálum þeim, sem lögin ná til, og hefur nefndin gjört þar þá breyt., að í stað þess, að skylda hreppstjóra til að framkvæma löggeymslugjörð, aðför o. fl. þá veitist honum nú heimild til þess, að framkvæma þessar rjettargjörðir í umboði fógeta, af því að hún hugði, að það mundi alveg eins ná tilganginum, af því sýslumaður mundi jafnan fús til að láta hreppstjóra framkvæma þessar rjettargjörðir. Ennfremur hefur nefndin gjört þá breyt. við sömu gr., að hreppstjórum skuli ekki borgað samkvæmt aukareglugjörðinni eins og í frv. stóð, heldur eptir því, sem ákveðið er í 5. og 6. gr. laga frá 13. jan. 1882, sem er samkvæmara þeim lögum og á yfir höfuð betur við.

Þetta eru aðalákvæði þau, sem frv. hefur inni að halda, er jeg hef lauslega drepið á, og skal jeg ekki fjölyrða neitt frekar um málið, fyr en jeg hef heyrt athugasemdir, er menn kunna að vilja gjöra við það. Jeg vona, að h. deild taki vel bæði frv. sjálfu, og eins breyt.till. nefndarinnar, er jeg veit að bæta það mikið.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að taka fram, að þar sem nefndin áleit heppilegt að láta ekki frv. ná til jafnhárra skulda og þar er farið fram á, heldur færa 200 kr. niður í 100 kr., þá hygg jeg talan muni enn of há og ætti að gjörast lægri. Eptir okkar kringumstæðum eru það naumast taldar smáskuldir, þegar þær nema 100—200 kr.

H. framsögum. (Þ. J.) gat þess, að nefndinni hefði sýnzt rjettast að færa niður upphæðina, af því að lög um þetta efni væru algjört nýmæli hjer á landi og betra mundi að hafa upphæðina ekki mjög háa fyrst í stað meðan sáttanefndir og hreppstjórar væru að venjast þeim; jafnframt gat hann þess, að í Noregi hefðu menn gjört lög lík þessum og fært upphæðina upp eptir nokkurra ára tímabil. Með tilliti til framantaldra orða h. framsögum. (Þ. J.), finnst mjer ástæða til hjer hjá okkur að byrja á enn þá lægri tölu, miða það t. d. við 50—60 kr. skuld. Hvergi á landinu munu koma fyrir eins mörg sáttamál á ári og hjer í bæ; jeg veit fyrir víst að opt hafa þau verið nálægt 100 og stundum yfir það, en jeg man ekki betur en flestar smáskuldakröfur væru jafnast miku lægri en 100 kr., þetta 6—30 kr. Það er ekki sjaldgæft t. d. að útgefandi blaðs stefnir mönnum til sáttanefndar fyrir skuld, sem að eins nemur 3—8 kr.

Jeg er samdóma h. flutningsm. (Þ. J.) og nefndinni, að það mundi eigi alllítil rjettarbót, ef frv. þetta yrði að lögum, því lögsókn til innheimtu smáskulda yrði fyrir það greiðari og kostnaðarminni en nú gjörist, en jeg vil leggja það til að menn ekki byrji með svo háa tölu, heldur hygg jeg, að fullhátt væri að svo stöddu að miða skuldaupphæðina við 50 kr.

Jeg hef að sönnu ekki athugað frv. nægilega eða glöggvað mig svo vel á því, sem vera skyldi eða jeg hefði óskað eptir, því ýmislegt annað hefur komið fyrir og tekið tímann, en við fljótt yfirlit skilst mjer ekki betur en að það sje skýrt og glöggt og muni verða til verulegra bóta, ef það næði fram að ganga.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Það getur verið, að of hátt sje farið að miða skuldaupphæðina við 100 kr. eins og nefndin hefur farið fram á, en það verður þó að tiltaka einhverja tölu, og einum virðist þessi of há og öðrum virðist hún máske of lág o. s. frv.

Það barst einmitt í tal í nefndinni, að heppilegt mundi að hafa töluna svo

háa, að hún gæti gripið yfir t. d. vinnumannskaup, sem að meðaltali mun vera nálægt 100 kr.; víða er það að vísu hærra en sumstaðar aptur á móti lægra. Svo á ekki illa við, að upphæðin sje svo há, að hún nái yfir gripsverð, t. d. hestverð eða kýrverð, sem mun vera að meðaltali um 100 kr. Satt að segja held jeg, að hjer sje engin hætta á ferðum eða að talan eigi sje hjer of há, þar sem sáttanefndir að eins mega kveða upp úrskurð, þegar þau tvö skilyrði eru fyrir hendi, sem nefnd eru í 1. gr., þegar annaðhvort hinn kærði mætir ekki, þrátt fyrir löglega birting fyrirkallsins og ekki er ástæða til að halda að hann hafi lögleg forföll, eða þegar skuldunautur kannast við skuldina, en sætt kemst þó ekki á. Þegar kærði kannast við skuldina, sæi jeg jafnvel ekkert á móti því, að sáttanefndin uppkvæði úrskurð, hversu há sem skuldin væri.

Þegar maður skoðar þessi 2 skilyrði fyrir úrskurðarvaldi sáttanefnda, held jeg að flestir sjái, að ekki sje hjer nein hætta búin, en mjer er samt ekkert kappsmál um þessa upphæð, þó jeg áliti rjettara að láta hana eigi vera lægri en 100 kr.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. við 1. gr. (C. 174) samþ. með 10 atkv.; 2—3. br.till. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 4. br.till. samþ. í e. hlj.; 5—6. br.till. við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 7. br.till. við 4. gr. samþ. í e. hlj.; 4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 8. br.till við 5. gr. samþ. án atkv.gr.; 9—11. br.till við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 12. br.till. við 6. gr. samþ. í e. hlj.; 13. br.till. við sömu gr. samþ. án atkv.gr.; 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 14. br.till. við 7. gr. áður samþ.; 7. gr. samþ. í e. hlj.; 15. br.till. við 8. gr. samþ. í e. hlj.; 16—17. br.till. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 8. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 18. br.till. við 9. gr. samþ. í e. hlj.; 9. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 19. br.till við 10. gr. samþ. í e. hlj.; 10. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 20—28. br.till. við 11. gr. samþ. í e. hlj.; 11. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 29—30. br.till. samþ. í e. hlj.; 31—33. br.till. við 14. gr. samþ. í e. hlj.; 14. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 34—35. br.till. við 15. gr. samþ. í e. hlj.; 15. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um viðauka við lög 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. (C. 215, 273); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson):

Við 1. umr. var vakið máls á því af hæstv. landsh. að ástæða væri til að breyta ákvörðunum gildandi laga, um útflutningsgjald af síld, eins og farið er fram á í breyt.till. þeirri, sem við flutningsm. höfum komið með við frv. það, sem hjer liggur fyrir. Eins og nú er skipað fyrir í lögum 4. nóv. 1881 er síldartunnan reiknuð 108 pottar, en eptir breyt.till. okkar skal reikna tollinn eptir 120 potta tunnum, því að síld mun að jafnaði vera út flutt í þess konar ílátum, svo að með þessu sparast umsvif og óþarfa- reikningur á gjaldinu. Þessi breyt. hefur í för með sjer hjer um bil 2 aura tollgjaldslækkun á síldinni og kann það að vera álitamál, hvort ekki væri ástæða til að lækka ef til vill gjald þetta enn þá meira, en okkur flutningsm. hefur þó ekki fundizt næg ástæða til þess.

Hæstv landsh. minntist einnig á það við 1. umr., hvort eigi væri gjörlegt að auka við útflutningsgjaldslögin ákvæði um toll af fiski, sem fluttur væri út í stykkjum í tunnum, en eptir það er við flutningsmenn frv. þessa höfum átt tal um þetta við hinn umboðslega endurskoðanda, hefur okkur ekki sýnzt taka því, með því að það nemur ekki meiru en 4—5 tunnum á

ári, sem út er flutt af þess konar varningi.

Annað hef jeg svo ekki að athuga við þessar breyt.till. og frv. en vona, að h. þingd. samþ. þær.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 273) samþ. með 10 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. í e. hlj.; 2—3 breyt. (C 273) samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr í e. hlj.

Frv. til laga um viðauka við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund (C. 216, 272); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Eins og jeg tók fram við 1. umr. frv. þessa höfum við flutningsm. komið nú fram með till. um, að leggja þau skip, sem hjer er um að ræða, nokkuð hærra í tíund en við fyrst höfum tekið til í frv. Ástæðurnar fyrir því eru hinar sömu, sem fyrir því, að hækka beri tíund þeirra gufuskipa, sem ganga til fiskiveiða og hvalveiða, með tilliti til arðs þess, er þau skip gefa í samanburði við önnur þilskip, er ganga til fiskiveiða.

Jeg vona, að h. þingd. samþ. breyt.till. þessa.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er með öllu samdóma h. flutningsm. frv. þessa að því, er efni þess snertir, en jeg get ekki fellt mig við ákvæði þess nje heldur breyt.till. Jeg vil leyfa mjer að benda á, hvort ekki mundi sanngjarnara að leggja skip þessi í tíund eptir lestarúmi þeirra, jeg vil taka t. d., að ákveða að 5 lesta rúm skuli talið 1 hndr. Mjer virðist það allmikið stökk, að það skuli eiga að vera helmingsmunur á skipi, sem er 50 smálestir og öðru, sem er 51 smálest.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal játa það, að mjer hefur ekki hugkvæmzt sú aðferð, sem h. 5. kgk. (J. A. Hj.) benti á, en jeg hygg þó, að sú aðferð muni ekki vera heppilegri. Það er að vísu satt, að það er allmikið stökk milli þeirra skipa, sem eru 50 smálestir og hinna sem meira eru; það er aðgætandi, að hið lægra takmarkið verður miklu almennara; fæstir eða engir af þeim gufubátum, sem nú stunda hvalveiðar munu vera yfir 50 smálestir. Það verður líka ýmsum vandkvæðum bundið, að leggja þessi skip í tíund eptir lestarúmi; þannig yrði það oflágt, t. a. m. að gjöra 5 smálestir í þessum skipum að eins eitt hndr. í samanburði við önnur skip. Jeg get því ekki fundið næga ástæðu til, að fallast á þessa breytingu.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 272) samþ. með 8 atkv.; 2. br. (C. 272) samþ. með 10 atkv.; frv. þannig breytt samþ. með 10 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð (C. 229, 230, 241); 3. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Jeg hef engu að bæta við það, sem jeg hef áður sagt um frv. þetta, og skal jeg því að eins benda á breyt.till. þær, sem fram eru komnar.

Nefndin hefur samkvæmt bendingum hæstv. landsh. við 2. umr. komið fram með viðaukatill. við 6. gr. frv. (C. 230). Svo er sem sje ákveðið í 8. gr. tilsk. 18. febr. 1847 að útnefning matsmanna og eiðfesting skuli fram fara borgunarlaust, þegar um fje ómyndugra er að ræða. Nefndin fann ekki ástæðu til að þetta hjeldist, og ætlaðist hún til, að það væri óbeinlínis fallið burtu við ákvæði 6. gr. En hún hefur fallizt á þá till. hæstv. landsh. að betra og gleggra sje að taka það sjerstaklega fram, að það skuli úr lögum numið.

Hin önnur breyt.till. er frá hæstv. landsh. sjálfum (þingskj. 241) og er hún alveg samkvæm lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn. Það er sjálfsagt að setja þessa viðaukatill. hjer, eins og til-

svarandi viðaukatill. var sett inn í hitt frv., frv. um aukatekjur þær, er renna í sjóð embættismanna.

Jeg vænti því, að báðar þessar till. verði samþ. og málið síðan verði látið ganga til h. Nd.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 230) samþ. í e. hlj.; br.till. (C. 241) samþ. í e. hlj.

Frv samþ.. í e. hlj. og því næst afgreitt til Nd.

Frv. til laga um afnám kóngsbænadagsins, sem helgidags (C. 236); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Þegar mál þetta var fyrir til 1. umr. hjer í deildinni, urðu engar umræður um málið. Eins og kunnugt er, er mál þetta komið frá Nd., en fyrir hana var lagt, ekki að eins frv. um afnám kóngsbænadagsins, heldur líka um afnám fjögra annara helgidaga, skírdags, annars páskadagsins, uppstigningardags og annars dags í hvítasunnu. Um þetta mál urðu allmiklar umræður, og endirinn á því varð, að til okkar er komið frumv. um, að að eins einn helgidagur verði numinn úr lögum. Það hefur verið borið fram bæði hjer á þingi, og einnig í blöðunum, að helgidagar væru vel margir, einkum að vorinu til, og fyrir þá sem búa við sjáfarsíðuna, og væru þeir verulegur tálmi fyrir atvinnu þeirra, og helgihald þessara sjerstöku helgidaga auk hins sjöunda dags hvers, væri ekki lítill hnekkir, þegar fiskiafli væri góður og gæftir góðar, og þeim væri fyrirmunað að nota sjer þessa guðs gjöf vegna helgidagahaldsins. Einnig hefur það verið tekið fram, að þjóðir, sem stæðu oss framar, ljetu sjer nægja færri helgidaga en vjer.

Það getur verið, að það sje nokkur straumur hjá almenningi í þá átt, að helgidagar sjeu að vorinu til of margir, og að þeir sjeu til hnekkis vinnu manna. En jeg hygg í raun og veru, að álit manna í því efni sje ekki mjög almennt eða ákveðið. Mjer virðist af meðferð og afdrifum málsins hjer á þingi, að svo muni vera. Ef þeir, sem komu fram með frv., um einnig að afnema hina 4 helgidagana, hafa þótzt geta borið fyrir sig almenningsálit í því efni, en deildin svo gat ekki fellt sig við, nema að þessi eini helgidagur væri úr lögum numinn, þá bendir það á, að skoðanir manna eru á reiki um þetta mál. Ef almenningi væri þetta verulegt áhugamál, þá álít jeg fyrir mitt leyti hentugast, að fækkunin kæmi niður á þessum helgidegi, sem hjer um ræðir, að numinn verði úr gildi. En það er mín skoðun, að ekki gjöri mikið til nje frá, hvort sem það er atvinnuleysi eða góður fiskiafli, þó að helgidagur þessi sje afnuminn, því að einn virkur dagur eða einn helgur dagur mun í því tilliti gjöra svo litla breyting, að hjer mætti segja, að rjettast væri ef til vill, að frumv. næði ekki fram að ganga. En á hinn bóginn, frá helgidagahaldsins sjónarmiði, verður ekki sagt, að mikið gjöri til, þó að þessi eini dagur fjelli úr, ef almenningur endilega óskar fækkun helgidaga, því að sízt er eptirsjón í þessum degi. Hann er ekki mjög gamall í kirkjunni; hann er innleiddur við sjerstaka stjórnarráðstöfun, en reyndar ekki upp úr þurru eða til fjölgunar helgidögum, heldur var helgidögum fækkað og hann settur í staðinn fyrir marga, sem áður höfðu verið, og þá voru dregnir saman í eitt og dagurinn kallaður hinn almenni bænadagur eða kóngsbænadagur.

Jeg skal ekki fara út í það, að almenningur hefur misskilið kóngsbænadagsnafnið og tilætlun bænadagsins, enda má gjöra ráð fyrir, að sá misskilningur sje horfinn eða að hverfa. Samt hefur mjer skilizt, að þessi dagur, sem upphaflega var ætlazt til að væri haldinn stórhelgur, líkt og jól og páskar, hafi aldrei fengið í meðvitund þjóðarinnar gildi sem hátíðisdagur. Og einmitt vegna þess, að hann hefur ekki fengið festu í meðvitund þjóðarinnar,

þá hugsa jeg, að ekki sje um það að ræða, að niðurdrepin sje virðing fyrir helgidögum og helgidagahaldi yfir höfuð, þótt þessi helgidagur verði úr lögum numinn. Þó að jeg þess vegna sjái ekki neina verulega nauðsyn á þessu frumv., þá mun jeg samt ekki verða því mótfallinn.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um meðferð á líkum (C. 209); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. var umr.laust samþ. í e. hlj. og afgreidd til landsh.

Tuttugasti og fimmti fundur, þriðjudag 1. ágúst. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á tilskipun 26. febr. 1872 um kennslu heyrnar- og málleysingja (C. 268); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Jeg er fyrir mitt leyti á þeirri skoðun, að frumv. þetta sje eitt af þessum ótal smámálum, er þingm. hver í kapp við annan eru opt og tíðum að leitast við að koma inn á þing, en, sem þeir þó eptir á eru sammála um, að ekki gjöri annað en trufla og tefja fyrir öðrum merkari málum. Jeg man ekki eptir, að nokkur ósk hafi komið frá einum einasta þingmálafundi í sömu átt og frumv. fer fram á, og hafa þeir þó satt að segja ekki sparað að koma fram með áskoranir til þingsins, um að taka fyrir mál af ýmsu tagi. Mál þetta er sveitarmál, það er algjört fátækramál, er ekki snertir landssjóð hið minnsta, heldur á í raun og veru að hvíla á hverjum einstökum hreppi. Það er sjálfsögð skylda fyrir hvern hrepp, eins að annast um þessi aumingja heyrnar- og málausu börn, eins og önnur fátæk börn, er á hreppnum eiga að liggja, en þar eð opt getur komið fyrir, að fleiri þeirra komi á einn hrepp í einu, svo honum sje það um megn fram, að veita þeim fyrirsjá, þá hefur það ráð verið tekið, að leggja þetta fátækramál til amtanna, þessara stærstu sveitarfjelaga, svo byrðin af því kæmi jafnara niður. Jeg veit vel, að mönnum finnst þetta nokkuð þung byrði á ömtunum, eða jafnaðarsjóðum þeirra, en hún er þeim þó hreint ekki ofvaxin, og sjest það bezt, þegar vjer lítum á, hvernig kostnaðinum til heyrnar- og málleysingja hefur verið jafnað niður í fyrra fyrir yfirstandandi ár. Allur kostnaðurinn er samtals á öllu landinu 1880 kr., og kemur þannig niður: 700 í norðuramtið, 300 í suðuramtið, 300 í vesturamtið og 580 kr. í austuramtið. Þessar 1880 kr. eru ekki nein ákaflega há tala, og að eins lítill partur af öllu því fátækraútsvari, er goldið er í öllu landinu; það er að mínu áliti rjettari regla, að þessi eina grein af fátækramálum hvíli á ömtunum, heldur en á landssjóði. Það þykir auðvitað mörgum sveitamönnum gott, að geta farið á þessa hvalfjöru, eins og menn hafa kallað landssjóðinn, en jeg get ekki sjeð það sje nein góð regla, að koma á hann meðlögum með einstökum þurfamönnum. Annað mál er um allt það, sem er sameiginleg landsmál, eins og t. d. að sjá þessum vesalingum fyrir einhverju hæli, einhverstaðar á landinu, og kennara, er geti uppfrætt þá, því það varðar allt landið. En að landssjóður taki að sjer, að sjá þessum aumingjum fyrir eiginlegri framfærslu, fæði, klæðnaði og öðru þess háttar, álít jeg eigi rjetta reglu. Nær mundi það, að minni ætlun, standa landssjóði, að fjölga heldur stofnunum til hælis fyrir aðra vesalinga, t. d. fyrir vitfirringa og holdsveika menn, og það því fremur, sem þessi þrælilega veiki (holdsveikin) hefur ískyggilega farið í vöxt hin síðari ár. Hvaðan frumv. þetta er sprottið, fæ jeg eigi skilið, nema ef vera skyldi, það sje frá einhverjum amtsráðsmönnum, því frá stjórninni er það ekki komið, og heldur ekki frá almenningi. Þetta er 1. umr. málsins hjer

í deildinni, og það er ekki fjarri mjer að leggja það til, að hún verði einnig hin síðasta.

Kristján Jónsson: Það er sjerstök ástæða til þess, að jeg stend upp í þessu máli. Á amtsráðsfundi suðuramtsins í vor kom fram tillaga um, að kostnaði við kennslu daufdumbra yrði ljett af jafnaðarsjóðunum, og var mjer falið á hendur að afgreiða þá tillögu amtsráðsins til landshöfðingja. Þó að málefni þetta eigi kæmi beinlínis til umræðu á fundi amtsráðs vesturamtsins, átti jeg þó tal um það við amtsráðsmennina, og held jeg, að jeg megi fullyrða aeptir því, að amtsráð vesturamtsins hafi haft sömu skoðun á málinu, eins og amtsráð suðuramtsins. Samkvæmt þessu umboði amtsráðs suðuramtsins, skrifaði jeg landshöfðingja, og beiddist þess, að hann fyrir hönd stjórnarinnar kæmi því til leiðar, að lagt væri fyrir yfirstandandi alþingi lagafrumv. í nefnda átt, en þar eð tíminn var orðinn allt of naumur, amtsráðsfundurinn var sem sje í júnímánuði, þá varð því eigi við komið, að stjórnin semdi frv. í þessa átt og legði það fyrir þingið. Jeg hefði því komið með frumv. hjer að lútandi, ef einn h. þm. í. Nd, ekki hefði tekið af mjer ómakið, og borið málið þar upp. Frumv. hans, sem þar náði samþykki, hefur þegar orðið fyrir ómildum dómi hjer í deildinni, en jeg skal samt ekki tala langt eða margt um það; jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, hvað vakti fyrir mjer og amtsráðunum með tilliti til þessa máls, því eins og jeg gat um, þá kom þetta *til tals* í amtsráði vesturamtsins, en það gjörði enga ályktun um það, ýmsra orsaka vegna. Þegar lögin 26. febr. 1872 um kennslu daufdumbra komu út, var varla unnt að benda á nokkurn annan sjóð, en jafnaðarsjóðinn, er tekið gæti að sjer kostnað þann, er af þeim leiddi. Að vísu komst á fjárhagsaðskilnaður milli Danmerkur og Íslands, með stöðulögunum 2. jan. 1871, en það var þegar áður, nfl. á alþingi 1869 búið að taka það ráð, að leggja daufdumbra-kostnaðinn á jafnaðarsjóðina. Þá var venjulega gripið til þeirra, þegar spurning var um nýjan kostnað, sem greiða þurfti. Þó að þetta kunni að hafa verið óhjákvæmilegt þá, þá getur það þó eigi álitizt eðlilegt nje rjett, því að jafnaðarsjóðirnir hafa aldrei verið ætlaðir til fátækraþarfa, eða til að vera fátækrasjóðir. Aðstandendur hinna daufdumbu eru eðlilega skyldir til að annast um þá, þar á meðal fræðslu þeirra; sjeu þeir eigi svo efnum búnir, að þeir geti það, verða þeir að fá styrk af hálfu hins opinbera til þess, sjerstaklega með tilliti til þess, að lögin heimta, að daufdumbum sje veitt sjerstakleg uppfræðsla, sem er ærið kostnaðarsöm. Principrjettast væri nú, að þetta lenti á hreppafjelögunum, en kostnaðurinn er svo mikill fyrir hvern daufdumban, að hann mundi jafnaðarlegast verða þeim ofþung byrði. Næst hreppasjóðunum standa sýslusjóðirnir, en það get jeg eigi álitið rjett, að þessi kostnaður verði lagður á þá, fremur en á jafnaðarsjóðina. Sýslusjóðirnir hafa þegar áður nógá sinni könnu. En þá getur varla verið um annað að ræða, en að leggja kostnað þennanáland ssjóð, úr því að hann er ofvaxinn hreppasjóðunum, og í eðli sínu óviðkomandi jafnaðarsjóðunum og sýslusjóðunum. Það má telja margt, sem mælir með því, að leggja þennan kostnað á landssjóð fremur en á jafnaðarsjóðina eða hreppasjóðina, og þá sjerstaklega það, að kostnaðurinn getur hæglega orðið þessum sjóðum ofvaxinn, nema þá með því móti, að niðurjöfnunargjöldin til þeirra sjeu hækkuð gífurlega, en óvissa sú, er af því leiddi, með tilliti til gjaldgreiðslunnar (eða rjettara sagt: gjalduppheðarinnar) væri mjög óheppileg. Að því er sjerstaklega snertir amtsjafnaðarsjóð suðuramtsins, skal jeg geta þess, að gjöld hans hafa hækkað fram úr hófi síðustu

árin af ýmsum orsökum. Þannig er daufdumbrakostnaðurinn, sem nú hvílir á honum, um 1100 kr. á ári, kostnaður við amtsráðið 800—1000 kr. (áður þetta um 100 kr.), kostnaður, er stafar af Ölfusárbrúnni, um 500 kr. o. fl.

Jeg held því, að næg ástæða sje til að íhuga, hvort ekki sje þörf á að ljetta þessari byrði af ömtunum, eða flytja hana yfir á landssjóð. Það er landsstjórnin, er skipað hefur fyrir um þessa kennslu og því eðlilegast, að kostnaður sá, er af henni leiðir, liggi á landssjóði. — Jeg vildi óska þess, og vil leyfa mjer að leggja það til, að frumv. þetta fái að ganga fram.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er á sama máli og h. þm. S.-Þing. (E. Á.) um, að þetta mál sje sveitamál, og þótt kostnaður af heyrnar- og málleysingjum verði ekki beinlínis borinn saman við annan sveitarkostnað, þá er hann þó skyldur honum. Mjer finnst heldur ekkert á móti því, að skoða jafnaðarsjóð sem nokkurskonar yfirfátækrasjóð í þessu tilliti. Jeg held, að ef þetta frumv. næði fram að ganga, leiddi þar af, að ýmiskonar annar kostnaður yrði smámsaman látinn lenda einnig á landssjóði, svo sem undirhald vitfirringa o. fl. Mjer finnst því ástæða til þess að vera mótfallinn frumv.

Hallgrímur Sveinsson: H. þm. S.-Þing. (E. Á.) benti á, eða tók fram, að hjer væri um hreppsmál að ræða, og má að vísu svo segja, þar sem þungi þess á uppruna sinn að rekja til einhverra einstakra sveita, en hjer er um nokkuð sjerstakt mál að ræða. Vandræðin eru hjer nokkuð sjerstaks eðlis, og er hjer alls ekki um vanalegan fátækrakostnað að tala. Kröfurnar eru hjer nokkuð sjerstakar og þungar, og geta auðveldlega orðið þyngri en svo, að hinn einstaki hreppur rísi undir þeim; en margir aðrir hreppar í sama byggðarlagi hafa ekkert af þessum þyngslum að segja. Þessir aumingjar þurfa bæði fæði, húsnæði og kennslu. Að vísu er fenginn stórum meiri jöfnuður við það, að þessari byrði er ljett á hreppunum og hún lögð á jafnaðarsjóði; byrðin dreifist þannig betur og sanngjarnar. En jöfnuðurinn er samt ekki nægilega mikill, eða svo sem hann gæti verið, ef byrðin væri lögð á landið í heild sinni, því hjer er um slíka plágu að tala, er varðar allt landið. Langmest mun þessi byrði nú sem stendur á suðuramtinu, minni á norður- og austuramtinu og minnst á vesturamtinu. Verulegur mismunur kemur fram, þegar 4, 5 eða 6 daufdumbar eru í einu amti, en 1 eða enginn í hinu; hjer kemur fram sama misfellan og áður, þegar um hreppana var að ræða, hve ósanngjarnt það væri að láta þá bera þessa byrði hvern fyrir sig. Til þess því sem mest og bezt að jafna þessa misfellu vil jeg leggja þetta á stærsta fjelagið, sem sje, landsfjelagið. Hjer er líka um plágu að tala, sem að vísu á uppruna sinn í einhverjum hluta landsins, en á að taka til alls landsins, og varðar það allt í heild sinni. Það getur ekki komið til mála, að bera þessa byrði saman við vanaleg sveitarþyngsli, því þar er allt öðru máli að gegna.

Þegar menn vilja ætla á um þunga þessarar byrði, sem hjer er um að ræða, mega menn ekki fullkomlega fara eptir tölu daufdumbra, sem komið hefur verið til kennslu síðustu ár, því nokkurt hlje hefur orðið á kennslunni um nokkur ár. Sá, sem hafði þetta starf á hendi, sjera Páll heit. Pálsson, dó eins og menn vita á öndverðu hausti 1890, og það var fyrst í fyrra að kennslan var byrjuð á ný, af manni, sem kostaður var til annara landa, til þess að gjöra sig hæfan til þessa. Kennsla hafði þannig fallið niður full 2 ár, og þó að eins sje talað um 1 daufdumban í vesturamtinu var ekki að vita nema þar væru fleiri, þar sem ekki var til neins að bera sig upp meðan enginn fjekkst til að kenna. Fleiri eru og á öllu landinu daufdumbir, en svo að hægt væri

að fullnægja tilskipun 26. febr. 1872, væri hennar stranglega gætt. En yfirvöldin hafa ekki mátt ganga stranglega eptir, að hverjum daufdumbum væri komið til kennslu, af því kringumstæðurnar eru mjög þröngar, og af því kennslukraptarnir eru takmarkaðir mjög, þar sem kennslan að eins hvílir á einum manni, og hann svo verður að hafa hana í hjáverkum sínum.

Yfirvöldin hafa orðið að sýna hjer eptirlátssemi, bæði kostnaðarins vegna, og eins til þess ekki að ofhlaða á þennan eina mann, er vjer höfum til þessa starfs. Mjer finnst að þetta, sem hjer er farið fram á, sje ekki af ófyrirsynju uppborið, og kröfur þessar sjeu sanngjarnar. Hvað er landssjóður annað en sjóður landsins í heild sinni? Og þegar um stórvægileg mál er að ræða, ber það opt við, að menn flýja þangað, enda er það ekki nema rjettlátt, sjerstaklega þar sem eins stendur á og hjer, þegar um þau útgjöld er að tala, sem lögboðin eru, og það þótt þetta dragi annað á eptir sjer, svo sem kostnað við umönnun vitfirringa og líkþrárra, eins og h. 1. kgk. þm. (L. E. Svbj.) gat um. Mundi ekki einnig eiga við, að hinn sameiginlegi sjóður alls landsins bæri þessar byrðar?

Til fæðis, húsnæðis og kennslu hvers daufdumbs fer töluvert á 4. hundrað kr., og ef 6—7 kæmu úr einu amti mundi því amti þykja sjer ofboðið, og misfellur verða á, ef annað slyppi algjörlega eða bæri tiltölulega litla byrði á við það, enda yrði þessi byrði, sem á amtinu hvíldi, meiri en allt niðurjöfnunarsjóðsgjaldið, eins og nú er.

Jeg mun því ekki hika mjer við að, gefa þessu frnmv. atkv. mitt.

Sigurður Stefánsson: Það hefur verið tekið fram áður af þeim, sem talað hafa í þessu máli, að í raun og veru sje hjer um vanalegt fátækramál að tala, sem máske lægi næst hverjum þeim hreppi, sem það kæmi fyrir í, en jafnframt hafa menn talað um hinn mikla kostnað sem af því leiddi fyrir tiltölulega smá fjelög og þær misfellur, sem á því yrðu, að þetta jafnaðist jafnt niður.

Jeg verð heldur að hallast að þeirri skoðun, að gjöra frumv. þetta ekki að lögum; þótt kostnaðurinn sje æðimikill, álít jeg hann samt ekki ofvaxinn hlutaðeigendum. Þegar menn gæta að þyngslum einstakra sveitarfjelaga og sjá, hvernig ómagar hlaðast upp í einstökum hreppum, opt þeim fátækustu, þá mætti með sama rjetti segja, að ástæða væri til að breyta hinum gildandi ákvæðum í því efni, svo að ekki kæmi meiri þyngsli niður á einum en öðrum. Ef það ætti að kalla miklar misfellur eða ójöfnuð, þegar eitt amtið verður dálitið þyngra úti en annað, hvað mætti þá segja um hin mjög svo mismunandi sveitarþyngsli í hinum einstöku hreppum landsins. Jeg hef tekið það fram áður, að mjer fyndist ekki jafnaðarsjóður svo fátækur, að hann gæti ekki staðizt þessa byrði og náttúrlega er þessu því síður til að dreifa um landssjóð, en það er eitt atriði í þessu máli, sem mjer finnst athugavert. Samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872 eru vandamenn og skyldmenni daufdumbra skyldir að annast um kennslu á þeim, og bera kostnaðinn, sem af því leiðir, ef þeir eru þess megnugir, og jeg er viss um, að amtsráðin vaka nákvæmlega yfir því, að ekki sje greitt meðlag úr jafnaðarsjóði með þeim, sem annaðhvort eru sjálfir svo efnum búnir, að þeir geti borið kostnaðinn eða eiga efnaða vandamenn að, en jeg ímynda mjer, að eptirlitið mundi ekki verða eins strangt, ef landssjóður ætti að greiða þetta gjald, eptir þeirri reynslu, sem menn hafa viðvíkjandi öðrum landssjóðsgjöldum. Landsstjórnin mundi ekki eins vel geta athugað þetta og amtsráðin, og landsstjórnin þekkti ekki eins vel ástæður foreldra og vandamanna þess-

ara manna eins og amtsráðin, og gæti því farið svo, að enda meiri kostnaður lenti á landssjóðnum, en hann að rjettu lagi ætti að bera.

Jeg vildi taka þetta atriði til greina, því mjer fannst verulega þurfa að taka tillit til þessa.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók það fram, að jöfnuðurinn yrði ekki nægilegur við að láta þetta gjald lenda á jafnaðarsjóði, eitt amtið yrði ver úti en annað, en ein sveit getur líka orðið harðara úti en önnur, við að heilar familíur hlaðast opt á eina sveit, en á næstu sveitir mjög ljett, og þó er þeirri sveit, sem fyrir þeim óhöppum verður ekki vorkennt að sjá fyrir sjer og sínu hyski.

Það er ósköp náttúrlegt, þótt jafnaðarsjóður vilji verða laus við þenna kostnað og slengja honum á landssjóð, því þetta er hugsunarhátturinn hjá mönnum að reyna að losast sem mest við allar byrðar, sem á þeim hvíla og slengja þeim á landssjóðinn, þótt allur þorrinn sje ekki að því skapi fús á að láta af hendi þau gjöld til landssjóðs, sem hann þarf að fá til hinna mörgu þarfa sinna.

Jeg verð af þessum ástæðum að greiða atkv. móti frv. því jeg álít að jafnaðarsjóðnum, enn sem komið er, sje ekki ofvaxið að bera þessa byrði.

Þorkell Bjarnason: Jeg var í fyrstu á báðum áttum um það, hvernig jeg skyldi greiða atkvæði í þessu máli, en eptir það að jeg hef heyrt ræður h. 3. kgk. (Kr. J.), og 2. kgk. (H. Sv.) blandast mjer ekki hugur um að greiða atkvæði með frv. — Jeg skal leyfa mjer að benda á það, að jafnaðarsjóðirnir hafa eingöngu tekjur sínar af lausafje, svo að það er því eingöngu landbúnaðurinn, sem ber þau gjöld, sem greiðast af því fje. Hví á nú landbúnaðurinn einn að kenna heyrnar- og málleysingjum? Er ekki eins mikil ástæða til, að kaupmenn, embættismenn, sem hafa peningalaun, iðnaðarmenn og sjómenn leggi sinn skerf til þessarar kennslu, en ekki landbúnaðurinn einn? Ef þessi kostnaður væri greiddur af landssjóði tækju allir landsmenn tiltölulegan þátt í þessari kennslu. Mjer getur ekki betur fundizt en að þeim landsbúum, er kvikfjárrækt stunda, sje órjettur gjörður með því, að láta þennan kostnað hvíla á jafnaðarsjóðunum. H. þm. Ísf. (S. St.) kvaðst vera hræddur um, að þessi kostnaður mundi aukast, ef hann væri lagður á landssjóð, en því get jeg alls ekki verið samdóma; jeg hygg, að eptirlitið yrði hið sama eptir sem áður. Þesskonar mál mundu ganga frá hreppsnefndum til sýslunefnda og síðan til amtsráða, eptir því sem mjer skilst; í öllu falli mundi eptirlitið með þessari kennslu verða hjá amtmanni og biskupi alveg eins, þótt kostnaðurinn væri greiddur af landssjóði, eins og nú, þegar hann er greiddur af jafnaðarsjóðunum.

Mjer skildist svo á ræðu h. þm. S.-Þing (E. Á.) að hann teldi sjálfsagt, að kostnaðurinn við framfærslu vitfirringa og holdsveikra mundi á sínum tíma berast af landssjóði, en hví skyldi þá eigi einnig kostnaðurinn við kennslu daufdumbra greiðast af sama sjóði? Jeg get ekki fundið neina ástæðu til þess, að holdsveikir og vitfirrtir sjeu kostaðir fremur af landssjóði, heldur en daufdumbir. Það má með sama rjetti segja, að hvert sveitafjelag skuli annast sinn holdsveika mann og sinn vitskerta, eins og að segja því að annast kennslu þess daufdumbs, er því tilheyrir. Það er óheppni nákominna ættingja, sveitarfjelaga, sýslufjelaga, o. s. frv. að hafa daufdumba, eins og holdsveika menn eða vitstola og þegar hinir nákomnu eða sveitarfjelögin ekki geta staðið straum af þeim, ætti landssjóður að gjöra það.

Jeg get því eigi annað en greitt atkv. með þessu frv., sjerstaklega af því, að sá kostnaður, sem til þess fer að kenna

daufdumbum, er lagður á og greiddur af einni einstakri atvinnugrein.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg verð að taka það fram, að það er ekki fyllilega rjett, að þetta mál eigi að skoðast sem fátækramál, heldur er heyrnar- og málleysið böl, sem leggst á einstöku menn, einstök hjeruð. Það er heldur ekki hugsunarrjett að segja, að verði kostnaðurinn við kennslu daufdumbra greiddur af landssjóði, þá megi öldungis eins greiða allan fátækrakostnað af landssjóði. Fátækrakostnaðurinn getur haft svo margar rætur, margar orsakir, hann getur verið sprottinn af sjálfsskaparvítum, af miður góðri heimilisstjórn, af óráðsemi, af miður góðri sveitarstjórn eða öðru því, sem mönnum er sjálfrátt; en fyrir þessum kostnaði liggur allt annar grundvöllur. Það er engum að kenna, það eru engin sjálfskaparvíti, að ein familía, eitt sveitarfjelag hefur einn eða fleiri daufdumba að sjá fyrir og annast. Það er því hin fyllsta ástæða til að landsfjelagið, að landssjóðurinn beri þann kostnað, sem af því böli rís.

Kristján Jónsson: Mjer gat ekki komið til hugar, að jeg þyrfti að útlista ýtarlegar eitt atriði í þessu máli, er þó hefur mjög mikla þýðingu, sem sje það: Hvað eru jafnaðarsjóðirnir? Eins og kunnugt er, voru þeir stofnaðir eptir aldamótin upphaflega í því skyni að bera kostnað af sakamálum, og á þeim tímum, er þeir voru settir á stofn, var eigi um annan grundvöll að ræða, fyrir tekjur þeirra, heldur en lausafje. Síðar meir, þá er alþing fór að hafa hönd í bagga með stjórn landsmála, án þess þó það hefði fjárforræði, var ýmsu dembt á jafnaðarsjóðina, er einhvern kostnað hafði í för með sjer, t. a. m. fjárkláðakostnaðinum, sem mörgum mun minnisstæður. Ætli mönnum mundi ekki þykja þyngja á jafnaðarsjóðunum, ef fjárkláði kæmi aptur upp í landinu í gömlu mynd sinni? — Þannig gekk það til, að allt þangað til alþingi fjekk fjárforræði, var engan sjóð að vísa á, engum peningum til að dreifa, en öllu dembt á jafnaðarsjóðina, þannig og með daufdumbrakennsluna, án þess þó að meiningin gæti verið sú, að sá kostnaður ætti þar heima; það hefur aldrei verið skoðun þeirra, sem það gjörðu, heldur var það gjört af neyð, þar sem ekki var annarstaðar að fá.

Hvorki þeir, sem skoða þetta mál sem hreppamál, og að hrepparnir ættu eiginlega að bera þennan kostnað, nje heldur hinir, sem álíta það svo almennt mál, að landsjóður ætti að standa straum af þessari kennslu, — hvorugir þessara geta í rjettu lagi talið það rjettlátt, að milliliðirnir, sýslusjóðir eða jafnaðarsjóðir beri þennan kostnað.

Það hefur verið minnzt á, að landsjóður ætti þá einnig að bera kostnaðinn af holdsveikum mönnum og vitskertum, en jeg veit ekki til þess, að það sje fyrirskipað með lögum, að setja á stofn sjúkrahús fyrir vitstola menn nje heldur holdsveika, eða yfirhöfuð, að lækning á þeim sje fyrirskipuð með lögum, eins og kennsla daufdumbra er lögboðin. Þetta hefur því enga þýðingu í þessu máli.

Jeg finn svo ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, enda lítur svo út, sem h. þm. hafi tekið vissa stefnu í því.

ATKVÆÐAGR.: Frv. felld með 8: 3 atkv.

Frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 212); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (C. 213); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 7 atkv.; 2. gr. samþ. með 6: 2 atkv.; Fyrirsögn frv. samþ. með 6 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 : 3 atkv.

Frv. til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði (C. 247); 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Frv. það, sem hjer liggur fyrir til umr., er eflaust komið fram af þeirri löngun eða ástæðu, að koma í veg fyrir skuldir og óskilsemi manna á meðal. Það er ekki efamál, að skuldir eru nú á tímum mjög miklar og skilsemi miður en vera skyldi. En jeg er ekki viss um, að þetta frv. nái tilgangi sínum og jeg get vel hugsað, að það líði langur tími, áður en mönnum skilst tilgangur þess, ef það verður annars nokkurntíma. Það sannast, að þegar þeir, sem í hlut eiga, kaupmenn, iðnaðarmenn og aðrir, sem hafa atvinnu sína af viðskiptum, sjá, að aðgangur verður greiðari til að ná inn skuldunum, þá verða þeir líka örari á að lána og ekki eins aðgætnir, þegar hægt verður að innheimta skuldina. Þetta sjest líka á því, sem sagt er, að menn skuldi minnst í hörðu árunum; það sýnir að menn eru ekki eins gætnir á að taka lán eins og vera ætti, og taka þau jafnvel opt að óþörfu.

Auk þess, sem jeg hygg, að frv. nái ekki tilgangi sínum, er einnig í því fólginn misrjettur. Það er að eins einstakir mannflokkar, sem er gefin heimild til að draga skuldunauta sína frá varnarþingi þeirra í skuldamálum, en mjer finnst, að sá rjettur ætti að ná til allra, sem öðrum lána. Við skulum taka t. d., að það er ekki rjett, að bóndi austur í Mýrdal eða annarstaðar úr Skaptafellssýslu, sem kemur hingað til bæjarins og tekur til láns hjer hjá kaupmanni verður að mæta hjer þegar honum er stefnt, *en* ef sá sami lánar kaupmanninum í Reykjavík sauði og fær þá ekki borgaða, þá er varnarþing kaupmannsins hjer í Reykjavík en ekki í Skaptafellssýslu, sem þó væri eðlilegt og ætti að vera eptir frv. meginreglu. Bóndinn verður að sækja hann hjer, en ekki á sínu varnarþingi.

Það eru mikil viðskipti milli sveitabænda og sjávarbænda. Bóndi upp í sveit fer t. d. suður með sjó og fær þar fisk og lofar að borga hann með einhverju, t. d. smjöri eða öðru að haustinu en prettast um að borga, og er þá erfitt að ná til hans, því að frv. gefur ekki bændum hinn sama rjett í skuldamálum eins og kaupmönnum og öðrum viðskiptamönnum og verður því sjávarmaðurinn að sækja bóndann um skuldina á hans varnarþingi. Þetta finnst mjer vera ójöfnuður mikill og stór galli á frv. og því álít jeg rjettara, að nefnd verði sett í málið til að íhuga það nákvæmlega, því að tilgangur frv. er í rauninni góður og nefnd gæti ef til vill komið með breytingar á því í heppilegri átt. Að svo stöddu ætla jeg ekki að stinga upp á nefnd, svo að menn fái tækifæri til að segja álit sitt um málið, en að lokinni umr. mun jeg gjöra það.

Jón A. Hjaltalín: Mál þetta var fyrir á þingi og í þessari deild 1889, en fjell og þá var jeg á móti því, og síðan hafa ekki neinar þær ástæður komið fram í málinu, sem hafi komið því til leiðar, að jeg væri hliðhollari því nú en þá.

H. 6. kgk (Þ. B.) tók fram, að kaupmenn mundu ekki óörari á að lána, ef þeir fengju greiðari hjálp til að ná inn skuldum en nú er. Jeg álít, að mikið af skuldasúpunni, sem menn eru í, sje einmitt afleiðing af því, að kaupmenn eru of örir á að lána. Það ætti þó að vera hægra fyrir þá að hafa vit fyrir sjer í þeim efnum, heldur en menn að neita láns, þegar þeim býðst. Auðvitað eru mörg lán sprottin af góðsemi, en líka harla mörg að eins af gróðaspekulationum, að kaupmenn lána, af því að þeir sjá sjer hag í því. En jeg sje ekki ástæðu til að gefin sjeu sjerstök lög til að gjöra kaupmönnum hægra í þessu efni. Þeim er innanhandar kaupmönnum, eins og nú er,

að láta þá svara til sinna skulda, sem til láns taka, með því að láta þá skrifa undir skuldbindingarskjöl. Jeg held ekki að lánin minnki, þó að frv. verði að lögum. En jeg er hræddur um, að ef frv. þetta verður að lögum, þá yrði það þó margur, þó að menn ættu að vita, hvaða skuldbinding þeir skrifa undir, sem ekki vissi í raun og veru fyr en dómur dyndi yfir hann. Við það að kaupmenn lána styrkja þeir marga, sem annars gætu verið góðir vinnumenn og gjört gagn hjá öðrum, til þess að fara að eiga með sig sjálfir, sem þá fer opt í handaskolum, svo að þeir spila sig opt á höfuðið.

H. 6. kgk. (Þ. B.) tók það fram, að þetta væri gjört fyrir einstaka flokka. Jeg kann alls ekki við það. Jeg vil sjálfur fá eins mikla hjálp í þeim efnum, ef jeg er svo vitlaus að lána, eins og kaupmenn. Jeg vil ekki, að gjörð sjeu sjerstök lög til hagsmuna fyrir einn einstakan flokk, eins og jeg heldur ekki vil, að einum flokki sje gjört þyngra fyrir en öðrum. Það hefur opt verið talað um, að blaðamenn mættu reyna óskilsemi manna, en jeg sje ekki annað, en þeir geti þá farið þannig að, að senda ekki blöðin, ef menn ekki borga. Getur verið, að það yrðu fyrst á því nokkrir örðugleikar, en það myndi bráðum lagast. Jeg get ekki lagt til eins og h. 6. kgk. (Þ. B.), að nefnd verði sett í málið, heldur vil jeg ráða til að fella það strax og eyða ekki tíma til þess að óþörfu.

Kristján Jónsson: Aðallega eru það þrjú atriði, sem eru nýmæli í þessu frv. — 1. gr. er um varnarþing í skuldamálum. Þennan kafla hef jeg ekkert á móti að taka nákvæmlega til íhugunar og athuga, hvort verði gjörð úr honum góð lagabreyting. En í 2. og 3. gr. eru þau ákvæði, að hæpið er, að frv. verði samþ. til 2. umr., án þess að sett sje nefnd í málið.

Þorkell Bjarnason: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. með 8 atkv. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 8 atkv.
L. E. Sveinbjörnsson — 6 —
Þorkell Bjarnason — 6 —

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 258); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umr.laust vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 1.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 257); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu umr.laust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og sjötti fundur, miðvikudaginn 2. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 68, 221); 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Meiri hluti nefndarinnar í þessu máli álítur enn sem fyrri, að tilsk. 18. febr. 1847 sje gott og tæmandi lagaboð, og því betur, sem við höfum kynnt okkur og athugað lög þessi, því fastari höfum við orðið á þeirri skoðun, þótt máske sum ákvæði hins nýja frv. gætu verið góð, þá álítum við, að frv. í heild sinni ekki sje eins gott og hin núgildandi lög um sama efni, og ráðum því frá að samþ. svona lagað frv., að svo stöddu.

H. flutningsm. (G. G.) sagði við frh. 1. umr., að nauðsyn bæri til að breyta núgildandi lögum um þetta efni, án þess að segja, hverjar ástæður væru til þess; að eins sagði hann all-langa sögu um hvernig farið hefði verið með fje eins ómyndugs og í (öðrum stað) nefndaráliti sínu kyrjaði hann upp með það, að það

væri helgasta skylda stjórnarinnar að vernda rjett lítilmagnans. Menn skyldu því ætla, að „administrationin“ hefði sýnt af sjer einhvern sljóleik, vanrækslu eða annað verra í stjórn ómyndugra málefna, og svo eigi að bæta úr því með þessum lögum. Jeg skal seinna reyna til að sýna fram á, hver nýmæli eru í frumv. þessu, og hver þeirra sjeu til bóta, eða hvort þau sjeu það, og hver ákvæði frumvarpsins sjeu betri úr núgildandi lögum.

Í 1. gr. tilskipunarinnar 18. febr. 1847 er það tekið fram, að eptir tilskipun 21. desbr. 1831, 1. þætti 1. gr. skuli framvegis vera komið undir dönsku laga 3. b. 17. kap. hvern álíta eigi ómyndugan, hálfmyndugan eða fullmyndugan. Auðvitað þarf eins í þessu frumv. að taka fyrst fram, hverjir sjeu ómyndugir, hálfmyndugir eða fullmyndugir, og við hvaða aldur þessi 3 stig sjeu bundin. Að vísu afnemur frumv. þetta ekki allar greinir 17. kap. 3. b. dönsku laga, heldur að eins 13 fyrstu greinarnar, en samt fyndist mjer nauðsynlegt eða að minnsta kosti betur fara á því að nefna fyrst aðalatriðið, nefnilega aldurstakmarkið.

Nokkrar greinar frumv. eru orðrjett teknar úr tilsk. 18. febr. 1847, og er meiri hluti nefndarinnar því alls ekki mótfallinn heldur þvert á móti; en þótt sumar greinar sjeu teknar orðrjettar upp, þá er mörgum mikilsverðum ákvæðum sleppt. Jeg vil þá í stuttu máli geta helztu nýmæla í frumv. þessu, og fara svo aptur gegnum einstakar greinar þess. Í 5. gr. er lítilsverð breyting eða nýmæli, nokkur breyting í 6. gr., sömuleiðis breytingar eða nýmæli í 11., 12., 13. og 14. gr.

Mjer finnst að vel ætti við, að byrja svona lagað frumv. á aldurstakmarkinu, en af því jeg hef áður ítarlega tekið þetta fram, skal jeg ekki taka það upp aptur.

1. gr. frv. er þannig: „Fjárhaldsmann skulu þeir hafa, er vantar aldur, skynsemi eða ráðdeild til þess, að geta haft fjárráð sín sjálfir“, með viðaukanum: eða eigi geta það af öðrum ástæðum, er yfirvaldið telur gildar vera“. Þessi grein finnst mjer mjög óheppilega orðuð; að segja að einhvern *vanti aldur* er ekki heppilegt; menn skilja það að vísu, en það fer ekki vel á því að orða það svo. Sjerhvern á að setja undir umsjón, sem vantar *skynsemi* eða *ráðdeild* til að hafa sjálfur fjárráð á hendi. Orðið „skynsemi“ mun eiga að vera útlegging á danska orðinu „vanvittighed“, en vöntun skynsemi og ráðdeildar þýða vanalega í íslenzku allt annað. Með skynsömum manni er vanalega meint „praktiskur“ maður, sem gott vit hefur á mörgu; svo kemur orðið ráðdeild. Margir mundu þá að líkindum þurfa fjárhaldsmann eða umsjónarmann, ef ráðdeild væri gjörð að skilyrði fyrir að hafa fjárráð sjálfur, því allir munu ekki svo ráðdeildarsamir sem skyldi, og þó væri ekki ástæða til að svipta þá fjárforræði. Í dönsku lögunum er ákveðið, að þeir skuli hafa fjárhaldsmenn, er eigi geta haft fjárráð sín sjálfir fyrir sakir aldurs, eða sakir þess, að þeir sjeu vitskertir, eða sakir eyðslusemi, eða af öðrum ástæðum, er yfirvaldið telur gildar vera.

2. gr. er hjer um bil eins og stendur í tilskipun 18. febr. 1847. H. flutningsmaður (G. G.) hefur bætt þeim viðauka við frumv.: „Nánustu frændur hins ómyndaða hafa þó rjett til fjárhaldsins gagnvart fjarskyldum mönnum jafnhæfum“. Það mun vera prentvilla þar sem stendur „fjárskyldum“. Þessi viðauki er nokkuð óákveðinn; nánustu frændur hins ómyndaða geta verið margir t. d. foreldri, afi og bræður o. fl.; hjer þyrfti nákvæmari ákvæði. Allt þetta er mjög skýrt tekið fram í dönsku lögunum 3.—17., sem h. flutningsm. hefur þótt við eiga að nema úr gildi.

Svo er enn viðauki við sömu gr., að sá, sem hefur 3 yfirgripsmikil fjárhöld áður, eða mikla innheimtu hefur á öðrum

opinberum gjöldum, hafi hvorki rjett nje skyldu til að taka við fjárhaldi ómyndugra fyr en hinum fyrri fjárráðum eða innheimtu er lokið, að nokkru eða öllu. Þetta er ekki nýtt, heldur stendur aðalinnihald þess í 3. gr. 17. kap. 3. b. dönsku laga; en viðaukinn er óheppilega orðaður, því þar sem stendur „*öðrum* opinberum gjöldum", þá virðist svo sem flutningsmaður hafi skoðað tekjur ómyndugra sem opinbert fje, sem ekki er allskostar rjett; annars virðist engin ástæða til þess að bæta þessum orðum við ákvæði gildandi laga. Það eru einmitt sýslumenn og bæjarfógetar, sem hafa mikla innheimtu á opinberum gjöldum, en þeir eru yfirfjárráðendur, og geta því ekki verið fjárhaldsmenn ómyndugra, að minnsta kosti ekki í sínu lögsagnarumdæmi. Aðrir hafa ekki hjer á landi mikla innheimtu á opinberum gjöldum eða almannafje; og þótt umboðsmenn yfir fasteignum landsins eða þjóðjörðum hafi nokkra innheimtu, þá er hún ekki svo mikil, að hún geti ollað því, að hættulegt sje, að þeir sjeu fjárráðamenn ómyndugra, en þeir eru opt færir menn, og vel hæfir til að hafa fjárforræði ómyndugra á hendi. Loks vantar í frumv. sjerhver nánari ákvæði um það, hve mikil innheimta opinberra gjalda skuli vera því til fyrirstöðu, að þeir, sem hana hafa á hendi, geti verið fjárhaldsmenn ómyndugra. 3. gr. er eins og 2. gr. tilskipunarinnar. 4. gr eins og 3. gr. í tilskipuninni, en svo er sleppt kaflanum síðast í gr.: „Ef þessum reglum er ekki fylgt, og arfurinn ferst fyrir þá sök, að háyfirvaldinu hefur eigi verið gefið færi á að gæta hans, þá skal sá embættismaður, er hefur sýnt sig sekan í slíku hirðuleysi, hafa alla ábyrgð af o. s. frv.". Jeg skil ekki, að það geti verið til þess, að tryggja fje ómyndugra að sleppa svona köflum, og veit ekki, hvað vakað hefur fyrir h. flutningsmanni, er hann gjörði það, því sjálfsagt heldur hann þó, að yfirvöld geti sýnt vöntun á eptirlitssemi. 5. gr. frumv. er að nokkru lík 4. gr. tilsk., en nokkur nýmæli eru þó í henni, svo sem að hver fjárhaldsmaður skuli skyldur að senda yfirfjárráðanda nákvæman reikning yfir fjárhaldið ár hvert, en í 4 gr. tilsk. 18. febr. 1847 er tekið fram, að nemi ómyndugra fjeð 20 hundruðum á landsvísu, þá skuli skylt að gefa reikning fyrir fjárhaldinu árlega, en þegar fjármunirnir ekki nema 20 hundruðum skuli yfirfjárráðandi gjöra samning við fjárhaldsmann, einu sinni fyrir allt um, hve miklu megi árlega verja af fje hins ómyndugra honum til framfæris, og þarf hann ekki að gjöra reikning fyrir fjárhaldinu fyr en því slítur; þó má yfirfjárráðandi krefjast þess, að fjárhaldsmaður gjöri grein fyrir fjárhaldinu, ef hagðun fjárhaldsmanns er í nokkru iskyggileg eða aðrar nægar ástæður eru til. Jeg get upplýst h. þm. og h. deild um, að amtmaður Jónassen skipaði svo fyrir hin síðustu 2 ár, sem hann lifði, að í sínu amti skyldi árlega semja reikning yfir fje allra ómyndugra; þetta mun að líkindum h. flutningsmanni (G. G.) ókunnugt.

En þó nú reikningur væri gefinn á hverju ári, og mönnum, sem fjárhald hafa, gjört að skyldu að gjöra það, þá er ekki þar með loku skotið fyrir, að engar misfellur geti komið fram við fjárhaldið. Jeg held, að þetta ákvæði verði ekki til mikilla bóta frá því sem er, úr því tilskipunin gefur heimild til og í sumum tilfellum skipar fyrir, að reikning skuli gefa á hverju ári fyrir fjárhaldinu. Í 5. gr. er tekið fram, að reikningsárið fyrir ómyndugrafje skuli talið frá 11. júní til sama tíma árið eptir, og að skilagrein skuli send yfirfjárráðanda í síðasta lagi í lok nóvembermán. Jeg hefði satt að segja kunnað betur við, að fylgja tilskipuninni í þessu atriði, og miða það við kalender-

árið, og að skilagrein sje gjörð innan 2 mánaða frá árslokum.

Í. 6. gr. er tekið fram, að sjái yfirfjárráðandi aðra ráðstöfun hentari á ómyndugrafjenu en þá, sem fjárhaldsmaður hefur gjört, skuli hann gjöra honum aðvart og megi hann taka af honum fjárhaldið, ef hann ekki vill fara að ráðum hans og fá það öðrum í hendur. Þetta er að nokkru leyti samhljóða eða að minnsta kosti líkt því, sem stendur í gildandi lögum.

Í. 7. gr. stendur: „Skyldir skulu yfirfjárráðandi og fjárhaldsmaður að koma öllu lausafje hins ómynduga í peninga, svo fljótt sem þörf er á, og á þann hátt, sem haganlegast er fyrir hinn ómynduga, og svo hefur h. flutningsm. bætt við all-löngum kafla, sem tekinn er orðrjett upp úr 7. gr. tilskip. þar sem talað er um lausafje ómyndugs, hvernig fara eigi með það. Þar sem sagt er í frumv., að lausafje skuli komið í peninga svo fljótt sem þörf er á, þá finnst mjer þar nokkuð óákveðið til orða tekið; það væri ekkert á móti því, að segja, að því skyldi þegar í stað komið í peninga, eða að setja stuttan frest til þess.

Yfir höfuð að tala, hefur tilskipunin hjer miklu nákvæmari ákvæði í hinum ýmsu tilfellum, er fyrir geta komið, og hefur í frv. verið sleppt mörgu mikilsverðu ákvæði t. d. um hvað skuli gjöra, ef móðir hins ómynduga, þegar fje hans stendur inni hjá móðurinni með veði í búi hennar, giptir sig eða ef það hjónanna, sem lengur lifir, ekki vill halda fjármununum hjá sjer óskeldum. Sömuleiðis er mjög heppilegt ákvæði í tilsk. þar sem talað er um peninga hins ómynduga, að þeir skulu boðnir upp til leigu á manntalsþingum eða bæjarþingum, en þessu er algjörlega sleppt í frumv. Í 8. gr. stendur: Nú er hinn ómyndugi kominn svo nærri því aldurs- eða menningarstigi, sem gjörir hann að nokkru leyti eða öllu fjárins ráðandi o. s. frv.

Þetta orð „menningarstig“ held jeg mætti falla burt, jeg veit ekki, hvað það á að þýða. Jeg veit ekki, hvort það hefur vakað fyrir h. flutningsm., að menntunarstig væri sama sem aldursstig; má segja sama um þessa gr. og hina 7., að ákvæði, sem í henni eru, eru miklu skýrar og ljósar tekin fram í tilskipuninni. 9. gr. er orðrjett tekin upp úr 7. gr. tilskipunarinnar liðurinn „a“. 10. gr. er nokkuð undarlega orðuð, og mætti jafnvel halda, að meira ætti að liggja í orðunum en gjörir, og svo þessi 1 árs tími, sem hafa á til þess að koma afgjöldunum í peninga; maður skyldi halda, að fjárhaldsmaður ætti þá, eða mætti geyma smjörið í heilt ár — líklega til þess, að það súrnaði betur — eða ala sauðina í heilt ár; en smjör og sauðir munu optast vera afgjöld jarða. Í 11. gr. stendur: „Allt ómyndugrafje, eptir að það er komið í peninga, skal setjast á vöxtu, svo fljótt sem verður o. s.frv.“. Það getur reyndar orðið nokkur bið á því, að það komist í peninga, því eptir 7. gr. á að koma lausafje í peninga svo fljótt sem þörf er á, og er það nokkuð óákveðið, eins og jeg gat um áður, og eptir 13. gr. segist ekki annað á því, ef fjárhaldsmaður heldur fje hins ómynduga hjá sjer, en það, að hann skal greiða vexti af því. Það liggur næst að halda, að fjárhaldsmaður þurfi eiginlega aldrei að koma því í peninga, þegar borið er saman ákvæði 7. gr. við 10. gr. og 12. gr., sem jeg síðar mun geta. Peningunum skal komið í landsbankann eða sparisjóðina á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði; að þetta sje svo heppilegt ákvæði skil jeg ekki. Áður skyldi þeim komið á 4% vöxtu, og þegar ekki var hægt að koma þeim út á leigu gegn 4% mátti lána þá mót $3^1/_2$% leigu, eða setja þá á vöxtu í jarðabókarsjóð. Eptir frumv. á aptur á móti að setja það í lands-

bankann eða einhvern af nefndum sparisjóðum. Að það sje hagnaður fyrir hinn ómyndugu að fá 3 eða $3^1/_2$% fyrir fje sitt í staðinn fyrir 4%, sem ávallt mun vera hægt að fá hjer á landi, og fasteign að veði, það skil jeg ekki. Þetta ákvæði frumv. er þannig síður en ekki til hagsmuna fyrir hina ómyndugu. Að minni hyggju er fje þeirra einnig betur tryggt með fasteignaveði, heldur en með því að setja það í landsbankann og ekki sízt í sparisjóðina. Það er svo sem auðvitað, að ákvörðun 11. gr. getur ekki náð til þess fjár, sem búið er að gjöra samninga um og koma á vöxtu. 12. gr. á þá máske að vera til þess að hjálpa ómyndugum. Áður mátti enginn fjárhaldsmaður heimta þóknun fyrir fjárhald nema fje ómyndugra væri 20 hundruð á landsvísu eða meira, eða slíkur samningur hafi verið gjörður milli yfirfjárráðamanns og fjárhaldsmanns, að það gjöri betur en að vinnast þeim ómyndugu til framfæris, og fjárhaldsmaður þar að auki ekki sje afi, foreldri eða bróðir hins ómyndugu; þó skyldi það fá $^1/_6$ af því, er eptir verður af tekjum hins ómyndugu, þegar búið er að ljúka öllum gjöldum til árlegra þarfa hans. Það er auðvitað að þeir, sem eru mest skyldir hinum ómyndugu mundu sjá fje hans borgið fyrir enga þóknun, en hjer eiga þeir að fá $^1/_{10}$ af tekjum hins ómyndugu af fasteignum, þegar þeir koma þeim í peninga, og 4%, þótt þeir ekkert annað hafi fyrir þeim en að senda þær í sjóðina, og þeir fá borgun eins, hvað lítið sem fjeð er. H. flutningsm. (G. G.) vill þó leyfa að nánustu frændur hafi jafnrjetti til fjárhaldsins gagnvart öðrum fjarskyldum. Jeg hef áður drepið á, hvað síðara hluta 12. gr. sje óheppilega fyrirkomið. Ef fjárhaldsmaður heldur fje ómyndugs lengur en til er tekið í 10. gr. á hann að borga af því sömu vexti og fengizt hefðu annars, en í 7. gr. er honum leyft að halda því svo lengi, sem þörf er á, eða honum sjálfum sýnist, með öðrum orðum: fjárhaldsmaður virðist eptir frumv. geta lánað sjálfum sjer fje hins ómyndugu. 13. og 14. gr. eru að vísu nýjar, en ákvæði þeirra leiða af sjálfu sjer; það hlýtur að vera skylda fjárhaldsmanns, að sýna yfirfjárráðanda á hverju ári öll skilríki hins ómyndugu, úr því hann á á hverju ári að standa honum skil af reikningum yfir fjárhaldið, en að taka til, að hann skuli gjöra þetta á hverju manntalsþingi í þinghá þeirri, sem hann er búsettur í, er víst óþarfa ákvæði, en af því þarf máske enginn bagi að koma. 14. gr. tilsk. 18. febr. 1847 virðist alveg sleppt í frumv., en þó eru ýmisleg nauðsynleg atriði tekin þar fram, sem ekki mætti sleppa. 15. gr. og áfram til 17. gr. að henni meðtaldri, er hjer um bil hið sama sem í tilskipuninni. 18. gr. flýtur af sjálfu sjer. 19. gr. Yfirfjárráðandi skal ár hvert fella úrskurð á reikninga þá, sem honum eru sendir o. s. frv., og er það eins og í núgildandi lögum. 20. gr. Landsstjóri skal sjá um, að eitt yfirlit yfir allt ómyndugrafje á landinu verði prentað árlega í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal það borið saman við ....; þetta er óheppilega orðað, því halda mætti að það ætti að bera saman, þegar búið er að prenta það. 21. gr. frumv. hefur h. flutningsm. ráðið til að fella burt, og láta 22. gr. verða 21., með þeirri breytingu, að að eins skuli 1.—13. gr. dönsku laga 3. b. 17. kap. numið úr lögum. En svo hefur hann sleppt mörgum mikilsverðum ákvæðum, sem standa í 20. gr. tilsk., að amtmenn skuli vandlega gæta alls fjárhalds í sínu umdæmi, og láta senda sjer skýrslur um það þegar þeim þykir þess við þurfa, og mega þeir ganga stranglega að yfirfjárráðanda og fjárhaldsmanni, þegar ekki er allt sem skyldi. Þessu er öllu sleppt í frumv. þótt það auðvitað sjeu nauðsynleg ákvæði, og til mikillar tryggingar fyrir fje ómyndugra.

Jeg þarf ekki að taka það fram aptur, að jeg get ekki sjeð, að 11. og 12. gr. sjeu til annars en baga, þótt þær hafi átt að vera til þess að bjarga fje ómyndugra. Við meiri hlutinn, sem opt höfum beitt tilskip. 18. febr. 1847, höfum ekki sjeð, að hún væri bagaleg, heldur mjög tæmandi lagaboð, eins og við höfum tekið fram í nefndarálitinu. Það gæti kannske verið að eins eitt atriði varhugavert, nefnilega ákvæðið í tilsk. 18. febr. 1847 að lána má fje fleiri ómyndugra gegn veði í sömu fasteigninni. Þetta ákvæði gæti verið bagalegt, því allir ómyndugir, sem eiga fje í sama fasteignarveði þurfa ekki á sínu fje að halda á sama tíma, en bagalegt gæti verið, að þurfa að selja jarðir í smápörtum; gæti máske rýrnað við það fje hins ómynduga. — Í stuttu máli: nýmæli frumv. eru til þess að rýra tekjur hinna ómyndugu og ótryggja eignir þeirra.—

Jeg hef þá ekki meira að segja að sinni, og kannske ekki síðar, því jeg ímynda mjer, að h. flutningsm. (G. G.) geti ekki fært rök fyrir því, að nýmæli hans í frumv. sjeu hyggileg.

Flutningsmaður (Guðj. Guðlaugsson): Af því að jeg hef komið með nokkrar viðauka- og breyt.till. við frumv., þá ætla jeg að leyfa mjer að gjöra grein fyrir þeim fyrst.

Við 1. gr. hef jeg þá fyrst lagt til, að við hana bætist: „Eða eigi geta það, af öðrum ástæðum, er yfirvaldið telur gildar vera“, af því að jeg gat ímyndað mjer, að greinin, eins og hún er orðuð, þætti ekki nógu tæmandi, og svo er það hið sama og stendur í dönsku lögum, sem hefur verið sýnt fram á, að væri æskilegra að fylgja, og þótt þetta sje eigi svo þýðingarmikið, þá hef jeg ekki á móti því, að það væri bætt þannig. — Svo hef jeg komið með viðauka við 2. gr., að nánustu frændur hins ómynduga hafi þó rjett til fjárhaldsins gagnvart fjarskyldum mönnum jafnhæfum, og er það fremur af tillhliðrunarsemi, sem jeg hef gjört það, af því að jeg hef viljað fara eptir bendingum h. meðnefndarmanna minna, er álitu ákvæði þetta nauðsynlegt, og að ekki væri rjett að undanskilja hina nánustu frændur hins ómynduga, því að sýslumaður gæti þá beitt gjörræði og tekið fjarskyldari mann, sem ekki væri betri en hinn náskyldari. Jeg sá, að það gat vel komið fyrir, þó að jeg væri ekki hræddur um, að sýslumenn mundu sýna nein rangindi í þessu efni, eða taka vandalausa menn, fremur en skyldmenni að öðru jöfnu, fyrir fjárhaldsmenn og það því síður, ef eitthvert skyldmenni hins ómynduga vildi af velvild til hans taka við fjárhaldinu. En ástæðan til þess, að jeg kom ekki upphaflega fram með þetta ákvæði í frv. var sú, að jeg vildi ekki binda um of hendur yfirfjárráðamanns í þessu efni. Það er einnig nokkuð annað, að vera skyldur til að taka t. d. elzta bróður hins ómynduga sem fjárhaldsmann, þó að hann eigi 10 eða 11 bræður yngri og þeir sjeu ef til vill allir betur fallnir til fjárhaldsins, eins og skylt er eptir dönskum lögum, eða að mega, eins og hjer er farið fram á, velja úr þann, sem líklegastur er til þess, og það er opt betra að taka einhvern náskyldan en alveg fjarskyldan mann. Jeg ætla þess vegna, að þetta ákvæði spilli ekki fyrir, heldur sje rjettara, að því sje bætt við.

Ennfremur hef jeg lagt til, að bætt væri við sömu gr. samkvæmt ákvæðum dönsku laga, að maður, sem hefði þrjú fjárhöld áður, væri ekki skyldugur til að taka við fjárhaldi ómyndugra. Þar sem þessi kafli laganna hefur fengið svo sterk meðmæli, þá hef jeg ekki sjeð neitt á móti, að taka þetta upp í frv. Það er ekki hægt að leiða út úr orðum mínum, að yfirfjárráðamaður *megi* ekki bæta fjórða fjárhaldinu við, heldur að eins að sá, sem þegar hefur þrjú fjárhöld á hendi, er ekki *skyldur* til að takast fleiri fjárhöld á hendur, þó hon-

um byðist það. Mjer finnst það líka eðlilegt og ef það er gott í dönskum lögum, þá má það eins standa í 2. gr. þessa frv.

H. varaforseti (L. E. Sv.) tók það fram, þar sem undir þetta ákvæði heyrðu einnig þeir, sem mikla innheimtu hefðu á opinberum gjöldum, þá væru það ekki nema sýslumenn og bæjarfógetar. Jeg vissi það nú vel, að þeir höfðu einkum þá innheimtu á höndum, en jeg kannast ekki við, að fleiri hafi ekki ýms önnur opinber störf á hendi, — og varaforseti nefndi sjálfur umboðsmenn, — og opt er það, að þegar einn maður er færastur í sveitinni, þá hleðst á hann mest af því, sem gjöra þarf í þeim efnum, og þá sje jeg ekkert á móti, að sá maður megi skorast undan fjárhaldi.

Breyt.till. á stafl. 3 er að eins leiðrjetting á prentvillu, að í st.f. „20. gr.“ komi „19. gr“. innan sviga.

Þá er stafl. 4, að við 7. gr. bætist, að ekki skuli selja lausafjeð, þegar það er lagt í arf við skipti milli ómyndugs barns og foreldris þess, sem lengur lifir o. s. frv. Þetta er samkvæmt tilsk. 18. febr. 1847, og þar sem meðnefndarmenn mínir hafa bent mjer á, að ákvæði þetta væri nauðsynlegt, þá hef jeg gjarnan viljað færa mjer bendingar þeirra í nyt. Jeg hef ekki viljað sýna neinn þvergirðingsháttt eða stífni í þessu máli, heldur það eina, að jeg hef ekki kunnað við að leggjast á kodda andvaraleysisins í þessu efni og hætta alveg við að hugsa um málið.

Þá hef jeg lagt það til, að 21. gr. falli burt úr frv., nfl. ákvæðið um lögaldur, og breytist þá þarafleiðandi greinatalan þannig, að 22. gr. verður 21. gr.

Fyrst og fremst hef jeg komið fram með þessa breyting, af því að h. varaforseti (L. E. Sv.) benti mjer á það og jeg efaðist ekki um, að það væri gjört af einlægni og einstakri góðvild til frv., svo að jeg varð fljótur til að taka það burt. Jeg sje líka, að eins má ákveða lögaldur með sjerstökum lögum, og þá er heldur ekki allur þessi kafli dönsku laga úr lögum numinn.

Jeg vona, að h. þingdm. fallist á þessar viðauka- og breyt.till., ef þeir yfirhöfuð fallast á, að tilgangur frv. sje góður.

H. varaforseti (L. E. Sv.) byrjaði í ræðu sinni að hrósa happi yfir því, að jeg hefði ekki tekið fram í nefndarálitinu ýms atriði, er sýndu fram á, að nauðsynleg væri breyting á gildandi lögum um fjárforræði ómyndugra, En jeg hef tekið fram þau atriði í ræðum mínum áður við 1. og frh. 1. umr. málsins og þessvegna þótti mjer eigi þurfa að taka þau upp í nefndarálitið líka, og jeg hef ekki getað heyrt, að h. varaforseti (L. E. Sv.) hafi í neinu hrakið þær ástæður mínar, heldur hefur hann riðið á garðinn, þar sem hann var lægstur og reynt að gjöra sjer matarbita úr nefndarálitinu, af því að það var fáorðast og eigi var hægt að taka upp í það allar ástæður, sem teknar eru fram í ræðum mínum.

H. varaforseti (L. E. Sv.) tók það fram, að dæmi mitt — það var það eina, sem hann vitnaði til, — sem jeg skýrði frá við 1. umr. þessa máls, hefði ekki átt við, því að í því efni hefði verið um lagabrot að ræða. En hann verður fyrst að sanna, að þar sje um lagabrot að ræða. Meðan hann ekki gjörir það, þá er þýðingarlaust að slengja því fram. Það verður þá ekki til annars en þrætni, eins og þegar drengir þræta og segja: „Það er ekki satt, sem þú segir“. Hann verður fyrst að sýna og sanna, að það hafi verið lagabrot af yfirboðurum fjárhaldsmanns til að sannfæra mig um, að dæmið hafi ekki átt við. Jeg hef sýnt fram á áður og hjelt, að allir hefðu skilið það, að eptir gildandi lögum er fjárhaldsmaður beinlínis ekki skyldugur til að gjöra skilagrein fyrir fje ómyndugs, sem hann hefur tekið að sjer og *segja svo*, að þetta sje lagabrot,

sem lögin þó beinlínis heimila að gjöra megi, það sjá allir að er rangt skilið.

H. varaforseti (L. E. Sv.) gjörði mikinn vind úr því, að jeg hefði ekki í 1. gr. frv. vitnað í 1. gr. um sama efni í dönsku lögum. En það er ekki rjett af þeim, sem áttu þá að geta lagað það, að lasta það um of, og honum hefði verið innanhandar að lagfæra það og sómasamlegra heldur en að gjöra ekki neitt, en gjöra sjer svo mikið ómak á eptir að tæta allt í sundur. Og svo er nú ekki ofmikið vit í þessari aðfinnslu, þar sem í frv. sjálfu 22. gr. stóð, að allur 17. kap. dönsku laga væri úr lögum numinn með frv., og þó átti þegar í 1. gr. að vitna í þessi lög. Það veitir víst ekki af lögfræðing til þess að koma mönnum í skilning um aðra eins speki. Jeg held, að það hefði verið betra fyrir hann að reyna að sýna einhvern lit á því, að mótbárur hans væru á einhverjum rökum byggðar.

Jeg get tekið upp orð h. varaforseta eins og hann tók mín, að þar sem hann segir, að það sje fyrirsögn að frv. sje samkvæmt núgildandi lögum í mörgum atriðum, þá er það eins fyrirsögn, að yfirfjárráðandi hafi heimild til að heimta reikning, þó að hann hafi ekki skyldu til þess; en úr því hann hefur sleppt umráðunum, þá er efasamt, hvort hann getur notað þessa heimild eða hvort hann fær nokkurt tækifæri til þess, eins og jeg sýndi fram á í dæminu, sem jeg skýrði frá síðast. H. varaforseti (L. E. Sv.) skýrði frá því, að amtmaður Jónassen hefði líka einu sinni heimtað reikningsskil af fjárhaldsmönnum, en jeg get sagt honum það, að jeg hafði í þess amtmanns tíð ýmist tvö eða þrjú fjárhöld ómyndugra á hendi og ekki varð jeg var við það. Jeg gjörði að eins skilagrein fyrir því fjárhaldi, sem nam 20 hndr. á landsvísu eða meiru, en ekki öðru, enda hafa sýslumenn enga heimting á því, þar sem þeir hafa sleppt því frá sjer og fá heldur ekki tilefni til þess. Jeg ímynda mjer, að Jónassen heit. hafi að eins haft uppúr tilraun sinni skilagrein frá sýslumönnum um þau fjárhöld, sem námu 20 hndr. en ekki önnur, eða yfir þau fjárhöld, sem fjárhaldsmenn höfðu áður gefið sýslumönnum skilagrein um. Enda gat honum sem amtmanni ekki verið skylt að heimta annað, og sýslumönnum því síður skylt að láta annað af hendi. Það hefði líklega orðið seinlegt að hafa upp reikinga frá öllum þeim fjárhaldsmönnum, sem aldrei hefðu áður gjört neinn reikning við sjálfa sig eins og því miður mun eiga sjer æði víða stað.

Hvað því viðvíkur, að jeg hef sett gjalddaga 11. júní, þá er mjer það alls ekki neitt kappsmál. Jeg hef sett hann svo af þeirri ástæðu, að flestir þeir opinberu sjóðir, sem ætlazt er til, að fje ómyndugra verði geymt í, hafa þennan gjalddaga. Ennfremur eru fjárhöld venjulega skipuð um þetta leyti og eins getur sá tími verið hentugur, þar sem um fjárhaldsmenn er að ræða, sem þá flytjast úr eða í lögsagnarumdæmi og þykir mjer það því eðlilegt, að fjárhald sje bundið við þetta timatakmark eða falli saman við fardagaárið. Ef maður flytur sig, getur hann skilað tveimur reikningum áður en hann fer og finnst mjer því ekkert á móti, að 11. júní sje ákveðinn gjalddagi.

H. varaforseti (L. E. Sv.) sagði á þá leið, að jeg hefði tínt greinar mínar úr gildandi lögum upp í frv. Það má þó segja, að það sje viljann að virða fyrir h. varaforseta, að hann skuli telja frv. ófært, af því að það er samkvæmt eldri lögum og líka af því, að það breytir þeim, og ekki sýnist það nein sjerleg þörf að finna að því, þó að einhverjir staðir í frv. sjeu samkvæmt eldri lögum, samkvæmir þeim lögum, sem h. þm. telur allt til gildis.

Þar sem tekið er fram í frv. að yfirfjárráðanda sje heimilt að taka af fjárhaldsmanni fjárhaldið, ef miður fer um það en skyldi, þá er það ekki tekið beint

fram í tilsk. 18. febr. 1847, þó líklega megi draga það út úr henni einhverstaðar. En sýslumaður getur það því að eins nú, að hann fái þá að sjá einhverja reikninga fyrir fjárhaldinu. Þegar hann sjer þá ekki, þá getur hann ekki tekið fram fyrir hendurnar á fjárhaldsmanni. Ef t. d. 17 ára samningur er gjörður, þá getur hann ekki vitað, hvað verður um fjeð, yfir svo langan tíma, og ef hann veit ekkert um það, hvernig getur hann þá tekið fjárhaldið af fjárhaldsmanni. Jeg skil því ekki, hvers vegna menn eru að finna að því, að settar eru í lögum ákveðnar skyldur fyrir einhvern, en vilja hafa í staðinn, að sá og sá *geti* gjört þetta og þetta. Ef það væri nóg, að allir *gætu* gjört það, sem ætti og þyrfti að gjöra, þá þyrfti engin lög. En reynslan hefur nú sýnt, að yfirfjárráðamenn eru ekki upp úr því vaxnir að hafa lög til að fara eptir. Það er alveg víst, að það á sjer víða stað, að illa er farið með fje ómyndugra og þó að h. varaforseti þykist ekki vita mikið um það, þá býst jeg samt við, að jeg geti innan skamms sýnt — og hann þarf ekki að gefa mjer mikið til þess — að eitthvað hafi týnzt í hans lögsagnarumdæmi. Það þarf ekki að vera neinu lagabroti að kenna; jeg tek það fram, að það getur átt sjer stað án lagabrots af hálfu yfirvaldsins.

H. varaforseti (L. E. Sv.) gjörði mikið úr ákvæðum 12. gr. og mjer gat ekki komið til hugar, að hann gæti snúið þeim og þýtt þau þannig, sem hann gjörði. Eptir því átti að verða þyngra fyrir ómyndugra, hvað ómakslaun til fjárhaldsmanna snertir, eptir frv., en gildandi lögum. Eptir því ætti þá að vera þyngra 10% en 16% og eins 4% en 16%. Og ennfremur segir hann, að í greininni sje heimilað að halda eptir fje ómyndugra, sem bannað sje annarsstaðar í frv. Hvar stendur það, þó að gjört sje *ráð fyrir* að það geti komið fyrir? Það stendur í greininni: „Haldi fjárhaldsmaður hjá sjer“ o. s. frv. Það er að eins tekið fram til þess, að ef árið er liðið og fjárhaldsmaður ekki skilar fjenu, þá hafi yfirfjárráðamaður heimting á því og óskertum vöxtum af því, og getur þá, ef honum þykir ástæða til, tekið fjárhaldið af fjárhaldsmanni.

Það er ekki rjett, að lítið sje haft fyrir að koma því í peninga, sem borgað er í jarðarafgjöldum. Umboðsmenn hafa 16% fyrir að kalla inn peninga og byggja jarðir, og þá held jeg, að ómakslaun þau, sem hjer eru ákveðin 4% sjeu ekki of mikil, þar sem hreppstjórar fá 4% fyrir að ná inn til alþýðustyrktarsjóðs. En allir, sem geta lesið og vilja skilja það, sem þeir lesa hljóta að sjá, að eptir eldri lögum geta fjárhaldsmenn haft 16%. Hvernig er þá hægt að tala um, að þeir ómyndugu sjeu „snuðaðir“, þegar 4% er sett í staðinn! Það eina, sem jeg get skilið í, að h. varaforseti hefði að athuga við 12. gr., var, að í þeim tilfellum, sem undanskilið er í eldri lögum að ómakslaun sjeu greidd, er ekki undanskilið eptir þessu frv., heldur verður þá eins að gjalda 10—4% í ómakslaun. Og jeg álít það rjett, að úr því að menn hafa tekið að sjer fjárhald, að þeir fái þá þóknun fyrir það, því að ekki eiga menn að þvingast til þess án alls endurgjalds. Ef það eru skyldmenni, sem hafa fjárhaldið á hendi, þá geta þeir gefið það, ef þeir vilja og eru svo velviljaðir þeim ómyndugu. Það er ósanngjarnt, að borga öðrum fjárhaldsmanninum 16%, þótt hann hafi mjög lítið fyrir fjárhaldinu, ef sá ómyndugi brúkar ekki vextina sjer til framfæris, en hinn fjárhaldsmaðurinn, sem ef til vill hefur mjög mikið fyrir fjárhaldinu, fær enga minnstu þóknun, ef hinn ómyndugi eyðir vöxtunum. Jeg held að hver, sem hefur heilbrigða skynsemi sjái þetta. Í öðru tilfellinu geta menn fengið töluvert fje fyrir alls ekki neitt, en í hinu ekki neitt, fyrir mikla fyrirhöfn.

H. varaforseti (L. E. Sv.) setti út á það, að setja fje ómyndugra í sjóði á

vöxtu, því að þeir gæfu minni rentur en fást hjá privatmönnum. Hversvegna er það þá, að einstakir gróðamenn og opinberir sjóðir lána fje sitt ekki út á þennan hátt, heldur setja það í sjóði? Þeir mundu víst ekki gjöra það, ef þeim væri það skaði. Nei gróðurinn vinnst upp á því, að þá liggja ekki renturnar rentulausar og ekki þarf að óttast, að góð skil sjeu ekki gjörð á fjenu, sem í hinu tilfellinu má gjöra ráð fyrir. Jeg hef fært áður rök að því, að smásparisjóðir geta verið hættuspil, og því rjettara að leggja í þá, sem vissari eru, þegar um mikinn höfuðstól er að ræða. Mjer finnst þetta heldur ekki vera samkvæmt því, sem h. varaforseta hefur áður farizt orð, að vilja hafa allt fjeð í landsbankanum. En gefur hann hærri rentur? Jeg hef ekki á móti því, að svo sje gjört, því að eptirlit með fjenu verður þá mun þægilegra, en ekki er samkvæmni í því hjá h. varaforseta, að vilja það helzt og svo í hitt skiptið að segja, að það sje skaði. En eptir frv. er hver sjálfráður í hvern sjóðinn af þessum fjórum hann lætur fjeð; auðvitað er þá hægt að láta fjeð í þann sjóðinn, sem beztar gefur renturnar og þá í landsbankann, ef mönnum þykir það bezt. Sparisjóðir í sveitum munu heldur ekki gefa hærri vexti; þar má búast við minni tryggingu en engu í aðra hönd fremur en hjá landsbankanum.

Þá sagði h. varaforseti (L. E. Sv.), að mjög þýðingarmiklum kafla væri sleppt úr tilsk. 18. febr. 1847 um það, að bjóða fje ómyndugra upp á manntalsþingum; það er þó undarlegt, að jeg skyldi sleppa þeim kafla, þar sem allt ómyndugra fje á eptir frv. að setjast á opinbera sjóði, en ekki að lánast einstökum mönnum; til hvers skyldi þá eiga að bjóða fjeð upp á manntalsþingi, og svo vil jeg spyrja: hefur þetta ákvæði verið „praktiserað“ vanalega? og hvað miklar líkur eru til, að það verði gjört framvegis? Slíkt ákvæði í nýjum lögum væri bara hlægilegt.

Það má vel vera, að óheppilega sje orðað í 20. gr. um birting á skýrslu um fje ómyndugra í Stiórnartíðindunum og ekki sje hægt að bera það saman við skýrslu þá, sem sjóðir þeir gefa, sem ómyndugrafje er ávaxtað í, fyr en það sje komið út í Stjórnartíð. Jeg skal ekki þrátta um það. En það er þó gott, að aðrir geta borið það saman á eptir. En báðir h. meðnefndarmenn mínir hefðu getað lagað þetta, ef þeir hefðu viljað, en það sýnir, að viljinn hefur farið í einhverja aðra átt.

Jeg veit ekki eiginlega, hvernig á að skilja tilganginn með þingsályktunartill. þeirra, þar sem h. varaforseti (L. E. Svbj.) hefur lesið hin eldri lög, grein fyrir grein, og ekki fundið neina galla á þeim. Hvaða ástæða er þá að skora á stjórnina til að taka þau til meðferðar og breyta þeim, ef enginn galli finnst á þeim, og hvaða árangur ætli það hefði, þó að stjórnin færi að leita álits *háyfirvaldanna* í þessu efni, eins og þingsál.till. fer fram á?

H. varaforseti (L. E. Svbj.) talaði ennfremur um eitt atriði, sem hefði fallið úr, og væri mikilsvarðandi, en sem jeg heyrði ekki hvað var. Fæ máske að heyra það betur síðar, og þá get jeg svarað því.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg ætla að eins að taka fram, að jeg er h. varaforseta (L. E. Sv.) þakklátur fyrir þær upplýsingar, er hann hefur gefið, því þær hafa sýnt mjer fram á, að öll þörf er á að breyta ýmsu fleiru í frv. en jeg í fyrstu hugði. En þó get jeg engan veginn verið honum samdóma um, að frv. sje ekki nauðsynlegt, því þó ekki væri nema um 5. og 6. gr. að ræða, þá eru í þeim svo mikilsverð ákvæði, að vert er, að frumv. sje nákvæmar íhugað og lagfært. Það er sannarlega mikilsvert að fjármunir ómyndugra, sjeu sem bezt varð-

veittir, og að lögin stuðli að því, að þar komi öll kurl til grafar, en jeg verð að játa, að eptir hinum núgildandi lögum er næsta lítil trygging fyrir því, að ómyndugrafje sje vel varðveitt. Þegar menn í fyrsta lagi gæta þess, að engin árleg skil þarf að gjöra fyrir þeim fjárhöldum, er nema minna en 20 hundr. og í öðru lagi, að flest fjárhöld hjer á landi ná ekki þessari upphæð, og eru því undanþegin öllu eptirliti; það er allt annað, að sýslumaður eða yfirfjárráðamaður hafi leyfi til að heimta reikning, eða að það sje lögskylda, og þó ákvæði sjeu um, að hann hafi heimild til að taka fjárhald frá þeim manni, er illa fer með það, þá getur opt farið svo, að hann enga vitneskju fái um það, fyr en um seinan. Þótt í fyrstu sje gjörður í alla staði fullnægjandi samningur, þá geta kringumstæðurnar breytzt svo, að hann, þegar frá líður, eigi alls ekki við, en það veit sýslumaður ekkert um, því að fjárhaldsmaðurinn þarf, eins og jeg hef tekið fram, engin skil að gjöra fyrir fjármunum hins ómyndugа, þegar fjeð ekki nemur 20 hundr. Jeg verð því að halda fast fram, að ekki eigi að fella þetta frumv., því þótt margt sje að athuga og þurfi leiðrjettingar, þá er það þó svo mikil rjettarbót frá hinum núgildandi lögum, að það á skilið, að menn veiti því fylgi. Jeg álít það mjög óheppilegt, að einmitt lögfræðingarnir, sem hefðu getað unnið því svo mikið gagn, ekki skuli hafa litið það meiri líknaraugum, en raun hefur orðið á. Jeg játa, eins og jeg líka tók fram áður, að full ástæða er til að taka til greina athugasemdir h. varaforseta; málið á frumv. er hvergi nærri eins gott, eins og það ætti að vera, og mun jeg því slá mjer saman við h. flutningsm. þm. Strandam. (G. G.) og koma fram með breytingartillögur til 3. umr., og skal jeg þá færa mjer í nyt bendingar h. 1. kgk. (L. E. Svbj.).

Flutningsmaður (Guðj. Guðlaugsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að mjer gleymdist áðan að gjöra grein fyrir 5. breyt.till. minni á þingskj. 221 um, að í stað orðanna: „og veðrjett í búi yfirfjárráðanda, ef eitthvað af því tapast við gjaldþrot fjárhaldsmanns“, komi: sbr. tilskipun 19. des. 1821. Þegar jeg athugaði greinina eins og hún stóð í frumv., þá sá jeg, að hún var nokkuð óljóst orðuð. Meiningin er auðvitað sú, að hinn ómyndugi geti gengið að yfirfjárráðamanni, ef hann sýnir nokkra vanrækslu, en þar eð hægt er að draga aðra ályktun út af þessum orðum, þá hef jeg komið fram með breytingartill., og það því fremur, sem tilsk. frá 19. des. 1821 er nægilega trygg og ekkert fallið úr frv., er geti gjört þetta fyrirkomulag ótryggilegt fyrir hinn ómyndugа. Með því að engir aðrir hafa tekið til máls, en h. varaforseti og h. þm. Ísf. (Sig. St.), er tók svo vel í málið, sem jeg hefði óskað, að h. meðnefndarmenn mínir hefðu gjört, þá þarf jeg ekki að fjölyrða meira um það, en skal að eins geta þess, að mjer er kærkomið, ef menn vildu leiðrjetta málið að því leyti, sem því er ábótavant, því jeg þarf hreint ekki að skammast mín fyrir, þótt málið hjá mjer sje ekki allskostar rjett, þegar málvillurnar á sumum frumv. stjórnarinnar, ekki að eins skipta tugum heldur jafnvel hundruðum.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 221) við 1. gr. samþ. með 9 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 6:2 atkv.; 2. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 9 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 3. gr. samþ. með 6 atkv.; 3. breyt.till. við 4. gr. samþ. með 9 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 5. og 6. gr. samþ. með 9 atkv. hvor; 4. breyt.till. við 7. gr. samþ. með 8 atkv.; 7. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 8. og 9. gr. samþ. með 6 atkv. hvor; 10. gr. samþ. með 7. atkv. 11. gr. samþ. með 6 atkv.; 12. og 13. gr.

samþ. með 7 atkv. hvor; 14. gr. samþ. með 8 atkv.; 15. gr. samþ. með 7 atkv. 16. og 17. gr. samþ. með 8 atkv. hvor; 5. breyt.till. við 18. gr. samþ. með 9 atkv.; 18. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 19. gr. samþ. með 8 atkv.; 20. gr. samþ. með 6 atkv.; 6. breyt.till. við 21. gr. samþ. með 9 atkv.; 7. breyt.till. við 22. gr. samþ. með 8 atkv; 8. breyt.till. við fyrirsögn frumv. samþ. með 9 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Frumv. til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi (C. 248, 299); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Mjer lízt ekki vel á þetta frumv. Jeg held, að ef það næði fram að ganga, þá mundi það að eins verða til skaða, en einskis ábata, og jeg get heldur ekki sjeð neina ástæðu til að það er fram komið. Jeg veit ekki til, að utanríkismenn sækist eptir jarðeignum hjer á landi. Það væri fyrst tími til að koma fram með bann gegn því, að þeir ættu hjer jarðeignir, þegar menn sæju, að þeir legðu sig fram til að ná hjer í jarðir, og ástæða væri til að óttast, að mikill arður af fasteignum drægist út úr landinu. En jeg þekki engin dæmi, er beri vott um þetta. En þá liggur næst að spyrja, hvort það hafi þá hingað til verið til skaða, þá sjaldan það hefur verið, að utanríkismenn hafa átt jarðeignir hjer á landi? Að minni ætlun hefur það einmitt þvert á mót orðið landinu og einstökum mönnum til töluverðs ábata. Jeg skal taka t. d. Krísuvíkurnámurnar. Utanríkismenn þeir, er hafa átt þær, hafa eytt til þeirra stórfje, og miklir peningar þannig komið inn í landið, einmitt þeirra vegna. Jeg skal einnig nefna annað dæmi. Utanríkismenn keyptu postulínsnámur að sjera Oddi, og þó þeir ekki sjeu byrjaðir að nota námurnur, hefur þó eigandinn fengið töluvert fje fyrir þær, og mundi honum að öðrum kosti hafa orðið lítið úr þeim. Hið þriðja dæmi, er mjer er kunnugt um skal jeg einnig nefna. Það var maður nokkur, sem fyrir 30 árum keypti jörð á 600 dali; skömmu síðar kom til hans Englendingur, er keypti einn hyl í landareigninni fyrir 1000 dali. Fyrir þennan eina hyl fjekk maðurinn því 400 dölum meira en hann hafði gefið fyrir alla jörðina. Englendingurinn byggði sjer hús við hylinn, og kom þangað ár eptir ár í langan tíma; en nú hin síðustu ár hefur hann ekki komið, og er því mjög líklegt, að hylur þessi falli aptur undir jörðina eða ábúendurnir að minnsta kosti noti hann til veiða. Jeg veit til þess, að Englendíngar, er hjer hafa verið uppi á sumrin, hafa boðið svo mikið fje fyrir veiðirjett í sumum laxám, að stór hagur hefði verið fyrir eigendurna að selja þeim hann, því renturnar af höfuðstólnum hefðu numið meiru en arðurinn hefur verið af ánum í mörg ár. Englendingar þessir hefðu þá einnig byggt sjer hús við árnar og dvalið hjer um sumartímann, og dregið stórfje inn í sveitir þær, er hlut eiga að. Það er því mjög ísjárvert að banna þessum mönnum að eiga hjer jarðeignir, sem helzt mundu verða námur eða veiðiár, og Íslendingar mundu hafa vit á að setja nægilega upp við þá, er þeir föluðu. En það er ekki einungis kaupverð eignanna, sem landsmenn fengju, heldur einnig allir þeir peningar, er þeir flyttu með sjer, þá er þeir kæmu til að nota þær. Í 2. gr. stendur, að ef menn flytji sig af landi burt, skuli þeir innan þriggja ára hafa selt jarðir þær, er þeir eiga, að öðrum kosti skuli þær seldar við uppboð. Þetta mun einkum vera stýlað móti mönnum, er til Ameríku fara hjeðan af landi. En gætum að, hver afleiðingin af þessu yrði. Hún yrði sú, að Ameríkufarar gætu eigi selt fasteignir sínar, þá er þeir færu, nema fyrir sárlítið verð, því þegar menn vissu, að þeir eptir þrjú ár gætu fengið þær að líkindum fyrir lítið, mundu fáir bjóða mik-

ið í þær, ef eigandinn flytti af landi burt. Þótt mjer sjer ekki mikið gefið um þessar Ameríkuferðir, og álíti þær landinu til baga, þá vil jeg þó á engan hátt gera þeim mönnum skaða, er þangað fara. Þeir eru uppaldir við hin sömu brjóst okkar sameiginlegu móður og vjer, og þó þeir fari af landi burt, þá veit jeg, að margir þeirra bera engu að síður hlýjan hug til fósturjarðarinnar og geta ef til vill á ýmsan hátt unnið henni töluvert gagn, þó þeir sjeu í öðru ríki. Jeg vil því alls ekki láta þröngva rjetti þeirra í neinu tilliti. Þetta nær ekki heldur að eins til þeirra manna, er til Ameríku fara, þó það kunni að vera miðað við þá, heldur einnig til þeirra, er flytja sig til annara ríkja t. d. til Englands og Skotlands. Þar voru fyrir skömmu þrír Íslendingar, sem hver á sinn hátt gjörðu landinu gagn og sóma. Ef Guðbr. sál. Vigfússon hefði átt jarðeignir hjer á landi, hefði það ekki verið hart, að neyða hann til að selja það fyrir lítilræði, hann sem var ættjörðu sinni til svo mikils heiðurs.

Hvernig sem það er skoðað, verður frumv. þetta ætíð ótímabær burður, sem hvorki mundi verða landinu til gagns nje sóma, ef það yrði að lögum.

Hallgrímur Sveinsson: Við 1. umr. greiddi jeg atkv. með þessu frumv. af þeirri ástæðu, að jeg ekki hafði haft tíma til að kynna mjer það nægilega, og jeg álít það aldrei rjett að fella nokkuð frv. án þess nákvæmlega að hafa íhugað það. Þegar um eitthvað nýtt mál er að ræða, eru menn vanir að líta eptir þeirri rjettarbót, er í því kunni að felast, en hjer fæ jeg eigi sjeð neina slíka rjettarbót, heldur að eins rjettarþvingun og rjettarneitun. Þetta eru harðneskjuákvæði, en ekkert rjettlæti, að neyða menn til að selja jarðir sínar, þó þeir fari af landi burt, og jeg álít, að slíkt verði með engu móti rjettlætt, nema því að eins, að sýnt verði fram á, að voðatjón hafi hlotizt af þessu, eða gefið verði, að það muni síðar verða afleiðingin. En eins og sjest af dæmum þeim, er h. 6. kgk. þm. (Þ. B.), er síðast talaði kom með, þá er það augljóst, að landið getur haft miklu meiri von um hagnað, ef útlendingar hafa hjer fótfestu, heldur en hitt. Jeg er því alveg samdóma h. 6. kgk. (Þ. B.), og jeg verð að álíta það hið mesta harðræði að neyða menn, hvort heldur er innan 3 eða 6 ára eins og breyt.-till. h. þm. S.-Múlas. (G. V.) fer fram á, til að hafa selt jarðir sínar eða að öðrum kosti láta selja þær við nauðungaruppboð; og mjer stendur í því tilliti alveg á sama, hvort þessir menn fara til Ameríku, eða til einhverra annara landa hjer í Evrópu. Meðan jeg eigi get sjeð neinar ástæður fyrir þessu frv. neyðist jeg því til að greiða atkvæði móti því.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal að vísu játa, að jeg fyrir mitt leyti er ekki neitt sjerlega spenntur fyrir þessu frumv., og álít það ekki neina frekari nauðsyn, en á hina hliðina, þá hefur mjer skilizt svo, sem frumv. sje að mestu stýlað til þeirra manna, sem flytja hjeðan til Ameríku. Að vísu þekki jeg ekki, að landinu sje nein veruleg hætta búin að því fyrirkomulagi, sem nú á sjer stað, en get þó vel ímyndað mjer, að eptir því sem Ameríkuferðir verða tíðari, og mönnum gengur erfiðara að selja fasteignir sínar, vegna peningaeklu o. fl., þá kunni það í ýmsum sveitum, að hafa mjög slæm áhrif á landbúnaðinn, ef menn hlaupa frá jörðum óseldum, og skilja þær eptir í hálfgjörðu greinaleysi og óskilum. Af þessu leiðir aptur, að jarðirnar níðast niður ár eptir ár, en eigandi þykist góðu bættur, ef hann fær einhverja aura upp í afgjaldið. Jeg hef nú eigi komið fram með breytingartill. mína í þeim tilgangi að verndа þá, sem flytja alfarnir af landi burt, heldur hef jeg haft sjerstaka hliðsjón til þeirra

manna, er fara kunna af landi burt um nokkur ár, því þá fanst mjer þessi þriggja ára tími vera æði stuttur. Jeg skal taka t. d. mann, sem fer til Noregs og dvelur þar þrjú ár við eitthvert nám; ef hann svo fær einhverja lausa atvinnu þó ekki sje nema örstuttan tíma, þá verða fasteignir þær, er hann kann að eiga hjer á landi seldar við nauðungaruppboð, þótt hann fyrir fullt og fast ætli sjer að hverfa hingað aptur. Eins er með menn, sem fara til Englands eða Skotlands. Jeg hef því breytt þessum þriggja ára tíma í 6 ár, af því mjer virðist miklu nær að álíta þann mann alfluttan hjeðan af landi, er svo lengi dveldi erlendis. Að minnsta kosti missir sá maður, sem í 5 ár hefur ekki búið í landinu mikið af sínum borgaralegu rjettindum, hann hefur t. d. ekki kjörgengi til alþingis, og mun yfirhöfuð naumast vera skoðaður sem íslenzkur borgari. Jeg skal eigi halda uppi neinum svörum, hvorki fyrir breytingartillögu minni eða frv., en skal að eins lýsa því yfir, að jeg óhikað greiði atkvæði á móti því, ef tillaga mín ekki kemst að.

ATKVÆÐAGR. 1. gr. frv. felld með 7 atkv. gegn 2. Við br.till. (C. 299) við 2 gr. var viðhaft nafnakall og sögðu:

já:	*nei:*
Þorl. Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Guðjón Guðlaugsson,	Einar Ásmundsson,
Gutt. Vigfússon,	Kr. Jónsson,
Hallgr. Sveinsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sigurður Jensson,	Þorkell Bjarnason.
Sigurður Stefánsson.	

2. gr. frv. felld með 6 atkv. gegn 3. 3. gr. felld með 7 atkv. gegn 1. Frv. því fallið í heild sinni.

Frv. til laga um ferðakostnað alþingismanna; (C. 275); 3. umr.

Flutningsmaður (J. A. Hjaltalín): Jeg skal að eins leyfa mjer að benda á, að það er ein prentvilla í frv.; í upphafi frv. stendur „1. gr.“ framan við meginmálið, en þetta „1. gr.“ á ekki þar að vera, því að frv. sjálft er ekki nema ein einasta grein.

Guttormur Vigfússon: Við fyrstu umr. mætti frv. þetta allmiklum andmælum og mótbárum, en jeg skal þó ekki fara mikið út í það að svara þessum andmælum. Jeg vil að eins leyfa mjer að skýra dálítið það, sem jeg sagði um daginn í þessu máli, að hagur sá, sem landssjóður hefði af því, að þingmenn færu með strandferðaskipunum, kæmi niður á þingmönnunum sjálfum, sem skaði fyrir þá. Jeg hygg að þetta sje ljóst, þegar maður tekur til dæmis tvo þingmenn úr sömu sýslu, þar sem landferðin og sjóferðin tekur hjer um bil jafnlangan tíma, og annar ferðast svo landveg en hinn sjóveg. Vjer skulum taka til dæmis Norðurmúlasýslu. Eptir hinum ýmsu ferðaáætlunum fyrir strandferðaskip, sem nú liggja fyrir þinginu, er gjört ráð fyrir hjer um bil 30 dögum fram og aptur frá Seyðisfirði, þó dálítið mismunandi eptir hinum ýmislegu áætlunum. Landferðin er og reiknuð að jafnaði 13—15 daga, eður um 30 daga fram og aptur. Jeg sagði það um daginn, að sá þm., er færi landveg eyddi að eins 2 kr. af dagpeningum sínum á dag. Jeg skoða dagpeningana bæði sem fæðispeninga og sem endurgjald fyrir veruna á þingi. Sá þm., er fer þessa ferð landveg eyðir því í fæðispeninga á 30 dögum 60 kr. Nú eru honum ætlaðar 180 kr. þessa 30 daga, og kemur hann þá heim með 120 kr. af þessum peningum; sparar þannig 4 kr. á dag. Hinn þar á móti, er sjóveg fer með strandferðaskipunum þarf að borga í fæðispeninga í 1. skiprúmi 5 kr. á dag, 150 kr. í 30 daga, og kemur þannig ekki heim nema með 30 kr. af dagpeningum sínum, 1 kr. fyrir hvern dag um þann tíma ársins sem bændum, að minnsta kosti, er arðsamastur. Af þessu leiðir, að það er alls ekki ósanngjarnt, þótt þeir þm. sem sjóveginn fara, fái dálítið meira en því sem fargjaldinu nemur. Og ef þm.

fara almennt að ferðast sjóveginn, munu þeir áður mörg ár líða neyðast til að biðja um hækkun á dagpeningum sínum, þó því fyrirkomulagi yrði haldið sem nú er. Jeg hef reiknað út eptir frv. þessu, hvern hag þm. gætu haft af að fara sjóleiðis, t. a. m. úr Múlasýslum, eptir því sem frv. ákveður ferðakostnaðinn, og nemur það aldrei meiru en 90—100 kr.; á hina hliðina geta þm. skaðazt um 90—100 kr. ef farið væri eptir tillögu þeirri, er fram kom við aðra umræðu þessa máls. Eins og jeg hef áður tekið fram, er jeg ekki á móti því, að lækka megi dálítið þann ferðakostnað, sem áætlaður er í frv. í ýmsum greinum.

Það má svo að orði kveða, að frv. þetta sje nú í annað sinn komið inn á þetta þing, og það hefur ár eptir ár verið til umræðu. Aðalorsakirnar til þess, að frv. um þetta koma fram á hverju þingi, nú á síðustu tímum, eru þær, að þjóðin hefur jafnt og stöðugt heimtað, að þessi kostnaður sje fastákveðinn með lögum. Jeg ímynda mjer þó og er þess fullviss, að það sje alls ekki vilji þjóðarinnar með þessum kröfum sínum, að fá sett niður endurgjaldið fyrir þingmennskuna sem mest heldur hitt, að kostnaðurinn verði hlutfallslega sami fyrir alla þingmenn, að allir, sem jafnlangt hafa að ferðast fái jafnmikið, svo að menn geti hætt að nudda um það, að þessi fái meira en hinn, reikni sjer meira en hinn reiknar.

Jeg skal svo eigi eyða meiri tíma háttv. þm.; jeg hygg að flestir sjeu ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkvæði, og jeg skal bæta því við, að mjer virðist ekkert vera á móti því, að háttv. Nd. fái frv. til meðferðar, því að þar situr fjöldinn af hinum þjóðkjörnu þingmönnum.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að benda á eitt atriði, sem valdið getur talsverðum ójöfnuði með þingfararkaupið, ef það verður nú fastákveðið með lögum, eins og hjer er gjört ráð fyrir. Það er öllum kunnugt, að gufuskipaferðir umhverfis landið eru nú í allmiklum uppgangi, svo að hæglega getur það orðið, að greiðari verði flutningar og samgöngur frá ýmsum þeim stöðum, sem nú sem stendur eru eitthvað út úr skotnir í þessu efni, þannig, að þm. geti áður langt um líður, farið ferðir sínar til þings og heim aptur með talsvert minni kostnaði, heldur en gjört er ráð fyrir í þessu frv. Jeg skal taka til dæmis Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Í frv. er þm., sem búsettir eru í þessum sýslum, ætlaðar í ferðakostnað 80 kr úr Mýraýslu og 60 kr. úr Borgarfjarðarsýslu. Vitanlega er hjer ekki um neitt stórfje að ræða, en væri þm. búsettur nærri t. a. m. Borgarnesi eða þá á Skipaskaga og gæti því komizt með gufubát þeim, er gengur hjer um Faxaflóa, mundi hann eigi eyða til ferðarinnar fram og aptur nema litlum hluta af fje því, sem honum væri ætlað í ferðakostnað. Á sama hátt mætti nefna til fleiri staði. Ef þm. úr Snæfellsnessýslu sæti nálægt Búðum eða Skógarnesi, þá mundi heldur ekki hann eyða nema litlum hluta af þeim 120 kr., sem þingmanni þaðan er ætlað til ferðakostnaðar, — ef hann gæti notað þennan sama gufubát til ferðarinnar. Það er þannig nokkuð hæpið, einmitt á þessum tímum, þegar samgöngurnar eru svo mjög að breytast til batnaðar, að fastákveða þennan ferðakostnað með lögum, enda þótt þjóðin kalli eptir föstum lagaákvæðum í þessu efni. Það kynni og að vera, að mál þetta sje ekki nægilega skoðað og að þjóðin hafi ekki gjört sjer það nægilega ljóst. þótt hún hafi gjört þessar ályktanir um að binda það fast með lögum; slíkt kann opt að að bera. Jeg skal ekki mótmæla reikningi þeim og skýringum, sem h. þm. Suðurmúlas. (G.V.) kom fram með, en þess ber þó að gæta, að nú er miðað við strandferðir norðan um land, en kæmist sú breyting á, að einnig væri hægt að fara sunnan um land að austan, yrði

kostnaðurinn miklu minni; þá ferð mætti fara úr Múlasýslum á 4—5 dögum, og þá yrði þingfararkaupið mjög ríflegt. Þá er jeg hræddur um, að þjóðin kynni að sjá sig um hönd, þegar hún yrði þess vör, að þm. notuðu ekki nema dálítinn hluta til fararinnar af kostnaði þeim, sem þeir fengju útborgaðan eptir lögum þessum. Þá er jeg hræddur um, að þjóðin yrði ekki síður óánægð heldur hún er nú, því að í raun og veru mun það vera sparnaðarhugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir þessum kröfum um fast þingfararkaup. Ef sá reikningur er rjettur, sem h. þm. Strandam. (G. G.) kom með um daginn í þessu máli, þar sem hann sýndi fram á, að eptir þessu frv. yrði þingfararkostnaðurinn töluvert meiri, heldur en hann hefur verið allmörg undanfarin þing, þá hygg jeg, að þjóðin muni hæglega sannfærast um það, að betra sje að spara nokkrar þúsundir króna ár hvert, heldur en að binda þingfararkaupið fast með lögum.

Mjer skildist svo á ræðu h. þm. Suðurmúlas. (G. V.), sem þjóðin mundi mest vera óánægð yfir því, að þingfararkostnaðurinn væri stundum misjafn hjá þm., sem þó hefðu líka leið að fara. Það má að sönnu segja, að það sje nokkuð óviðfeldið, ef svo kemur fyrir, að stórmikill munur er á ferðareikningum þingmanna, er líka ferðalengd fara, en það er þó eigi örðugt að benda á ýmislegar kringumstæður, sem þessu geta valdið. Sje t. a. m. annar þm. ungur og hraustur en hinn hrumur og gamall, er ekki óeðlilegt, að nokkur ferðakostnaðarmunur geti komið fram. Gamall maður og hrumur getur ekki ferðazt eins fljótt yfir, hann þarf máske sjerstaka aðstoð á ferðinni o. fl. þess háttar, er gjörir ferð hans dýrari og ferðatímann lengri. Ýmislegt fleira má benda á, er slíkum mismun getur valdið; þetta er að eins eitt dæmi. Þó að það fyrirkomulag, sem nú er haft, hafi ýmsa ókosti, þá hefur það samt þann stóra kost, að það er „elastiskt“, (þ.e. getur lagað sig eptir ástæðum í hvert skipti), að hægt er að taka tillit til og laga sig eptir ýmsum atvikum, sem fyrir koma í hvert skipti og breytingum þeim, sem tíminn hefur í för með sjer. Það er því vangæft að vita, að það sem sett er í staðinn reynist betur. Jeg er því á þeirri skoðun, að eptir því, sem málið nú stendur af sjer, sje rjettara að frv. þetta fái ekki framgang.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6: 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Guðjón Guðlaugsson,
Þorl. Jónsson,	Hallgrímur Sveinsson,
E. Ásmundsson,	Kr. Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sig. Jensson,	Sig. Stefánsson.
Þorkell Bjarnason,	

Frv. því næst afgreitt til Nd.

Frv. til laga um afnám kóngsbænadagsins sem helgidags (C. 236); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um lausafjártíund (C. 282); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. (C. 281, 298); 3. umr.

Guttormur Vigfússon: Þegar lögin um útflutningsgjald af fiski og lýsi voru samin, var, eins og mönnum er kunnugt um, mikil straumur hingað til lands af útlendingum, er leituðu hingað til síldarveiða. Stór fjelög mynduðust í útlöndum, er sóttu uppp hingað þúsundir af peningum. Þessir útlendingar komu hingað upp á sumrin, dvöldu fram eptir haustinu, og fóru því næst með ágóðann til annara landa, án þess að gjalda nokkuð verulegt

til landsþarfa. Þetta hefur að minni hyggju vakað fyrir löggjafarvaldinu, er útflutningsgjaldið á síldina var lagt á, og ollað því, að það var sett svo miklu hærra en af nokkurri annari vörutegund, nfl. 27⁷/₉ aur. á hverja tunnu (120 potta). Þess er einnig að gæta, að eins og þá stóð á, var síldin í töluvert háu verði eða að minnsta kosti hærra en nú. Nú er einnig þessi straumur af Norðmönnum að mestu eða öllu leyti horfinn; að minnsta kosti þekki jeg ekki eitt einasta útlent fjelag, er stundi síldarveiðar hjer við land, en í stað þeirra eru komin innlend fjelög, er í smáum stýl stunda veiðar þessar. Nú þykjast þessir menn að vonum verða nokkuð hart út undan, og þar sem þetta einkum á sjer stað í Suður-Múlasýslu, þá hafði jeg verið beðinn um að koma fram með frv. á þingi í þá átt, að gjald þettta yrði fært að minnsta kosti niður í 10 aura af hverri tunnu. Eptir að hafa borið mig saman við ýmsa menn og kynnt mjer málið nákvæmar, þá hef jeg þó ekki treyst mjer til, að þessu sinni, að fara lengra, en breyt.till. fer fram á. Þetta hygg jeg, að muni vera að mörgu leyti ekki ósanngjarnt, en þó svo hátt, að það trauðla megi hærra vera. Sjest það ljóslega þegar við berum það saman við útflutningsgjald af öðrum vörutegundum. Af 100 pd. af saltfiski er útflutningsgjaldið 10 aurar, en þau munu að meðaltali vera um 10 kr. virði; af lýsistunnunni er það 30 aurar, en hún mun vera að meðaltali án alls umbúnaðar 25 kr. virði. En síldartunnan selst hjer á landi áður en hún er útflutt umbúðalaus ekki hærra en 6 kr. Ef því minni till. yrði sinnt væri á þessara 6 kr. virði í síld lagt 20 aurar, og er það hlutfallslega töluvert hærra, en þessir 30 aur. á lýsistunnunni, eða þessir 10 aur. á 100 pd. af saltfiski, en lítil sanngirni er að hafa það hærra, nema ef vera skyldi sú eina ástæða, að þegar síldarveiði á annað borð er góð, þá eru peningarnir fljótt teknir upp, en hún er aptur á móti mjög stopul og ákaflega dýr. Jeg vona því, að h. deild taki þessa breyt.till mína til greina og veiti henni meðhald sitt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 298) samþ. með 7 samhlj. atkv.

Frv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til Nd.

Tuttugasti og sjöundi fundur, fimmtudaginn 3. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda o. fl. (C. 283, 308); 3. umr.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Nefndin hefur komið fram með ofurlitla breyt.till. og er það ekki efnisbreyting, heldur að eins til að laga málið. Breyt.till. er á þingskj. 308 og er við 12. gr. Í greininni stendur: „Borgun fyrir það fá þeir ...“, en á að vera: „Borgun fyrir það fær hann“, því það svarar til orðanna: „má hreppstjóri o. s. frv.“, og jeg vona að enginn hafi neitt á móti því. Einstaka prentvillur hafa slæðzt inn í frv. og skal jeg sjá um, að þær verði leiðrjettar við endurprentun frv. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál, því engar breyt.till. aðrar hafa komið fram og flestar greinar frv. voru samþ. við 2. umr. í e. hlj. og ímynda jeg mjer því, að h. deild muni samþ. það eins við þessa umr. eins og þá.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 308) samþ. í e. hlj. Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (C. 213); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv samþ. með 9 atkv. og afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 258); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. og frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (C. 284). 1. umr.

Kristján Jónsson: Þó að lagafrv. þetta hafi áður verið fyrir til meðferðar hjer í deildinni, sem sje fyrir 2 árum síðan og þó það nú hafi verið ítarlega athugað í h. Nd., þá þykir mjer þó, að nefnd ætti að setja í málið, til þess nákvæmar að athuga það.

Jeg vil stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 9 atkv.
L. E. Sveinbjörnsson — 9 —
Einar Ásmundsson — 5 —

Frv. til laga um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 287); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og áttundi fundur, föstudag 4. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 257); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 10 atkv.; 2—4. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að selja salt eptir vigt (C. 295); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guttormur Vigfússon*): Jeg vona, að þetta litla frv. þurfi ekki miklar skýringar, því það er bæði stutt og ljóst. Það fer fram á að selja salt eptir vigt. Eins og kunnugt er hefur um mörg undanfarin ár kornvara verið seld eptir vigt, sömuleiðis steinkol, en hver ástæða hefur verið til að taka salt ekki með, þegar lög 19. des. 1877 um að selja kornvöru og kol eptir vigt voru samin, er mjer ekki fullljóst, nema ef vera skyldi sú, að salt hafi þá eigi verið orðið eins þýðingarmikil verzlunarvara, eins og nú er orðið, síðan fiskveiðarnar jukust, og mest af fiskinum er verkað með salti.

Jeg hef komið fram með frv. þetta af því mjer sýnist það harla óeðlilegt, að þessi vörutegund sje hjer seld eptir máli, þar sem kaupmenn kaupa hana erlendis eptir vigt, og svo mikill munur er á þyngd hennar eptir gæðum, að á einu „tons“ getur það munað allt að $^1/_4$ á mælirnum. Af þessu er mjög líklegt, að leiði það, að kaupmönnum verði fremur gjarnt á að kaupa ljetta saltið, sem fyllir fleiri tunnumálin, því frekar, sem verðmunur er optast lítill eða enginn á saltmálinu, hvort sem það er þungt eða ljett í vigtina, en sá getur verið munurinn, að tunnan af ljettu salti vigti kringum 216 pd. en af þyngra og betra salti 260—270 pd. og þaðan af meira. Að þessi mikli munur á saltgæðunum geti haft talsverð áhrif á saltfisksverkunina yfir höfuð, er víst ekki alls ókunnugt, enda munu þeir menn margir vera, sem fara meir eptir saltmálinu en saltþyngdinni, af því þeir keyptu eptir mæli, þegar þeir salta fiskinn. Jeg segi ekki, að það sje algengt en að það geti komið fyrir, og þá getur þessi hluti, hvort hann er mikill eða lítill, orðið til þess að spilla fyrir þeim fiski, sem betur og hyggilegar er saltaður. Jeg sje ekki að nauðsyn beri til að stinga upp á nefnd í þessu máli, það mun öllum svo fullkunnugt, og jeg vona, að það nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv til laga um að nema dómsvald

hæstarjettar, sem æzta dómstóls í íslenzkum málum úr lögum (C. 286); 1. umr.

Kristján Jónsson: Það er mjer eiginlega ekki ljúft, að standa upp til að tala í máli þessu, en jeg gjöri það þó, bæði af því, að málið er mjer nokkuð skylt og svo hef jeg æði opt áður látið í ljósi skoðanir mínar á því við ýmsa menn, og sumir þeirra munu vera nærstaddir og eiga ef til vill von á því, að jeg noti tækifærið og láti í ljósi skoðun mína opinberlega; jeg vil því ekki draga mig í hlje.

Það hefur frá því fyrsta verið og er enn skoðun mín, að engin innlend eða íslenzk mál eigi að fara til úrlausnar út úr landinu og að þau eigi að öllu leyti að útkljást hjer innanlands. Þegar er jeg byrjaði embættisnám mitt við háskólann, varð jeg þessarar skoðunar, og henni hef jeg haldið til þessa dags

Eins og kunnugt er, hefur hæstirjettur verið æzti dómstóll vor síðan ofarlega á 17. öld. Jeg skal ekki fara neitt út í það, hvernig hann varð það, því að flestum mun það fullkunnugt. Jeg vil að eins taka það fram, að hæstirjettur er og hefur verið svo vel skipaður mönnum, að tæplega mun völ á betri dómendum, bæði sökum lærdóms og vitsmuna, og svo er stöðu þeirra svo háttað, bæði með tilliti til launa og annars, að eigi getur komið til mála, að nokkur freisting sje fyrir þá til að víkja í nokkru út af vegi rjettlætisins.

Jeg ber því mjög mikla virðingu fyrir þessum dómstóli, eins og allir gjöra, sem þekkja hann, sem eins hins ágætasta dómstóls, er um getur verið að ræða. — Því verður eigi neitað, að vjer tilheyrum öðru þjóðerni, en bræður vorir Danir. Sömuleiðis verðum vjer að kannast við, að það er þýðingarmikið atriði og harðla æskilegt, að hver dómstóll sje kunnugur þjóðerni þeirra manna um hverra mál hann á að dæma. Jeg er hræddur um, að Danir þekki ekki svo þjóðerni vort, sem vera skyldi. Jeg hef sjálfur verið um 5 ár í Khöfn, og hef reynslu fyrir því, að Danir ekki þekkja eins mikið til vor og æskilegt væri. Jeg játa það fúslega, að maður mætir þar miklum velvilja, jafnvel hjartgrónni velvild, en þekking á okkur og högum okkar hafa þeir ekki til hlítar.

Þá er það að mínu áliti allsendis nauðsynlegt, að þeir, sem eiga að dæma um mál manna, skilji til hlítar tungu þá, sem vitnaleiðsla, og sóknar- og varnargögn í málunum eru skráð á. Þýðingar á málsskjölum geta aldrei orðið svo nákvæmar og áreiðanlegar, að þær sjeu fullkomlegt jafngildi frumskjalanna. Jeg hef fengizt æði mikið við útleggingar á rjettarskjölum, og hef þráfaldlega rekið mig á það, hve erfitt er að þýða skjölin nákvæmlega rjett, þannig að hugsunin, eins og hún kom fram á frummálinu, komi nákvæmlega óbjöguð fram í þýðingunni. Þá er enn eitt atriði, sem ef til vill þó hefur minni þýðing en þau tvö atriði, sem jeg þegar hef tekið fram, en sem eg allt að einu vil drepa á, og það er, að vjer höfum frá alda öðli haft önnur lög en Danir; grundvöllurinn undir löggjöf vorri er yfirhöfuð að tala annar en hjá þeim. Vjer getum eigi búizt við því, að danskir dómendur fari að sökkva sjer niður í okkar fornu lög; til þess vantar þá yfir höfuð nægja þekkingu í fornmáli voru. — Þótt Grágás sje reyndar að mestu leyti úr lögum numin og eins Jónsbók, þá gilda þó enn allmörg ákvæði þessara fornu lögbóka, og hin yngri löggjöf vor byggir að nokkru leyti, ef ekki að miklu leyti á þeim. Svo er og hin yngri löggjöf vor að öðru leyti víða mjög frábrugðin löggjöf konungsríkisins. Lög vor yfirhöfuð að tala eru ekki aðgengileg fyrir útlendinga, sem eru ókunnugir máli voru og landsháttum, og þjóðerni.

Jeg hef talað þessi fáu orð til þess,

að gjöra grein fyrir atkv. mínu. Jeg mun greiða atkv. með því, að frv. þetta gangi til 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg stend upp til að taka undir með h. 3. kgk. (Kr. J.). Það er ekki neitt vantraust til hæstarjettar, er lýsir sjer í þessu frv., heldur að eins það álit, að æskilegt og heppilegt sje, að hið æzta dómsvald sje í landinu sjálfu. Menn hafa hið mesta traust til hins núverandi hæsta dómsvalds, og svo rótgróið álit á því fyrir rjettsýni, að það er ekki hugsanlegt, að það kunni að vera betra, og jeg hef jafnvel heyrt marga segja, að þeir ómögulega vilji missa það. Eins og h. 3. kgk. (Kr. J.) tók fram, þá er þó bæði hin sjerstaka lagaþekking, er lög vor útheimta og málið verulegur þroskuldur í vegi fyrir, að þetta dómsvald hæstarjettar geti orðið oss að fullum notum, og eins annað, er h. þm. (Kr. J.) eigi tók fram, en sem við allir vitum, að málarekstrinn í einkamálum er svo langvarandi og kostnaðarsamur, að mönnum er opt ókleyft að leggja út í hann til að koma máli sínu á framfæri. Eins og mönnum er kunnugt um, þá hagar öllu svo ólíkt til erlendis, og málfærslumönnum þar er borgað eptir svo ólíkt hærri mælikvarða, að jeg álít ekki ástæðulaust, þó menn hiki sjer við, að skjóta málum sínum til hins æzta dómsvalds. Það er ekki heldur einungis kostnaðurinn, sem hjer ber að hafa tillit til, heldur einnig, eins og jeg áður hef tekið fram tímatöfin. Það er að eins í sakamálum, að málareksturinn er greiður, en líka að eins í þeim, því einkamál verða að bíða árum saman, áður úrskurður sje kveðinn upp í þeim, ekki af viljaleysi, heldur af því hæstirjettur er svo ofhlaðinn af störfum, að honum er það ómögulegt að afgreiða málin fljótt. Ef jeg man rjett, þá mun hann halda fundi 5 virka daga í hverri viku, en þó verður að skerða sumarleyfi það, er dómendunum er ætlað, og halda aukasessionir til að koma af því, er fyrir höndum liggur. Fundirnir eru þó sannarlega alllangir, þeir eru lengri en þingmálafundir eru hjer á landi, dómendurnir verða að sitja 5—6 tíma og meira á dag, og ætla jeg, að það sje full ásett. Mál, sem á þessu ári væri skotið til hæstarjettar, væri ómögulegt að búast við að yrði til lykta leitt fyr en 1895 eða '96. Ef þetta er rjett hjá mjer, þá held jeg, að mönnum geti ekki blandazt hugur um, að töluverð rjettarbót hljóti að verða að þessu frv., einkum og sjerilagi, þegar menn íhuga, hvaða afleiðingar þessir löngu málarekstrar hafa fyrir þá, er hlut eiga að máli. Þeir skapa óvild, óvináttu og jafnvel hatur milli málsaðila meðan málið stendur yfir, en þegar úrskurður er kveðinn upp, kyrrist vanalega hugur manna og öllu slær í dúnalogn; hvaða ókostur það sje, að þessar æsingar haldist sem lengst manna á meðal máske í 5—6 ár geta allir sjeð, já, jeg veit dæmi til, að eitt mál hefur staðið í 8 eða 10 ár fyrir hæstarjetti, og ef mig minnir rjett, mun það hafa verið eitthvert hvalrekamál að norðan. Er það máske ekki galli á hinu núverandi fyrirkomulagi, að það getur verið orsök í því, að þetta hatur eða óvild varir svo lengi; væri ekki betra, að það hjeldist sem stytzta stund; jeg hika ekki við að segja „jú".

Þá er enn eitt atriði, er oss ber að athuga, og það er, hvort við getum borið svo mikið traust til þess rjettar, er koma á í staðinn, eða með öðrum orðum, hvort yfirrjetturinn sje búinn þeim hæfilegleikum, er gjöri hann færan um að vera hið hæsta dómsvald. Yfirrjetturinn er eins og við vitum skipaður þremur dómendum, og eru það jafnaðarlega þeir menn, sem bezt eru fallnir til þess, og sem við getum borið mest traust til. Það lýsir ekki neinu vantrausti á yfirrjettinum, þó menn láti eða hafi látið mál sín ganga til hæstarjettar, því það eru margir svo gjörðir, að geta ekki fengið sig til að láta mál sín falla niður, fyr en í fulla hnefana, og

engan veginn er það víst, að þeir mundu ekki kunna eins vel við, að yfirrétturinn kvæði upp hinn síðasta úrskurð. Það kunna margir að hafa þá skoðun, að sumir dómar yfirrjettarins ekki sjeu rjettir, — að segja að dómur sje ranglátur er ekki leyfilegt, því allir dómarar vilja kveða upp sem rjettlátasta dóma, — en hið sama gildir einnig um hæstarjett í Khöfn. Hann er ekki fremur undanþeginn því lögmáli, að menn hafi misjafnar skoðanir um hann, Þeir, sem undir verða í dómunum, eru venjulega óánægðir, og það er ekki nema mannlegt, að þeir jafnvel eptir á haldi því fram, að þeirra málstaður hafi verið rjettur. Það má með sanni segja, þegar talað er um slíkt, að hver er blindur, meir eða minna í sjálfs síns sök.

Jeg sje yfirhöfuð ekki neina orsök, er geti verið því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga í aðalatriðunum að efninu til; um formið skal jeg ekkert tala, því jeg er ekki fær um það, en vona, að fyrir því sjái aðrir menn, er hæfari eru til þess. Jeg verð því fyrir mitt leyti að greiða atkvæði með frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 303); ein umræða.

Hallgrímur Sveinsson: Þegar mál þetta var fyrir seinast hjer í deildinni, þá leyfði jeg mjer að taka fram ýmsar athugasemdir við það, sem mjer þótti rjettar og mæltu á móti því, að frv. fengi samþykki h. deildar, að minnsta kosti þá ekki nema með verulegum breytingum. Jeg þarf ekki að rifja upp fyrir mönnum, að töluverðar umræður urðu um málið hjer í deildinni og að mönnum virtist þær breyt. till., sem fram komu við það, svo aðgengilegar, að deildin gat fallizt á þær. En þessi breyting, sem var gjörð á frv. hjer í deildinni, og sem óneitanlega bætti stórvægilega úr göllum frv., hefur ekki átt láni að fagna hjá h. Nd. Jeg skal þó minnast þess, að það er ein breyting verulег, sem gjörð var hjer á frv. og sjálfsagt því til mikilla bóta, sem Nd. hefur látið standa; jeg á við 2. gr., þar sem sett er ákvæðið um, að $^2/_3$ atkvæða útheimtist til gildrar kosningar.

Aptur á móti hefur h. Nd. flutt þetta frv. í hið upprunalega form, hvað meginregluna í 1. gr. snertir. Hið upprunalega frv. var byggt á þeirri meginreglu, að söfnuðirnir hefðu kjörrjett um *alla* umsækjendur og var alls engin takmörkun gjörð á þeim rjetti. Hjer í þingd. var gjörð sú lögun á þessu, að tala þeirra var takmörkuð, sem söfnuðirnir máttu velja um, þannig, að kirkjustjórnin átti að velja vissa tölu úr þeim, sem um sóttu, ef margir voru, og í öðru lagi var gjört ákvæði til tryggingar því, að ekki væri valið um aðra en þá, sem fullnægðu þeim almennu skilyrðum fyrir því að geta haft prestsembætti á hendi, svo að fyrir það væri girt, að þeir kæmust að, sem ekki hefðu heimild til þess. Ennfremur var biskupi heimilað, að fella einn, ef þrír sóttu um embættið, frá kosningu, ef hann áliti hann eigi hæfan til prestsembættis.

Þessum varnöglum hefur h. Nd. nú haldið. Hún hefur tekið þá upp í frv., enda hafa þeir að líkindum fallið úr af vangá, þá er frv. fyrst var lagt fyrir deildina, í fyrsta lagi, að þeir fullnægi hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni, og í öðru lagi, að biskup haldi eptir umsóknarbrjefum þeirra, sem hann álítur óhæfa til að takast á hendur prestsembætti. Hið síðara atriði getur ekki átt við aðra en þá, sem ekki hafa verið í embætti áður og þá við óvígða kandídata. Það verður ekki sagt um aðra, að þeir sjeu óhæfir til að *geta haft* prestsembætti á hendi, því að

þeir *hafa tekizt* það á hendur. Og þó að menn vildu leggja í það þá þýðingu, að þeir „hafi embætti á hendi“, þá er það ekki hægt, úr því að þeir eru í embætti og hafa ekki brotið af sér að geta verið það, því að væru þeir taldir óhæfir, hefði kirkjustjórnin eða söfnuðirnir gjört gangskör að því, að koma þeim úr embætti. Hið síðara atriði getur því ekki átt við aðra en óvígða kandídata.

Þessir óhæfilegleikar prestaefnanna geta nú bæði verið almennara eðlis og sjerstaklegra eðlis, og það eru mikil vandhæfi á fyrir biskup að segja: þessi er hæfur, en hinn er óhæfur; einnig mundi það vera ákaflega vanþakklátt verk að fella þann dóm um menn, að þeir sjeu allsendis óhæfir, þó að einhverjir gallar sjeu á þeim í augum almennings. Þess háttar mundi skoðast sem þungur dómur um menn, svo að þeim þætti ekki von á að fá uppreisn á því í almenningsálitinu. Það er því vandasamt og varúðarvert fyrir biskup að merkja nokkurn með því nafni, að hann væri óhæfur í embætti, sem hann álítur ekki alveg óbrúklegan til þess. Jeg ætla því, að ákvörðun þessi sje svo lögguð, að biskup muni í fáum tilfellum geta notað hana.

En hjer í frv., eins og það nú er komið frá h. Nd., er tekið upp í það þessi meginregla aptur, sem breytt var hjer í þessari h. deild, sú, að biskup skuli láta söfnuðina velja um *alla* umsækjendur, að eins skuli hann halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, sem hann álítur óhæfa til prestsembættis. En þetta álít jeg, að sje aðalgallinn á frv. um leið og það er aðallífsþráður þess. Það hygg jeg, að ekki geti samræmzt við það stjórnarfyrirkomulag, sem við höfum eða ábyrgð þá, sem kirkjustjórnin hefur á skipun andlegra embætta. Reyndar var hjer fyrir í deildinni síðast br.till. í þá átt, að biskup skyldi gefa þeim umsækjanda meðmæli sín, er hann áliti hæfastan og maklegastan til embættisins, en hún komst ekki að, ekki af því, að deildin vildi ekki fallast á hana, heldur af því, að önnur br.till. var komin á undan. Með þessu ákvæði hefði kirkjustjórninni verið gefinn kostur á að koma sínum áhrifum fram sem unnt er. Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að óvíst væri að hve miklu liði þetta ákvæði kæmi. Ef kirkjustjórnin kæmi fram með tillögu um, hvern hún teldi hæfastan og söfnuðurinn svo gæti fallizt á hana og kysi þann, sem hefði sjerstök meðmæli kirkjustjórnarinnar, þá færi allt vel, og báðir partar fengju sínum vilja framgengt. En nú get jeg hugsað, að opt litist sitt hvorum, að biskup gæfi einhverjum meðmæli sín, en söfnuðurinn vildi ekki fallast á þá tillögu biskups og vegna persónulegrar viðkynningar fyndi ástæðu til að kjósa annan eða, af því að annar stendur að einhverju leyti betur að vígi af persónulegum ástæðum eða öðru, sem á margan hátt getur fyrir komið, þegar um kosning prests er að ræða. Ef söfnuðurinn þá gefur öðrum atkvæði sitt til kosningar en þeim, sem biskup gaf meðmæli sín, þá getur það haft mikil óþægindi í för með sjer; það getur verið óþægilegt fyrir prestinn, sem er kosinn þrátt fyrir meðmæli kirkjuvaldsins með öðrum manni, og það getur einnig verið óþægilegt fyrir biskup, að sá er ekki tekinn af söfnuðinum, sem hann hefur gefið meðmæli sín og að söfnuðurinn þannig hefur fellt æðri dóm yfir tillögum hans. Biskup verður því að fara einkar varlega með þennan rjett sinn og í hvert sinn að hugsa um, að hann baki hvorki sjer sjálfum nje öðrum stór óþægindi með sínum meðmælum, svo að jeg hygg, að hann myndi eigi beita þessum meðmælarjetti sínum svo eindregið eða ákveðið, sem hann sjálfur kynni að óska. Jeg ímynda mjer því, að ekki verði full not af því, að kirkjustjórnin geti komið að meðmælum sínum af þeim ástæðum, sem jeg hef tekið fram.

Jeg verð því að álíta, að þó að ákvæð-

in í 2. gr. sjeu til bóta á lögum þeim, sem nú gilda, þá sje meginatriðið í 1. gr. að gjöra stjórnina afskipta öllum verulegum áhrifum á veiting prestsembætta, svo varhugavert, að jeg verð að greiða atkvæði móti frumv. Hinsvegar sá jeg ekki, að það gæti haft neina þýðingu, að koma fram með breyt.atkv. til þessarar umr. í þá átt að taka burt þau ákvæði, sem h. Nd. hefur sett inn í frumv. og sem hún sjálfsagt vill ekki missa af.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og fyrri get jeg ekki verið samdóma í þessu máli h. 2. kgk. (H. Sv.). Mjer getur ekki fundizt, að frumv. þetta hafi spillzt í meðferðinni hjá h. Nd., heldur einmitt þvert á móti þykir mjer frumv. vera nú hið æskilegasta. Ef frumv., eins og það kom til Nd. frá þessari þingd., hefði engum breytingum tekið, þá hefði það öldungis verið þýðingarlaust, eða verra en það, því að það er til ills eins, að gjöra þýðingarlausar breytingar á lögum; það er bara til þess að menn hafa margbrotnari lög eptir að lifa.

Það sem upphaflega lá til grundvallar í frumv. þessu var það, að söfnuðirnir fengju að kjósa um alla umsækjendurna, en þessi grundvallarhugsun frumv. ruglaðist svo hjer í Ed., að það átti að eins að vera þá, er umsækjendur væru 3, að söfnuðurinn fjekk það; þetta var öll rjettarbótin, þetta átti að fullnægja þeim breytingum á lögunum, sem menn höfðu kallað eptir, og hygg jeg, að hún hefði orðið smá í augum almennings, Viðvíkjandi því, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að það væri mikill vandi fyrir biskup, að neyta þess rjettar, sem frumv. gefur honum til að merkja óhæfa til prestskapar einn eða annan af umsækjendum, þá get jeg viðurkennt, að það er satt, en jeg hygg þó, að það geti ekki spillt fyrir frv., því biskup þarf eigi að taka til þessara úrræða, nema þegar um þann mann er að ræða, sem opinbert er um, að óhæfur er í þessa stöðu.

Jeg get heldur ekki skilið í því, hvernig h. 2. kgk. (H. Sv.) kallar það galla á frv., þótt biskup sje skyldugur að gefa sjerstaklega einum af umsækjendunum meðmæli. Biskup hefur þó stundum haft það fyrir reglu, að benda söfnuðum á einhvern sjerstakan af umsækjendum sem hinn hæfasta, og að hinir aðrir væru miður til þess fallnir að verða kosnir, og það hefur líka reynzt svo, að þessi meðmæli biskups go hreinskilnislega yfirlýsing hefur verið þakksamlega meðtekin af söfnuðinum og eptir henni farið. Jeg hygg því, að þetta sje einmitt heppilegur kostur við frumv. þetta. Þegar svo er ástatt, að lítill eða enginn munur er á umsækjendunum eptir áliti biskups, virðist heldur ekki vera neinn sjerlegur vandi fyrir hann, að benda sjerstaklega á einn umsækjanda með þeim orðum, sem ekkert eru niðrandi fyrir hina aðra, eða kastar neinum skugga á þá. Ef veitingarvaldið væri hjá landsstjórninni einni, hefði hún þá orðið að velja einn af umsækjendum brauðsins úr, til að veita honum það. Þegar svo stendur á, að söfnuðurinn er ókunnugur umsækjendunum, þá eru ætíð miklar líkur til þess, meira að segja sjálfsagt, að söfnuðurinn tekur meðmæli biskups til greina, og kýs eptir því, sem hann bendir til. Aptur á móti verður biskup og kirkjustjórnin að sætta sig við það, þótt söfnuðurinn kjósi eptir sínu eigin höfði, þegar svo stendur á, að hann þekkir umsækjendurna, enda væru þessi prestakosningarlög alveg meiningarlaus og tilgangslaus, ef söfnuðirnir væru bundnir við það, að fara ætíð og æfinlega eptir því, sem kirkjustjórnin vill, því að við það væri veitingarvaldið í rauninni eingöngu hjá kirkjustjórninni.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að þetta mál fái hin æskilegustu afdrif, ef frv. þetta nær fram að ganga, og að með því sje stigið eitt aðalstig í þá átt, að efla og viðhalda kirkju og kristindómi. Það frelsi, sem hjer er um að ræða, er enginn hortittur, eins og frelsi það, sem

verið er að veita í ýmsum öðrum frumv., heldur er þetta frelsi alvarlegt atriði, sem snertir kirkju vora og kristindóm. Jeg þarf ekki að taka fram, hverja kosti hluttaka safnaða í veitingu brauða hefur. Jeg skal að eins leyfa mjer að minna á orð eins h. þm. 1885, þar sem hann segir um þetta mál: „Í fáum orðum má segja, að þessi hluttaka hljóti að glæða hið andlega líf í söfnuðunum; þetta frelsi byggist og á náttúrlegum rjetti safnaðanna, og jafnvel á fornum lagarjetti". Þessi orð eru töluð af manni, sem þjóðin ber sjerstakt traust til, bæði fyrir framkomu sína á þingi 1885, og starf sitt síðan. Jeg hef því fulla ástæðu til að vænta þess, að þessi orð hans verði tekin til greina, og hafi full áhrif máli þessu til stuðnings. Jeg get ekki ímyndað mjer, að h. 2. kgk. (H. Sv.) vilji nú fara að hrekja þessi orð eða draga úr þýðing þessa máls fyrir kirkju og kristindóm, enda er svo, að eptir þeim lögum, sem nú gilda um hluttöku safnaða í veitingu brauða, sem eru nokkuð þrengri heldur en frv. þetta, þá er það þó opt og einatt undir hending komið, hvort og að hve miklu leyti kirkjustjórnin getur fengið að ráða veitingunni eða komið sínum vilja fram eða ekki.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætlaði að eins að gjöra dálitla athugasemd út af orðum h. þm. Strandam. (G. G.). Það er væntanlega jeg, sem mun hafa farið þeim orðum um þennan prestkosningarrjett safnaðanna, sem hann las upp. En jeg verð að biðja hann að muna eptir því, að þá á þingi 1885 var ekki talað um *skilyrðislausan* rjett safnaðanna í þessu efni, ekki um það, að þeir fengju að velja um alla umsækjendur, heldur að eins um þrjá. Það er öldungis rjett, að jeg var því máli fylgjandi, að söfnuðirnir fengju hluttöku í veitingu brauða. Mjer fannst það vera fögur hugsjón, að söfnuðirnir fengju þessa hlutdeild og kysu sjálfir sína presta; jeg áleit að það væru mikilsverð rjettindi, sem þeim væru veitt með því, og að þau mundu hafa gott eitt í för með sjer, væri með þau vel farið og hyggilega. En jeg hef tekið það fram áður, að söfnuðirnir hafa, að mínu áliti, ekki notað þessi rjettindi sem skyldi, og ekki sem jeg vonaði. Jeg hafði aðrar hugmyndir þá um, hvernig þeir mundu nota þennan rjett, en jeg hef nú. Vitanlega má altaf búast við, að mönnum misfarist og skjátlist, en jeg á ekki við sjerstök atvik, er jeg tala um misfellur á notkun þessa rjettar safnaðanna, heldur hef jeg sjeð mikla ólgu og miklar æsingar með mönnum, sem opt hafa haft slæmar afleiðingar og jafnvel orðið einstöku heiðvirðum mönnum til mannorðsniðrunar, og jeg vil segja ómaklega. Kappið, sem menn hafa lagt á að koma hinum og þessum að, hefur verið svo mikið opt og tíðum, að gengið hefur út yfir þau rjettu takmörk, og opt hefur annað ráðið úrslitum, en að menn hafi verið sannfærðir um, að sá, sem þeir hafa kosið, sje bezti og uppbyggilegasti presturinn. Jeg hygg því, að ekki sje nein mótsögn í orðum mínum á þinginu 1885 og nú á þingi 1893. Jeg hef líka viðurkennt, að frumv. er nokkuð annað nú en það áður var, er það fyrst kom inn í þessa deild nú í ár, og mótmæli mín hafa því ekki verið eins hörð nú gegn frv. og þá.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal játa það með h. 2. kgk. (H. Sv.), að frumv. þetta hefur batnað frá því að það kom frá h. Nd. í fyrra sinni. H. sami þm. hefur nú sýnt fram á ýmsa galla á frumv. þessu, samt sem áður og það með ljósum rökum, þar sem kirkjustjórnin er í flestum tilfellum alveg svipt allri hlutdeild í því, hverjir prestar verði skipaðir í prestaköllin. En það ber einnig að skoða þetta mál frá prestanna hlið. Auðvitað er það, að presturinn er til fyrir söfnuðinn, en söfnuðurinn ekki fyrir prestana, en samt sem áður er nauðsynlegt að girða fyrir það, að heiðvirðir prestar, sem staðið hafa vel í stöðu sinni, verði ekki fyrir misrjetti. Það

er nauðsynlegt, að prestar hafi hvöt til þess, að gegna skyldum sínum og embætti sómasamlega, og þessi hvöt eykst og glæðist við það, að þeir hafi von í betri kjörum síðar. En þessa von og þessa hvöt tekur þetta frumv. burtu. Meðan veitingarvaldið var eingöngu hjá kirkjustjórninni, tók hún venjulega að meiru eða minna leyti tillit til við embættisveitingarnar: heiðarlegleika prestsins, hversu lengi hann hefði þjónað í embætti, hversu erfitt prestakallið var o. fl. En ekkert af þessu hafa söfnuðirnir venjulega fyrir augum, þegar þeir kjósa prestinn; það lítur jafnvel út fyrir, að söfnuðir kjósi fremur ungan mann og óreyndan heldur en eldri mann, þótt hann sje að góðu reyndur. Við þetta bætist enn fremur, að prestsembættin eru mjög misjöfn, það eru engin embætti eins misjöfn, eins og prestsembættin. Sum þeirra eru bæði mjög rýr og þó erfið, en aptur önnur góð, jafnvel svo, að prestar hafa orðið ríkir í þeim. Þó eru flest þeirra svo tekjulítil, að prestur á í fullu fangi með að framfleyta fjölskyldu sinni á þeim, og verður að fara margs þess á mis, er hann sem menntaður maður óskar að geta veitt sjer og sem kröfur tímans heimta.

Hið eðlilegasta fyrirkomulag væri það, að hinir ungu prestar væru fyrst á fátæku brauðunum og hefðu svo vonir um betri kjör, ef þeir stæðu vel og samvizkusamlega í stöðu sinni. En þessa von tekur frumv. þetta alveg burtu. Sje ungur prestur svo óheppinn að komast í fátækt brauð, á hann það á hættu að sitja þar alla sína tíð og búa við bág kjör alla æfi sína; af þessu getur og það leitt, ef hann situr í erfiðu embætti, að hann verði að neyðast til að segja af sjer fyrri en hann annars þyrfti, ef veitingarvaldið gæti komið honum að í það prestakall, sem betur samsvaraði heilsu hans og kröptum. Þannig gæti af þessu fyrirkomulagi leitt talsverð útgjöld fyrir landssjóðinn, því að sum brauð eru svo erfið, að eldri manni en fimmtugum mun naumast fært að þjóna þeim, nema hann hafi því betri heilsu. Jeg hygg því, að nauðsynlegt væri, að önnur lög yrðu samferða þessum lögum, sem sje lög um það að umsteypa prestaköllunum og jafna þau, bæði að því er takmörk þeirra snertir og eins tekjur; það er mjög óviðkunnanlegt, að ungir og óreyndir, og ekki í neinu framúrskarandi prestar setjast í góð brauð landsins og eru teknir fram yfir eldri heiðurs- og sómapresta, sem reyndir eru að öllu góðu. Þetta hefur þó átt sjer stað, og mun það eigi síður verða, þegar veitingarvaldið er alveg komið í hendur safnaðanna, eins og verður eptir þessu frumv. Jeg hygg því, að óumflýjanlegt sje, að þetta frv. verði samferða frumv. um jöfnun brauðanna. og að þetta frumv. ætti að bíða eptir því. Jeg held, að sú bið á þessu máli sje alveg nauðsynleg.

Jeg mun því af þessum ástæðum greiða atkv. móti frv. þessu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get ekki almennilega skilið ástæðu h. 6. kgk. (Þ. B.) fyrir því, að hvötin minnki hjá prestum við þetta fyrirkomulag, sem frumv. þetta fer fram á, til þess að standa sómasamlega í stöðu sinni, og gegna skyldum sínum rækilega, í þeirri von að komast að öðrum betri brauðum síðar; mjer skilst ekki betur, en að hún hljóti að vaxa, einmitt við þessa lagabreytingu, að prestar einmitt við þessi lagaákvæði, og þau sem í gildandi lögum, um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eru innifalin í, hljóti að fá mikla hvöt til þess að reyna með öllu móti að gjöra sig álitlega í augum safnaðanna, sem þeir þurftu alls ekkert að hugsa um áður, meðan söfnuðirnir engu gátu ráðið, og urðu að gjöra sjer það að góðu, sem á þá var lagt, og þessi aðferð presta hlýtur að verða miklu affarasælli fyrir þjóðina nfl., að prestarnir gjöri sig álitlega hjá söfnuðum hennar, heldur en að þeir þurfi

að eins að sleikja sig upp við kirkjustjórnina til þess að ná sjer í brauð, eins og stundum var álitið, að þeir hefðu orðið að gjöra, áður en lögin um hluttöku safnaða í veitingu brauða komu út. Eins og nú er, en þó einkum ef þetta frv. kemst áfram, eins og það hjer liggur fyrir, mega prestar fara að hætta þessu, en í þess stað reyna að koma sjer vel við söfnuðina, og auka álit sitt í þeirra augum, og álít jeg það miklu æskilegra. Fyrsta stigið til þessarar rjettarbótar var stigið með lögunum 8. jan. 1886, og mun þessu enn þá meir ágengt, ef þetta frumv. verður að lögum.

Ennfremur sagði h. 6. kgk. (Þ. B.), að eðlilegast fyrirkomulag mundi það, að ungu prestarnir væru fyrst á fátæku brauðunum og fengju svo von um að flytja sig á betri brauðin, þegar þeir hefðu sýnt það, að þeir stæðu sómasamlega í stöðu sinni, en þessi von væri tekin burtu með þessu frumv., og þess vegna gæti það komið fyrir, að sami maðurinn yrði að sitja alla sína tíð á sama brauði máske við bág kjör.

Jeg held fyrir mitt leyti, að eðlilegast fyrirkomulag væri það, að prestarnir kæmust strax í þau brauð, sem þeir ekki þyrftu að breyta um síðar. Svo ber þess að gæta, að einmitt vegna laganna 8. jan. 1886, en þó því fremur, ef frumv. þetta verður að lögum, þá verður miklu sjaldgæfara, að ungir prestar þurfi að byrja með því að komast í mjög afleit brauð, með því líka, að brauðin eru miklu jafnari en áður, síðan prestakallalögin frá 7. febr. 1880 komu út, og mörg hinna hærri brauðanna þykja nú miklum ókostum bundin, þar sem frá flestum þeirra verður að borga töluvert árgjald í landssjóð, sem eru mjög óþægileg peningagjöld fyrir presta, en aptur fá mörg hinna smærri brauða peninga úr landssjóði, sem koma sjer opt mjög vel, og betur en aðrar tekjur, sem ef til vill eru að meiru eður minna leyti að eins á pappírnum.

Viðvíkjandi því, að prestar hafi lifað í þeirri von að geta breytt um og komizt að betri brauðum seinna, þá vita allir, að þessir flutningar hafa flestum verið til vanþrifa og eyðileggingar og opt mjög óþarfir.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) lagði áherzlu á það í ræðu sinni, að prestakosningalögunum frá 1886 hefði ekki verið beitt svo rjettilega sem skyldi, því við kosningar kæmi opt fram óánægja og óþarfa kapp; en af hverju hefur þetta kapp vanalega komið? Beint af því, að kirkjustjórnin hafði hönd í bagga með, en söfnuðirnir ekki einráðir með að taka þann, sem þeir vildu. Það eru mikil líkindi, til að söfnuðum lærist betur að brúka kosningarjett sinn, ef þessi breyting, sem frumvarpið fer fram á, verður að lögum og kappið minnkar, því við engan er að keppa nema sjálfan sig. *(Hallgrímur Sveinsson:* Reynslan mun sýna, hvernig það tekst).

Þorkell Bjarnason: H. þm. Strandam. (G. G.) sagði, að það væri einmitt hvöt fyrir prestana til að hegða sjer vel, að söfnuðirnir ættu að kjósa um þá, en jeg held nú, að þessi hvöt sje æði lítil, því söfnuðirnir hafa hingað til ekki tekið mikið tillit til, hvernig prestar þeir hafa hegðað sjer, er þeir hafa átt að kjósa um. Jeg skal tilgreina dæmi. Það er eigi alllangt síðan, að prestur nokkur, klerkur góður og í alla staði heiðarlegur maður, og þar að auki rithöfundur, sjera Jónas á Hrafnagili, bauð sig fram í einni sókn, en söfnuðurinn gaf honum, að mig minnir, ekki eitt einasta atkvæði, heldur tók hann ungan og óreyndan prestaskólakandidat fram yfir. Viðvíkjandi því, að flutningur presta sje þeim sjálfum til óhags og vandræða, eins og h. þm. Str.m. (G. G.) sagði, þá skal jeg svara honum því — þótt jeg raunar aldrei geti búizt

við að hann verði þeirra fjárhaldsmaður — að jeg álít það einmitt geti orðið bæði þeim sjálfum og einkanlega söfnuðinum til mikils gagns, því með nýjum manni flyzt nýr andi inn í söfnuðinn. Maður stirðnar á því að vera ætíð á sama stað, presturinn fer að endurtaka sjálfan sig, hann, eins og maður segir, yfirlifir sjálfan sig. En með því að komast í annað braut kemst hann í kynni við aðra menn og lifnar upp aptur. Þau ummæli h. þm. Strandam (G. G.), að prestarnir sleiki sig sig upp við kirkjustjórnina, verð jeg að frábiðja mjer, fyrir hönd allrar prestastjettarinnar, og verð jeg, svo jeg taki mjer orð hans í munn, að skoða þetta eins og hortitt, sem hann rekur í málið, í staðinn fyrir að koma með ástæður.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6 atkv. gegn 4 og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Till. til þingsályktunar um milliþinganefnd til að íhuga hina kirkjulegu löggjöf landsins (C. 323); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Tuttugasti og níundi fundur, laugardag 5. ágúst. Allir á fundi nema 6. kgk. (Þorkell Bjarnason), er tjáð hafði forseta forföll.

Frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 102, 183, 307); frh. 2. umr.

Kristján Jónsson: Það lítur út fyrir, að h. flutningsm. (J. A. Hj.) finni ekki í þetta skipti ástæðu til að taka til máls, og álítur hann máske, að till. meiri hluta nefndarinnar nái að sjálfsögðu fram að ganga. Jeg tek til máls af því, að jeg gat ekki orðið samdóma meðnefndarmönnum mínum; þar sem meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frv. þetta nái fram að ganga, ræð jeg til að það verði fellt. Að vísu greiddi jeg atkv. með frv. við 1. umr. og áleit rjett, að það gengi til 2. umr., til þess að málið, ef ske mætti, yrði frekara upplýst. Við 2. umr. var stungið upp á nefnd; var nefndin sett og jeg naut þeirrar æru, að komast í nefndina; hún hefur nú haft málið til meðferðar. Frumvarpið sjálft gengur út á það eitt að útskýra orðið „ábúð" í lögum 9. ágúst 1889; annað er það ekki. En að þýða eða útskýra orð laganna er ekki ætlunarverk löggjafarvaldsins heldur dómstólanna. Það er því ætlazt til þess með þessu lagafrumv., að löggjafarvaldið taki fram fyrir hendurnar á dómsvaldinu, og þar með grípi inn í verkahring annara „institutiona". En þótt nú þessi þýðing eða skýring kæmist að eða næði fram að ganga, álít jeg það mjög efasamt, hvort það á nokkurn hátt verði til þess að rýma burt vafa á skilningi laganna frá 1889.

Breytingartillaga, sem komið hefur verið fram með, er að vissu leyti til bóta, að því er frv. snertir, þar sem það eptir henni eigi kemur fram sem skýring á hinum eldri lögum, heldur sem breyting á þeim, en samt sem áður álít jeg, að hún eigi ekki við og sje óþörf, hvað löggjöfina um það atriði snertir. Jeg álít enga ástæðu til að víkja frá því, sem stendur í lögum 9. ágúst 1889, enda eru þau enn svo ung, að það verður eigi sagt, að búið sje að reyna þau til gagns.

Það eru dómstólarnir, sem eiga að skera úr og þýða orð laganna; ef lögin þá reynast óheppileg, þá er vegurinn sá, að löggjafarvaldið breyti þeim.

Jeg veit að eins um 2 dóma, sem fallið hafa út af ágreiningi um skilninginn á orðinu „ábúð" í lögum 9. ágúst 1889; eins og tekið er fram í nefndarálitinu, get jeg ekki kannazt við, að úrskurður dómstólanna um skilning á þessum

lögum hafi fallið í þá átt, að tilgangi löggjafarvaldsins með þeim hafi ekki orðið náð.

Jeg get að vísu ekki beinlínis sagt, að breyting sú, sem frv. fer fram á, sje til skaða, en jeg álít samt ekki heppilegt, að löggjafarvaldið fari að rugla í lögum, sem eigi er nein vissa fyrir, hvernig muni reynast; það er enn ein ástæða, sem jeg hef móti þessu frv., og sem jeg ekki hef tekið fram í nefndarálitinu, sú nefnilega, að jeg hef aldrei álitið það rjett, að yfirgefa gömlu regluna um, að heimilisfang skuli ráða því, hvort útsvar rennur. Jeg álít það rjettast, að hver maður borgi þar útsvar, sem hann hefur heimilisfang. Fyrir því hef jeg álitið lögin 9. ágúst 1889 að þessu leyti óheppileg, og verð að vera því mótfallinn, að þau verði að nokkru leyti rýmkuð eða færð til í þá átt, sem frv. fer fram á, og mun jeg því greiða atkvæði á móti því.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Eins og menn muna komu óskir frá þjóðinni 1889, um að breyta þessu, sem hjer er farið fram á og löggjafarvaldið tók þá ósk til greina, og vildi svo gjarnan leggja sitt til, að leggja mætti útsvar á afnot og fyrirtæki, er rekin væru úr öðrum hreppum. Mjer finnst þetta mjög sanngjarnt, þar sem svo getur staðið á, að annað fjelagið getur lagt undir sig mikið af jörðum hins, og vinnufólk, er heyrir til hinu fyrra fjelaginu orðið sveitlægt í hinu síðara, án þess lagt verði nokkuð á eigandann, er allan arðinn tekur til sín. Af þessu er augljóst, að eitt sveitarfjelag getur orðið ríkt á kostnað annars. Það hefur kannske ekki enn þá orðið skaðræði að þessu, en það getur samt orðið og þess vegna var það gjört að lögum 1889, að víkja frá hinum gömlu reglum í þessu atriði. Eu mönnum hefur fundizt og mjer finnst einnig þetta þannig svo orðað í lögum 1889 að ekki næðist allt, sem þingið í raun og veru vildi láta það ná til.

H. 3. kgk. (Kr. J.) sagði það væri of fljótt, að fara að breyta þessu strax, með því að dómstólarnir væru ekki enn þá búnir að ákveða eða skýra orðið ábúð, en það heyrði einmitt til þeirra verkahrings, en ekki undir löggjafarvaldið. Það er að vísu satt, að það eru að eins tveir dómar, er fallið hafa um þetta atriði og þar ákveður landsyfirrjetturinn, hvað ekki sje „ábúð“ og telur þar ekki ábúð, það sem margir áður hafa ætlað að ætti að teljast og líklega hefur verið meining löggjafarvaldsins 1889. Landsyfirrjetturinn mun einnig ekki dæma öðru vísi eptirleiðis, heldur láta þennan úrskurð standa, enda er það að minnsta kosti víst, að þessir dómar hafa hindrað, að fleiri mál risu út af þessum atriðum; mjer finnst það einnig skylda löggjafarvaldsins, að koma hugsunum sínum í svo ljósan búning, að þær nái til þess, er þær eiga að ná; að minnsta kosti verða fyrir þessa útskýringu nokkrir þeirra gjaldskyldir, er áður voru lausir við útsvör, en sem menn þó álitu skylt að bera sinn tiltölulega hluta af þeim. Það er rjett, að löggjafarvaldið hafi lög sín svo greinilega orðuð sem hægt er og það hlýtur að vera mikil hægð fyrir dómarana; það má einnig vel vera, að enn þá greinilegra sje hægt að orða þetta, en við höfum gert. Hvað breyt.till. á þingskj. 183 viðvíkur, þá er nefndinni alveg sama um hana, og álítur hana alveg meinlausa, og enda gagnslausa.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef lítið hjer að athuga, að eins finnst mjer, að í síðustu málsgrein 1. gr. vanti dagsetninguna á lögum um bátfiski á fjörðum; það er víst meint til laga 19. júní 1888 og fyndist mjer nauðsyn vera að bæta þessu inn í *(Jón A. Hjaltalín:* Mig minnir að þetta sje svona í lögunum 1889) Nei, það er ekki svo.

Hvað málið sjálft snertir, þá hefur það lítið til mín tekið. Það sem h. 3. kgk. (Kr. J.) tók fram fannst mjer hafa

mikla þýðingu. Það er ekki heppilegt, að löggjafarvaldið gefi lög, sem að eins nái yfir fá og einstök tilfelli. H. framsögum. (J. A. Hj.) sagði, að löggjafarvaldið hefði þegar skipt sjer af þessu, og viljað koma í veg fyrir, að einn hreppur safnaði auð á kostnað annars, og það getur að vísu verið rjett, en hjer er breytingin ekki annað en útskýring, sem án efa á að vera í höndum dómstólanna. Þessi aðferð getur einnig leitt til smámunasemi og máske ósanngirni. Setjum svo, að efnaður maður hafi aðalaðsetur sitt í einum hreppi, en umráð yfir einhverjum litlum jarðarparti í öðrum hreppi, ætli þá yrði ekki hætt við, að frekari útsvör yrðu lögð á hann en lög ætluðust til. Þar, sem hann hefur hin litlu umráð eða afnot, mun að líkindum verða lagt meira á hann, en svarar þeim afnotum, sem hann þar hefur; menn í þeim hreppi kynnu að hugsa á þá leið: „hann er stöndugur maður og getur borið talsvert“. Svo getur einnig komið fyrir, að hann hafi smá jarðarumráð í fleiri sveitarfjelögum, og verður það því þyngra, sem ójöfnurnar koma frá fleiri stöðum. Einnig getur komið fyrir, að menn í sveitarfjelagi því, er hann sjálfur hefur bústað, leggi einmitt þyngra útsvar á hann fyrir þessi smáafnot í öðrum sveitarfjelögum, og gleymdu, að hann hefur þegar goldið full hátt af þeim annarstaðar. Þetta getur eins og jeg sagði leitt til smámunasemi og ósanngirni. Að öðru leyti hef jeg lítið að segja í þessu máli, en get ekki verið því meðmæltur að þessu sinni. Það er vitanlegt, að löggjafarvaldinu er innan handar að grípa inn, ef töluverð brögð yrðu að því, að einn hreppur færi að auðgast þannig á annars kostnað; en meðan þetta ekki á sjer stað að neinum mun og engin hætta vofir yfir, finnst mjer þessa engin þörf. Það er að eins að bera óþarfa áhyggju fyrir ókomna tímanum.

ATKVŒÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 307) við 1. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 1. gr. þannig breytt felld með 5 atkv. gegn 5 og var frv. þar með fallið.

Frv til laga um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 287); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1—4. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 258); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 atkv. gegn 1 og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (C. 285, 337); ein umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Frv. þetta var samþ. í þessari þingd. hjer um daginn og er það nú hingað komið aptur, með því að Nd hefur gjört á því þá breytingu, að ákveða hafnsögugjaldið 5 aura af hverri smálest af verzlunar- og mannflutningaskipum í stað 10 aura eptir því, sem áður var í frv. Nú hefur nefndin haft aptur frv. þetta til íhugunar og virtist henni það augljóst, eins og nefndarálitið ber með sjer, að þetta gjald 5 au. af hverri smálest muni ekki nægja til þeirra þarfa, sem ætlazt er til. Nefndin leggur því til, að gjaldið verði hækkað, en til þess þó að mæta h. Nd. á miðri leið stingur hún upp á því, að það sje sett jafnt fyrir báða flokka skipanna, bæði verzlunar- og mannflutningaskip og útlend fiskiskip. Nefndin hikaði því síður við að hækka gjaldið á útlendum fiskiskipum, þar sem komið hefur fram í umr. um þetta mál í h. Nd., að rjettast væri, að þessi skip bæru eins hátt gjald eins og verzlunar- og mannflutningaskipin, og jafn-

vel vildu sumir, að þau bæru hærra gjald. Jeg vil því leyfa mjer að leggja það til, að þessi breyt.till. verði samþ. og tel jeg ekki vafasamt, að h. Nd. muni þá einnig samþ. frv.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 337) samþ í e. hlj.; 2. breyt. (C. 337) samþ. í e. hlj. Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og sent aptur til Nd.

Þrítugasti fundur, mánudag 7. ágúst. Allir á fundi nema 5. kgk. þm. (Jón A. Hjaltalín), sem tilkynnt hafði forföll.

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 314, 357); 3. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Breyt.till. þingskj. 357 bárust mjer svo seint í gærkveldi, að jeg gat þá ekki haft tíma til þess að kynna mjer þær nógu rækilega og fyrri part dagsins í dag hef jeg orðið að gefa mig að öðru en þingmálum. Jeg vil því leyfa mjer að mælast til, að h. forseti taki mál þetta út af dagskrá.

Forseti tók þvínæst frv. út af dagskrá.

Frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 257) 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um að selja salt eptir vigt (C. 295); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1—3. gr. frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 350); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal fyrst leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir, hversvegna jeg kem svo seint fram með frv. þetta. — Jeg hafði upphaflega hugsað mjer, að flytja frv. þetta inn á þing nú í ár, eins og jeg hef áður gjört, en svo var það, að h. Nd. kaus nefnd manna til að rannsaka verzlunarmálið og lá þá beinast við, að sú nefnd kæmi fram með þetta frv. og það hafði hún einnig hugsað sjer, en nú nýlega átti jeg tal við einn af nefndarmönnum, er skýrði mjer frá, að nefndin hefði svo mikið að annast, að hún gæti ekki sinnt þessu frv. og mæltist hann þá til, að jeg tæki að mjer flutning frv. Fyrir þessar sakir er það, að frv. er svo seint fram komið.

Þetta mál er mjög þýðingarmikið og mjög áríðandi. Það er einn þýðingarmesti höfuðþáttur í verzlunarmáli landsins og fyrir því getur ekki löggjafarvaldið vílað fyrir sjer að setja þau lög um það, er hrindi því í betra horf. Það er jafngamalt þetta mál, eins og tilsk. um íslenzka kauphöndlun, þar sem verzlunin var gefin laus fyrir alla þegna ríkisins. Í þessari tilsk. 13. júní 1787 er það berlega tekið fram, að kaupmenn þeir, er verzlun reka hjer á landi, skuli einnig vera hjer búsettir. Þetta hefur kaupmönnum þó ekki þótt nægilega hentugt fyrir sig, og fyrir því fengu þeir því framgengt, að opið brjef kom út 1. júní 1792, þar sem þeim var leyft að reka verzlun í kaupstöðum landsins, þó að þeir væru þar ekki búsettir, ef þeir hefðu factor fyrir sig. Þessi góði tilgangur tilsk. frá 1787 og eins tilsk. frá 17. nóv. 1786 var með þessu opna brjefi ónýttur, og upp frá þeim tíma má segja, að hin svo nefnda „selstöðuverzlun“ byrji hjer á landi. Það þarf eigi annað en að nefna þetta nafn „selstöðuverzlun“ til að sýna, hvað í því felst. Það er venjan og reglan, að selið er haft útundan og fer á mis við þær umbætur, sem heimajörðin fær. Á sama hátt má benda á þau óheppilegu áhrif, sem factora-fyrirkomulagið hefur á verzlunina. Án þess að niðrað sje nokkrum einstökum factor eru auðskilin áhrifin til hins lakara af þessu

verzlunarfyrirkomulagi. Þegar kaupmaðurinn er sjálfur fráverandi og búsettur erlendis hættir hann að þekkja landið af öðru en þeim peningum, sem inn til hans streyma frá landinu; hann fer að skoða það sem fjeþúfu. Hann missir alla tilfinningu fyrir kjörum þess, hann lætur sig engu skipta framfarir þess eða afturfarir í andlegu og líkamlegu tilliti; hann kannast ekki við neinar skyldur við landið, að eins að hirða peningana, sem frá landinu streyma, og lifa á þeim erlendis í „vellystingum praktuglega“. Það liggur í augum uppi, að það er eitt hið mesta hnoss hvers lands að eiga duglega verzlunarstjett í landinu sjálfu, og reynsla annara þjóða sýnir oss, að verzlunarstjettin er forkólfur margra og mikilla nauðsynlegra fyrirtækja, enda er það mjög eðlilegt, þar sem sú stjett hefur mest peningaráðin.

Þeir sem mest hafa ritað um verzlunarmálið, svo sem landi vor Jón Sigurðsson, taldi það sjálfsagt, að þegar verzlunin yrði gefin laus þá mundi hún innan skamms verða innlend; og þetta taldi hann hið mesta hnoss. En reynslan hefur nú samt sýnt, að verzlunin hefur þó ekki alveg breytzt enn í þessa átt. Að vísu fjölgar innlendum kaupmönnum, og er það gleðilegt, en selstöðuverzlunin mun þó viðhaldast alllengi enn. Það væri heldur alls ekki tiltökumál, ef sannað væri, að það væri hagnaður fyrir kaupmenn að vera ekki búsettir hjer heldur erlendis. En jeg hygg, að reynslan hafi alls ekki sannað þetta. Það hafa margir kaupmenn, sem búsettir hafa verið hjer, orðið stórríkir, og þótt sorglegt sje til þess að vita, þegar þessir menn flytja burt með allan þann auð, sem þeir hafa grætt á landinu og börnum þess, þá er þó betra að njóta þeirra um stund, en að þeir dvelji allan sinn aldur erlendis. Í veg fyrir þetta á að koma með þessu frv. Jeg álít að stefna þess sje alveg rjett og jeg get ekki sjeð, að kaupmönnum verði þetta til óhagræðis, því að úr því að einstakir kaupmenn hafa getað blómgazt vel án þess að vera búsettir erlendis, ætti hið sama að eiga sjer stað um heild þeirra. Jeg ætla ekkert að lasta faktora kaupmanna hjer á landi, en óhætt er að segja það, að margur kaupmaður hefur farið á höfuðið einmitt fyrir ráðsmennsku þessara ráðsmanna sinna, sem skiljanlegt er, þar sem kaupmenn verða að sjá allt með augum þeirra og eru hvergi nærri sjálfir. Sú ástæða hefur fyr og síðar verið borin fram gegn búsetu kaupmanna hjer á landi, að samgöngurnar við útlönd væru svo litlar, að kaupmenn yrðu því að vera búsettir erlendis; þessi mótbára hafði og við töluverð rök að styðjast, meðan samgönguleysið var svo mikið, að ekki kom nema eitt og tvö skip á ári frá útlöndum í hvern landsfjórðung, en nú hverfur hún óðum; nú eru samgöngur við útlönd orðnar alltíðar, og vjer vonum eptir, að þær færist þó enn betur í lag, og við það hafa kaupmenn greiðari aðgang að heimsmarkaðinum.

Jeg get enn sem fyrri búizt við þeirri mótbáru gegn þessu frumv., að það sje með þessu lagt óeðlilegt hapt á atvinnu manna. En jeg hygg, að jeg hafi sýnt fram á, að það er ekki. Það er heldur eigi farið farið fram á, að frumv. þetta nái til þeirra kaupmanna, sem nú eru, heldur að það fari að verka smátt og smátt, þá er nýjar verzlanir eru stofnaðar. Jeg hygg, að hverri þjóð sje það nauðsynlegt, að reyna að tryggja sjer það með lögum, að arðurinn af landsins verzlun lendi í landinu sjálfu. Peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gjöra skal, og verzlunarstjettin á að vera sterkur liður í framkvæmdum og nauðsynlegum fyrirtækjum. Jeg hef heyrt það áður, að vitnað hefur verið í þessu máli í fyrirkomulag annara þjóða. En svo mikið er víst, að nágrannaþjóðir vorar, Norðmenn, Svíar og Danir hafa allir lagaákvæði, sem fara í líka átt og

þetta frumv. Áður á tímum ráku Hamborgarkaupmenn mikla verzlun í Danmörku, en í Kristj. 5. dönsku lögum var sú breyting gjörð, að þeim var bönnuð þar verzlun, og ákveðið að eigi mættu verzla þar aðrir en búsettir menn. Síðar var þessu aptur breytt í strangari átt, þannig, að kaupmenn skyldu hafa fengið rjett innborinna manna, eða þá hafa verið 5 ár búsettir í landinu. Í Svíþjóð var með lögum 1736 ákveðið, að þeir, sem verzlun ræku sem fasta verzlun, skyldu setja veð fyrir því, að þeir byggju í 6 ár í bæ þeim, er þeir verzluðu í. Aptur var því breytt með lögum 18. júní 1864, og útlendum bönnuð þar verzlun, þótt þeir væru þar búsettir, en síðan var því þó aptur breytt, og samkvæmt lögum frá 20. júní 1879 geta þeir fengið að verzla, ef þeir fá til þess konunglegt leyfi og eru búsettir í Svíþjóð, og setja 3 ára veð fyrir útgjöldum til landssjóðs og sveitar. Norðmenn voru undir sömu lögum sem Danir, að því er verzlun snertir, þar til þeir gengu í sambandið við Svíþjóð. En þrátt fyrir þetta samband mega þó Svíar og Norðmenn eigi verzla hvorir hjá öðrum nema þeir sjeu búsettir hvorir í annars landi. Hjer höfum vjer því dæmi af nágrannaþjóðum vorum; þeim hefur þótt þetta mál þess vert, að tryggja það og vernda með lögum.

Nú er að eins 1. umr. þessa frumv., og ekki er því tími til að fara út í einstakar greinar þess, en jeg vona, að það fái að ganga til 2. umr. Þetta mál er mjer áhugamál, og jeg hef þá sannfæring, að frumv. þetta er gott og þarflegt fyrir land og þjóð.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um milliþinganefnd til að íhuga hina kirkjulegu löggjöf landsins (C. 323); ein umr.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Það kann sumum að virðast undarlegt, að jeg skuli flytja þetta mál hjer á þingi, og þykja það standa öðrum nær, t. d. andlegrar stjettar mönnum þeim, sem sæti eiga í þinginu, og skal jeg því þegar í byrjun taka það fram, hversvegna jeg flyt þetta mál. Ástæðan til þess er sú, að á þingmálafundi í Húnavatnssýslu fyrir þetta þing var samþykkt áskorun til alþingis, um að skora á stjórnina, að setja milliþinganefnd til að rannsaka hina kirkjulegu löggjöf landsins, sjerstaklega lögin um tekjur presta og kirkna, og koma fram með uppástungur til breytinga á henni; var tilætlunin sú, að nefndin semdi um þetta eitt eða fleiri frumv., er síðan yrðu lögð fyrir þingið. Málið hefur áður komið til umtals í Húnavatnssýslu. Á síðasta kjörfundi var því hreyft þar, og var þá ein spurningin, sem lögð var fyrir þingmannaefnin sú, hvort þeir mundu vilja flytja það mál á þingi, og gengust þau þá undir að gjöra það. Ennfremur var málið fyrir á þingmálafundi 1891, en þingmennirnir sáu sjer ekki fært að bera málið þá upp á þingi af ýmsum sjerstökum ástæðum. Samkomulag milli manna á þingi var þá ekki svo gott, að því gæti orðið framgengt, auk fleira, sem jeg ætla ekki að fara að telja hjer upp.

Eptir að jeg hef leyft mjer að gjöra þennan stutta inngang, skal jeg snúa mjer að aðalefni tillögunnar. Það eru þá tvö atriði, sem fyrst koma til greina í þessu máli. Hið fyrra er, hvort nauðsyn er á að endurskoða hina kirkjulegu löggjöf landsins, og hið síðara, hverja leið eigi að fara til þess að fá þeim umbótum framgengt, sem mönnum kynni að þykja æskilegt að gjöra á henni.

Að því er snertir fyrra atriðið, er það eindregið mín skoðun, að fyllsta nauðsyn og fyllsta þörf sje á að endurbæta hina kirkjulegu löggjöf landsins, sjerstaklega að því er snertir tekjur presta og kirkna, af því að *rjettaróvissa* og ýmis-

konar *ójöfnuður* á sjer stað í því efni. Jeg hygg, að jeg geti sýnt fram á það með því að ganga í gegnum hinar einstöku tekjugreinir presta og kirkna.

Það er þá fyrst *fasteignartíundin*. Það verður reyndar ekki sagt, að það sje ósanngjarnt gjald í sjálfu sjer, en þó á sjer stað, eins og nú er, allmikill ójöfnuður í því efni, af því að ýmsar jarðir, kirkjujarðir og fornar stólsjarðir eru undanþegnar þessu gjaldi. Það má vera, að fyr á tímum hafi ekki annað verið hægt, en eptir hugsunarhætti þeirra tíma, sem vjer lifum á, er það ófært, að þær sjeu undanþegnar þessu gjaldi, og er það harla ójafnaðarfullt, auk þess sem nokkur vafi er á, hvernig eigi að reikna út fasteignartíundina, sem jeg legg þó ekki mikla áherzlu á.

Þá er *lausafjártíundin*. Það er engin rjettaróvissa um, hvernig eigi að reikna út þessa tíund, svo að því leyti verður ekki að henni fundið. En það er talsverður ójöfnuður, sem eigi að síður kemur fram í því, að gjaldið á eins að greiða af því lausafje, sem er í skuld og af skuldlausu, eins af veðbundnu tíundbæru lausafje sem óveðbundnu, og því ekki fylgt þeim skattaálögureglum, sem fullkomnastar eru. Í öðru lagi byggist þetta gjald á framtali lausafjárins. Það er allt of víða og af allt of mörgum dregið undan af því, sem fram á að telja hjer á landi. Að lausafjárframtalið sje siðspillandi, mun varla hægt að neita, og við það að sumir draga undan, þá verður ójöfnuður í gjöldum þeim, er greiða á af fjenu.

Þá er *lambsfóðrið*. Um það er nokkur rjettaróvissa; það er óvíst, hve mikla grasnyt menn þurfi að hafa til þess, að lambsfóður skuli greiða. Einnig er það ójafnaðarfullt, að sá sem hefur nokkra grasnyt, og þó lítið bú og fátt fólk skuli eiga eins að borga lambsfóður og sá sem hefur stóra jörð og margt fólk, og er auðugur maður. Þeir eiga að borga sama gjald báðir, þó að efnahagur þeirra sje misjafn.

Þá skal jeg nefna *offrið*. Það er einnig rjettaróvissa um það; það er ákveðið í lögunum t. d. að þjónar kaupmanna, „sem full laun taka“, skuli offur greiða. Af þessu hefur opt og einatt orðið þras og rekistefna, og ýmsir hafa neitað að borga offur, af því að þeir hafa ekki þótzt hafa full laun. En gjaldið er einnig sjálft ójafnaðarfullt, og má að því leyti segja um það hið sama og um lambsfóðrið. Sá sem að eins á 20 hundr. í fasteign eða lausafje, eða hvorutveggju samanlögðu, verður að borga sama, eins og sá sem á mörg hundruð hundraða, háttlaunaður embættismaður hið sama sem verzlunarþjónn, o. s. frv.

Þá er þetta 50 aura gjald, sem lausamenn eiga að greiða. Það er að því leyti vafasamt, að opt og einatt er vafi á, hverjir eiga að teljast lausamenn og hverjir ekki.

Þá er *borgun fyrir aukaverk*. Um það er rjettaróvissan minni. Þó er óánægja yfir sumum gjöldunum. Sum hafa þótt lítil t. d. fyrir hjónavígslu; en það er minni ástæða til að fjölyrða um þau gjöld og skal jeg því sleppa þeim.

Þá eru *kirkjugjöldin*. Um *tíundargjaldið* má segja það sama, sem jeg hef sagt um fasteignar- og lausafjártíund til presta, og sömuleiðis 50 aura gjaldið frá lausamönnum, og skal jeg því sleppa að minnast á þessi kirkjugjöld.

Um *ljóstollinn* er mikil rjettaróvissa, og jeg skal taka eitt dæmi, sem sýnir það. Fyrir nokkrum árum var yfirrjettarmálfærslumaður hjer í bænum, sem þóttist eigi skyldur til að greiða ljóstoll, og ljet það fara í mál. Fyrir undirrjettinum vann hann málið, en yfirrjettur dæmdi hann til að greiða gjaldið; þó var það að eins meiri hlutinn, en einn af yfirdómurunum áleit hann eigi skyldan til þess eins og undirrjettur. Þetta sýnir, að um gjald þetta er rjettaróvissa og ágreining-

ur. Auk þess kemur fram ójöfnuður við þetta gjald, og má segja sama um það sem um lambsfóður og offur, að það kemur ekki jafnt niður á menn eptir efnahag þeirra.

Svo er *legkaup*. Um það er ekki rjettaróvissa, en ýmsir samt óánægðir með það gjald.

Við *kirkjugjald af húsum* hef jeg ekkert að athuga.

Jeg hef áður minnzt á prestsgjöldin, en mjer gleymdist þá að nefna *dagsverkið*. Um það er talsverð rjettaróvissa, og skal jeg nefna dæmi um rjettaróvissuna, að því er það snertir og offrið, að jeg hef goldið hjer 3 prestum prestgjöld. Einn af þeim gaf reikning fyrir dagsverk eða offur, annar fyrir dagsverk og þriðji fyrir offur. Jeg gat ekki vitað, hvaða prestgjald jeg átti að borga, og þeir vissu það ekki heldur, af því að lagaákvæði um þessi gjöld eru ekki svo skýr sem vera þyrfti.

Jeg hygg, að ekki þurfi að taka fram fleiri dæmi til að sýna, að í löggjöfinni um tekjur presta og kirkna er mikil rjettaróvissa, og þar af kemur fram einnig ójöfnuður. En óvissan á sjer víðar stað í hinni kirkjulegu löggjöf, t. d. að því er snertir skylduvinnu við kirkjubyggingar. Lögin um það eru orðin yfir 100 ára gömul og eru miðuð við það, að kirkjur sjeu byggðar úr torfi. En síðan farið er að reisa þær úr steini eða timbri, þá eiga þau illa við, og vafasamt, að hve miklu leyti farið verður eptir þeim. Jeg skal sem dæmi taka, að sóknarnefnd hefur ekki viljað jafna niður þessu skylduvinnugjaldi, af því að hún áleit, að sóknarmenn væru ekki skyldir að greiða það. Lenti svo út af þessu í þrasi og málarekstri og sakamál var höfðað gegn sóknarnefndinni, og var það allt vegna rjettaróvissu um þetta mál.

Líkt má segja um kirkjugarðana, og þarf ekki í því efni að fara lengra en til kirkjugarðsins hjer í Reykjavík. Það mun vera flestum kunnugt, að um hann hefur orðið mikið þref og þras, og ekki er útlit fyrir annað, en að girðingarnar um hann muni falla, án þess að nokkuð sje gjört við þær. Og það má nefna fleira og fleira t. d. gjalddaga á prestgjöldum, sem sumir hafa kvartað um, og innheimtu þá á gjöldunum, sem prestar hafa, og ýmsir þeirra vilja losast við, og sem mönnum sýnist ekki eðlilegt, að þeir hafi á hendi. Auk þess kann að vera margt fleira, sem ástæða fyndist til að breyta og sem nefnd, er sett væri, kæmist að, að þyrfti að rannsaka og gjöra umbætur á. Jeg ímynda mjer, að allt þetta, sem jeg hef tilfært, sýni að fullkomin nauðsyn er á að endurskoða hina kirkjulegu löggjöf, og gjöra á henni breytingar. Það sjest líka á því, að á undanförnum þingum hefur á hverju þingi komið fram eitthvert frumv. til breytingar á þessari löggjöf. Á þingi 1889 kom fram frumv. um breytingar bæði á tekjum presta og kirkna. En það náði eigi fram að ganga, af því að það var álitið að vera ekki nógu vel undirbúið. Það þótti eigi nógu vel rannsakað, hver áhrif þær breytingar, sem þar var farið fram á, mundu hafa í hverju einstöku prestakalli. Síðan hafa komið fram ýms frv., og einnig nú á þessu þingi um breytingar á hinni kirkjulegu löggjöf, og þó ekki verði sagt, hver afdrif þau muni fá, þá eru þó líkindi til, að varla sje nægur tími til þess, að þau komist fram, hvað sem öðru líður. Þegar frumv. í þessa átt hafa þannig komið fram þing eptir þing, þá sýnir það, að breytingar þurfi í því efni, og menn finni til þess og vilji breyta. En það verður minna úr, þegar hver kemur fram með sínar einstöku breytingar, heldur en ef löggjöfin yrði rannsökuð og endurbætt í heild sinni.

Að öllu þessu athuguðu held jeg, að óhætt sje að fullyrða, að það sje ekki að eins nauðsyn að breyta ýmsu í kirkjulegu

löggjöfinni, heldur sje það einnig vilji mjög margra landsmanna, að það sje gjört.

Þá kemur til greina síðara atriðið, sem jeg minntist á áðan, hverja leið eigi að fara til þess að fá þeim umbótum framgengt, sem mönnum kynni að þykja æskilegar. Í því efni má nefna ýmsar leiðir. Fyrst þá, sem hingað til hefur verið farin, að einstakir þingmenn hafa komið fram með breytingar og tillögur um ýms atriði, sem þeim hefur fundizt mest þörf á. En eins og reynslan hefur sýnt, mundi það ekki hafa mikinn árangur; það mundi verða allt í molum án sambands hvað við annað og hætt er við, að sú aðferðin ætti erfiðara uppdráttar, er menn sjá, að þær tillögur eru ekki einhlítar og mörgu fleiru þarf að breyta. Önnur aðferðin eða leiðin er sú, að skora á stjórnina að rannsaka þessa löggjöf alla og koma með breytingar á henni þær, er henni þurfa þykir. Það er ýmislegt, sem mælir með þessari aðferð. Stjórnin getur heimtað skýrslur af embættismönnum viðvíkjandi þessu máli og aflað upplýsinga hjá þeim um þær breytingar, sem kynnu að þykja æskilegar, en þó hygg jeg, að það hefði ekki eins mikinn árangur og ef milliþinganefnd væri sett til að rannsaka málið. Á þingi 1889 kom fram frv. um tekjur presta frá stjórninni, og var það allmikið undirbúið, bæði frá hennar hendi og eins af nefnd, sem til þess var kosin á synodus, en þó reyndist, þegar til þings kom, undirbúningurinn ekki nægilegur og fjell því frv.

Þá er þriðja leiðin sú, sem hjer er farin, að sett verði nefnd milli þinga til að íhuga kirkjulöggjöf landsins og semja frv. til breytinga á henni, er síðan leggist fyrir alþingi. Auðvitað er mikið undir mönnum þeim komið, sem skipaðir verða í þessa nefnd, hver árangurinn verður. En treysta verður landsstjórninni að velja í nefndina þá, sem hún álítur hæfasta til þess starfa. Ef þáð eru góðir menn, þá má ganga að því vísu, að þeir rannsaki alla hina kirkjulegu löggjöf og afli upplýsinga í því efni, hver áhrif breytingar þeirra hefðu í hverju einstöku tilfelli í hverju prestakalli á landinu. En þess er brýn þörf. Það er eigi ótítt í öðrum löndum, þegar um stórmál er að ræða, að settar eru þá milliþinganefndir til undirbúnings málunum. Í Noregi er það algengt, og nýlega var það gjört í einu stórmáli, frv. um kviðdóma. Hjer hjá oss hafa þær einnig gefizt vel, t. d. skattanefndin. Ef hún hefði ekki verið sett, þá væri þeim málum ekki enn komið í jafneinfalt og viðunanlegt horf og hún kom þeim í. Ýmislegt hefur reyndar verið fundið að brauðaskipunarnefndinni. Þó hygg jeg ekki að álasa eigi nefndinni í því efni, heldur mun margt, sem hefur verið fundið að skipun prestakalla vera að kenna hjeraðsbúum sjálfum. Landbúnaðarnefndinni má einnig mikið þakka lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. Það var ekki nefndinni að kenna, að ekki varð meiri árangur af störfum hennar, heldur þinginu, sem hefur hætt, að minnsta kosti í bráð, að eiga við þetta mál. Ef þingið færi aptur að taka málið fyrir, er jeg viss um, að störf hennar yrðu til ljettis og stuðnings fyrir þingið.

Hið eina, sem jeg get ímyndað mjer, að menn muni geta haft á móti milliþinganefnd er kostnaðurinn, sem greiða á til þess úr landssjóði. En jeg verð að segja, að fengi þetta æskilegan árangur og fengjust fram þær umbætur á löggjöfinni, sem æskilegar þykja, þá ætti sannarlega ekki að horfa í það, þó að kosta þyrfti nokkru fje til þess. Það verður einnig að gæta þess, að ef ekki er gjört neitt frekara í þessu máli en gjört er og gjört hefur verið, þá koma aptur og aptur á hverju þingi frv. um breytingar á hinni kirkjulegu löggjöf og það kostar ekki lítið að ræða þau, til þess ganga bæði peningar og tími, og

sá kostnaður mun ekki verða minni fyrir landið en þó milliþinganefnd væri kosin.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara frekara út í þetta mál, en treysti því, að h. þingd. felli ekki þetta mál, heldur, ef henni ekki líkar tillagan að einhverju leyti, hrindi þá málinu í það horf, að það geti náð framgangi. Einkum treysti jeg prestunum til að taka þessu máli vel, og sjerstaklega þó h. 2. kgk. (H. Sv.), sem hefur sýnt það sem nefndarmaður við undirbúning frv. á þingi 1889, að hann vildi breytingar á þessu máli, og sýnt það nú á synodus með þeim frv., sem nú eru fyrir í Nd. Jeg treysti honum því til að hann leggi þessu frv. sín mikilsmegnandi meðmæli.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal gjarnan verða við tilmælum þeim, er h. flutningsm. (Þ. J.) beindi til mín í lok ræðu sinnar, og jeg vildi gjarnan styðja að því, að hin kirkjulega löggjöf mætti komast í sem viðunanlegast horf, en jeg ímynda mjer, að margir muni þeir verða, er ekki eru okkur allskostar samdóma, og annan veg vilja fara. Get jeg þess til, að margir muni horfa í kostnaðinn. Mönnum er svo varið, að þeim þykir hætta á ferðum, er um kostnað er að ræða, einkanlega þegar hann er óákveðinn og búast má kannske við, að hann geti orðið töluverður. Að mínu áliti eru þó engin líkindi til, að stórkostlegur ferðakostnaður, að minnsta kosti, þurfi að leiða af þessari milliþinganefnd, því eigi er ólíklegt, að í hana mætti kjósa menn, sem ekki ættu mjög örðugt með að ná saman til fundarhalda; aptur yrði töluverður kostnaður óhjákvæmilegur, ef nauðsynlegt væri að kveðja í hana menn úr fjarlægum hjeruðum.

Jeg skal ekki fara ýtarlega út í tillöguna, eða útskýra hana, heldur að eins stuttlega geta þess, að töluverð hreyfing hefur látið bera á sjer út um landið, í þá átt, að hinni kirkjulegu löggjöf yrði komið í annað fullkomnara og heppilegra skipulag en nú er. Frá hinum síðustu hjeraðsfundum hafa komið 2 eða 3 ákveðnar tillögur um, að ákvæðunum um tekjur presta yrði breytt, ásamt tilmælum um, að þessar tillögur yrðu lagðar fyrir stjórnina, svo hún gæti aptur lagt frv. þessu viðvíkjandi fyrir þingið. Engu að síður hef jeg þó eigi treyst mjer til að fara þess á leit við stjórnina og var það í fyrsta lagi af því, að mjer virtust undirtektir þingsins 1889 í þessu máli vera allþungar. Þótt þingið í það skipti hafi haft sjer til afsökunar, að frv. því, er þá lá fyrir hafi að mörgu leyti verið ábótavant, þá held jeg þó, að þessi vöntun hafi ekki verið svo stórkostleg, og seint held jeg nokkuð frv. verði svo úr garði gjört, að allar þær skýrslur og upplýsingar, sem einhver síðar kann að óska, verði ætíð þegar í stað við hendina. Yfirhöfuð held jeg, að undirbúningi málsins 1889 af hendi synodus hafi varla verið svo ábótavant eða svo illa úr garði gjörður, að þingið ekki hefði getað notað hinn sama grundvöll og samþykkt frv. með nokkrum breytingum, jafnvel litlum, því betur hygg jeg hefði farið, ef lög í þessa átt hefðu náð fram að ganga þá þegar, með því að töluverð óvissa um ýms gjöld á sjer stað. En eins og kunnugt er, þá tók þingið svo þungt í þetta, hvort sem það hefur verið af ótta fyrir, að það gæti ekki leitt málið til lykta svo vel færi, eða af einhverri tregðu við að fást við þennan sjerstaka þátt í hinni kirkjulegu löggjöf. En hvort heldur nú hefur verið, þá ætti þó þessum þröskuldi að vera rutt úr vegi, ef málið verður falið á hendur milliþinganefnd.

Þetta er eins og jeg tók fram önnur ástæðan fyrir því, að jeg ekki hef farið fram á við stjórnina að leggja frv. fyrir þingið í þessa átt, en hin ástæðan er sú, að óskir um breytingu ekki hafa komið frá svo mörgum hjeraðsfundum, að jeg hafi getað treyst mjer til að bera þetta fram sem samhuga álit alls landsins yfir

höfuð. Óskirnar eru til og þær ekki svo fáar, sem hafa æskt eptir betra skipulagi á hinni núverandi löggjöf kirkjunnar, en þær eru þó ekki svo margar og svo samróma, sem jeg helzt hefði kosið. En beinasta leiðin til að afla málinu nægilegs og rækilegs undirbúnings, verður að líkindum einmitt sú, sem hjer er farið fram á: að setja milliþinganefnd til að vinna að því. Það er því að mínu áliti að eins eitt atriði, er kynni að hafa áhrif á þessa þingsályktunartillögu, og það er, að einmitt nú fyrir þinginu er frv., sem snertir annað aðalatriði þess, er nefndinni er ætlað að koma skipulagi á, nfl. frv. um kirkjur, um tekjur þeirra og gjöld, og eins það, er h. flutningsm. (Þorl. J.) benti á, að ný ákvæði þyrfti um, kirkjugarðana. Það gæti verið spursmál um, hvort þörfin væri svo brýn á að skipa nefnd, ef þingið samþykkti þetta frv. Ef þessi annar þáttur hinnar kirkjulegu löggjafar kæmist í gott lag, þá væri hægt að segja, og það ekki að ástæðulausu, að þá væri ekki lengur hin sama ástæða til að fallast á þessa milliþinganefnd, og að minnsta kosti mundu mótstöðumenn þessa máls nota sjer þetta, og segja, að síður væri ástæða til að fylgja þessu fram. Jeg er eigi heldur alveg óhræddur um, að ef þessari þingsályktun yrði sómi sýndur og hún næði fram að ganga, þá gæti svo farið, að það yrði til þess að seinka fyrir þessu frv., er jeg gat um, að væri fyrir h. Nd., eða deyfa áhugann hjá þinginu að koma því áfram og til viðunanlegra lykta, án þess þó á hinn bóginn væri víst, að nefndartillagan gæti orðið að tilætluðum notum, ef t. d. stjórnin ekki vildi taka hana til greina.

Þótt jeg hafi látið í ljósi þá skoðun mína, að þetta kunni að verða sumum að ásteytingarsteini, þá sje jeg þó fyrir mitt leyti ekki neina ástæðu til að hafa á móti tillögunni, og jeg vildi ógjarnan tálma fyrir henni með atkvæði mínu, og það því fremur, sem það að mínu áliti ekki þyrfti að koma hið minnsta í bága við starf nefndarinnar, þó frv. um kirkjur næði fram að ganga og öðlaðist staðfestingu. Það gæti sparað nefndinni mikla fyrirhöfn og kostnað, að þessi annar þáttur hinnar kirkjulegu löggjafar væri þá af sjálfu sjer fallinn burt, og nefndin þyrfti ekki að hugsa meir um hann, nema ef hún vildi breyta honum í einhverjum minni háttar atriðum, en það álít jeg eigi sjerstaka ástæðu til að ætla, því nefndin mundi án efa hika sjer við að breyta nýjum lögum, ef ekki væri brýn nauðsyn til þess, t. d. ef þau gæfust enn þá ver en hin fornu ákvæði.

Hvernig sem menn annars kunna að taka í þetta mál, þá verð jeg að vera því hlynntur, að það fái framgang, og þar sem að eins er um eina umræðu að tala, þá sje jeg ekki, að um annað sje að gjöra en að gefa því atkvæði sitt, og sjá svo, hvernig því reiðir af.

Sigurður Stefánsson: Þótt jeg játi, að margt af því, sem h. flutningsm. (Þ. J.) hefur tekið fram þessu máli viðvíkjandi hafi við æðimikil rök að styðjast, verð jeg samt að segja, að jeg er mjög hikandi, þegar jeg lít á málið í heild sinni. Það hefur verið tekið fram, að æðimikið hafi verið gjört til þess að koma skipulagi á hina kirkjulegu löggjöf vora, en árangurinn sjaldnast orðið mikill, og þótt nefnd væri sett milli þinga til að íhuga þetta, þá ímynda jeg mjer, að árangurinn yrði ekki verulegur fyrir það, því mál þetta er mjög margbreytt og það þarf mikinn tíma til þess rækilega að íhuga það. Viðvíkjandi breytingum þeim, er menn hafa viljað gjöra í gjöldum til presta og kirkna er það að segja, að miklu eru þeir fleiri, er hafa álitið þær breytingar, sem fram hafa komið, óheppilegar. Yfir höfuð að tala er álit manna svo skipt í þessu efni, að naumast er hægt að fá vitneskju um, hver sje helzt vilji almennings.

Viðvíkjandi breyting á tekjum presta í eitt ákveðið gjald, skal jeg taka það

fram, að þær tillögur, sem komið hafa fram um það, hafa mætt allharðri mótspyrnu hjá öllum þorra gjaldenda. Það verður líka að taka mikið tillit til þess, að hin núverandi gjöld til presta og kirkna eru búin að ná mikilli hefð í hugsunarhætti þjóðarinnar, og þótt menn kunni ekki að vera allskostar ánægðir með þau, þá er mjög óvíst, að menn yrðu ánægðari, þótt breytt væri til.

Þótt jeg játi, að töluverð rjettaróvissa sje viðvíkjandi sumum af þessum gjöldum og þar af geti stafað óánægja, þá held jeg samt, að ekki beri svo mikið á þessu, þar sem sambandið milli prests og safnaðar er eins og það á að vera. Fyrir mitt leyti get jeg sagt, að þau fáu ár, sem jeg hef verið prestur, hef jeg ekki mikið orðið var við þetta.

Þótt jeg ekki vilji setja mig beint á móti þessari tillögu, þá álít jeg, að menn verði að skoða vel huga sinn, áður en þeir greiða atkvæði með henni.

H. 2. kgk. (H. Sv.) tók það fram, að það sem hefði komið sjer til þess, að fara ekki að þessu sinni á leit við stjórnina, að breyta þessum atriðum í hinni kirkjulegu löggjöf væri það, að ekki hefði komið fram óskir um þetta frá svo mörgum kjörstöðum, sem nægilegt væri; á þetta atriði legg jeg mjög mikla áherzlu. Það þarf eindreginn vilja gjaldendanna til þess að þetta verði tekið fyrir. En hitt atriðið, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, að hjer á þingi nú sje frv. til meðferðar, er fari í þá átt, að breyta gjöldunum til kirkna, þá getur það eigi dregið svo mjög úr mjer að vera með þessari þingsályktunartillögu, því jeg álít, að þær breytingar á tekjum kirknanna, sem þar er farið fram á, sjeu svo stórkostlegar, að heppilegast væri, að það frv. næði ekki fram að ganga að þessu sinni; þjóðin þarf fyrst að fá tækifæri til að skoða þessar breytingar rækilega og hjeraðsfundir að segja álit sitt um þær. Jeg harma það því ekki svo mjög, þótt það frumvarp næði ekki fram að ganga að þessu sinni.

Hvað milliþinganefndirnar snertir, þá vil jeg geta þess, að jeg er ekki sjerlega trúaður á þær, þrátt fyrir hin góðu meðmæli h. þm. Húnv. (Þ. J.) með þeim. Það er kemur til hinnar kirkjulegu löggjafar, þá hefur þeim málum, er hana snerta, ekki verið ráðið til svo heppilegra lykta af þeim milliþinganefndum, er um þau hafa fjallað, að mönnum þurfi að vera það mikið áhugamál að fá slíkar nefndir skipaðar með ærnum kostnaði fyrir landið, enda þótt jeg efist ekki um góðan vilja þeirra.

En meira hikandi varð jeg í þessu máli, er jeg heyrði orð h. 2. kgk. (H. Sv.) þar sem hann sagði, að til þess að komast hjá miklum kostnaði mætti skipa nefndina þeim mönnum, sem ekki þyrftu að koma mjög langt að; þótt jeg játi, að finna mætti marga menn hjer nálægt höfuðstaðnum, sem hefðu góðan vilja til þess að gjöra allt í þessu, sem bezt þeir gætu, þá álít jeg samt heppilegra, að þessi nefnd væri skipuð mönnum úr sem flestum fjórðungum landsins. Jeg hygg, að sú aðferð, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) benti á, sje hin hyggilegasta, sú nefnilega að skora á stjórnina að hlutast til um, að þetta mál verði athugað, því stjórnin hefur aðgang að embættismönnunum og getur leitað álits þeirra, en þeir aptur að hjeraðanefndunum og krafizt skýrslna frá þeim og með þessu móti fæst allt hið sama og með milliþinganefnd. *Jeg vantreysti ekki stjórninni* með aðstoð biskupsins og annara embættismanna og svo hjeraðsfundanna að gjöra þetta eins vel úr garði og milliþinganefnd, sem þar að auki hefur ærnan kostnað í för með sjer fyrir landið. En þareð sú tillaga ekki liggur hjer fyrir heldur till. um milliþinganefnd, þá ræð jeg til að nefnd verði sett í þetta mál. Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir;

Hallgrímur Sveinsson með 9 atkv.
Þorleifur Jónsson — 8 —
Sigurður Jensson — 5 —

Þrítugasti og fyrsti fundur, þriðjudag 8. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 145); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Enn einu sinni er stjórnarskrárfrv. þetta komið hjer inn á þing og frá Nd. til Ed. Mjer er ekki ljóst, hvað hefur knúð menn til að koma með það nú. Ekki getur það verið áhugi landsmanna, því að menn munu sjaldan hafa verið eins linir og nú að heimta það, að þingið fylgdi þessu máli fram af alefli. Þegar vjer lítum yfir þingmálafundagjörðir þær, sem liggja hjer á lestrarsalnum, þá sjáum vjer, að af 19 fundum voru einir 7, *einir 7*, eindregið með því, að þessu máli væri haldið fram í þá stefnu, sem gjört hefur verið á þessu þingi. Þó veit jeg um einn af þessum fundum, því að jeg var á honum, að þar var alls enginn áhugi á þessu máli, heldur gjörðu fáeinir menn það fyrir fundarstjóra, að samþ. ályktun þingmálafundar úr næstu sýslu, en allur þorri fundarmanna greiddu ekki atkv. með eða mót. Fjórir fundir voru eindregið á móti því, að þetta mál væri tekið fyrir á þessu þingi og 8 vildu annaðhvort láta hreyfa því í ávarpsformi eða láta þingmenn sína ráða því, hvað þeir vildu gjöra við það. Þetta virðist mjer sýna allt annað en eindreginn áhuga á málinu.

Ekki get jeg heldur sjeð, að það hafi knúð menn til þess að koma nú með frv., að nú sjeu meiri og betri líkur til þess, að þetta frv. nái nú staðfestingu konungs, því að þótt þetta frv. hafi eigi í sjer óverulega breytingu frá frv. 1885, þá hygg jeg ekki, að það sje aðgengilegra í stjórnarinnar augum en það áður var. Heldur ekki veit jeg til, að stjórnin hafi gefið neinar þær yfirlýsingar, er sýni að hún sje málinu hliðhollari en 1885.

Jeg get því ekki annað en komizt að þeirri ályktun, að *aðaltilgangurinn* með að koma með þetta frv. nú sje sá, að fá nýjar kosningar og aukaþing að ári. Þessi ályktun er eigi alveg gripin úr lausu lopti, heldur er hún byggð á orðum aðalforsprakka þessa máls, sem hann talaði við mig 1889, þegar þetta mál var til meðferðar í Ed. Þetta ár hitti hann mig á götu og sagði: „Þjer verðið að gæta að því, góðurinn minn, að við erum ekki staddir eins og upp á Vatnajökli í pólitisku tilliti. Það má vel brúka þessa stjórnarskrá, sem við höfum“. „Jeg hef nú lengi haldið það“, sagði jeg. Þá segir hann: „Jeg gjöri mjer heldur enga von um, að þetta frv. vort nái fram að ganga, en það er svo góður pólitiskur skóli fyrir þjóð vora, að hafa þing á hverju ári, það er að segja aukaþing annaðhvort ár, og hún er ekki ofgóð til að borga fyrir það“. Jeg er tilbúinn að staðfesta þó með eiði væri, að hann talaði þessi orð í mín eyru, og þau hafa gjört mjer skiljanlega aðferð hans í þessu máli. En megum vjer nú ekki ætla, að eptir höfðinu dansi limirnir. En samt skal jeg ekkert segja um, hve margir fylgendur þessa máls eru það í sama tilgangi og þessi forsprakki. En ef það er aðalmarkið og miðið að fá aukaþing annaðhvort ár, þá er ekkert annað vissara meðal til þess en það, að koma með stjórnarskrárbreytingu á hverju þingi, sem menn vita, að stjórnin muni ekki geta gengið að. Í þessu tilliti er frv. það, er hjer liggur fyrir, einkar vel fallið til að hafa þessar verkanir. Annað mál er það, hvort það er rjett gagnvart kjósendum og landsmönnum öllum, að keppa eptir aukaþingum á þennan hátt. Eða finnst h. þingdm. það rjett að baka landinu þennan kostnað einungis til að fá aukaþing? Jeg fyrir mitt leyti álít það ekki rjett.

En jeg þekki og h. þm. og það í þessari h. þingd., sem ætla, að það muni fyr eða síðar leiða til þess, að þetta frv. nái staðfestingu konungs, ef vjer samþ. það óbreytt. Að vísu get jeg ekki verið á þeirri skoðun, en allt fyrir það tel jeg það eigi rangt af þeim mönnum, sem hafa gjört þetta að sinni sannfæringu, að halda fram þessari aðferð. En það verður þá að fylgja með, að þeir sjeu sannfærðir um, að frv þetta sje ágætt og gilt í alla staði, svo að þeir ætli það til gagns og sóma ættjörð vorri, hvar sem það kemur, og að það verði til stórra umbóta á stjórn vorri, ef það nær að verða að lögum. Ekki vil jeg neita því, að sumir kunni að vera svo trúarsterkir, að þeir sjeu þessarar skoðunar. En jeg veit, að allir eru það ekki, sem greitt hafa atkv. með þessu frv. að þessu sinni. Það hafa verið kallaðar getsakir, er h. 2. kgk. (H. Sv.) gat þess í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls hjer í deildinni, að allir þeir Nd.menn, er gáfu atkv. með því, mundu ekki svo sannfærðir um ágæti þess. En þó hefur einn Nd. þm. sagt við mig: „Hvað heldurðu að margir Nd.menn, sem gáfu nú atkv. með þessu frv., væru ánægðir með að það yrði að lögum?“ og í spurningunni lá, að allmargir hefðu gefið atkv. með því, þótt þeir alls ekki vildu, að það yrði að lögum. Fyrir því spurði jeg: „Hvers vegna greiddu þeir þá atkv. með því?“ En þar fjekk jeg ekkert svar. Jeg held því, að orð h. 2. kgk. (H. Sv.) hafi verið á fullum rökum byggð, þar sem hann sagði, að hjer mundi eitthvað undir búa, sem menn alls ekki vildu gjöra uppskátt.

En það eru fleiri ástæður, sem koma mjer til að greiða atkv. móti frv. en þær, að það baki landinu kostnað að árangurslausu; það eru þær ástæður, sem frv. ber sjálft með sjer. Það er svo úr garði gjört í sumum ákvæðum sínum, að jeg mundi engan veginn geta fallizt á það, hvaðan sem það kæmi, hvort sem heldur væri frá stjórninni eða landsmönnum. Það er jafnan borið fram, jeg vil ekki segja barið fram, að þetta frv. mundi gefa oss alinnlenda stjórn, ef það yrði að lögum. En það ætla jeg fjarri fara. Í þessu efni vil jeg benda til ákvæðanna í 7. gr., þessara alkunnu orða: „konungur eða landsstjóri“. Eptir því sem orðin standa, og þau eru skilin í almennu máli, verður ekki annað út úr þeim fengið, en að það sje alveg sama, hvor skrifar undir lögin konungurinn eða landsstjórinn. Það segja líka meðmælmælendur frv. En þeir segja, að konungur geti ekki skrifað undir það með öðrum ráðgjöfum en þeim, sem landsstjóri hefur kosið sjer til ráðaneytis og ábyrgð hafa fyrir alþingi. En hvar stendur það í þessu frv.? En eru þess þá nokkur dæmi, að konungar skrifi undir ályktanir, er snerta löggjöf og stjórn, nema með þeim ráðgjöfum, er þeir hafa sjálfir til kosið? Mjer er það að minnsta kosti ekki kunnugt. En ef þetta á samt að skiljast svo, eptir því sem hinir hávitru lögfræðingar, sem fjallað hafa um frv. þetta, kenna oss, og setjum svo, að sá ráðgjafi konungs, er ráða verður Hans Hátign til að staðfesta þetta frv., ef það á að verða að lögum, skilji þetta á sama hátt og þessir hávitru lögfræðingar, getum vjer þá ímyndað oss, h. deildarmenn, að nokkur ráðgjafi konungs, sem hann hefur kosið sjer til ráðaneytis, muni ráða honum til að kasta þannig frá sjer hinu æzta valdi í innlendum málum landsins, sem honum er heimilað í 3. gr. Jeg ætla það fjarri fara. Jeg hygg, að ráðgjafi konungs mundi skilja þetta ákvæði á allt annan veg, svo framarlega sem hann rjeði konungi til að staðfesta frv. þetta. Sá hinn sami ráðgjafi, sem rjeði konungi til að útnefna landsstjórann, mundi einnig álíta honum heimilt eptir þessu frv. að taka sjer hvern þann ráðgjafa, er honum sýndist, til þess að staðfesta þær ályktanir, er honum þætti við eiga, og það gæti farið svo langt, að

landsstjórinn hefði málin að eins til undirbúnings, eins og landshöfðinginn hefur nú. Og hvað er þá orðið úr hinni alinnlendu stjórn? Jeg þykist nú vita, að hinir hávitru lögfræðingar munu segja, að þetta sje tómur misskilningur af minni hálfu; þeir einir skilji frv. rjett, og þeirra skilningur sje, að konungur megi alls eigi nota aðra ráðgjafa en þá, er landsstjórinn hafi kvatt sjer til ráðaneytis. Þetta gæti nú verið mikið gott, ef hinir hávitru lögfræðingar ættu sjálfir að sjá um framkvæmd á ákvæðum frv. þessa. En hvorki ætla jeg, að konungur muni kalla þá í ráðaneyti sitt til þess starfa, enda munu þeir heldur ekki búast við því sjálfir. Hjer verður það þess vegna þýðingarmeira, hvern skilning danskur ráðgjafi muni leggja í ákvæði frv. þessa, heldur en þessir herrar. En setjum nú svo, að þeirra skilningur sje rjettur, og konungur megi eigi kalla þann eða þá sjer fyrir ráðgjafa, sem hann vill, þá hlýtur sú spurning að rísa upp fyrir oss: Hvað verður þá úr ætzta valdi konungs, sem honum er heimilað í 3. gr. frv.? Hann hefur ekki einu sinni svo mikið vald, að hann geti valið sjer ráðgjafa. Og þó láta formælendur þessa frv. sjer stöðugt um munn fara, að þeim sje svo hugarhaldið að skerða með engu móti vald konungs. Mjer er það sannarleg ráðgáta, hvernig heili þeirra manna er byggður, sem ekki sjá ósamrýmanlega mótsögn í ákvæðum þessara tveggja greina. Hið sanna er, að hjer er verið að reyna að samrýma tvær hugmyndir, sem í sjálfu sjer eru ósamrýmanlegar, það er hugmyndin um lýðveldi og konungsveldi. Það er engin von, að höfundar frv. hafi getað samrýmt þetta, því að það er í sjálfu sjer ósamrýmanlegt. En þessi ákvæði gjöra frv. að þeim vanskapnaði, sem gjörir það og flytjendur þess að athlægi, hvar sem það verður kunnugt fyrir utan Ísland. Jeg mundi því skoða það sem vanrækt skyldu minnar gagnvart landsmönnum, ef jeg fjellist á frv. þetta.

Þá er enn ákvæði í 21. gr. frv., sem mjer þykja með öllu ónóg. Að vísu er jeg því ekkert mótfallinn, að landsmenn kjósi menn til efri deildar. En eptir það að þeir eru kosnir vil jeg láta þá vera miklu óháðari vilja kjósenda en neðri deildar menn, bæði á þann hátt, að þeir sjeu kosnir til lengri tíma, helzt æfilangt, og að þingrof hafi engin áhrif á þá deild, hvorki að vilja þings nje stjórnar. Ef efri deild á að hafa nokkra þýðingu, þá verða Ed.menn að vera svo fastir í sessi sínum að stundar-uppþot landsmanna hafi engin áhrif á þá. Með þessu fyrirkomulagi einu geta þeir myndað nauðsynlegt mótvægi gegn flumósa löggjöf neðri deildar. En með ákvæðum 37. gr. er sjeð fyrir því, að öll löggjöf lendi ekki í sjálfheldu, þótt deildirnar skilji á.

Ákvæðin í 37. gr. þykja mjer mjög óviðkunnanleg, það eru þau, að þingið skeri sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir. Það er að vísu ekki eins þýðingarmikið eins og skipun efri deildar. En jeg held, að allir verði að játa, að þingið muni miklu fremur úrskurða þessi mál eptir pólitiskri flokkaskipun en eptir rjettum lögum. Fyrir því vildi jeg láta reglulegan dómstól skera úr um ágreining í þessu efni, því að þá yrði málið prófað á báðar hliðar eptir því sem ástæður væru til. En þar sem enginn ágreiningur væri, væru þingmenn að sjálfsögðu rjett kosnir.

Þá eru ákvæði 48. gr. um landsdóminn, sem mjer þykja alveg óhafandi. Það er hið fyrsta skilyrði fyrir því, að menn hafi traust til hvers dómstóls sem er, að hann sje óhlutdrægur. En hjer er settur upp dómstóll, sem að eðli sínu hlýtur að vera hlutdrægur. Hjer eiga þeir menn að dæma, sem sjálfir hljóta að vera riðnir við málið, að meira eða minna leyti, og sem fest hafa skoðun sína á því á einn veg

eða annan af pólitiskum ástæðum. Jeg get því ekki sjeð, hvernig nokkur getur ímyndað sjer, að hjer verði óhlutdrægur dómur. En sje hinn minnsti grunur um óhlutdrægni dóms, þá er hann fyrirfram fordæmdur.

Enn er jeg hræddur um, að fylgjendur þessa frv. hafi ekki vel athugað ákvæði 54. gr. Vjer vitum allir, hve opt vjer erum á þessu þingi í vandræðum með kirkjulega löggjöf landsins, og margir þingmenn hafa sagt við mig, að þeir vildi helzt, að ríki og kirkja væru aðskilin. Jeg vil ekki segja, að landsmenn sjeu enn sem stendur undirbúnir þennan aðskilnað. En þó ætla jeg rjett, að ákvæðum væri þannig hagað í nýrri stjórnarskrá, að sambandi þessu yrði slitið, án þess að breyta þyrfti stjórnarskránni, og hefði því 2. málsgr. þurft að vera þannig orðuð: Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar *má* breyta með lögum.

Þetta eru nú þær hinar helztu athugasemdir, sem mjer hefur dottið í hug við frv. þetta, og sem gjöra það að verkum, að jeg gef því ekki atkvæði mitt. Í frv. eru að sönnu ýmisleg þau ákvæði, sem jeg get vel fallizt á, en þau eru ofin svo saman við og innan um önnur eins ákvæði og þau, er jeg hef minnzt á, að jeg get ekki staðið upp fyrir neinni gr. í frv. meðan það er haft í þessu formi.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef að eins fáar athugasemdir að gjöra við ræðu h. 5. kgk. (J. A. Hj.). Hann byrjaði á því, að þetta frv. til stjórnarskipunarlaga væri ekki komið fram af óskum þjóðarinnar, því að á fáum þingmálafundum hefði því máli hreyft verið og á einum fundinum hefðu menn verið móthverfir því að taka það nú fyrir. En jeg held, að það geti engum blandazt hugur um, að það sje einlæg ósk þjóðarinnar að fá þessu máli framgengt; og þó áskoranir í þessa átt hafi ekki komið frá mjög mörgum þingmálafundum, þá mega menn ekki halda, að það komi af áhugaleysi eða viljaleysi, heldur miklu fremur af því, að menn álíta að þeir ekki þurfi að skora á þingmenn sína hvað eptir annað og taka það sem gefið, að þeim sje kunnugt um vilja sinn í því efni. Mjer þætti líka gaman að sjá, að h. 5. kgk. (J. A. Hj.) sýndi mjer fram á það, að allir þeir þingmálafundir, sem ekki minntust á þetta mál, væru því mótfallnir. Gæti hann það væri ástæða til að halda, að hugir manna væru horfnir frá þessu máli. Það er óhætt að segja, að þau orð, sem töluð hafa verið til fylgis þessu máli bæði á þingmálafundum og annarstaðar, hafa verið sögð út úr huga og hjarta hinnar íslenzku þjóðar. Frá því stjórnarbarátta vor fyrst hófst hefur það jafnan gengið svo, að þjóðin hefur ekki alla jafna fylgt málinu fram með jöfnum áhuga og fjöri, en hver vill þar fyrir segja, að hún hafi nokkurn tíma horfið frá kröfum sínum og óskum um innlenda stjórn og löggjöf í hinum sjerstöku málum vorum. Vjer höfum í þessu máli jafnan átt við ramman reip að draga, þar sem hin erlenda stjórn er, sem jafnan hefur verið móthverf kröfum vorum og auk þess höfum vjer verið svo óheppnir, að allmargir hinna beztu manna þjóðar vorrar, sem hefðu getað verið beztu stuðningsmenn þessa máls hafa verið stjórnarinnar megin, og neytt áhrifa sinna á almenning til þess, að snúa huga hans frá þessu landsins mesta nauðsynjamáli. Þegar á þetta er litið, er það ekkert undarlegt, þótt svo hafi virzt sem stundum hafi eins og dofnað yfir máli þessu, og framsóknin eins og linast. En jeg neita því algjörlega, að það hafi nokkurn tíma liðið það ár yfir hina íslenzku þjóð, að hún ekki af hug og hjarta þráði endurbót á stjórnarhögum sínum. Jeg þykist því hafa sýnt fram á það, að ástæðulaust er af h. 5. kgk. (J. A. Hj.) að efast um vilja landsmanna í þessu máli.

Menn hafa líka sagt, að hjer stoði

ekkert vilji eða ósk landsmanna, þetta mál muni aldrei fá staðfesting konungs og stjórnar. En hvaða vissu hafa menn fyrir þessu? Höfum við ekki mörg dæmi þess, að stjórnin hefur um síðir látið að vilja landsmanna og breytt sinni upprunalegu skoðun, þegar hún sá einlægan vilja og áhuga frá þjóðarinnar hálfu.

Eins er líka að gæta í þessu, að að eins einu sinni hefur frumv. til stjórnarskipunarlaga komizt alla leið frá þinginu, og verið lagt fyrir hans hátign konunginn, nfl. 1885, og þó það í þetta eina skipti ekki fengi staðfesting, á þá að halda að það nái aldrei staðfestingu? Jeg segi nei og aptur nei. Stjórnin getur hugsað sem svo: „Það er bezt að sjá, hvort þetta er alvara hjá Íslendingum, og meira en stundaruppþot, það má vel reyna í þeim þolrifin, og vita, hvort þeir koma aptur". Þótt jeg álíti, að óheppilegt sje, að stjórnin synjaði þessu frumv. staðfestingar, þá get jeg samt ekki eins mikið álasað henni fyrir það, eins og þeim mönnum, sem þykjast vilja stjórnarbót, en vilja þó, að Íslendingar leggi algjörlega árar í bát í þessu máli, sökum þess, að því hefur einu sinni verið synjað, og bíði í auðmýkt og undirgefni, líklega þangað til stjórnin kemur að fyrra bragði til þeirra og segir: „Hjerna er stjórnarbót, börnin góð". Nei, við eigum einmitt að halda stöðugt fram þeim kröfum, sem þjóðin álítur hagfeldar, og sanngjarnar eru og ekki koma í bága við grundvallarlög ríkisins. Við megum ekki einblína á þetta eina skipti, sem stjórnin hefur neitað, nje leggja þess vegna árar í bát. Jeg verð að segja, að jeg legg ekki mikla áherzlu á sögu þá, er h. 5. kgk. (J. A. Hj.) sagði frá. Slíkar sögur met jeg mjög lítils, og það enda þótt þm. byðist til að leggja eið út á hana, enda mun þess líklega aldrei verða af honum krafizt. Jeg verð að játa, að jeg er ekki lögfræðingur og get því ekki „juridiskt" svarað þeim spurningum, sem hann kom fram með *(Jón A. Hjaltalín:* Mjög slæmt), en þó skal jeg reyna að svara þeim, að því leyti, sem mjer virðast ástæður til.

Í 1. gr. frumv. er tekið fram, að í öllum sjerstökum málefnum hafi landið sjálft löggjöf, dómsvald og stjórn sína út af fyrir sig, löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum, og í 3. gr. er sagt, að konungur hafi hið æzta vald í öllum sjerstökum málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari; þessar takmarkanir eru nú einkum í 6., 7. og 8. gr.

Í 6. gr. stendur, að konungur skipi landstjóra, og að landstjóri þessi hafi í umboði konungs æzta vald í öllum hinum sjerstöku málum landsins; landsstjóri er því umboðsmaður konungsins, og kemur að öllu leyti í hans stað, að því er snertir stjórn og löggjöf í Íslands sjerstöku málum. Það sem landsstjórinn gjörir er sama sem konungurinn sjálfur gjöri það. Landsstjóri þessi tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim frá völdum, og ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin, og bera ábyrgð á þeim. Þrátt fyrir öll þessi fyrirmæli, sem flestum munu sýnast fulltryggileg, efast þó h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.) um, að stjórn og löggjöf vor verði nokkru innlendari en nú, og ber fyrir því ákvæði frumv. að „undirskript konungs *eða* landsstjóra" þurfi til að veita ályktunum þeim, er snerta löggjöf vora og stjórn gildi. Jeg get gefið þær upplýsingar, að orð þessi, konungur eða landsstjóri, eru fyrst komin frá Jóni heit. Sigurðssyni, og var hann alls ekki sá, er vildi, að landið afsalaði sjer rjettindum sínum til Dana. Jeg skal líka geta þess, að þegar þessi orð hafa vantað í stjórnarskrárfrumv. fyrri þinga, og ákveðið hefur verið, að landsstjóri einn skyldi rita undir lög og ályktanir, hefur verið sagt, af óvinum þessa

máls, að það væri sama sem konungurinn afsalaði sjer rjettindum sínum í hendur landsstjóranum. Þessum mönnum til hugnunar var því þetta ákvæði „konungur eða landsstjóri“ tekið í frumv. ef ske mætti, að það gæti leitt til samkomulags. En þá tók ekki betra við, því nú kölluðu hinir sömu menn frumv. svo úr garði gjört, að engin trygging væri fyrir því, að löggjöf og stjórn vorra sjerstöku mála yrði innlend, nema að nafninu til, og nú var stjórnarskrárfrumv. orðið afsalsbrjef landsrjettinda vorra í hendur Dönum. Hvortveggja þetta er *jafnmikil fjarstæða*. Eins og jeg áður tók fram, stendur í 7. gr., að ráðgjafarnir, hinir innlendu ráðgjafar, hafi á hendi stjórnarstörfin og beri ábyrgð á þeim. Gagnvart þessum ráðgjöfum er landstjórinn, sem er ábyrgðarlaus, alveg sama sem konungurinn; það eitt getur orðið að lögum í landi, sem þessir innlendu ráðgjafar ráða landsstjóra eða konungi til að staðfesta, en hvort konungurinn eða landsstjórinn framkvæmir þessa staðfesting, stendur sannarlega á litlu, úr því að staðfesting þeirra er eingöngu bundin við ályktun hinna íslenzku ráðgjafa; hjer skiptir það engu máli, þótt konungur hafi ekki sjálfur persónulega skipað ráðgjafana, hann hefur gefið landsstjóranum umboð til þess, og það verður því hið sama og hann hefði gjört það sjálfur. Það er því á engum rökum byggt, er h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj). sagði, að konungur gæti eptir sem áður, sökum þessa ákvæðis „konungur eða landsstjóri“ látið hina dönsku ráðherra skrifa undir með sjer í hinum sjerstöku málefnum Íslands; þetta er alveg gagnstætt orðum og anda frumv., og getur ekki komið til greina. Ákvæðin í 3. gr benda til að konungur sje einmitt bundin við ályktun þeirrar stjórnar, er frumv. ræðir um, og það eru innlendu ráðgjafarnir en ekki ráðgjafarnir í Danmörku. Landsstjóri með ráðgjöfum sínum sitja í landsráðinu, og það væri sú fjarstæða, sem engu tali tæki, að hugsa sjer, að ráðgjafar ríkisins gætu komið þar til greina, sem enga ábyrgð bera gagnvart hinu íslenzka löggjafarvaldi. Í frumv. er átt við hina innlendu ráðgjafa og enga aðra. *(Jón A. Hjaltalín*: Stendur ekki í frumv.). Í 8. gr. stendur, að landsráðið skuli ræða lagafrumv. öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Til hvers ætti það að vera að ræða þau, ef konungur með ráði annarar stjórnar gæti neitað þeim staðfestingar. Það er aðgætandi, að landsstjórinn er umboðsmaður konungs gagnvart löggjafarvaldinu og hefur umboð konungs til þess að undirrita lögin með ráðgjöfum sínum. En á hinn bóginn virðist það heldur ekki mikil hætta, þó hans hátign konungurinn skrifaði undir, ef t. d. svo bæri til, að hann væri hjer á ferð og um mikilsverð málefni væri að ræða. Hvers vegna mætti hann það ekki? Það væri ekki nema kurteisi við hann. Hvað 21. gr. viðvíkur, skal jeg játa það, að jeg er svo „konservativ“, að jeg álít heppilegra að gjöra Ed. fastari í sessi en nú er, og þó skipulag hennar ekki sje sem fullkomnast nú, mun hún samt opt reynast vera gagnlegt „korrektiv“ Nd. Það má ætla, að með kosningarlögunum verði það tryggt, að í henni sitji jafnan rosknir menn og ráðnir, en ekki neinir flysjungar, eins og h. 5. kgk. (J. A. Hj.) tók til orða.

27. gr. segir: „Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir“, og er þettað tekið orðrjett upp úr dönsku grundvallarlögunum, og minnir mig ekki betur, en jeg hafi lesið hið sama í grundvallarlögum fleiri ríkja, enda hefur þessu ekki verið mótmælt fyr en nú. Jeg get ekki verið að bera það vantraust til þingsins, að það samþykki lögleysur. Einnig ætti h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.) að fulltreysta því, að kjörstjórnirnar hans, sem hann vill hafa í hverjum hreppi landsins, leysi verk sitt svo af hendi, að við megi una. Í þessum kjörstjórnum hans eiga að vera allir hreppstjórar landsins, starfa því

margar hendur og mörg höfuð að því, að allt verði sem gallaminnst, þegar til þingsins kemur.

Í 48. gr. eru ákvæði um landsdóminn. Mjer þóttu nokkuð hörð orð h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.), þar sem hann sagði, að sá dómur hlyti að verða hlutdrægur. Mjer finnst ekki mega hafa svona orð um nokkurn dóm og því síður um þennan dómstól, þar sem hann ávallt skal skipaður að minnsta kosti 2 af dómendum hins æzta dómstóls landsins.

Mjer finnst það nokkuð langt farið, að gjöra svona lagaðar getsakir dómstól, sem enn þá að eins er á pappírnum. Jeg ber það traust til þeirra manna, sem sitja eiga í landsdóminum, að þeir sleppi öllum pólitiskum æsingi, og fari að eins eptir því sem samvizka þeirra og lög skipa þeim, og þarf því síður að hræðast þetta, sem í landsdóminum eiga sæti að minnsta kosti 2 af dómendum hins æzta dómstóls.

Í 54. gr. stendur: „Sambandið milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal ákveðið með lögum. H. 5. kgk. (J. A. Hj.) vildi breyta þessu svo, að í stað orðanna: „skal ákveðið“ o. s. frv., komi „má breyta með lögum“. Það getur vel verið, að þetta hefði mátt orða þannig. En skilnaður ríkis og kirkju er svo mikið vandamál, að mjer þykir það ekkert illa farið, þó ekki verði flasað að því, með einföldum lögum, og því sé öllu heppilegra, að til þessa þyrfti stjórnarskrárbreyting, því með því væri ekki eins auðhlaupið að því, að rjúfa þetta samband, sem svo er þýðingarmikið bæði fyrir ríkið og kirkjuna.

Þetta eru þá hinar helztu mótbárur, er komið hafa gegn frumv. þessu í þetta skipti, ásamt þeirri, að ekki allir þeir, er greitt hafa atkvæði með þessu frumv., hafi gjört það af þeirri sannfæringu, að þetta fyrirkomulag mundi hollast og bezt. Fyrir mitt leyti get jeg sagt, að slíkar getsakir taka ekki til mín; því betur sem jeg hef hugsað þetta mál, því sannfærðari hef jeg orðið um það, að hjer þyrfti breytingar á, frá því sem nú er, og mundi fjöldi manna taka undir sama mál með mjer, og það jafnvel sumir, sem greitt hafa atkvæði móti frumv. þessu, en álíta þó breytingar æskilegar.

Jeg vil ekki gjöra stjórninni getsakir, þótt hún ekki geti strax mætt okkur á miðri leið í máli þessu; við verðum að eins að halda áfram með stillingu og gæta rjettra takmarka, og þessi eina synjun getur alls ekki fælt mig frá að greiða atkvæði með frumvarpinu. Hvað aukaþingunum viðvíkur, þá er það rangt af okkur þingmönnum að hafa á móti þeim, og skoða þau, sem nokkurskonar landplágu, því ef þjóðin vill leggja þann aukakostnað á sig, þá er það ekki rjett af okkur, að gjörast fjárhaldsmenn hennar, og banna henni það. Sjerstaklega hef jeg ekkert á móti aukaþingunum, þar sem jeg jafnvel álít hyggilegast, að þing væri á hverju ári. Það eru hreinar getsakir, að nokkur greiði atkvæði með þessu frumv. bara til þess að fá aukaþing. Annars held jeg, að þing á hverju ári geti verið góður pólitiskur skóli fyrir þjóðina, því á þessum langa tíma milli þinga deyr og kulnar áhuginn fyrir hinum ýmsu málum. Jeg fyrir mitt leyti álít, að stjórnarfyrirkomulag það, sem nú er, sje ekki viðunandi og ekki sje rjett að horfa í kostnað þann, sem þessi breyting hefur í för með sjer. Vjer höfum hjer gott mál með höndum, mál, sem allur þorri þjóðar vorrar þráir að fá sem allra fyrst góðar lyktir á, og þótt gengið væri fyrir hvers manns dyr á Íslandi, og hann spurður, hvort hann ekki vildi leggja 7—8 aura til þess að aukaþing yrði haldið, til að ræða þetta mál, þá mundu þeir miklu færri sem neituðu, en játuðu, ef þeir að eins væri spurðir að þessu, án þess að reynt væri að telja þeim hughvarf. Jeg skal því ekki að svo stöddu fara

fleirum orðum um þetta, en að eins bíða átekta.

Jón A. Hjaltalín: Það var eitt atriði, sem h. þm. Ísf. (S. St.) lagði meiri áherzlu á en jeg, nefnilega það, hverjar líkur sjeu til, að frumv. þetta verði að lögum, því að jeg tók það að vísu fram, að mjer fyndust þær ekki miklar. Mjer þykir illt að verða að segja það, að mjer fannst hann ekki eins góður fræðari um hina 8. gr., eins og hann opt áður hefur verið. Hann sagði, að það gæti ekki öðruvísi verið, en að hjer væri um hina íslenzku ráðgjafa að tala og ekkert gæti orðið að lögum, nema landsráðið veitti því samþykki sitt, en jeg get ekki skilið í því að það að ræða málin, sem til er tekið í 7. gr., að landsráðið skuli gjöra, sje sama sem að gefa þeim fullnaðar- eða ályktunaratkvæði; það hlýtur að vera sama fyrirkomulagið sem fyr, að landshöfðingi undirbýr málin til stjórnarinnar.

H. þm. Ísf. (S. St.) svaraði ekki þeirri spurningu minni, hvort konungur skrifaði nokkursstaðar undir með öðrum ráðgjöfum en þeim, sem hann hefur sjálfur valið, og ef hans skilningur á þessum atriðum væri rjettur, hvernig færi þá um hið æzta vald konungs? Ætlar hann máske að ráðgjafarnir muni skilja þessar greinar á sama hátt og hann? Ætli það sje ekki meiningin, að ráðgjafar konungs hjálpi til að útnefna landsstjóra? Jeg ímynda mjer, að ekkert geti hindrað konung frá að gjöra aðrar ráðstafanir en þær, sem lögfræðingar vorir vilja láta liggja í þessum greinum, og þar á meðal velja sjer þá ráðgjafa, sem ekki hefðu sama skilning á þessum atriðum og þeir. Hvað skipun efri deildar viðvíkur, skal jeg ekki fara mörgum orðum, en að eins geta þess, að mjer stæði alveg á sama, hvort hún væri öll þjóðkjörin, eða að hálfu þjóðkjörin og hálfu konungkjörin, að eins að hún væri fastari í sessi en nú er.

H. þm. Ísf. (S. St.) talaði í sambandi við 27. gr. mikið um, að hann bæri traust til kjörstjórnanna; það er mikið rjett, jeg trúi þeim vel til þess, ef þær að eins hefðu vald til þess, en það hafa þær ekki. Það er ekki á kjörstjórnanna valdi að leggja úrskurð á, hvort rjett sje kosið. Um fjeð til aukaþinganna skal jeg ekki fara mörgum orðum, eða hversvegna menn vilja hafa þau, en að eins geta þess, að það er ekki rjett að segja, að jeg gjöri mönnum ástæðulausar getsakir. Jeg gjörði engum getsakir, en sagði að eins það, sem jeg vissi og talað hafði verið í minni áheyrn.

Sigurður Stefánsson: Mjer þykir illt að geta ekki útskýrt svo ákvæði 8. gr. fyrir h. 5. kgk. (J. A. Hj.) að hann fái skilið þau, þótt þau reyndar virðist ekki þungskilin. Það vakir fyrir honum, að konungur afsali sjer öllum einkarjettindum sínum í okkar sjerstöku málum, og það gjörir hann að því leyti, sem hann vegna sjerstakrar afstöðu lands vors velur sjer mann til þess að hafa umboð sitt á hendi og framkvæma vald sitt í landinu sjálfu. Þetta frv. gjörir hvorki að skerða eða auka vald konungs, þótt það láti ráðgjafana skrifa undir með honum eða landsstjóra. Konungur skipar sjálfur þennan landsstjóra og lætur hann framkvæma vald sitt í öllum sjerstökum málefnum Íslands. Öll lagafrumvörp og mikilsverð stjórnarmálefni skulu rædd í landsráðinu, sem samanstendur af landsstjóra og ráðgjöfum hans og er það alveg samskonar fyrirkomulag og í heimaríkinu, þar sem konungur og ríkisráð hans ræðir málin. Þegar landsráðið hefur rætt ályktanir þingsins viðvíkjandi stjórn og löggjöf landsins, og konungur eða landsstjóri í umboði hans ritað undir þær ásamt einum af hinum ísl. ráðgjöfum, þá fyrst ná þær gildi og verða að lögum en fyr ekki; þetta er alveg sama fyrirkomulag og í hinum dönsku grundvallarlögum, og mun h. 5. kgk. (J. A. Hj.) víst ekki finna að því þar; þessi ákvæði geta því engum misskilningi verið

undirorpin og þetta er tóm hártogun hjá h. 5. kgk. (J. A. Hj.). Þeir einir, sem sitja í hinu íslenzka ráðaneyti, koma hjer til greina og konungur eða landsstjóri getur því ekki skrifað undir neitt, sem varðar sjerstök málefni Íslands, nema með hinum ísl. ráðgjöfum. Það þarf enda ekki lögfræðinga til að skilja þetta heldur að eins heilbrigða skynsemi. Jeg held að engin hætta sje á því, að konungur fari að sletta sjer fram í, þegar hann einusinni hefur skipað umboðsmanni sínum að hafa á hendi þetta vald. Jeg ímynda mjer, að hann láti Íslendinga þá alveg eiga sig og hugsi sem svo: Við höfum nú sleppt af þeim beizlinu og er þá bezt að láta þá sigla sinn eigin sjó.

Í 7. gr. er landsstjóranum, sem umboðsmanni konungs, og hinum ísl. ráðgjöfum gefin hin sömu rjettindi, sem konungi í sjálfu konungsríkinu og ráðgjöfum hans þar. Hinir dönsku ráðgjafar bera ábyrgð fyrir konungi og ríkisþinginu, en hinir íslenzku ráðgjafar fyrir landsstjóra og alþingi og finnst mjer þá nokkuð skrítið, er h. 5. kgk. (J. A. Hj.) fer að blanda þessu saman. Það er kemur til staðfestingar þessa stjórnarskrárfrv., þá getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að konungur framkvæmdi *hana* með einhverjum hinna dönsku ráðherra, af þeirri einföldu ástæðu, að hinir íslenzku ráðgjafar eru þá ekki til nema á pappírnum.

ATKVÆÐAGR.: 1—3. gr. frv. samþ. með 8 atkv.; 4. gr. samþ. með 7 atkv.; 5. gr. samþ. með 8 atkv.; 6—18. gr. samþ. með 7 atkv. hver; 19. gr. samþ. með 8 atkv.; 20. gr. samþ. með 7 atkv.; 21. gr. samþ. með 6 atkv.; 22—48. gr. samþ. með 8 atkv. hver; 49—50. gr. samþ. með 7 atkv; 51. gr. samþ. með 8 atkv.; 52. gr. samþ. með 7 atkv.; 53—61. gr. samþ. með 8 atkv. hver; 62—64. gr. samþ. með 7 atkv. hver; 65—66. gr. samþ. með 8 atkv. hvor; 67—72. gr. samþ. með 7 atkv. hver. Ákvæði um stundarsakir samþ. með 8 atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 8 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. 341); 1 umr.

Guðjón Guðlaugsson: Þó að þetta mál hafi verið mikið rætt í h. Nd. og þeir ef til vill þreyzt, sem á það hafa hlustað, þá er samt ekki alveg úr vegi, að sögð sjeu um það nokkur orð hjer í þessari h. deild. Þó að frv. sje ekki stórt á að líta, þá er málið þó að þýðingu til meira en frv. að stærðinni. Jeg býst ekki við, að hvorki jeg nje aðrir muni segja í þessu máli annað en það, sem þegar hefur verið sagt áður. En mjer þykir vel við eiga, að deildin hjer láti skoðanir sínar í ljósi á þessu máli sem hin deildin.

Það er mín skoðun, að varhugavert sje að gjöra stórkostlegar breytingar á núgildandi lögum í þessu efni og jeg álít, að frv. frá stjórninni fari fram á ofmiklar breytingar í þá átt. Þetta frv. frá h. Nd., er að vísu nokkuð svipað stjórnarfrv. en þó í nokkrum greinum ekki eins. Bæði ef það er skoðað sem frelsi að rýmka mjög vistarskylduna, þá er þetta frv. ófrjálslegra en stjórnarfrv. og eins fer frv. lengra í sumum atriðum, en í sumum stappar það í sama farið. Þeirri spurningu hefur opt verið otað fram af þeim, sem hefur þótt það nauðsynlegt að afnema vistarskylduna, hvernig stæði á því, að þörf væri á að halda í hana, þegar hún ekki ætti sjer stað í öðrum löndum. Þó að svör hafi ekki komið gegn þessu, þá sje jeg ekki betur en vel megi svara því svo, að ástæðan sje sú, að svo ólíkt er ástatt hjá oss og með öðrum þjóðum og kringumstæður allt aðrar hjá oss. Það er sjálfsagt, að hver þjóð sníði sjer stakk eptir vexti og hjer á stakkurinn að vera íslenzkur, en hvorki danskur eða enskur.

Það er eitt hjá oss, sem gjörir vistarskylduna nauðsynlega hjer á landi, og

það eru þessir samtvinnuðu atvinnuvegir vorir, en það á sjer ekki stað hjá nágrannaþjóðunum, að sömu menn hafi sömu atvinnu á víxl og að sjávarútvegurinn sje samtvinnaður landbúnaðinum. Af þessu leiða hinar slæmu afleiðingar af því, þegar óráðnir unglingar fá frelsi til að fara hvert sem þeir vilja og geta ýmist flutt sig að sjónum eða upp í landið. Ennfremur hefur verið „citerað“ í, að daglaunavinnan sje betri, af því að vinnan verði meiri. Jeg gef ekki mikið fyrir þær ástæður og hygg það ekki, rjett vera, að vinnan verði meiri fyrir það. En aptur eru gildar ástæður fyrir því að segja, að daglaunavinnan er í mörgum tilfellum ómöguleg hjer á landi og ekki hægt að jafna því saman við það, sem á sjer stað í öðrum löndum. Það er ekki sama skilyrði fyrir daglaunavinnu til sveita og í borgum eða bæjum. Hjer getur daglaunavinna ekki átt við eingöngu. Henni fylgja fjarska mikil umsvif og mikill kostnaður. Bóndinn verður að hafa sífellda fyrirhyggju og erfiðismuni til að ná í daglaunamenn og eyðir verki til einskis að smala þeim saman til að vinna ef til vill örfá dagsverk. Ennfremur verður það dýrara yfir árið að halda eintóma daglaunamenn, heldur en ef árssamningur er gjörður, sem er mjög eðlilegt og byggist á sama lögmáli og önnur viðskipti, því lögmáli sem veldur því, að öll stórkaup verða ódýrari fyrir kaupanda en smákaup. en þó fullkomlega eins hagnaðarmikil fyrir seljanda. Það eru líka ýms smáverk, einkum til sveita, sem nauðsynlegt er að leysa af hendi, allt að einu eins nauðsynlegt og stórvirkin, sem kölluð eru, og til þess þarf jafna og stöðuga vinnukrapta, stöðugri og vissari en daglaunavinnan er hjá oss. Hvers vegna er það dýrara fyrir sveitabóndann að hafa daglaunamenn en vinnumenn munu menn spyrja, og það er eðlilegt að spyrja svo, einkum fyrir þá, sem vitna til þess, sem á sjer stað erlendis. Í Danmörku fá daglaunamenn ekki hærra kaup en fast vinnufólk. Hjer kemur það til af því, að hjá oss eru þessir 2 aðalatvinnuvegir keppinautar, svo að sjávar- og landbóndinn keppa um daglaunamennina. Það er ekki af því, að kjörin sjeu svo miklu glæsilegri hjá sjávarbóndanum en landbóndanum, þegar öllu er á botninn hvolft, heldur af því, að þessir keppinautar eru svo ólíkir að eðli sínu. Annar býður lágt en víst kaup, hinn gefur glæsilegar vonir um mikinn auð, en optast nær að eins vonir en enga vissu, en vonirnar eru stundum fagrar hjá æskulýðnum og hann aðgætir ekki, að þær láta sjer opt til skammar verða. Ef ungling langar til sjáfar, og hann heyrir þar um stöðugan afla og mikla hagsæld, þá er það eðlilegt, þegar honum er frjálst fyrir að dvelja ekki í sveitinni, þó hann langi til að reyna að grípa hendinni í lukkupottinn, vilji treysta á hamingjuna, jafnvel þó að honum sjeu boðin há daglaun í sveitinni. Það eru til dæmis há daglaun, 2 kr. auk fæðis um aðra tíma árs en um sláttinn, og bændur standast ekki einu sinni við að borga það, nema fyrir einstöku verk, en þó að þau byðist óráðnum unglingum, sem ekki þekktu neitt til og ætluðu að meiri gróða væri að sækja til sjáfarins, þá dygði það ekki; þeir mundu neita því boði og ganga að hinu, sem er óvisst. En þegar þeir koma í sjóplássin, þá vill opt verða annað uppi á teningnum og þá grípa þeir ekki fullar hendur fjár, sem þeir búast við. Það er opt, að þeir sem hafa búizt við að fá 200—300 kr. í hlut hafa ekki fengið meira en 20—30 kr. Vitanlega kemur það af vanvizku, að grípa ekki heldur það vissara en það óvissara. En óráðnir unglingar hafa ekki, sem er mjög eðlilegt, fullkomlega vit fyrir sjer í þeim efnum. Það er margur, sem vill spila í þessu „lotterii“ við sjóinn.

Sumir hafa fært sem ástæðu móti því að halda í vistarskylduna það, að nauðsynlegt væri að hafa daglaunamenn og

ekki væri rjett fyrir bóndann að hafa einungis vinnufólk allt árið um kring. Það er að vísu satt, að það þarf ekki að leysa vistarbandið til þess að það geti átt sjer stað. Nú þegar er svo komið, að vinnuhjú fást alls ekki, nema af svo skornum skammti, að menn verða að vinna flest algeng nauðsynjaverk mestmegnis með lausafólki, ef ýms nauðsynjavinna á ekki að verða ógjörð. En jeg er ekki viss um, að þegar búið er að sleppa þessum fáu mönnum lausum, sem nú eru eptir í vistum, og þeir streyma til sjávarins, að svo hægt verði að ná í þá. Það leiðir þá til þess, að ekki verða unnin þau verk, sem eru nauðsynleg; allar verulegar framkvæmdir ganga til grunna, af því vinnukraptarnir minnka og engar nýjar gjörðar. Það er margt fært sem ástæður fyrir að nauðsynlegt sje að leysa vistarbandið, sem er að minni ætlan blátt áfram á móti.

Það hefur verið sagt að við það yxi vinnan. Hvernig, er mjer spurn? Jeg get ekki skilið í hverju það ætti að liggja, nema ef vera skyldi, að af lagabreytingingunni stafaði meiri mannfjölgun, og jeg skal nú ekki fortaka að svo kynni að fara, og það má vel vera, að forvígismenn málsins hafi þess konar hugmyndir á bak við, en það getur þó ekki orðið fyrst í stað til þess að auka vinnukraptana. En jeg get sjeð margar ástæður til að vinnan minnkaði. Menn, sem fá hátt kaup aðra stundina, eru opt óljúfir á að lúta að lágu kaupi hina, og þar af leiðir, að þeim hættir opt til að eyða miklum tíma til iðjuleysis, og það, að nokkuð af tímanum er eytt þannig, bendir til annars en þess, að vinnan aukist í landinu, en að þetta eigi sjer stað hjá lausamönnum, er of kunnugt til þess, að hægt sje að mótmæla því. Ennfremur er það víst, að öll smávegisvinna, sem hefur þó þýðingu, mundi opt verða ógjörð, ef daglaunavinnan væri eingöngu. Bæði er það dýrt og eins ekki hægt að fá lausafólk til þess háttar. Það verður að gæta að því, að þó að það sje ekki nema smáverk, t. d. bæta reiðskap, gjöra við reipi og annað þess háttar, þá verður að fá einhvern til að gjöra þau, og þó að menn fái daglaunamenn frá sjónum fyrir kaupamenn um sláttinn, þá dugar það þó ekki eingöngu, ef t. d. reiðskapurinn og reipi eru ekki til eða í lagi. Það dugar ekki að segja kaupamanninum að binda hey reipalaust nje að reiða það heim á hestahryggjunum berum, og hið sama má segja um mörg þess konar búverk, sem þó ekki þykja svo mikilsvirði á stundum.

Einnig hefur verið sagt, að eyðslusemi yrði minni, ef vistarbandið yrði leyst. En jeg veit ekki við hver rök það hefur að styðjast. Jeg hygg, að hún yrði öllu meiri, að minnsta kosti bendir reynslan til þess, eða sú reynsla sem jeg þekki, enda er skiljanlegt, að hún sje meiri hjá lausamönnum en hjúum, og kemur það til af því, að þeir geta eytt meiru, þegar þeir eiga allt sjálfir. Það hefur komið fram reikningur í einu þjóðblaði yfir rommflöskur og fleira þessháttar hjá vinnumönnum í einu verplássi, en fleiri munu þær vera hjá lausamönnunum yfir höfuð, að því er jeg hygg. Jeg þekkti t. a. m. einn formann, sem hafði 600 kr. í nettótekjur eina vertíð, en var svo í 30 kr. skuld, þegar til kom, og hafði þó ekki fyrir öðrum að sjá en rommflöskunni og tóbaki. Það er ekki rjett, að vjer höfum enga reynslu í því efni; vjer höfum hana, en hún er svo mikil og þess eðlis, að vafasamt væri að fara að svipta vistarskyldunni alveg burt. Jeg þekki ekki nokkurn bónda, sem eitthvað kveði að, sem hefur lifað á ungdómsárunum í lausamennsku, en fjöldann allan, sem hafa verið duglegustu vinnumenn hjá foreldrum sínum eða vandalausum og það er líka eðlilegt, að menn læri það við að vera

lengi í vinnumennsku, því að það er hinn dýrmætasti skóli fyrir búmannsefni.

Svo hefur verið sagt, að ef vistarbandið yrði leyst, mundu menn læra betur vinnu. Það held jeg sje þó fjarstæðast af öllu. Það getur verið, að einstaka vinnu megi læra eins vel, en fáa betur. Jeg hef eigin reynslu fyrir mjer í þessum efnum, að það er skaði einn að því, að vera ekki í vist á ungdómsárunum, ef maður á kost á góðum stað, einkum í tilliti til lærdómsins í algengum nauðsynjaverkum, og fyrir mig get jeg sagt, sem þó notaði mín fáu lausamennskuár til þess að læra dálitið í því, sem jeg hjelt þá að mundi verða mjer að notum, að það sem jeg lærði að jarðyrkjustörfum hefur reynzt mjer miklu minna virði en það, að læra ýms algeng bústörf, sem jeg hefði átt kost á að læra fyrir ekki neitt í góðri vist t. d. að vinna að húsabyggingum og fleiru, sem að búnaði lýtur, að jeg ekki tali um að læra að gefa kindum eða yfir höfuð alla skepnuhirðingu, sem er aðalundirstaðan undir öllum þrifum landbóndans, en sem búast má við, að fáir eða engir læri, sem alast upp á lausgangi mikinn hluta af æskuárunum, því af þeim er ekki að búast við neinum öðrum lærdómi en að eins að róa á árina og sýna einhvern lit á því að slá, sem alls ekki getur talizt einhlítur lærdómur fyrir lífið. Það er skiljanlegt, að þegar menn á unga aldri, t. d. af smalaþúfunni, hlaupa í sjóplássin, og svo aptur úr sjóplássunum og í sveitina, en að eins að orfinu, þá geta þeir ekki neinstaðar lært önnur nauðsynjaverk, svo að af þessu leiðir, að vankunnáttan vex meir og meir eptir því sem lausamönnum fjölgar.

Það hefur komið einhverstaðar frá og verið tekið fram sem sláandi dæmi fyrir því, að mál þetta fengi framgang, það, að vinnan væri verzlunarvara, og því ætti ekki að hepta sölu hennar. Jú, það er satt, en sú vara fæst hvergi nema hjá verkmannalýðnum, og það er sú vara, sem ómögulegt er án að vera, og hvergi er þá hægt að hepta sölu hennar, og hverjum dettur það í hug? Úr því vinnuna er hvergi að fá nema hjá verkalýðnum, þá er það auðsætt, að hann getur gjört þær skrúfur sem hann vill, og þar af leiðandi selt sína vöru full dýrt, alveg eins þó menn væru skyldaðir til að vera í ársvistum, og fyrir vinnuseljandann er það enginn hagur, þó honum sje gefið leyfi til að okra með nokkuð af vöru sinni (vinnunni) en hafa svo mikinn hluta hennar óseldan (vera iðjulaus). Hjer er ekki samkeppnin við aðra, því að varan er einskonar. Vinnufólk getur sem sagt gjört skrúfur og fengið hækkað sitt kaup sem það vill. Jeg veit t. d., að í sumum sveitum hefur kaup verið hækkað undanfarin ár, hjá karlmönnum úr 60—70 kr. upp í 100—150 kr. og hjá kvennfólki hefur það stigið úr 30—36 kr. upp í 50—60 kr. Þetta getur komizt á án þess að vistarskyldan sje afnumin.

Þá hafa sumir sagt, að vistarskyldan hepti fjárforræði manna; þetta hygg jeg hinar mestu öfgar, sem hægt er að koma með, eins og menn fái ekki að ráða eins yfir eignum sínum, þó þeir sjeu í vist. Vistráðin hjú eiga meira að segja miklu hægra með að víxla efnum sínum sjer til hagsmuna, en lausafólk, sem hvergi á neinn verulega að, til þess að vera sjer hjálplegan í þeim efnum, sem vinnufólk hefur húsbóndann að öllum jafnaði, og einmitt af þessu er það, að margt vinnufólk græðir allt eins mikið, og jafnvel meira, en jafnduglegt lausafólk.

Jeg skal ekki fara út í neina einstök atriði, þar sem þetta er að eins 1. umr. málsins. Jeg skal að eins lauslega geta þess, að hvað aldurstakmarkið snertir, þá finnst mjer það vera ófrjálslegra en hjá stjórninni. Þrátt fyrir allt frelsið, þá er hjer stappað í sama farið í þessu atriði, sem er mest varðandi fyrir verkalýðinn. Það er annað að gefa vistarskylduna al-

veg lausa fyrir þá, sem eru 20 ára að aldri, ellegar að halda hverjum manni ríg-föstum þangað til hann er 25 ára að aldri, svo að hann geti ekki losað sig fyrir neina peninga. Jeg vil ekki hafa bönd, sem ómögulegt er að leysa, heldur vil jeg hepta þar sem það er alveg nauðsynlegt fyrir þjóðfjelagið. Það er að engu leyti ótilhliðrunarlegt. Það er raunar ekki til-tekinn 25 ára aldur í frumv., heldur full-veðja, en eins og menn vita, þarf maður að vera 25 ára til þess að verða fullveðja, og þar sem þetta frumv. gekk fram, að eins fyrir þá breytingu að „fullveðja" var sett í staðinn fyrir 20 ára, þá er auðsætt, að með því að samþykkja þetta frumv., er hjer um bil settur stóllinn fyrir dyrnar með það, að breyting á lögaldrinum kom-ist fram. Jeg veit fyrir mig, að þótt jeg í þingbyrjun flytti ákvæði um 20 ára lög-aldur, þá mundi jeg greiða atkvæði móti því, ef þetta frumv. nær fram að ganga, því þótt mjer þætti eðlilegast, að 20 ára aldur væri nægur til þess, að menn fengju að verða fjár síns ráðandi, þá mundi jeg nú ekki vilja vinna þá rjettarbót fyrir það, að allir fengju að vera lausir skilyrðis-laust 20 ára gamlir, því 10 kr. gjald tel jeg að engu í því tilliti.

Jeg vildi að vísu helzt óska eptir 20 ára fullveðja aldri og jafnframt sama aldurstakmarki til lausamennsku, en nb. ekki skilyrðislaust, að því er snertir lausa-mennskuna, heldur með nokkru gjaldi t. d. 20—30 krónum. Jeg held, að þeir hafi gjört sjer of fagrar vonir, sem hafa gengizt inn á þetta ákvæði, í trausti til þess, að lög-aldurstakmarkinu verði breytt, og ef þetta frumv. fengi fram að ganga, þá hygg jeg, að þjóðin mundi standa móti lögaldurs-breytingunni, bara fyrir það.

Þá ber þess að gæta, að vinnufólk hefur ekki óskað þessa. Það getur verið að það hafi ekki tækifæri til þess, en jeg veit af tali, sem jeg hef haft af sumu vinnufólki, að það er margt á móti þessu. Af hverju? munu menn spyrja. Jú af því, að ef allir yrðu lausir, þá væri að líkindum ekkert gagn að því að verða laus, segir það, og því viljum við held-ur borga nokkrar krónur til þess að hafa færri keppinauta. Jeg er nú ekki á því, að þessi skoðun sje rjett, í tilliti til nið-urfærslu á daglaununum, eins og jeg hef áður sagt, því væri svo, þá væri um ekkert að tala frá sjónarmiði bændanna, en við það að lausamönnunum fjölgaði, mundi það þó verða til þess, að þeir ættu erfið-ara uppdráttar, en meðan þeir voru fáir. Jeg get búizt við, að margt verði þeim dýrara og óþægilegra. Þá hefur það heyrzt af formælendum þessa máls, að afnám vistarbandsins væri sprottið af brjóst-gæðum til vinnufólksins. En fyrst og fremst getur það ekki verið, úr því að það hefur ekki óskað þess, og í öðru lagi getur það ekki átt sjer stað, nema að það væri önnur stjett en bændastjettin. En vinnumannalýðurinn er eins og menn vita mestmegnis hin yngri kynslóð bændastjett-arinnar. Hvernig á þá að vernda hana gagnvart sjálfri sjer, eða er þess þörf, að vernda þá yngri gagnvart þeim eldri, sem að eins eru ókomnir í bændastöðuna, sömu stöðu og þeir eldri eru komnir í. Þegar lausafólkið er komið í bændastöðuna, þá verður því sjálfu mælt í sama mæli og það hefur mælt öðrum, þá kemur allur sá ójöfnuður fram á lausafólkinu sjálfu, sem það hefur á sínum lausagangsárum sýnt vinnuveitendunum. Hjer er að tala um sömu stjett, en ekki aðra stjett, sem þurfi að vernda.

Jeg er á skoðun Nd. að því leyti, að gott er að hamla því, að ungir menn komist í lausamennsku, enda þótt jeg ekki vilji taka fyrir það *með öllu*. Mestur er skaðinn að því, þegar óráðnir unglingar, sem ekki kunna fótum sínum forráð, sem eru á milli vita, er maður segir, komast

á þetta alþekkta lausamannaról milli sveita og sjóplássa. Þó þetta mál eigi nú að kallast frelsismál, þá verð jeg samt að álíta, að það sje engu ófrjálslegra að kaupa undanþágu undan ársvistinni, heldur en að kaupa rjett til að reka einhverja ákveðna atvinnu, t. d. sveitaverzlan. Hvers vegna mega menn ekki kaupa vörur fyrir eigin peninga, og selja þær svo aptur án þess að kaupa verzlunarleyfi. Er þetta ekki eins mikið ófrelsi? Jú, jeg held virkilega; að mega ekki verja sínum eigin fjármunum, hvernig sem maður vill, en af því að slíkt frelsi mundi koma í bága við hag þjóðfjelagsins, þá er þetta hapt lagt á og finnur enginn að, ekki einusinni þeir, sem þurfa að kaupa það.

Frelsið á sjer annars takmörk eins og hvað annað; vilji maður fá fullkomið frelsi eða ótakmarkað sjálfræði til að lifa og láta hvernig, sem vjer viljum, þá er einlægast að afnema öll lög, því öll eða flest lög skerða að einhverju leyti sjálfræði ýmsra einstaklinga. Það má ekki slengja saman sjálfræði einstaklingsins og velfarnaði þjóðarinnar, það er sitt hvað.

Svo er nú flakkið, sem má búast við að aukist við vistarbandsleysinguna. Menn hafa þótzt finna ýms meðöl við því, en jeg þekki þau ekki. Það er aðgætandi, að þessir flakkarar verða ekki í sama stýl og þeir gömlu, heldur munu þeir ganga um sem „gentlemenn“ og vera fint klæddir. Það eru menn sem hafa ýms erindi, sem þurfa t. d. að hafa hestakaup á bikkjunni sinni. Einu sinni komu fimm til mín af þess háttar mönnum og voru þeir svo fínir, að jeg hefði ekki þekkt þá frá þeim h. herrum, sem sitja hjer í salnum. Í augum almennings. gilda þeir því ekki sem flakkarar — Þó að sagt sje, að hægt sje að selja þeim beina, þá er það hægra sagt en gjört. Ef maður gjörir of miklar undanþágur frá gestrisni og mikið er gjört til að útrýma henni, þá getur það komið illa niður og farið of langt, og eins fyrir því orðið þeir, sem ekki eiga það skilið, og hinir, sem eiga það skilið. Það er hægra að segja en gjöra, að brúka hörku við menn, sem ekki eru óvandaðir eða sem eru manni persónulega kunnugir og unnið hafa hjá manni, koma kannske að sækja kaupið sitt, verða veðurfastir og borga ekki neitt; þá er ekki gott að komast hjá því, að lofa þeim að vera, þegar þeir hafa t. a. m. verið hjá manni kaupamenn, og gjört það fyrir bón manns.

Jeg tek það upp aptur, að daglaunavinna er ómöguleg nema í þjettbýlustu sjóplássum, því að hjer er svo ólíkt ástatt og í útlöndum. Ef bóndi á t. d. mó upp til fjalla, sem hann dregur að sjer á vetrum. Hvernig á hann nú að fara að, þegar hann vill fá hann heim og hefur engan mann? Jú, hann á að sækja lausamenn í sjóplássin, ef til vill 20—30 mílur frá sjer. *(Þorkell Bjarnason:* Útvega sjer hann að haustinu áður en hann fer til sjávar). Já reyna að halda manni heima iðjulausum allan veturinn til þess að geta fengið hann 2—3 daga, að því boði mundi sá einn ganga, er ekki hugsaði um annað en hægðina. *(Þorkell Bjarnason:* Það þarf líka að passa fje). Já, það þarf líka að gæta fjár. En þá þarf fleiri en einn mann, þegar á að draga mó að líka. Þá kemur það fram, að nauðsynlegt er að hafa vistráðið hjú að minnsta kosti með. Ef á að hafa lausamenn eingöngu, allt árið eins og vistráðna, þá koma bændur til að borga tvo peninga fyrir einn. Er það búhnykkur að hafa þá ekki vinnumenn, heldur lausamenn, og hafa þá helming ársins iðjulausa og borga eins fyrir þá daga, sem þeir ekki vinna neitt? *(Þorkell Bjarnason:* Ekki lengur en um semur). Nei, ekki lengur en um semur. Gott að fá jafn visdómsfullar bendingar. En hvað ætli menn vildu lengi láta brúka sig eins og varaskeifu, sjálfum sjer til skaða. Ef jeg ætti að vera hjá prestinum á Reynivöllum í tvo daga af heilu missiri til að draga heim mó fyr-

ir hann, en ætti enga aðra vinnu vísa nálægt honum, þá mundi jeg ekki einungis heimta sömu daglaun og jeg byggist við í sjóplássinu, sem jeg ætlaði í, fyrir þessa 2 daga, heldur fyrir allan veturinn, annars væri mjer ómögulegt að ganga að þessu kostaboði prestsins. Það má heldur ekki gjöra ráð fyrir allt of heimskum verkalýð.

Þá er það eitt, sem menn segja, að menn mundu ekki flytja eins til Ameríku, ef lösað væri um vistarbandið. Það hefur verið prjedikað í vesturheimskum blöðum, og sá fengið lof fyrir í íslenzku blaði, sem gjörði, þó að hann hafi í sama blaði ekki verið svo mikið lofaður fyrir framkomu sína áður en hann fór hjeðan, eða meðan hann var hjer. En það hygg jeg, að sje alveg öfugt. Ef nokkuð er til þess að greiða veg fyrir Ameríkuferðum af landi brott, þá er það einmitt lausamennskuról ið. Menn komast á sífellt rölt, og geta hvergi fest sig, og í trausti til afla og hagsældar við sjóinn, streyma þeir svo þangað hópum saman, og þaðan er svo leiðin bein til Ameríku, þegar aflinn bregst og jafnvel hvort sem er. Einnig er það eðlilegt, ef að kippt er undan bændum fótunum, með því að svipta þá öllum vinnukröptum, að þeir þá fari sjálfir á eptir til Ameríku. Ef það kæmi fyrir mig, sem jeg er nú reyndar ekki svo hræddur um fyrir mitt leyti, að jeg gæti ekki fengið neitt vinnufólk, þá væri það hið helzta til þess að snúa hug mínum til Ameríku. Jeg mundi ekki fara á lausagang, jafnvel þó að jeg ætti von á 2—3 daga vinnu hjá prestinum á Reynivöllum. Þó að þetta mál horfi nokkuð öðru vísi við frá sjávarbændunum en landbændunum, þá er ekki rjett, að sjómenn og sveitabændur togist þannig á um verkalýðinn, eða á neinn hátt reyni að gjöra hver öðrum skaða. Þetta horfir líkt við frá sjónarmiði sjávarmannsins og frá hálfu sveitabænda, að binda sveitfesti við 1 árs dvöl; slíkt hlyti að verða sjávarmönnum til mikillar byrðar og væri í raun inni mesta ranglæti gagnvart þeim, og ef sveitamenn færu að leggja kapp á þetta þá mundi það einungis vera sem hefnd fyrir það, að vistarskyldan væri ofmikið rýmkuð, en þetta og annað eins mundi leiða til hins mesta tjóns fyrir þjóðfjelagið í heildsinni. Land- og sjávarbændur ættu heldur að styrkja hver annan í öllu því, sem hverjum þeirra getur orðið að góðu, heldur en vera að reyna að toga hver ofan af öðrum skóinn. Þá er að líta á vilja þjóðarinnar í þessu máli. Úr sömu sýslum, sem 1891 skoruðu á þingið að leysa vistarbandið, koma nú bláber mótmæli gegn því. Það sjest á því, að þjóðin er að snúast á móti málinu, og það er eðlilegt, þegar menn yfirvega málið, og sjá hverjar afleiðingarnar eru af hinni almennu lausamennsku, sem þegar er komin á allmikinn rekspöl. Þeir, sem vilja afnema vistarskylduna, verða að gá að því, að hinn mótparturinn vill sýna málamiðlun, og eiga þá líka að koma á móti á miðjum veg. Það mun enginn vera á móti því, að rjett sje að rýmka nokkuð, ekki af því menn óski þess, heldur af því menn álíta það sanngjarnt og til að miðla málum við þá, sem vilja láta tauminn algjörlega lausan.

Það er töluverður munur á stjórnarfrumv. og frumv. h. Nd. Álít jeg, að stjórnarfrumv. fari of langt í því, að setja gjaldið svona lágt, en að því leyti sem það miðast við 20 ára aldur, þá er það gott. En gjaldið fyrir leyfisbrjefin er sama sem ekki neitt. Það er sama, hvort menn borga 5 kr. eða 10 kr. eða ekkert. Það hefur enga þýðingu. (*Jón A. Hjaltalín:* Jú). Menn vilja kannske segja, að öll mótmæli gegn þessu máli sjeu byggð á spádómum. (*Jón A. Hjaltalín:* Já, það eru spádómar). Já, vitanlega má segja það. En eru það ekki líka spádómar hjá hinum, að segja að breytingin verði til gagns? Jú,

það eru einmitt meiri spádómar, því þeir eru ekki byggðir á neinni reynslu, og litlum eða engum líkum. En á hverjum hvílir annars sönnunarskyldan? Hún hvílir einmitt á þeim, sem vilja breyta, þeir eiga að sanna, að breytingin sje ekki til ills. En á hinum hvílir engin skylda að sanna hið mótsetta. En þeir geta sannað það með reynslunni, ef þeir vilja, að breytingin er miður hyggileg, óhæfileg. (*Jón A. Hjaltalín:* Nei). Og skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, og nenni ekki að vera alltaf að svara þeim, sem glamra við eyru mjer, og að eins kasta fram órökstuddum orðum til þess að reyna að trufla mig frá að láta í ljósi skoðanir mínar.

Þorkell Bjarnason: Það er tvennskonar frelsi, sem mjer finnst öllum vera áríðandi, það er atvinnufrelsi og samvizkufrelsi.

H. þm. (G. G.), er síðast settist niður, talaði mikið gegn leysing vistarbandsins, en gætti þess ekki, að frumv. fer alls ekki fram á neina leysing, heldur í allt aðra átt. Það fer að eins fram á að rýmka þetta óeðlilega hapt á lausamönnum, sem nú er og gjöra mönnum aðgengilegra að verða lausamenn, og jafnframt reyna að koma í veg fyrir brot á hinum núgildandi lausamennskulögum, eins og nú á sjer svo opt stað. Það er ekki nema náttúrleg og eðlileg mannrjettindi, að hver fái að vinna fyrir sjer, eins og hann vill, meðan hann ekki gjörir öðrum skaða og er upp á engan kominn.

Jeg skal játa það, að þetta frumv. er mjer ekki að öllu leyti að skapi. Mjer líkaði betur stjórnarfrumv. óbreytt. Þetta frumv. gjörir mönnum að sumu leyti nokkuð erfitt fyrir að komast í lausamennsku, en með því ekki er leyfilegt að fara út í einstakar greinar, þá mun jeg að þessu sinni ekki tala neitt um þessi einstöku atriði, sem mjer eru móti skapi.

Ræða h. þm. Strandam. (G. G.) var svo úr garði gjörð, að mjer virtist hún líkust því að koma frá Hornströndum. Hann sagði, að rýmkun lausamennskunnar mundi einmitt verða til þess, að menn flyttu sig af landi burt til Ameriku eða annað. En þetta er hið gagnstæða. Hvað er líklegra, ef fólk ekki hefur atvinnufrelsi hjer á landi, en að það einmitt leiti þangað, sem atvinnufrelsið er, t. d. til Ameríku? Jeg hef það traust á landi voru, að hver maður, sem vill, hvort heldur er bóndi eður lausamaður, geti orðið hjer sjálfbjarga maður, og þurfi ekki þess vegna að leita til annara landa, ef hjer er fullt atvinnufrelsi. Það er ekki nóg að taka eingöngu tillit til bændastjettarinnar, það verður einnig að hugsa um verkalýðinn; hann verður líka að fá frelsi.

Það var einu sinni lögheimilaður vani hjer á landi, að berja hjúin með svipum og refsa þeim með höggum og hýðingum. Mjer lízt svo á þm. Strandam. (G. G.) eptir framkomu hans að dæma, að ef frv. hefði farið í þá átt, að taka upp þennan vana, þá mundi hann ekki hafa verið því mótfallinn, og jafnvel tilleiðanlegur að bæta einhverju ofan á.

H. þm. (G. G.) sagði einnig, að atvinnuvegir vorir væru svo samtvinnaðir, að það gæti ekki sameinazt við þá, að halda fram fullu atvinnufrelsi. En eptir því, sem mjer er kunnugt um, þá munu atvinnuvegir Norðmanna engu síður samtvinnaðir, og er þar þó fullkomið atvinnufrelsi, og veit jeg ekki til, að þetta hafi orðið þeim hnekkir.

Að vinna daglaunamanna sje meiri en fastra vinnuhjúa hlýtur að leiða af sjálfu sjer. Ef daglaunamaðurinn ekki vinnur verk sín, eins og hann á að gjöra og um er samið, er ætíð hægur nærri að segja honum upp, en það munu fæstir reka burtu hjúin úr vistinni, þó þau slái slöku við, fyr en í fulla hnefana, enda ekki heimild á því. H. þm. sagði einnig, að eyðslusemi mundi fara í vöxt, og eyðslu-

semi væri meiri hjá lausamönnum en vinnuhjúum, en eptir þeim dæmum, sem mjer er kunnugt um, þá virðist mjer það ekki rjett. Bæði hjú og daglaunamenn geta verið eyðslusöm. Jeg þekki mann, sem nú er búsettur hjer í Reykjavík, og í 12 ár hefur verið lausamaður, og á þessum árum hefur hann safnað 5000 krónum. Jeg held ekki, að margir vinnumenn hafi lagt upp slíkt fje á jafnlöngum tíma.

H. þm. sagði ennfremur, að kostnaðurinn og fyrirhöfnin fyrir bændur að útvega sjer daglaunamenn væri svo ærið mikill. Jeg held nú fyrir mitt leyti eptir þeirri reynslu, sem jeg hef haft, að hann þurfi ekki að vera svo stórkostlegur. Bændur geta fengið sjer mann yfir vorið og sumarið til að vinna þau störf, er þá koma fyrir, og látið hann svo fara, er því er lokið. Þegar vetra tekur geta þeir svo aptur fengið annan til að gæta fjárins og gefa því, þann tíma, er þess er þörf. Jeg get vel hugsað mjer, að duglegur daglaunamaður vilji vinna til að vinna tveggja vinnumanna verk, t. d. hirða það fje, sem 2 vinnumenn hirða, ef hann fær ríflegt kaup, en það yrði bóndanum miklu billegra, því hann hefur þá ekki nema einn mann að fæða í staðinn fyrir tvo. Ef arðurinn af vinnunni vex, er það mikil hvöt til dugnaðar, og það gjörir hann einmitt, ef þetta frv. verður að lögum, þó ekki eins og h. þm. var hræddur um, að daglaunamenn mundu setja bændum stólinn fyrir dyrnar og skrúfa launin upp úr öllu valdi, heldur vinnur dugnaðarmaðurinn sjer meira inn sem lausamaður en sem hjú, og mismunur verður gjörður á honum og slóðanum; en yfirhöfuð hljóta verkalaunlaunin einmitt að verða minni eptir því. sem fleiri verða til að bjóða sig fram til vinnu, en svo verður, ef margir gjörast lausamenn.

H. þm. sagði áðan, ef jeg hef rjett skilið orð hans, að ekki sje hægt að fá að vortíma daglaunamann fyrir 2 kr. á dag og fæði, jafnvel ekki ungling, en jeg skal þá fræða hann um það, að jeg hef fengið mann einmitt á sama árstíma fyrir 1 kr. og fæði.

Jeg held að engin hætta sje, þótt frv. þetta nái fram að ganga, að ekki fáist nokkur vinnuhjú, því bændur munu ekki leyfa öðrum húsnæði hjá sjer en þeim mönnum einum, er þeir þættust vissir um, að þeir þyrftu ekki að borga gjöldin fyrir. Eins og nú er ástatt, verða bændur opt og tíðum að taka miklu fleiri hjú heldur en þeir í raun rjettri þurfa, því vor- og sumarvinnan er svo mikil, að þeir þá ekki geta komizt af án margra hjúa, sem þeir hvergi nærri þurfa allra við að vetrinum til, og afleiðingin er sú, að þeir ráða til sín hjú, sem þeir mikinn part ársins hafa oflítið handa að gjöra. Ef frv. yrði framgengt, mundu menn hætta að taka fleiri hjú, en þeir nauðsynlega þyrftu til að hirða pening og gjöra önnur óhjákvæmileg heimilisstörf, og tækju heldur daglaunamenn þann og þann tímann. Jeg veit, að þetta er að minnsta kosti tilfellið, hvað mig snertir. Jeg þarf á miklu fleira fólki að halda að sumrinu en að vetrinum til, og í staðinn fyrir að ráða til mín vinnuhjú, gæti jeg sparað mikið fje með því að taka daglaunamenn um þann tíma, er jeg þyrfti á þeim að halda, og svona get jeg til, að það muni verða með fleiri.

H. þm. tók ennfremur fram sem ástæðu móti frv., að vinnuhjú hefðu ekki látið neinar óskir í ljósi viðvíkjandi þessu máli. Ætli h. þm. ekki sje kunnugt um, að vinnufólk hvorki er vant því að skrifa í blöðin eða halda fundi til að ræða áhugamál sín, en ef hann vildi tala við vinnufólk hjer á Suðurlandi, mundi hann fljótt sjá, að því er þetta meira áhugamál en hann hyggur. H. þm. sagði, að aptur á móti hefðu komið fram mótmæli frá undirbúningsfundinum. En hvaðan eru þá þessi mótmæli sprottin? Skyldu þau vera komin frá hjúunum? Nei! Þau eru ein-

mitt komin frá húsbændunum, og jeg get því fyrir mitt leyti ekki tekið mikið tillit til þeirra, þegar þau eru komin frá þeim partinum, sem hyggur sig hafa hagnað af því, að allt haldist óbreytt. Jeg er á þeirri skoðun, að af atvinnufrelsi leiði ætíð með tímanum gott; það kann að vísu í fyrstu að verða nokkuð misbrúkað, en menn mega ekki hugsa, að vinnulýður vor yfir höfuð sje svo skyni skroppinn, að hann ekki muni læra fljótt að hagnýta sjer þetta frelsi á rjettan hátt. Fyrir þá lausamenn, er notuðu það vel, mundi það verða til stórkostlegs gróða, bæði beinlínis með því, að þeir munu leggja meira fje fyrir, en þeir gjöra sem vinnumenn, og eins óbeinlínis með því, að þeir munu læra að haga efnum sínum og ráði, eins og bezt gegnir, með því að þeir munu finna að þeir hafa einir ábyrgðina á því, hvernig fyrir þeim fer, en þetta læra hjúin síður, með því að þau þurfa enga áhyggju að bera fyrir lífi sínu í hjúastöðunni og þurfa ekki annað að gjöra en það, sem húsbændurnir skipa þeim. Lausamennskan er að mínu áliti mjög góður skóli. Jeg verð því að vera þessu frv. hlynntur, þótt mjer ekki falli öll ákvæði í því, og jeg þess vegna greiði ef til vill atkvæði móti einni grein, er mjer finnst of ófrjálsleg; jeg hefði eins og jeg hef tekið fram, kunnað betur við frv. stjórnarinnar; það var hæfilega frjálslynt.

Sigurður Stefánsson: Mjer hefur ekki opt fundizt jeg hafa ástæðu til að vera h. stjórn þakklátur fyrir þau frv., er hún hefur komið fram með, en fyrir þetta frv. finn jeg mjer þó skylt að votta henni þakklæti. Frv. þetta snertir almenn mannrjettindi, sem hver maður í sjálfu sjer á fulla heimting á, og það er algjörlega rangt að vilja meta þessi rjettindi til peninga og verzla með þau, eins og hverja aðra vöru.

Jeg hefði helzt kosið að frv. stjórnarinnar hefði verið samþykkt óbreytt eða með litlum breytingum, en h. Nd. hefur ekki litizt svo, og gjört á því allmiklar breytingar, sem að mínu áliti miklu fremur hafa spillt frv., en verið því til bóta.

Jeg játa það fullkomlega, að þetta er mikið vandamál, þar sem verið er að ræða um að breyta lögum, er staðið hafa í fleiri hundruð ár. En þess er gætandi, að þótt breytingin sé í orði ærið mikil, þá eru ekki svo mikil líkindi til, að hún í fyrstu gjöri stórkostlega breytingu á þessu gamla fyrirkomulagi. Jeg held, að ekki þurfi að bera neinn kvíðboga fyrir því, að öll vinnuhjú hlaupi strax úr vistum, ef rýmkað verður vistarskyldu-bandið, eins og hjer er farið fram á. Það hafa sumir gjört ráð fyrir því, og gengið út frá því sem gefnu, að allt muni á svipstundu breytast svo, að ekki verði hægt að fá nokkurt vinnuhjú, heldur verði allt að vinna með daglaunamönnum, en jeg er miklu fremur hræddur um, að vinnufólkið sje af gömlum vana orðið svo sinnulaust, að það ekki hafi hugsun á að nota það frelsi, sem því verður gefið, ef frv. þetta verður að lögum, þótt mjer sannarlega væri hin mesta ánægja, að sem flestir færðu sjer þessi rjettindi í nyt.

Það hefur verið tekið fram, að það væri skaðlegt fyrir þjóðina að rýmka um atvinnufrelsið, því daglaunin mundu hækka og öll vinna verða kostnaðarmeiri. Það er að sönnu ekki hægt að tala fullkomlega um þetta, nema með spádómum, en jeg held jeg hafi þó ofurlitla reynslu, er virðist benda á nokkuð annað. Sami maðurinn er opt allur annar, sem vinnuhjú en sem kaupamaður. Jeg hafði einu sinni vinnumann, sem mjer engann veginn líkaði vel við og þótti töluvert hyskinn. Þenna sama mann hef jeg haft sem kaupamann og ekki haft hið minnsta að setja út á hann. Það eru miklu minni hvatir og færra, er örfar vinnufólk til að vera kappsamt og duglegt en daglaunamenn, og hægra sagt en gjört, að húsbændurnir geti sjálfir jafnan sjeð um, að það ekki noti

tímann ver en skyldi fyrir húsbóndanum, því ef vinnufólkið á annað borð er hyskið, þá gefast því svo mörg tækifæri til að draga af sjer, sem húsbóndanum er lítt mögulegt að sporna við, og þótt húsbóndinn komist að því, þá eru það þó flestir, sem hika sjer við að reka hjúin burtu úr vistum fyr en í síðustu lög, þótt þeir reyni þau að töluverðri ótrúmennsku. Eptir því sem lausamönnum fjölgar, því meiri verður samkeppnin hjá verkalýðnum og rjettlátur munur gjörður á dugnaðarmönnum og slóðum, sem allt of opt ganga með jafnt frá borði í ársvistunum. Jeg tala hvorki sem land- eða sjávararbóndi, heldur að eins frá almennu sjónarmiði. Það er eins og sveitabændurnir sjeu hræddir við, að allt fólk dragist að sjónum, en því á að banna mönnum að vera þar, sem þeir geta haft mest upp úr vinnu sinni. Jeg fyrir mitt leyti get ekki gjört svo lítið úr löndum mínum, að segja þeir vilji heldur liggja aðgjörðalausir vikunum saman við sjóinn heldur en leita þangað, sem eitthvað er hægt að fá að gjöra. Og það eru engir spádómar, þó jeg segi þetta, því vjer höfum augljósan vott um, að fólkið hagar sjer eptir því, sem tækifærið bendir því á. Fólkið streymir á haustin og veturna til sjávarins, því þá er þar helzt afla von, en þegar sumra tekur fer það aptur hópum saman upp í sveitirnar til að fá sjer kaupavinnu, því aðalstarfstími sveitabóndans er sumarið, og þetta veit verkalýðurinn vel. Jeg skal fúslega játa, að ef þessi breyting hefði þau áhrif, að fólk gengi úr vist, þá gætu af því hlotizt mörg óþægindi, en það eru ekki miklar líkur til, að svo fari, og þótt jafnvel nokkuð rugl kæmist á menn í fyrstu, mundu þeir þó fljótt átta sig.

H. þm. Strand. (G. G.) fórust svo orð, að útlit var fyrir, að hann í engu vildi rýmkva vistarbandið, en þareð jeg veit, að þetta er ekki meining hans, þá tek jeg orð hans sem nokkurskonar hugvekju til okkar, er honum þykir fara of langt, um að rasa ekki yfir ráð fram. Jeg get ekki verið honum samdóma um að kalla tvítuga eða 25 ára gamla menn óráðna unglinga. Jeg held, að menn, sem komnir eru á þetta aldursskeið frá 20—25 ára sjeu eða ættu að minnsta kosti að vera farnir að hugsa um framtíðina. Og jeg held ekki sje nein ástæða til að ætla, að vinnuhjú mundu keppast eptir að verða laus, ef þau hjeldu að þau stæðu sig ver á eptir en undan, nema menn gangi út frá því, að þau kunni ekki fótum sínum forráð.

H. þm. Strand. (G. G.) hefur ásamt mörgum öðrum mótstöðumönnum þessa máls tekið það fram, að þessi ákvæði mundu verða til að auka eyðslusemi og leti í landinu, og jeg skal játa það, að ef jeg væri hræddur um það, þá mundi jeg óhikað greiða atkv. móti frv., því á eyðslusemi vinnuhjúanna held jeg sannarlega ekki sje bætandi. Að margir af hinum duglegustu bændum, er h. þm. þekkir, hafi verið vinnumenn, sannar ekki neitt. Meðan þetta hapt er á lausamönnum, og þeir því svo fáir, er ekki hægt að búast við, að eins margir dugandi bændur hafi komið úr þeirri stjett, eins og vinnuhjústjettinni, sem er hinn fjölmennasti hluti þjóðarinnar. H. þm. má taka eins mörg dæmi eins og hann vill; þau geta aldrei sannað, að ekki geti komið eins margir góðir bændur úr lausamannastjettinni, þegar hún er orðin eins fjölmenn og hjústjettin er nú og hefur verið um langan aldur. En jeg þekki líka lausamenn, sem eru hinir mestu uppgangsmenn og standsmenn; sumir þeirra gætu lánað okkur 5—6000 kr. hvenær sem við vildum. Þetta er nú sú reynsla, er jeg hef haft af lausamennskunni. Það er reyndar alls ekki undarlegt, þótt vinnuhjú safni síður fje en lausamenn; í ársvistunum er allt rjett að hjúunum, sem þau þurfa bæði til fatar og matar, þau þurfa enga umhyggju að bera

fyrir morgundeginum. Hjúin venjast á að kasta allri sinni áhyggju upp á húsbændurna; hvernig sem þau fara með kaupgjald sitt, þá eiga þau jafnan víst það sem þau þurfa til lífsviðurhalds í ársvistunum og þannig leiðir þetta vistarfóður þau til eyðslusemi og ókærni með efni sín. Öðru vísi er þessu háttað með lausamennina. Það er svo margt, sem knýr þá áfram, þeir eru t. d. aldrei öruggir um, hvað morgundagurinn færir þeim, þeir geta ætíð búizt við að verða atvinnulausir um lengri eða skemmri tíma, og þá verða þeir að hafa lagt upp til að geta lifað. Jeg held sem sagt það að ef þeir eru sjálfum sjer ráðandi finna þeir líka að þeir hafa þá skyldu gagnvart sjálfum sjer og öðrum, að leitast á allan hátt við, að verða sjálfstæðir og sjálfbjarga menn og það sjeu ólíkt fleiri hvatir fyrir lausamenn til aðhugsa um framtíðina og safna sjer fje til ókomna tímans, heldur en vinnuhjúin.

Mjer skildist hinn h. þm. Strand. (G. G.) vilja halda því fram, að vinnulýðurinn myndi að eins hafa helberan skaða á vistarbandsleysingunni, en ef þessi spádómur hans rætist, þá væri heldur engin ástæða til að óttast hjúaeklu eða dýrari vinnukrapta þótt þessi breyting kæmist á, því h. þm. Strand. (G. G.) getur þó sannarlega ekki gjört svo lítið úr vinnulýðnum, að hann mundi árum saman vera laus þrátt fyrir það, þótt hann hefði helberan skaða af því; nei, reyndist þetta rjett tilgáta þá mundi verkalýðurinn því fremur halda dauðahaldi í ársvistirnar og bændum bjóðast nóg hjú eptir sem áður. En jeg fyrir mitt leyti er nú ekkert hræddur um þetta tjón, sem þm. var að tala um, og heldur ekki um hitt, að bændur fái ekki næga og enda ódýrari vinnukrapta, þótt frv. þetta verði að lögum.

Jeg verð að vera því hlynntur, að frv. þetta nái fram að ganga, og þó h. Nd. hafi að mínu áliti skemmt frv. stjórnarinnar töluvert, þá þykir mjer þó betra, að einhver bót náist, heldur en engin. Mjer þykir það miklu skipta, að jafn mikilsvert mál, sem þetta verði afgreitt af þinginu. Eins og nú stendur á, mun jeg verða miðlunarmaður í orðsins fyllsta skilningi, því lítið er þó ætíð betra, en ekki neitt. Hin núgildandi lög eru svo ranglát, að yfirvöldin eru orðin alveg uppgefin á að elta alla, sem brjóta þau, og held jeg því, að sannarleg þörf sje á að breyta þeim, því jeg veit ekki, hvað getur verið öllu verra fyrir nokkurt land, en að lögum þess sje sýndur sá vansómi. H. þm. Strand. (G. G.) sagði, að sjávar- og landbændur ættu ekki að vera að togast um vinnuhjúin: þetta er alveg rjett; hjer á engin togun að eiga sjer stað, verkalýðurinn á að hafa fullt frelsi til að leita sjer atvinnu sinnar þar sem honum bezt þykir, hvort að er við sjó eða í sveitum.

Jeg get vorkennt sveitabændum, þótt þeir sjeu hræddir við frv., og þeim væri það ekki láandi, ef nokkur líkindi væri til, að öll þau ósköp leiddi af þessari breytingu, sem þeir bera kvíðboga fyrir, því að það væri sannarlega slæmt fyrir landbúnaðinn.

Guðjón Guðlaugsson: Það eru að eins fáar athugasemdir út af orðum h. 6. kgk. (Þ. B.), er jeg ætla að gjöra. Þeim orðum, er h. þm. í byrjun ræðu sinnar benti til mín, skal jeg leyfa mjer að geyma þangað til síðast. H. þm. sagði, að það lenti alveg í sömu lagabrotunum, sem verið hefði, ef ekki væri rýmkvað um vistarbandið. En spursmálið er hvað mikið eigi að rýmkva, og að hverju leyti. Eru það einmitt ekki aldurstakmörkin í hinum núgildandi lögum, sem valdið hafa mestu lagabrotunum? Og hvað er svo rýmkað um þau í þessu frv.? Jeg verð að kalla það til megnasta ófrelsis, að vilja ekki leyfa mönnum fyrir nokkurt verð að verða lausir. Þetta verð jeg að kalla ófrelsi, en ekki þó mönnum sje gjört að skyldu að greiða ofurlítið gjald til að fá

lausamennskubrjef. Til hvers væri að vera sækjast eptir þessum hagnaði, ef hann er ekki svo mikill, að menn vilji gefa 20 kr. virði fyrir hann? H. Nd. hefur nú á þinginu að sönnu ekki metið þennan hagnað meira en 5—10 kr. Það er eðlilegt þó menn girnist fullt frelsi, en því óskiljanlegra er það að halda fast við þessi aldurstakmörk.

Jeg skil ógn vel, að það sje þægilegt að slá um sig með þessu atvinnufrelsi, en það þýðir ekki neitt, þegar ekkert verður sannað með því.

Undarlegast af öllu er þó, þegar þessir menn, er þykjast vera að vernda vinnulýðinn, en í raun og veru gjöra honum — jeg segi honum, því jeg tel vinnufólkið einn aðalhluta hans — hinar örgustu getsakir, eins og t. d. að hann svíkist um að gjöra það, sem honum er boðið, og vinni ekkert verk nema til hálfs. Þessa ódyggu kynslóð vilja þeir vernda og gefa frelsi. Ef þessar getsakir væru sannar, þá ætti ekki fyrir neitt, hvað mikið, sem í boði væri, að gefa hana frjálsa.

Jeg er ekki enn þá kominn á þá skoðun, að vinna daglaunamanna sje að nokkru leyti drýgri, en fastra vinnumanna; jeg hef haldið hvorttveggja, og eptir minni reynslu þá hefur öldungis mátt á sama standa í því tilliti. Þeir sem hafa verið dygg hjú hafa alveg eins verið það sem daglaunamenn, en ekki fremur, og þeir sem hafa reynzt ódygg hjú hafa einnig reynzt það sem lausamenn jafnvel engu síður. Jeg verð því að álíta það getsakir til vinnufólksins, að það muni ekki nenna helmingnum af því, sem það getur unnið, og á að vinna. Jeg hef heldur ekki orðið var við, að ofmikið væri af vinnufólkinu; það má sannarlega ekki fækka, því það er nóg samt af þessum lausamönnum, sem róla til og frá um allar sveitir, og sem ýmist hafa komið sjer undan vistarskyldunni með lagabroti, eða með því að kaupa sig lausa. Jeg held að hver duglegur vinnumaður, sem á annað borð hyggur sig hafa einhvern hag af því, vilji gjarnan vinna til að gefa hæfilegt gjald fyrir að vera laus.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að það sem h. Nd. hefur sýnt sig frjálslegri í þessu máli en stjórnin, er að eins í einu atriði, og það hefur hún tekið úr fundarhaldi úr Str.sýslu.

Þetta dæmi h. 6. kgk. (Þ. B.) um, að hann þekkti lausamann, er lagt hefði upp 5000 kr. á 12 árum, sannar hreint ekkert; það er ekki einu sinni hægt að sjá af því, hvort hann hefur heldur safnað þessu fje sem lausamaður eða sem vinnumaður, og heldur ekki, hvað gamall hann var, þegar hann varð laus; hafi hann verið orðinn eins gamall eða eldri en lausamannalögin tiltaka, að maður verði gjaldfrí, þá kemur dæmið ekkert þessu máli við. Eða heldur þm. ekki, að hann hefði viljað vinna til að borga 20—30 kr., ef hann hefði sjeð sjer þennan hag af því að vera lausamaður, þótt hann hefði grætt þeim mun minna, sem sje 4980 kr. í stað 5000? H. sami þm. sagði, að jeg hefði sagt, að mjer hefði ekki verið hægt að fá jafnvel unglingspilt að vortíma fyrir 2 króna daglaun. Já, þegar þeir sem sitja við hliðina á manni ekki geta heyrt, hvað maður segir eða skilið það, þá er ekki von að þeir, er lengra eru frá geti það. Það, sem jeg sagði var, að vel *gæti* svo farið, að ekki væri hægt að fá mann, þótt boðin væru 2 króna daglaun, ef aflafrjettir heyrðust frá sjónum, og tók það um leið fram, hvaða óhagnaður þetta gæti orðið bæði fyrir bóndann og eins fyrir manninn sjálfan, ef aflinn brygðist, sem ekki ósjaldan hefur átt sjer stað.

Að brigsla vinnuhjúunum um leti og sviksemi, af því húsbændurnir eru ekki færir um að vera húsbændur, og hafa ekki þekkingu á að láta vinna það, sem með þarf, það er alsendis ósæmandi, og þeir,

sem ekki eru færir um að vera húsbændur yfir hjúum eru heldur ekki færir um að vera það yfir daglaunamönnum.

Jeg veit vel, að það er hægt að segja þetta og þetta, það er hægt að segja manni að ráða til sín einn mann að vorinu, annan á sumrin og þriðja á veturna, eptir því, sem þörf er á, en það er verra að framkvæma það, eins og jeg hef fært rök að. Jeg skil ekki, hvernig hægt er að sannfæra mig, eða nokkurn mann með heilbrigðri skynsemi, um að hægt sje að fá nóg af fólki upp í sveitirnar á hverjum tíma árs sem er, þegar góður afli er við sjóinn, og án þess að undirkasta sig þeirri byrði, að halda manninn fyrir fullt kaup lengur en maður þarf hans með. Jeg þekki svo mörg dæmi, sem sanna þessa skoðun mína; jeg veit til, að einn bóndi varð að taka mann í 8 vikur, þó hann þyrfti hans ekki nema í tvær. Maðurinn ætlaði til sjávar, og vildi ekki verða kyr og eiga á hættu að missa af góðum afla, nema hann væri viss um að fá að minnsta kosti nokkuð langa vinnu. Ef menn vilja gefa svona mikið fyrir daglaunamennina, þá má kannske takast að ná í hana, en þó er það í rauninni ekki orðin daglaunavinna heldur samskonar og vinnuhjúin veita, en að eins með miklu þyngri búsifjum fyrir vinnuveitandann.

Jeg er máske ekki eins kunnugur Norðmönnum og högum þeirra, eins og h. 6. kgk. (Þ. B.), en jeg hygg þó, að þar muni víðast hvar haga svo til, að smáþorp sjeu í kring um hvern bóndabæ, þar sem hægt er að fá nóg af daglaunamönnum til að vinna dag og dag, já, jafnvel tíma og tíma. En þó jeg sem sagt sje ekki svo kunnugur í Norvegi, þá veit jeg, að í Danmörku er mjer eins kunnugt eins og h. 6. kgk. (Þ. B.), og þar veit jeg, að enginn bóndi þarf einu sinni að járna hest sinn sjálfur, því þeir fá alla vinnu hjá húsmönnum í kring um sig, sem þeir þurfa, en samt hafa þeir þó fleiri eða færri vinnumenn, sem geta fengið þá, því þeim þykir það miklu umsvifaminna en að taka daglaunamenn til hvers viðviks. Þannig hagar til í útlöndum, en hið sama er ekki tilfellið hjer.

Jeg sagði aldrei, að vinnufólk væri almennt á móti þessari breytingu, heldur að eins að það ætti sjer stað þar, sem jeg þekkti til. Það getur vel verið, að vinnufólk hjer í Gullbringu- og Kjósarsýslu sje á annari skoðun. Það er ekki heldur rjett að brigsla bændum um, að þeir hugsi að eins um sinn eiginn hag í þessu máli, þeir hugsa líka um hag og velferð þjóðarinnar yfirhöfuð. Að byggja mjög fagrar vonir á því, að greiðasala verði tekin upp almennt held jeg að sje óþarft, enda er almennri greiðasölu ekki bót mælandi. Það hefur ætíð verið álitin einn af aðalkostum þjóðar vorrar, gestrisnin, og að eyðileggja hana mun varla rjett. Jeg veit heldur ekki til hvað mikils gagns þessi greiðasala yrði, jeg þekki ekki, hvað á sjer stað kringum h. 6. kgk. (Þ. B.), en þar sem jeg þekki bezt til, hefur hún aldrei getað orðið almenn og þeir sem hafa byrjað á henni, hafa hætt því aptur, og álíta hana lítt framkvæmanlega.

H. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að það væri engin hvöt fyrir vinnufólkið til að vinna vel, af því að kaup þess væri ekkert hækkað fyrir það. Jeg get þá ekki annað en kallað þá húsbændur bæði rangláta og eigingjarna, sem ekki vilja sjá það við vinnumanninn, ef hann er duglegur. Mjer þykir þetta nokkuð skrítin kenning og allþungar getsakir til húsbændanna, og það því fremur, sem jeg veit, að það á sjer stað að menn fá misjafnt vinnukaup. Það væri beinlínis blettur á vinnuveitendum, ef það ætti sjer stað, sem h. þm. Ísf. (S. St.) segir. Þar að auki er þess að gæta, að menn geta verið duglegir til eins verks, þó þeir ekki sjeu það til annara. Jeg geld t. d. góðum fjármanni 100 kr. í kaup, þótt hann sje ekki duglegur

til neins annars, og öðrum manni, sem er betri sláttumaður, geld eg líka 100 kr., þó hann sje ekki góður fjármaður. Jeg held það sje óþarfi að geta þess til um vinnumenn, að þeir hafi ekki vit á að segja við húsbóndann: ef jeg ekki fæ meira kaup, en þessi maður, sem gjörir helmingi minna, þá fer jeg hreint út sagt frá þjer.

Jeg skal þá leyfa mjer að snúa mjer að þeim orðum, er h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) hafði um mig í byrjun ræðu sinnar. Hann brigslaði mjer um framúrskarandi ófrjálslyndi og jafnvel mannhatur, en jeg læt það nú vera, það er nú fyrir sig, að vilja reyna að merkja mig sjálfan á þennan hátt, en að vera að setja það kjördæmi, sem jeg er úr, í samband við þetta, og til þess að slá skugga á það, með því að segja, að ræða mín hefði verið svo, að hún hefði hvergi getað verið komin að, nema frá Hornströndum, verð jeg að álíta allsendis ósæmandi í því sambandi, sem þm. talaði það, og jeg get ekki sætt mig við þess konar orð; jeg skal sjálfur reyna að forsvara orð mín og gjörðir, og reyndust þær í einhverju öðruvísi, en þær ættu að vera, þá er það mín eigin skuld, en ekki kjördæmis míns, og þó þm. þyki fyrirlitlegt að vera þm. Strandam., þá skal jeg fræða hann um, að það hjerað stendur í mörgum greinum fullkomlega jafnfætis því hjeraði, sem hann er úr, og þótt h. þm. (Þ. B.) væri í boði þar, þá skal jeg fullvissa hann um, að Strandamönnum mundi aldrei koma til hugar að nota hann fyrir erindreka. Jeg held satt að segja, að staða hans á þinginu nú sje ekki veglegri, en ef hann væri þm. Strandam. Jeg verð að álíta, að þeir menn, sem ekki sjá það, að svona orð, sem eiga að vera til þess að kasta skugga á einstök hjeruð landsins, eru ekki sæmandi eða eru öðruvísi en þau eiga að vera. Þeir sjá ekki vel sóma sinn, og líkjast helzt þeim mönnum, er ekki kunna að skammast sín.

Forseti: Jeg finn ástæðu til, út af orðum h. þm., er síðast talaði, að minna menn á, að halda sjer við efni umræðunnar, en eigi blanda í hana óviðkomandi sökum, svo og haga orðum sínum sæmilega, og það því fremur, sem jeg hygg, að engin sjerleg ástæða hafi verið gefin til að koma fram með þau. Annars álít jeg hið nefnda hjerað heiðarlegt í alla staði, og það mun það vera.

Þorkell Bjarnason: Jeg verð að skýra stuttlega frá því, vegna hvers það var, að jeg viðhafði áðan í ræðu minni þessi orð, sem h. þm. Strandam. (G. G.) hefur sárnað svo mjög. Þá er jeg ólst upp í Skagafirði höfðu Strandamenn almennt orð á sjer fyrir það, að þeir væru miður menntaðir öðrum landsmönnum; þeir þóttu og nokkuð einkennilegir, jafnvel afkáralegir, eptir því sem jeg heyrði frá sagt, og voru af sumum jafnvel álitnir galdramenn. Jeg minnist þess eitt sinn, þá er jeg var á unga aldri, og kom í fyrsta sinn í kaupstað á Skagaströnd, að jeg sá þar mann, sem ljet mjög afkáralega. Jeg hafði aldrei sjeð mann láta svo illa, og varð hræddur við hann og hljóp hið bráðasta í burtu. Jeg hjelt nefnilega þetta væri galdramaður af Hornströndum, en svo fjekk jeg að vita, að þetta var drukkinn innsveitismaður.

Að sjálfsögðu er ekki gott að vita það fyrir mig, hvort Strandamenn mundu hafa viljað hafa mig fyrir erindsreka sinn til alþingis, en þó hygg jeg, að vel geti verið, að íbúar Broddaneshrepps mundu hafa viljað nýta mig, ef jeg hefði boðið mig þar fram.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að mjer virðist svo af ræðum h. þm., sem talað hafa í þessu máli, að skoðanir þeirra um það sjeu nokkuð sundurleitar, hygg jeg að eigi mundi af veita, að menn bæru sig saman til samkomulags. Mjer virðist því full ástæða til, að mál þetta sje íhugað í

nefnd, og vil því leyfa mjer að stinga upp á, að til þess sje kosin 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 6 atkv. gegn 3 og í hana kosnir:

Sigurður Stefánsson með 9 atkv.
Hallgr. Sveinsson — 5 —
Þorkell Bjarnason — 5 —

Frumv. til laga um afnám gjalds af fasteignasölu (C. 340); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 356); 1. umr.

Sigurður Jensson: Frumv. þetta er svo mikið mál, að það þarf nákvæmrar aðgæzlu; jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að valin sje 3 manna nefnd til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 6:3 atkv. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 8 atkv.
Gutt. Vigfússon — 8 —
Einar Ásmundsson — 7 —

Forseti tók hin önnur mál af dagskrá.

Þrítugasti og annar fundur, miðvikudag 9. ágúst. Allir á fundi.

Frumv. til laga um að selja salt eptir vigt (C. 295); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar sem æzta dómstóls í íslenzkum málum úr lögum (C. 286); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal lýsa yfir því, að jeg er samþykkur mörgu af því, er tekið var fram í þessu máli við 1. umr. þess hjer í þessari h. þingd. Jeg er því samþykkur, að það er bæði eðlilegast og bezt, að þeir dómendur dæmi mál manna, er kunna mál þeirra, og þekkja þeirra þjóðerni, og gildir það eigi að eins um hina lægri dómstóla, heldur og um hinn æzta dómstól. Jeg get og fúslega viðurkennt, að það hefur að jafnaði eigi alllitla tímatöf í för með sjer, að sækja síðustu úrslit mála sinna til hæstarjettar í Khöfn. En að því er það atriði snertir, að það mundi hagur, að dómendunum væri persónulega kunnir málspartarnir, þá hygg jeg þó, að það sje mjög mikið efamál, hvort það væri betra, eða hvort með því fengist meiri trygging fyrir fullkomlega rjettum dómum, því að það virðist augljóst, að vel geti svo farið, þá er dómendurnir eru persónulega kunnugir málsaðilum, að málið sjálft verði ekki skoðað jafn hlutdrægnislaust, eins og þegar dómendurnir hafa ekki þessa þekkingu og kunnugleik. Mjer dettur ekki í hug að segja það, að þeim mundi samt sem áður láta sjer verða það, að halla hinu rjetta af ásettu ráði eða dæma móti betri vitund, en hinn persónulegi kunnugleiki gæti haft ósjálfrátt áhrif á dóminn, án þess dómendurnir væru sjer þess meðvitandi sjálfir. Svo er það t. a. m., að einn getur flutt mál sitt með hógværð og stillingu en annar með frekju og ofsa, og getur það haft áhrif á dómendurna, að þeir verði fremur sinnandi þeim, sem gætilega og stillilega heldur uppi málsvörn en hinum.

Þó að í margan máta hafi verið mælt mjög vel fyrir frumv. þessu hjer í þessari h. þingd., af þeim h. þm. er töluðu um það við 1. umr., get jeg þó ekki gefið því atkv. mitt, eins og það liggur nú fyrir. Mjer sýnist, að með þessu sje brugðið svo snögglega þeirri rjettarvenju, sem tíðkazt hefur hjer á landi um nær því tvær aldir. Sú rjettarvenja hefur og að meiru eða minna leyti tíðkazt, jafnvel síðan landið komst undir Noreg, að menn hafa átt kost á að skjóta málum sínum til endilegra úrslita út fyrir landið sjálft. Þá er landið komst undir konung, varð sú skipun á dómsmálum gjörð, að hjeraðsdóma

dæmdu sýslumenn með meðdómsmönnum — þeir komu í staðinn fyrir goðana fornu —; svo voru málin dæmd í lögrjettu, en þeir, sem eigi vildu una þeim dómi gátu skotið máli sínu fyrir konung, er síðan feldi í því hinn endilega dóm með ríkisráði sínu, og dæmdi það þannig með beztu manna ráði, eins og í vorum fornu lögum stendur: „Enginn má rjúfa lögmannsúrskurð (dóm) nema konungur einn og þó með beztu manna ráði“. Á þennan hátt voru 3 dómstólar, sem gátu um málin fjallað. Eptir það er siðabótin komst á hjer á landi, var stofnaður 24 manna dómurinn, nokkurskonar yfirdómur yfir lögrjettunni, og til þess dóms gátu þeir skotið málum sínum, er eigi vildu una lögrjettudómi; þannig voru 3 dómstólar hjer á landi þá, og 4. dómstóllinn var hæstirjettur, því að konungur leyfði þá á stundum, er þess var farið á leit, mönnum að skjóta málum sínum þangað. Svo var t. a. m. um Guðbrand biskup; hann fjekk leyfi konungs til að skjóta sínum málum frá 24 manna dómi til hæstarjettar. Þannig voru 3 dómstólar innanlands til loka 17. aldar. En eptir 1700 var hæstirjettur skipaður með lögum æzti dómstóll íslenzkra mála, og það hefur konungur efalaust gjört af því, að hann hefur álitið íslenzkum málum bezt borgið á þann hátt, en ekki af því, að hann hafi viljað auka veg hæstarjettar með því, að draga mál Íslands undir æzta dómstól í Danmörku. Það hefur þannig staðið svo nú um nær því 200 ár, að dómstólar fyrir íslenzk mál hafa jafnan verið þrír, og það er víst, að mjög opt munu menn hjer á landi hafa unað vel úrslitum mála sinna fyrir hæstarjetti. — Nú vilja menn fara að gjöra breyting á þessu fyrirkomulagi í þá átt, að dómstólarnir fyrir mál manna hjer á landi verði að eins tveir, hjeraðsdómur og yfirdómurinn í Reykjavík. Það er að vísu alkunnugt, að menn hafa opt og tíðum unað vel úrslitum mála sinna fyrir yfirrjetti, og jeg er viss um, að hver maður á Íslandi ber hið bezta traust til þess dómstóls, eins og hann er nú skipaður. En hitt er og víst, að því fleiri, sem dómstólarnir eru, því betur verða mál manna skoðuð og athuguð. Hafi það verið nauðsynlegt á 18. og 19. öld að hafa 3 dómstóla, get jeg ekki skilið, að oss hafi farið svo fram í mannviti nú á síðustu tímum, eða höfum þá lagaþekkingu, að oss nægi nú að hafa þá að eins tvo. Það kemur jafnaðarlega fyrir, að eigi sje um smámuni að tefla fyrir mönnum, er reka þurfa rjettar síns, eða menn eru undir ákæru. Það getur verið að tefla um líf, æru og eignir, eður alla velferð manna í þessum heimi. Fyrir því er það hin brýnasta nauðsyn, að trygging sje full fyrir því, að dómar sjeu hinir fullkomnustu og grunduðustu. Ef menn vilja fá því framgengt, að hæstirjettur sje afnuminn sem æzti dómstóll í íslenzkum málum, virðist mjer vera með öllu nauðsynlegt, að vel sje tryggt, að dómar sjeu vel úr garði gjörðir. Þetta mætti gjöra á tvennan hátt. Annaðhvort með því, að bæta við einum dómstól milli hjeraðsdóms og æzta dóms; jafnvel þótt í þeim dómi sæti að eins einn maður, þá er það nokkur trygging fyrir því, að mál verði betur undirbúin, og meira gjörskoðuð, en ef dómstólarnir væru að eins tveir. Í öðru lagi mætti og auka tölu dómaranna í yfirdóminum. Í því væri líka nokkur trygging fólgin. Þó að þetta fyrirkomulag hafi nokkurn kostnað í för með sjer, mega menn ekki horfa í það, ef mönnum er alvara með þetta mál; það er svo áríðandi fyrir landsmenn sjálfa, að hægt sje að bera öruggt traust til þess, að málum manna fyrir dómi sje rjettilega og vel til lykta ráðið.

Jeg get ekki betur sjeð, en að vjer höfum ekki fulla og æskilega trygging fyrir grunduðum dómum í málum vorum, ef hæstirjettur er ekki lengur til fyrir þau, og ekkert sett í staðinn, eða engar

aðrar breytingar gjörðar. Fyrir því get jeg ekki greitt atkvæði mitt með frumv. þessu, eins og það nú er.

L. E. Sveinbjörnsson: Frumv. þessu var tekið hjer í h. þingd. mjög vel við 1. umr. Menn játuðu það, að hæstirjettur væri skipaður mönnum með ágætum vitsmunum og framúrskarandi þekkingu og fyrir því ætti hann alla virðingu skilið sem bezti dómstóll. Jeg er viss um, að þetta er satt og rjett, að hæstirjettur hefur jafnan haft mjög mikið álit.

Svo var það og tekið fram, að það væri ekki heppilegt, að æzti dómstóll í íslenzkum málum væri skipaður útlendum mönnum, er ekki kynnu tungu vora nje þekktu þjóðerni vort. Jeg get ekki gjört svo mikið úr því, að það sje stór galli á dómendunum, þótt þeir þekki ekki þjóðerni þeirra, er þeir dæma mál fyrir. Það er þó t. a. m. kunnugt, að ríki fá sjer á stundum gjörðarmenn úr öðrum ríkjum, til að skera úr málum sínum. *(Kristján Jónsson:* Þar er að ræða um milliríkja-mál). H. 3. kgk. (Kr. J.) gjörir máske svo vel að skýra það, af hverju það er svo mikill galli, að dómendur þekkja ekki þjóðernið.

Viðvíkjandi því, að það sje ástæða á móti hæstarjetti, að hann kunni ekki tungu vora, og að það sje svo mikill vandi að útleggja íslenzku á dönsku, að opt sje ekki víst, að það takist rjett, þá skal jeg taka það fram, að jeg get ekki fallizt á, að þýðing frá íslenzku á dönsku sje svona erfið. Jeg hef sjálfur átt að þýða mörg mál frá yfirrjetti á danska tungu, og jeg hef aldrei komizt í bobba með, að láta hina sömu meiningu koma fram; en það verður á stundum ekki vel fallegt mál eða vel dönskulegt, en hægt er að láta meininguna vel skiljast, þó málið ekki verði fagurt, er menn þræða íslenzkuna nákvæmlega.

Að það sje ástæða á móti hæstarjetti, að vjer höfum önnur lög en Danir, og að þau lög sjeu því ókunn dómendum hæstarjettar, það get jeg ekki fallizt á. Að vísu höfum við í ýmsu önnur lög, en jeg hef ekki rekið mig á það, að hæstirjettur hafi nokkurntíma flaskað á því, enda er ekki ástæða til að ætla, að slíkt komi fyrir, þar sem hæstirjettur hefur jafnan fyrir sjer dómsgjörðir undir- og yfirrjettar og í þeim munu jafnan vera teknir fram þeir lagastaðir, sem málinu koma við. Þó að því hæstirjettur vissi ekki áður lagastaði þessa mundi hann sjá þá þar.

Jeg get aptur á móti fallizt á það, að það er mjög kostnaðarsamt að sækja mál sín fyrir hæstarjetti, og að það hefur opt langan tíma í för með sjer, opt svo árum skiptir, eða jafnaðarlega 3 ár í einkamálum. Það er kunnugt, að málaflutningsmenn við hæstarjett taka mikið fyrir málfærslu sína, svo að þegar málið ræðir ekki um háa fjárupphæð, nemur opt kostnaðurinn við málarekstur fyrir hæstarjetti meiru en málið er sjálft vert.

Það hefur og verið sagt, að mál vor ættu ekki að fara út fyrir landsteinana til fullnaðardóms. Á þetta fellst jeg í principinu, og jeg álít einnig, að vjer sjeum komnir á það menntunarstig, að vjer ættum ekki að þurfa að láta mál vor frá oss fara. Af þessum ástæðum er það, að jeg er ekki á móti þessu frumv. að vissu leyti; en jeg er samdóma h. 6. kgk. (Þ. B.) í því, að ef vjer viljum afnema hæstarjett, sem æzta dómstól í íslenzkum málum, án þess að gjöra neina aðra breytingu, þá sje helzt til of lítil trygging fyrir fullkomlega áreiðanlegum dómum, þar sem ekki eru nema 3 dómendur í yfirrjettinum. Að vísu geta á stundum verið þeir menn í yfirdómi, þótt ekki sjeu fleiri en 3, sem menn bera fullt traust til, en dómendur eru breyzkir menn, eins og aðrir menn, og getur það því komið fyrir, að eitthvað verki á þá, sem ekki ætti að gjöra það. Það er meðal annars eitt, sem gjörir það æskilegt, að fleiri væru en 3 dómarar í yfirdómnum. Það getur opt

komið fyrir, þegar dómendur eru að eins 3, að 2 eru sammála, svo að dómendurnir koma ekki saman til samanburðar, eða „conference“, sem vjer köllum, en væru dómararnir 5 mundu opt og tíðum skoðanirnar verða skiptari, svo að „conference“ væri höfð, og við það mundi málið skýrast svo sem æskilegt væri.

Jeg ætla nú að greiða atkv. með þessu frv. að það fái að ganga til 3. umr., en þó álít jeg mjög nauðsynlegt, að breyting sú verði á því gjörð, að bætt væri við 2 dómurum í yfirrjettinn, svo að frv. þetta fengi aptur hið sama form, sem það hafði frá flutningsm. þess, er það kom nú inn á þingið, en þessum 2 dómurum var hleypt úr því í h. Nd.

Sigurður Stefánsson: Þó að mjer komi ekki til hugar að færa betri vörn fyrir þessu máli en gjört var við 1. umr. þessa máls, þá skal jeg samt taka fátt eitt fram út af orðum h. 6. kgk. (Þ. B.)

Honum þótti athugavert, að of mikill kunnugleiki gæti leitt til þess, að dómarar yrðu ekki óhlutdrægir. Jeg er ekki hræddur um það. Eitt aðalskilyrði fyrir rjettlátum dómsúrslitum er, að dómararnir sjeu sem kunnugastir öllum málavöxtum. H. sami þm. (Þ. B.) benti einnig á, að fornri rjettarvenju væri brugðið, en jeg skal benda honum á það, að áður en hún komst á, áður en hæstirjettur í Danmörku varð æztirjettur, þá átti sjer stað önnur rjettarvenja, sú, að landsmenn dæmdu alla sína dóma sjálfir. Og þeir dómar, sem þá voru dæmdir, ímynda jeg mjer, að standist fullkomlega á móts við þá dóma, sem dæmdir hafa verið síðan, svo að menn þurfi ekki að skammast sín fyrir þá dóma, jeg á við dómana á þjóðveldistímanum. H. þm. (Þ. B.) sagði, að varhugavert væri, að hinni fornu rjettarvenju, sem nú á sjer stað, væri brugðið, og tók fram hvenær hún hefði byrjað. En eins og fáir hafa kennt mjer betur en h. 6. kgk. (Þ. B.) sögu þessa tíma, eins hefur hann sýnt fram á, að hún er einmitt ástæða á móti honum sjálfum. Sú rjettarvenja, sem á sjer stað í þessu máli, er komin á fyrir ofstopa og rangsleitni einstakra manna, er í trausti til hins erlenda valds reyndu á allan hátt til að traðka íslenzkum lögum og rjetti, og leiddu með því erlenda áþján yfir land þetta; það má því með fullum rjetti segja, að hæstirjettur sje ekki orðinn æzti dómstóll í íslenzkum málum, samkvæmt óskum eða vilja hinnar íslenzku þjóðar, heldur fyrir rangsleitni og yfirgang íslenzkra ribbalda, er notuðu konungsvaldið til að skjóta sjer undan hinu forna íslenzka dómsvaldi. H. 6. kgk. (Þ. B.) er þetta miklu kunnara en mjer og jeg veit, að hann óskar þess með mjer af heilum hug, að slíkt ástand og það, sem þessi rjettarvenja er sprottin af í fyrstu eigi sjer aldrei framar stað á landi voru.

Jeg skal játa það, að jeg vil á engan hátt niðra hæstarjetti fyrir þessa sök, eða segja, að hann sje ekki rjettsýnn, en það er mitt álit, að ekki eigi fyrir það að halda þessari rjettarvenju um aldur og æfi, sem komizt hefur á, á hinni mestu róstu- og eymda öld landsins. Það sýnist því ráðlegra að leita aptur í forna horfið og taka upp aptur forna og góða rjettarvenju, að vjer dæmum mál vor sjálfir í voru eigin landi. Jeg ætla eins, og h. 1. kgk. (L. E. Sv.) tók fram, að vjer sjeum komnir á það menntunar- og þroskastig, að oss sje ekki ofvaxið að dæma mál vor sjálfir. Hvað mikið og margbrotið, sem rjettarfar vort er, þá hygg jeg samt, að það sje eigi svo erfitt, að vjer ekki getum haft innlendan æzta dóm, eins og átti sjer stað til forna í margar aldir.

Þó að yfirrjettinum geti skjátlazt, þá eru menn líka í hæstarjetti, sem getur yfirsjest og engu síður, þar sem þeir þekkja ekki eins vel þjóðerni vort og staðarháttu hjer á landi og þau íslenzku mál, er þeir fjalla um, eins og landsyfirrjetturinn; það er því ekki ástæða til annars en ætla, að

landsyfirrjetturinn verði fullt eins rjettlátur eða rjettsýnn, þrátt fyrir lærdóm og skarpleik hæstarjettar, því að þegar um það er að ræða, að dæma rjettláta dóma, þá er mjög svo áríðandi að hafa sem yfirgripsmesta þekkingu á málunum og öllu, er að þeim lýtur. Eins og h. 6. kgk. (Þ. B.) er það ljóst, sem góðum sögumanni, að ekki breyttist til batnaðar við, að þessi rjettarvenja komst á, eins er jeg viss um, að sú breyting verður til batnaðar, að hið forna dómsvald færist aptur inn í landið.

Jeg skal ekki svara þeim mótbárum, sem h. 1. kgk. (L. E. Sv.) hreyfði mót frv., enda áttu þær fremur við það, sem sagt var hjer við 1. umr.

Jeg skal að eins taka fram, að jeg með glöðu geði gef atkv. mitt með frv., enda þótt það yrði ofan á, að dómendum verði fjölgað, þannig, að þeir verði fimm. Jeg er á sama máli og h. 1. kgk. (L. E. Sv.) um það, að sem bezt trygging eigi að vera fyrir því, að landsmenn fái rjettláta dóma. Jeg mun því skoða huga minn, hvort jeg ekki greiði atkv. með breyt.till. og ekki sjá eptir því, þótt þessi breyting kosti oss nokkur þúsund krónur. Og ef h. Nd. er einhver alvara í þessu máli, þá ætti hún ekki að horfa í það. Reyndar er jeg ekki hræddur um, að oss sje nein hætta búin af þessari breyting, þó að ekki verði fjölgað dómendum í landsyfirrjettinum.

Jeg mun því greiða af heilum hug atkv. með þessu frv. og vona, að það fái hinn sama greiða byr hjá h. deild, og það áður hefur fengið.

Þorkell Bjarnason: H. þm. Ísf. (S. St.) tók það fram, að landsmenn sjálfir hefðu dæmt á þjóðveldistímanum og er það satt, en jeg held, að dómsvaldið frá þessum tímum sje ekki takandi til fyrirmyndar, því honum er það eins kunnugt og mjer, að menn þá gættu ekki ávallt laganna, heldur ljetu opt og tíðum vopnin skera úr, og voru þá úrslitin ekki ávallt heppileg.

Jeg tók ekki dómaskipan fram að 18. öld fram, af því mjer þætti það rjettarfars fyrirkomulag, sem þá var, æskilegt, heldur tók jeg það fram til þess, að sýna fram á það, að landsmenn trúðu ekki innlendu dómsvaldi til þess að hafa síðustu úrslit mála á hendi, og því var það samþykkt af alþingi, að konungur með ríkisráði sínu mætti leggja síðasta úrskurð á málin. En eins og jeg tók fram, álít jeg það ekki nægilega trygging, að láta fyrirkomulagið verða eins og frumvarpið fer fram á. Jeg er samdóma h. 1. kgk. (L. E. Sv.) í því, að það yrði að minnsta kosti að fjölga dómendum yfirrjettarins og af því að hann gjörði ráð fyrir að koma með breyt.till. við frv. í þá átt, þá gef jeg atkv. mitt með því, að það gangi til 3. umr. og komist sú breyting að, sem mjer geðjast, þá mun jeg einnig gefa því atkv. frá 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd við orð h. 6. kgk (Þ. B.). Honum fannst mikið í það varið að sama málið yrði dæmt þrem sinnum. Jeg held nú, að það sje ekki öldungis víst, að ávallt fáist betri dómar, þótt þrisvar sinnum sje dæmt sama málið. Þegar menn vita af einum eða tveimur dómum fyrir ofan hafa menn ekki eins mikla hvöt til þess að vanda sig og ímynda sjer, að þótt eitthvað kynni að verða vanskoðað, þá komi það fram í seinni leitunum, þegar málið gengur í gegnum æðri dómana. Tveim dómum gæti allopt eins vel tekizt við málið og fremur, ef þessir dómar væru vel skipaðir.

Mig minnir ekki betur en að í Frakklandi sje það fyrirkomulag, að sum mál þurfi að eins að fara gegnum tvo dóma og þyki þetta þar ekki óhafandi, þá mun það víðar vera viðunanlegt. Það er mikið rjett, að opt eru eignir, mannorð líf og æra manna komin undir dómunum, og getur þar vandvirkni og aðgætni aldrei orðið of mikil; en jeg held, að menn

láti opt reka til hins síðasta að eins af keppni og af því þeir vilja framfylgja sínu til hins ítrasta, og þótt dómstólarnir væru 4 eða 5 mundu menn ekki una við eða vera ánægðir fyr en málið hefði gengið gegnum hendur allra þeirra og svona hjeldi það áfram, hvað mikið sem fjölgað væri „instönsum“; 2 dómar, ef þeir eru vel skipaðir, geta að minni ætlun optast gjört hið sama gagn sem 3.

Sami h. þm. rjeð til að halda tölunni 3 á dómstólunum, eins og hingað til hefði verið um langan aldur, en láta þá máske 1 mann sitja í 2. dómnum. Þetta held jeg að mundi óráð mikið. Þetta liggur reyndar ekki fyrir, en það hefur samt verið nefnt og er þá vert að athuga það frá fleiri en einni hlið. Afleiðingin af því yrði þá, að einn dæmdi yfir einum; en það gæti opt ávaldið ánægju. Undirdómaranum gæti máske stundum fundizt sjer misboðið, ef þessi eini dómari raskaði eða breytti dómi hans, og hefði þó ekki betri námseinkunn en hann og ef til vill eigi heldur meiri aldur eða reynslu. Óvíst er einnig, hvort málsaðilar mundu við það kunna, að 1 maður skipaði 2. dóminn. — Nú vita menn einnig, að fjöldi mála fer ekki út fyrir landsteinana, heldur fær sín fullnaðarúrslit í yfirdóminum og þau úrslit, sem almenningur opt unir við. Ef menn því opt leituðu frá 2. dómnum til hins 3. mundi kostnaðaraukinn verða talsverður, og væri þá stigið stig aptur á bak en ekki áfram með þeirri breytingu. Mjer finnst því það mundi alls ekki heppilegt, að málið gengi frá undirdómi til eins yfirdóms, og svo til æzta dómsins, er 3 menn sætu í. Hæstirjettur í Kaupmannahöfn hefur nú fengið svo mikið lof hjá öllum, sem í þessu máli hafa talað, að jeg þarf þar engu við að bæta. Það er öllum kunnugt hvað sá dómur hefur verið vel skipaður hinum beztu mönnum. En þar sem h. 1. kgk. (L. E. Sv.) talaði um þjóðernið, og sagði, að sjer fyndist það litlu skipta, hvort dómarinn þekkti þjóðerni þeirra manna, sem hann ætti að dæma eða eigi, þá finnst mjer það nokkuð athugavert. Jeg skal samt ekki fjölyrða um það, en geta annars, sem töluverða þýðingu hefur í þessu máli. Eins og menn munu minnast var bæði hjer á landi og í Kaupmannahöfn, að jeg ætla, lögð áherzla á það, er um gildi hæstarjettar fyrir vort land var að ræða. að sjerstök trygging væri veitt íslenzkum málum fyrir hæstarjetti við það, að landi vor Vilhjálmur sál. Finsen átti þar sæti, sem af öllum var álitinn mikill lögfræðingur, en eins og menn vita, er hann fallinn frá og enginn Íslendingur hefur komið í hans skarð. Annaðhvort er þá, að á þeim hefur ekki verið nein þörf, og hinir dönsku dómendur álitnir fullgildir einir saman til þess, að dæma hin íslenzku mál, eða þá, *að þessa trygging vantar nú*, ef hinum dönsku dómendum er ofætlun, að dæma mál, sem rekin hafa verið á öðru tungumáli, og ekki geta verið kunnugir hinum ýmsu atvikum málsins, eins og sumir hafa tekið fram. Þessi athugasemd er á töluverðum rökum byggð, og menn verða að hafa hana til hliðsjónar, er þeir greiða atkvæði í þessu máli.

Jeg er samþykkur þeirri breytingu, er h. 1. kgk. (L. E. Sv.) vill gjöra á frv. þessu, og álít meiri trygging fengna með því. Við verðum líka að sýna bæði stjórninni og þjóð vorri, að við viljum eitthvað leggja í sölurnar til þess, að fá góða trygging fyrir heppilegum og viðunandi úrslitum málanna.

ATKVÆÐAGR.: 1—3. gr. frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 287); 3. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 314, 357, 366); 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og h. þingd. sjer, þá hafa komið fram töluverðar breyt.till. frá mjer og tveimur öðrum h. þingdm. Breytingar þessar eru þó að miklu leyti orðabreytingar, en að eins lítilfjörlegar efnisbreytingar. Jeg skal þá fyrst fara út í breytingar þær, sem eru á þingskj. 357. Þar eru töluliðir 1 við 1. gr. og tölul. 2 og 3 við 2 gr. að eins orðabreyt.; tölul. 4 við 3. gr. þar sem farið er fram á, að seinni hluti greinarinnar frá orðunum „og skal hver" falli burt höfum við tekið upp, af því okkur þótti þessi málsgr. óþörf. 5. tölul. við 6. gr. að orðin: „er gangast vill" og til enda gr. falli burt, höfum við einnig tekið af sömu ástæðu; ekki af því okkur þætti þetta spilla nokkuð fyrir, heldur að eins af því að það er óþarft. Hið sama er að segja um tölul. 6 við 7. gr. Ennfremur er 7. tölul. við 7. gr. ekki annað en orðabreyting, en svo er aptur í 8. tölul. við sömu gr. farið fram á, að ný málsgr. bætist inn í. Þetta er að eins viðauki við 7. gr., en ekki við frv. sjálft, því það er hið sama, sem staðið hefur í 8. gr. að eins styttra og betur orðað, en það er kostur á hverjum lögum, að þau sjeu svo stutt og skýr, sem auðið er, og því höfum við farið fram á þessa breytingu. 9. tölul. að 8. gr. falli burt, er að eins bein afleiðing af þessu. 10. tölul. við 10. gr., er einnig orðabreyt. gjörð til hægðarauka. 11. og 12. tölul. við 11. gr. eru einnig orðabreyt. að mestu leyti, en svo er líka í 11. tölul. nokkur efnisbreyt., að því leyti, að þar er orðunum: „svo fljótt sem verður" sleppt af því, að þau eru óþörf og einnig í 12. tölul., er fellir burt síðustu setningu fyrstu málsgreinar, af því reikningstímabil sjóðanna ekki fellur saman við það reikningstímabil, er gjört er ráð fyrir í 5. gr. frv. 13. tölul. við sömu gr. er einnig tóm orðabreyt. 14. tölul. við 12. gr. er meiri partinn einnig orðabreyt. Í frv.-gr. var þóknun fjárhaldsmanna fyrir ómök sín ákveðin $^1/_{10}$ af jarðaafgjöldum þeim, sem þeir koma í peninga, og 4% af öllum jarðaafgjöldum, sem væru borguð í peningum eða gengju í sömu aurum hinum ómynduga til framfæris. Í breyt.till. er þessu að eins breytt þannig, að fjárhaldsmenn skuli hafa 10% af öllum jarðaafgjöldum, hvort sem þeir koma þeim í peninga eður eigi. Menn kunna nú að segja, að þetta sje að veita mönnum þóknun fyrir litla, sem enga fyrirhöfn, en það er aldrei lítið fyrir fjárhaldsmanninn að gjöra, ef hann á að sjá um jarðir. Viðvíkjandi þessum 4% þá er satt, að þau opt verða veitt fyrir lítinn starfa, en upphæðin er heldur ekki mikil. Þó þetta sje ekki mikið fje, þá er það þó einlægt fremur hvöt fyrir fjárhaldsmanninn til að koma peningum hins ómynduga á vöxtu, þegar hann hefur sjálfur hag af því, eða að minnsta kosti sleppur skaðlaus. Enda held jeg flestir muni gefa þessi 4% eptir, ef þeir enga fyrirhöfn þurfa að hafa. Aptur á móti geta þeir haft töluvert ómak, ef þeir t. d. þurfa að gefa með barninu og hefja til þess fje úr sjóðunum, og þá er 4% sannarlega ekki of mikið. 15. tölul. við 13. gr., um að gr. falli burt komum við með, ekki af því við hjeldum, að gr. væri nokkuð skaðleg, heldur einungis af því okkur þótti hún óþörf, og til að stytta frv. 16. tölul. við 14. gr. er að eins orðabreyt. til að laga orðfærið. Þá kemur 17. tölul. við 15. gr. og er það eiginlega sú eina efnisbreyt., er við förum fram á. Breytingin er sú, að fjárhaldsmaður afhendir öll skilríki í hendur yfirfjárráðanda þegar fjárhaldinu af einhverjum ástæðum lýkur, í staðinn fyrir í hendur hins ómynduga eða tilsjónarmanns hans. Þetta sparar

fjárhaldsmanninum mikið ómak, og er yfirhöfuð lang einfaldast. Ef hinn ómyndugi hefur átt nokkrar jarðir, eða peninga á vöxtu eða utan vöxtu, þá þarf fjárhaldsmaðurinn ekki annað en að skila eignaskjölunum, viðskiptabókunum og peningunum ef nokkrir eru, í hendur yfirfjárráðanda og taka kvittun fyrir. Þetta fyrirkomulag sparar mikil umsvif, og er einnig miklu hagfelldara fyrir hinn ómyndugu sjálfan, því það getur vel farið svo, ef fjárhaldsmaður er sjerdrægur og lítur meir á sinn eigin hag, að hann t. d. setji lausafje upp á hinn ómyndugu með háu verði, ef hann á sjálfur að veita því móttöku í stað þess að gjalda honum peninga, en því mundi yfirfjárráðandi aldrei veita móttöku. 18. tölul. við 16. gr., 19. tölul. við 17. gr. og 20. tölul. við 19. gr. eru allt orðabreyt. En svo er 21. tölul. við 20. gr., að greinin falli burtu. H. meðflutningsmenn breyt.till. minna fannst þessi grein vera óþörf; jeg hef nú fyrir mitt leyti ekki getað sansast á það, en með því jeg er þeim mjög þakklátur fyrir þær mörgu bendingar, er þeir hafa gefið mjer, og af því mjer er þetta ekki heldur neitt kappsmál, þá hef jeg ekki fundið ástæðu til að setja mig á móti því, enda þótt jeg verði að álíta það heppilegra að slíkt yfirlit hefði verið birt á prenti, einkum af því að það mundi hafa tryggt það, að hið opinbera hefði eptirlit með, hvernig varið væri fje ómyndugra.

Þá er viðaukatill. á þingskj. 366 um, að á eptir 17. gr. komi ný grein svo hljóðandi: „Glatist fje ómyndugra sökum hirðuleysis yfirfjárráðanda, ber hann alla ábyrgð á því“. Það er bendingu h. varaforseta að þakka, að við höfum komið fram með þessa viðaukatillögu, en jeg hef eigi getað minnzt á hana fyr, af því jeg heyrði hana ekki, eða tók ekki eptir henni, þeirri bendingu nefnilega, að hann áleit óheppilegt, að jeg hafði sleppt úr frv. mínu ákvæðunum í síðari hluta 3. gr. í tilskipuninni 1847, um að yfirfjárráðamenn skyldu hafa ábyrgð á fje ómyndugra, ef það tapaðist fyrir þá skuld, að amtmanni væri ekki tilkynntur flutningur fjárhalds milli amta. Jeg get sansast á því, að þetta er á nokkrum rökum byggt, þó jeg raunar álíti það sjálfsagt, að embættismenn beri ábyrgð á öllum sínum gjörðum, og að leggja svona mikla áherzlu á þetta eina atriði, gat ekki verið nauðsynlegt, því jeg ímynda mjer líka, að minnst af því ómyndugrafje, sem tapazt hefur, hafi farið af þessum orsökum, mjer er næst að halda ekkert. Okkur þótti bezt við eiga að taka breytinguna þannig upp, heldur en að smeygja henni aptan við einhverja einstaka grein, svo augljóst væri, að hún ætti við í öllum greinum, enda þótt það raunar leiddi af sjálfu sjer.

Jeg skal ekki eyða frekari orðum um þessar breytingartill., fyr en jeg heyri hvaða dóm aðrir vilja kveða upp um þær, hvort heldur með eða mót.

L. E. Sveinbjörnsson: Þó að þessar breyt.till. á þingskj. 357 sjeu allar til að bæta frumv. og talsverður munur verði á frumv. frá því, sem það áður var, einkanlega hvað orðfærið snertir, og í mörgu tilliti, einnig hvað efnið snertir, þá er það samt enn svo lagað, að það er ekki eins gott og tilskipunin frá 1847. Hvað viðaukatillögunni viðvíkur, sem fram hefur komið, þá líkar mjer alls ekki orðið „hirðuleysi“, því að það á hjer illa við, og er of víðtækt og óákveðið. Jeg kynni betur við, að það stæði eitthvað á þá leið: „Glatist fje ómyndugra sökum þess, *að yfirfjárráðandi gætir ekki fyrirmæla þessara laga* að því hann snertir o. s. frv. Dómstólarnir gætu annars sjálfir lagt sinn skilning í hvert sinn í orðið „hirðuleysi“, en um hitt er ekki nema einn skilningur.

Annars er frumv., eins og það nú er orðið lítið annað en ný útgáfa af tilsk.

frá 1847, en að mínu áliti ófullkomnari og verri, og hin fáu nýmæli frumv. miða síður en ekki til að tryggja fje ómyndugra. Jeg get því ekki annað en gefið atkvæði nú sem fyr á móti frumv.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal játa það, að jeg skil, ekki hvernig getur verið samræmi í orðum þeim, sem h. varaforseti (L. E. Svbj.) talaði síðast. Jeg skil ekki, hvernig hann gat sagt, að frumv. hefði batnað við þessar breyt.till. einungis eða mestmegnis að orðfæri, sem hann lagði aðaláherzluna á, en sagði þó, að með þessum breytingum yrði frumv. að eins ný útgáfa af tilskipuninni 18. febr. 1847. Ef svo væri, þá hefur hann annaðhvort lagt of mikla áherzlu á það um daginn, hvað frumv. væri breytt frá tilskip. 1847, eða þá að í þessum breyt.till. eru meiri efnisbreytingar en jeg veit af, og meiri en heyrðist á ræðu hans áðan að væru.

Jeg er á því, að frumv. hafi batnað að orðfæri til, en hvað efnið snertir sjá allir, að því er ekki mikið breytt. Jeg skil ekki samræmið í því, að ef þetta er ný útgáfa af tilskip. 1847 og næsta lík henni, að frumv. sje þá *verra* en tilskip. því orðfærið verður þó ólíkt betra á frv. þessu, þegar breytingartillögurnar eru komnar inn í það, heldur en það hrognamál sem er á tilskip. frá 1847.

Hvað viðvíkur því, sem h. varaforseti tók fram um orðið „hirðuleysi“ í viðaukatill., þá ímynda jeg mjer, að það geti ekki komið fyrir nema undir úrskurð dómstólanna, og þá er ætlazt til, að þeir geti skilið það, hvað í því liggur. Þeir hljóta að sjá, að það lýtur ekki til annars en þess, að yfirfjárráðandi ber alla ábyrgð af því, ef fje ómyndugra glatast fyrir *hirðuleysi hans á því að uppfylla skyldur þær, sem lög þessi ákveða.* Jeg hef sýnt fram á það áður, að vanræksla hefur átt sjer stað með fjárhald ómyndugra og fje hefur tapazt vegna þess, að lögin heimtuðu ekki, að nægilegt eptirlit væri haft með fjárhaldi þeirra. Það getur einnig hafa tapazt af vanrækslu yfirfjárráðanda. Jeg hygg, að enginn hjer í deildinni geti mótmælt því, að það hafi átt sjer stað, og enginn sje sá, sem ekki geti rennt grun í, að þess sjeu dæmi.

Jeg skal t. d. taka, að jeg átti tal við einn mikils virtan þingmann Nd., sem fann að því við mig, að jeg hefði um daginn farið of ómildum orðum um fjárhaldsmenn yfir höfuð. Jeg sagði honum þá, að mjer væri kunnugt, að kona ein hefði komið í Strandasýslu úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hefði tapað eða nærri því tapað fje þar, ef góður maður hefði ekki hjálpað henni. Nú hann mundi það ekki, að það hefði komið fyrir, en þegar jeg svo minnti hann á, hvort hann mundi ekki hafa verið sá, sem einmitt hjálpaði konunni, þá mundi hann það. Þessi arfur, sem hún hafði misst, tilfjell henni vorið 1857, og það á enginn þátt í því, sem nú er þar ráðandi. Og þessi þingmaður varð þá að viðurkenna, að svo mundi eiga sjer stað víðar. Jeg spurði hann, hvort hún hefði tapað miklu. Hann kvað það hafa verið lítið eitt af höfuðstólnum, en auðvitað allar rentur. Þarna sjer maður það. Svo hef jeg fundið þess nýtt dæmi, og hef rekið mig á það í dómasafninu 1888. Það var felldur dómur í landsyfirrjettinum, þar sem úrskurður skiptaráðandans í Gullbringu- og Kjósarsýslu var dæmdur rjettur, að Tómas nokkur Sigurðsson yrði að tapa 297 kr. 33 au. auk vaxta í 14 ár, sem er á 3. hundrað kr. að eins af skuldinni eða þessu, sem hann tapaði. En búið veit jeg ekki hvað var stórt, en hann mun hafa fengið nokkuð af arfinum úr búinu, og má því geta til, að rentutapið hafi numið nokkrum hundruðum króna. Þetta hefur tapazt fyrir þá skuld, að annaðhvort hefur skiptaráðandinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu ekki álitið það skyldu sína, að líta eptir, að veðrjetti í búinu væri þinglýst samkvæmt 7.

gr. í tilsk. 18. febr. 1847 stafl. b, eða að honum hefur gleymzt að gjöra það, því að hann hafi látið það ógjört móti betri vitund, dettur mjer alls ekki í hug að ætla. Og þá sjer maður það, að komið getur fyrir, að yfirfjárráðendur gleymi þess háttar, þegar þeir hafa á annað borð sleppt því frá sjer eða gjört einhvern þann samning, sem losar þá við alla umhugsan um fjeð. Reyndar var þar enginn samningur, en þetta og margt fleira sannar, að tilsk. frá 1847 hefur reynzt erfið viðfangs fyrir sýslumenn, eins og h. varaforseti (L. E. Svbj.) sagði við 1. umr. þessa máls, og að nauðsynlegt er að breyta henni, svo að hún verði þeim ekki eins erfið hjer eptir. Jeg tek það aptur fram, að mjer kemur ekki til hugar að ætla, að yfirfjárráðandi hafi hjer vanrækt skyldu sína vísvitandi eða móti betri vitund í þessu efni, en annaðhvort hefur hann ekki álitið það skyldu sína — og þá er tilsk. frá 1847 ófullkomin — eða honum hefur gleymzt það, og er það þá líka að kenna tilskipuninni. Það eiga að vera þau ákvæði í henni, sem minni skiptaráðendur á skyldur þeirra. Annars skal jeg ekki dæma um, hvað hefur verið tilskipuninni og hvað yfirfjárráðanda að kenna. En mjer er nær að ætla, að það hafi verið allt tilskipuninni að kenna. Jeg veit, að h. varaforseti (L. E. Svbj.) hefur gott álit á hvorttveggju, bæði á tilsk. og eins á því, sem fram fór í Gullbringu- og Kjósarsýslu á árunum 1874—1878, og jeg viðurkenni að hvorttveggja hefur sína kosti, yfirvaldið og tilskipunin, en jeg hygg, að tilsk. hafi einnig marga ókosti og að skiptaráðandi, langt í frá, jafnist við tilsk. í því efni.

Jeg ímynda mjer, að ástæðurnar til þess, að vanræksla á sjer svo opt stað í þessu efni, sje bæði, að tilsk. sje ekki fullkomin, og eins að eptirlit sje ekki svo nákvæmt og yfirgripsmikið sem þyrfti.

Jeg vona, að h. þingd. sýni frumv. þá velvild, að lofa því að komast út úr deildinni við þessa 3. umr. Sjerstaklega vonast jeg til af mínum kæra sessunaut til hægri (Þ. B.) sem góðum dreng og mannrjettindamanni, að hann unni svo mannrjettindum munaðarleysingjanna, að hann greiði atkv. með frumv.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. við 1. gr. (C. 357) samþ. með 10 atkv.; 2. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 10 atkv.; 3. breyt.till. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 4. breyt.till. við 3. gr. samþ. með 10 atkv.; 5. breyt.till. við 6. gr. samþ. með 10 atkv.; 6. breyt.till. við 7. gr. samþ. í e. hlj.; 7. breyt.till. við sömu grein samþ. í e. hlj.; 8. breyt.till. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 9. breyt.till. við 8. gr. samþ. án atkvæðagr.; 10. breyt.till. við 10. gr. samþ. í e. hlj.; 11. breyt.till. við 11. gr. samþ. í e. hlj.; 12. breyt.till. við sömu gr. samþ. með 10 atkv.; 13. breyt.till. við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 14. breyt.till. við 12. gr. samþ. með 10 atkv.; 15. breyt.till. við 13. gr. samþ. í e. hlj.; 16. breyt.till, við 14. gr. samþ. í e. hlj.; 17. breyt.till. við 15. gr. samþ. í e. hlj.; 18. breyt.till. við 16. gr. samþ. með 10 atkv.; 19. breyt.till. við 17. gr. samþ. í. e. hlj. Breyt.till. (C. 366) samþ. með 9 atkv.; 20. breyt.till. (C. 357) við 19. gr. samþ. án atkvæðagr.; 21. breyt.till. við 20. gr. samþ. í e. hlj. Frumv. þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 3 og afgreitt til Nd.

Þrítugasti og þriðji fundur, fimmtudag 10. ágúst. Allir á fundi.

Forseti: Með því hinn lögskipaði þingtími bráðum er á enda, og mörg mikilsverð mál eru ennþá óútkljáð, þar á meðal fjárlögin, leyfi jeg mjer að snúa mjer til hæstv. landsh. með þeirri ósk, að hann, samkvæmt allra hæsta umboði, vilji leyfa, að þingtíminn verði lengdur.

Landshöfðingi: Jeg skal skýra frá því, að jeg hef þegar lýst yfir því í h.

Nd., að jeg samkvæmt allra hæsta umboði í konungsbrjefi 26. maí þ. á. hefi samþykkt, að þingtíminn verði lengdur um hálfan mánuð, það er að segja til 25. ágúst, að þeim degi meðtöldum.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 350, 371, 383); 2. umr.

Landshöfðingi: Eins og mönnum mun kunnugt um, þá hefur h. Nd. sett nefnd til að íhuga verzlunarmál landsins. Það hefði því legið næst, að þessi h. nefnd hefði komið fram með þetta frumv., ef hún hefði álitið það æskilegt.

Við umræðurnar í Nd., var það einn h. þm., er meðal annara drap á ýms þau atriði, er koma ættu til íhugunar í verzlunarmálanefndinni, og þar á meðal þetta mál, af því að það hefur verið borið svo opt upp áður hjer á þingi, og gat þess, hversu margir annmarkar væru á því að skylda kaupmenn til að hafa fasta búsetu hjer á landi, því eins og öll bönd á verzluninni væru í raun og veru skaðleg, væri þetta ekki síður. Þannig fórust þm. orð, og allt útlit er fyrir, að nefndin hafi verið á sama máli, því ekki hefur hún komið fram með neitt frumv. í þessa átt. Annars skal jeg geta þess, að frumv. þetta hefur opt komið fram áður á þingi, en ávallt verið felldt, af þeirri ástæðu, að þetta bann hefur þótt óeðlilegt hapt, og ekki til að bæta verzlunina. Jeg hef áður tekið það fram, er mál þetta hefur verið hjer á þingi, að það mun vera óvenjulegt, að minnsta kosti í öllum stærri verzlunarlöndum, að banna öðrum en þeim, sem eru búsettir í landinu, að reka þar verzlun. Að vísu er það svo í Danmörku, að fastakaupmenn þar verða að hafa rjett innborinna manna, en það er nokkuð annað, en að vera búsettur. Það er t. d. heimilt öllum Íslendingum að reka þar fasta verzlun, þó þeir sjeu búsettir á Íslandi. Það, sem mælir mest á móti þessu frumv. er, að það verður til þess að einoka verzlunina einkum í smákaupstöðum, þar sem ekki er nema einn kaupmaður. Frumv. hittir ekki einungis fastakaupmennina, heldur gjörir það lausakaupmönnum nálega ómögulegt að reka verzlun hjer við land, því þeir eru eins og menn vita allir eða svo sem allir útlendingar. Að vísu hefur komið fram breyt.till. um að fella burtu þau ákvæði, að þeim ekki skuli vera leyft að verzla fyrir minna en 200 kr., en þá verður aptur sá agnúi á, að hlynnt verður svo mjög að þeim í samanburði við fastakaupmennina, en það virðist vera mjög ósanngjarnt, þar sem föstu verzlanirnar borga öll gjöld til almennra þarfa, en lausakaupmennirnir aptur á móti ekkert.

Annars þekki jeg ekki nokkurt frv., er hægra sje að fara í kringum en þetta, bæði hvað búsetuna snertir, og eins þegar um fleiri hluttakendur í sömu verzlun, eða sem á útlendu máli er kallað „firma“, er að ræða. Frumv. má teygja svo á allar lundir, að það mundi ákaflega erfitt, ef ekki með öllu ómögulegt fyrir hið opinbera, að sjá um, að ekki verði farið í kring um ákvæði þess. Það vita allir, hversu hægt það er fyrir kaupmenn, að láta faktora sína eiga einhvern lítinn hluta í verzlununum, og meðan því að engin ákvæði eru í frumv. um það, þegar fleiri eru eigendur að sömu verzlun, en lögin verða að skiljast á vægara veginn, þegar vafi er um skilning þeirra, þá hlýtur það að vera nægilegt, ef einn af eigendunum er búsettur hjer á landi, án tillits til þess, hversu mikill hluti hans er. Hvað orðið „búsettur“ snertir, þá höfum við þegar reynsluna fyrir okkur um það, hvernig það hefur verið teygt, og sjerstaklega held jeg h. þm. Ísf. (S. St.) hljóti að vera kunnugt um það.

Enn er einn galli á frumv., og það er, að það vantar öll ákvæði um „kommissioneraverzlun“. Þurfa þeir að vera búsettir eða ekki? Það er ómögulegt að sjá. Það

er talað um fastakaupmenn og lausakaupmenn, en um kommisions-verzlun er ekki talað eitt orð. Þetta hefur mikla þýðingu viðvíkjandi kaupfjelögunum. Jeg verð nú eins og áður að halda því fram, að það sje svo langt frá því, að þetta frv. verði til framfara fyrir verzlunina, að það er þvert á móti til mikilla apturfara fyrir hana, og eigi að breyta nokkru í þessa átt, þá ætti fremur að rýmka um þau skilyrði, er mönnum eru sett til að reka hjer fasta verzlun, þannig að leyfi það, sem mönnum úr Danmörku er gefið með opnu brjefi 1. júní 1792, til að reka hjer verzlun með faktórum, einnig væri látið ná til annara þjóða.

Einar Ásmundsson: Jeg og tveir aðrir h. þm. höfum leyft okkur að koma fram með breytingartillögu í þá stefnu, að nema burtu síðari hluta 1. gr. Efnið í þessum síðari hluta er nokkuð annað, en um búsetu fastakaupmanna. Það lýtur sem sje að því, að gjöra lausakaupmönnum harla erfitt eða ómögulegt að verzla við bændur; að vísu geta þeir verzlað með þessu frelsi, sem frv. lætur þá hafa við stærri fastakaupmenn eða kaupfjelög. Nú er, eins og menn vita, allur þorri kaupmanna, er reka fastaverzlun hjer á landi, búsettir í öðrum löndum, og mjög mörg ár hlytu að líða, áður en allir kaupmenn landsins yrðu búsettir innanlands, þó frv. þetta yrði að lögum. Þannig hlytu að líða langir tímar, þangað til lög þessi næðu tilgangi sínum, að því er fastakaupmennina snertir. En hvað lausakaupmönnunum viðvíkur, næðu þau undir eins gildi, þegar búið væri að staðfesta þau. Eptir það mættu þeir ekki verzla nema í stórkaupum, það er að segja, þeir mættu enga vörutegund selja fyrir minna en 200 kr. í einu. Ef bændur þyrftu að fá sjer eitthvað smávegis hjá lausakaupmanni t. d. eldspítur, þá mætti ekki kaupa af þeim fyrir minna en 200 kr. Ef einhvern vantaði saumnálar, fingurbjargir eða títuprjóna, þá væri bannað að kaupa þetta hjá lausakaupmanni nema keypt væri af hverri tegundinni sjer í lagi fyrir 200 kr. Eins og okkar verzlun er háttað, þá yrði þetta fyrirkomulag mjög bagalegt fyrir bændur og þeim einatt til tjóns. Við flutningsmenn þessarar breytingartillögu, sem hjer ræðir um, höfum því reynt að bæta úr þessu, með því okkur þótti þetta ákvæði ofsnemma uppborið og gjöra bændum ómögulegt að verzla við lausakaupmenn, sem þeim kemur þó mjög vel á mörgum stöðum, einkum þar sem eru löggiltar hafnir en engin föst verzlun, eins og víða á sjer stað. Jeg er sannfærður um, að ef þessi síðari hluti 1. gr. yrði að lögum, þá mundi hann verða bændum sumstaðar á landinu til hins mesta baga. Hjá okkur hagar svo til, að bændur hafa ekki tíma til, þó útlendur lausakaupmaður, t. d. norskur timbursali, komi um heyskapartímann, að ganga í fjelög til að verzla við hann í stórkaupum, þannig að af engri sjerstakri tegund sje keypt fyrir minna en 200 kr. Bændur verða þá að hlaupa frá orfinu hver í sínu lagi, til að fá sjer það, sem hvern þeirra vanhagar um, eða missa af kaupunum. Jeg er sannfærður um, að þjóðin mundi verða mjög óánægð með þessi lög, og það með rjettu. Öðru máli væri ef til vill að gegna síðar, þegar lögin um búsetu fastakaupmanna hafa gilt lengi og komið því til vegar, að allir kaupmenn væru orðnir búsettir hjer. Einkum eru þessi ákvæði bagaleg, hvað timburkaup bænda snertir. Eins og menn vita, þá eiga Norðmenn einna stærstan verzlunarflota eptir tiltölu við fólksfjöldann í sínu landi. Þeir eiga meðal annars mikinn fjölda af smáum seglskipum og hafa opt lítið með þau að gjöra annað en senda þau í ýmsar áttir með timburfarma. Í Noregi eru miklir skógar og þar fæst mikill trjáviður til útflutnings, eins og kunnugt er; en vjer nágrannaþjóð þeirra og frændur erum í sífeldum timburskorti hjer í þessu skóglausa landi, eins og öllum er

líka fullkunnugt. Þessir Norðmenn koma hingað þegar minnst varir sem fuglinn fljúgandi, einatt um þann tíma árs. þegar mest er annríkið hjá bændum. Ef þeir nú ættu að bíða eptir því, að bændur slægju sjer saman í fjelög, mundi það taka svo langan tíma, að endirinn yrði sá, að þeir gætu ekki beðið eptir því, að bændur sameinuðu sig í fjelög til stórkaupa, og ljetu svo fastakaupmennina heldur fá timbrið, en bændur yrðu svo aptur að kaupa það af þeim sjálfsagt 20% dýrara eða meir. Jeg held þetta gæti með rjettu orðið talinn ekki svo ljettur skattur á bændum. Það eru ennfremur víða miklir erfiðleikar á að sækja langt til kaupstaðar þungavörur og ekki sízt trjávið, og miklu hægra og kostnaðarminna fyrir bændurna, að geta fengið slíkar nauðsynjavörur sem næst sjer, og það hygg jeg eina af aðalástæðunum til, að fjölgað hefur verið löggiltum höfnum, svo mjög, sem gjört hefur verið hin síðari ár, því á þeim og ekki annarsstaðar mega lausakaupmenn verzla. Jeg verð þess vegna, þó jeg sje því hlynntur að neyta eigi allra ráða til að draga verzlunina inn í landið sjálft, að vera mótfallinn þeirri takmörkun á verzlun lausakaupmanna, sem hjer er farið fram á.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Hæstv. landsh. byrjaði ræðu sína á því, að skýra frá nefnd þeirri, er kosin hefur verið í Nd. til að íhuga verzlunarmál landsins, og að undarlegt væri, að hún hefði ekki komið fram með þetta frv. Jeg gjörði raunar grein fyrir við 1. umr., hvernig á því stæði, að jeg bæri frv. þetta upp hjer í deildinni, en hæstv. landsh. mun þá ekki hafa verið viðstaddur. Einn af nefndarmönnum verzlunarmálanefndarinnar kom fyrir nokkrum dögum til mín og hjet á mig að flytja þetta mál, þar eð nefndin hefði ekki tíma til þess, og jeg skal játa það, að jeg tók það fúslega að mjer, því það er ekki í fyrsta skipti, sem jeg hef haft með það að gjöra. Það var því alls ekki af því, að nefndin álíti frv. þetta óþarft, að hún ekki kom sjálf fram með það, heldur að eins af tímaleysi. Mjer kom það alls ekki á óvart, þó hæstv. landsh. væri móti þessu frv., við höfum áður átt orðakast um það. Mjer er það fyrir mestu, að verzlunin verði innlend, að innlend kaupmannastjett geti blómgazt í landinu sjálfu og stutt að framförum landsins, því eins og mönnum er kunnugt um, er hún í flestum löndum forkólfur allra verklegra og vísindalegra fyrirtækja, eins og eðlilegt er, þar sem það vanalega er sú stjett, er hefur mest peningaráðin. Það er rjett, að innlendum kaupmönnum hefur fjölgað mikið hin síðustu ár, og af því mætti kannske draga þá ályktun, að frv. þetta væri með öllu ekki nauðsynlegt, en það má eins vel segja, að þessi fjölgun mæli með frumvarpinu, og að hún sje þess ljós vottur, að frv. þetta fari í rjetta átt og leggi ekkert óeðlilegt band á verzlunina, heldur sje að eins til að flýta fyrir því, að kaupmannastjettin verði innlend, því að ef það væri skaðlegt fyrir kaupmenn að vera hjer búsettir, þá mundi kaupmönnum, er búsetu hafa hjer á landi, ekki fjölga, heldur fækka. Jeg get því ekki lagt neina áherzlu á þau mótmæli, að þetta leggi nokkurt óeðlilegt hapt á verzlunina.

Ef það kæmi fram, þegar menn bæru saman innlenda kaupmenn við útlenda kaupmenn, að þessir síðarnefndu gæfu mönnum nokkuð betri prísa, þá skal jeg játa, að öðru máli væri að gegna. En jeg þekki eigi þennan verðmun. Ef þeir ljetu þjóðina njóta þess, að þeir hafa betra af því að hafa búsetu erlendis, væri nokkuð annað. En jeg veit ekki til, að þetta hafi enn þá komið fram, og sje því eigi, að það sje neinn hagnaður fyrir landið, að kaupmenn sjeu búsettir erlendis. Jeg veit dæmi til þess, að verzlun sumra kaupmanna, sem dvalið hafa mörg ár hjer á landi, hefur einmitt versnað, eptir að þeir hafa flutt bústað sinn til útlanda, og er þetta

eðlilegt, því að þá vex kostnaður sá, sem verzlunin verður að bera, og jeg held flestir sjeu ásáttir um, að þessi faktora-verzlun er mjög dýr. Jeg ímynda mjer, að sá kostnaður verði ekki hæglega tölum talinn, ef allt væri nákvæmlega athugað.

Jeg skal taka það fram, eins og við 1. umr., að það alls ekki er meining þessa frv. að binda menn svo, að þeir fái ekki að fara erlendis, þegar þeir vilja, enda væri það ekki hægt, heldur að eins, að þeir hafi aðalbækistöðu sína hjer. Við að hafa faktora bætist við allmikill kostnaður, sem verður að leggjast á vörurnar og þó kaupmenn kunni að hafa einhvern hagnað af að sitja í útlöndum, þá mun sá hagnaður allur vinnast upp án þess að verða að nokkru leyti notagjald viðskiptamanna þessarra útlendu kaupmanna. Jeg veit þess allmörg dæmi, að fátækir innlendir kaupmenn opt hafa gefið betra verð en þessir útlendu „grosserar", enda er það ekki að furða, þar sem þeir sitja í útlöndum og eyða þar verzlunararðinum í vellystingum og dýrðlegum fagnaði. Það fer því fjarri því, að hagnaðurinn af erlendu búsetunni sje landinu eða þjóðinni að nokkrum notum; sje hann nokkur, þá rennur hann fyrst og fremst út úr landinu og þar í vasa kaupmannanna sjálfra.

Hæstv. landsh. tók fram, að í hinum stærri verzlunarlöndum væru að minnsta kosti ekki nein bönd á verzluninni. Jeg tók það fram við fyrstu umr., — hæstv. landsh. var raunar ekki til staðar, — að nágrannalöndum okkar, bæði Noregi, Svíþjóð og Danmörku, hefði fundizt full ástæða til að binda verzlunina líkum skilyrðum og frv. þetta fer fram á, og ekki látið sjer lynda, að menn úr öðrum löndum hefðu þar að eins í seli, og færu svo heim til sín aptur til að eyða þar öllum verzlunargróðanum. Jeg skal ekki fara að telja upp aptur þau lagaboð, er jeg þá nefndi þessu til sönnunar, því jeg veit, að hæstv. landsh. eru þau eins kunn eins og mjer. H. landsh. tók það fram, að ákvæði frv. um lausakaupmennina myndi verða til þess að koma á einokun í smákaupstöðum, þar eð lausakaupmönnum yrði ómögulegt að verzla hjer; jeg skal svara hæstv. landsh. og h. sessunaut mínum (E. Á.) því, að það er ekki nema eðlilegt, þótt lausakaupmenn hafi ekki sömu rjettindi sem fastakaupmenn. Annars skal jeg fúslega játa, að ummæli þeirra lausakaupmönnum viðvíkjandi hefðu við töluverð rök að styðjast, ef því væri þannig háttað, að mikið væri um þessa lausakaupaverzlun; en það er ekki svo; lausakaupmenn eru alveg hættir að koma hingað, nema timbursalar frá Noregi, og um þá er mjer það kunnugt, að það er eingöngu skaði að kaupa af þeim í smákaupum, því eins og kunnugt er, þá eru Norðmenn kaupmenn miklir, og optast mun mönnum, er í smákaupum verzla við þá, verða þau kaup eins dýr eða dýrari heldur en hjá kaupmönnum. Aptur á móti geta menn haft stóran hag af því, ef þeir slá sjer saman og kaupa í fjelagi. Þetta er mjer persónulega kunnugt, af því að til Ísafjarðardjúps koma Norðmenn árlega með timbur, og þar veit jeg, að menn eru alveg hættir að kaupa af þeim í smákaupum, heldur slá sjer saman þetta 5 eða 6 bændur og kaupa fyrir fleiri hundruð krónur í senn, jafnvel þúsund krónur, eptir því sem á stendur, og komast með þessu móti opt að góðum kaupum.

Jeg játa það fúslega, að það gæti verið bændum til mikils gagns, ef lausakaupmenn væru hjer margir árlega, en eins og jeg tók fram, þá eru þeir alveg hættir að koma; við allt Norðurland munu á hverju ári koma eitthvað 1 eða 2. Það er allt og sumt. Og þó það að sumu leyti geti orðið landsmönnum að gagni að hlynna að lausakaupmönnum, þá held jeg öllum geti skilizt, að ekki sje rjett að veita

þeim sömu rjettindi sem fastakaupmönnum.

Hæstv. landsh. tók fram sem galla á þessu frv., að öll ákvæði vanti um „kommissionera“. Já, jeg skal játa, að þessi ákvæði vantar algjörlega; en jeg tel það liggja alveg fyrir utan frv. og ímynda mjer, að engum detti í hug að fara að skylda þá til að vera búsetta hjer.

Hæstv. landsh. mun sjerstaklega hafa haft í huga, eptir því sem mjer skilst, „kommissionera“ kaupfjelaganna, en þeir eru engir kaupmenn, og því ekki að tala um, að þessi ákvæði nái til þeirra, enda er allt öðru máli að gegna um þá, þó þeir fái 2% fyrir ómak sitt, að minnsta kosti hafa þeir ekki meir í orði kveðnu, eða kaupmenn, er sitja erlendis og eyða þar arði þeim, er þeir hafa safnað hjer. Jeg held að það naumast verði kallaður kaupskapur eða kaupmannastjett, og hvort heldur sem talað er um, þá held jeg að það ekki geti átt við þá.

Hæstv. landsh. tók ennfremur fram, að svo hægt væri að fara í kring um þessi lög. Jeg skal ekki deila lengi um það, því jeg er ekki fær til þess, en jeg skyldi vera honum mjög þakklátur, ef hann vildi benda á eitthvað til að gjöra þau glöggari. Annars mun það vera orðið „búseta“, sem hjer er átt við, og skal jeg þá geta þess, að jeg hef átt tal við lögfræðing og hann talið það alveg ótvírætt, og það er einmitt að hans áeggjan, að jeg hef fellt burtu þessi orð: „dúk og disk“, sem jeg hafði tekið upp úr opnu brjefi frá 1. júní 1792 og setti þetta orð í staðinn.

Hvað því viðvíkur, að kaupmenn geti látið verzlanir sínar ganga undir nafni faktorsins, með því að láta hann eiga einhvern part í þeim, t. d. $^1/_{20}$ part, þá álít jeg það ekki dómstólunum ofvaxið að skera úr því, enda ekki mikil hætta á því, því bæði hygg jeg, að útlendingum þyki það varhugavert að leggja út í það, að afsala eigur sínar í hendur öðrum mönnum, og eins stórfje, sem þeir yrðu að borga í sektir samkvæmt 3. gr., ef slíkt kæmist upp. Jeg verð því að halda því fram, að frv. þetta sje ekkert óeðlilegt hapt, heldur að eins til að flýta fyrir, að verzlunin komist í það horf, sem æskilegt er, og sem hún óneitanlega smátt og smátt er að færast í, og jeg er sannfærður um, að það getur aldrei orðið til óhagræðis eða gjört neinum, hvorki innlendum eða útlendum kaupmanni, skaða, en er þjóðinni til ómetanlegs hagnaðar.

Eins og jeg tók fram við 1. umræðu, hafa margir borið samgönguleysið fyrir, og að kaupmönnum væri því svo bagalegt að vera hjer, en því þarf nú eigi um að kenna jafnt sem áður; samgöngurnar færast óðum í betra horf, að vjer vonum, og eptir því kemst verzlunin líka í betra horf, jeg tek nú ekki til, ef oss auðnaðist að fá hingað frjettaþráð. Þá væri sannarlega ekki hægt að vorkenna kaupmönnum að vera hjer búsettir.

Einhverjir góðir menn kunna að lokum að sjá aumur á okkur og veita okkur liðsinni sitt, svo vjer getum fengið hingað frjettaþráð, er landi voru gæti komið að svo ómetanlegu gagni. Jeg vona og óska, að h. d. lofi frv. þessu fram að ganga til 3. umræðu, þó það ekki hafi verið svo heppið að öðlast meðmæli hæstv. landsh., en jeg skal enþá jafnframt geta þess, að jeg tek mjög þakklátlega á móti breytingum, hvort sem þær koma frá hæstv. landsh. eða öðrum.

Jón A. Hjaltalín: Jeg hef allt af álitið það mikið hnoss, eins og h. flutningsm. (S. St.) að Íslendingar fengu frelsi í verzlun sinni, fyrst fyrir aldamótin og svo 1854, er verzlunin var gefin laus við alla þegna Danakonungs, og líka hefur þetta frelsi borið allmikinn árangur. Jeg get tekið undir með hæstv. landsh., að jeg vil engin bönd eða höpt hafa á verzluninni, og að einmitt fyrir það, að höptin hafa

verið afnumin, hefur verzluninni fleygt áfram og borið þann árangur, sem í ljós hefur komið. Jeg vil, að hver megi fá að verzla eins og honum er haganlegast, án þess að lögin hindri hann hið minnsta. Jeg kann illa við, og sje ekki annað en það gjöri illt eitt, að reyna nú, 40 árum eptir að verzlunin var gefin laus, að binda verzlunina á öðrum enda og *skipa* kaupmönnum að vera búsettir hjer á landi. Áður en landið komst undir konung gátu menn þó verzlað við kaupmenn og þótti ekki illt, þó að þeir væru ekki búsettir hjer á landi.

H. flutningsmaður, (S. St.) gat þess, að þetta væri líka að færast í lag og innlendum kaupmönnum væri að fjölga, og mundu þeir smátt og smátt sjá hag við það að setjast að hjer og vera ekki búsettir í öðrum löndum. Það er alveg rjett og það er hin eðlilega rás þessa máls, að það komist í hið eptirræskta horf, *án þess* að lög þurfi, sem *skipi og neyði*, og það því fremur sem búast má við, að samgöngur hjer fari heldur batnandi en versnandi.

En h. flutningsmanni (S. St.) hefur víst ekki komið annað til hugar, að það er annað ráð til og mönnum innan handar að verða af með þessa „selstöðuverzlun“ hjer. Hví hætta menn ekki að verzla við þessa útlendu kaupmenn og eiga eingöngu við þá innlendu? Þá væru þeir úr sögunni, án þess að nokkur lög þyrfti með. og það er hinn eðlilegi gangur verzlunarinnar. En jeg verð að segja það, að hinir erlendis búsettu kaupmenn hafa ekki gjört lítið gagn, því að þeir hafa vakið landsmenn til að verzla sjálfir; þeir hafa vakið upp pöntunarfjelögin, af því að menn hafa verið óánægðir með þá. Hví verzla menn þá ekki sem minnst við þessa „selstöðukaupmenn?“ Jeg segi fyrir mig, jeg er alveg hættur að verzla við þá, því að jeg hef ekki þótzt hafa gagn af þeim. Það er öllum innanhandar og þá fengist eðlilegar það, sem vjer allir viljum að yrði, án þess að nokkur þvingun eigi sjer stað. Jeg skal taka það fram, að hinn lofsverði tilgangur h. flutningsmanns næst ekki, þó að þetta frv. verði að lögum, nl. að hepta arðinn af verzluninni hjer í landinu sjálfu. Jeg veit ekki, hvort hann hefur hugsað um það, að hægt er að reka peningana úr landi en ekki hepta þá í landi með lögum. Kaupmenn geta vel verzlað í fjelagi við einhvern, hvort sem hann á lítið eða mikið í verzluninni. *Co*-ið getur vel átt miklu meira í verzluninni en sá sem gefið hefur henni nafn sitt. Engin lög geta hindrað, að kaupmaður flytji hjeðan með konu og börn og allan sinn auð og eyði honum ytra, þó að hann að nafninu til eigi heimili hjer á landi. Engin lög geta hindrað það, að kaupmaður setji ekki arðinn af verzlun sinni hjer í einhverjar arðsamar stofnanir eða arðsöm fyrirtæki erlendis. Menn hljóta að sjá, ef menn skoða þetta rækilega, að ómögulegt er að ná þeim tilgangi, sem h. flutningsmaður (S. St.) og við allir viljum ná *með lagaboði*. Jeg hef jafnan verið á móti þessu frv., er það hefur verið borið fram hjer á þingi og svo mun jeg enn vera.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að minnast á fáein atriði í ræðu h. flutningsmanns (S. St.). Hann gat þess, að það væri stefna tímanna nú, að verzlun innlend væri að aukast og innlendum kaupmönnum að fjölga, og þá þeim erlendu kaupmönnum líklega að fækka. Hvaðan hann hefur það, veit jeg ekki; en jeg þekki það ekki. Þvert á mót! Á suðurlandi hefur verið svo mikil pest í íslenzkum innlendum kaupmönnum síðari árin, að þeir hafa hrunið niður hver um annan þveran; hvort sem maður lítur í Reykjavík eða hjer í kring, þá mun það koma í ljós, að þeim hefur mikið fækkað síðari árin. Það sýnist ekki bera vott um það, að svo hægt sje að framkvæma það með

lagaboði, að kaupmenn sjeu búsettir hjer, þegar það sýnir sig,* að þeir einir hrynja svo niður, og verzlun þeirra getur ekki þrifizt.

H. flutningsmaður (S. St.) sagði, að menn fengju ekki betri kjör hjá erlendu kaupmönnunum en þeim, sem hjer eru búsettir. Aðra reynslu hef jeg í þeim þeim efnum. Það er opt í Reykjavík, að menn einmitt fá betri kjör hjá erlendu kaupmönnunum en hinum. Margir af hinum innlendu kaupmönnum verzla að eins með fáar vörutegundir; í Reykjavík veit jeg, að þeir verzla að eins með kramvöru, sem góðir prísar eru á og sem þeir taka fyrir peninga út í hönd, en hafa ekki nauðsynjavöru, af því að þeir geta ekki grætt neitt á henni en geta nurlað á kramvörunni.

Ennfremur sagði h. flutningsm. (S. St.), að þeir útlendu gætu ekki gefið eins góða prísa og hinir innlendu, af því að þá kostaði svo mikið að hafa faktorana hjer. En jeg hef þá skoðun, að kostnaður sá, sem innlendir kaupmenn hafa við það að hafa „kommisionera“ erlendis sje miklu meiri en kostnaður sá, sem leiðir af faktorunum fyrir þá útlendu. Það er til máltæki, sem segir: „sjálfs er höndin hollust“, og það er munur fyrir kaupmenn að geta sjálfir selt sínar vörur og gjört innkaup sín á mörkuðunum erlendis, heldur en að hafa „kommissionera“ til þess, því að ekki má trúa eins vel öðrum og sjálfum sjer.

Það er því eðlilegt, að þeir, sem kaupa sjálfir sínar vörur erlendis, fái betri kaup og geti því gefið betra verð heldur en sá, sem er búsettur hjer og lætur aðra framkvæma allt fyrir sig. Enda er sú raunin á, að hjer fæst opt betra verð hjá hinum erlendu kaupmönnum en þeim innlendu.

Hvað kemur til, að þegar íslenzkir kaupmenn eru komnir nokkurn veginn í álnir og eru farnir að færa út kvíarnar, að þeir flytja þá undir eins af landi brott? Mundu þeir gjöra það, ef þeir ekki álitu sig betur setta erlendis til að kaupa vörur sínar og selja en hjer.

Þá sagði h. flutningsm. (Sig. St.), að vörurnar gengju í gegnum fleiri hendur hjá hinum erlendu kaupmönnum en hjá þeim, sem hjer eru búsettir. Jeg kannast ekki við það. Þvert á mót finnst mjer, að vörurnar gangi í gegnum fleiri hendur hjá hinum innlendu en hinum erlendu kaupmönnum. Hinir erlendu kaupmenn þurfa enga „kommissionera“, en hinir innlendu þar á móti þurfa þess. Það er ekki hægt að segja, að vörurnar gangi fyrst gegnum hendur kaupmannsins og svo faktoranna, því að það eru sömu hendurnar. H. flutningsm. (S. St.) hristir höfuðið, en jeg skil ekki, hvað hann fer. Faktorarnir eru þó að eins þjónar kaupmannanna hjer og gjöra ekki annað en það, sem fyrir þá er lagt; þeir geta hvorki lagt á eða dregið af verðinu; þeir ráða því ekki. Það er þá einhver önnur verzlunaraðferð höfð við Djúpið, sem ekki er þekkt hjer.

Jeg get skírskotað til þess, sem h. 5. kgk. (J. A. Hj.) tók fram, að það væri óeðlilegt, að ætla sjer að ná þeim tilgangi, sem frv. stefnir að, með lagaboði. Það er ekki til þess að hugsa, að skylda menn með lögum til að eyða því hjer í landi, sem þeir hafa grætt hjer eða styðja með því fyrirtæki. Jeg þekki heldur ekki, að innlendir kaupmenn hafi sýnt hjer nokkurn höfðingsskap með því að styrkja nytsamar stofnanir. Þar á móti þekki jeg útlenda kaupmenn, sem hafa gjört það t. a. m. stofnað sjóði, sem nú eru landseign; en það er minna um þá frá innlendum kaupmönnum búsettum hjer. Það er eðlilegt líka, þar sem þeim gengur tregar að græða heldur en hinum, af því að allt er erfiðara fyrir þeim hjer. Og ef þeir á annað borð komast í álnir, þá mundi

það koma í ljós, að tilgangurinn næst ekki; þeir mundu hætta að verzla og flytja af landi brott og njóta arðsins af verzlun sinni, þar sem þeir geta haft mesta ánægju af því. Þó að kaupmenn væru skyldaðir til að vera búsettir hjer, þá mundu þeir meðan þeir eru kaupmenn reyna að nurla saman fje, leggja eyri við eyri, þangað til þeir væru orðnir svo efnaðir, að þeir gætu flutt til Kaupmannahafnar eða annað, og lifað þar í „vellystingam praktúglega“, sem h. flutningsm. (S. St.) taldi svo sorglegt við 1. umr. málsins.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson: Það voru að eins fáein atriði í ræðu hæstv. landsh., sem jeg ætlaði að minnast á. — Jeg sagði ekki, að innlendum kaupmönnum hefði fjölgað svo mjög síðustu árin, heldur á tímabilinu síðan 1870, 10 til 20 síðustu árin. Það er að minnsta kosti víst, að síðan 1854, að verzlunin var gefin laus, hefur innlendum kaupmönnum stórkostlega fjölgað. Jeg legg ekki svo mikla áherzlu á það, þó að kaupmenn fari á vissum árum á höfuðið. Það er gömul saga og þessháttar er opt „periodiskt“. Það er ekki einkennilegra fyrir innlenda kaupmenn á Islandi en fyrir kaupmenn í öðrum löndum.

Hæstv. landsh. tók fram, að flestir innlendir kaupmenn verzluðu með kramvöru. Jeg get þó bent honum á innlenda kaupmenn rjett hjá honum, sem verzla minnst með kramvöru. En það er von og eðlilegt, að hinar gömlu útlendu verzlanir beri fyrst um sinn ægishjálm yfir hinni innlendu. Hún þarf að hafa tíma til þess að verða auðug, og það kostar sannarlega langt erfiði, meðan útlenda búsetan er leyfð við hliðina á henni. Hin innlenda verzlun er enn í barndómi. Það má því ekki gjöra svo miklar kröfur til hennar sem þeirra útlendu kaupverzlana, sem orðnar eru gamlar og vellríkar. En það er undarlegt, að þessar stórríku verzlanir gefa ekki almenningi betra verð á varningi sínum en hinar innlendu. Þótt hæstv. landsh. og aðrir skuldlausir peningamenn fái ef til vill betra verð hjá einhverjum einum erlendum kaupmanni hjer í Reykjavík, sem jeg reyndar læt ósagt að sje, þá sannar það ekkert. Þeir ættu að sjá, hvernig það gengur til í kaupstöðum út um landið, hvort betri kjör sjeu þar að fá hjá þessum útlendu herrum en innlendu kaupmönnunum. Það gagnar lítið, þó að embættismannastjettin hjer í Reykjavík kunni að hafa góð kjör hjá kaupmönnum, það er lítill hagur fyrir alla þjóðina. Jeg efa ekki, að hæstv. landsh. fái betra verð hjá þeim; það er eðlilegt, en almenningur fær það ekki, og það er víst það sem mestu skiptir.

Hæstv. landsh. tók það fram, að „sjálfs væri höndin hollust“. Sje það, þegar um það er að ræða, að kaupa og útvega sjer vörur erlendis, þá er það ekki síður, þegar um það er að ræða, að kaupmenn verzli hjer sjálfir með vörur sínar, en sjái ekki með annara augum. Það á hjer við, að ekki er manni vandi að gæta fengins fjár en afla. Jeg hygg, að ráðsmennskan hjer uppi sje opt þannig, að kaupmönnunum sje það betra að vera hjer sjálfir, enda þótt þeir við það kynnu í einstöku tilfellum að sæta lakari innkaupum. En það er álit mitt, að þeir geti vel trúað fulltrúum eða „kommissionerum“ í útlöndum fyrir því að kaupa vörurnar, og það sje ekki svo hætt við, eptir því sem nú hagar til, að þeir verði fjeflettir af þeim, heldur megi öllu fremur gjöra ráð fyrir, að sumir faktorarnir verði þeim engar heillaþúfur, að þeim ólöstuðum.

Það er ekki gagn að því, þó að útlendir kaupmenn *geti* selt varning sinn ódýrar, úr því að þeir gjöra það ekki. Jeg skoða þetta ekki að eins frá sjónarmiði kaupmanna, heldur allra viðskiptamanna þeirra hjer á landi.

Hæstv. landsh. talaði um, að ekki sæjust mörg dæmi þess, að innlendir kaupmenn hefðu sýnt mikinn höfðingsskap. En það er eðlilegt, þar sem þeir eru enn fátækir menn í samanburði við þessa gömlu „matedora“. En það er betra að hafa einn innlendan kaupmann, sem er með í öllu, er þjóðinni horfir til nytsemda, einn duglegan kaupmann, eins og einn hinna innlendu kaupmanna hér í Reykjavík, sem styður með dugnaði sínum og fjárafla annan aðalatvinnuveg landsins, heldur en mörg útlend verzlunarhús, enda þótt eigendur þeirra kunni einu sinni á öld að sletta nokkrum hundruðum krónum í okkur. Hve margir af hinum útlendu „grósserum“, sem verzla hjer á landi, eru eins nýtir íslenzkir borgarar og þessi eini innlendi kaupmaður, sem þó má heita nýgræðingur í samanburði við þá? *(Landsh.:* Ásgeir Ásgeirsson). Já, hvar lendir ágóðinn af hans verzlun? Ekki á Íslandi, heldur í Kaupmannahöfn.

Hæstv. landsh. tók fram, að þó að frumv. þetta yrði að lögum, þá mundu kaupmenn samt reyna að nurla saman og leggja eyri við eyri, þangað til þeir væru orðnir svo vel efnaðir, að þeir gætu flutt sig til útlanda. Það er auðvitað ómögulegt að sporna við því. En það er betra að hafa þá hjer, meðan þeir verzla hjer, heldur en að þeir hafi hjer í seli allan þann tíma, er þeir vilja auðga sig á oss. Það er betra, segi jeg, að þeir fari hjeðan, eptir að þeir hafa verið hjer í mörg ár innlendir kaupmenn og nýtir borgarar, en að þeir komi hingað aldrei, en hafi oss einungis að fjeþúfu. Þeim verður ekki bannað með lögum að fara þangað, sem þeir ætla, að þeir geti lifað skemmtilegra og rólegra lífi. Þeir hafa þá notið ársins af verzlun sinni *hjer*, meðan þeir ráku hana *hjer*, og það er stórum betra fyrir þjóðina, en að sjá þá ár eptir ár og öld eptir öld raka hjer saman fje, sem þeir eyða svo í útlöndum, en kemur landsmönnum að litlum eða engum notum. Jeg verð að vona, að innlend kaupmannastjett verði hjer sem annarstaðar forkólfur og frömuður margra nytsamra fyrirtækja, og gangi á undan í góðum fjelagsskap og fyrirtækjum til hagsmuna fyrir land og lýð. Slíka verzlunarstjett hefur oss vantað og vantar, meðan verzlunin er mest í höndum útlendra manna, sem reynslan hefur sýnt, að eru allt annað en þjóðræknir Íslendingar.

Það lítur út fyrir, að sumir hugsi, að vjer Íslendingar sjeum öðruvísi en allar aðrar þjóðir; vjer getum ómögulega fengið innlenda kaupmannastjett; vjer erum eins og fæddir undir öðru náttúru- og þjóðarlögmáli en aðrar þjóðir. Það væri langt frá mjer að vilja innlenda kaupmannastjett, ef þar með þyrfti að leggja óeðlilegt hapt á atvinnu þeirra. En það er ekki sýnt, þegar reynslan einmitt ber vott um, að það hefur engin skaðleg áhrif á kaupmannastjettina. Þegar það er sýnt og sannað af reynslunni, að hjer geta verið duglegir innlendir kaupmenn, sem sárfáir hinna erlendu kaupmanna jafnast við að dugnaði og framkvæmdum, landi og þjóð til hagsmuna, og þegar það er auðsætt, að þessir menn geta þrifizt hjer og blómgazt á verzlun sinni, hví má þá ekki reyna að gjöra sem flesta kaupmenn innlenda? *(Jón A. Hjaltalín:* Öll óeðlileg bönd skemma). H. 5. kgk. (J. A. Hj.) getur ekki komið með sönnun fyrir því, að þetta, sem hjer er farið fram á, sje óeðlilegt band. Þá væri svo margt annað, sem manni er gjört að skyldu, óeðlilegt band, t. d. að leysa borgarabrjef til verzlunar og yfir höfuð öll gjöld á verzluninni, og þó mun hver þjóð telja sjer óhætt að leggja slíkar kvaðir á hinar ýmsu stjettir þjóðfjelagsins.

Þorkell Bjarnason: Jeg leyfi mjer að stinga upp á nefnd í þessu máli, þar sem það þarf vandlegrar athugunar við,

og leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ÁTKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 8 atkv. gegn 3.

Sigurður Jensson: H. þm. S. Þing. (E. Á.) hefur talað svo vel fyrir þessari breyt.till. okkar, að jeg hef þar engu við að bæta. En jeg vil einungis gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Mjer þykir það illt, að jeg get ekki fylgt h. sessunaut mínum (S. St.) í þessu máli. Það er ekki af því, að jeg viðurkenni ekki, að tilgangur frumv. er mjög góður; hann er sá, að því er mjer skilst, að tryggja það, að arðurinn af verzluninni haldist sem mest í landinu sjálfu, og styðja að því, að innlend verzlunarstjett komist upp í landinu. En jeg skil það einungis ekki, hvernig þeim tilgangi verður náð með þessu frumv. Það vantar þá að minnsta kosti ákvæði í þetta frumv., sem þyrfti að standa þar. H. flutningsm. (S. St.) hefur talað um það mörgum orðum, hve sorglegt það væri, sem hingað til hefur átt sjer stað, að útlendir kaupmenn hafa haft land vort fyrir fjeþúfu, og svo þegar þeir voru búnir að raka nógu miklu fje saman hjer, flutt sig í elli sinni til útlanda með allan auð sinn til þess að eyða honum þar. Það er jeg hræddur um, að eigi sjer stað eptir sem áður, þó að frv. verði samþykkt. Jeg er hræddur um, að kaupmennirnir smjúgi gegnum þessi lög með allan arðinn til útlanda, til að eyða honum þar, eins og flutningsm. komst að orði í vellystingum praktuglega. Eg finn ekki í þessu frv. nein ákvæði, sem banni kaupmönnum að gjöra það, ef þeir einungis vilja. Þeir mundu sjálfsagt gjöra það, eins eptir sem áður, og það ekki einungis útlendir heldur líka margir íslenzkir kaupmenn, og selja verzlun sína öðrum í hendur. Vjer vitum að nú á dögum eru það ekki að eins kaupmenn, heldur einnig margir aðrir auðmenn, sem fara til útlanda, er þeir hafa auðgazt hjer á landi, og eyða fje sínu þar, því að þeim þykir nú einusinni skemmtilegra og þægilegra að lifa þar. Því verður á engan hátt afstýrt með lögum, eða jeg sje ekki nein ráð til þess.

Hvað það snertir að styrkja að því, að innlend verzlunarstjett komi upp í landinu, þá ætla jeg að frv. þetta verði einnig til lítils gagns í því tilliti. Eða vantar þá ekki í frv. ákvæði um það, að bannað sje að panta vörur beina leið frá útlöndum, bæði fjelögum og einstökum mönnum? Því hvar, eða hjá hverjum kaupmanni lendir arðurinn af þeirri verzlun? Ef það yrði almennt að panta þannig vörur frá útlöndum, sem líklegt er að verði meir og meir eptir því, sem samgöngur milli Íslands og útlanda aukast, og ef það yrði framkvæmt, sem nú er verið að ráðgjöra, að skipaðir verði verzlunarfulltrúar í útlöndum til að greiða fyrir og aðstoða fjelög til að kaupa og selja vörur sínar erlendis þá yrði það að líkindum ekki til þess að styðja innlenda verzlunarstjett í landinu. Jeg hygg, að þó að frv. þetta verði að lögum, geti það ekki náð þeim tilgangi, sem h. flutningsm., (S. St.) ætlast til. Jeg get því ekki verið með að samþykkja það. Jeg legg ekki svo mikla áherzlu á það, að vjer vitum vel, að þessi lög verða ekki staðfest af stjórninni; það skyldi alls ekki halda mjer frá að gefa atkvæði með frv., ef jeg sæi að eitthvað væri unnið með slíkum lögum sem þessum. En jeg vil ekki, að vjer ímyndum oss, að vjer höfum gjört eitthvað til að koma verzluninni í betra horf, með því að gefa út þessi lög, þegar það í rauninni er svo, að vjer höfum alls ekkert gjört verzluninni til gagns.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg held að h. sessunautur minn hafi misskilið ræðu mína. Hann var að tala um, hvernig færi um þá, sem pöntuðu vörur sínar eða pöntunarfjelögin. Jeg held að engum detti í hug að banna það, að menn slái sjer saman og panti vörur sín-

ar í fjelagi; frv. þetta gengur alls ekki í þá átt, að ráðast á það. Hann talaði um, að gróðinn eða arðurinn við þess háttar verzlunarfyrirkomulag færi allur úr landinu, en jeg held einmitt þvert á mót, að hann við það lendi mestur í landinu sjálfu. Umboðsmenn fá að vísu sínar prósentur, en það er ekki mikill hluti af öllum arðinum, sem í landinu lendir við það, að menn fái útlendu vöruna billegri og meira fyrir innlendu vöruna; en allt þetta fyrirkomulag liggur fyrir utan ákvæði þessa frumvarps.

Jeg skal ekki segja neitt um, hverja framtíð kaupfjelögin eða pöntunarfjelögin eigi fyrir höndum, eða hve heppilegt fyrirkomulag á verzluninni það er, en það held jeg, að þau muni miklu fremur fram komin sem neyðarúrræði til þess að losa sig úr fjötrum selstöðuverzlunarinnar dönsku, heldur en af hinu, að þau sjeu hið heppilegasta fyrirkomuleg á verzluninni.

Verzlunarfjelögin hafa að vísu tekið miklum framförum og bótum á síðari árum, en ekki held jeg, að það þurfi að óttast í bráðina, að þau verði miklir keppinautar innlendrar verzlunarstjettar eða innlendu kaupmannanna, og þó svo yrði, mundi ekki verða mikill skaði að því, því að hagnaðurinn af verzluninni lenti eins fyrir það í landinu sjálfu.

Annað atriði hans var það, að tilgangurinn með frumvarpi þessu væri að vísu góður, en hann næðist ekki, en sje hann svo einstaklega góður, þá vil jeg líka að allir styðji að því sem bezt, að þessi góði tilgangur náist.

Annars er það opt vandi manna, þegar þeir eru á móti einhverju máli, að byrja á að tala um hinn góða tilgang, sem aðrir hafi með að koma fram með það.

Þorkell Bjarnason: Mjer þótti það illa farið, að nefnd var ekki sett í þetta mál. Fyrir mitt leyti verð jeg að segja, að jeg er samþykkur því „principi“, sem frumv. hefur, að koma sem mestum arði af verzluninni inn í landið, en mörg gild rök hafa verið færð á móti því, að heppilegt sje að einskorða það, að enginn nema búsettur maður fái að reka hjer verzlun. Jeg held að það mundi heppilegt ákvæði í þessu frv., að sá, sem fasta verzlun rekur hjer, mætti taka útlendan og óbúsettan mann í fjelag við sig, því ef það væri gjört að lögum, að engir nema búsettir menn mættu reka hjer verzlun, þá er hætt við, að þeir kaupmenn hefðu ekki nægilega mikið „kapital“ til að verzla með. Það er alkunnugt, að margir af okkar innlendu kaupmönnum verða opt uppiskroppa á miðjum vetri með nauðsynjavörur og það kemur auðvitað af fátækt, vöntun á „kapítali“. Þess vegna mundi það stór bót, ef í frv. þessu væri það ákvæði, að kaupmenn búsettir hjer mættu eins og jeg sagði áður taka útlenda menn í fjelag með sjer. Það yrði auðvitað að binda þetta einhverjum takmörkum, þannig, að hinn útlendi maður t. d. ætti eigi meira en helming verzlunarinnar. Þetta gæti hjálpað til að stöndug innlend verzlunarstjett kæmist upp með tímanum. Þetta og ýmislegt annað fleira hefði verið heppilegt, að nefnd hefði verið sett til að athuga. Með því nú að það varð ekki og mjer sýnist ýmislegt varhugavert við frumvarp þetta, þá verð jeg að greiða atkvæði móti því.

Sigurður Jensson: Jeg verð að segja hið sama og h. flutningsm. (S. St.) sagði, að jeg skil ekki vel orð hans. Í öðru orðinu segir hann, að vjer þurfum að koma upp hjá oss innlendri verzlunarstjett, og fer mörgum orðum um það, hvað oss sje það nauðsynlegt, þar sem hún muni verða forkólfur og frömuður allra nytsamra fyrirtækja í landinu, en svo í hinu orðinu, þegar hann minnist á kaupfjelögin og pöntunarfjelögin, þá kemur það í ljós, að honum er ekki svo fjarskalega annt um þessa innlendu verzlunarsjett. Jeg held

að ósamkvæmnin millum okkar sje að eins í orði en niðri fyrir sjeum vjer af hjarta samdóma. Við erum líklega alveg samdóma um það, að það sem ríður mest á af öllu, það er að gjöra verzlunina sem frjálsasta, greiða sem bezt fyrir samgöngum milli Íslands og viðskiptalandanna, og leyfa svo hverjum að reka atvinnu sína á þann hátt, sem honum þykir sjer haganlegast. Jeg vona, að h. flutningsm. (S. St.) kannist við þessa meginreglu, því að það er sama reglan, sem hann sjálfur kom með í öðru máli fyrir skömmu, í málinu um leysing vistarbandsins. Eptir því sem samgöngurnar batna, eykst samkeppnin, og það er samkeppnin, sem neyðir kaupmanninn til að haga sjer ekki eingöngu eptir því sem honum sjálfum gott þykir, heldur eptir því, sem viðskiptamönnum hans er fyrir beztu. Jeg álít að það sem viðskiptamönnunum sje fyrir mestu, það sje að fá sem bezt borgaða sína vöru, og svo hitt, að fá útlendu vöruna með sem beztu verði; að öðru leyti má þeim standa á sama, hverrar þjóðar kaupmaðurinn er og hvar hann á heima. Jeg ímynda mjer, að menn ekki vilji vinna það fyrir að verzla sjer sjálfum til skaða við íslenzkan kaupmann fremur en útlendan, einungis af því, að þeir heldur mega eiga von á því, að hinn íslenzki kaupmaður eyði nokkru meira af gróða sínum hjer á landi, kannske til einhverra þarflegra hluta og kannske líka í einhvern óþarfa. Menn mundu víst ekki vilja leggja á sig skatt til þess að koma á fót innlendri verzlunarstjett. En ef verzlunin yrði dýrari fyrir landsmenn, með því að skylda kaupmenn til að vera hjer búsettir, þá kalla jeg að vjer leggjum á oss skatt til að koma upp innlendri verzlunarstjett; geti þar á móti hjerlendir kaupmenn rekið ódýrari og haganlegri verzlun en hinir, sem búsettir eru erlendis, þá þarf ekki neinna laga við til að tryggja þeim verzlunina. Jeg segi fyrir mig, að jeg vildi ekki, og jeg ímynda mjer, að h. flutningsm. (S. St.) vildi heldur ekki leggja á sig svo lagaðan skatt; hann mundi víst ekki gjöra sjer neina samvizku af því, að ganga fram hjá íslenzkum kaupmanni og eiga kaup við útlendan, ef hann einungis ætti von á að meira af arðinum lenti í hans eigin vasa.

Jeg fyrir mitt leyti þykist líka geta sagt, að jeg vildi feginn styðja að því, að íslenzk verzlunarstjett komi upp, en jeg sje það ekki, að þetta frv. flýti neitt fyrir því. En jeg hef þá trú, að með vaxandi menntun og auknum samgöngum verði verzlunin meir og meir innlend. Verzlunin mun meir og meir komast í hendur hjerlendra manna; þeir hljóta að mörgu leyti að standa hjer betur að vígi en útlendir menn, undir eins og þeir standa þeim jafnfætis að menntun, hæfilegleikum og dugnaði, og það vona jeg að muni verða.

L. E. Sveinbjörnsson: Aðalástæða h. flutningsm. (S. St.) fyrir frv. þessu er að útvega landinu fje eða að kaupmenn brúki það fje í landinu sjálfir, sem þeir vinna sjer þar inn. Hann kveðst hafa talað við lögfræðing viðvíkjandi orðinu „búsettur“, og sá maður hefði sagt, að fullkomin tryggging væri hjer fengin með þessu orði, og loku væri skotið fyrir það, að aðrir en þeir, sem að öllu leyti væru hjer innlendir og búsettir, gætu rekið verzlun hjer. Jeg verð þá að geta þess, að mjer, sem einnig er lögfræðingur, finnst engan veginn, að orðið „búsettur“ skeri úr eða taki af allan vafa. Jeg fyrir mitt leyti mundi ekki hika mjer við, að dæma það, að kaupmaður væri hjer búsettur, ef hann hefði hjer hús, hefði vinnukonu hjer, væri hjer 1 eða 2 mánuði af árinu, en að öðru leyti færi með allt sitt fólk til útlanda og dveldi þar hinn hluta ársins, og eyddi þar fje sínu eptir eigin vild. Með því að jeg sje ekki, að það sje tryggt með frv. þessu,

sem á að vera tryggt, get jeg ekki gefið mitt atkv. með því.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg er mjög þakklátur h. varaforseta (L. E. Sv.) fyrir skýringu hans, og mun jeg reyna til að koma með betri ákvæði í þessu atriði við 3. umr., og væri honum þakklátur, ef hann vildi aðstoða mig í þeirri viðleitni minni, og gjöra það sem bezt úr garði, með því líka jeg þá máske gæti búizt við, að hann gæfi atkv. sitt með frumvarpinu. Jeg vil því leyfa mjer að leita til hans með frekari skýringu á orðinu „búsettur".

Landshöfðingi: Jeg hef að eins litlu að bæta við, sem jeg gleymdi að taka fram. H. flutningsm. (S. St.) hugsar sjer, að arðurinn af verzluninni komist allur inn í landið, ef kaupmenn verða hjer búsettir. En hvernig byrja innlendir kaupmenn hjer verzlun sína? Þeir byrja á því, að taka stór lán hjá kaupmönnum erlendis, verða að borga háar rentur af þeim, afborganir og margt annað fleira, sem jeg ekki kann nöfnum að nefna, og þannig fer allur arðurinn ekki til sjálfs kaupmannsins hjer, heldur til þess manns erlendis, er hann fjekk lánið hjá, og þykir það góður kaupmaður hjer, sem getur staðið í skilum með allt þetta, og svo þar að auki haft nægilegt fyrir heimili sitt að leggja. Það er það að hjá okkur, að hjer vantar „kapitalista". Til þess að innlend verzlun geti byrjað, verður að vera fje til, og þegar þetta fje er sótt til útlanda, rennur mestur arðurinn af því þangað.

Mjer fannst h. flutningsm. (S. St.) skilja öðruvísi orðið „kommission" en jeg. Við kommissions-verzlun vildi hann skilja það, þegar kaupmenn pöntuðu vöru sína hjá mönnum erlendis, eða fengju sjer menn erlendis til þess að útvega og senda sjer vörur, og koma sínum aptur út, en svo skil jeg það ekki, heldur það, þegar kaupmaður erlendis sendir hingað upp skip, sem hann fær í hendur kaupstjórum hjer, tekur aptur vöru hjá þeim og fer með til útlanda og selur. Öll verzlunin er þá í höndum þessa kaupmanns. Þetta er kölluð kommissions-verzlun, og um hana þurfa að koma ákvæði í frv. Það er ekki svo lítill arður, sem fer til manna erlendis við þvílíka verzlun, það er ekki að eins 2% í umboðslaun, heldur einnig „fragt" af skipum og margt annað fleira, svo að kaupfjelögin bera að eins úr býtum að fá stundum betra verð á útlendum vörum og betra verð fyrir innlendu vöruna, eins og mjer skildist h. þm. Barðstr. (S. J.) halda fram. Þeir í kaupfjelögunum kunna sem sagt að fá betri kjör, þegar þeir kaupa inn útlendu vöruna, og selja út innlendu vöruna, en það er engin verzlun frá þeirra hálfu. Hver einstakur maður getur gjört samning við kaupmann innlendan eða útlendan á þá leið: Svo mikið skal jeg kaupa af þjer, ef jeg fæ það fyrir þetta verð, og þessar vörur skal jeg selja þjer, ef jeg fæ fyrir þær það og það verð. Það þarf engan fjelagsskap nje útlenda kommissionera til, að verzla á þennan hátt.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Hæstv. landsh. tók það fram, að kaupmenn hjer byrjuðu með lánum, og yrðu svo að borga rentur af þeim, og færi þannig mestur arðurinn til annara landa. Jeg get ekki skilið, að þetta sje rjett álitið, að mestur arðurinn fari út úr landinu, fyrir það, því þó þeir verði að taka lán erlendis og borga rentur af þeim, þá verða þeir þó að hafa fje afgangs til uppeldis sjer og sínum, og svo til þess að halda verzluninni áfram, og verður því jafnframt nokkuð af arðinum að renna til þeirra sjálfra og þeirra, sem þeir eru búsettir hjá, þ. e. landsmanna. Hæstv. landsh. talaði einnig um, að okkur vantaði „kapitalista" og er það alveg rjett, en með þessu móti vil jeg reyna, hvort ekki mundi hægt, að koma hjer upp „kapi-

talistum“ í landinu sjálfu. En þetta mun að líkindum seint verða með því fyrirkomulagi sem nú er. Við erum fjeþúfa til þess, að mynda „kapitalista“ í öðrum löndum, en eigum þó ekki að geta myndað „kapitalista“ í landinu sjálfu. Við gjörum þá hjer að stórkaupmönnum, og svo fara þeir og eyða annarstaðar því, sem þeir græddu á okkur hjer; þetta hefur verið gangur íslenzku verzlunarinnar, og það er einmitt þetta, sem jeg vil reyna að koma í veg fyrir.

Mjer fannst h. sessunaut mínum (S.J.) ekki takast að koma með ástæðu móti því, að þetta fyrirkomulag á verzluninni, sem frv. gjörir ráð fyrir, mundi til bóta; hann var ávallt með þetta, að *ef* það væri svo eða svo *þá*, o. s. frv., og fannst mjer hann lítið sanna með því.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um kommissionsverzlunina, hefur hann víst átt við kaupfjelagsverzlunina eins og hún nú er, en hjer er þess að gæta, að stórkaupmenn í öðrum löndum senda ekki annað, en það, sem pantað hefur verið. Jeg skal ekkert segja um hvernig þessir stórkaupmenn fara að ráði sínu við okkur, en í orði kveðnu taka þeir að eins 2% í umboðslaun, en láta vöruna fyrir það verð, sem þeir hafa getað fengið hana fyrir, og borga innlendu vöruna með því verði, sem hún selst. Hagurinn við kaupfjelögin er sá, að innlenda varan fæst betur borguð, og útlenda varan einnig billegri; en arðurinn í kaupfjelögunum skiptist milli margra. Kaupfjelagið í heild sinni er sem einn innlendur kaupmaður, en að eins sá munurinn, að arðurinn þar skiptist milli margra, og eins og innlent kaupfjelag getur grætt, ættu innlendir kaupmenn að geta það. Þessir 2 liðir ættu líka að geta staðizt hvor við hliðina á öðrum, en náttúrlega „konkúrreruðu“ þeir hvor við annan, en af því ætti enginn skaði að verða. Jeg hef tekið það fram áður viðvíkjandi kaupfjelagsverzluninni, að mönnum hefur verið eins og hrundið út í hana sökum þungra búsifja af hálfu hinna erlendu kaupmanna, en ef þessum erlenda, mjer liggur við að segja, ófögnuði, ljetti af og innlend verzlunarstjett kæmist upp, er óvíst, hve langan aldur hún á fyrir höndum.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef leitazt við að hlýða með athygli á ræður manna með og móti og játa, að svo fúslega sem jeg mundi greiða atkvæði með frumv., hvað stefnu þess og „princip“ snertir, þá get jeg það ekki, sökum þess, að mjer finnst það óeðlilegt hapt á frelsi manna.

Verzlunin er eitt af þeim málum, er mest frelsi þarf við til þess að geta gengið sína eðlilegu rás. Þess vegna finnst mjer mjög íhugavert, að leggja önnur höpt á hana en þau, sem ómögulega verður hjá komizt og nauðsynleg eru. En í þessu máli hafa þau rök ekki komið fram, að minni hyggju, og því síður hefur verið sannað um þetta frumv., að það muni ná því takmarki eða tilgangi, sem því er ætlað að ná, að notin og arðurinn lendi hjer í landinu.

H. 1. kgk. (L. E. Sv.) hefur tekið það fram, að engin nægileg trygging sje fengin með því ákvæði frumv., að kaupmenn skuli vera hjer búsettir, því þó þeir væru hjer búsettir, gæti enginn hindrað þá frá, að ferðast til útlanda og dvelja þar eptir vild og eyða fje sínu sjer til þæginda og skemmtana, sem þeir frekar geta veitt sjer í öðrum löndum en hjer. Það hefur því ekki verið sýnt, að hinum góða tilgangi frv. verði náð, þótt það verði að lögum. Það er ekki sýnt, að sú nytsemd mundi á báðar hendur, sem menn vildu óska. Það hefur verið tekið fram, og er jafnan ánægja að minnast á það, að hjer í bæjarfjelaginu sje innlendur kaupmaður, mesti sæmdarmaður og bjargvættur fjelags-

ins, er veiti fjölda af heimilum forsorgun og atvinnu á ári hverju, en það hefur líka verið tekið fram, að á Ísafirði sje annar þvílíkur maður, en þó ekki búsettur hjer. Vitanlega rennur fyrir það ekki eins mikið af arðinum og æskilegt væri inn í landið, en ef þessi maður heldur út stórkostlegum fiskiveiðum, hlýtur hann að veita fjölda manns atvinnu, og talsverður arður að lenda hjá landsmönnum. Menn mundu þá segja, að kaupmenn hjer á suðurlandi gætu gjört slíkt hið sama, rekið fiskiveiðar á eigin skipum, og þannig veitt fjölda manna atvinnu; slíkt gæti að vísu átt sjer stað hjer, en þar eð þeir ekki gjöra það, álíta þeir víst, að þeir hafi lítinn eða engan hag af því, og úr því þeir ekki vilja það, er ekki hægt að skipa þeim að gjöra það. Það er sömuleiðis ómögulegt að tálma því, að menn sendi fje sitt til útlanda, og láti það bera þar þann arð, sem það getur borið. Menn segja þá máske, að það megi leggja því meira útsvar á þessa menn, og þeir hafi því meira gjaldþol; að vísu er svo, en ætli ekki mætti segja, að í raun og veru beri útlendir kaupmenn og verzlanir þeirra hjer á landi allmiklar skyldur og skatta og jafnvel fullt eins mikið og innlendir kaupmenn mundu bera af sama fjárafla. Menn þeir, sem útsvörunum jafna niður munu að líkindum ósjálfrátt verða fullt eins þunghentir á hinum útlendu kaupmönnum, sem hinum innlendu. Það er óeðlilegt, eins og jeg tók fram áður, að binda eðlilega rás verzlunarinnar og óeðlilegt að leggja hapt á frjálsræði manna, svo þeir ekki geti varið fje sínu á þann hátt, sem þeim þykir bezt henta. H. flutningsm. (S. St.) tók það fram, að straumur tímans gengi meir og meir að því takmarki, að verzlunin verði innlend og hlýtur það að gefa okkur því meira þrek og þolinmæði, að bíða eptir, að þetta smátt og smátt lagist af sjálfu sjer án ófrjálslegra ákvæða frá hálfu löggjafarvaldsins, og gjöra okkur ragari í að gjöra ákvæði, sem máske ekki eru bráðnauðsynleg, og ekki sýnt, að kæmu að fullum notum.

Af þeirri ástæðu, að þetta hvorki mun nauðsynlegt, og heldur ekki koma að tilætluðum notum, þó það máske virðist vera til þjóðlegra framfara, þá get jeg ekki greitt atkv. með því, þótt mjer annars þætti ljúft að styðja að því, að arðurinn af verzluninni kæmist sem mestur inn í landið.

Guttormur Vigfússon: Það er einkum vegna breyt.till. á þingskj. 383, að jeg stend upp. Einn af h. flutningsmönnum hennar (E. Á.) tók það fram, að hún væri gjörð sjerstaklega með tilliti til norskra timburkaupmanna, enda er þetta mjög eðlilegt, þar sem aðrir lausakaupmenn munu varla koma til landsins nú orðið. H. flutningsm. sagði, að það væri þægilegt fyrir bændur, að kaupa timbur af norskum timbursölum í lausakaupum, þegar þeir lægju inn á höfnum, á skipum sínum. Jeg hef sjálfur nokkra reynslu í þessu, og mín reynsla er sú, að það eru sjaldnast mikil happakaup, sem menn geta fengið hjá þessum lausakaupmönnum í smákaupum, og að því leyti hygg jeg engan skaða skeðan, þótt þessi breyt.till. fjelli. Jeg skal taka til dæmis, að ef keypt er að eins hjá þeim tylft og tylft af borðum, eru þau optast eins dýr eins og hjá kaupmönnum, eptir að þeir hafa keypt viðinn af Norðmönnum þessum. Aptur á móti er það mikill ágóði fyrir bændur, að slá sjer saman og kaupa timbur í stórkaupum, og það eitt ætti að vera nægileg hvöt fyrir þá til að hafa fjelagsskap í þeim tilgangi.

H. 6. kgk. (Þ. B.) var hræddur um það, að ef selstöðuverzluninni yrði útrutt, þá mundu kaupstaðirnir eigi verða nægilega byrgir, og að af því mundi leiða vöruskort, nema það væri þá ákveðið um leið, að menn mættu reka hjer verzlun í fjelagsskap við útlenda menn. Jeg fyrir mitt leyti ber nú alls engan kvíðboga

fyrir þessu. Jeg veit ekki til, að neinstaðar sje tiltölulega fleira af búsettum kaupmönnum en einmitt á Austfjörðum. Kaupmenn þessir hafa búsett sig þar með fjölskyldu sinni og orðið að nytsömustu og beztu mönnum, og það verður alls ekki fremur vöruskortur hjá þeim, en hinum, sem búsettir eru í Kaupmannahöfn. Hæstv. landsh. tók það fram, að innlendir kaupmenn byrjuðu verzlun sína á því, að taka stór lán hjá stórkaupmönnum erlendis, og afdrif þeirra yrðu venjulega þannig, að þeir færu á höfuðið. Þetta er ógn eðlilegt, því flestir þekkja það mjög vel, að þegar einhver nýr smákaupmaður innlendur setur sig niður til þess að verzla við hliðina á fastakaupmönnum, þá gjöra þeir í fyrstunni venjulega allt, sem þeir geta, til þess að gjöra honum verzlunina sem erfiðasta, og reyna að eyðileggja hann.

Jeg er ekki svo hræddur um það, sem hæstv. landsh. benti á, að jafnskjótt sem innlendir kaupmenn væru búnir að nurla saman nokkrum efnum yfirgefi þeir landið, til þess að eyða auð sínum í útlöndum. Að vísu hefur þetta verið vani kaupmanna fram á þennan dag, af því þeir hafa eins eptir sem áður getað rekið hjer verzlun sína, en jeg þykist fullviss um, að ef frumv. þetta yrði að lögum, mundi það að mestu eða öllu leyti koma í veg fyrir þennan flutning, einmitt vegna þess, að þá þyrftu þeir jafnframt að hætta allri verzlun hjer á landi, sem mjög er ólíklegt, að þeir vilji vinna til, ef þeim að öðru leyti hefur liðið hjer vel, en haldi þeir áfram að verzla og vera hjer búsettir, taka þeir ástfóstri við það land, sem þeir hafa grætt fje sitt á, og fá meiri og meiri hvöt til þess, að vinna því gagn með auð sínum. Með pöntunarfjelög er nokkuð öðru máli að gegna, því að maður verður að skoða hvern einstakan bónda, sem er í kaupfjelagi, sem kaupmann, þar sem arðurinn af verzluninni rennur inn til hvers einstaks pöntunarfjelagsmanns. Arðurinn hlýtur að lenda hjá þeim, sem fær útlendu vöruna með innkaupsverðinu, og sendir innlendu vöruna uppá sinn reikning. Að sjálfsögðu dregst frá kostnaður til milligöngumanns, laun þau, er hann fær fyrir vinnu sína.

Jeg mun greiða atkv. með frumv. þessu, en móti breyt.till. á þingskj. 383.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 371) samþ. með 9 atkv.; 2. breyt. (C. 371) samþ. með 8 atkv.; breyt. (C. 383) felld með 6:5 atkv.; 1. gr. felld með 6:5 atkv. Frumv. þar með fallið.

Frumv. til laga um afnám gjalds af fasteignasölu (C. 340); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 249, 360); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Eins og h. þingdm. sjá af nefndarálitinu, eru tillögur nefndarinnar þær, að ráða h. þingd. til, að fallast ekki á frumv. þetta, og það er að nokkru leyti tekið fram í nefndarálitinu, á hverju nefndin hefur byggt þessa till. sína. Í fyrsta lagi er nefndinni ekki kunnugt um það, að nokkrar raddir hafi fram komið, eða kröfur frá þjóðinni, um breyting á lögum þeim, sem gilda í þessu efni, og af þeim ástæðum þótti nefndinni varhugavert, að ráða til að gjöra verulegar breytingar í þessu efni.

Hjer er um þau lög að ræða, sem hafa meira vald yfir tilfinningum manna, heldur en flest önnur lög, að því leyti, sem þau snerta það, sem menn skulu heilagt halda eða ekki. Nefndin óttaðist fyrir því, ef nú væri farið að gjöra breytingar á þessu, án þess að þjóðin hefði látið í ljósi glöggar og skýrar kröfur um það, þá gætu þær breytingar, sem gjörð-

ar yrðu, jafnvel farið í öfuga átt við það, sem þjóðin helzt mundi óska eptir. Nefndin áleit, að sjerstaklega með því að rýmka um vinnu á helgum dögum, mundi margur sá hneykslast, sem haft hefur þá skoðun á helgum dögum, að þeir væru vanbrúkaðir, ef unnin væri á þeim sú vinna, sem hingað til hefur ekki verið heimilt að vinna, eptir gildandi lögum. Einkum mundi þetta, eptir áliti nefndarinnar, geta valdið hneykslum til sveita, ef eitthvert heimili eða einhver maður notaði þessi lög til þess, að ganga að vinnu sinni hiklaust helga daga frá morgni til kvelds; slík notkun helgidagsins mundi almennt hneyksla aðra íbúa sveitarfjelagsins. Þetta frumv., ef það yrði að lögum, mundi og að miklum mun rýra frelsi allra þeirra manna, sem ekki eru sjálfum sjer ráðandi, eða eiga með sig sjálfir. Það er bæði gott og eðlilegt, eigi að eins frá sjónarmiði helginnar til guðrækilegra iðkana, heldur og sakir hinnar nauðsynlegu hvíldar, að vissir, tilteknir dagar sjeu til þess ætlaðir, og að 7. hver dagur sje hið hæfilega millibil virðist vera almennt viðurkennt. Nefndinni gat ekki dulizt það, að það væri mjög varhugavert, að setja þau lagaákvæði, sem ef til vill hneyksluðu mikinn hluta þjóðarinnar, og það þann hlutann, sem hefði fullt eins mikla tilfinningu fyrir hinni alvarlegu hlið lífsins, sem hinn hlutinn, er yndi þessu vel. Nefndinni var það að vísu kunnugt, að það hefur verið sagt, og það með nokkrum ástæðum, að við sjávarsíðuna komi helgidagahaldið að ýmsu í bága við það, hvernig æskilegast væri fyrir menn að geta rekið atvinnu sína. Og nefndin hefði ekki verið því mótfallin, að rýmka í þessu tilliti að einhverju leyti ákvæði gildandi laga, ef hún hefði sjeð sjer fært að gjöra það, án þess að rýra ískyggilega helgi sunnudagsins og rjett manna til nauðsynlegrar hvíldar. En til þess treysti nefndin sjer ekki og fyrir því komst hún að þeirri niðurstöðu, sem nefndarálitið ber með sjer.

Sjerstaklega hugði nefndin, að það mundi valda hneykslun í þjettbyggðum fiskiverum og hjer í Rvík, ef menn sæju aðra ganga hiklaust til vinnu á helgidagsmorgna. Ef þeir sem til kirkju ganga sjá einn setja fram skip sitt til þess að fara að róa, annan vera að lenda með afla sinn, einn senda af stað flokk manna til þess, að þvo og verka fisk o. s. frv., slíkt mundi hneyksla tilfinningar margra manna. Fyrir því áleit nefndin eigi ástæðu til að leyfa slíkt eða lögleiða, að vinna mætti hvert það verk, er ekki hefði truflun eða hávaða í för með sjer; það mundi vera nægileg truflun, að menn sæju aðra vinna þessi verk, og það mundi valda hneyksli.

Nefndin gat að sönnu ekki neitað því, að ýms ákvæði hinna gildandi helgidagalaga eru eigi vel glögg eða skýr, en nefndin var hrædd um, að erfitt mundi vera að setja svo skýr lög í þessu efni, að þau tækju af öll tvímæli, allan efa. Jafnvel væru ákvæði 1. gr. í þessu frv. eigi svo glögg, að eigi mundi geta komið fyrir, að mismunandi skilningur gæti orðið í það lagður, hver sú vinna væri, sem raskaði friði helgidagsins. Slíkt mundi geta orðið talsvert álitamál, eigi síður en nú eptir gildandi lögum, og að hver mundi leggja sinn skilning í þessi ákvæði.

Aðalbreyt. sem frumv. þetta gjörir á gildandi löggjöf og aðalkjarni þess er fólginn í 1. gr.; hin önnur ákvæði þess fara í sömu stefnu, sem lög þau, er nú gilda, en ákvæði frumv. eru gagnorðari, glöggari og skýrari. Það er því 1. gr. sem öll áherzla lendir á.

Að svo mæltu skal jeg ekki orðlengja um mál þetta að sinni, en heyra fyrst undirtektir h. þingdm.

Jón A. Hjaltalín: Jeg get ekki sagt, að mjer sje þetta frumv. neitt áhugamál, og það mun rjett vera, að engar almennar

óskir viðsvegar að munu hafa komið um það að gjöra þetta frv. að lögum. En jeg hef þó orðið þess var, og víst ýmsir fleiri, að menn hafa ekki unað því vel, að vera sektaðir fyrir það, að breiða fisk eða eiga við hey á helgum degi. Ef til vill á það svo að vera eptir lögum þeim, sem nú gilda, jeg er ekki svo fróður í því. En viðvíkjandi því, sem h. framsögum. (H. Sv). sagði, að það mundi hneyksla menn hjer í Reykjavík, ef þeir sæju aðra menn ganga til vinnu, og þá sjálfsagt líka fara til skemmtana, og það mundi særa tilfinningar manna, þá þykir mjer það nokkuð undarlegt. Jeg skal ekki fara lengra aptur í tímann en síðasta sunnudag. Þá sá jeg marga menn breiða hjer fisk; jeg hafði og þann dag þann heiður að ríða burt úr bænum skömmu fyrir kirkjutíma, með yfirmönnum kirkjunnar, biskupi og landshöfðingja. Jeg hef ekki orðið þess var, að það hafi hneykslað nokkurn mann Jeg held og að það geti engan mann hneykslað, að það sje gjört í lagaleyfi, sem nú er gjört, en sem þó er efasamt, hvort leyfilegt er eptir gildandi lögum. Þennan sama sunnudag sá jeg einnig fólk vera við heyvinnu og er þó eigi nú nein óþurkatíð, svo að slíkt geti talizt nauðsynlegt. Í þeirri sveit, þar sem jeg á heima, er mjög lítið um sunnudagavinnu; menn nota helzt sunnudaga og aðra helga daga sjer til skemmtunar, og hef jeg aldrei orðið var við, að það hafi sært tilfinningar manna. Annars er mjer ekki þetta frv. neitt kappsmál.

Sigurður Jensson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er samdóma h. nefnd um það, að engin ástæða sje til, að gjöra þetta frv. að lögum. Jeg get ekki skilið í því, að nokkur geti sagt það í hreinskilni, að það hafi fólgna í sjer nokkra rjettarbót fram yfir lög þau, sem nú gilda í þessu efni. Jeg gat skilið í því, að það væri sagt um stj. frv., áður en h. Nd. bætti inn í það þessum ákvæðum: „Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega eigi á helgidögum þjóðkirkjunnar selja eða veita mönnum áfenga drykki“. Á meðan þessi grein var ekki komin inn í frv. gat jeg þó skilið, að fáeinum mönnum þætti það einhvers vert, en nú skil jeg ekki lengur, að nokkur sje sá, er langi til að fá þetta frv. gjört að lögum. Jeg man eptir því á alþingi í hitt eð fyrra, að þá var lengi verið að berjast við að fá opna brjefið frá 26. sept. 1860 afnumið, þannig að helgi helgidagsins næði eigi nema til miðaptans. En þá er Nd. hjelt fast við vínsölubannið, að eigi mætti heldur eptir miðaptan veita eða selja vín, þá kærði enginn sig framar um að stytta helgidaginn, og frv. um afnám opna brjefsins 26. sept. 1860 var fellt. Eins mun það vera nú. Jeg hygg, að þetta frv. sje nú sent hingað til h. Ed. einungis til þess, að hún skuli fella það. H framsögum. þessa máls í Nd. komst svo að orði, að bezt væri að hinir andlegu stjettar menn í Ed. yrðu til þess að stytta því aldur; og jeg vona, að þeir verði ekki einir um það, heldur verði og til þess margir aðrir skynsamir og sjálfstæðir þm. í þessari deild.

Það er ekki svo að skilja, að jeg eiginlega álíti frv. þetta skaðlegt, en jeg álít það með öllu ónauðsynlegt. Það er alkunnugt, að það er engin veruleg óánægja með hin gildandi helgidagalög, heldur eru menn yfirhöfuð ánægðir með þau, og jeg veit ekki, hvaða mælikvarða á að hafa fyrir því, hvort einhver löggjöf á við eða ekki, ef ekki þann, að þau lög eiga við, sem engin óánægja er með, og enginn kvartar yfir. Jeg held jafnvel, að þó að þau helgidagalög, sem nú gilda væru numin úr lögum mundi það ekki hafa svo mikla þýðingu, nema helzt í kaupstöðum. Það er ekki lögin eða lögreglustjórnin, sem heldur við lýði helgidagahaldinu, eða verndar hvíldardaginn hjer á landi, heldur eru það að nokkru leyti trúarbrögðin, og að nokkru leyti hin náttúrlega þörf og nauðsyn hjá hverjum manni, sem vinnur dyggilega hina

daga vikunnar, að hafa hvíld einn dag í viku. Það er að sjálfsögðu enginn sjerstakur hvíldardagur nauðsynlegur fyrir þá menn, sem geta tekið sjer hvíldardag, hvenær sem þeir vilja, eða fyrir þá, sem á hverjum degi eiga hvíldardag; það er hægt fyrir þá að tala með ljettúð um hvíldardaginn. En þeir menn, sem erfiða alla 6 daga vikunnar, þeir þurfa að taka sjer einn dag til hvíldar, og þeir munu taka sjer hvíldardag, hvernig, sem lögin eru. Jeg get sagt dæmi upp á það, hversu litla þýðingu lögin hafa í þessu efni eða lögreglustjórnin. Í sýslu, sem jeg á heima í, þar var í 10 ár sýslumaður, sem lengi vel ekki þekkti helgidagalög vor 28. marz 1855, og svo fór hann frá embættinu, að hann hafði ekki hugmynd um, að opið brjef frá 26. sept. 1860 væri til. Þetta er alveg sönn saga. Við spurðum hann stundum að gamni okkar, hvort kaupmenn mættu hafa opnar sölubúðir á helgum dögum og verzla, og sagði hann optar en einusinni, svo jeg heyrði, að þeir mættu það eptir kl. 4, því að svo væri í Kaupmannahöfn, og veitingamenn sagði hann, að mættu hafa opið, og selja vínföng allan helgidaginn. Þetta mundu þeir og hafa getað gjört óátalið af þessum lögreglustjóra. Jeg hygg þó, að helgidagalögin hafi eigi verið haldin síður þar í sýslu, en í öðrum sýslum, og máske betur. Jeg segi þetta ekki sýslumanni þessum til lasts: honum var annað betur gefið heldur en að vera lögfræðingur. *(Hallgr. Sveinsson;* Átti hann þá engar bækur?). Hann átti mjer vitanlega eigi aðrar íslenzkar lagabækur en Stj.tíð. fyrir 1874, og árin þar á eptir. Jeg segi þetta því til sönnunar, að lögin og lögreglustjórnin hafa ekki svo mikla þýðingu í þessu efni. Jeg hygg, að menn muni vinna það, sem nauðsynlegt er, og ekki má dragast og spyrja engan um leyfi, og menn munu taka sjer hvíldardag, þeir sem þurfa þess, hvað sem lögin segja og hvort sem þau heimila það eða ekki.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Viðvíkjandi athugas. h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.), þá skal jeg geta þess, að þetta ferðalag, er hann talaði um, alls ekki er bannað eptir núgildandi lögum, og því ekki heldur tekið upp sem sjerstakt leyfi í þessu frv. Annars hefðu þessi orð helzt átt að vera ótöluð, þau eru málinu óviðkomandi, og jeg get ekki neitað því, að mjer fundust þau vera nokkurs konar svigurmæli. Þó h. þm. ekki hafi hneykslazt á því, að sjá menn ganga hiklaust að saltfisksþerrun á sunnudegi, held jeg kannske annað verði ofan á, ef hann sæi menn ekki einungis þurka, heldur einnig, eins og frv. þetta gefur leyfi til, gjöra allt, er að saltfisksverkun lýtur, já blátt áfram, allt sem heyrir fiskveiðum til, frá því fyrsta til hins síðasta.

Í 1. gr. frv. er öll sú vinna bönnuð á helgum dögum til miðaptans, er raskað geti friði helgidagsins, það er að mínu áliti friði og ró guðsþjónustugjörðarinnar. Jeg held þetta ekki verði skilið öðruvísi. En jeg vildi gjarnan biðja menn um að skýra, hvað skilið verði við orðið „raskar“; jeg held það geti orðið fullörðugt að greiða úr því.

Eins og h. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram, batt tilskipunin frá 1855 helgi hvíldardagsins til miðaptans, en þetta þótti mönnum ekki nógu strangt, og var því boðið með opnu brjefi frá 26. sept. 1860 að halda helgan allan hvíldardaginn. Hvers vegna vilja menn nú taka upp aptur þessi eldri ákvæði? Er það af því, að allsterkur straumur sje fyrir þessu? Nei, jeg held einmitt það sje töluverður straumur í þá átt að rýra ekki helgina og tryggja helgidagahvíldina. Það er fyrst tími kominn til að koma með svona frv., þegar sú hugsun er orðin ríkjandi í meðvitund þjóðarinnar að rýmka eigi um þetta band, en alls ekki rjett, sízt þegar um lík mál og þetta er að ræða, er snerta svo mjög

tilfinningarlíf manna, að vera að reyna skapa nýjan hugsunarhátt hjá þjóðinni.

Þá er þessi viðbót í 1. gr., er h. Nd. hefur skotið inn, ekki til mikilla bóta frá hinu upphaflega frv. stjórnarinnar, heldur að eins til að gjöra það ögn óaðgengilegra, sú viðbót nefnilega, að skylda vinnuhjú til að vinna jafnt helga sem óhelga daga þá vinnu, sem talin er í 1. gr. Nefndinni virtust þessi ákvæði fara í nokkuð öfuga átt; hún vildi ekki láta skylda hjúin til að vinna aðra vinnu en þá, er bráðnauðsynleg væri, svo sem hirðingu á skepnum, aðhjúkrun að sjúkum mönnum o. fl., en það er einmitt sú vinna, sem leyfð er samkvæmt núgildandi lögum, enda munu varla dæmi til að hjú skorist undan slíku, og þá eru lagafyrirmæli um það óþörf. Það er satt, það er mikið vafaspursmál um, hvað nauðsynlega eða ónauðsynlega vinnu eigi að álíta, en það verður varla bætt verulega úr því með þessu frv.

Landshöfðingi: H. framsögum. nefndarinnar (H. Sv.) tók það fram í fyrri ræðu sinni, að engar raddir hefðu heyrzt um breytingar á hinni núgildandi helgidagalöggjöf. Jeg held ekki, að h. þm. (H. Sv.) hafi fylgt vel með í blöðunum, ef hann hefur ekki tekið eptir því, að ekki allfáar raddir hafa komið fram í þá átt, að samþykkt yrði á þinginu 1893 líkt frv. og stjórnin lagði fyrir það 1891. Þessar óskir hafa komið fram bæði í dagblöðunum og eins á kjörfundum, svo ekki er hægt að segja, að þær hafi ekki látið til sín heyra, en hversu almennar þær eru, eða hvort þetta er vilji þorra manna, skal jeg ekki segja neitt um.

Það, sem kom stjórninni mest til þess að leggja fram þetta frv. var hin mikla óvissa um, hvernig skilja eigi helgidagalöggjöfina. Hjer standa prestarnir annarsvegar, og heimta af lögreglustjóranum, að hann dæmi menn í sektir fyrir ónauðsynlega vinnu á helgidögum, og hins vegar mennirnir sjálfir, er krefjast þess, að þeir verði sýknaðir, þar eð vinnan hafi verið nauðsynleg. Lögreglustjórinn er hjer milli steins og sleggju, prestanna annars vegar og mannanna, er reyna að bjarga sjer, hins vegar. Það þarf ekki að fara lengra, en líta í dómasöfnin til að sjá, að þetta hefur opt komið fyrir; prestarnir hafa kært fyrir dómstólunum, og þeir svo dæmt menn ýmist sýkna eða seka, jafnvel þó þeim hafi opt verið það ógeðfellt. Það eru þessi ákvæði í löggjöfinni um, hvenær álíta skuli nauðsyn til bera að þurka hey vegna óþerra, róa til fiskjar vegna fiskileysis eða vinna aðra vinnu, er hafa gjört það að hinum mestu vandræðum fyrir framkvæmdarvaldið að fylgja fram þessum lögum. Allt er svo óvíst og á reiki.

Í hinum núgildandi lögum er margt af því bannað, er engan hávaða vekur, en sumt aptur á móti leyft, er hefur truflun í för með sjer, eins og t. a. m. þetta dæmi, er h. 5. kgk. (J. A. Hj.) minntist á. Það er hvergi bannað, að ríða jafnvel í stórhópum rjett fyrir framan kirkjudyrnar á sunnudegi, en að snúa flekk einhversstaðar langt burtu frá öllum mönnum, það er með öllu óleyfilegt, nema í óþerrum. Að nokkur samkvæmni sje í þessu skil jeg ekki. En ef sá andi er drottnandi hjá þjóðinni, að hún vill halda við þessar gömlu setningar, sem ekki eru annað en dauður bókstafur, og neyða menn til að liggja heldur upp í rúmi og sofa eða ríða út sjer til skemmtunar, heldur en að vinna einhverja gagnlega vinnu, þá er rjett að láta það eptir henni, en jeg ímynda mjer, að afkomendur vorir muni kýma að okkur, og þykja þetta kynleg aðferð af mönnum um lok 19. aldar.

Jeg verð einnig að biðja menn að gæta þess, að lög þessi ná jafnt til allra þeirra, sem undir lögin eru gefnir, bæði þjóðkirkjumanna og utanþjóðkirkjumanna, sem alls ekki trúa á helgi sunnudagsins,

og þó annarar trúar menn sjeu ekki margir hjer á landi, þá getur orðið breyting á því, og ef t. a. m. Gyðingar settust hjer að, þá finnst mjer nokkuð hart, ef þeir þurfa að beygja sig undir mjög ströng lög um helgihald.

H. framsögum. nefndarinnar (H. Sv.) tók fram í seinni ræðu sinni, að viðauki h. Nd. hefði hneykslað nefndina, sá viðauki nefnil., að vinnufólk skuli skyldugt til að vinna þá vinnu, er leyfð er í 1. gr., jafnt á helgum dögum, sem virkum. Ef öll nefndin hefur lesið allt frumv. svona vel, þá skal mig ekki furða, þó hún leggi til að fella það. Í viðaukanum stendur, að hjúin skuli skyldug að vinna þá vinnu, er talin er í 2. málsgr. 1. greinar, og h. Nd. kom einmitt með þennan viðauka til þess að koma í veg fyrir, að frv. yrði skilið svo, að hjúin væru skyldug að vinna alla þá vinnu, er leyfð er í 1. gr. Ef því nefndin hefði íhugað frumv. rækilegar, þá held jeg, að hún hefði ekki hneykslazt eins mikið á þessu. Annars skal jeg játa, að frumv. hefur ekki batnað stórum við að ganga í gegnum þennan hreinsunareld Nd., og mjer er því ekki mjög sárt um það. En hvað þeim ummælum viðvíkur, að Nd. hafi sent frumv. hingað að eins til að leiða það til höggstokksins, þá ímynda jeg mjer, að Nd. hafi sjálf fullkomna einurð og þrek til að stytta þeim frumv. aldur, sem henni ekki geðjast að, og þurfi ekki að leita neinnar hjálpar í þeim efnum til þessarar þingd.

Jeg skyldi vera h. þm. Barðstr. (S. J.) mjög þakklátur, ef hann gæti komið því til leiðar, að hin núgildandi helgidagalög yrðu úr lögum numin, án þess að nokkuð kæmi í staðinn, því jeg álít það bezt, að hver maður fái sjálfur að ráða vinnu sinni, og eins af því, að jeg álít það vera hin mestu vandræði fyrir lögreglustjórana að fylgja þessum lögum fram.

Þó frumv. ekki nái fram að ganga, þá hefur það þó gefið einum h. þm. tækifæri til að kveðja yfirvald sitt á þann hátt, sem mjer raunar ekki fannst eiga neitt vel við, en sem þó hefur vakið hlátur hjá h. þingdm. Þar eð jeg ekki býst við eptir undirtektum manna, að frumv. fái að lifa lengur, þá skal jeg ekki lengja dauðastríð þess.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg finn mjer skylt að mæla nokkur orð, með því jeg hef notið þeirrar æru, að vera einn í nefndinni, sem sett var í mál þetta. Jeg verð þá fyrst að geta þess, að jeg er samdóma h. framsögum. (H. Sv.). Hann talaði um, að fáar raddir frá þjóðinni hefðu komið og óskað eptir þessari breytingu; jeg er alveg samþykkur honum í því, og þó jeg ekki sje víða kunnugur á landinu, þekki jeg þó til í mínu kjördæmi og nokkrum fleiri stöðum, og veit með vissu, að menn þar hafa ekki óskað eptir þessu, heldur þvert á móti. Í mínu kjördæmi kom þetta til tals á undirbúningsfundi, og þótt menn hefðu kynnt sjer mál þetta og gang þess á síðasta þingi 1891, þá voru þeir alls ekki á því, og fannst það ekki takandi í mál að leggja það frumv. aptur fyrir þingið. Menn jafnvel blygðast sín fyrir að minnast á þetta, og var svo langt frá, að þeir vildu rýmka nokkuð til, að þeir jafnvel vildu herða á helgidagalöggjöfinni. Þetta var samhljóða álit fundarmanna. Í Dalasýslu er mjer einnig fullkunnugt um skoðanir nokkurra manna á þingmálum og hef jeg engan þar heyrt tala öðruvísi en með hálfgjörðri fyrirlitningu um frumvarp það, sem lá fyrir þinginu 1891.

Jeg er samdóma h. framsögum. (H. Sv.), að 1. gr. muni nokkuð tvíræð og ekki gott að skera úr, hvað sje leyft og hvað ekki leyft, og muni því sú grein frumv. til lítilla bóta frá því sem nú er. Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að jafnvel væri ekkert á móti því, að öll helgidagalöggjöfin væri úr lögum numin, án þess nokkuð væri sett í staðinn, þá skil jeg það svo, að hann hjer um bil álíti sama, hvort þetta

frumv. yrði að lögum eða að við enga helgidagalöggjöf hefðum, og er jeg á því. Þó helgidagalöggjöfin hafi í ýmsum efnum verið brotin hingað til og sum helgidagavinna hneykslað einstaka menn, held jeg samt, að eigi muni kveða eins mikið að því, er menn hafa lögin á bak við sig, eins og annars.

Hvað saltfisksþurkun síðasta sunnudag hjer snertir, þá álít jeg hana ekki svo sjerlega hneykslanlega; mönnum er dýr hver stundin, þegar um það er að tala að bjarga afurðum sínum frá skemmdum; skip bíða hjer eptir vörum og þurfa að losna sem fyrst, því það getur svo farið, að ef ein lítil þerristund er höfð af miklum saltfiski, þá kosti það eigandann fleiri hundruð eða jafnvel þúsundir króna. Það er líka kostur við hin núgildandi lög, að þau eru ekki svo hörð, að gjöra má það, sem brýn nauðsyn er á að gjöra.

Hæstv. landsh. sagði, að tilskipun 1855 væri mjög tvíræð; jeg held, að slíkt hið sama megi þá segja um þetta frv., því það að raska friði hvíldardagsins mun vera mjög svo teygjanlegt. Jeg skil það, eins og h. framsögum. (H. Sv.), að það sje sama sem að raska friði guðsþjónustunnar, en sú vinna, sem vanalega er unnin hjer hefur aldrei þann skarkala í för með sjer, að hún þurfi að raska friði manna í kirkjunni, ekki einu sinni hjer í Rvík, nema verksmiðja kæmist upp rjett við hlið kirkjunnar. Hæstv. landsh. sagði, að leyfilegt væri að ríða í stórhópum fram hjá kirkjunni á helgum dögum, en ekki mætti velta við flekk á túni á þessum dögum; en jeg hef ekki getað fundið það heldur í frv. þessu, að bannað sje að ríða fram hjá kirkjunni um messutímann, eða að bannaðar sjeu útreiðar á sunnudögum; eptir núgildandi lögum mega menn velta við flekk á túni, ef nokkur veruleg þörf er á því, þótt helgidagur sje. Þótt seinni tíma menn mundu kýma að okkur út af því, ef vjer felldum annað eins ágætis frv. og þetta hefði verið, þá mun það ekki bíta mikið á oss, þeir mundu máske fá tækifæri til að kýma að okkur í öðru, sem okkur mun meiri vanvirða að. Það getur verið, að sumir álíti þetta frv. náðargjöf frá stjórninni, þó þjóðin í heild sinni sje á móti því, en jeg verð að álíta þetta eitt hið ómerkilegasta og óþarfasta mal, sem hin h. stjórn gat fundið upp á að leggja fyrir þingið, mál, sem að eins er til þess að særa tilfinningar margra landsmanna.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Jeg hef að eins stutta athugasemd að gjöra í þetta skipti. Það er rjett hjá hæstv. landsh., að ummæli mín um 1. gr. frv. voru ekki allsendis nákvæm. Hvað viðvíkur síðustu málsgr. 1. gr., sem nefndin bætti við, skal jeg geta þess, að nefndin áleit þau ákvæði óþörf og mundu gjöra frv. fremur óaðgengilegt í augum almennings, ekki af því, að þau hertu að skyldu hjúanna, heldur af því, að húsbændum væri gefið leyfi til þess, að heimta vinnu á sunnudegi af hjúum sínum, þá vinnu, sem tekin er fram í 2. málsgr. sömu gr. Þessi ákvæði virtust nefndinni allsendis óþörf, þar eð eigi eru dæmi til, að hjú hafi neitað að gjöra það, sem bráða nauðsyn bar til að gjöra, þótt helgur dagur væri, en á hinn bóginn gæti það máske verið skilið svo, sem sjerstök vinnuskylda væri lögð á hjúin. Nefndin hefur tekið það fram í nefndarálitinu, að frá engu kjördæmi landsins hafi komið nein ósk til þingsins um breyting á hinni núgildandi helgidagalöggjöf; það getur verið, að þetta sje fullmikið til orða tekið, því einstaka raddir hafi komið í þá átt, að breyta lögunum; en þó einstök rödd hafi komið á stangli hjer og hvar, þá er engin veruleg ástæða til þess að breyta lögunum fyrir það. Það verður að vera ósk einhverrar heildar, einhver almenningsvilji til þess, að farið sje

að breyta þessu. Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að menn mættu ríða í hópum framhjá kirkju um messutíma, þá held jeg að það sje efasamt, hvort það leyfist, því í 5. gr. gildandi laga er bönnuð öll hávreysti á helgum degi sjerstaklega um messutímann, og skilst mjer ekki betur, en að það megi fyllilega telja að raska ró guðsþjónustugjörðarinnar, að ríða í stórhópum fram hjá kirkjuveggnum meðan á henni stendur. Það getur verið, að þessu sje ekki stranglega fylgt, en ótilhlýðilegt þykir það samt. Annars er það ekki álitið að raska ró helgidagsins, þótt menn ríði út eða ferðist þessa daga. Jeg hef skoðað það svo, að menn á þeim dögum mættu leita sjer hressingar, annaðhvort með því að ganga út, eða ríða út, enda eru þessar útreiðar mörgum til verulegrar hvíldar og hressingar frá daglegu störfunum; má vera að þeim sje ekki ávallt varið eins og vera ætti og þær sjeu misbrúkaðar en svo er og um margt fleira; það er álitið leyfilegt að lesa í bók, en sú bók getur það samt verið, sem skaði er að lesa.

Forseti bað menn að halda sjer nákvæmlega við málefnið en ekki fara út í einstök tilfelli, þar sem þetta væri 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Í Nd. var viðauka bætt við 1. gr., sem er mjög óheppilegur. Húsbóndi getur eptir því átt heimting á, að hjú hans vinni jafnt á helgum dögum, sem virkum, þau verk, sem talin eru í 2. málsgr. 1. gr., og þó vitanlega, að þau verk sjeu undanskilin, sem ekki heyra undir þessa málsgr., þá sje jeg ekki annað, en að þetta ákvæði sje mjög óheppilegt. Það er ofmikið ófrelsi fyrir vinnufólkið, að það skuli skylt t. d. að afferma skip á helgum degi, ef húsbóndinn skipar; það er ofmikil undirokun, að mega skipa því, að afferma t. d. kolaskip á sunnudagsmorgni enda þótt það liggi fyrir opnu hafi; annað mál er það, að lofa því að hafa frjálsræði til þess, ef það sjálft vildi, og þá náttúrlega með því að gjalda því sjerstakt kaup fyrir. Jeg hef komið hjer niður á bryggjur og sjeð kvennfólk í kolavinnu, og fannst mjer það ekki svo skemmtileg sjón, að jeg æskti eptir að skipa mætti fólki þess háttar vinnu á sunnudegi. Slík sjón hlýtur að hneyksla þá, sem eru öðru eins óvanir, jafnvel þó á virkum degi sje, hvað þá heldur, ef maður þyrfti að sjá fjölda af þannig útlítandi fólki við kolavinnu, um sama tíma og maður vildi ganga til kirkju. Jeg get ekki heldur verið með því að stytta helgidaginn, svo að hann nái að eins til miðaptans, því eptir miðaptan kemur sá hluti dagsins, sem fólk vanalega að minnsta kosti til sveita hefur helzt frið og hvíld á og jafnvel helzt skemmtir sjer á. Flest vanaleg bústörf og öll óhjákvæmileg verk, svo sem hirðing á búpeningi o. fl., verður að gjöra fyrri part dagsins, og ef fólk hefur verið bundið við það allan fyrri hluta helgidagsins, væri hart, ef húsbændur mættu skipa því svo til vinnu undireins á miðaptni í stað þess, að það ætti að fá að hvíla sig. Samkvæmt þessu eru mjög svo óheppileg ákvæði Nd.; þá má t. d. húsbóndi láta hjú sín vera að bera upp kol eða salt allan daginn, ef skip lægi með þeirri vöru fyrir opnu hafi, og svo þó að þetta verk væri búið á miðaptni, þá fá þó hjúin ekki að hvíla sig það, sem eptir er dagsins, heldur má þá skipa þeim hvert það verk, sem húsbóndanum kann að þóknast, að láta þau gjöra. Vinnan vex heldur ekkert við þessa tilhögun, því þegar menn hafa unnið 6 daga vikunnar, þurfa þeir hinn 7. sjer til hvíldar. Það getur vel verið, að sumir vilji allt eins vel vinna á sunnudegi, en hvíla sig einhvern annan dag vikunnar, en æskilegt álít jeg þó, að almenningur hafi fastákveðinn dag sjer til hvíldar.

Lausamenn mundu að líkindum nota allt eins sunnudaginn, þegar þeim byðist

kaup, en ef þetta væri almennt leyft, mundi það leiða til þess, að hjúunum væri gjört lífið örðugra. Það mundi ennfremur verða níðzt á þægum og meinlausum hjúum á helgidögunum, og þeim svo engin hvíld gefin í staðinn, en lausamenn gætu vitanlega alltaf tekið sjer hvíldina sjálfir og þetta gæti því meðal annars orðið til þess, að leiða enn fleiri á lausamennskurólið, landi og lýð til óhamingju, eins og jeg hef áður minnzt á, við annað tækifæri.

Jeg held annars, að slík lög hlytu að verða þinginu til vanvirðu, og þjóðinni til vanþrifa.

Landshöfðingi: Jeg verð að taka það fram, að þessi viðauki Nd. við 1. gr. hefur mjög verið misskilinn af þingdm. hjer, Það var tekið fram í Nd. af framsögum. málsins þar, að hann væri settur til þess að sýna, að húsbændur ekki gætu skipað hjúunum meiri vinnu, en til er tekið í 2. gr. En Nd. hefur verið óheppin, þar sem 2 skarpir menn: h. framsögum. (H. Sv.) og h. þm. Strand. (G. G.) hafa skilið þetta gagnstætt því, sem til var ætlazt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (C. 284, 369); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 376); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum (C. 377); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og fjórði fundur, laugardaginn 12. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar sem æzta dómstóls í íslenzkum málum úr lögum (C. 286, 381); 3. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg gat þess við síðustu umr. þessa máls hjer í deildinni, að jeg mundi koma fram með viðaukatill., og liggur nú hjer fyrir tillaga frá mjer og tveimur h. þm. um að auka dómendunum í yfirrjettinum um 2, og gjalda þeim 3500 kr. hvorum fyrir sig í árslaun. Þegar mál þetta var rætt hjer síðast í deildinni, leit út fyrir, að till. í þessa átt mundi ná fram að ganga, en síðar hef jeg heyrt utanfundar, að menn ætluðu sjer að fella hana. Viðaukatill. okkar fer þó ekki fram á annað, en að dómendunum í yfirrjettinum sje fjölgað til tryggingar fyrir landsmenn sjálfa, svo meiri vissa sje fyrir því, að dómararnir verði vel skoðaðir rjettvísir. Jeg skal ekki tala neitt frekara um þetta, fyr en jeg heyri, hvernig menn taka í þetta, en ef það er af hræðslu fyrir, að Nd. muni fella frv., þá skal jeg benda mönnum á, að verið gæti, að það fjelli á einhverjum öðrum stað, ef viðauki þessi næði ekki fram að ganga.

Sigurður Stefánsson: Jeg gat þess við 2. umr., að jeg mundi skoða huga minn um áður, hvort jeg greiddi atkv. móti þessari breyt.till., vegna þess, að jeg álít það mikils vert, að sem mest trygging sje fyrir því, að málin sjeu vandlega skoðuð, en samt sem áður hygg jeg, að í bráðina sje ekki brýn nauðsyn til þessarar viðbótar, og nægur tími til að bæta við dómendum í yfirrjettinn, þegar menn sjá, að yfirrjetturinn, eins og hann nú er skipaður, ekki er vaxinn þeim störfum, sem hann á að leysa af hendi. Jeg fyrir mitt leyti er ekki neitt hræddur um þetta, og sje því enga nauðsyn til að fjölga dómendunum að sinni.

Af þessum ástæðum mun jeg greiða

atkv. móti viðaukatill., þótt hún í sjálfu sjer sje rjett og að eins til bóta; jeg vil láta reynsluna skera úr, hvort nokkur „*þörf*“ sje á henni.

Hvað viðvíkur skoðun Nd. þá læt jeg mjer hana litlu skipta, ef jeg að eins álít það nauðsynlegt, og væri þessi viðaukatill. að minni hyggju nauðsynleg, þá mundi jeg óhikað gefa henni atkv. mitt án tillits til þess, er Nd. hugsaði í þessu máli.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg get ekki fallizt á, að nokkurt vit sje í að fresta þessu. Hversu margir geta verið búnir að verða fyrir ranglæti, áður en þetta kemst á. Jeg skil eigi, að þetta megi dragast; þegar yfirdómurinn er búinn að fá það álit, að hann geti ekki staðið í stöðu sinni, þegar hann er búinn að eyðileggja mál fyrir svo og svo mörgum, þá er um seinan — þó fólk yfir höfuð sje raunar alls ekki fært um að dæma um slíkt — þá finnst mjer nokkuð seint að fara að kippa þessu í lag, þegar ill raun er á orðin.

Sigurður Stefánsson: Væri jeg hræddur um. að yfirrjetturinn mundi eyðileggja mörg mál, eða dæma ranga dóma, mundi jeg greiða atkv. með þessari viðaukatill. en nú er jeg alls ekki hræddur um það; og þó þessi breyting á dómsvaldinu, er frv. fer fram á komist á, fjölgar málum, er fyrir yfirrjettnn koma ekki svo mjög fyrir það, þar sem allur fjöldinn af þeim málum, sem nú eru dæmd, eru útkljáð til fullnustu af yfirrjettinum. Með því að störfin sem sagt ekki aukast svo mikið, þá sje jeg enga ástæðu til að bæta þessum tveimur dómendum við, og það því síður, sem reynslan hefur optast sýnt, að í yfirrjettinum sitja þeir menn, er þjóðin hefur hið bezta traust á og engin ástæða til að halda, að þetta muni verða öðruvísi síðar.

Þorleifur Jónsson: Jeg er á sömu skoðun sem h. þm. Ísf. (S. St.), að nógur tími sje til að bæta við dómendum í yfirdóminn, þegar reynslan hefur sýnt, að þess sje þörf, og mjer hefur skilizt á orðum h. 1. kgk. (L. E. Sv.) á síðasta þingi, að hann hafi þá verið á þeirri skoðun, að ekki væri þörf á að fjölga yfirdómendunum, þótt yfirdómurinn væri gjörður að æzta dómstóli landsins. Hann sagði á síðasta þingi: „Jeg hygg að tryggingin fyrir dómum yfirdómsins vaxi ekki við það, (að dómendum sje fjölgað), því að þess ber að gæta, að kollegialdómstólar eru ekki hafðir svo mannmargir, einkum í þeim tilgangi, heldur vegna hins, að störf þeirra yrðu annars svo mikil, og dómendur eru hafðir svo og svo margir til þess, að eigi þurfi allir að vinna í einu heldur geti verið til skiptis. En þessu er eigi svo varið með yfirrjettinn hjer“. Þá sagði hann að aðalástæðan fyrir sig til að vera á móti frv. væri, að þetta yrði 7000 kr. kostnaðarauki fyrir landssjóð á ári, án þess, að nokkur meiri trygging fengist fyrir því, að dómar yfirdómsins væru að nokkru leyti rjettari, þó tveimur dómendum væri bætt við. (L. E. Sv.: Maður hefur leyfi til að breyta skoðun sinni). Já, en áður en jeg get fallizt á hana verð jeg að heyra einhverjar sennilegar ástæður fyrir henni.

En hvað sem nú þessu líður, þá hygg jeg, að menn eigi að athuga þetta vel, þar sem um töluverða útgjaldagrein er að ræða fyrir landssjóð.

Hvernig skipa eigi annars þennan dóm, álít jeg enga þörf að tala um að þessu sinni. Það kemur ríkisþingi Dana ekkert við, og við getum ráðið því alveg sjálfir, þegar vjer höfum fengið það sem er aðalatriði þessa frv., að hæstarjettur dæmi ekki í málum vorum, heldur sje yfirdómurinn æzti dómstóll landsins. En ef við endilega viljum fjölga dómendunum í yfirdómnum mætti ef til vill gjöra það á annan hátt kostnaðarlítið. Ef t. d. lík lagakennsla kæmist á, og Nd. hefur á prjónunum gæti lagakennarinn verið „extraordinær“ dómari í yfirrjettinum, eða þá að

bæjarfógetinn hjer eða aðrir lögfræðingar hjer í bænum tækju sæti í rjettinum, þegar dæma ætti um ýms stórmál. Það mætti ef til vill koma þessu fyrir síðar á einhvern hátt, án þess það bakaði landssjóði nokkurn verulegan kostnað.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að lýsa þeirri skoðun minni yfir, að jeg verð að vera með hinu upphaflega frumv., og get ekki gefið þessari viðaukatillögu atkvæði mitt, af þeirri ástæðu, að mjer finnst hún allt of snemma uppborin, því jeg þykist sjá þess glögg merki, að menn eru ekki enn þá orðnir á eitt sáttir um, hvaða fyrirkomulag skuli vera á dómsvaldinu hjer á landi. Einn h. þm. (Þ. B.) hefur stungið upp á, að milli yfir- og undirrjettar sje skotið inn nýjum dómstóli, er einn maður skuli eiga sæti í; utanþings hef jeg heyrt þá uppástungu, að fjórðungsdómum sje skotið inn í, og h. þm., er síðast talaði (Þorl. J.), vildi, að fjölgað yrði dómendum um 2 menn að eins í einstöku málum; ennfremur væri hugsanlegt, að bæjarfógetinn í Reykjavík eða sýslumaðurinn í Gullbringu og Kjósarsýslu ættu sæti í yfirdóminum undir vissum atvikum. Hjer eru sem sagt hugir manna á ringulreið, enda finnst mér alls ekki eiga við, að leggja þetta fyrir ríkisþingið. Jeg held heldur ekki, að nein þörf sje að breyta frá því, sem nú er, og þar sem menn eru að tala um, að yfirdómurinn geti misst traust alþýðu, þá sje jeg ekki neina ástæðu til að búast við slíku, enda ganga dómarnir ekki svo fljótt fyrir sig, að ekki mætti kippa þessu í lag, áður en mikill skaði væri af því hlotinn. Jeg er líka hræddur um, að þeir, sem á annað borð hafa vantrú á yfirdóminum, mundu ekki fremur treysta honum, þótt bætt yrði tveimur mönnum í hann.

Úr því frumv. þetta hefur verið borið upp, þá er líklegt það hafi verið gjört með alvöru og með þeirri ósk, að það næði fram að ganga, og verð jeg því að vera móti breytingartillögunni, þar eð öll líkindi eru til, að frumv. muni þá daga uppi, ef hún kemst nú að, og værum vjer þá ver farnir, og yrði það að eins til að sýna, að engin samheldni eða meining væri í vilja þingsins, og því fremur verð jeg að vera móti tillögunni, þar sem hún ekki beinlínis kemur málinu við, því máli, að fá dómsvaldið inn í landið.

Jón A. Hjaltalín: Jeg hef hingað til gefið atkvæði mitt með frumv. þessu og mun gjöra svo enn, en samt með því skilyrði, að þessi viðaukatill. komist að. Þegar um þann dómstól er að ræða, sem verða á æztur dómstóll landsins, þá er áríðandi, að hann verði sem bezt tryggður og það verður hann áreiðanlega fremur, ef 5 menn eiga sæti í honum í stað 3. Það hefur opt komið fyrir, er dómendur að eins voru 3, eins og nú í yfirrjettinum, að 2 rjeðu úrslitum, þótt hinn 3. væri á öðru máli, og þá mjórra muna vant þegar svo er; þegar aptur á móti til hæstarjettar hefur komið, hefur kannske meining hins eina orðið ofan á. Þótt jeg sje kunnur fyrir það, að vera ekki sjerlega rífur á fje, er til útgjalda úr landssjóði kemur, þá verð jeg að segja, að hjer er sjerstöku máli að gegna, þar sem um æzta dómstól landsins er að tala og að gjöra hann svo vel úr garði, sem unnt er. Þessi dómstóll verður að vera vel tryggður, hann verður að vera öllum óháður. Dómendurnir í honum eiga bæði að vera vel launaðir og helzt engri annari sýslun hafa að gegna, Þótt við sjeum fáir er okkur æra, líf og fjármunir hvers einstaks eins dýrmætt og við værum fleiri. Við verðum að gjöra allt, sem í okkar valdi stendur til þess að við fáum góðan og veltryggðan dómstól.

Þorkell Bjarnason: Við 2. umr. þessa máls ljet jeg það í ljósi, að jeg helzt vildi, að dómarnir væru 3. Almenningur er orðinn því fyrirkomulagi vanur, hefur unað því vel og hefur haft gott traust á svo lagaðri dómaskipun, en þrátt fyrir þetta

get jeg fellt mig við viðaukatill. þá, er 3 h. þm. hjer í deildinni hafa komið fram með við frumv., því mjög mikil trygging er innifalin í þeirri fjölgun dómenda, sem þar er farið fram á. Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Strand. (G. G.), þar sem hann segir, að offljótt sje að koma með þessa breyting nú, fyr en reynt sje, hvernig hinum 3 dómendum yfirdómsins, sem eptir þessu frumvarpi eiga að vera æztu dómarar landsins, takist að fullnægja kröfum þeim, sem til þeirra eru gjörðar. Maður verður að ætla, að til þess að þetta frumv. geti orðið að lögum, yrði stjórnin fyrst að leggja það fyrir ríkisþingið og fá samþykki þess, en því til fyrirstöðu, að ríkisþingið samþykkti frumv., mundi það verða, ef þessi breyt.till. kemst ekki að. Vöntun þeirrar tryggingar, sem innifalin er í viðaukatillögunni, mundi verða frumv. til falls. Við megum ekki sjá eptir fjenu, þegar tala er um að tryggja dómaskipun vora og gjöra hana vel úr garði.

H. þm. Strand. (G. G.) sagði, að mál þetta væri ekki eins undirbúið og æskilegt væri. Jeg get ekki betur sjeð, en að þessi viðaukatill. miði að því, að búa málið betur undir eða gjöra það betur úr garði og því finnst mjer, að þeir menn, sem æsktu eptir, að það væri betur undirbúið, gætu gefið þessari viðaukatill. atkvæði sitt.

Ennfremur sagði sami h. þm. (G. G.), að þetta kæmi ekki ríkisþinginu við, það varðaði ekki um, hve margir dómendur sætu í æzta dómi vorum, en jeg ímynda mjer, að ríkisþingið taki fyllilega tillit til, hvort dómaskipun sje eins tryggð og vera ætti í því landi, sem er óaðskiljanlegur hluti ríkisins.

Ennfremur sagði h. þm. Strand. (G. G.), að hann bæri ekkert vantraust til yfirdómsins, en þó núna sitji í yfirdóminum menn, sem reyndir eru að rjettvísi og lagaþekkingu og sem velfærir eru til þess að hafa þann starfa á hendi, þá er ekki víst, að ávallt verði svo. Mjer finnst það liggja í augum uppi, að málin mundu betur skoðuð af fimm mönnum en þremur, og falli þessi viðauki, get jeg ekki greitt atkvæði með frumv., því jeg get ekki búizt við, að það þannig lagað nái fram að ganga á þeim stað, sem það þarf til þess að verða að lögum.

Landshöfðingi: Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er frábrugðið öðrum frv. í því, að þar sem önnur frumv. að eins þurfa samþykki alþingis og staðfesting konungs, til þess að verða að lögum, þá þarf hjer annars meira við. Í fyrsta lagi er það, að þegar búið er að samþykkja frumv. þetta hjer, þá er að vita, hvort dómsmálaráðgjafinn í Danmörku finni ástæðu til að leita samþykkis ríkisdagsins til þess, að dómsvald hæstarjettar, sem æzta dóms í íslenzkum málum, sje úr lögum numið. Nú mun hann taka tillit til þess, að það er í „interessi“ þegna konungs í Danmörku, sem hafa svo mikil viðskipti við þegna hans hjer á landi, að dómaskipun á Íslandi sje í góðu lagi, og það mun hafa mikla þýðing í hans augum, að dönskum „interessum“ sje hjer vel borgið, og er þá ekki að vita, hvort hann álítur þessu svo vel borgið, ef að eins hjeraðsdómur og yfirdómur gætu fjallað um mál höfðuð hjer á landi af eða móti þegnum konungs í Danmörku, að hann áliti sjer fært að fara fram á við ríkisþingið, að afnema dómsvald hæstarjettar. Hvort svo bæði þingin í Danmörku, bæði fólksþingið og landsþingið mundi á því, að breyta þessu, ef hann færi fram á það, skal jeg ekkert segja. En ef ríkisþingið í heild sinni vill samþykkja það, þá kemur loks til kasta konungs. Þetta frumv. verður því að ganga í gegnum marga hreinsunarelda, áður en það nær fram að ganga, og álít jeg það því mjög þýðingarlitið, hvort það nú nær samþykki þingsins hjer eða ekki; það verður að vera rætt og samþykkt í ríkisþinginu, áður en næsta þing kemur hjer saman, því annars er það samkvæmt 19.

gr. stjórnarskrárinnar af sjálfu sjer fallið. Sem sagt, jeg álít það þýðingarlítið, hvort frumv. þetta verður samþykkt eða ekki, af því jeg hef engar vonir um, að það nái samþykki hins málsaðilans.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil geta þess viðvíkjandi ræðu h. 6. kgk. (Þ. B.), að jeg lagði aldrei áherzlu á kostnaðinn við að fjölga dómurum í yfirdóminum. Jeg er honum alveg samdóma um það, að ekki er hægt að meta það til peninga, þegar tala er um að fá góðan, rjettlátan og vel tryggðan dómstól. Í þessu atriði erum við því alveg sammála, en í hinu getum við ekki orðið á sama máli, hvað fyrirkomulag og skipun dómsins snertir, eins og menn almennt ekki geta orðið á eitt sáttir með það. H. 6. kgk. (Þ. B.) álítur sjálfur, að heppilegast væri, að dómarnir væru 3, og ef nú stjórnin skyldi vera á sama máli, þá getur það alls ekki orðið til að ná hennar fylgi, þó vjer fastsettum slíkt ákvæði sem viðaukatill. fer fram á, og meira að segja, ef til vill neitaði stjórnin málinu um fylgi sitt, einmitt fyrir það, því ef hún áliti mesta trygginguna í því, að dómstólarnir væru ekki færri en 3, væri líklegt, að hún ljeti sig engu skipta hvort dómendurnir í æzta dómi væru 3 eða 5, og væru þá þýðingarlítil þessi ákvæði viðaukatill. Jeg skal enn ekki fara fleirum orðum um þetta, með því að líklega mætti segja, að öðrum væri það betur vaxið.

Sigurður Jensson: Jeg er þeim h. þingdm. samdóma, sem talað hafa í þá átt, að ekki væri enn tími til kominn að fara fram á það, sem til er tekið í þessari viðaukatill. við frumv. Ástæðan fyrir því er sú, að jeg verð að álíta, að vjer nú stöndum á vegamótum, þar sem nú stendur til breyting á stjórnarskránni. Ef hún nær fram að ganga, eins og vjer allir vonum og óskum, þá mun þetta mál verða tekið fyrir í sambandi við önnur mál, í sambandi við aðra breyting á dómaskipuninni, sem þá ef til vill mun ganga í þá átt, að fækkað verður öðrum embættum, um leið og dómaraembættunum við yfirrjettinn verður fjölgað. En meðan eins er ástatt og nú er, að vjer getum enga aðra breytingu gjört en þá eina að fjölga embættum, þá álít jeg rjettara að láta breytinguna bíða. Jeg verð að segja, að mjer þótti mjög sorglegt að heyra undirtektir hæstv. landsh. í máli þessu, að það mundi hafa enga eða litla þýðing, þó að þingd. samþykkti þetta frumv. Mjer kom þetta alveg á óvart, því fremur sem frumv. hefur fengið svo ágætar undirtektir í báðum deildum, bæði hjá fulltrúum þjóðarinnar og stjórnarinnar, svo að það er auðsætt, að í þessu máli eru allir hjer um bil einhuga. Ef það hefur litla þýðingu, að frumv. þetta verði samþykkt einhuga af báðum deildum alþingis, þá fer jeg að halda, að það hafi yfir höfuð litla þýðingu, að vjer komum hjer saman, sitjum hjer og samþykkjum lög. Það væri mjög fróðlegt að fá að vita, hvernig frumv. það ætti að vera úr garði gjört, sem hefði einhverja þýðingu fyrir þetta mál.

Landshöfðingi: H. þm. Barðstr. (S. J.) heyrði víst, hversvegna jeg hugði, að frumv. þetta hefði litla þýðing, þó að það yrði samþykkt. Það er, að jeg er sannfærður um, að ríkisdagur Dana mundi mjög seint og líklegast aldrei ganga inn á það, að sleppa dómsvaldi hæstarjettar í íslenzkum málum vegna þeirra „interesser", sem danskir þegnar hafa, er eiga einhver viðskipti við Íslendinga, svo að full trygging sje fyrir því, að þeir þurfi ekki að hlíta hlutdrægum dómum í sínum málum, og hingað til hefur verið álitið, að til þess þyrfti 3 „instansa" (dóma).

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 381) felld með 6:4 atkv. Frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 2, og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1890 og 1891 (C. 378); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um afnám gjalds af fasteignarsölu (C. 340); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 10 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um varnarþing í skuldamálum (C. 247, 389); frh. 1. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Þar sem þetta er 1. umr. málsins, skal jeg ekki fara neitt út í málið frekar, en að eins vísa til nefndarálitsins, sem jeg ímynda mjer, að sje fullkomlega skilmerkilegt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7 atkv. gegn 3.

Frumv. til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum (C. 377); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 376); 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Það er einn liður í þessu frumv., sem jeg ætla að leyfa mjer að fara fáeinum orðum um. Það er liður b í 6. gr., þar sem ákveðið er að veita 110 kr. fyrir peningaskáp úr járni handa Kjósar- og Gullbringusýslu. Það hafa engar upplýsingar komið fram um það, hvernig stendur á þessari upphæð, sem er í rauninni einkennileg. Jeg sje enga nauðsyn á, að slíkt sje borgað úr landssjóði. Það getur haft í för með sjer, að allir sýslumenn fari að heimta slíkt hið sama. Og jeg sje ekki annað, en þeir komist af án slíks. Þó að 110 kr. sje ekki mikil upphæð, þá getur hún orðið talsverð, ef beðið er um það sama úr 18 sýslum. Og svo er ekki þar með búið; ef embættismenn geta heimtað þetta smáræði, þá má vel búast við, að þeir komi alltaf með fleira og fleira, sem þeir þykjast ekki geta komizt af án.

Þó að jeg hafi ekki komið með neina breyt.till. nú, um að fella þennan lið burt, þá verður það við 3. umr., ef fleiri vildu vera með mjer um það. Æskilegast væri, að h. forseti vildi bera þennan lið nú upp sjer til atkvæða; það er engu spillt fyrir það, þó að hann verði samþykktur; en verði meiri hlutinn á móti, þá fellur hann, og þá þarf ekki að hafa fyrir að koma með breyt.till. til 3. umr.

Sigurður Jensson: Jeg verð að vera í þessu efni, á sama máli og h. þm. Strandm. (G. G.). Væri öðruvísi ástatt í þessari sýslu en öðrum sýslum, svo að ekki þyrfti að óttast, að aðrar kæmu á eptir, þá legði jeg ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði. En þar sem líkur eru til, að aðrir sýslumenn komi á eptir, og jeg verð að álíta, að það hefði ekki lítinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, þá get jeg ekki annað en verið á móti þessari fjárupphæð. Það má kannske mæla það með henni, að þessi peningaskápur, sem hjer er um að ræða, sje keyptur fyrir landssjóð, en ekki fyrir embættismanninn sjálfan. En það er lítil byrði fyrir embættismenn að kaupa sína skápa sjálfir, þar sem þeir líka geta átt von á, að geta selt þá aptur eptirmanni sínum; það hefur ekki mikla þýðing fyrir embættismennina, hvort þessu er þannig hagað eða ekki, en talsverða fyrir landssjóð, enda má búast við, að menn fari einnig að heimta, að landssjóður kaupi fyrir embættismenn ýmsa fleiri muni, sem mætti segja sama um sem skápana, að embættin þyrftu þeirra með. Mjer hefur hingað til ekki komið til hugar, að landssjóður þyrfti að bera þessi gjöld, og ef vjer látum þau viðgangast, þá geta fleiri

gjöld komið á eptir, sem vjer nú höfum enga hugmynd um.

Kristján Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að benda á, að það er ekki neitt sjerstaklegt fyrir þetta embætti, að peningaskápur er keyptur handa því fyrir peninga úr landssjóði. Öll hin stærri embætti landsins eiga þesshátta hirzlur; svo er því varið um embætti landshöfðingja, landfógeta, amtmannanna, biskups og bæjarfógeta í Reykjavík o. fl. Eptir að tollinnheimta og skattheimta jókst svo mikillega á áratugnum 1870—1880, sjerstaklega við skattgjaldabreytinguna árið 1877, og eptir því sem hún hefur stöðuglega aukizt síðan, munu flestir sýslumenn og bæjarfógetar, — að því mjer er kunnugt — hafa óskað þess að fá hirzlur, sem þeir gætu öruggt geymt í bæði fje og embættisbækur, þannig að þær fylgdu embættinu mann fram af manni. Þetta hefur og verið veitt bæjarfógetunum, að jeg ætla, og einnig ýmsum sýslumönnum, að því mjer er frekast kunnugt, og þessi umræddi peningaskápur hefur verið lagður sýsluembættinu í Kjósar- og Gullbringusýslu með tilliti til þess, að í þessari sýslu er ein hin mesta peninga-innheimta, þegar hún er borin saman við aðrar sýslur landsins. Það eru að jeg ætla, að eins Reykjavík, Ísafjörður með Ísafjarðarsýslu og Akureyri með Eyjafjarðarsýslu, sem standa henni framar í því efni. Það er ósanngjarnt að láta þetta embætti sæta lakari kjörum, en þessi nýnefndu embætti, eða yfir höfuð önnur sýsluembætti landsins. En það getur nú ekki orðið neitt af því, að liðurinn verði feldur burtu, því að engin breyt.till. er fram komin, og jeg vona að hún komi ekki.

Sigurður Stefánsson: Það er að eins örstutt athugasemd, er jeg vildi gjöra. Jeg get tekið undir með þeim, sem hafa sýnt fram á, að nauðsyn sje á þesshátta hirzlum, sem hjer er um að ræða, og að það sje all-eðlilegt, að embættismenn borgi þær ekki sjálfir, heldur landssjóður Og þó allar sýslur á landinu fengju þess háttar hirzlur, þá yrði það ekki svo mjög tilfinnanlegt fyrir landssjóð, hann veitti það í eitt skipti fyrir öll. En það er annað atriði í þessu máli, sem jeg vil sjerstaklega taka fram, sem er, að stjórnin hefur hjer án heimildar greitt fje úr landssjóði fyrir skáp þennan, án þess að samþykki fjárveitingarvaldsins lægi fyrir. Frá minu sjónarmiði get jeg sem sagt ekki verið á móti þessari fjárveitingu til að kaupa peningaskáp, sem nauðsyn er að, en jeg vil að eins hafa á móti því, að fje sje þannig tekið fyrirfram, eins og stjórnin hefur gjört í þessu atriði, heldur eigi hún í hverju einstöku tilfelli að leita samþykkis fjárveitingarvaldsins. Jeg get heldur ekki talið það neitt ómak fyrir stjórnina, þó hún setti slíka fjárpósta inn á fjárlögin, samkvæmt beiðni frá sýslumönnum, sem hafa mikla gjaldheimtu, og þó að allir sýslumenn fengju styrk til að kaupa þesshátta peningaskápa, þá færi sú upphæð, sem gengi til þess, aldrei upp úr 3000 kr., og það yrði ekki mjög tilfinnanlegt fyrir landssjóð.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er ekki á því, að styrkur þessi sje nauðsynlegur þrátt fyrir það, þó að sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu hafi mikla gjaldheimtu og hún hafi vaxið mikið. Jeg ímynda mjer, að menn borgi optast tollinn í ávísunum, og að sýslumenn safni ekki svo peningum fyrir, að þeir þurfi að geyma þá lengi, og þó að þeir þurfi að hafa þá hjá sjer kannske 2—3 daga, þá þurfi þeir ekki að geyma þá í járntengdri hirzlu, fremur en þegar farið er með þá á milli, og hafa engar tryggar umbúðir um, svo að peningunum sje borgið. Þetta er mjög óþörf kvöð á landssjóð, og getur orðið til þess, að aðrar sýslur komi á ept-

ir, og biðji um sama, og eins jafnvel í sýslum, þar sem það er hreinn óþarfi.

Jeg skal játa það, að það er ef til vill nokkur meiri þörf í þessari sýslu en öðrum, en það er þó ekki sá mismunur, að hægt sje fyrir hann að neita öðrum, sem koma á eptir.

Það var rjett, sem h. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að ekki væri heimilt að veita þannig fje, án samþykkis þingsins fyrirfram til þess, sem væri þó ekki því bráðnauðsynlegra; það er t. d. annað mál með fje, sem veitt er til vegabóta, til að ljúka við nauðsynjaverk, upp á væntanlegt samþykki þingsins, en þetta er að eins smáræði í mínum augum, og engin bráð nauðsyn.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg sje ekki neina verulega ástæðu á móti því, að samþykkja þessa fjárveiting, sem hjer er um að ræða. H. þm. Strandam. (G. G.) sagði, að sjer fyndist, að löggjafarvaldinu hefði ekki legið neitt á að veita þetta fje, fyr en það hefði leitað samþykkis þingsins og það hefði mátt bíða þangað til. Jeg veit að vísu ekki, hvenær beiðni um þetta, sem hjer er farið fram á, hefur komið fram, en ef hún hefði komið fram t. a. m. að nýafstöðnu alþingi 1889, þá hefði verið langt að bíða til þess, að þessari beiðni væri sinnt af þinginu. Og ef slys hefði hent, ef kviknað hefði t. d. á þessu millibili í húsi hlutaðeigandi sýslumanns, og það getur alla hent, þá hefði þótt eins gott, að peningar og bækur embættisins væru geymdar í tryggilegum stað. Setjum nú svo, að sýslumaður hafi mörg þúsund króna undir höndum, og eldsvoði kemur svo upp, og allt fjeð tapast. — Hver ber þá skaðann? Ætli sýslumaður ætti að borga hann, kannske 20—30000 kr.? Það væri harla ósanngjarnt, og svo gæti enginn sýslumaður það. Það væru ekki nema örfáir menn, sem gætu staðizt slíkt.

Það vill nú svo vel til, að enginn eldsvoði hefur orðið nú, hvað þetta mál snertir. En eins *gat* það vel komið fyrir fyrir það, og þá hefðu menn sagt annað, en sumir nú; þá hefði mönnum þótt heppilegra, að til hefðu verið öruggar umbúðir til að geyma fje og annað í, svo að það hefði eigi orðið eldinum að bráð.

Mjer þykir það nokkuð hart, að umboðsstjórnin megi ekki bæta úr þess háttar vankvæðum, sem full rök eru færð til, að þörf sje á að gjöra sem fyrst, og það þegar ekki er um meira en einar 110 kr. að ræða. Það er heldur ekki eins og þetta fje sje strax eytt og horfið, sem veitt er til að kaupa fyrir þennan peningaskáp, heldur er þar með keypt gagnsöm eign fyrir landssjóðinn, sem getur fylgt embættinu marga mannsaldra, og jafnvel um margar aldir. — Það er því lítil sem engin ástæða að neita samþykkis á slíkri fjárveiting sem þessari.

Sigurður Stefánsson: Þó að lítil ástæða sje til, eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, að neita þessari fjárveiting, þá finnst mjer samt varúðarvert að láta hana orðalaust fá framgang, ef stjórnin skyldi leyfa sjer framvegis að veita þess háttar einstakar fjárupphæðir, án þess þær sjeu heimilaðar í fjárlögunum. Sje slíkt látið alveg orðalaust, getur svo farið, að stjórnin verði nokkuð stórtæk upp á væntanlegt samþykki þingsins. *(Hallgr. Sveinsson:* Það eru til óviss útgjöld). Þó að það sjeu til óviss útgjöld, þá geta alltaf komið nýjar bænir, sem fjárveitingarvaldinu hefur ekki komið til hugar að greiddar væru af þeirri fjárveiting, og þá er eðlilegt, að beðið sje eptir áliti þingsins um þær.

Það er ekki af því, að jeg vilji ekki samþ. þessa fjárveiting nú, því að jeg álít hana nauðsynlega, enda þótt jeg sje á þeirra máli, sem álíta, að ekki hefði þurft svo bráðlega að veita fjeð og endilega útborga það, því að embættismanninum var innan handa að koma með fjárbeiðni í þá átt á síðasta þingi, ef það hefði verið svo

nauðsynlegt, að það væri veitt strax á eptir, svo að jeg get ekki lagt áherzlu á það.

Jeg vil ekki, að stjórninni sje komið upp á það, að veita þess háttar fje fyrirfram, og orðalaust sje gengið fram hjá því.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skil svo stöðu stjórnarinnar, að hún eigi að sjá um, að fje eða eigur landssjóðs fari ekki forgörðum á neinn hátt. Setjum nú svo, að partur af nýju brúnni á Ölfusá skemmdist, ætli stjórnin væri þá ekki skyldug til að sjá um, að úr því yrði bætt, þó að ekki væri neitt fje veitt til þess á fjárlögunum. Ef hún veit, að 10—50000 kr. af landssjóðsfje er geymt að eins í einföldum trjekassa, þá má hún ekki láta það dragast, að kaupa sem fyrst tryggar umbúðir til að geyma fjeð í. Þó að menn segi, að hún hefði átt að gjöra það fyr, þá er ekki víst, að stjórnin hafi annað vitað, en að fjeð væri geymt á öruggum stað hjá sýslumanni.

Þorleifur Jónsson: Það er allt öðru máli að gegna um dæmi það, sem h. 1. kgk. (L. E. Sv.) tók um Ölfusárbrúna. Það verður að gætá þess, að þeir sem hafa á hendi gjaldheimtu og innheimtu á fje landssjóðsins hafa fengið embættin með þeirri skyldu, að ábyrgjast fjeð, koma því í landssjóðinn og varðveita það þangaðtil, svo að það er embættisskylda þeirra að gjöra það. Þeir hafa vitað að hverju þeir hafa gengið í því efni og það er því landssjóði alveg óviðkomandi. Það er þeirra skylda, að leggja til skápa til að varðveita fjeð. Bæði af þeirri ástæðu og öðrum, sem fram hafa verið teknar, verð jeg að hallast að þeim, er mæltu á móti þessari fjárveiting og sjerstaklega verð jeg að vera á móti því, að tekið sje fje til þess að þinginu fornspurðu; til þess er engin heimild. Það hafa einnig endurskoðendur alþingis tekið fram, og þess vegna er þetta tekið hjer upp í fjáraukalögin. (*Kr. Jónsson):* Það er einmitt þess vegna). Það er sem jeg segi, en jeg tók þetta fram í tilliti til þess sem h. 2.kgk. (H. Sv.) sagði áðan. — Þetta getur haft ekki svo litlar afleiðingar í för með sjer, og allmikil útgjöld. Það getur leitt til þess, að aðrir sýslumenn, umboðsmenn, póstafgreiðslumenn og jafnvel brjefhirðingamenn fari einnig að fá skápa, og svokoma ef til vill prófastar og prestar á eptir.

Það er komið, og á að vera komið undir þinginu, hvort það vill veita þessháttar fjárstyrk og það á ekki að líðast, að hann sje veittur að þinginu fornspurðu. Jeg verð að leggja áherzlu á það. En til þess að hlífa landssjóði við þessum kostnaði framvegis, mætti veita lán upp á embættin til að kaupa skápana, t. d. til 28 ára eða lengur. Mjer finnst það ekki óeðlilegt, þar sem það verður að skoðast embættisskylda þessara embættismanna, að ábyrgjast fje það, sem þeir hafa undir höndum fyrir það opinbera, og skjöl embættanna. Þannig veit jeg, að hefur verið byggt hús við landshöfðingjabústaðinn með láni úr landsjóði til 28 ára, og á þann hátt má einnig útvega embættismönnum þessa skápa, sem eru í rauninni nauðsynlegir

Jeg hef ekki talað þessi orð í þeim tilgangi að fella þessa fjárveiting í þetta skipti, heldur mest til þess, að fje verði ekki framvegis tekið til þess að þinginu fornspurðu.

Hallgrímur Sveinsson: Það er auðskilið, að þetta er nú komið inn á fjáraukalögin, af því að yfirskoðunarmenn ekki hafa álitið, að næg heimild væri til að verja fje til þessa að fornspurðu fjárveitingarvaldinu. En þó svo sje er ekki ástæða til annars, en samþ. þetta nú þegar Jeg get ekki ímyndað mjer, að menn vilji sýna stjórninni óánægju sína á þann hátt, að neita þessu samþykkis. Stjórnin hefur þegar fengið nægilega áminningu þessu viðvíkjandi.

Þorleifur Jónsson: Þótt þetta nú sje

komið inn á fjáraukalögin, finnst mjer það ekki nægileg trygging fyrir því, að fje verði ekki tekið framvegis til þess, að þinginu fornspurðu, því að jeg hef heyrt, að einn sýslumaður hafi fengið fje til hins sama, eptir að yfirskoðunarmennirnir höfðu gjört athugasemdir sínar við landsreikningana, og líklega eptir að stjórnin setti þessa fjárupphæð inn á fjáraukalögin. Hið sama hefði getað komið fyrir framvegis, ef ekkert umtal hefði orðið um þetta á þinginu. En eptir þessar umræður er síður hætt við, að þetta komi optar fyrir.

ATKVÆÐAGR.: 2—5. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 6. gr. stafl. „a“ samþ. í e. hlj.; 6. gr. stafl. „b“ samþ. með 8 atkv. gegn 2; 6. gr. stafl. „c“ og „d“ samþ. í e. hlj.; 1. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og fimmti fundur, mánudag 14. ágúst kl. $9^1/_2$ f. h. Allir á fundi.

Forseti lagði fram frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Þrítugasti og sjötti fundur, mánudag 14. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum (C. 377); 3 umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891(C. 376); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga (C. 402); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorl. Jónsson): Frv. þetta kemur nokkuð seint inn á þing, og skal jeg leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir, hvernig á því stendur.

Það var samþ. á þingmálafundi Húnvetninga áskorun um, að fá þennan stað löggiltan, og skorað á okkur þingm. sýslunnar, að fylgja því máli og flytja það. En því miður vorum við þingmenn sýslunnar eigi nógsamlega kunnugir þessum stað og vantaði okkur því upplýsingar um það. Þessar upplýsingar komu nú með síðasta pósti, og er lögð fram á lestrarsalinn bænarskrá um þessa löggildingu og er hún undirskrifuð af allt að 100 búendum sýslunnar.

Viðvíkjandi stað þessum, er það tekið fram af þeim, sem til þekkja, að þar sje hin bezta höfn, engu síðri en á Borðeyri, sem allir vita að er ágætis höfn. Að vísu er Reykjatangi skammt frá Borðeyri, lítlu norðar, en að austanverðu við fjörðinn og einmitt þess vegna eru það óskir manna í Húnavatnssýslu, að fá þennan stað löggiltan, til þess að komast hjá þeim vandræðum, sem á því eru, að sækja kaupstað vestur yfir fjörðinn til Borðeyrar. Það er um tvo vegi að gjöra, þá er sótt er til Borðeyrar austan úr Húnavatnssýslu, annaðhvort landveg í kring um fjörðinn eða þá sjóveg yfir fjörðinn. Landvegsferðin er 3—4 kl.tíma lestagangur og er yfir ár að sækja, sem á haustin eru opt svo uppbólgnar, að illfærar eru yfirferðar, og jafnvel stundum ófærar, og í leysingum á vorum eru þær illar yfirferðar. Það er því sjaldnar, að þessi leiðin er notuð, heldur fara menn jafnaðarlega sjóveg yfir fjörðinn. Það liggur í augum uppi, að sú ferð hefur mikla töf í för með sjer; bæði geta óhentug veður hamlað, og eins leggur fjörðinn á haustin jafnvel eptir eina frostnótt, þó eigi svo, að sá ís sje mannheldur. Þetta gjörir sjóferðina opt og tíðum mjög torsótta. — En þó að menn noti nú landleiðina, þá er eiginlega á eyðistað komið, er komið er til Borðeyrar. Þar eru hag-

ar litlir og ekkert vatn. Kaupmaður sá, sem þar er, hefur auk þess eignarráð á allri verzlunarlóðinni, svo að ekki er um að tala, að hægt væri að fá þar lóð til að reisa verzlunarhús, þótt einhver vildi gjöra það. Aptur á móti er takmarkalaust kaupstaðarstæði á Reykjatanga, og ef þar yrði löggiltur verzlunarstaður og verzlun risi þar upp, losuðust menn við þau ó-þægindi, að sækja yfir til Borðeyrar. Eins og jeg hef tekið fram, er höfnin við Reykjatanga mjög góð, nógir hagar, mótak og vatnsból hið bezta. Það er og mikill kostur við þennan stað, að þar austur undan er slakki í Hrútafjarðarháls, eða rjettara sagt, að hálsinn nær ekki lengra norður en þangað á móts við. Þar yfir er því opt hið bezta akfæri á vetrum, sem ekki á sjer stað sunnar yfir hálsinn, vegna berangurs og mishæða o fl. Þannig er það mjög margt, sem mælir með þessari löggildingu. Jeg ætla því, að jeg þurfi ekki að fjölyrða meir um þetta mál, og það því síður, sem mótspyrna sú, sem áður hefur verið gegn löggildingum verzlunarstaða sýnist nú á síðari tímum að vera horfin, bæði frá hendi þings og stjórnar. Jeg vona því, að h. þingdm. taki frv. þessu vel, og hygg jeg, að það hafi nægan tíma til að komast í gegnum þingið, ef það fær að ganga tafarlaust, svo að það geti orðið að lögum, þó að það sje ekki komið inn á þing fyr en þetta.

ATKVÆÐAGR.: Fv. vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1890 og 1891 (C. 378); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Tekjurnar samþ. í e. hlj.; gjöldin samþ. í e. hlj.; athugagr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 423); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Þetta hið umfangsmesta mál þingsins er nú loksins komið hingað í vora deild á 3. degi eptir að hinn lögákveðni þingtími er útrunninn. Jeg get ekki stillt mig um að láta í ljósi það álit mitt, að h. systurdeild vor sýni þessari þingd. minni nærgætni, en sanngjarnlegt er, með því að ljúka eigi við málið fyrir sitt leyti fyr en þetta, þar sem þessi deild getur nú eigi haft meira en tæpan $^1/_4$ hluta af tíma þeim, sem von er um að þingið standi, til þess að ræða þetta vandasama og yfirgripsmikla mál. Þessi h. þingd. hefur þó fullkomlega eins þunga og eins helga skyldu að vanda sig á þessu máli, eins og hin deild þingsins, og til að íhuga það og öll þess mörgu sjerstöku atriði rækilega.

Jeg skal svo eigi eyða hinum dýrmæta tíma þingsins með því að fjölyrða meira; en að eins leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kjörin til þess að íhuga frv.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Jón A. Hjaltalín	með	9 atkv.
Guðj Guðlaugsson.	—	9 —
Sig. Stefánsson.	—	9 —
Hallgr. Sveinsson.	—	8 —
Þorl. Jónsson.	—	6 —

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 145); 3. umr.

Kristján Jónsson: Jeg hef hingað til greitt atkv. með þessu frv., eins og það liggur nú fyrir hjer, og hef jeg gjört það í þeim tilgangi, að það yrði athugað og skoðað ítarlega og nákvæmlega af þessari h. þingd. Mjer finnst þetta frv. þó athugavert í ýmsum atriðum; en engar breyt.till. hafa þó komið fram við það, jafnvel þótt nægur tími hefði til þess verið.

Það eru einkum 3 atriði, sem mjer þykja ærið athugaverð í þessu frv. Eins og opt hefur verið bent á áður, þegar mál þetta hefur verið til meðferðar, eru

ekki í frumv. þessu fullnægjandi ákvæði um, á hvern hátt eða hver bera skal undir úrskurð konungs málefni þau, sem hann sjálfur á að ráða til lykta, og sem ræðir um í 6., 7., 16., 17. og 19. gr. frv. Það er ekkert um það ákveðið, að ráðgjafi skuli vera við hlið konungs, þá er þessum málum er ráðið til lykta; en það er öldungis nauðsynlegt, ef stjórnarskrá sem þessi á fram að ganga, að sett sje ákvæði um það, að maður með ráðherravaldi sje við hlið konungs í Kaupmannahöfn í þeim málum, sem samkv. þessum greinum liggja undir úrskurð konungs, og að sá maður síðan beri ábyrgð á tjeðum stjórnarráðstöfunum fyrir alþingi. Á þetta benti og h. 5. kgk. (J. A. Hj. við 2. umr. um þetta frv., en þó fannst mjer, að athugasemdir hans færu nokkuð í aðra átt en mínar.

Þó að jeg álíti þetta atriði svo mikilsvert, að það verði að ráða úrslitum málsins nú á þingi, er þó ýmislegt fleira, sem jeg álít, að ætti að breyta í frumv. þessu. Þannig álít jeg rjett, að afnumin væri tvískipting þingsins; jeg álít heppilegast, að það væri að eins ein deild (eða einskipt). Fyrir okkar fámennu þjóð, þar sem stjettamismunur er mjög óverulegur, er það sannkallað glingur að hafa tvískipt þing, og jeg get ekki sjeð, í hvaða skyni það fyrirkomulag á að vera, nema ef vera skyldi til þess, að þingdeildirnar geti komizt í hár saman, eins og stundum hefur komið fyrir.

Jeg álít ekki heppilegt, að því sje sleppt, að stjórnkjörnir þingmenn hafi sæti á þingi. Jeg hygg, að ekki sjeu full rök fyrir því, eptir því sem til hagar hjá oss, að það fyrirkomulag sje með öllu afnumið. Ef að eins þjóðkjörnir þingmenn eiga að sitja á þingi, óttast jeg að ekki sje næg trygging fyrir því, að ætíð sjeu á þingi menn, sem hafa nægilega þekkingu á landsstjórnarháttum vorum, og æskilega reynslu, að því er snertir rekstur opinberra embætta, sem er harla þýðingarmikið. Þá hygg jeg og, að rjett væri að breyta í ýmsu ákvæðunum um meðferð lagafrumvarpa á alþingi. Það væri meiri trygging fyrir, að frumv. væru vel úr garði gjörð, ef þau væru rædd við 4 umr. þannig, að við 4. og síðustu umr. væri greitt atkv. um frumv. „en bloc“ eða í einu lagi, án þess að breytingartill. þá gætu komizt að. Það eru opt hreinustu vandræði á þingi, þegar breyt.till. koma fram við frumv. til 3. umr. Mönnum er opt og tíðum ekki ljóst, hvernig frumv. lítur út á eptir, þá er búið er að setja inn breyt.till. við 3. umr. Við síðustu umræðu ættu alls ekki að koma breyt.till. heldur að eins greiða atkv. um málið í heild sinni, eins og það þá liggur fyrir.

Þá eru það ákvæðin í 71. gr., sem jeg hef ætíð haft á móti. Jeg get ekki skilið, hvers vegna þarf að hafa sjerstakar og strangari ákvarðanir um það, hvernig breyta megi þessum lögum, eða hver sjerstök ástæða er til, að gjöra erfiðari og torveldari breytingu á þessum lögum, en á ýmsum öðrum stórum lagabálkum, sem hafa hina mikilvægustu þýðingu fyrir þjóðfjelagið, t. a. m. hegningarlögum, erfðalögum o. fl. Mjer getur ekki skilizt, að þessi greinarmunur á stjórnarskrárlögum og öðrum almennum lögum, þegar spurning er um að breyta þeim, hafi nokkra þýðingu. Eins og kunnugt er, eru þessi ákvæði komin upp um 1848, þá er þjóðirnar voru hræddar nm, að konungar mundu taka af þeim aptur það stjórnfrelsi, sem þær þá voru búnar að afla sjer, víða með mikilli baráttu. Þá var það ráð tekið, að gjöra breytingar á stjórnarskrárlögum torveldari, en á öðrum lögum.

Svo eru það ýmsar greinar í frumv. þessu, sem jeg get ekki fellt mig við. Og jeg skil ekkert í, hvernig á því stendur, að þeim skuli vera haldið ár eptir ár í stjórnarskrárfrumvörpunum. Svo er t. a. m. 61. gr. „Öll bönd þau, sem hamla

frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum". Hvaða þýðingu getur það haft, að setja svona grein í stjórnarskrá? Þessi bönd aftekur löggjafarvaldið að sjálfsögðu, þegar því þykir hentugt vera, og tími kominn til þess. Sama er að segja um 64. gr. um ritskoðun og 70. gr. um sjerrjettindi. Hvers vegna á þingið á þennan hátt að takmarka löggjafarvald sitt, og getur það gjört það? Jeg held ekki, og að þessar ákvarðanir sjeu í raun og veru þýðingarlausar. Ef alþingi áliti hentugt 1920 eða 1940 að innleiða ritskoðun, hví ætti það þá ekki að mega gjöra það, og geta gjört það?

Vegna þessara agnúa á frumv. þessu, get jeg ekki gefið því atkvæði mitt nú við 3. umr., þó að jeg sje mjög meðmæltur því, að stjórn vorra sjerstöku mála færist inn í landið, og að henni sje fyrirkomið svo haganlega og frjálslega, sem frekast má verða.

Sigurður Stefánsson: Þótt jeg ekki geti svarað öllum athugasemdum h. 3. kgk. (Kr. J.), með því að ekki er leyfilegt að fara út í einstakar greinar, nema með leyfi forseta, þá skal jeg þó leitast við að svara honum nokkrum orðum.

Hann gat þess, að hann hingað til hefði greitt atkvæði með þessu frumv., og verð jeg að játa, að jeg hef tekið það svo, sem hann einnig framvegis mundi gjöra það, og vænzt þess, að frumv. fengi að njóta þessarar velvildar hans lengur, en jeg hafði jafnframt búizt við því, að hann eins og aðrir þingmenn teldi það skyldu sína, að lagfæra það frumv., sem hann væri hlynntur, en sem honum í einstaka atriðum fyndist ábótavant, enda var h. þm. það innanhandar að koma með breyt.till. bæði til 2. og 3. umr., ef hann að eins hefði viljað. Hann sagði, að hann hefði búizt við, að þeir, sem hjeldu þessu frumv. fram, mundu koma fram með breyt.till.; en að það sje fremur skylda þeirra, getur mjer ekki skilizt, og það því síður, sem óhætt er að gjöra ráð fyrir, að þeir enga breytingu vilja hafa. Jeg held það ekki væri hentugt, ef þingm. ætluðu að fara að taka upp líka aðferð þessu, að sleppa að koma fram með breytingar þær, er þeir óskuðu, en greiða svo atkv. móti frumv. við 3. umr. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki þessa aðferð, og „parlamentarisk" er hún ekki. Annars skal jeg geta þess, viðvíkjandi mótbárum þeim, er h. þm. tók fram, að þær eru alls ekki nýjar, þær hafa heyrzt eins opt og frv. þetta hefur komið til tals, og verið að mínu áliti jafnopt hraktar.

Með því forseti hefur gefið leyfi til, þá skal jeg svara hverri einstakri af þessum mótbárum.

Það er þá fyrst, að honum þótti vanta ákvæði um, hvernig konungur skyldi fara að, ef til hans kasta kæmi, með mál þau, er frv. þetta ræðir um, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann yrði að hafa sjerstakan ráðgjafa sjer við hönd. Jeg skal í sambandi við þetta vekja athygli þm. á því, að þetta frv. fer alls ekkert út fyrir þau takmörk, sem dregin eru á milli hinna sjerstöku málefna Íslands og alríkismála, heldur fjallar að eins um Íslands sjerstöku málefni, og snertir ekkert hin almennu ríkismál.

Þá kemur 6. gr.; þar kom hann með þessa alkunnu mótbáru, sem við svo opt höfum heyrt, hvernig konungur eigi að fara að skipa landsstjórann. Jeg skoða skipun landsstjóra sem almennt mál, er allt ríkið í heild sinni varði um, og því sjálfsagt, að konungur skipi hann með einhverjum af sínum eigin ráðgjöfum. Það verk er ekki fremur sjerstakt fyrir okkur, því það bendir einmitt á, að Ísland heyrir alríkinu til, og skipun landsstjórans, þessa umboðsmanns konungsins, verði því að skoðast sem sameiginlegt ríkismál. Jeg

hygg því, að konungur þurfi ekki að lenda í neinum vandræðum með þetta, honum sje alvítalaust að framkvæma þessa athöfn með einhverjum af ráðgjöfum sínum.

Í 7. gr. er talað um undirskriptir konungs eða landsstjóra undir ályktanir, er snerta löggjöf og stjórn. Hjer getur ómögulega verið átt við aðra löggjöf, en hina sjerstöku löggjöf Íslands, og undirskriptir undir þær ályktanir, sem alþingi tekur; íslenzku ráðgjafarnir geta ekki undir aðrar ályktanir skrifað. Hjer getur ekki verið að tala um neinar ályktanir alríkið snertandi, heldur að eins alþingis. Löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, en landsstjóri er umboðsmaður konungs, er framkvæmir störf hans, og konungur hefur því enga þörf á öðrum ráðgjöfum í hinum sjerstöku málefnum Íslands, en hinum íslenzku ráðgjöfum, með því að hann eða landsstjórinn geta undir ekkert annað skrifað í hinum sjerstöku málum vorum, en það, sem þessir ráðgjafar ráða til.

Hið sama er að segja um 16. gr. Hjer getur heldur ekki verið átt við aðrar ályktanir, en þær, er snerta hina sjerstöku stjórn Íslands, og alþingi tekur. Um bráðabyrgðafjárlögin er einnig hið sama að segja; þau hljóta eingöngu að vera miðuð við Íslands sjerstöku mál. Hvað náðunarrjetti konungsins viðvíkur, þá held jeg það gjöri lítið til, með hvaða ráðgjafa konungur skrifar undir í þeim efnum, hvort heldur það er sínum eigin ráðgjöfum eða Íslands. Jeg held okkur Íslendingum standi hjer um bil á sama, þótt konungur láti einhvern af ráðgjöfum sínum skrifa undir náðun á einhverjum óbótamanni.

Þá talaði h. 3. kgk. (Kr. J.) um 61. gr., og sagðist ekki skilja, hvernig á þeim ákvæðum stæði í stjórnarskránni. Þessi gr. er einmitt tekin upp úr grundvallarlögum Dana, og stendur einnig í hinni núgildandi stjórnarskrá. Jeg skil ekki í, að nokkuð sje á móti því, að þetta standi í stjórnarskránni, og ef það ekki er skaðlegt, þá gjörir það ekki mikið til, þó það fái að standa, og það því fremur, sem það ekki fer fram á annað en eðlilegt er. Að því leyti held jeg, að þessi mótbára hafi ekki svo mikið að segja. Líkt er um 64. gr. Reynslan hefur sýnt, hvaða skaði getur af því hlotizt, ef beitt er ritskoðun og öðrum tálmunum fyrir prentfrelsi. Sagan hefur sýnt okkur, að hvaða skaðræðisvopni þetta getur orðið. Grein þessi er einnig sniðin eptir grundvallarlögum Dana, og stendur í hinni núgildandi stjórnarskrá. — Þá kemur 71. gr. Já, jeg skal játa það, að þau mótmæli skildi jeg ekki vel, jeg hef aldrei heyrt þau áður. Þessi ákvæði hafa verið látin óhögguð í stjórnarskránni á öllum þeim þingum, er hún hefur verið borin upp, án þess nokkur hafi talað eitt orð á móti þeim. Þegar um jafnmikilsvert mál er að ræða og stjórnarskrárbreyting, álít jeg rjett, að aðgangurinn sje ekki gjörður allt of greiður, og að rekinn sje varnagli við því, að menn rasi um ráð fram, með því að gjöra það að skilyrði fyrir því, að breytingin öðlist löggildi, að hún hafi verið samþykkt á tveimur þingum og hafi náð staðfestingu konungs. Mjer finnst, að jafn mikilsverð mál sem stjórnarskráin eigi að hafa sem mest, „stabilitet“. Hvað því viðvíkur, hvort betra sje að þingið sje einskipt eða tvískipt, þá á það ekki við, að vera að tala um það nú, og þm. hefði verið betra að koma með breyt.till. í tæka tíð, heldur en að vera að nefna það nú á síðasta stigi málsins. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, í þeirri von, að þingd. samþ. frumv. og stjórnin veiti því góðar undirtektir, því jeg vil ekki að svo stöddu búast við öðru. Jeg hef aldrei getað sjeð, hvern skaða danska alríkið geti beðið af því, þó vjer fáum að sigla vorn eigin sjó í vorum sjerstöku málum, og enginn af mótstöðumönnum þessa frumv. hefur sýnt

fram á það tjón, er af því gæti leitt. Frá sjónarmiði stjórnarinnar gæti jeg vel skilið, að hún hikaði sjer við að veita einum hluta ríkisins þau rjettindi, er til skaða gætu orðið fyrir allt ríkið í heild sinni, en meðan jeg ekki hef heyrt neinar sannanir fyrir því, að danska alríkið líði nokkuð við, að við fáum þetta frelsi, og meðan jeg ekki verð leiddur til betri þekkingar í þessu máli, en jeg þegar hef fengið, verð jeg að gefa þessu frv. atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6 atkv. gegn 5 og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju (C. 284, 369, 390); 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, þá ráðleggjum vjer hinni h. deild til að samþ. frv. með örfáum breytingum, og eru þær að mestu leyti orðabreyt. Það er þá fyrst, að nefndin leggur það til að orðin: „Eður á annan hátt verið sviptur frelsi“ falli burt í 1. og 2. málsgr. 1. gr. Okkur gat ekki skilizt, að dómari gæti svipt nokkurn mann frelsi á annan hátt, en með gæzluvarðhaldi, hvort heldur sem hann situr í opinberu fangelsi eða hjá hreppstjóra. Það er raunar ekki hætt við að dómstólarnir misskilji þessi orð, en menn yfirhöfuð kunna ef til vill að misskilja þau, sem sje á þá leið, að þau nái einnig til þess, ef einhver af prívatmanni er sviptur frelsi, og þá er þó ekki meiningin, að landsjóður borgi skaðabætur. Í öðru lagi vildi nefndin, að í 5. gr. kæmi orðið þjáning í staðinn fyrir skapraun. Henni þótt óviðfeldið tekið til orða, þar sem skapraun og smán eru mjög skyld, þar sem skapraunin er eðlileg afleiðing smánarinnar. Nefndin vildi, að það sæist að hlutaðeigandi ætti skaðabætur einnig fyrir líkamlega þjáning. Þá er 3. breyt.till. nefnd. við 5. gr., að fyrir: „eigi átt hegninguna skilið“ komi: „verið dæmdur að ósekju“. Nefndinni fannst þetta óheppilega orðað, og jafnvel geta valdið misskilningi, því vel getur hugsazt, að hann hafi átt einhverja hegning skilið, þó það hafi ekki verið endilega þessi hegning, er hann var dæmdur í, og þótti því bezt að taka upp orðin: „að ósekju“, sem einnig eru höfð í fyrirsögn frv. Það hafa komið fram nokkrar breyt.till. frá h. 2. kgk. (H. Sv.). Hin fyrsta er að í staðinn fyrir orðin: „hið ranga framferði“ í 2. gr. komi: „hið ótilhlýðilega framferði“. Jeg fæ eigi sjeð, að orðið ótilhlýðilegur sje betra orð eða glöggvara en rangur; ef það á að vera betra mál, þá er það ekki rjett, því það er ekkert annað en þýðing á danska orðinu „utilbörlig“. Önnur breyt.till. frá h. 2. kgk. (H. Sv.) er að í stað orðsins „felldur“ í 3. gr. komi: „uppkveðinn“. Jeg held að það gildi nú einu hvort heldur er, og í daglegu tali og eins í lagamáli er þetta orð að minnsta kosti brúkað iðulega, og líka er það notað í sambandi við annað orð, eins og t. d. sakfelldur, og þykir það þá gott mál. Jeg skal þó ekki vera neitt á móti þessari breytingu, en á því að orðið „neinum“ í 4. gr. næstsíðustu línu falli burt get jeg ekki verið. Það er einmitt haft til að taka það fram, að hvað lítil sök, sem hann hefur fyrir kröfu sinni, þá skuli hann ekki dæmdur í málskostnað. Það er haft til áherzlu; vitanlega gjörir það ekki mjög mikið til, þó það verði fellt burt, en jeg vildi þó helzt það fengi að standa. Að sinni skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með þrjár breyt.till. og af þeim hefur h. framsögum. (L. E. Sv.) ekki getað fallizt á tvær, en eina er honum nokkurn veginn sama um. Hvað hina fyrstu breyt.till. mína snertir, þá kunni jeg ekki við, að hafa orðið „rangt“, mjer þótti það hart orð og ekki eins viðfeldið

í munni eins og ótilhlýðilegur. Það var sem sagt ekki af því, að mjer fyndist ekki rjett að hafa það orð, er í frv. stendur, heldur að eins af því, að mjer fannst viðfeldnara að hafa „ótilhlýðilegur“, og það má vel vera, að það sje ekki heppilegra, þó mjer hafi fundizt það. Já, viðvíkjandi 2. breyt.till. minni um, að í staðinn fyrir orðið „felldur“ komi: uppkveðinn, þá er það að segja, að mjer ætíð, hvað opt sem jeg hef heyrt þetta orðatiltæki, þykir það óviðfeldið og jafnvel rangt, og þó jeg heyri það þúsund sinnum, og þó jeg viti, að það víða er haft í lögum, held jeg, að jeg aldrei geti fellt mig við það. Aptur á móti finnst mjer öðru máli að gegna með orðið sakfelldur, þar er orðið komið í annað samband. Jeg get aldrei setið á mjer, þegar jeg sje þetta orðatiltæki, „að fella dóm“ að breyta því. Viðvíkjandi 3. breyt.-till. minni við 4. gr. um að fella burtu orðið „neinum“ skal jeg játa það, að mjer þótti það standa þar undarlega. Jeg hugsaði það væri dómarans að dæma um, hvort krafan væri á rökum byggð eða ekki, og jeg fyrir mitt leyti hefði helzt kosið, að í stað orðsins „neinum“ hefði staðið „nægilegum“. Hversu lítilfjörleg og ónóg rök, sem maðurinn hefur haft, eru þau þó nægileg til að frelsa hann við málskostnað, og það get jeg ekki fallizt á, að sje rjett.

Annars skal jeg ekki gjöra neitt kappsmál úr neinum af breyt.till. mínum, og hvað orðinu „felldur“ viðvíkur, þá er það komið svo víða inn í lög vor, að það mun lítið hafa að þýða, hvort það stendur á einum fleiri eða færri stöðum. Það má vel vera, að mönnum þyki þessar breytingar mínar ekki á nægum eða kannske engum rökum byggðar, og er ekki annað en menn taka þær þá ekki til greina.

ATKVÆÐAGR.: 1. og 2. breyt.till. nefndarinnar (C. 369) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; við 1. br.till. (C. 390) við 2. gr. var viðhaft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Þorleifur Jónsson
Einar Ásmundsson	Guttormur Vigfússon
Guðjón Guðlaugsson	Kristján Jónsson
Hallgr. Sveinsson	L. E. Sveinbjörnsson
Sigurður Jensson	Sigurður Stefánsson.
Þorkell Bjarnason.	

Br.till. því samþ. með 6 : 5 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 2. br.till. (C. 390) við 3. gr. samþ. með 10 atkv.; 3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 3. br.till. (C. 390) við 4. gr. samþ. með 7 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; fyrri br.till. nefndarinnar (C. 369) við 5. gr. samþ. með 10 atkv.; síðari br.till. við sömu gr. samþ. án atkv.gr.; 5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 6.—9. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 249, 360, 396); 2. umr.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Jeg ætlaði að eins að fara nokkrum orðum um breyt.till. þá, sem fram hefur komið við frv.; aðalatriði hennar er að skerpa helgidagshaldið, sjerstaklega hinn almenna guðsþjónustutíma, eða frá kl. 10 f. h. til kl. 4 e. h., með því á honum að banna alla vinnu aðra en þá, sem óumflýjanlega nauðsynleg er. Á öðrum tíma helginnar má vinna hverja þá vinnu, sem nauðsynleg er til heimilisþarfa; þá mega menn einnig, þegar tíðarfar er mjög erfitt, bjarga atvinnu sinni, svo sem ganga að heyþurk, hirða sjávarafla sinn o. fl. er nauðsyn krefur. Það ákvæði breyt.till., að helgur dagur skuli ná til miðaptans, er í samræmi við tilsk. 28. marz 1855, en þessu var svo sem kunnugt er breytt með opnu brjefi 26. sept. 1860 þannig, að helgin skyldi standa daginn út.

Fyrir hönd nefndarinnar vil jeg geta þess, að þó nefndin sje í raun og veru ekki á móti þessari breytingu, þar sem hún miðar til þess að herða á helginni, þá álítur hún það þó varhugaverð ákvæði, að gjöra síðari hluta helgidaga eptir miðaptan rúmhelgan.

Nefndinni þykir það varhugavert að breyta þessu, þar sem ekki hafa komið fram almennar óskir frá þorra þjóðarinnar í þessa átt og allflestir virðast una vel við hina núgildandi helgidagalöggjöf. Að vísu játa jeg, að ákvæði hinna núgildandi laga eru eigi ákveðnari en svo, að þau geta orðið æðimiklum misskilningi undirorpin; en það sama er að segja um þetta frumvarp og mun að líkindum verða um hvert annað frumvarp, sem við gjörðum um þetta.

Aðalágreiningur manna er um 1. gr. frumvarps þessa, og komi menn sjer saman um hana, þá munu menn verða samdóma að öðru leyti, og finn jeg eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um hinar einstöku greinar, sem flestar eru í samhljóðun við hin gildandi lög, en að eins gagnorðari.

Í 6. gr. frv. þessa er ekki tekið fram, hvort kenna megi í skólum á helgum degi eða ekki, en ákvæði höfum við í hinum núgildandi lögum um það, að þetta sje eigi leyfilegt. Það er líka mjög eðlilegt, að ákvæði sjeu til um þetta, því lærisveinum getur verið gjört ómögulegt að vera við guðsþjónustuna, þó það alls ekki sje meining laganna. Þegar kennari skipar, að þennan dag skuli kenna, verða lærisveinar að hlýða og geta því ekki verið við kirkju.

Í 8. gr. er ákveðið, að bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum skuli ná yfir allan daginn, skírdag og föstudaginn langa, en í hinum núgildandi lögum er öll dymbilvika eða „hin kyrra vika“, sem þessir dagar eru í, talin heilög. Hvað þessum ákvæðum núgildandi laga viðvíkur, skal jeg geta þess, að helgi þessarar viku mun naumast nokkru sinni hafa komizt inn í meðvitund þjóðarinnar. Fyrir utan skírdag og föstudaginn langa eru hinir aðrir dagar þessarar viku almennt álitnir eins og hverjir aðrir vinnuhelgir dagar, og hefur því nefndin ekkert á móti, að þessu sje breytt.

Í 9. gr. er ákveðið, að kvöldið fyrir helgidag skuli engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis, en eptir hinum núgildandi lögum mega þær eigi standa nema til kl. 11, eða einum klukkutíma skemur. Nefndin vill enga áherzlu á þetta leggja, nje athuga neitt sjerlegt við það; en í sömu grein stendur, að kvöldið fyrir alla stórhátíðardaga skuli allar almennar skemmtanir bannaðar. Hjer vantar ákvæði um, hvenær helgin byrjar kvöldið fyrir stórhátíðardag, og mun það nú eiga að teljast frá kl. 6, eins og nú er siður. Jeg hef þá gengið í gegn um helztu athugasemdir, sem nefndin hefur að gjöra við hinar einstöku greinar frumvarpsins. En aðalmálið er, að nefndin álítur, eins og í nefndarálitinu stendur, að ekki sje rjett að gjöra breyting á helgidagalöggjöfinni fyr en í ljós komi almenningsvilji þar að lútandi og sterkar kröfur koma fram, kröfur, sem á gildum rökum eru byggðar um að breyta þessu.

Þorkell Bjarnason: Eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, er það sjálfsagt, að það getur orðið misskilningi undirorpið, hvað „raski friði helgidagsins“ og hvað ekki. Einn telur þessa vinnu röskun á friði hans, sem annar telur enga röskun. Jafnvel þegar tveir menn eru á kirkjuferð og sjá menn við heyvinnu eða einhverja aðra vinnu, þá getur öðrum þótt það röskun á friði helgidagsins en hinum alls ekki. En þegar maður nú skoðar stjórnarfrv., þá sjer maður, að það er meining hennar að leyfa almenna vinnu,

heyskap og róður og aðra vinnu, að svo miklu leyti, sem það hefur ekki hávaða í för með sjer við kirkjuna eða svo nálægt guðsþjónustugjörðinni eða kirkjunni, að það spilli andakt þeirra, sem á guðsþjónustuna hlýða.

Jeg er að vísu sannfærður um, að það eru æðimargir, sem óska, að frv. verði að lögum, eins og það nú liggur fyrir; að minnsta kosti varð jeg var við það í fyrra í Borgarfirðinum, er jeg bauð mig þar fram til kosninga, að það voru ekki svo fáir sem vildu, að frv. það sem var fyrir síðasta alþingi um þetta efni, hefði gengið fram. Jeg álít margt gjört lakara á helgidögum en að vinna, að minnsta kosti þegar nauðsyn krefur þess og jafnvel þó að það sje eigi, þegar trúarskoðun manna er svo vaxin, að þeir geta unnið án þess að særa fyrir það trúartilfinningar sínar. En þó hygg jeg, að þeir sjeu fleiri, sem mundu hneykslast á því, ef almenningur ætti við heyskap eða stundaði sjóróðra á helgum dögum, en hinir, og því hika jeg mjer við að gefa frv. atkv. mitt, því mjer sýnist, að meiri hlutinn eigi að ráða í þessu, sem í öðru.

Jeg þykist líka vita, að það eru ýmsir svo skapi farnir hjer á landi, að þeir gefa ekki mikið um kirkjur, klerka nje kristindóm yfirhöfuð. Ef nú frv. þetta yrði að lögum, þá mundu þeir nota ákvæði frv. fyllilega, jeg vil ekki segja til að storka þeim, sem eru móti ákvæðum frv., heldur til að láta skoðun sína fyllilega í ljósi á sunnudagshelginni, og ynnu því meir á helgum dögum en þyrfti. Eins og menn vita eru skoðanir í trúarefnum hinar viðkvæmustu og helgustu, og það yrðu mjög margir, sem gætu ekki unað því, að annað yrði á þeim unnið en það sem er nauðsynlegt, og hneyksluðust stórlega, ef helgidagurinn væri notaður sem virkur dagur. Af þessum ástæðum hef jeg komið fram með breyt.till. á þingskj. 396; reyndar hefur fallið burt nafn mitt á henni við prentunina, en jeg kannast við, að jeg er flutningsmaður hennar. Jeg vildi sem sje reyna að gjöra öllum til hæfis, er hlut eiga að máli, fyrst þeim, sem viðkvæmir eru í trúarefnum, með því að messutíminn væri hæfilega ákveðinn, frá kl. 10 f. h. til kl. 4. e. h., og að hann væri stranglega helgur haldinn, svo að ekki væri nein vinna leyfð nema að hún væri óumflýjanlega nauðsynleg, svo sem t. d. gefa pening o. s. frv. Hvað hinn tímann helgidagsins snertir frá morgni til miðaptans vil jeg, að leyfilegt sje að vinna fyrst og fremst þá vinnu, sem nauðsynleg er til heimilisþarfa og í öðru lagi, þegar bjarga þarf atvinnu og jafnvel róa, þegar fiskafli er góður, en ógæftir hafa gengið lengi á undan. Í þriðja lagi fer breyt.till. fram á það, að helgidagurinn sje ekki löghelgur frá miðaptni til miðnættis. Það getur opt komið sjómönnum vel að mega þá róa og eins getur þá komið sjer vel að mega hirða hey, og vinna annað við heyskap.

Til þess að taka fram, að helgidagarnir sjeu jafnframt hvíldardagar, sem þeir eru helgidagar, hef jeg komið með breyt. till. við 3. málsgr. 1. gr., að hjúum sje ekki *skylt* að vinna nein önnur verk en þau, sem nauðsynleg eru til heimilisþarfa t. d. gefa pening og nytka hann o. s. frv. og með þessari ákvörðun vildi jeg, að ljóslega kæmi fram, að helgidagurinn væri hvíldardagur og enginn þyrfti að vinna fremur en hann vildi. En húsbóndi gæti eins fyrir það samið við hjú sín um að vinna þennan tíma fyrir borgun eða borgunarlaust, eptir því sem þeim um semur, þó að menn fyrr hafi ekki getað unað við tilsk. 28. marz, 1855 að því leyti, sem hún löghelgaði daginn að eins til miðaptans, og vildu þá fá helgidaginn löghelgan til kvölds, sem fjekkst með opnu brjefi 26. sept. 1860, þá er hugsunarhátturinn nú mjög breyttur frá þeim tíma í þessu efni að minni ætlun. Jeg ætla, að enginn muni nú una því illa, þó vinna sje leyfð eptir miðaptan og að

það kæmi sjer vel í mörgum tilfellum. Jeg verð því að álíta, að breyt.till. mín sje til bóta og geti orðið bæði þeim að skapi, sem vilja halda strangt helgina um messutímann og hinum, sem rýmka vilja til. En ef breyt.till. kemst ekki að, þá greiði jeg ekki atkv. með 1. gr. frv., af því að jeg ætla, að ef hún yrði að lögum — en með henni er frv. fallið — þá mundi það særa meira trúartilfinningar margra manna en góðu hófi gegnir.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal ekki neita því, að mjer þykir miður farið, ef frv. þetta verður fellt, ekki af því að jeg sjái svo *verulega* miklar umbætur á helgidagalöggjöfinni, þó að það yrði að lögum, heldur bæði af því, að jeg tel það fremur til bóta, og að minnsta kosti alveg óskaðlegt, og af fleiri atvikum. H. 2. kgk. (H. Sv.) talaði um frv. og er hann auðvitað maður, sem er lögum viðvíkjandi þessu efni kunnugastur, og tók hann ekki hart á frv., þótt hann á hina hliðina rjeði frá að samþykkja það; einkum er það 1. gr., sem hann er mótfallinn og rjeði frá að samþykkja, en ef hún fellur, verð jeg að álíta, að fleiri greinar megi fara á eptir, eða með öðrum orðum, að frumvarpið verði þá til einskis nýtt.

Ástæðan fyrir því að mjer þætti miður, ef frv. fjelli er sjerstaklega sú, að úr því að það er nú ekki allskostar óaðgengilegt, og búið er að eyða miklum tíma á tveimur þingum til þess að ræða málið, þá vildi jeg að það næði fram að ganga, þó ekki væri til annars en að koma í veg fyrir, að það yrði til þess að tefja nú enn meiri tíma af næstu þingum, sem þó eru full líkindi til að verði, ef málið yrði nú fellt. Á síðasta þingi gekk það í gegnum Ed. og nokkuð á leið í Nd. og nú í gegnum Nd., og þetta á leið hjer í Ed. Ef það gengi svo þing eptir þing, gæti það orðið dýrt fyrir landssjóðinn.

H. 2. kgk. (H. Sv.) fann að frv., að það væri heldur slökun frá gildandi lögum; þetta er að vísu satt, sem betur fer, en í 1. gr., er þó einmitt bönnuð öll sú vinna, sem hefur þann hávaða í för með sjer, að hún raski friði helgidagsins. Mjer finnst það vera eitt aðalatriðið viðvíkjandi almanna friði á helgum dögum, að sú vinna sje bönnuð, er truflað geti guðsræknisiðkanir manna, en hitt álít jeg minna máli skipta, þó að einhver sje við þögula vinnu sína, svo lítið ber á, auk þess sem þeir, sem vinna geta verið eins góðir og guðhræddir menn, eins og hinir, sem ekki vinna, en máske eyða hvíldardeginum í andlegu og líkamlegu iðjuleysi eða öðru lakara. Hvað br.till. á þingskj. 396 við 3. málslið, 1. gr. viðvíkur þá álít jeg hana betri en það, sem stendur í frv. og er jeg fyrir mitt leyti þakklátur h. þm. (Þ. B.), fyrir að koma fram með hana. Jeg álít nfl. annað aðalatriðið viðvíkjandi þessum almannafriði það, að vinnuveitendur hafi engan rjett til að *skipa* hjúum sínum að vinna á helgidögum aðra vinnu en þá, sem óhjákvæmileg er til heimilisþarfa; auk þess er jeg þeirrar skoðunar, að löggjöf í þessu efni hafi ekki hálft afl, móti innri meðvitund þjóðarinnar og það er dagsatt, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði um daginn, að venjan væri orðin svo rík í þessu efni, að þó menn ekki einusinni þekktu lögin, mundu þeir engu síður halda helgan hvíldardaginn. Jeg fyrir mitt leyti verð því að vera með frv. og greiði einnig atkv. með 2. staflið breyt.till. h. 6. kgk. (Þ. B.)

Hallgrímur Sveinsson: Viðvíkjandi því atriði — sem hefur verið lögð áherzla á — hvort helgidagar frá miðaptni til kvölds skuli vera löghelgir eða ekki, þá hafa verið skiptar skoðanir um það efni. Ef sjerstaklega er átt við sjómenn, og menn segja, að þörf og nauðsyn sje á, að þeir geti róið seinni hluta helgidags, þá er mjer ekki kunnugt, að sú ástæða hafi við rök að styðjast. Þau 18 ár, sem jeg hef verið prestur hjer í þessu brauði, sem mjer er óhætt að segja, að meiri hluti

sóknarmanna eru sjómenn, hefur þetta því opt komið til greina, bæði milli mín og einstakra manna, og eins á safnaðarfundum, og varð jeg ekki annars var en að kvöldróðrar væru af flestum hinum ötulustu, beztu og framtakssömustu bændum ekki að eins taldir óþarfir, heldur jafnvel skaðlegir. Þeir væru ekki til annars en þreyta fólk og jaska það alla daga, hvort heldur helgidaga eða rúmhelga, jafnt nótt sem dag. Þeir fiskuðu líka eins vel með því að fara tímanlega að morgni dags, eins og þó að þeir færu seinni hluta dags, auk þess sem óþægindi er fyrir menn að vaka, þegar þeir eptir eðlilegri þörf eiga að njóta hvíldar, og óþægilegra að vaka á nóttunni en á daginn, þar sem hún er bæði kaldari og dimmari. Ef halda á sjer til þess, sem merkir og duglegir sjómenn segja, þá eru eptirmiðdagsróðrar lítils virði, svo að frá því sjónarmiði er ekki ástæða til að gjöra seinni hluta helgidaga rúmhelgan. Jeg hygg að svo muni vera víðast eða alstaðar, hvað sem annað snertir. Ef hey þarf að þurka í óþerrum eða bjarga þarf fiski undan skemmdum, þá er það leyfilegt jafnvel nú. En ef almenn vinnubrögð eru leyfð, þá hygg jeg að það verði ódrjúgt að bjóða vinnufólki að taka til vinnu á miðaptni og vinna til kvölds eða þar til dimmt er orðið. Það verða ekki nein veruleg vinnubrögð framin á þeim tíma, ef t. d. á að flytja hey heim nokkuð langan veg; það verða ekki not að þeirri vinnu, ef farið er til vinnu á miðaptni, nema þegar um örstuttan veg er að ræða. Ef það ganga 2—3 stundir í að fara fram og aptur, þá verður lítið unnið á þeim degi. *(L. E. Sveinbjörnsson:* Það er búið að binda kvöldið áður). Það getur verið að svo sje. En það er ekki nóg. Það er þó ekki smalað hestunum saman á laugardagskvöldin. Það þarf þá fyrst að fara að smala þeim saman, leggja svo á, fara á stað og láta upp o. fl. og flytja svo heim. Það verður ekki mikið unnið með því móti, þegar um að eins 3—4 klukkutíma er að ræða. Það eru því engin rök fyrir því, að vinna eða fjárafli manna verði meiri, þó að helgin verði tekin af seinni hluta helgidags. Það er ekki það atriði, sem gjörir það iskyggilegt, að aðhyllast þessa breyting, heldur að það í augum fjölda þjóðarinnar væri vanhelgun — mundi hneyksla almenning, að sjá það tekið af, sem þeir vilja halda og á að halda heilagt. Og jeg er hræddur um, að þessi ákvæði verði óvinsæl í sumum sveitum og muni valda hneyksli. Og ef það verður ekki heldur að neinum notum, ef það ekki verður neitt til atvinnueflingar, þá á því síður að leggja það á hættu að innleiða þennan sið.

H. 6. kgk. (Þ. B.) var á því máli, að ekki væri ugglaust, að þeir, sem miður væri gefið um kirkju og kristindóm, notuðu þessi ákvæði nokkuð freklega, ef ekki til að storka öðrum, þá að minnsta kosti til þess að gefa ekki neitt eptir og nota frelsið meir en góðu hófi gegnir, svo að þeir mundu misbjóða tilfinningum manna, og ef þessi ákvæði í frv. yrðu að lögum, mundu þau ekki verða til góðs, heldur hið gagnstæða.

H. þm. S.-Múl. (G. V.) tók fram, að það væri óviðfeldið og rangt að eyða tíma til þessa máls þing eptir þing og ekkert yrði svo úr því á endanum. En jeg gjöri nú ekki svo mikið úr því. Það er eins gott, að það sje ekki leitt í lög, sem skaðlegt er og betra að það sje gjört á endanum, sem er til gagns fremur en til ógagns, þó að tími nokkur gangi til þess.

Jeg tek það fram enn, að það er ekki fullkomlega ljóst fyrir mjer og fleirum, hvað meint er hjer með að „raska friði helgidagsins“ frá sjónarmiði h. þm. S.-Múl. (G. V.) og jeg vil beina spurningu í þá átt til h. þm., þar sem hann fremur öðrum óskar, að frv. nái fram að ganga. Er það að raska friði helgidagsins eða eigi, ef fjöldi manna í Reykjavík, á Ak-

ureyri eða Ísafirði eða öðrum fjölmennum kaupstöðum landsins reru til fiskjar hiklaust á helgum dögum, sem hvern annan dag, og á hvaða tíma sem væri? Væri raskað friði helgidagsins eða ei, ef það færi fram 2—300 faðma frá kirkjunni, svo að skarkali væri enginn, sem truflaði nokkuð guðsþjónustugjörðina? Þangað til jeg fæ glöggt svar upp á þetta, get jeg ekki látið af þeirri skoðun, að misboðið sje guðrækilegum tilfinningum, ef ákvæði þessi eru í lögunum. Af útskýring stjórnarinnar að dæma, liggur beinast við, að skilja það svo, og jeg fæ ekki skilið það öðruvísi, en að allur veiðiskapur og heyvinna sje leyfileg, ef að eins er ekki unnið rjett við kirkjuna. Nú má segja, að þó að allar fleytur í Reykjavík væru settar á flot, þá sje ekkert við það að athuga, þar sem það sje ekki rjett við kirkjuna, en 2—3 húsaraðir eru á milli, og væri því að eins framkvæmt það, sem lög leyfa. En þó mundi með því vera misboðið tilfinningum allra þeirra, sem eigi álíta svo og þeirra, sem þann dag ætla að nota guðsþjónustu, hvort heldur er í kirkjunni eða í heimahúsum, og sama hygg jeg yrði ofan á, ef almenningur væri í góðri tíð, og að nauðsynjalausu að heyvinnu. Jeg skal taka til dæmis, að þá mætti ekki vinna á Austurvelli að heyvinnu, þar sem hann er rjett við kirkjuna, en eptir frv. er leyfilegt að gjöra það á öllum öðrum stöðum hjer í bænum, slá, hirða hey og binda. Það er ekki bannað; það hefur ekki neinn skarkala í för með sjer, og er ekki rjett við kirkjuna.

Jeg álít því, að ákvæði frumv. sjeu mjög varhugaverð, og get jeg því með engu móti aðhyllst það.

Guttormur Vigfússon: H. 2. kgk (H. Sv.) lagði þá spurningu fyrir mig, hvort það væri að raska ró helgidagsins, ef öll fiskiskip bæjarins reru til fiskjar á helgidegi, þar sem þetta hvorki væri nálægt kirkju, nje heldur yrði neinn hávaði af. Þessu svaraði hann að nokkru leyti sjálfur, því ef tilfinningum manna er misboðið með þessu, þá raskar það friði helginnar. Jeg get ekki ímyndað mjer, að sú grýla komi fram fremur eptir en áður, að menn noti sjer þetta þannig, enda dregur málsgrein 1. gr. breyt.till. einmitt úr þessu, þar sem hjúunum er ekki gjört skylt að vinna annað þennan dag, en það sem bráðnauðsynlegt er til heimilisþarfa, *(Hallgr. Sveinsson:* En þegar allir eru orðnir lausamenn); þá held jeg að fleira þurfi að bæta og binda en helgidagalöggjöfina eina.

Þar sem jeg minntist á, að þetta frv. væri búið að eyða of miklum tíma frá þinginu nú að undanförnu, og væri því orðið of dýrt til að falla nú, þá held jeg við það af því, að lögin um helgihald jafnframt verða betri, ef þessar breytingar verða á þeim gjörðar, og af því að jeg vona, að það setji stýflu fyrir að eytt verði dýrmætum tíma í þetta þarflitla mál ár eptir ár. Þó máske ekki hafi komið óskir um breytingar á helgidagalöggjöfinni úr mörgum kjördæmum landsins, þá gaf þó h. 6. kgk. (Þ. B) upplýsingar um, að það væri ekki svo lítill áhugi á þessu í Borgarfirðinum, eða hefði ekki verið á kjörfundinum í haust, enda mun það svo víðar vera.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Mjer finnst svar h. þm. S.-Múl. (G. V.) nokkuð óákveðið. Hann segir, að allt raski friði helginnar, sem misbjóði tilfinningum manna. Jeg skil ekki, hvernig í dauðanum menn eptir því ættu að finna út, hvað er leyfilegt að gjöra og hvað ekki. Tilfinningar manna eru svo margskonar, einum finnst þetta misbjóða tilfinningu sinni, öðrum finnst það aptur á móti ekki, og til þess að finna út, hvað almennt þætti leyfilegt eptir þessu, yrðu menn þá að ganga um kring og safna atkvæðum. Þetta getur heldur alls ekki verið meining laganna.

Ákvæði laganna eiga að vera skýr og föst um það, hvað sje leyfilegt, og hvað ekki leyfilegt, ef allt á ekki að bera að sama brunni og fyr, að óvinnandi verði að framfylgja þeim. Það hefur einnig verið meining stjórnarinnar að afnema þá rjettaróvissu, sem hingað til hefur átt sjer stað viðvíkjandi helgidagalöggjöfinni, en verði þessum tilgangi ekki náð, og óvissan verði hin sama, þá er ekkert unnið við breytinguna.

Sigurður Stefánsson: Mjer finnst skylt að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, áður en gengið verður til atkvæða. Jeg er á þeirra máli, sem álíta enga nauðsyn beri til að breyta helgidagalöggjöf vorri. Mjer finnst það engum vafa undirorpið, að samkvæmt þessu frumv. er öll vinna leyfileg á á helgum degi, ef hún ekki fer fram svo nálægt kirkju, að ró guðsþjónustunnar raskist við það. Stjórnin hefur heldur ekki, eða hæstv. landsh. fyrir hennar hönd, borið á móti því að svo væri. Það hagar víðast hvar á landinu svo til, að alla vinnu má vinna svo, að ekki komi í bága við frumv. þetta eða án þess að raska friði guðsþjónustugjörðarinnar. Þetta frv. fer í þá átt að gjöra það leyfilegt, sem bannað er í opnu brjefi 26. sept. 1860. Það hefur verið mikið rætt um mál þetta og margskonar skoðanir komið fram. Sumir hafa jafnvel álitið, að það mundi heppilegast að nema úr lögum alla helgidagalöggjöfina, án þess að setja nokkuð í staðinn, og álít jeg það alls ekki heppilegt. Þrátt fyrir þessa stefnu frumv. að gjöra alla vinnu leyfilega á helgum dögum, þá eru ýms ákvæði í því, sem ekki eru samkvæm helgidagalöggjöfinni núgildandi, og mjög eru óheppileg, t. d. að banna sveitanefndum og hreppsnefndum að halda fundi á sunnudögum, því eptir tilskip. 1855 er leyft að tala um sveitamál á sunnudögum, og þessi ákvæði tilskip. eru mjög hentug, eptir því sem til hagar hjá oss í sveitum og að þetta er ekki leyft í frumv., sýnir að það er ekki sniðið eptir ásigkomulagi eða þörfum allrar alþýðu á Íslandi, heldur þessara fáu kaupstaðarbúa.

Enn fremur skal jeg geta þess, að mjer finnst nokkuð hjákátlegt sumt af því, sem undantekið er í 1. gr. og leyft er að vinna á helgum dögum. Jeg á hjer við það, þar sem stendur að bjarga megi mönnum sem í hættu eru staddir; að vísu er þetta einnig svo í tilskipuninni, en mjer finnst það samt nokkuð skrítið. Það stæði víst á sama, hverjar lagaákvarðanir, sem gjörðar væru um þetta, menn mundu ávallt álíta það siðferðislega skyldu sína að hjálpa þegar svo stæði á að bjarga öðrum úr sýnilegum lífsháska. Það er hlægilegt að vera að taka slíkt fram í lögum.

Í orði kveðnu lítur svo út, sem frv. þetta vilji takmarka töluvert vinnu á helgum dögum, en nokkuð mikið mun það samt komið undir lögreglustjóra, hve mikil þessi takmörkun verður. Í 11. gr. stendur: „Nú virðist lögreglustjóra að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminningu, er brotið hefur o. s. frv“. Það er því alveg komið undir því, hvernig lögreglustjóri vill framfylgja þessu, og hve langt hann vill ganga. Þetta er nokkur apturför frá því, sem nú er; það stendur auðvitað í tilskipuninni, að lögreglustjóri megi sleppa mönnum fyrir afsakanlegan misskilning, en skuli áminna þá og tjáir þá ekki upp frá því, að afsaka sig; þessu er hjer alveg sleppt.

Það hefur verið fundið að hinum núgildandi helgidagalögum, að þau væru tómar undantekningar, en eins má segja um frv. þetta, þar eru einar 5 eða 6 undantekningar frá aðalreglunni; *að því leyti* finnst mjer frv. þetta vera að eins stytt og endurbætt útgáfa af helgidagalöggjöfinni. Sumir hafa tekið það fram, að þó að helgidagalögin væru burtu tekin mundi lítið breytast í þessu á Íslandi og haldast eins fyrir það hið sama fyrir-

komulag, og getur það vel verið, en spurningin er hjer, hve nauðsynlegt er að breyta þessu, þegar þjóðin ekki æskir þess. Því hefur verið haldið fram, að þessi lög muni lítið taka til alþýðu á Íslandi og má það vel vera, því hún ber svo mikla virðingu fyrir helgideginum, að hún mundi að minnsta kosti ekki strax leyfa sjer að brúka helgidagana, eins og þá virku, þó henni væri leyft það. Það er alveg rjett, sem tekið hefur verið fram, að mjög fáir hafa óskað eptir breyting á þessum lögum; það getur verið einstöku lögreglustjórar, sem hafa fundið ástæðu til að gjöra breytingar á þessu, af því þeim hefur þótt örðugt að framfylgja lögunum, en jeg veit ekki, hvort rjett er að taka til greina þær óskir. Eins og h. framsögum. (H. Sv.) tók fram, held jeg, að arðurinn vaxi ekkert í landinu, þótt rýmkað væri til um helgidagahaldið, ástæður manna í peningalegu tilliti mundu harla lítið batna fyrir það. Hvað breyt.till. h. 6. kgk. (Þ. B.) viðvíkur þá álít jeg, að hún sje til bóta við frv., því hún færir það nær hinum núgildandi lögum. Hvað því viðvíkur, að þingið hafi þegar eytt dýrmætum tíma við mál þetta og megi því ekki fella það, þá verð jeg að geta þess, að mjer finnst betra að tíminn eyðist, án þess að það sje samþ., heldur en að eyða fyrst tíma og samþ. svo það, sem ekkert gagn er í. Stjórnin mun einnig hætta að koma með frv. þetta, er hún sjer, að hún getur ekki sannfært þingið um nauðsyn þess.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. (C. 396) felld með 6 : 3 atkv.; 2. br. (C. 396) samþ. með 6 samhlj. atkv.; 1. gr. þannig breytt felld með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Einar Ásmundsson
Þorleifur Jónsson	Guðjón Guðlaugsson
Gutt. Vigfússon	Hallgr. Sveinsson
L. E. Sveinbjörnsson	Kristján Jónsson
	Sigurður Jensson
	Sigurður Stefánsson
	Þorkell Bjarnasen.

2. gr. samþ. með 8 : 3 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Einar Ásmundsson
Þorleifur Jónsson	Guðjón Guðlaugsson
Hallgr. Sveinsson	Sigurður Stefánsson.
Kristján Jónsson	
L. E. Sveinbjörnsson	
Sigurður Jensson	
Þorkell Bjarnason	
Gutt. Vigfússon,	

3. gr samþ. með 9 : 2 atkv.; 4. gr. samþ. með 7 atkv.; 5. gr. samþ. með 6 : 1 atkv. 6. gr. samþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Einar Ásmundsson
Þorleifur Jónsson	Guðjón Guðlaugsson
Gutt. Vigfússon	Sigurður Jensson
Hallgr. Sveinsson	Sigurður Stefánsson.
Kristján Jónsson	
L. E. Sveinbjörnsson	
Þorkell Bjarnason.	

7. gr. samþ. með 6 atkv.; 8. gr. samþ. með 7 atkv.; 9. gr. samþ. með 6 atkv.; 10. gr. samþ. með 7 atkv.; 11. gr. samþ. með 6 atkv.; 12. gr. samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Guðjón Guðlaugsson
Þorleifur Jónsson	Hallgr. Sveinsson
Einar Ásmundsson	Sigurður Jensson
Gutt. Vigfússon	Sigurður Stefánsson
Kristján Jónsson	Þorkell Bjarnason.
L. E. Sveinbjörnsson.	

Fyrirsögnin felld með 6 : 5 atkv. Frv. fellt frá 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Þrítugasti og sjöundi fundur, þriðjudag 15. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á 2., 14. og

15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi (C. 341, 404); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og tekið er fram í nefndarálitinu er nefndin öll samdóma um, að frv. það, sem komið hefur hingað frá h. Nd. fer í rjetta stefnu, þar sem það vill rýmka um þau bönd, er liggja á verklýðnum og flestum kemur saman um að eru allóeðlileg. Þó hefur nefndin álitið rjett að gjöra dálitlar breytingar á frv., en þær eru svo vaxnar, að lítið er brugðið frá meginstefnu þeirri, er h. Nd. aðhylltist. Jeg vona því, að frv. mæti eins góðri viðtöku og það fjekk við 1. umr. þessa máls og óska jeg, að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.;

Frv. til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (C. 388); 1 umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.;

Frv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 356, 417); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Jeg sje ekki neina ástæðu til að fjölyrða um þetta mál nú. Nefndin, sem haft hefur málið til meðferðar, hefur rannsakað það ítarlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að málið fengi framgang. Í öllum verulegum atriðum eru lög þessi samhljóða öðrum lögum um bæjarstjórnir og sjerstaklega eru þau sniðin eptir lögum um bæjarstjórn á Akureyri; reyndar er nú komið, ef svo má segja, dálítið babb í bátinn eptir þeim fregnum, sem lesnar voru hjer upp um afdrif frv. í Nd. um laun bæjarfógeta á Seyðisfirði, en jeg óska samt, að h. deildarm. leyfi frv. að ganga til 2. umr., svo að á einhvern hátt megi koma að breyt. eða viðauka við það. Jeg hef hugsað mjer að setja í samráði við meðnefndarmenn mína nýja grein inn í frv. um það, hvenær lög þessi eigi að öðlast gildi eða þá að breyta 32. gr. á einhvern hátt.

Landshöfðingi: Jeg verð að álíta það tilgangslítið að samþykkja þetta frumv., eins og nú er komið, þar sem h. Nd. hefur fellt frv. um, að hinu nýja bæjarfógetaembætti á Seyðisfirði, sem hjer er farið fram á, að stofnað verði, verði veitt sömu laun og öðrum samskonar embættum, og jeg get ekki skilið, að stjórnin samþykki þetta frumv, meðan ekki er sjeð fyrir því, sem nauðsynlegt er til framkvæmdar þess, sem farið er fram á í frumv., nfl. launum handa viðkomandi bæjarfógeta. Þar að auki er ýmislegt í þessu frumv., sem mjer finnst ekki vera vel til fallið. Það er t. d. nokkuð stórt svæði, sem þessi nýi kaupstaður á að ná yfir, svo stórt að ekki er dæmi þess hjer á landi, og getur það orðið óþægilegt í framkvæmdinni.

Þar að auki kom það fram undir umræðunum í Nd., að ekki bæri svo brýn nauðsyn til að gjöra Seyðisfjörð að kaupstað. Þessi partur núverandi Seyðisfjarðarhrepps, sem menn vilja gjöra að kaupstað, mundi geta fengið fram allt, sem ætlazt er til að fáist með kaupstaðarhugmyndinni, ef hreppnum væri skipt í tvennt þannig, að þessi partur yrði hreppsfjelag fyrir sig, eins og t. d. Stykkishólmur eða Akranes. Mjer þætti eðlilegast, að það væri byrjað á þessu, og sjeð, hvort það mundi ekki nægja að greina hreppinn í tvennt, og það gætu menn gjört, án þess að leita þyrfti til löggjafarvaldsins. Jeg vildi því ráða deildinni til, að halda ekki þessu frumv. fram, heldur vísa þeim, sem óska þessarar breytingar þá leið, að fá hreppnum skipt í tvö sjerstök hreppsfjelög.

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Jeg skal ekki um það segja, hvort það muni vera tilgangslaust að halda þessu frumv. fram eða hvort það muni hamla því, að frumv. verði staðfest, að ekki eru nein lög um laun handa bæjarfógetanum. Jeg held að vel mætti reyna að bæta úr

því með ákvæðum í frumv. í þá átt, að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyr en sýslumannaskipti yrðu, eða að sýslumaðurinn, sem nú er, tæki að sjer bæjarfógetastörfin án nokkurrar aukaþóknunar. Líka gæti svo verið, að ákvæði mætti setja í þá átt, að lögin öðluðust gildi, þegar alþingi samþykkti lög um laun handa bæjarfógetanum á Seyðisfirði, því að nú hefur þinginu kannske fundizt launin of hátt sett, og hugsazt gæti, að þau yrðu veitt á næsta þingi.

Hvað stærðinni á hinum fyrirhugaða kaupstað viðvíkur, þá gjöri jeg ekki mikið úr því. Það er að vísu satt, að það er stórt kaupstaðarstæði, en það er þannig vaxið, að ekki er hægt að klípa af því, nema með því móti, að taka Vestdalseyri frá. Jeg skal taka það fram viðvíkjandi Vestdal, að ef Vestdalseyri á að fylgja kaupstaðnum, sem jeg álít að rjett sje, þá verður Vestdalur einnig að fylgja, því bæði er það svo, að ýmsir, sem búa á Vestdalseyri, eiga nú parta bæði í túni og engjum í Vestdal, og annarstaðar frá geta þeir enga grasnyt eða jarðrækt haft; það er þannig mjög líkt ástatt þar, eins og hjer í Reykjavík með Laugarnes. Jeg hygg, að það hafi ósjálfrátt vakað fyrir Seyðfirðingum að rjettast mundi að taka strax munninn nógu fullan og tiltaka svo stórt svæði, að þeir þyrftu ekki að fara til löggjafarvaldsins aptur á næstu þingum, til þess að færa út kvíarnar, eins og Reykvíkingar hafa orðið að gjöra nú á þessu þingi.

Hvað kaupstaðarstæðið snertir, þá eru það tvær jarðir, sem það nær yfir, nfl. Fjörður og Vestdalur. Jarðir þessar hafa ekki meira viðlendi, hvorki slægjuland eða haga, en nauðsynlegt er fyrir bæjarbúa, og þá sem sækja verzlun í kaupstaðinn.

Jeg skal ekkert segja um það, hversu nauðsynlegt það er fyrir Seyðisfjörð að fá bæjarrjettindi, en hitt er víst, að ef Austurland á að fá kaupstað, þá er Seyðisfjörður sá eini staður, sem til greina getur komið fyrst um sinn, og ef nauðsynlegt hefur verið fyrir aðra t. d. Akureyri og Ísafjörð að fá kaupstaðarrjettindi, þá sje jeg ekki annað, en að sama nauðsyn, ef ekki meiri, sje, er um Seyðisfjörð er að ræða, því að fjöldinn lifir þar nú kaupstaðarlífi, og þar er nú um 500 manns eptir síðustu skýrslu frá presti um mannfjöldann. Jeg hygg, að menn verði ekki ánægðir með, að skipta að eins hreppnum í tvö hreppsfjelög, enda hefur aldrei verið um það beðið, og að því er mjer virðist er mjög lítið í þá breyting varið.

Hallgrímur Sveinsson: H. framsögumaður (G. V.) gjörði ráð fyrir að gjöra breyt.till. við frumv. þetta við næstu umr. þess, í þeim tilgangi að bjarga því við, þar sem h. Nd. hefur fellt frumv. um laun handa hinum fyrirhugaða bæjarfógeta á Seyðisfirði, og bjóst hann við, að mögulegt yrði annað af tvennu, að hinn núverandi sýslumaður í Norðurmúlasýslu taki að sjer þetta aukna starf alveg launalaust, eða að þeim, sem næstur yrði sýslumaður í þessari sýslu, þá er skipti verða, væri gjört að skyldu að taka þetta starf á sig fyrir enga launaviðbót. Það kann nú að vera, að þetta sje hugsanlegur vegur, en mjer virðist það þó mjög óviðfeldið að setja inn í þessi lög ákvæði, sem eru svona löguð, sem hafa svona einkennilegar ástæður að styðjast við. Mjer virðist þetta alls ekki vel til fallið, og hreinn ógjörningur að staðfesta þannig útbúin lög. Það er og bersýnilegt, að þetta gæti ekki haft framgang, ef til vildi fyr en eptir svo og svo mörg ár, og tilgangslaust að staðfesta lögin fyr en skilyrðin fyrir framkvæmd þeirra eru fyrir hendi. Að sönnu má segja, að hugsanlegt er, að skilyrðin fyrir framkvæmd laganna geti verið komin áður en næsta þing kemur saman, svo að það geti tafið fyrir málinu, að fella nú frumv. þetta, en sú spurning liggur nærri: er það ekki varhugavert, eða

er það yfir höfuð rjett, að leggja sýslumanni þetta aukna starf á herðar, án þess hann fái þóknun fyrir? Mjer virðist það ísjárvert og efasamt, hvort það væri eiginlega hægt, þótt embættismannaskipti yrðu á þessum stað.

Í stuttu máli virðist mjer, eins og nú er komið, eigi vera um annað að gjöra en fella þetta frumv., og bezt væri að gjöra það nú þegar, áður en það eyðir meiru af tíma frá öðrum málum.

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Jeg get þó ekki sjeð neinar sjerlegar ástæður á móti því, að bætt væri úr þessum annmarka við þetta mál, á þann hátt, sem jeg hef bent á, að viðauki væri gjörður við frumv. Jeg hygg, að þessi sýsla yrði samt sem áður allgóð staða, jafnvel þótt mjer sje ekki vel kunnugt um það, hve mikla aukning við starf sýslumannsins þetta frumv. mundi gjöra. Mjer virðist ekki full ástæða til að fella nú frumv. þetta, jafnvel þó h. Nd. hafi sýnt þá samkvæmni, að samþykkja lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, með nær því öllum atkv., en fella frv. um laun handa þeim embættismanni, sem frumv. býr til.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8:3 atkv.

Frumv. til laga um vegi (C. 424); 1. umr.

Sigurður Jensson: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þetta frumv. er þýðingarmikið mál, og það þarf nákvæmrar íhugunar við. Það gjörir breytingu á mikilsvarðandi löggjöf, gildandi vegalögum, og hefur inni að halda ýmisleg athugaverð ákvæði, svo sem um hækkun á gjaldi til sýsluvega og til hreppavega. Jeg hygg því, að frumv. þurfi að íhugast nákvæmlega og sting jeg því upp á, að til þess verði sett 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 7:3. atkv.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa það, að jeg greiddi atkv. á móti því, að nefnd yrði nú kosin til þess að taka frv. þetta til meðferðar, og það var ekki af því, að jeg ekki viðurkenni, að þetta mál sje mjög mikils varðandi. En frv. þetta er enginn nýr gestur hjer á þingi; það var fyrir þinginu í hitt eð fyrra, og var þá rætt mjög vandlega í nefnd í Nd.; það er mjer kunnugt um, því að jeg var einn í þeirri nefnd. Nú í ár hefur frv. aptur verið rækilega athugað af nefnd í Nd., svo að þetta frumv. hefur fengið mjög góðan undirbúning. Frumv. þetta er svo góð og hagfeld rjettarbót, að jeg vil helzt flýta því sem mest, að það geti fengið framgang, en litlar líkur eru til, að það geti náð fram að ganga, ef það er nú sett í nefnd, enda litlar líkur til, að það verði betur íhugað í nefnd, ef nefnd að eins hefur það til meðferðar í eina 2 daga, heldur en að þingd. íhugi það öll í heild sinni, og gjöri þá við það breytingar, ef endilega virðist nauðsyn til bera.

Það er rjett, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að frumv. þetta gjörir mikla breytingu á eldri vegalögum, en jeg hygg, að reynslan hafi sýnt það nógsamlega, að þessi breyting er nauðsynleg, og þingm. er það kunnugt, að stjórnin sjálf er á sama máli um það, að frumv. þetta sje gagnlegt og nauðsynlegt. Það er að vísu svo, að frumv. þetta fer fram á nokkurra aura hækkun á gjaldi til sýsluvega og hreppavega, en þar sem um svo mikilsvert atriði er að ræða, sem samgöngumál á landi, virðist mjer ekki vera tiltökumál að horfa í nokkurra aura gjaldhækkun.

Jeg hef ekki enn haft nægan tíma til að athuga frumv. þetta nákvæmlega, en jeg hygg, að það sje ekki verulega breytt frá frumv. því, sem var samþykkt í Nd. í hitt eð fyrra.

Jeg vona því að h. þingd. taki frv. vel, og lofi því að ganga til 2. umr., því að þetta er þarflegt frumv., og án efa

eitthvert hið nytsamasta, sem þetta þing hefur haft til meðferðar.

Landshöfðingi: Jeg skal taka undir með h. þm. Ísf. (S. St.) í því, að ef frv. þetta verður að lögum er með því fengin mikil rjettarbót frá því sem nú er. Það hafa ef til vill ekki margir annað eins tækifæri og jeg til að reka sig á það, hverjir gallar eru á hinum núgildandi vegalögum, að því er snertir vegagjörð á aðalpóstleiðum, en eptir frv. þessu verður öll framkvæmd þeirra vegagjörða miklu auðveldari og eptir því, sem henni á að verða háttað, á hún betur við hjer á landi. — Frv. þetta hefur verið vandlega íhugað í Nd., og jeg hygg, að við fá mál á þessu þingi hafi lögð verið meiri alúð við, en þetta frv. Jeg ætla því, að þessari h. þingd. sje óhætt að treysta því, að frv. sje svo frambærilegt og gallalítið, sem hægt er að búast við, eptir þeim stutta tíma, sem þingið getur haft til að íhuga og ræða frv. þau, sem það hefur til meðferðar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er á sama máli og hæstv. landsh. og h. þm. Ísf. (S. St.), að mikil rjettarbót sje að frv. þessu frá hinum núgildandi lögum, en þó finnst mjer ýmislegt athugavert við það. Jeg hef raunar ekki haft nægan tíma til að athuga frv., en að eins litið snöggvast ofan í það og rekið mig á ýms atriði, sem mjer eigi geðjast allskostar að. Mjer þykir t. d. margt athugavert um þessar flutningabrautir. Að vísu er það mikið til sparnaðar fyrir landssjóð, að lagðar sjeu að eins þessar flutningabrautir sem akvegir í samanburði við það, að gjöra alla póstvegi að akvegum, hvort sem þeir svo liggja yfir fjöll og firnindi eða aðrar torfærur og hvort, sem þeir vegir væru svo fjölfarnir af öðrum eða ekki, en jeg verð þó að álíta, að það sje nokkuð athugavert, hvort rjett sje, að brautir þessar, sem að eins verða fyrir einstök hjeruð, sjeu eingöngu kostaðar af landssjóði. Jeg verð líka að álíta, að akvegir sjeu ekki eins mikið framtíðarspursmál fyrir hjeruðin eða landið í heild sinni og margir álíta af þeirri ástæðu, að gagnið af þeim sem slíkum kemur að eins til greina í einstöku tilfellum. Menn hafa fært þá ástæðu fyrir nauðsyn þeirra, að ekki þurfi eins marga hesta á akvegum eða í þeim hjeruðum, sem þeir væru, með því að hægt sje að koma við vögnum, en jeg þekki sjálfur svo vel til ferðalags, að jeg veit að þetta er tómur misskilningur, því menn þurfa þó að eiga marga hesta til þess, að reiða heim á hey sín, mó o. fl. og þó menn geti notað vagna t. d. í næstu kauptún, þá eru margar aðrar ferðir, sem menn þurfa að fara, og þá þurfa þó hestarnir að vera til, svo jeg held að notin af akvegum hjer á landi verði alltaf mjög stopul, og þegar maður þarf að fara langa ferð, þá kemur að engu gagni, þó akvegur sje yfir nokkurn hluta af leið manns, ef hann nær ekki yfir hana alla; t. d. ef maður fer yfir 5 mílna langan veg, þá stoðar það lítið þó akvegur sje 4 mílurnar, ef 1 mílan er svo yfirferðar, að ekki verður farið yfir hana á vögnum, þá þurfa menn eins fyrir það að hafa klyfjahesta. Ennfremur vil jeg benda á annað atriði, án þess jeg vilji fara út í einstöku greinar frv., þar sem þetta er 1. umr. málsins. Jeg vil gjöra þetta til þess, að vekja athygli þeirra h. þingdm., sem kynnu að vilja og sem hafa tíma til, að taka mál þetta til ítarlegrar yfirvegunar fyrir 2. umr., enda þótt ekki væri sett nefnd í það, sem jeg verð að álíta að ekki mætti vegna tímaleysisins, enda þótt það á hinn bóginn væri mjög nauðsynlegt, að jafn mikilsvert mál væri yfirvegað af nefnd.

Jeg ætla þá að benda á sýslu- og hrreppavegagjaldið, það er í frv. $1^1/_2$ kr. hvort í staðinn fyrir $^1/_2$ dagsverk og er það útgjaldahækkun fyrir landsmenn, sem jeg verð að álíta nokkuð varhugavert, því flestum mun þykja nóg á sinni könnu

með útgjöldin, en þó læt jeg nú hækkun ina vera, hitt þykir mjer enn óheppilegra að öll þessi sýslu- og hreppavegagjöld leggjast á hreppssjóðina, sem nú er þó ekki, nema að því er snertir sýsluvegagjaldið, og jeg verð þó að álíta það nægilega ósamkvæmni og jafnvel rangindi, þar sem tekjur hreppasjóðanna eru byggðar á allt öðrum grundvelli en gjald þetta, þar sem vegagjaldið er lagt á hreppana eptir tölu verkfærra manna, en aðaltekjum hreppasjóðanna, sem eru útsvörin, er jafnað niður eptir efnum og ástæðum. Af þessu getur það leitt, að fleiri eða færri menn koma óbeinlínis á sveitarsjóðina eða verða þeim til byrðar. Jeg skal taka t. d. einn fátækan húsmann eða öreiga lausamann, sem ekki þarf að borga nema 1—2 kr. í sveitarútsvar, af því að efni hans og ástæður leyfa ekki að lagt sje meira á hann í samanburði við efni og ástæður annara sveitarmanna, en af því að sýslu- og hreppavegagjald hans er 3 kr. samkvæmt frv. þessu, þá hefur hreppurinn 1—2 kr. bein útgjöld af veru hans í sveitinni, og að því er snertir hreppavegagjaldið eitt, sem breytingin er nú innifalin í, þá verður maður þessi þó í minnsta lagi hreppnum til byrðar um 50 aura, í stað þess að bera með öðrum þær byrðar hans, sem stafa af þurfamönnum o. fl.

Verði frv. þetta óbreytt að lögum, koma sveitarfjelögin til að borga út meira og minna fje fyrir húsmenn, lausamenn og allskonar slæpinga.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Till. yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1890 og 1891 (C. 394); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. var að ræða skyldi tillögurnar í einni umr.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1892 og 1893.

Sigurður Stefánsson: Það er ósk mín og nokkurra annara þingdm., að h. forseti vilji fresta kosningunni í þetta sinn.

Forseti bar það undir þingd., hvort taka skyldi málið út af dagskrá og var það samþ. með 6 : 4 atkv.

Kosinn gæzlustjóri landsbankans.

Kosningu hlaut: *Benedikt Kristjánsson* þm. Mýramanna með 9 atkv.

Kosinn gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins.

Kosinn var: *L. E. Sveinbjörnsson* 1. kgk þm. með 6 atkv.

Annar fundur í sameinuðu þingi, þriðjudag 15. ágúst kl. $5^1/_2$ e. h. Allir á fundi nema Einar Ásmundsson þm. S.-Þing., er tilkynnt hafði forseta forföll.

Frv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (C. 414, 444, 446); ein umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef skýrt þetta mál svo vel áður, að jeg ætla víst, að jeg þurfi ekki að bæta miklu við í þetta sinn; upprunalega var gjald þetta ákveðið í frv. stjórnarinnar 10 au. og 5 au., 10. au. af hverju kaupfari og mannflutningaskipi, en 5 au. af útlendum fiskiskipum. Þessi ákvæði hjeldust óbreytt gegnum h. Ed., en þegar til Nd. kom, þá færði hún gjaldið niður í 5. au. jafnt fyrir öll skip. Frv. gekk því næst til Ed., er reyndi að fara miðlunarveginn og færði gjaldið upp í 8 au. Svo gjörði Nd. aptur þá breyting á að færa það niður í 6 au., og nú er komin fram breyt.till. frá 3 h. þm. Ed. um að færa það upp í 7 au. Allar þessar breytingar fara á mis við aðaltilganginn að því leyti, að þær gjöra gjaldið jafnt fyrir öll skip, en jeg hef skýrt frá því, að þetta sje ekki sanngjarnt, bæði af því, að það er ekki í samræmi við önnur gjöld, sem gjalda verður af skipum, t. a. m. til hafnarsjóðs o. fl., þar sem hin útlendu fiskiskip gjalda miklu minna en

verzlunarskip. Hjer er einnig það aðgætandi, að fiskiskipin koma hingað inn að eins til þess, að fá nauðsynjar sínar, en hafa hjer engin viðskipti við landsmenn, og er því ekki rjett að láta gjalda jafnt af þeim og kaupförum, sem töluverð viðskipti hafa við landsmenn, og allmikinn hag af þeim viðskiptum, og í 3. lagi er það aðgætandi, að því hærra sem gjaldið er af þessum fiskiskipum, sem mestmegnis eru frakknesk, því síður koma þau hingað inn, og getur landssjóður jafnvel beðið af því eigi all-lítinn halla. Jeg vona, að hið h. þing játi, að þeir, er fjallað hafa mest um þetta mál, hljóta að vera því kunnugastir og hafa bezta þekking á því, og vona jeg því einnig, að h. þing samþykki breyt.till. mína, er fer fram á það, að minnka um 2 aura gjaldið af kaupförunum frá því sem stóð í frumv. stjórnarinnar, en láta gjaldið af fiskiskipum standa í stað, af því að það er haganlegast fyrir alla hlutaðeigendur. Þetta gjald verður einnig hjer um bil það sem við þurfum, og minna getum við ekki komizt af með, því við þurfum að hafa hafnsögumann, og þar eð skip allsjaldan vilja taka hafnsögumann, þá verður hafnarsjóður að launa honum til þess að einhver fáist til þess að taka það að sjer, því að eitthvað verða þeir að hafa fyrir starfa sinn.

Jeg vona að h. þing lofi þessu fram að ganga, því jeg skil ekki, að landinu yfir höfuð megi ekki standa það á sama, hvernig við högum þessu til hjer í Reykjvík.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að skýra þetta frekar, því að bæði hef jeg svo skýrt tekið þetta fram áður, og svo munu ýmsir af h. þingm. vera þessu kunnugir.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ásamt 2 h. þm. Ed. höfum leyft okkur að koma fram með breyt.till. við frumv. Út af máli þessu hefur orðið töluvert þref milli þingdeildanna.

Stjórnin gjörði í frumv. sínu mun á flutningsskipum og fiskiskipum, og vildi leggja helmingi hærra gjald á flutningsskip, það er að segja 10 aura á þau, en 5 aura á fiskiskip á hverja smálest, og þetta gekk þannig gegnum Ed., en Nd. leizt að breyta þessu þannig, að hún færði gjaldið niður í 5 aura, jafnt fyrir öll skip. Að vísu hefur þetta máske ekki verið tilætlun deildarinnar yfir höfuð, en það varð þó úr, er til atkvæðagreiðslu kom.

Efri deild virtist þetta öldungis óaðgengilegt, eigi svo mjög fyrir þá sök, að horfið væri frá hinum upprunalega grundvelli, að gjöra mun á fiskiskipum og öðrum skipum, en hún áleit gjaldið orðið svo lágt, að það fullnægði ekki þörfinni. Eigi að síður vildi hún þó leita samkomulags við Nd., og fór því fram á, að gjaldið yrði hækkað jafnt fyrir öll skip upp í 8 aura, og tók þannig til greina þá stefnu Nd., að hafa gjaldið jafnt fyrir öll hin gjaldskyldu skip. Nd. gat þó ekki fallizt á þetta, og setti gjaldið niður í 6 aura.

Nú hafa komið fram 2 breyt.till., önnur frá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), og hefur hún það sjer til gildis, að hún bæði gjörir mun á skipum, og hefur líka aptur hækkað gjaldið, og heldur því í sömu aðalstefnu og fyrst var haldið. Þess vegna ímynda jeg mjer, að h. Ed. mundi geta fallizt á þessa breytingartillögu, en af því við ekki áttum von á henni, komum við fram með breyt.till.. Að vísu mun breyting okkar varla vera nægileg, til þess að fullnægja þörfinni og þætti oss því gott, að hin breyt.till næði fram að ganga, og viljum vjer nefndarmenn að minnsta kosti styðja hana með atkvæðum okkar, af því vjer álítum hana betri; og jeg vona, að h. þing vilji taka hana til greina.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 446) við 1. gr. samþ. með 19 atkv. gegn 8. Frumv. þannig breytt samþ. með 24 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Stefánsson,	Árni Thorsteinsson,
Þorleifur Jónsson	Bened. Kristjánsson,
Björn Bjarnarson,	Bogi Th. Melsteð,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Einar Jónsson,	Jón Jakobsson,
Guðjón Guðlaugsson,	J. Jónss. 2. þm. Eyf.,
Guðl. Guðmundsson,	Sigfús Árnason,
Guttormur Vigfússon,	Skúli Thoroddsen,
H. Kr. Friðriksson,	Þórður Guðmundss.,
Hallgr. Sveinsson,	Þorl. Guðmundsson.
Jón A. Hjaltalín,	
Jón Jónsson þm. A.-Sk.,	
Jón Jónsson þm. N.-M.,	
Jón Þórarinsson,	
Jón Þorkelsson,	
Klemens Jónsson,	
Kristján Jónsson,	
L. E. Sveinbjörnsson,	
Ólafur Briem,	
Sighvatur Árnason,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Jensson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorkell Bjarnason.	

Nefnd kosin til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna 1893, samkvæmt 37. gr. laga 14. sept. 1877.

Í nefndina voru kosnir:
Ólafur Briem með 21 atkv.
Sigurður Stefánsson með 17 atkv.
Sigurður Gunnarsson með 14 atkv.
Þorleifur Jónsson með 14 atkv.
Jón Jónsson 2. þm. Eyf. með 13 atkv.

Lagður fram reikningur um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ og skýrsla frá verðlaunanefndinni.

Forseti gat þess, að skýrslunni hefði verið útbýtt meðal h. þm., og vonaðist til að þeir hefðu fengið hana.

Kosin verðlaunanefnd samkv. 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ 28. ágúst 1891.

Í nefndina voru kosnir:
Steingrímur Thorsteinsson með 29 atkv.
Eiríkur Briem með 28 atkv.
Kristján Jónsson með 23 atkv.

Skýrsla gefin um alþingishúss-byggingarsjóðinn.

Skýrslunni hafði verið útbýtt prentaðri. Samþ. með öllum þorra atkvæða að kjósa 3 manna nefnd til þess að íhuga, hvernig ætti að verja sjóðnum.

Í nefndina voru kosnir:
H. Kr. Friðriksson með 16 atkv.
Jón Þórarinsson með 15 atkv.
Hallgrímur Sveinsson með 13 atkv.

Lögð fram skilagrein fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1891.

Skilagreininni hafði áður verið útbýtt prentaðri.

Þrítugasti og áttundi fundur, miðvikudag 16. ágúst. Allir á fundi, nema 2. þm. Ísf. (Sigurður Stefánsson), sem tilkynnt hafði forseta forföll sín.

Frumv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju (C. 432); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1890 og 1891 (C. 378); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga (C. 402); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 atkv. Fyrirsögn frumv. samþ. með 7 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 (C. 431); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg álít þetta mál, sem hjer er til umræðu, bæði gott og þarflegt. Frv. inniheldur eiginlega tvö atriði. Fyrst ákvæði um það, að rífka hin mjög svo litlu laun yfirsetukvenna, sem þær fá fyrir sitt mjög svo erfiða starf og í öðru lagi að útvega meiri trygging fyrir því, að þær læri vel og undirbúi sig til þess, að þær geti staðið sem bezt í stöðu sinni. Jeg hygg að öllum hljóti að koma saman um það, að það væri vel farið, að frv. þetta fengi fram að ganga og ef til vill má tilfæra sem dæmi, að frv. mun hafa gengið með öllu breytingalaust í gegnum h. Nd., eins og það kom fram þar í deildinni, en það munu vera tiltölulega fá mál, sem eiga því láni að fagna hjá h. Nd. Jeg vona nú að þessi h. deild sýni frv. sömu velvild og greiði götu þess, svo að það fái framgang og geti orðið að lögum.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fyrirspurn til landshöfðingja um Möðruvallaskólann (C. 430); hvort gjöra megi. Fyrirspurnin var leyfð með 7 atkv. gegn 1.

Þrítugasti og níundi fundur, fimmtudag 17. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi (C. 341, 404, 434); 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og jeg tók fram við 1. umr. hjer í deildinni, hefur nefndin leyft sjer að gjöra að eins fáar breytingar á frv., eins og það kom frá h. Nd. Þessar breytingar raska ekki neitt stefnu frv., heldur ganga þær að eins í miðlunarátt, svo þær því fremur gætu náð samþykki Nd. Nefndin var á þeirri skoðun, að stefna frv. væri í alla staði rjett, sú stefna nfl. að leggja sem minnst bönd á menn, svo þeir hafi sem óhindraðastan aðgang að því, að leita sjer atvinnu á þann hátt, er þeir helzt kjósa. Frá þessu sjónarmiði skoðað veit jeg einnig, að nefndin eða að minnsta kosti nokkur hluti hennar hefði helzt viljað, að hinu upprunalega aldurstakmarki í stjórnarfrumvarpinu hefði verið haldið, og mönnum gefið leyfi til að verða lausamenn, er þeir hefðu náð 20 ára aldri. Það virðist líka vera nokkuð undarlegt, að menn skuli hafa leyfi til að gipta sig, og yfirhöfuð öðlast öll borgaraleg rjettindi, en lausamennskubrjef hafa þeir ekki leyfi til að kaupa sjer, þó þeir fegnir vilji. En með því eins og kunnugt er, að h. Nd. var það töluvert kappsmál, að enginn gæti leyst lausamennskubrjef fyr en hann væri 25 ára, þá vildi nefndin ekki breyta þessu aptur í sama horf, þótt eðlilegast og sanngjarnast væri að binda þetta við 20 ára aldurinn. Af þessu stafar breyting okkar um að miða við 22 ára aldurinn í stað 25 ára; nefndin hafði það líka í huga, að hjer á þingi hafa komið fram óskir um það, að færa lögaldurinn niður í 21 ár, en væri 25 ára aldrinum haldið í þessu frumv. þá myndu þeir, sem ógjarnan vilja rýmkva mikið um vistarbandið, fremur verða á móti því, að menn yrðu fullveðja um tvítugt, sem nefndin verður að álíta að hafi þó töluvert við að styðjast. Einnig hefur nefndin viljað mæta h. Nd. á miðri leið, með því að hækka gjaldið á karlmönnum úr 10 kr. upp í 15 kr., þó jeg fyrir mitt leyti ekki geti sjeð mikla ástæðu til þess. Aptur á móti hefur nefndin ekki fundið ástæðu til að hækka gjaldið á kvennmönnum, og ímynda jeg mjer allir geti fallizt á það, er þeir bera laun kvennfólksins saman við vinnumanna, þar sem kvennmennirnir hafa meir en helmingi minna en karlmennirnir. Þetta eru þær

eiginlegu breytingar, er nefndin fer fram á en hitt eru að eins orðabreytingar.

Hjer hafa komið fram 2. breyt.till. frá h. þm. Strandam. (G. G.) og þm. Suður-Múlas. (G. V.) um að hækka gjaldið upp í 25 kr. og 10 kr. án þess aldurstakmarkið sje fært nokkuð niður frá því, er Nd. hafði sett það. Jeg skal geta þess, að nefndinni hefur ekki gefizt kostur á að bera sig saman um þessar breyt.till., en jeg hygg þó, að mjer sje óhætt að lýsa því yfir, að hún ekki muni geta fallizt á þær, af því að þær að hennar áliti ganga allt of langt í að binda menn í þessu efni, en þótt svo tækist til, að meiri hluti nefndarinnar geti fellt sig við þær, þá mun jeg þó óhikað verða á móti þeim, og það því fremur, sem jeg er á þeirri skoðun, að rjettast væri, að alls ekkert gjald væri goldið fyrir lausamennskubrjef, þar sem það er í sjálfu sjer mjög óeðlilegt og ranglátt, að vera að selja mönnum það frelsi, er þeir í raun rjettri hafa fulla heimting á.

Ef þetta er skoðað frá sjónarmiði Nd., þá skal jeg játa, að það getur ekki verið nein veruleg hindrun fyrir þá, er hug hafa á að komast í lausamannatölu, þótt þeir þurfi að gefa eitthvað fyrir það, og að því leyti gæti jeg vel gengið inn á þetta gjald. En hvað því viðvíkur, að reynslan muni sýna fram á, að óheppilegt sje að hafa gjald þetta lágt, þá er jeg fyrir mitt leyti alls ekki hræddur um það, heldur er jeg einmitt fullviss um, að reynslan muni sýna einmitt þvert á móti, að það sje alveg hættulaust að afnema alveg vistarbandið.

Hvað viðvíkur 3. gr. þá álít jeg það einmitt heppilegt að halda fast við ákvæði h. Nd., um að skipta sektunum milli fátækrasjóðs og hreppstjóra eða fátækrastjóra. Það er eðlilegt, að hreppstjóri eða bæjarfógeti fái þóknun fyrir eptirlit sitt, og það gæti hert á þeim að ganga vel eptir að lögunum yrði fram fylgt.

Viðvíkjandi 4. gr., þá skal jeg geta þess, að ákvæði þessi stóðu ekki í stjórnarfrv., og þó ýmsir annmarkar sjeu á þeim, þá verð jeg þó að álíta það rjett og nauðsynlegt, að húsráðandi sá, er lausamann hefur til heimilis, standi í ábyrgð fyrir þeim gjöldum, er honum ber að greiða, því annars yrði mjög örðugt að innheimta þessi gjöld, þar sem óvíst getur verið í mörgum tilfellum, hvar lausamaðurinn eigi ársheimili. Nefndinni hefur því fundizt rjett, að halda fast við þessa grein. Annars skal jeg leyfa mjer, að mæla fram með þessu frv. við h. d., og vona það fái góðan byr.

Guðjón Guðlaugsson: Það er enn sem fyr, að jeg get ekki sjeð kosti þá, sem talað er um, að þetta frv. hafi. Jeg hef áður fært ástæðu fyrir því, að ef frv. þetta yrði að lögum, mundi af því leiða miður heppilegt sjálfræði. Jeg hef tekið það fram áður, að af ótakmörkuðu sjálfræði mundi margt misjafnt leiða, sökum samtvinnun atvinnuvega, og sökum þess, hve samgöngurnar eru örðugar hjá oss, og gjöra oss alla daglaunavinnu ónóga og lítt framkvæmanlega nema á einstöku stöðum. Mjer finnst, að vanþrifin í atvinnuvegum vorum muni verða því meiri, sem fleiri verða lausamenn og að lausamennskan hjá okkur sje þegar komin á hið hæsta stig, sem hún má komast.

Jeg hef áður komið fram með ýmsar athugasemdir þessu viðvíkjandi, hvað af því leiddi, að miklu fleiri yrðu lausir en nú er. Jeg talaði um, að af því mundi leiða vaxandi vankunnátta í öllum aðalstörfum vorum. Lausamenn eiga ekki kost á að taka þátt í nema einstöku verkum; fjárræktun hlýtur að ganga til grunna ef menn ekki læra hana og reynslan hefur sýnt, að lausamenn læra hana ekki, heldur eru það þeir menn, sem verið hafa í vist og notið tilsagnar góðra húsbænda. Ef menn ekki venjast þeim og læra þau á ungdómsárum sínum, munu þeir trauðla læra þau síðar.

Við almenna lausamennsku hlýtur einnig vinnan að minnka í landinu, af því

að lausamenn eyða opt tímanum til einkis, bæði af því þeir geta ekki annað, og hugsa heldur ekki svo mikið um það sem skyldi. Það er bæði, að lausamenn nota opt ekki tíma sinn eins vel og hugsazt gæti, og svo er þeim líka opt ómögulegt að nota tímann eins vel, og menn sem eru í vist. Eitt er enn, sem fer í vöxt með vaxandi lausamennsku, og það eru óþörf ferðalög. Menn þykjast að vísu hafa fundið ráð á móti þessu, en það er enginn búinn að færa sönnur á, að það dugi, eða að hægt sje að koma því við.

Af þessu mundi einnig leiða, að eyðslusemi jykist. Ennfremur verður ekki hægt að fá fólk nema til einstöku verka, og sjá allir, hvílík vanþrif það eru fyrir búskapinn, ef sleppa verður að gjöra ýms smáverk, vegna þess, að menn fást ekki til að gjöra þau, og einnig ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir í byggingarstörfum, jarðabótum o. fl., af því að nógu marga menn vantar, sem kunna slík verk, þegar fáir eða engir hafa lært annað en heyvinnu og sjóvinnu á æskuárunum. Það er líka reynsla fyrir því, að búsæld manna er alls ekki eingöngu komin undir því, að menn haldi sjer vel að verki um sláttinn eða sjeu duglegir sjómenn, það er hvorttveggja mikilsvert, en ekki einhlítt. Jeg þekki bændur, sem eru allduglegir heyskaparmenn og halda sjer vel að þeirri vinnu, en gjöra þar eptir lítið á öðrum tíma árs, og eru fyrir það sama, hvorki sjer nje mannfjelaginu til neinnar uppbyggingar. Einnig þekki jeg nokkra bændur, sem alls ekki skara fram úr öðrum til heyvinnu og eru mjög liðljettir sjómenn, en sýna ávallt jafna iðni og notinvirkni til allra nauðsynjaverka smárra og stórra árið um í kring og eru því taldir og það með rjettu mjög nýtir menn og mannfjelaginu til mikillar uppbyggingar.

Af vaxandi lausamennsku mundi einnig leiða, að los mundi koma á menn og Ameríkuferðir aukast. Ymislegt fleira er að athuga við þetta, sem jeg í svipinn man ekki eptir að tilgreina, enda ekki mjög þarft þar sem það er flest tekið fram áður. Mjer finnst því yfirhöfuð að tala varhugavert að gjöra breyting á hinum núgildandi lögum í þessu efni. Það er að eins eitt, sem jeg játa hjer, að af því um frelsi er að tala og það sem ekki verður komið í veg fyrir með lögum, þá er það rjett af löggjafarvaldinu, að koma með lög, sem gjöra mönnum það mögulegt að verða lausamenn, sem hæfilegleika hafa til þess, og því vil jeg, að öllum sem komnir eru til vits og ára, sem menn kalla sje leyfilegt að verða lausir, en alls ekki tálmunarlaust, og af því vil jeg láta gjaldið fyrir lausamenn vera svo, að einhverju muni, því annars væri það þýðingarlaust. Sá sem vill verða laus og ekki hefur 25 kr. til þess að borga það, hefur naumlega kringumstæður til þess að verða laus, því sje maðurinn fær um að vera sjálfum sjer ráðandi og sjálfs síns maður, þá hlýtur hann að hafa svo mikla tiltrú, að hann geti útvegað sjer þær 20—30 kr., sem hann þyrfti að borga lausamennskuleyfið með. Menn eru að tala um frelsi og allt mæli með því, að sleppa taumnum lausum, en hjer er eins aðgætandi, að frelsið getur gengið svo vítt, að það verði ótakmarkað sjálfræði, og öðrum að versta ófrelsi. Það er nokkuð annað nauðsynlegt frelsi og ótakmarkað sjálfræði. Menn verða hjer að gæta að þörf þjóðfjelagsins í heild sinni, og þegar verið er að tala um frelsi fyrir lausamenn verða menn líka að taka tillit til stöðu bændanna. Þegar til þeirra kemur er það ekki kallað ófrelsi, þótt bændur verði að taka við þessum mönnum á sveitina og leggja fram eigur sínar fyrir þá, þegar þeir hafa eytt öllum þeim dögum æfi sinnar, sem til nokkurs voru nýtir fyrir mannfjelagið í iðjuleysi og óreglu eða annað, sem gengur því næst. Jeg sje því ekki,

að hjer sje hugsað um mikið jafnrjetti milli bænda og búlausra. Bændur hafa ekki frelsi til að halda sínum eigin eigum fyrir lausamönnunum, þegar þeir þurfa einhvers með, en lausamennirnir mega lifa og láta eptir vild sinni, án þess að hafa nokkra skyldu við bændurna. Jeg get því ekki sjeð annað, en að það sje mjög eðlilegt, að menn borgi lausamennskuleyfið, og það því fremur, sem gjaldið á að renna í þann sjóð, sem er ætlaður lausamönnunum ekki síður en öðrum til styrktar á elliárunum, svo að lausamennskugjaldið verður nokkurskonar ábyrgðargjald eða tillag í varasjóð, sem þeim sjálfum verður mest að notum síðar. Viðvíkjandi breyt.till. þeirri, sem jeg og annar h. þm. höfum leyft okkur að koma fram með, er það að segja, að hún fer fram á að færa gjaldið fyrir leyfisbréf til lausamennsku fyrir karlmenn upp úr 10 kr. í 25 kr. Jeg skal geta þess, að okkur er þetta fullkomið áhugamál og álítum ekki takandi í mál að hafa þetta lægra. Við komum ekki fram með neina breyt.till. við aldurstakmarkið af því að nefndin var búin að því, þótt mín meining sje reyndar að það eigi að miðast við 20 ára aldur, eins og upprunalega stóð í frv. Það er meining mín að lofa eigi mönnum svo gömlum að fá lausamennskuleyfi, en láta þá jafnframt borga eitthvað fyrir það.

Til dæmis skal jeg taka, að 2 menn komu eigi alls fyrir löngu til mín, annar 20 ára en hinn 21 árs og báðu mig að útvega sjer leyfi til lausamennsku; þeir vissu sem sje ekki, að þeir gátu ekki fengið það svo ungir. Náttúrlega gat jeg ekki selt þeim þetta, en jeg sagði þeim, að ef þingið rýmkaði til um lög þessi, þá mundi það rýmka til um aldurstakmarkið. Þeir vildu kaupa lausamennskuleyfið ekki einungis fyrir 25 kr., heldur fyrir 65 kr., eða sem þá samsvaraði einu hndr. á landsvísu í minni sýslu. Af því má sjá, hvort þeir ekki mundu hafa viljað gefa 25 kr. fyrir leyfið; en nú verða þeir að sitja í vinnumennsku annar 4 ár og hinn 5 ár. Mjer finnst það mundi eðlilegt að stytta aldurstakmarkið en hafa aptur á móti gjaldið hærra. Ætli þessir menn ekki mundu hafa fegnir viljað borga 25 kr. í stað þess að verða að bíða 4—5 ár, þó þeir þá fengju það fyrir 10—15 kr. minna gjald.

Mjer finnst hvorki heilt nje hálft fengið með frv. þessu. Af því gjaldið á karlmönnum er svo lágt í frv. og vilji menn ekki taka breytingum okkar á því, erum við neyddir til að halda fast við aldurstakmark það, sem Nd. setti, þó oss finnist það heldur ekki rjettlátt, og mjög ósamkvæmt við frelsishugmyndirnar.

Hvað þá breytingu okkar snertir, að færa gjaldið á kvennmönnum upp um 5 kr. þá skal jeg geta þess, að við leggjum ekki eins mikla áherzlu á það, því mismunurinn á karlmönnum og kvennmönnum yrði að líkindum ekki of mikill þó karlmenn borguðu 25 kr., en kvennmenn að eins 5 kr., því mismunurinn milli vinnulauna karla og kvenna er æðimikill, þær eru hjerumbil ávallt bundnar við samskonar vinnu, en karlmenn hafa bæði þessa 2 aðalatvinnuvegi að reka, og svo margt annað, er lokað er fyrir kvennmönnum. Konur sækja líka yfir höfuð ekki eins mikið eptir því að verða lausar, af því það borgar sig ver fyrir þær, en að vera í vist alloptast. Handvinna kvennmanna er vanalega svo illa borguð, að þær hafa naumast til klæða og fæðis af. Jeg gæti jafnvel gengið inn á það, þótt ekkert gjald væri lagt á þær fyrir að vera lausar. Viðvíkjandi ákvæðum 3. gr. frv. um sektirnar, þá skal jeg geta þess, að mjer finnst það heilmikið axarskapt. Reynslan sýnir, að af því lausamennskugjaldið á að ganga til hreppstjóra, þá þykir það blettur á þeim, ef þeir ganga strangt eptir, og afleiðingin verður að eptirlitið er minna, og lagabrotin fleiri. Við 1. umr. tók jeg

það fram, að brotin mundu mest gegn þessu af því, að menn ekki fengju leyfið, hvað sem í boði væri, fyr en 25 ára gamlir. Jeg get vel ímyndað mjer, að þessir 2 menn, sem jeg áður gat um, munu báðir brjóta lögin og vera lausir þrátt fyrir öll ákvæði og án þess að borga nokkuð fyrir. *(Þorkell Bjarnason.:* Hreppstjóri passar); þá getur verið, að einhver annar sje orðinn hreppstjóri en sá, er vill taka eptir því. Hafi hingað til ekki verið passað vel uppá löghlýðni í þessu efni, þá er ekki fremur að vænta þess hjer eptir. Ef aðaltilgangurinn með breytingunni á lausamennskulögunum er sá, að þeim verði betur hlýtt eptirleiðis, þá verður líka að gjöra þau svo úr garði, að þessi tilgangur náist, en að svo verði með þessu frv. get jeg ekki skilið í, eins og jeg ekki get skilið í því, að brotin mundu fjölga, þó gjaldið væri fært upp í 25 kr.

Jeg vil þá ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni, en mjer þætti gott að heyra skoðanir nefndarinnar, hvort hún vildi ganga að þessari breyt.till. okkar um hækkun á gjaldinu, ef við gengjum að aldurstakmarki því, sem hún setur nfl. 22 ára aldurstakmarkinu.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg verð að játa, að jeg skil ekki vel samanhengið í ræðu h. þm. Strand. (G. G.) um þetta mál; þegar hann talar um það frá almennu sjónarmiði, þá virðist sem hann vilji helzt fella málið allt, þar sem hann þykjist sjá svo marga drauga og forynjur í framtíðinni, sem rísi upp, ef frv. þetta verður að lögum. Hann sagði, að af þessu mundi leiða: fyrst vaxandi vanþekking, svo vaxandi flakk, þá mundi af því leiða vaxandi iðjuleysi, þá vaxandi eyðsla og að lokum aukning Ameríkuferðanna, því næst að menn mundu fara hópum saman á sveitina. Mjer þykir hjer vera tekið heldur djúpt í árinni með þessar óhappasælu afleiðingar, sem af því mundi leiða, ef frv. yrði að lögum og ef *jeg* væri hræddur um þess háttar afleiðingar, þá hefði það þau áhrif á *mig*, að jeg væri ekki með nokkurri breyting frá því sem nú er; þó er sami h. þm. (G. G.) á því, að nokkuð beri að rýmka um vistarbandið. Hann sagði, að erfiðar samgöngur gjörðu lausamennskuna ómögulega, en þá er heldur ekki hætt við, að þessar vondu afleiðingar, sem h. þm. talaði um, komi í ljós, þó að frv. þetta yrði að lögum, því þá verða menn í vistartjóðrinu eptir sem áður.

Þar sem hann talaði um, að af frv. mundi leiða vaxandi vanþekking á verklegri vinnu, þá er það ekki nema spádómur. Jeg þykist nú vera eins mikill spámaður og h. þm. Strand. (G. G.), og verð að segja, að jeg ímynda mjer, að það muni verða líkt því, sem hefur verið í því efni. Jeg hef líka töluverða reynslu fyrir mjer, hvað það snertir. Jeg er viss um að, h. þm. (G. G.) er það kunnugt, að fjöldi manna fer árlega úr Strandasýslu, Barðastrandasýslu og Dalasýslu, að leita sjer atvinnu í Ísafjarðarsýslu. Menn ætla nú ef til vill, að þeir fari allir til sjóróðra, en það er þó ekki, því þó að fjöldinn gjöri það, þá eru það þó margir þeirra, sem fara þangað til fjárhirðingar, til að eiga við jarðyrkjustörf og húsabyggingar o. fl. Jeg hef sjálfur haldið Sunnlendinga, sem vjer Ísfirðingar köllum, til þess starfa.

Þá talaði h. þm. Strand. (G. G.) um það, að menn mundu ekki læra neitt til fjármennsku, ef þetta yrði að lögum, þar sem menn myndu þá ekki læra á æskuárunum að hirða skepnur. Jeg skal játa það, að ef fjármennskukunnátta gengi til grunna, eins og þm. komst að orði, við það, að lausamennska væri gefin frjáls, þá væri illa farið. En jeg hygg að menn geti alveg eins lært til fjármennsku eptir sem áður, einkum ef frv. h. Nd. verður haldið óbreyttu, eins og h. þm. vill, hvað sem aldurinn snertir, þar sem aldurstakmarkið er 25 ár. Hið fyrsta verk, sem unglingar læra, er að hirða fje. Jeg segi fyrir mig, að þang-

að til jeg kom í latínuskólann gjörði jeg ekki annað vetur, sumar, vor og haust, og var líka á þeim tíma orðinn allgóður fjármaður. Jeg ætla að það mætti útskrifa marga menn í fjármennsku, með góðum vitnisburði áður en þeir verða lausamenn, svo að jeg gjöri ekki mikið úr mótbárum h. þm. Strand., (G. G.) í þessu efni. Jeg hef líka sjálfur reynt, að þeir beztu fjármenn, sem jeg hef haft, voru tveir lausamenn. Annar var hjá mjer tvo vetur og kom til mín úr Dalasýslu og er nú farinn til Ameríku, og jeg hef ekki sjeð eptir öðrum fjármanni meir en honum. Hinn var hjá mjer þrjá vetur og er kannske einn hinn bezti fjármaður á Íslandi. Þeir höfðu báðir lært til fjármennsku í æsku. Þeir höfðu beztu kaupamennsku á sumrin, og komu með geysimikið kaup heim úr sveitinni á hverju sumri bæði kæfu, tólg og smjör o. fl. Hjá mjer höfðu þeir frítt fæði og 30—40 kr. um veturinn, og var það að meðtöldu sumarkaupi þeirra meira en nokkurt vinnumannskaup, en jeg gjörði það með glöðu geði að borga þeim, því að þeir voru miklu betri fjármenn en nokkur vinnumaður, sem hjá mjer hefur verið. Jeg er því alls ekki hræddur um, að fjármennskukunnáttan minnki fyrir lausamennskuna.

Þá talaði h. þm. Strand. (G. G.) mikið um *iðjuleysið*, sem af þessu mundi leiða. Jeg sje ekki, að það aukist fremur fyrir það, og jeg vil ekki gjöra svo lítið úr verkalýðnum, að hann leggist í leti og ómennsku, af því að hætt er að skipa honum tiltekið verk upp á hvern dag. Jeg hygg heldur að með vaxandi frelsi aukist sjálfstæði hans og tilfinning fyrir því, að hann þurfi að sjá fyrir sjer sjálfur, og honum vaxi fremur fyrirhyggja og framsýni við það, að ráða sjer sjálfur og sjá fyrir sjer sjálfur, heldur en þegar allt er rjett upp í hendurnar á honum, sem hann þarf til fata og matar, og hann þarf ekkert að hugsa um hinn komandi tíma. Jeg get því ekki gjört mikið úr þeirri mótbáru h. þm. Strand. (G. G.), sem ekki er annað en spádómur, og það má eins vel spá, að vinnan vaxi við sjálfstæðistilfinning verkalýðsins og áhuga á því, að vera ekki öðrum til þyngsla.

Þá talaði h. þm. Strand. (G. G.) um aukning Ameríkuferða, sem af þessu mundi leiða. Jeg get ekki sjeð, að þær vaxi neitt fyrir það. Það er alveg eins hægt nú fyrir hjúin að fara, eins og þó þau yrðu laus; þau þurfa ekki annað, en vista sig ekki það árið, sem þau ætla til Ameríku. Og jeg hygg, að „agentarnir“ sjeu ekki síður reiðubúnir að hjálpa hjúum til Vesturheims en lausafólkinu. Jeg er heldur á því, að Ameríkuferðir muni minnka, einmitt við það, að fólk mætti leita sjer atvinnu, hvar sem væri og dugnaður mundi verða meiri hjá verkalýðnum, þar sem menn geta notið sín betur lausir en í ársvist, enda yrði meiri samkeppni og gjörður um leið rjettlátari munur á þeim, sem vinna vel og duglega og slæpingunum, og þá mundu þeir því heldur fara að herða sig, því að eins og nú er, er í ársvistunum sorglega lítill munur gjörður á duglegum og ónýtum vinnumönnum. Jeg er ekki hræddur um, að sá spádómur rætist, að lausafólk mundi eyða tímanum í iðjuleysi og sveitastjórnirnar yrðu svo að taka við því, hópum saman á sveitina, eins og h. þm. Strand. (G. G.) þóttist sjá fyrir. Jeg hygg, að hann sje um of hræddur við þær afleiðingar, sem hann telur sjer trú um að verða muni, ef frv. þetta verður að lögum.

Hvað aldurstakmarkið snertir, þá skal jeg lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún heldur fast við sína breyt.till. í því efni. Jeg get ekki að svo stöddu fallizt á það, sem h. þm. (G. G.) fer fram á, að gjaldinu sje breytt. Mjer finnst eðlilegast að það sje sem allralægst. Jeg skal játa það, að h. þm. (G. G.) hefur mikið til síns máls, hvað það snertir, að það sje ekki

mikið fyrir þá, sem vilja verða lausamenn á annað borð, að borga 15, 20—30 kr., en þegar menn, eins og jeg, álíta yfirhöfuð að gjald þetta sje óeðlilegt, og eigi alls ekki að vera, þá er líka eðlilegt að þeir vilji hafa það sem lægst.

Jeg vona, að h. þm. Strand. (G. G.), þegar hann jafnar sig og hræðslan við þessar óttalegu afleiðingar hverfur, að hann þá verði með frv., þó að breyt.till. nái ekki fram að ganga.

Jeg skal játa það, að frá landbænda sjónarmiði er nokkur ástæða til að vera hræddur við þessa breyting, en jeg hygg, að sú hræðsla sje alltof rík í huga manna. Fólkið færir sig auðvitað eptir því, hvar atvinnu er að fá, og ef hana er eins að fá í sveitinni, þá verður það eins þar og ekki fremur við sjóinn. Þegar menn þannig eru á lausum kjala, þá geta þeir verið í sveitinni á sumrin, og eptir því sem samgöngurnar verða betri og greiðari, geta þeir hagað sjer betur eptir því, hvar atvinnu er að fá, og flutt sig eptir því. Ef árgæzka er í sveitinni, en aflaleysi við sjóinn, þá flytja menn sig í sveitina og þannig gæti því eins komið fyrir, að sjávarbændur því geti ekki fengið fólk, þegar þeim liggur á. En það verða menn að bera með þögn og þolinmæði, þegar verkmannastraumurinn fer að eins eptir eðlilegum þörfum sínum, og verkalýðurinn fer þangað, sem hann hefur mest upp úr vinnu sinni. Og lausamenn geta einnig orðið með tímanum forsjálnir og framsýnir bændur, engu síður en vinnuhjú.

Jeg er ekki hræddur um, að það verði svo stórmikil eða hastarleg breyting strax, þó að frv. þetta verði að lögum, því að rótgrónum hugsunarhætti verður ekki svo fljótt bifað. Og þó að það yrði einhver breyting í svipinn, eins og opt er, þegar óeðlileg bönd eru leyst, þá mundi allt brátt jafna sig aptur.

Jeg skal svo ekki svara fleiru h. þm. Strand. (G. G.).

Guttormur Vigfússon: Það er nú þegar búið að tala mikið um þetta mál og miklir spádómar hafa fallið um afleiðingarnar af þessu máli, svo að jeg hef ekki staðið upp til að halda langa ræðu. Jeg vildi samt minnast á breyt.till þá, sem jeg hef ásamt öðrum h. þm. (G. G) skrifað undir og fer fram á, að hækkað sje gjaldið fyrir lausamennskubrjef karlmanns úr 10 kr. upp í 25 kr. Jeg skal taka það fram, að þegar breyt.till. var gjörð, hafði jeg jafnframt fyrir augum, að ef gjaldið væri frekara, þá mundi jeg geta fremur fylgt nefndinni, hvað aldurstakmarkið snertir, sem jeg annars hvorki get nje gjöri, ef breyt.till. þessi fær ekki fram að ganga.

Jeg get ekki sjeð, hvaða ástæður geta verið á móti því að færa gjaldið upp í 25 kr., því frekar sem þessar 25 kr. eiga einmitt að renna í þann sjóð, sem á að verða alþýðufólki til nota, þegar það þarf hjálpar við, nfl. í styrktarsjóð handa alþýðu. Jeg get ekki betur sjeð, ef lausamennskan verður eins arðsöm og margir búast við, að hver maður geti staðið sig við að borga 25 kr., og það svo gott sem handa sjálfum sjer.

Að hækka lausamennskugjald kvennfólksins úr 5 kr. upp í 10 kr. held jeg ekki svo fast við, þrátt fyrir það, þó 10 kr. gjald á kvennmanni móti 25 kr. á karlmanni muni standa hjer um bil í rjettu hlutfalli við kaup karla og kvenna, eins og það er nú víðast hvar á landinu.

Hvað breyt.till. við 3. gr. viðvíkur, þá vona jeg, að henni verði vel tekið; það er að svo miklu leyti, sem jeg þekki til full reynsla fyrir því, að þegar ákveðinn er helmingur sekta til uppljóstursmanns, eru þau ákvæði optast einasta til þess, að menn hlífast við að ljóstra upp brotum, af því að þeir hafa ekki viljað láta nudda sjer því í nasir á eptir, að þeir hafi gjört

það í þeim tilgangi að ná í nokkrar krónur. Jeg veit að hvað ýmsum samþykktum viðvíkur, þá hafa þess háttar ákvæði verið felld úr, af því að almenningur hefur helzt viljað vera laus við þau.

Í öllu þessu máli sýnist að vera megn tviskinnungur að því leyti, sem fram hafa komið í því mjög sundurleitar skoðanir, ekki að eins nú á þingi, heldur frá því fyrsta, að málið kom til tals. Á undirbúningsfundum hefur komið fram sami tviskinnungurinn, en flestir hafa þó á því verið, að ekki væri ráðlegt að leysa vistarbandið að svo komnu til fullnustu. En meiningarmunur er um málið og skoðanir dreifðar og misjafnar, enda er það ekki óeðlilegt. Að mínu áliti kemur það til af því, hvað misjafnt hagar til hjer á landi, hvað atvinnuvegi vora snertir. Jeg skal nú þegar játa því, að svo kunni að haga til, á vissum hlutum landsins, að leysing eða töluverð rýmkun á vistarskyldunni ekki hafi neinar verulega illar afleiðingar, hvorki fyrir búendur eða lausafólk. En það getur mönnum ekki dulizt, að til eru líka þeir hlutar landsins, sem getur verið mikil hætta búin, ef vistarbandið er að miklum mun leyst og ef það hefði þau áhrif að ársföst vinnuhjú yrðu miklu færri en nú er. Jeg játa að þar sem atvinnuvegirnir ekki reka sig hver á annan og eitthvað er að gjöra fyrir lausafólkið árið um kring, þá getur það verið þar kyrrt, og haft eins mikið upp úr lausamennskunni t. d. á Suður- og Vesturlandi. Þar er, sem kunnugt er, vertíðin á þeim tíma árs, sem landbóndinn getur vel verið án lausafólks að mestu leyti. Og á þeim tíma ársins, sem landbóndinn hefur þess mest þörf, þá er þar mjög lítið „fiskirí“. — Á þeim stöðum get jeg vel skilið að ekki sje mikið á hættu, þó að vistarbandið sje leyst.

En þar sem landbúnaðurinn er aðalbjargræðisvegur og þarf að þreyta við sjávarútveginn og sjávarbændur um vinnukraptinn, þar mega menn vera miklu hræddari við leysing vistarbandsins. En þetta nær til Austurlandsins og Norðurlandsins að nokkru leyti. Eins og kunnugt er, er á Austfjörðum ekki afli allan veturinn og lítill á Norðurlandi, en sumarmánuðina frá júní fram í október er aðalbjargræðistími sjávarbændanna og þeir verða þá að keppa um sömu mennina og landbóndinn verður að bjarga sjer með. Sumir munu nú kunna að sega, að þetta hafi enga þýðingu og landbændurnir geti eins staðið sig við samkeppnina eins og sjávarbændur. En það er þó eigi svo, því að þess verður að gæta, að sjávarbóndinn getur boðið mjög hátt kaup þennan örstutta tíma, sem hann er að grípa auðlegðina upp úr sjónum, og svo þegar aflatíminn er úti, getur hann sagt: farðu nú burt, góðurinn minn! jeg hef ekki meira við þig að gjöra. En landbóndinn, ef hann á að keppa við sjávarbóndann um vinnufólkið, þá verður hann að bjóða eins hátt kaup og sjávarbóndinn, en hann er ekki svo laus við það strax eins og sjávarbóndinn; hann þarfnast vinnunnar ekki að eins um sláttinn heldur einnig allt vorið, haustið og veturinn eða yfir höfuð að tala hvern einasta dag í árinu, og allt þetta verður beinn kostnaður, fram yfir það sem sjávarbóndinn þarf að hafa. — Af þessu leiðir, að landbóndinn getur ekki goldið jafnhátt kaup og sjávarbóndinn, sem er laus við allan kostnað við vinnu, eptir að vertíðin er úti, og afleiðingin verður, að landbóndinn hlýtur að minnka bú sitt og búa einvirkja búskap; önnur verður afleiðingin ekki, þ. e. að segja, ef lögin verða notuð eins og líkindi eru til, að sem flestir losi sig undan vistarskyldunni, en um það skal jeg ekkert spá, enda verður reyndin í því efni sönnust.

Það hefur mikið verið talað um Ameríkuferðir í sambandi við þetta mál og jeg er einn af þeim, sem ekki er að eins hræddur um, að Ameríkuferðir muni aukast, heldur er jeg algjörlega fullviss í því efni

Að minnsta kosti er jeg viss um það í tilliti til þeirra hluta landsins, sem jeg þekki, því jeg get alls ekki sjeð, hvað lausafólkið á að gjöra á vorin og sumrin í sjóplássum, að jeg ekki tali um á veturna, þar sem enga vinnu getur verið að fá, hvorki til lands eða sjávar. Í Þingeyjar- og Norðurmúlasýslum þarf sama vinnukraptinn sumar og vetur, sömu mennina alla tíma ársins dag eptir dag. Vetur getur samt verið svo erfiður að fjölga þarf einum manni til gripapössunar, sem komizt hefur verið hjá að taka yfir sumarið.

Jeg skal samt játa, að jeg er ekki mótfallinn stefnunni í frv., nema að því leyti, að jeg get ekki fundið, að lausamennskugjaldið sje of hátt og mætti vera hærra, enda hef jeg komið með breyt.till. og álít engum ofvaxið, sem á annað borð vill leysast, að borga nokkuð fyrir það.

Það er enn eitt ákvæði í frumvarpinu, sem jeg er alveg mótfallinn, nfl. þar sem í 4. gr. er ákveðið, að húsráðandi sá, sem lausamaður á heimili hjá, sje skyldur til að greiða öll hans gjöld. Það getur vel dregið þunga byrði á eptir sjer, þegar ýmsir ráðleysingjar hrúga að sjer lausamönnum og ganga í ábyrgð fyrir gjöldum þeirra. Það getur að vísu verið, að margir húsráðendur geti fengið eitthvað upp í gjöldin eða á einhvern hátt tryggt sér þau, annaðhvort í vinnu, sem vel hefði mátt komast af án, eða í öðrum lítilsverðum munum; en líkara er, að þeir verði optast nær að greiða gjaldið í peningum úr sínum eigin vasa. Reyndar hef jeg ekki komið með neina breyt.till. við þetta atriði, en mjer hefur komið til hugar, að heppilegra væri að lausamenn væru skyldir að setja ábyrgð fyrir gjöldum þeim, sem þeir eiga að greiða, á einhvern hátt, og því er hreppstjórinn sjálfráður, hvort hann tekur ábyrgðina gilda eða ekki.

3. gr. er stýluð upp á það, hvar lausamenn hafi ársheimili, svo hægt sje að ná inn opinberum gjöldum þeirra. En jeg hygg að það verði sömu vandræðin og hefur verið. Ef lausamaður kæmi að sunnan austur á Seyðisfjörð og yrði spurður um ársheimili, þá segði hann þar, að hann ætti það hjer suður á landi. Og svo þegar hann væri spurður um það hjer, þá segðist hann eiga það austur á landi. Þannig hefur það gengið til, og jeg er hræddur um, að ekki verði í veg fyrir það komið framvegis.

Jeg skal svo ekki tefja lengur umræðurnar um þetta mál, en greiði atkv. móti því í heild sinni.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal ekki tefja umræðurnar lengi. Jeg ætlaði að eins að lýsa því yfir, að mjer líka vel athugasemdir h. þm. Strandam. (G. G.) og sýnast þær að mörgu leyti vera mjög svo rjettar.

Hvað aldurstakmarkið snertir, þá ætla jeg mjer þar að fylgja h. Nd. Breyt.till. þeirra tveggja h. þm., þm. Strandam. (G. G.) og þm. S.-Múlas. (G. V.) um að hækka lausamannagjaldið, mun jeg gefa atkv. mitt, og eins 3. br.till. þeirra við 3. gr., um að láta sektirnar renna allar í fátækrasjóð, en br.till. nefndarinnar get jeg ekki verið með.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla mjer að eins að gjöra fáar athugasemdir við ræðu h. þm. Ísf. (Sig. St.). Hann sagðist ekki geta skilið samræmið í orðum mínum; jeg get ómögulega gjört að því. Það getur raunar verið, að framsetningin í síðustu ræðu minni hafi verið nokkuð óljós, en jeg held þó, að hann mætti vera búinn að skilja, hvað jeg meina í þessu máli, bæði af ræðum minum nú á þingi, og eins utanþings. Mjer er það ekki hægt að gefa honum trúna eða skilninginn á orðum mínum, en jeg skal þá enn þá einu sinni leitast við að skýra fyrir honum meiningu mína.

Jeg þykíst áður hafa sýnt fram á, að þessi takmarkalausa lausamennska verði landinu til vanþrifa, og þar af leiðandi verði þau lög, er að henni stuðla, að eins til ógagns, en jeg tók það einnig fram, að jafnvel þó það að mínu áliti væri heppilegast að skylda menn til ætíð að vera í vist, þá yrði þó á eina hliðina að taka tillit til þeirra óska, er komið hafa frá þjóðinni og á hina hliðina verða menn að koma í veg fyrir brot á lögunum. Þegar því nauðsyn er til, að hinum núverandi lögum sje breytt, þá verður að gjöra það á þann hátt, að það verði þjóðinni til hagsældar en ekki til ógagns.

Ennfremur hefur h. þm. Ísf. (Sig. St.) annaðhvort misheyrzt eða misskilið eitt orð í ræðu minni. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að lausamennska væri ómöguleg vegna samgönguleysis. Ef jeg væri á þeirri skoðun, þá er auðvitað að jeg væri á því, er h. þm. tók fram og náttúrlega gjörði mikinn vind úr, nfl., að afnám vistarskyldunnar væri alveg meinlaust. En það er ekki svo; jeg sagði, að daglaunavinna væri mjög erfið eða ómöguleg, þar eð bændum, vegna hinna erfiðu samgangna, væri ómögulegt að ná í daglaunamenn þó til væru. Annars skal jeg geta þess, að þessi vinna er að mínu áliti ekki neitt happasæl, því þótt daglaunamenn kunni um tíma og tíma að fá meira kaup en almennt gjörist hjá vinnumönnum, þá jetur það sig allt upp, þar eð þeir opt og tíðum eru vinnulausir, bæði af því, að þeir geta enga vinnu fengið, og eins af því, að þeir bókstaflega nenna ekki að vinna, og ennfremur af því, að þeir verða að eyða svo miklum tíma til að ferðast á milli vinnuveitendanna og til þess að útvega sjer vinnuna.

Dæmi þau, er h. þm. Ísf. (Sig. St.) tók til að sanna með málstað sinn, held jeg, að hafi varla svarað kostnaði. Hann sagði, að á *vorin* streymdi fólk úr Dala- og Strandasýslu til Ísafjarðardjúps. Jú! Það er einmitt á *vorin*, er lausamennirnir þjóta að sjónum, einmitt á þeim tíma, sem þörfin er mest fyrir þá í sveitinni. Þegar nóga vinnu er að fá í sveitinni og mest þörf á vinnuafla, þá hlaupa þeir að sjónum. Jú! jeg kannast ógn vel við þennan lausamannaflótta úr sveitinni á „vorin“, á helzta bjargræðistíma sveitamanna, þegar þeir eru búnir að liggja heima iðjulausir allan veturinn. Væri nú ekki munur ef þeir væru í vist hjá einhverjum bændum, er hjeldu þeim hjá sjer um vor- og sumartímann, þegar mestar annir eru í sveitinni, en sendu að sjó á veturna, einmitt þegar þörfin þar er mest fyrir þá.

Ekki gat h. þm. Ísf. (Sig. St.) heldur kannast við, að hætt væri við að fjárrækt unin gengi til grunna, með vaxandi lausamennsku. Jeg held ekki heldur, að dæmi hans um lausamanninn hafi fremur hjer svarað kostnaði heldur en áður. Ef þessi lausamaður, er honum líkaði svo mætavel við, hefur ekki leyst lausamennskubrjefið fyr en hann var 36 ára, þá skal jeg ekki hafa neitt á móti því, að hann hafi verið góður fjármaður, þegar hann í 20 ár hefur verið vinnumaður, og þó hann hafi leyst sig undan vistarskyldunni fyr, þá sannar það ekkert, nema það, sem gat átt sjer stað eptir gildandi lögum, en ekki hvað orðið hefði, ef þau hefðu verið eins og nú er farið fram á. En þá þótti mjer nú fyrst versna, er þessi lausamaður fer frá öllum hlunnindunum, er hann hafði hjá h. þm. Ísf. (Sig. St.) beint til Ameríku; það lítur út fyrir, að hann hafi ekki kunnað að færa sjer þessi miklu gæði í nyt. Annars er jeg þeirrar skoðunar, að þetta hafi enginn búhnykkur verið fyrir hvorugan, hvorki h. þm. (Sig. St.) sjálfan nje fyrir lausamanninn, því sem ársmaður gat hann gjört sig ánægðan með töluvert minna kaup, því þá hefði hann sparað tímann og peningana, er í ferðina fram og aptur hafa gengið. Með dæmi þessu sannaði þingmaðurinn þá skoðun mína, að þetta

endalausa rölt lausamannanna úr einum stað í annan endaði vanalega í þessu jarðneska hyldýpi, Ameríku, og það hvort sem lausamennskan lætur þeim vel eða illa.

H. þm. Ísf. (Sig. St.) sagðist bera það traust til lausamannanna, að þeir mundu nota tímann, svo sem unnt er. Þar skilur á með okkur. Jeg get fyrir mitt leyti ekki haft þetta traust til þeirra, en enn þá meira er þó það vantraust, er þeir, sem halda þessu frv. fram, bera til vinnuhjúanna, sem þeir svo opt hafa sagt, að ekki vinni helminginn af þeirri vinnu, er þau geti og eigi að vinna. Því hvernig á vinnan í landinu að vaxa, eins og þeir segja hún gjöri, nema ef annaðhvort sviksemi á sjer stað af hendi hjúanna, eða þá sjerstakt ráðleysi meðal bænda. Ef menn ekki geta búizt við, að vinnuhjúin vinni skyldu sína, þá held jeg varla sje hægt að búast við því af lausamönnunum. Ef menn vilja halda því fram, að vinnan í landinu vaxi við lausamennskuna, þá eru þar með gjörðar getsakir, annaðhvort vinnuhjúunum um, að þau svíkist undan að vinna, eða þá húsbændunum um, að þeir hafi ekki vit á að láta vinna það, sem með þarf.

Jeg veit ekki, hvort nefndin hefur sýnt meiri tilhliðrunarsemi við Nd. með því að hækka gjaldið og færa niður aldurstakmarkið eða með því að láta aldurstakmarkið halda sjer, en það veit jeg, að Nd. var mjög tvískipt og klofnaði einmitt í sundur í þessu atriði, og þykir mjer það undarlegt, ef Ed. ætti að sýna tilhliðrunarsemi við nauman helming Nd., en ekkert tillit taka til mikils hluta þjóðarinnar, er krefst þess, að ekki sje oflangt farið í þessu efni. Hvernig menn vilja forsvara þessa tilhliðrunarsemi Nd. gagnvart þessum hluta þjóðarinnar veit jeg ekki.

Raunar er ekki svo afarmikil breyting fólgin í þessu frv., en af því lausamennskan er komin á þetta stig hjá okkur, þá finnst mjer ekki mega rýmka mjög mikið um hana. H. þm. Ísf. (S. St.) o. fl. hafa haldið því fram, að þó vistarbandið væri leyst, þá mundi lausamönnum ekki fjölga að neinu ráði fyrir það, eða með öðrum orðum, menn mundu ekki færa sjer í nyt lagabreytinguna, en til hvers er hún þá, eða hvaða þörf er þá á henni? Er það meiningin að þingið vilji breyta þessum lögum til þess að geta slett afleiðingunum upp á alþýðuna? Það væri laglegt stryk af löggjafarvaldinu, ef það segði sem svo: „Jeg ætla mjer að leysa vistarbandið, af því að menn ekki munu nota sjer það“. Jú! Það er heldur laglegt að gjöra fyrst axarskaptið og ætlast svo til, að alþýðan út í frá sje svo miklu hyggnari löggjafarvaldinu, að hún ekki muni nota sjer það. Jeg get ekki haft það traust til verkalýðsins, að hann hafi fremur vit fyrir sjer en sjálft löggjafarvaldið, og ef nokkuð yrði til að koma mönnum til að fara til Ameríku, þá held jeg það verði allt þetta lausamannastand, er af lögum þessum leiðir.

Jeg skil ekki annað, en h. þm. Ísf. (Sig. St.) skilji nokkurn veginn ljóslega, hvað jeg meina. Meining mín er sem sagt sú, að þar eð ekki verði með lögum tekið fyrir þessa lausamennsku, þá verði að brúka tilhliðrunarsemi, en ekki fara lengra í því en þörf er á, eða rjettara sagt fara að eins svo langt, sem annar af aðalatvinnuvegunum leyfir, landbúskapurinn.

Ef menn vildu sýna nokkra tilhliðrunarsemi við mig, þá skyldi jeg slaka til og gefa atkv. mitt með 22 ára aldurstakmarkinu, en ef þetta 25 kr. gjald mitt fellur, og því get jeg gengið út frá sem nokkurn veginn vissu eptir umræðum manna að dæma, þá mun jeg óhikað greiða atkvæði móti breytingum nefndarinnar. Hvað viðvíkur þessu frelsishjali, sem orðið er að föstu máltæki í munni svo margra, þá gef jeg lítið fyrir það. Þegar frelsið á ekki að verða annað en ógeðslegt sjálfræði, þá væri líklega rjettast að hafa

engin lög og engin bönd, svo hverjum einum væri í sjálfs vald sett, hvernig hann hagaði sjer. Þetta orð „frelsi“ er svoleiðis lagað, að það má teygja það, eins og hrátt kálfsskinn.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jú! Nú hygg, jeg að jeg fyllilega skilji h. þm. Strandam. (G. G.), að hann helzt vilji alls enga lausamennsku hafa, en þá verð jeg á hinn bóginn að játa, að mjer verður þá ómögulegt að skilja þessa tilhliðrunarsemi hjá h. þm., því það finnst mjer ekki geta samrýmzt.

Það er annars eitt atriði í ræðu h. þm. Strandam. (G. G.), er jeg skal leyfa mjer að svara, því nefnilega, er hann sagði að dæmi þau, er jeg tók, hefðu ekki svarað kostnaði. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að það væru lausamenn tómir, er á vorin streymdu til Ísafjarðardjúps úr Dala- og Strandasýslu, en það er ekki rjett, jeg er viss um, að það er ekki $^1/_{10}$ eða jafnvel $^1/_{20}$ hluti lausamenn, hitt er allt vinnufólk, er *bændurnir sjálfir* senda vestur, af því að þeir hafa ekki brúk fyrir það, því varla held jeg rjett að gjöra ráð fyrir, að bændur sjeu svo skyni skroppnir, að þeir mundu annars vera að senda þá, ef þeir væru sjálfir í vandræðum með fólk. Nei, bændur eru einmitt svo skynsamir, að þeir sjá, að þeir geta haft hag af því, að senda vinnumenn sína til sjávarins, þegar lítið er að gjöra heima fyrir. Jeg held það sje öllum augljóst, að bændur mundu varla vera að senda vinnumenn sína burtu, ef þeir ekki hefðu betra af því, og auðvitað senda þeir ekki fleiri, en þeir mega án vera. Jeg held því, ef rjett er litið á þetta dæmi mitt, þá muni það fullkomlega svara kostnaði. Þegar atvinnu við Ísafjarðardjúp er lokið, snúa þessir vermenn heim aptur í sveitina, en ekki þeir einir, heldur verður þeim einnig samferða fjöldi Ísfirðinga, er um sumartímann leitar sjer atvinnu upp í sveitinni, og hygg jeg það sje ekki síður kærkomið fyrir sjálfa sveitabændurna, að hafa völ á nógum verkalýð um þann tíma, er þeir helzt þurfa þeirra við. Þetta sannar því einmitt það, sem jeg held fram, að verkalýðurinn mundi haga sjer öldungis eins eptir þörfum vinnuveitendanna, þótt hann yrði losaður við vistarbandið.

Hvað viðvíkur kostnaði þeim, er af ferðalagi þessu leiðir, þá skil jeg ekki hann geti verið ýkja mikill, og að minnsta kosti held jeg það sje betra fyrir lausamenn að eyða 2 eða 3 dögum, til að komast þangað, er þeir hafa góða atvinnu, en að liggja atvinnulausir heima, hvort að er við sjó eða í sveit.

Hvað snertir þennan lausamann, er jeg áðan minntist á, að hjá mjer hefði verið og síðan farið til Ameríku, þá fæ jeg ekki sjeð, hvernig það geti sýnt nje sannað, að lausamönnum yfir höfuð sje hættara við að fara til Ameríku, en öðrum mönnum, þó þessi eini maður hafi gjört það. Annars skal jeg ekkert segja um, hvað komið hafi þessum manni til að fara þangað, en jeg ímynda mjer það hafi verið hið sama sem svo mörgum öðrum, er vestur fara, að hann hafi hugsað, að þó hann hefði það gott hjer, þá mundi hann þó hafa það ennþá betra, er þangað kæmi. Eða hvað er það annað, er kemur bændum til að taka sig upp með öllu sínu fólki og frá góðum búum og fara til Vesturheims? Jeg sje heldur ekki, að nokkurt ráð sje til að banna mönnum að flytja sig til Ameríku, en það sje jeg, að ef við höldum mönnum í þessu vistartjóðri, þá muni það ekki verða ráðið til að aptra þessum Ameríkuferðum, heldur einmitt hitt, að gefa vistarbandið sem lausast.

Hvað því viðvíkur, að jeg hafi gjört vinnuhjúum þær getsakir, að þau vinni ekki helminginn af þeirri vinnu, er þau eiga að gjöra, þá hef jeg aldrei talað það, en jeg hef að eins sagt, að vinnuhjúið hafi ekki eins margar hvatir til að vera kappsamt við vinnu sína og daglaunamað-

urinn, og það held jeg flestum geti skilizt.

H. þm. Strandam. (G. G.) talaði um, að þingið yrði að taka tillit til óska mikils hluta þjóðarinnar, sem sje bændastjettarinnar, í þessu máli, en þá finnst mjer einnig vel eiga við, að leita álits hins hlutans, nefnilega verkmannalýðsins, og er jeg þá hræddur um, að þeir ekki mundu verða í minni hlutanum, er óskuðu eptir rýmkvun á vistarbandinu. Auðvitað eru þetta að eins spádómar, er menn verða að geta sjer til eptir því, sem líklegt er. Það er svo fjarri mjer, að jeg vilji leysa vistarbandið í þeirri von, að menn muni ekki færa sjer það í nyt, því að jeg treysti því af fullum huga, að verkalýðurinn muni nota þetta leyfi, og færa sjer það í nyt með ráðdeild. H. þm. S.-Múlas. (G. V.) sagði, að ástæðum manna á Austurlandi í þessu hagaði öðruvísi til en annarstaðar á landinu, og skal jeg játa, að þetta er á nokkrum rökum byggt, þar sem vertíð og heyskapartími falla þar saman, en því síður fæ jeg skilið það hjá h. þm. (G. V.), að bændur á Austurlandi verði einvirkjar, vetur, sumar, vor og haust, ef eins og hann sagði ekkert er að starfa við sjóinn nema um þennan tíma ársins. Vertíðin er að eins frá því í júlí og fram í sept., og ef það er rjett, sem h. þm. (G. V.) sagði, að þeir hefðu minna upp úr að stunda sjóinn þennan stutta tíma og vera svo atvinnulausir allan hinn tíma ársins, þá held jeg sveitabændurnir þurfi ekki að vera í vandræðum, því það má vera grunnhygginn maður, er ekki kýs heldur að hafa góða, fasta vinnu árið um kring í ársvist, heldur en stopula atvinnu í örstuttan tíma í lausamennsku. Jeg held því einmitt, að þm. með ræðu sinni hafi sannað, að Austfirðingar þurfi ekkert að óttast, þótt þetta frumv. yrði að lögum. Að lausamönnum sje hættara við að fara til Ameríku, en öðrum mönnum, hef jeg áður tekið fram, að jeg sjái enga ástæðu til.

Eptir að jeg hef hlustað á ræðu h. þm. S.-Múlas. (G. V.) hef jeg enn þá meir sannfærzt um, að mótbárurnar á móti þessu frumv. eru að eins byggðar á eintómri hræðslu hjá sveitabóndanum fyrir að hann muni ekki fá nóg vinnufólk, en jeg fyrir mitt leyti verð að ganga út frá því, sem gefnu, að menn muni kunna að haga seglum eptir vindi þannig, að menn ýmist færi sig frá sjónum upp í sveitirnar, eða þá úr sveitunum niður til sjávarins, eptir því sem kringumstæðurnar benda þeim á, að vinnu sje að fá.

Að þessu sinni skal jeg ekki tefja umræðurnar lengur.

Hallgrímur Sveinsson: H. framsögumaður (S. St.) hefur þegar svarað flestum mótbárum, er komið hafa gegn frumv. og breytingum nefndarinnar á því. Það er að eins ein eða tvær mótbárur, sem ekki hefur verið svarað, og jeg því vildi fara nokkrum orðum um. H. þm. Strandam. (G. G.) talaði á þá leið, að ef þingið gjörði þessar breytingar á lausamannalögunum, þá væri þrengt að þjóðinni með þessu, því það væri á móti vilja hennar, og henni til ógagns, en jeg hef alls ekki skilið þetta á þann hátt; að eins er ágreiningur um land allt og skiptar skoðanir manna um, hvort þessar breytingar muni fremur til heilla eða óhags fyrir þjóðina, en allmargar raddir hafa þó kallað til þingsins um að rýmka eða leysa vistarbandið. Það er alls ekki svo, að þingið hafi tekið þetta upp hjá sjálfu sjer, því að komið hafa talsvert háværar raddir um að gjöra breyting á hinum núgildandi lögum í þessu efni. Jeg skoða því þetta að eins sem tilraun frá hendi löggjafarvaldsins til þess að láta að óskum þjóðarinnar, og skipa þessu á beztan hátt sem unnt er, og ganga ekki of nærri almennum mannrjettindum og frelsi einstaklingsins, og haga því svo, að

það ekki leiði til ógagns fyrir þjóðina í heild sinni.

H. þm. S.-Múlas. (G. V.) benti á ýmislegt, er væri því til fyrirstöðu, að þetta frumv. næði fram að ganga. Hann talaði sjerstaklega um atvinnuvegina, eins og þeim háttar til á norður- og austurlandi, og játa jeg að margt, sem hann tók til, hefur við töluverð rök að styðjast, þegar litið er til þess, að aðalvinna bæði til sjávar og sveita fellur á sama tíma á þessum hlutum landsins, en það er ómögulegt að komast hjá þessu stríði á vissum tímum. Jeg ætla, að svo mikið ógagn sem af því kynni að koma, að vistarbandið leystist þegar að öllu, eins mikið muni það tálma þessum óförum, að það ekki leysist nema smátt og smátt; það þarf ekki að hræðast það, að allir verði lausir, þótt rýmkað væri um vistarbandið; töluverður fjöldi manna verður eptir í vistum bæði í sveitum og við sjóinn, máske helmingur eða meira, og mun því síður þurfa að óttast, að nokkur veruleg „collision" verði milli sjávar og sveitar, þótt þessi breyting kæmist að.

H. þm. Strandam. (G. G.) tók það fram, að þó menn hefðu gott kaup að sumrinu til, þá mundi það vinna sig upp aptur hjá mörgum, því þeir hefðu þá opt lítið á veturna að gjöra; yrði því að hindra menn í því að verða lausir, þar sem þeir gætu átt á hættu að standa uppi vinnulausir suma tíma árs. Jeg held einnig að þetta atriði mundi tálma því, að allt fari á ringulreið, þótt vistarbandið sje leyst. En auk þess er aðgætandi, að menn fara einnig töluvert eptir upplagi sínu með vinnuna. Það eru ekki allir jafnupplagðir til að vera við sjó, margir una sjer betur við sveitavinnu, þola máske ekki sjávarvinnu, og þeir verða þá kyrrir í sveitinni.

Þótt breyting væri gjörð á hinum núgildandi lögum um lausamenn og húsmenn, er að minni ætlun ekki ástæða til að óttast, að stórvægilegur ruglingur eða glundroði komist á fyrir því; að vísu er jeg ekki öruggur um, að ekki komi óþægindi af því í svipinn, en játa með þeim, sem halda með leysing vistarbandsins, að allt þetta muni smámsaman jafna sig. Sami h. þm. (G. G.) minntist á, að óheppilegt mundi það fyrirkomulag, að helmingur sektar færi til hreppstjóra eða fátækrastjóra, því reynslan sýndi, að það væri einmitt til þess, að deyfa menn í að koma upp brotum eða gjörði þá deiga við það, af því þeim fyndist það ódrengilegt að ganga strangt eptir, þar sem um eigin hagsmuni þeirra væri að ræða, en þetta á eins mikið rætur sínar í því, að gjöldin eru svo afarhá, en þegar lausamennskugjaldið verður fært niður, eins og farið er fram á í frv., þá verður ekki svo mikill persónulegur hagnaður við að koma upp um menn; jeg hygg, að ekki muni allir hreppstjórar svo mjúkhjartaðir, að það muni neitt misbjóða tilfinningu þeirra, að sektirnar gangi til sín, þegar þær ekki eru svo háar eða ósanngjarnar, að þeir þess vegna geta gengið eptir þeim, og et einhverjum finnst óviðfeldið að gjörast uppljóstrarmaður af því sektirnar renna í hans eigin vasa, þá er það honum innanhandar að gefa fátækrasjóðnum sinn hluta, því það má hann, þar sem sektirnar eru hans, en við það getur hann losast við öll óþægindi, sem af því gátu leitt, að hann kom brotinu upp.

H. þm. S.-Múlas. (G. V.) minntist einnig á þá ábyrgð, sem húsráðendur hafi á því, að þeir lausamenn, sem hjá þeim eru til húsa, standi ekki í skilum með öll opinber gjöld, og áleit það heppilegt, að lausamönnum skyldi skylt að setja húsráðanda eða húsbónda trygging fyrir að gjöldin greiddust án skaða fyrir hann sjálfan, og kann þetta að hafa við töluverð rök að styðjast, en það verður að gjöra ráð fyrir því, að húsráðandi muni ekki vera svo ráðlaus, að hann ekki láti menn

setja sjer trygging fyrir gjöldum, ef honum finnst eithvað ískyggilegt, þar sem lögin gefa honum heimding í þá átt; mjer finnst það eðlilegt, að húsráðendur taki trygging hjá lausamönnunum til þess, að geta gripið til, ef þeir ekki standa í skilum; það er eðlilegt, að þeir tryggi sjer gjaldið, ef þeir hafa grun um að viðkomandi ekki geti borgað. Hvað því viðvíkur, að margir efnalitlir ráðleysingjar mundu gjörast lausir sjer og öðrum til ógagns, þá geta þeir það ekki án vitundar hreppstjóra, sem hafa mundi hönd í bagga með þeim, því hreppstjórar hafa töluverð áhrif en þó helzt á hina fátæku og umkomulitlu. Jeg er viss um, að sveitastjórnirnar mundu hafa hönd í bagga með þessum mönnum eins eptir sem áður. Hvað því viðvíkur, að margir lausamenn komist undan að segja til um heimili sitt, þá er það einmitt tilgangur þessa frv. að koma í veg fyrir það, með því að hreppstjóri á að heimta glögg skírteini fyrir heimilisfangi. Ef hreppstjóri er nógu aðgætinn og stundar vel skyldu sína og heimtar öll þau skírteini, sem hann má, þá á enginn að komast undan, enda teldi jeg þann lausamann vanhygginn, sem ekki ávallt, hvar sem hann færi, geymdi hjá sjer skírteini sín, svo að hann gæti sýnt, hverjum sem væri, að hann hefði fulla heimild til að vera laus og frjáls.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. við 1. gr. (C. 404) samþ. með 6 : 5 atkv.; 1. br. við sömu gr. (C. 434) felld með 6 : 4 atkv.; 2. br. við sömu gr. (C. 404) samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson	Jón A. Hjaltalín
Einar Ásmundsson	Guðjón Guðlaugsson
Hallgr. Sveinsson	Gutt. Vigfússon
L. E. Sveinbjörnsson	Kristján Jónsson
Sigurður Stefánsson	Sigurður Jensson.
Þorkell Bjarnason.	

2. br. við 1. gr. (C. 434) felld með 7 : 1 atkv.; 3. br. við sömu gr. (C. 404) samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 7 : 3 atkv.; 4. br. við 2. gr. (C. 404) samþ. með 8 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 5. br. við 3. gr. (C. 404) samþ. með 6 atkv.; 3. br. við sömu gr. (C. 434) samþ. með 6 : 4 atkv.; 4. br. við sömu gr. (C. 434) samþ. án atkv.gr.; 3. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 4.—6. gr. samþ. með 10 atkv. hver.

Fyrirsögn frv. samþ. með 8 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 3.

Frv. til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (C. 388); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Það er að eins lítil orða-athugasemd, sem jeg vil gjöra við 1. gr. í frv. þessu; þar stendur: „Landshöfðingi hefur umsjón með brúnni á Ölfusá hjá Selfossi og brúnni á Þjórsá hjá Þjótanda“. Eins og vjer vitum, er nú þegar brú til á Ölfusá hjá Selfossi, en aptur á móti er engin brú til á Þjórsá; að eins hefur verið samþ. af þinginu lfrv. um að byggja þessa brú. Mjer finnst því þetta orðalag hjer í 1. gr. frv. óviðfeldið. Jeg kynni betur við, að skotið væri inn fáeinum orðum t. a. m.: „þegar hún er til“; jeg ætla því, að áskilja mjer breyt.till. í þessa átt til 3. umr. Jeg vil ennfremur gjöra litla athugasemd við 2. gr.; þar stendur svo: „Kostnað við gæzlu brúnna skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, *er* skiptist á nefnd sýslufjelög“ o. s. frv. Þetta orð „er“ á ekki við næsta orð í setningunni á undan, eins og venjulegt er í almennu mál, heldur við fyrsta orðið „kostnað“; það orð er komið oflangt á undan og væri þá betra að kippa þessu einnig í lag. Jeg vil því áskilja mjer breyt.till um þetta við 3. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal fúslega játa það með h. 2. kgk. (H. Sv.), að

það er ekki viðkunnanlegt að orða 1. gr. þessa frv., eins og gjört er, en þó held jeg kjósi það heldur, að hún sje þannig óbreytt, en að skotið sje inn um brú á Þjórsá orðunum: „þegar hún er til“. Jeg óska þess og vona það, að ekki líði á löngu áður en þessi brú verði byggð og þá verður frv. rjettmæli. En frv. þetta á að verða lög, sem gilda eiga framvegis, um ókominn tíma og fyrir því væri það ekki viðfeldið, að láta standa í lögunum þessi orð: „þegar hún er byggð“. Jeg kýs því heldur, að þessi gr. sje óbreytt. Aptur á móti er jeg samdóma h. 2. kgk. (H. Sv.) um þá athugasemd, sem hann gjörði við 2. gr. frv.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. og frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 356, 417, 456, 457); 2. umr.

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Það er yfirhöfuð ekki mikið að segja um breyt.till. nefndarinnar, þær eru flestar leiðrjettingar á prentvillum. 15. gr. er þó nokkuð breytt. Þetta opna brjef frá 6. jan. 1857, sem frv. vitnar til, er ekki til sem gildandi um Seyðisfjörð; þess hefur ekki verið gætt, að þetta opna brjef er að eins fyrir Akureyrarkaupstað, en frv. þetta hefur verið sniðið eptir bæjarstjórnarlögum þess kaupstaðar.

Í 16. gr. vill nefndin bæta inn orðunum: „ásamt bæjarfógeta“. Það er ekki efnisbreyt. en skýrara ákveðið, því að sjálfsögðu á bæjarfógeti að vera einn af 3 í hafnarnefndinni. 3. og 4. breyt.till eru leiðrjettingar á prentvillum; það hefur verið vísað í skakkar greinar. Hið sama er að segja um 6. 7. og 8. breyt.till.

Eins og jeg gat um við 1. umr. var máli þessu þá svo illa borgið, að bæjarfógeti var enginn ætlaður, og því síður að bæjarfógeta á Seyðisfirði væri ákveðin nein laun, og fyrir því hefur nefndinni komið saman um, að koma með viðaukatill. á þingskj. 456. Ef sú breyt.till. kemst að, er þó fenginn bæjarfógeti en til þess að bæta úr launaleysinu hef jeg komið með viðaukatill. á þingskj. 457 um að hann skuli hafa í laun 300 kr. Jeg vona, að þessi viðaukatill. mæti ekki mótspyrnu, og jeg tel sjálfsagt, að þó að h. Nd. hafi fellt frv. um laun bæjarfógeta á Seyðisfirði hafi það ekki verið af því, að hún vilji, að þessi bæjarfógeti sje launalaus fremur en aðrir bæjarfógetar hjer á landi, heldur hitt, að henni hafi þótt launaupphæðin ofhá, því að vjer vitum, að í h. Nd. sitja miklir sparnaðarmenn. Jeg hef því með tilliti til þess ekki farið fram á hærri laun en að eins 300 kr.

Jeg hef svo ekki meira að segja um þetta frv. en vænti þess, að það verði samþ. ásamt þessum breytingar- og viðaukatillögum.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 456) samþ. með 10 atkv.; viðaukatill. (C. 457) samþ. með 7 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 2.—14. gr. samþ. með 10 atkv. hver.; 1. br. (C. 417) við 15. gr. samþ. með 10 atkv.; 15. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 2. br. (C. 417) við 16. gr. samþ. með 10 atkv.; 16. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 3. br. (C. 417) við 17. gr. samþ. með 10 atkv.; 17. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 18.—21. gr. samþ. með 10 atkv. hver; 4. br. (C. 417) við 22. gr. samþ. með 10 atkv.; 22. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 23.—29. gr. samþ. með 10 atkv. hver; 6. 7. og 8. br. (C. 417) við 30. gr. samþ. með 10 atkv. hver; 30. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 31.—32. gr. samþ. með 10 atkv. hvor.

Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna við lands-

reikningana árin 1890 og 1891 (C. 394); ein umr.

Kristján Jónsson: Nefnd sú í Nd., sem haft hefur þetta mál til athugunar hefur gjört rækilega grein fyrir áliti sínu og till. á þingskj. 195, og hefur nefndin byggt þessar till. sínar á athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna, sem prentaðar eru og útbýtt hefur verið meðal þingmanna. Nefndartillögurnar voru með lítilli breytingu (á tölul. 2) samþykktar í Nd. Hjer í deildinni hefur nefnd eigi verið sett til að fara með málið og engar breyt.till. hafa komið fram; þar af leiðir, að ekki er ástæða fyrir mig til að fjölyrða um þessar tillögur. Jeg vænti þess því, að þær verði samþ., eins og þær liggja nú fyrir.

Sigurður Stefánsson: Það er út af 2. gr. í till. þessum, að jeg vil leyfa mjer að gjöra þá fyrirspurn, hvort eigi hafa allstaðar þar, sem hægt er, verið lagðar út jarðir frá þeim brauðum, þar sem árgjald á að greiða frá. Það mun vera mjög örðugt fyrir hlutaðeigandi presta að geta greitt þetta gjald í peningum. Mjer er það ekki ljóst, hvort allstaðar hafa verið lagðar út jarðir, og fyrir því vil jeg leyfa mjer að gjöra þessa fyrirspurn.

Kristján Jónsson: Þar sem hægt hefur verið hafa jarðir verið lagðar út til borgunar árgjaldsins, en tillagan um málsókn undir tölul. 2, er sprottin af því, að sem stendur eru nokkrir prestar komnir í skuld um árgjaldsgreiðslu. Þessi till. bendir til þeirra presta.

ATKVÆÐAGR.: 1. till. samþ. í e. hlj.; 2. till. samþ. með 10 atkv.; 3. og 4. till. samþ. í e. hlj.

Fertugasti fundur, föstudag 18. ágúst. Allir á fundi.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga (C. 402); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 (C. 431, 464, 471); 2. umr.

Sigurður Jensson: Jeg skal með fáum orðum leyfa mjer að gjöra grein fyrir breyt.till. þeirri, er jeg hef leyft mjer að koma fram með.

Aðalatriðið í frumv. þessu er, eins og allir sjá, fólgið í 2. gr., þar sem trygging er sett fyrir, að yfirsetukonur fái svo góða kennslu og undirbúning, sem þær þurfa, til að geta staðið vel í stöðu sinni. Jeg er alveg samþykkur þessari stefnu, og vildi gjarnan óska, að þeim væri kennt svo mikið, að þær einnig gætu veitt mönnum hjálp í hinum almennustu sjúkdómum, er koma fyrir, því eins og allir vita, þá getum við aldrei búizt við, að við nokkurn tíma fáum svo marga lærða lækna, sem við þurfum. Jeg hef stungið upp á að fella burtu 1. gr. frv.s., ekki af því, að jeg sje mótfallinn þessari hækkun á launum yfirsetukvenna, heldur af því, hvernig greinin er orðuð. Ef greinin væri þannig orðuð, að sýslunefndum væri gefið leyfi eða vald til að hækka laun yfirsetukvenna, eptir því, sem þær sæju sjer fært, þá skyldi jeg vera með henni, en að sýslunefndinni skuli vera skipað að hækka launin hjá öllum yfirsetukonum, jafnt þeim, er standa vel og hinum, er illa standa í stöðu sinni, það finnst mjer ekki vera rjett. Það eru til yfirsetukonur, er standa ágætlega í stöðu sinni, og sem eiga skilið, ekki 60 kr. heldur 6 sinnum 60 kr., en aptur á móti eru einnig til ónýtar yfirsetukonur, sem engir eða fáir vilja nota, og fyrir þær eru þau laun, er þær nú hafa, fullkomlega nógu há, í samanburði við starfa þeirra. Mjer finnst það líka nokkuð undarlegt af þing-

inu, að vera að blanda sjer inn í verkahring sýslunefndanna, án þess nokkrar óskir hafi komið frá þeim um það, og skipa þeim að hækka laun þau, er þeim ber að ákveða. Jeg ímynda mjer líka, að þetta muni ekki koma sjer neitt vel fyrir sýslunefndirnar, að minnsta kosti ekki hvað snertir hækkun á launum sumra yfirsetukvenna. Það er að vísu satt, að þessi 40 kr. laun yfirsetukvenna eru fjarska lítil laun, en 60 kr. eru líka lág laun og jafnvel þó það væru 80 kr.; launin verða ekki sniðin eptir okkar tilfinningum, heldur verða þau að vera eptir efnahag sýslusjóðanna. Sýslunefndirnar eru ráðsmenn yfir sýslusjóðunum, og jeg álít, að þær sjeu allt eins góðir ráðsmenn fyrir sýslusjóðina, eins og þingið fyrir landssjóð. Jeg hef opt heyrt menn hafa þau orð, að rjett sje að láta hvert hjerað stjórna sínum eigin málum, og því er jeg alveg samþykkur, en þegar til framkvæmdanna kemur, virðist opt verða minna úr þessu hjer á þinginu. Mjer finnst þingmenn vera allt of fúsir til að gjörast formyndarar sýslunefndanna og taka ráðin af þeim, eins og í þessu máli, þar sem þeir skipa þeim að hækka launin, hvort sem þær vilja eða ekki. Ef halda á þessari grein, þá vildi jeg, að hún væri þannig orðuð, að sýslunefndirnar mættu eptir því, sem þær sæju sjer fært, hækka laun yfirsetukvenna, eins og þær nú geta að nokkru leyti, þegar yfirsetukona hefur í 10 ár staðið vel í stöðu sinni. Öll þessi 1. gr. er tekin upp úr 3. gr. hinna núgildandi yfirsetukvennalaga, nema ákvæðin í fyrstu línunni um, að hækka minnstu launin upp í 100 kr. og 60 kr.; hitt, um launahækkun eptir 10 ára góða þjónustu, eru engin nýmæli, sýslunefndirnar hafa hingað til bæði getað gjört og líka gjört það, já, jeg hef enda heyrt, að þær sumstaðar á landinu hafi tekið sjer leyfi til að hækka launin fram yfir það, sem yfirsetukvennalögin heimila, og því væri ástæða til að breyta lögunum í þá átt, að gefa þeim fullkomið vald til að ákveða launin.

Ef menn vildu taka þessar athugasemdir mínar til greina og orða 1. gr. á þann hátt, sem jeg hef áður bent á, þá skyldi jeg fúslega taka breytingartillögu mína aptur, en að öðrum kosti mun jeg ekki gjöra það.

Það hefur einnig komið fram önnur breyt.till. á þingskjali 464 frá h. 6. kgk. (Þ. B.) um að lækka minnstu launin úr 60 kr. niður í 50 kr., en henni get jeg ekki verið með. Mjer finnst ekki rjett að gefa sýslunefndum ekki vald til að gjöra mun á góðum og ónýtum yfirsetukonum, og þar sem önnur breyt.till. h. 6. kgk. (Þ. B.) stingur upp á með öllu að svipta sýslunefndir valdinu til að veita yfirsetukonum launahækkun fyrir góða þjónustu, þá get jeg alls ekki gefið henni atkvæði mitt.

Ef jeg sem sagt finn það á umræðum manna, að þeir vilja breyta 3. gr. í hinum núgildandi lögum þannig, að sýslunefndum sje í sjálfs vald sett, hvort þær vilja hækka launin eða ekki, þá skal jeg fúslega taka mína breyt.till. aptur, en annars verð jeg að lýsa því yfir, að jeg ekki mun gjöra það.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef leyft mjer að koma fram á með breytingartillögu, er fer fram á í 1. lagi: að laun yfirsetukvenna í sveitum sjeu lækkuð úr 60 kr. niður í 50 kr., og í öðru lagi: að afnumin sje sú heimild, er sýslunefndir hafa til eptir 10 ára þjónustu að hækka launin um 20 kr. Það kann nú af mörgum að verða skoðað svo, sem jeg hafi ráðið á garðinn þar sem hann er lægstur, en þegar menn gæta þess, að þær fá allan kennslu- og fæðiskostnað borgaðan, meðan þær eru við námið, og auk þess nægileg verkfæri kostnaðarlaust, þá geta menn sjeð, að jeg gjöri það ekki að ástæðulausu. Og í öðru lagi fá þær borgun fyrir hvert verk, er þær gjöra sem yfirsetukonur, og auk þess 50 kr. Þá held jeg að 50 kr. verði ekki oflítil laun,

eptir því, sem margt nú er borgað upp til sveita. Að vísu geta þær stundum haft örðugt t. d. verið vaktar upp um nætur, en það mun þó ekki opt koma fyrir, því að þær munu að meðaltali ekki vera sóttar í neinum hreppi optar en 10 sinnum á ári, bæði af því, að tala þeirra, er fæðast í hverjum hreppi, fer ekki mikið fram úr því, og eins af því, að til þessa starfa eru ýmsir aðrir brúkaðir, en lögskipaðar yfirsetukonur, bæði karlar og konur. Jeg get því ekki betur sjeð, en að þessar 50 kr. sjeu nægileg þóknun fyrir þessar hjer um bil 10 ferðir, og sjest það bezt, þegar þau eru borin saman við laun ýmsra manna, er opinberum störfum gegna; jeg vil taka t. d. laun hreppstjóra, svo jeg ekki nefni hreppsnefndarmenn, er fá engin laun fyrir mikinn starfa.

Ef nóg fje væri fyrir hendi í sýslusjóðum, hefði jeg alls ekki komið með þessa breyt.till., en nú er ekki svo, og ef eitt hvað kemur nú í viðbót á sýslusjóðina, eins og útlit er fyrir, þá hafa þeir þó æðimikið á sinni könnu fyrir það, þótt ekki sje þessu bætt við. Jeg vil taka t. d. Kjósar- og Gullbringusýslu; þar hefur sýslusjóður tekið upp á sig að taka þátt í kostnaðinum við gufubátinn „Elínu“ og hafa gjöldin til sýslusjóðs hækkað við það um helming; í einum hreppi með 28 verulegum gjaldendum er gjaldið til sýslusjóðs orðið hátt á fjórða hundrað krónur, og verður það, eins og menn vita, að gjaldast allt í peningum. Það þekkja nú allir, hversu örðugt það er fyrir bændur, að fá peninga hjer á landi, þar sem peningaekla er svo mikil, og er því full ástæða til að fara varlega í að þyngja gjöldin á sýslusjóðum. Gjöldin eru einlægt að þyngjast á almenningi. Á síðasta kjörtíma voru lögð á gjöld til hreppsnefndaroddvita, styrktarsjóðs handa alþýðu og amtsráða, og nú byrjar þetta fyrsta þing, er kemur saman eptir að nýjar kosningar eru um garð gengnar, með því, að bæta við þessu nýja gjaldi, með því að hækka laun yfirsetukvenna; jeg get ekki sjeð betur, ef þessu heldur áfram, en þá verði gjöldin svo mikil, að almenningi verði ómögulegt að rísa undir þeim.

Jeg get því ekki skilið annað, en að þessar 50 kr. verði nægileg laun fyrir yfirsetukonurnar, þó jeg fullkomlega játi, að þau í sjálfu sjer sjeu ekki mikil.

Landshöfðingi: Sá fyrri af þeim h. þm. (S. J.), er talað hafa í þessu máli, viðurkenndi fullkomlega, að þörf væri á að breyta yfirsetukvennalögunum. Hann áleit það mjög nauðsynlegt að bæta *uppfræðslu* yfirsetukvenna, og þetta álit kom einnig sterklega fram í h. Nd. Þetta er einnig aðalatriðið í þessu frumv., en svo kemur aukaatriðið, sem sje að bæta *kjör* yfirsetukvenna. Það, sem frumv. fer fram á að gjört sje í því efni, er, að laun yfirsetukvenna í kaupstöðum, það er að segja á Akureyri og Ísafirði, sjeu hækkuð um 40 kr., en í sveitum um 20 kr. Þessa hækkun vilja nú sumir h. þingdeildarmenn ekki ganga inn á, af því þeim þykir hún of há, og hefur því einn h. þm. (Þ. B.) á þingskj. 464 stungið upp á, að færa niður upphæðina úr 60 kr. niður í 50 kr. H. þm. (Þ. B.) kannast sjálfur við, að launin sjeu of lág, en segir, að sýslusjóðir hafi, sökum ýmsra annara kvaða, er á þeim liggja, ekki efni á að gjalda þeim meira kaup. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki gjöra svo lítið úr sýslusjóðunum að segja, að þá muni um einar 10 kr. handa hverri yfirsetukonu, og skil ekki, hvernig sá, sem í raun og veru álítur launin of lág, getur gjört kappsmál úr því, hvort þau skulu heldur vera 50 eða 60 kr. Sjerstaklega er þó athugaverð önnur breytingin á þingskj. 464, um að taka burtu þá heimild, er sýslunefndum er gefin til að hækka laun yfirsetukvenna um 20 kr. eptir 10 ára þjónustu. Ef að þessi breyt.till. h. þm. (Þ. B.) verður samþykkt, þá tekur hann burtu með annari hendinni það, sem hann hefur

gefið með hinni og meira til. Ef því þessi breyt.till. yrði samþykkt, gæti það orðið til þess, að málið lenti í rekstri milli þingdeildanna, sem jeg veit, að Nd. ekki óskar eptir og víst ekki heldur þessi deild.

Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Barðstr. (S. J.) á þingskj. 471, þá er hið sama um hana að segja; jeg er hræddur um, að hún aldrei nái hylli Nd. og yrði þá endirinn sá, að málið yrði að fara í sameinað þing og næði aldrei fram að ganga á þessu þingi, en þetta er þó svo áríðandi mál, og svo mikil rjettarbót fólgin í frv., að mjer finnst ekki rjett að láta fáeinar krónur vera orsök í því, að frv. sofnaði út af.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C 471) við 1. gr. felld með 7 atkv. gegn 2. Þar með fallnar hinar aðrar breytingatillögur á sama þingskj. 1. br.till. (C. 464) við 1. gr. felld með 6 atkv. gegn 3; 2. br.till. við sömu gr. felld með 10 atkv. gegn 1. 1. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2—3 gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til laga um vegi (C 424, 458); 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Með því að jeg, ásamt nokkrum öðrum þingm. hef leyft mjer að koma fram með breyt.tillögur við þetta frv., þá finn jeg mjer skylt að gjöra grein fyrir, hvernig á þeim standi.

1. br.till. er við 6. gr., að á eptir orðunum „yfirhöfuð úr landssjóði“ bætist inn, „þó greiði hlutaðeigandi sýslufjelög $^1/_6$ af kostnaðinum til flutningabrauta“.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að við álítum flutningabrautir sem sjerstök hjeraðamál, en ekki landsmál yfir höfuð, og fannst því eðlilegt, að hjeruðin legðu einhvern skerf úr sínum eigin vasa, þar sem þær meira væru gjörðar fyrir hvert einstakt hjerað, því fyrst á landssjóður að styrkja það, er snertir landið í heild sinni, en láta hitt sitja á hakanum, og eins tel jeg það ekki eptir hjeruðunum að bera einhverjar byrðar fyrir þessar flutningabrautir, ef þeim er nokkuð áhugamál að fá þær. Menn geta nú komið með ýmsar mótbárur gegn þessu, og jeg hef jafnvel heyrt þær hjá sumum, eins og t. d., að þessar akbrautir sjeu ekki gjörðar fyrir hjeruðin, sem þær liggja um, heldur falli þær saman við aðalþjóðvegina, og jeg skal játa, að þetta getur átt sjer stað, en þó hvergi nærri alstaðar.

Við flutningsmenn þessara breytingatillaga skoðuðum sem eina af aðalgrundvallarreglum þessa frv. að allar flutningabrautir skyldi gjöra að akbrautum, eins og líka er tekið fram í 7. gr., hvort sem þær fjellu saman við þjóðbrautir eða ekki, og verður þá meiningin sú, að hægt verður að leggja akbrautir á landsins kostnað um öll hjeruð, án nokkurs tillits til, hvort þær snerta þjóðleið eða ekki. Sýslunefndirnar geta því ekki einungis sparað sjer að leggja sýsluvegi, heldur komast einnig hrepparnir hjá því að leggja hreppavegi, og finnst mjer þá of langt gengið, ef landssjóður á ekki einungis að leggja sýsluvegina heldur einnig hreppavegina; það á með öðrum orðum að leggja net af akfærum vegum um hverja sýslu eingöngu á kostnað landssjóðs. Annað mál væri, ef frv. væri þannig orðað, að þar sem flutningabrautir fjellu saman við þjóðleið, þar skyldi leggja akbrautir á kostnað landssjóðs, og ef breyting kæmi fram í þessa átt, þá skyldi jeg fúslega í tilhliðrunarskyni taka aptur breytingartillögu okkar, enda þó jeg álíti, að ef hjeruðin óska eptir að fá akbrautir, þá sjeu þau ekki ofgóð til að leggja til nokkuð af því, sem akbrautir kosta meira en hestavegir. Viðvíkjandi 2. breyt.till. (C 458) við 11. gr. um að lækka sýsluvegagjaldið úr $1^1/_2$ kr. niður í 1,25, þá er það um hana að segja, að hún er ekkert kappsmál fyrir okkur, og vona jeg, að menn

játi, að hreppasjóðirnir sjeu ekki svo vel staddir, þó ekki sjeu auknar byrðar þeirra meira en þarf. Menn kunna nú að segja, að lítil samræmi sje í því að vera að lækka þetta tillag hreppasjóðanna til sýsluveganna á annan bóginn, en á hinn bóginn neyða þá til að bera $^1/_6$ af kostnaðinum við akbrautirnar, og skal jeg þá svara því strax til þess að þurfa ekki að standa aptur upp til þess. Þetta $1^1/_2$ kr. gjald eru hreppasjóðirnir skyldir að greiða, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt, en viðvíkjandi þessum $^1/_6$, þá er þeim alveg í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja ganga að því að takast hann á herðar eða ekki. Jeg held að öllum geti skilizt, að það er nokkuð annað að neyða menn til að gjalda það, sem þeim ef til vill ekki er ljúft, eða gefa þeim sjálfum á vald, hvort þeir vilji af frjálsum vilja ganga að því. Því fremur hygg jeg, að breyt.till. þessi næði fram að ganga, hvað h. Nd. snertir, sem að önnur lík breyt.till., nema enn þá lægri — hún vildi sem sje ekki hafa gjaldið nema 1 kr. en þessi fer fram á 1,25, — því fremur hygg jeg, að þessi br.till. næði fram að ganga, þar sem hin að eins fjell þar með litlum atkvæðamun.

3. breyt.till. okkar á þingskj. 458 við 17. gr. fer einnig í sömu átt, að nefnilega til kostnaðar við hreppsvegi skuli greiða 1,25 kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum frá 20 til 60 ára, en hún fer einnig fram á nokkuð meira, nefnilega að láta hvern húsbónda á vorhreppaskilaþingi greiða þetta hreppavegagjald fyrir sína heimilismenn, í stað þess, eins og í frv. stóð, að láta sveitarsjóðina greiða það. Jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, hversu ósanngjart það í rauninni væri, að leggja þetta gjald á sveitarsjóðina, þar eð tekjur þeirra væru byggðar á allt öðrum grundvelli, þar sem þær væru byggðar á efnum og ástæðum þeirra manna, er í hreppnum búa, en vegagjaldið að eins á tölu þeirra verkfærra manna, er í hreppnum eiga heimili, en af því leiðir, að rjettast væri að miða vegagjaldið, ekki við tölu þeirra verkfærra manna, er í hverjum hreppi búa, heldur við efni og ástæður hvers hrepps út af fyrir sig, t. d. að hrepparnir yrðu látnir borga víst af hverju lausafjárhundraði, er þeir tíunduðu, þar sem það nú er aðalmælikvarði fyrir öllum álögum til sveitar. Vitanlega á þetta sjer stað í núgildandi lögum, t. d. með sýsluvegagjaldið, að því er ekki jafnað niður eptir lausafjártíundinni, og því höfum við heldur ekki farið fram á það, þó það raunar væri eðlilegast. Það kunna nú margir að segja, að húsbændum muni verða örðugt að borga þetta hreppsvegagjald fyrir menn þá, er þeir hafa á heimili sínu, en jeg held þó, að ef þeir væru spurðir um, hvort þeir vildu heldur kjósa, að hækkað yrði útsvarið á þeim, eða greiða þetta gjald, þá mundi á flesta þeirra renna tvær grímur, og eptir því sem jeg þekki, þá er flestum bændum svo sárt um að hækkað sje útsvarið á þeim, að jeg efast ekki um, að þeir heldur mundu kjósa að greiða þetta gjald, eins og við stingum upp á. Hvað lausamenn snertir, þá ber þess að gæta, að þó húsbóndi þeirra, eða sá, sem þeir eru til húsa hjá, eigi að greiða þetta gjald fyrir þá, þá er honum innanhandar að leggja það aptur á þá. Eins og jeg sýndi fram á við 1. umr. þá er það eðlilegt, að ýmsir verkfærir menn með því fyrirkomulagi á þessu, er frv vill hafa, lendi óbeinlínis á sveitinni, og það ekki sízt við sjóinn. Jeg segi þetta af því jeg vil ekki halla fremur á sjávarbóndann en landbóndann, því það held jeg hvorki hafi komið fram hjá mjer í þessu máli eða öðrum.

Jeg veit það, að margir munu segja, að þetta mál sje svo nauðsynlegt, að varúðarvert sje að tefja fyrir því með því nú að vera að koma fram með breytingar við það, en jeg get ómögulega aðhyllzt þá skoðun, að rjett sje, að Nd. haldi

hjá sjer mikilsvarðandi frumv. allan þingtímann, svo að vjer verðum að samþykkja þau óbreytt, hvort vjer viljum eður ekki. Jeg get sem þm. í Ed. alls ekki sætt mig við það, og jeg held ekki h. þingdeildarmenn yfirhöfuð heldur geti það. Ef eitthvað frv. er þeim göllum búið, sem jeg ekki get sætt mig við, þá finnst mjer sjálfsagt að gjöra við það þær breytingar, er jeg álít nauðsynlegar, án þess að taka nokkuð tillit til, hvort það á því þingi nái að verða að lögum eða ekki. En af því jeg ekki vildi þó tefja fyrir þessu máli meira en bráðnauðsynlegt væri, þá hef jeg af tilhliðrunarsemi verið einn af þeim mönnum, er greiddu atkvæði á móti því að setja þetta mál í nefnd.

Að þessu sinni mun jeg láta vera að gjöra frekari grein fyrir þessum breytingum mínum, en ef jeg finn ástæðu til þess, þá mun jeg gjöra það síðar.

Landshöfðingi: Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls hjer í þessari h. þd., að frv. þetta væri mjög mikilsvert, og að þær breyt., sem með því eru gjörðar á núgildandi lögum, væru yfir höfuð að tala mjög þarflegar og hagstæðar. Nú eru komnar hjer fram tvenns konar breyt.till., og er önnur þeirra svo vaxin, að ef hún kemst að, má ganga að því vísu, að ekki muni nást neitt samkomulag við h. Nd; það er breyt.till. við 6. gr. Sú breyt. er svo mikil röskun á grundvallarreglu þeirri, sem sett er í frv., að ekki er til þess að hugsa, að h. Nd. geti aðhyllzt hana. Jeg veit ekki, hvort háttv. uppástungumenn hafa gjört sjer það ljóst, hverjar afleiðingar þessi breyt. mundi hafa. Í 3. gr. frv. er tekið til, hvar flutningabrautir skuli liggja, og sjest þá, að á flestum stöðum falla þær að miklu leyti saman við aðalpóstleiðir. Eptir gildandi lögum á landssjóður nú að kosta eingöngu aðalpóstvegi og gjöra þá að akvegum. Eptir frv. þessu eiga að eins flutningabrautirnar að verða akvegir. Ef nú breyt.till. við 6. gr. kemst að, verður afleiðingin sú, að sýslufjelög þurfa að greiða vissan hluta af kostnaðinum við flutningabrautirnar, eins þá, þegar þær falla saman við aðalpóstleið, og þegar þær ekki gjöra það, og gjörir þannig bæði breyt. á grundvallarreglu þeirra laga, sem nú gilda, um hver bera skuli kostnað til vegagjörða, og einnig grundvallarreglu þessa frv. Jeg skal taka til dæmis flutningabrautina, sem á að liggja úr Reykjavík og austur í Rangárvallasýslu; það er lengsta flutningabrautin, og fellur að mestu leyti saman við aðalpóstleið. Eptir fjárlaga frv. því, sem h. Nd. nú hefur samþ. fyrir næstkomandi fjárhagstímabil, er veitt til vegagjörðar yfir Hellisheiði fyrir bæði árin 50 þús. krónur, og eptir því verður Árnessýsla, ef þetta frv. verður að lögum í byrjun næsta fjárhagstímabils, að borga einn sjöttung eða 10,000 kr. á móti 50,000 kr. úr landssjóði til þessarar vegagjörðar á þessum tveimur árum, ef þessi breyt.till. kemst að. Þetta verður mjög þung byrði fyrir þetta sýslufjelag, og þessi byrði er lögð á sýslubúa, án þess þeim gefist kostur á að bera hönd fyrir höfuð sjer eða hafi þar nokkurt atkvæði um. Hið sama má segja um hinar aðrar fyrirhuguðu akbrautir, $^1/_6$ partur af því, sem þær kosta hver um sig, verður ætíð mjög þungur skattur á sýslufjelögin. Aptur á móti er til þess ætlazt eptir frv., að stjórnin gjöri árlega uppástungur um, hverja flutningabraut skuli leggja á hverju fjárhagstímabili og biður svo um fje til þess í fjárlögunum, og sje svo þingið á sömu skoðun sem stjórnin, þá veitir það þetta fje. En eigi hlutaðeigandi sýslufjelög jafnan að greiða $^1/_6$ hluta af þessum kostnaði, er með því á þau lagður mjög þungur skattur án þess, að þeim gefist færi á að láta í ljósi vilja sinn um vegagjörðina. Jeg verð því að mæla fastlega á móti þessari breyt.till.; hún kemur bæði í bága við grundvallarreglu þessa frv. og einnig í bága við grundvallarreglu þeirra laga, sem

má gilda, um hver greiða skuli kostnað við vegagjörð á aðalpóstleiðum.

Hin önnur breyting, sem stungið er upp á við frv. þetta, er við 11. og 17. gr. og er sú breyting nokkuð smásmugleg, að færa þetta gjald niður um 25 aura. Það var tekið fram undir umr. í Nd., að það, að breyta hálfu dagsverki í 1 kr. 50 a., er ekki hækkun á gjaldinu; maður getur jafnvel eins vel sagt, að það sje lækkun frá því sem nú er.

H. þm. Strand. (G. G.) sagði, að það væri óheppilegt, að leggja sýsluvegagjaldið á eptir töku verkfærra manna. En hann hefur ekki komið fram með neina breytingu á þessu; þetta fyrirkomulag hefur nú staðið í síðustu 30 ár og hef jeg ekki orðið var við neina óánægju yfir því. Mjer virðist þetta nart í þessa 1 kr. 50 a. svo lítilsvert, að eigi sje vert þess vegna að breyta frumv. þessu og senda það aptur til Nd. Jeg er samdóma h. þm. Strand. (G. G.) í því, að finnist verulegir gallar á frumv., sem samþykkt er af hinni deildinni, þá eigi menn ekki að líka við að lagfæra þá, enda þótt stutt sje eptir af þingtímanum. En þegar breytingarnar eru ekki stórvægilegri eða meir áríðandi en þessar við 11. og 17. gr. eru, þá virðist ekki vera ástæða til að eiga undir höggi, hvort gott frv. vegna þeirra getur orðið að lögum. En breyt.till. við 6. gr. er svo fráleit, að hún er með öllu óaðgengileg bæði fyrir þessa h. þingd. og eins fyrir h. Nd.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætlaði aðeins að leyfa mjer að svara fáeinum orðum athugasemdum hæstv. landsh.

Það er þá fyrst, hvað aðalatriðið snertir, að sýslufjelög skuli greiða $^1/_6$ af kostnaðinum til flutningabrauta. Hæstv. landsh. áleit, að þetta ákvæði kæmi í bága við grundvallarstefnu frumv. og hin núgildandi lög; en þó að það komi í bága við núgildandi lög, þá gjörir það ekki mikið, þar sem þau eru numin úr gildi með þessu frumv., ef það verður að lögum. En þegar grundvallarstefna frumv. er eptir minni skoðun og sannfæringu ekki rjett, þá má jeg einnig koma með breytingar við þessa stefnu, án þess að að því sje fundið. Og jeg álít það ekki rjett, að ætla landssjóði að kosta vegi eða nein fyrirtæki að öllu leyti, sem kemur eingöngu einstöku hjeraði til gagns, en ekki öðrum.

Hæstv. landsh. fræddi mig á því, að þessar akbrautir fjellu saman við aðalþjóðvegina. Það verður hvergi sjeð á frv. og það stendur t. d. í 4. gr., að þær skuli leggjast eptir tillögum sýslunefnda o. s. frv., en úr því svo er, þá er líka landshöfðingi bundinn við þær tillögur. (*Landshöfðingi:* Það stendur *hvar*, en ekki *hvernig*). Það stendur hvergi í frumv., að akbrautir skuli falla saman við aðalþjóðvegi eða aðalpóstvegi, og ef svo væri, þá virðist ekki þurfa aðra breytingu á núgildandi lögum en að eins, að það af þjóðvegunum verði gjört að akvegum, sem yfir þau hjeruð liggur, sem hjer um ræðir í 3. gr. frumv. Enda hafa sjálfir flutningsmenn eða helztu meðmælendur þessa frumv. sagt mjer, að það væri ekki meiningin, að akbrautirnar fjellu saman við þjóðvegina, flutninganna væri þörf fyrir einstök hjeruð og hæstv. landsh. mun víst hafa heyrt það sjálfur, að þær brautir mundu alls ekki falla saman við þjóðvegina. Af þessu leiðir, að allir þessir vegir geta orðið lagðir í kross hver við annan, og jeg get ekki fallizt á, að það sje rjett, að landssjóður eigi að bera einn byrðina af þeim öllum, en sýslusjóðir leggi ekki neitt til þess, sem sjerstaklega er gjört fyrir þau, til akbrautanna.

Hæstv. landsh. skeytti því ekki í ræðu minni, er jeg sagði, að jeg gæti gengið inn á þetta ákvæði í frumv., að svo miklu leyti sem flutningabrautirnar fjellu einmitt saman við þjóðvegina. (*Lands-*

höfðingi: Stendur ekkert um það í br.till.). Nei, en það er það sama, þegar jeg hef tekið það fram við umræðurnar.

Svo er sumt í frumv., sem mér finnst vera ósamkvæmni í. Það er þá fyrst, að í 1. gr. er sagt, að flutningabrautir sjeu þeir vegir, sem *aðalvörumagn* helztu hjeraða er flutt um, og svo er í 2. gr. meðal annars talið upp, að flutningabraut skuli vera frá Reykjavík austur að Geysi. Er aðalvörumagnið flutt til Geysis? Jeg skil ekki, hvaða samkvæmni er í þessu. Og er nauðsyn á nokkurri akbraut til Geysis? Jeg þykist nú eiga von á, að svarað verði, að þess sje þörf vegna útlendra ferðamanna. En er það víst, að útlendir ferðamenn óski svo mjög eptir að aka þangað og það á heldur einföldum vögnum? Ætli þeim þætti ekki skemmtilegra að ríða þangað á okkar íslenzku hestum, sem þykja svo afbragð hjá öðrum hestum Jeg ímynda mjer það, að þeir kysu heldur góða hesta, heldur en slæma vagna, sem þeim naumast þættu boðlegir. Jeg get því ekki sjeð, að það sje nauðsynlegra að leggja akbraut þangað austur heldur en góðan hestveg. Það er nauðsynlegt og bæði til gagns og heiðurs fyrir landið, að gjöra vel við útlendinga, sem ferðast hjer um, en akbraut hefur lítið að þýða í því efni.

Jeg get heldur ekki sjeð samkvæmni í því, að því er flutningabrautirnar snertir, að landssjóður eigi að greiða kostnaðinn við þær flutningabrautir, sem gjörðar eru að eins fyrir eitt hjerað eða einn hrepp, en ef þjóðvegur eða aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, þá skuli sýslan greiða helming sýsluvegagjaldsins til hans. Þjóðvegir finnst mjer að heyri eingöngu undir landssjóð, hvað kostnað til þeirra snertir. Og það er sannarlega ekki samkvæmni í því, að landssjóður eigi að greiða kostnað til akbrauta í einum hreppi, t. d. akbraut úr kauptúni á aðalþjóðveginn. Jeg hef talað við kunnuga menn um akbrautina upp Borgarfjörðinn, og þeir hafa álitið, að hún mundi ekki falla saman við þjóðveginn; hún mundi ganga frá botni Borgarfjarðar og upp hjeraðið. Jeg er nú ekki kunnugur í öðrum hjeruðum, þar sem ákveðið er, að akbrautir skuli leggja. En jeg get ímyndað mjer, að þar sje eins varið. Þegar á að leggja þær eptir tillögum sýslunefnda, þá er eðlilegt, að sýslunefndirnar láti leggja akbrautir, þar sem þær hyggja vera bezt og þægilegast, án þess að hugsa um þjóðveginn, þegar þær vita, að landssjóður á að borga, og þá munu þær reyna að spara hreppavegina og haga akbrautunum eptir því. Jeg skil ekki til hvers þessar flutningabrautir eru svo fastákveðnar, nema til þess að auka flokkadrætti hjer á þinginu, og koma inn gamalli hreppapólitík, þar sem hver reynir að toga sem bezt í skækilinn sinn og ná í eitthvað, svo að þeir fái akbrautir, sem mestu koma til að ráða og þau hjeruð, sem eru svo heppin að hafa kosið slíka menn á þing. Það er ósamkvæmni einnig í 6. gr., sem jeg get ekki skilið. Það kemur þar upp úr kafinu orðið *póstvegur. (Landsh.:* Prentvilla). Fyrst það er prentvilla, þá nær það ekki lengra.

Hvað því viðvíkur, sem tekið er fram í síðari málsgr. 6. gr., þá veit jeg ekki, hvort það á að fara að brytja fjeð árlega milli þessara einstöku vegaflokka, svo og svo mikið til hvers, til þess að gjöra nokkurra faðma akspotta hjer, og svo dálítinn hluta af hestaveg á öðrum stað, og þar fram eptir götunum. Jeg get varla ímyndað mjer, að það sje meiningin, heldur fari það eptir því, hvað einstakir menn eru duglegir að ná í eitt hornið á skæklinum og draga að sjer.

Hvað lækkun gjaldsins í sýsluvegasjóð snertir, þá sje jeg ekki, að það sje nein minnkun fyrir mig, þó að jeg hafi komið fram með hana, og þó jeg heyri, að jeg sje að narta í. Það er þó ekki meira en nartað er í landsmenn til að láta úti

í þessu efni, og það má segja hjer, að margt smátt gjörir eitt stórt, og svo getur, farið að mikið muni um það til lengdar.

Jeg get vel hugsað mjer, að hvað Árnesinga snertir, þá sje það ranglátt, að þeir leggi $^1/_6$ til af kostnaðinum, þar sem það hefur verið ákveðin akbraut hjá þeim fyrirfram, og geta því ekki haft neitt atkvæði um það efni. En framvegis hefur það ekki neitt að segja. Og jafnvel nú mætti líka eins fresta því, ef þeir vildu, svo að þeir gætu sagt um, hvort þeir vildu heldur þjóðveg eða akveg.

Hæstv. landsh. játaði, að menn væru ekki skyldugir að ganga inn á það, sem þeim fyndist eitthvað vera á móti, og væru ekki samdóma, en jeg sje ekki betur, en þessi grundvallarregla frumv. sje athugaverð, og því er eðlilegt, að jeg hafi komið með breytingar við frumv. Og þó að ekki þurfi frá þeirra sjónarmiði að breyta frv., sem álíta það allt gott og gilt, þá eru ekki allir skyldir að hafa sömu skoðun, og það er rjett að koma með breytingar, þegar maður hefur þá skoðun og sannfæring, að það eigi að breyta, eins og það er, hvað mjer viðvíkur í þessu efni.

Jeg skal bæta því við, hvað akbrautirnar snertir og það, að menn byggja sínar framtíðarvonir á þeim, þá er það mín skoðun, að það sje því næst sem að byggja þær í skýjunum. Mjer er sama þó að það sjáist eptir mig, að jeg hafi sagt það og þó að eptirkomendurnir sjái það. Reynslan mun sýna, hvað verður ofan á. Kringumstæður eru svo lagaðar hjer á landi, að akbrautir geta ekki orðið að fullum notum. Jeg leiddi rök að því um daginn, er málið var fyrir, að það væri til lítils gagns, þó að maður gæti farið nokkuð á akbraut, og þyrfti svo að fara nokkuð með klyfjaða hesta. Þó að einstaka maður gæti haft vagna og haft gagn af þeim, þá yrði ekki svo um allan almenning, þegar menn ekki einu sinni geta komið upp einfaldri kerru hjá sjer til að aka á túnið sitt. Og þó að menn vilji segja, að gagn verði að því, að hafa vagna og aka til Geysis, þá hygg jeg að meira hafist upp úr, og arðsamara sje bæði fyrir einn og aðra, að lánaðir sjeu hestar og annað til þessarar ferðar, heldur en þó einn einstakur maður gæti haft svo og svo mikið upp úr akstrinum, enda gæti almenningur haft margt fleira upp úr hinu, hvað aðstoð og fylgd snertir.

Hallgrímur Sveinsson: Hæstv. landsh. hefur bent á það, að vegagjörð á flutningabrautunum verður svo stórkostlega dýr, að þó að landssjóður beri $^5/_6$ hluta kostnaðarins, þá muni það verða afarþungur skattur á sýslufjelögin, ef þau ættu að bera $^1/_6$ kostnaðarins. Hann tók dæmi af Hellisheiði og hygg jeg það dæmi geti víða átt við. Það getur ekki kallazt ákaflega langur eða erfiður vegur, þessi Hellisheiðarvegur, í samanburði við marga aðra fjallvegi á landinu, en það mundi þó vera allt of tilfinnanlegur skattur fyrir eitt sýslufjelag, að þurfa að greiða til hans 8000 kr. á tveimur árum. Það yrði því nær óbærilega þung byrði. Þar sem svo á stendur, að fleiri sýslufjelög eiga hlut að máli, þá er ekkert sagt um það í breyt.till, eptir hvaða hlutfalli þau eiga að skipta með sjer þessum kostnaði. Það er einnig mjög ónærgætnislegt, að ætlast til að sýslufjelög greiði svo þungan skatt, án þess þau hafi sjálf nokkurt atkvæði um það, því að það mun vera byggt á misskilningi hjá h. þm. Strandam. (G. G.), þar sem hann sagði, að sýslunefndir hefðu tillögurjett um þessar flutningabrautir. Þær eru sem sje fastákveðnar í 3. gr. frumv., en eptir 4. gr. hefur sýslunefnd og amtsráð að eins tillögurjett um, *hvar* um hjeraðið þær skuli lagðar, en ekki um hitt, hverjar flutningabrautir skuli verða lagðar, það er fastákveðið í 3. gr. frumv.; þær eru þar

lögleiddar 9 alls. Jafnskjótt sem þingið veitir fje til að leggja einhverja þeirra, þá verður hlutaðeigandi sýslufjelag skyldugt til samkv. þessari breyt.till. að leggja fram sinn $^1/_6$ hluta, hvort sem það getur það eða ekki. Jeg hygg því, að þessi uppástunga leggi allt of þunga byrði á sýslufjelögin, sem getur borið þau algjörlega ofurliða. Hin önnur aðalbreyt.till. er um að lækka gjaldið til sýsluvega úr 1,50 í 1,25 og eins til hreppaveganna. Að vísu má segja, að margir 25 aurar gjöri talsverða upphæð, en jeg hygg þó, að það geti aldrei riðið neinn verulegan baggamun. Og sje mönnum hægt að greiða 1,25 þá getur 1,50 aura gjald ekki orðið fjarskalega þungbært. Það er og sannfæring mín, að ekki muni veita af þessu 1,50 au. gjaldi handa þessum vegum, til þess að koma þeim í það horf, sem æskilegt væri Þar sem h. þm. Strandam. (G. G.) áleit, að sýslufjelögin ættu eins að bera einhvern kostnað við flutningabrautir, þjóðvegi og fjallvegi, eins og af sýslu- og hreppavegum, þá er hjer sá stóri munur, að það er svo margfalt dýrari vegagjörð á flutningabrautum heldur en á sýsluvegum og hreppavegum. Það getur verið svo greiðfær vegur heila mílu á sýsluvegi eða hreppavegi, að viðgjörð á honum kosti ekki meira en að leggja fáa faðma af flutningabraut. Það er því allt annað, að gjöra sýslufjelögin gjaldskyld til þessara ódýrari vega heldur en að gjöra þau gjaldskyld til þessara kostnaðarsömu flutningabrauta.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 9 atkv.; 2. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. samþ. með 9 atkv.; 4. og 5. gr. samþ. í e. hlj.; 1. breyt.till (C. 458) við 6. gr. felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Ásmundsson,	J. A. Hjaltalín,
Guðj. Guðlaugsson,	Þorl. Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Sigurður Jensson,	Kristján Jónsson,
Þorkell Bjarnason.	L. E. Sveinbjörnsson,
	Sigurður Stefánsson.

6. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.; 7.—10. gr. samþ. með 10 atkv. hver; 2. br. (C. 458) við 11. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.; 11. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 12.—16. gr. samþ. í e. hlj.; 3. br. (C. 458) við 17. gr. samþ. með 7 : 3 atkv.; 17. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 18.—24. gr. samþ. í e. hlj. hver; 25. gr. samþ. með 10 atkv.

Fyrirsögnin samþ. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um kirkjur (C. 461); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, hefur þegar gengið í gegnum h. Nd. og er óhætt að segja, að það hefur þegar fengið svo rækilegan undirbúning, sem kostur er á, enda er þetta mál mjög stórvægilegt og áríðandi, og breytingarnar, sem frv. fer fram á, mjög miklar. Eins og kunnugt er, er gjald til kirkna nú ákveðið af ýmsum stofnum; gjöldin eru mjög margskonar og hafa margir ekki unað vel þessum gjaldamáta og margir una því ekki vel, að heimtað sje hið sama gjald af mörgum ólíkum gjaldstofnum. Frv. fer fram á gagngjörða breyting á þessu og vill sameina öll þessi gjöld í eitt gjald. Þetta er þegar stórvægileg breyting og þetta skoðað út af fyrir sig virðist mjög aðgengilegt og æskilegt; en svo er um hitt að ræða, hvort gjaldið til kirkna við þetta nýja fyrirkomulag kemur betur niður og verður rjettlátara en áður og svo í öðru lagi, hvort þetta verði til þess, að gjaldið til kirkna hækki eða ei.

Hvað hinu fyrra atriði viðvíkur, hvort þetta gjald kemur betur niður eða verður rjettlátara en gjald það, sem nú er borgað, þá geta varla verið skiptar meiningar um það. Jeg skal stuttlega drepa á fyrirkomulagið, eins og það nú á að verða. Þótt gjöldin til kirknanna sjeu af ýmsum

stofnum og komi kannske stundum misjafnt niður, hafa þó allir sömu kröfu, hvað þægilegt og þolanlegt rúm snertir í kirkju til þess að hlýða guðsþjónustu, allir í kirkjufjelaginu, sem óska þess, að hlýða á guðsþjónustu í kirkjunni, þótt kirkjugjaldið sje lagt misjafnt á eptir stöðu manna í þjóðfjelaginu.

Frv. fylgir þeirri einföldu grundvallarreglu, að þeir, sem staðfest hafa skírnarheit sitt skuli gjaldskyldir til kirkju. Í öðru lagi er farið fram á það í frumvarpinu að skipa fjáreign kirkna öðruvísi en verið hefur hingað til. Eins og kunnugt er, er það nú í lögum, að hver kirkja á sinn sjóð eða sína skuld út af fyrir sig, en frv. fer fram á það, að stofna almennan, sameiginlegan sjóð fyrir allar kirkjur, leggja saman eignir allra kirknanna í einn sjóð, sem taki við tekjum þeirra og greiði aptur fram fje til árlegra þarfa þeirra, til viðhalds þeim og endurbyggingar þeim. Áður hefur verið sjereign en nú á að verða sameign milli allra kirkna.

Um þetta atriði kunna menn nú máske að hafa skiptar skoðanir og sumir álíta, að sjereignin væri eðlilegri og þá væri betur farið eptir þörfum, skoðunum og kröfum manna í hinum einstöku söknum; en það fyrirkomulag hefur ekki ávallt reynzt happasælt. Margar kirkjur hafa að eins sín lögboðnu gjöld en lítið um niðurjöfnun eptir öðrum grundvelli. Sumar kirkjur hafa aptur á móti notið veglyndis og örlætis einstakra manna eða sókna, og hefur þar sjálfsagt allt farið vel; einstakir menn hafa lagt fram fje til þess að gjöra kirkjur sínar svo vel úr garði sem æskilegt var, en slíkra kvaða þarf ekki eins með eptirleiðis, heldur greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega sjóði kirknanna, og menn þeir, sem fyrir sjóðnum kunna að standa munu bæði hafa vilja á, og finna það skyldu sína að bæta það, sem bæta þarf. Að vísu getur komið fyrir, að ekki verði þegar í stað unnt, að fullnægja óskum allra og þá mun sem fyr bjóðast tækifæri veglyndum og örlátum mönnum að hjálpa.

Enn er ein breyting, sem frv. þetta fer fram á, frá því sem nú er, og það er fyrirkomulag á stjórn kirkjulegra málefna og sjerstaklega með tilliti til þess, þegar kirkju skal reisa við eða byggja að nýju. Hingað til hefur það eingöngu verið undir fjárhaldsmönnum sjálfum komið, hverning öllu smíði kirkjunnar var hagað, og kirkjubyggingameistararnir hafa nálega verið eins margir og þær kirkjur, sem reistar hafa verið.

Sjálfseignarbóndinn hefur verið sjálfráður í tilhögun kirkjubyggingar á jörð sinni. Einstakir fjárhaldsmenn kirkna, eigendur þeirra, eða ljenskirkjuhaldarar hafa stundum reynzt misjafnlega, þegar um tilhögun á kirkjubygging hefur verið að ræða; þar sem þeir voru byggingarfróðir menn og vel fallnir til þess starfa, að vera með í öllum ráðum um tilhögunina, fór allt vel, en þar sem þeir ekki sjálfir hafa verið byggingarfróðir og þá ekki getað notið aðstoðar einhverra annara fróðra manna, þá hefur það opt misjafnlega tekizt. Það er kunnugt, að allmargar kirkjur hjer á landi eru ekki í því ástandi, sem vera á eptir þeim ákvörðunum, sem um það eru settar. Að vísu hefur þetta stórum batnað á síðustu tveim mannsöldrum, það hefur verið reistur fjöldi kirkna bæði veglegri og fegurri en áður var, og við þessa breyting og áhrif þau, sem hún hefur haft á almennan hugsunarhátt, hefur torfkirkjum fækkað að mun, þótt enn þá sjeu þær á allmörgum stöðum. Á nokkrum stöðum hafa risið upp steinkirkjur, sem menn hafa von um að reynast muni vel. Sumstaðar hafa verið reistar timburkirkjur, veglegri og smekklegri guðshús en áður var. En þótt nú töluverðar umbætur hafi orðið á kirkjubyggingum á síðustu mannsöldrum, hafa þó nokkrar kirkjur hjer og hvar verið reistar í því formi,

sem naumast má álíta viðunandi, þótt kringumstæðurnar vel hefðu leyft að gjöra þær betur úr garði og engin þörf væri á að spara fje. Það er kunnugt, að torfkirkjur hafa verið reistar á þessum árum, þótt það byggingarlag á kirkjum sje fyrir alllöngu dæmt af almenningsálitinu og ekki þyki við eiga. Það er hálf óþægilegt að sjá við hliðina á vel hýstum bóndabæ litla torfkirkju, óeinkennda ákvörðun sinni, sem ókunnugir menn halda að sje eitthvert lítilfjörlegt geymsluhús á bænum. Jeg hef komið á bóndabæ, þar sem reist hafði verið stórt og fagurt timburhús til íbúðar, en við hliðina á því stóð lítil og harla hrörleg torfkirkja. Þetta er alls óskemmtilegt að sjá og hneykslar þá, sem því eru óvanir. Þeir sjá íbúðarhúsið veglegt, stórt og glæsilegt, en við hliðina á því stendur guðshús lítið og óálitlegt. Með þessu þykist jeg hafa bent á, að þó kirkjubyggingar hafi tekið framförum á síðari árum, þá er það samt ekki undantekningarlaust. Eins er og að gæta við kirkjubyggingar að undanförnu, að tilviljun hefur þar alltof miklu ráðið, bæði viðvíkjandi því, hvort reisa skyldi kirkjurnar og hvernig þær voru reistar, en með frv. þessu er leitast við, að koma samræmi á allt. Við kirkjubygginguna á að fylgja bendingum þess manns eða þeirra manna, sem færir eru um að gefa bendingu í því efni og segja fyrir um, hvernig öllu verði bezt hagað og á svo fjárhaldsmaður kirkjunnar að taka við þeim bendingum og hafa framkvæmd verksins á hendi.

Þetta eru þá þær aðalbreytingar, sem frv. þetta fer fram á. Jeg vil ekki fara nánar út í einstök atriði þess, en geyma það til 2. umr. Jeg er á þeirri skoðun, að til mikilla bóta fyrir frv. hafi verið hinar ýmsu breytingar, bæði áður en það kom á þing og eins hjer á þingi. Eins og kunnugt er setti synodus í fyrra nefnd manna í málið, sem leitaðist við að laga það og skipa því sem bezt var auðið. Síðan hefur það verið rækilega íhugað í Nd. og mun því mál þetta nokkurnveginn undirbúið, þegar það hjer kemur fyrir h. deild Það hefur verið rækilega meðhöndlað og verður sjálfsagt til verulegra umbóta í því formi, sem það er nú. Jeg held að þetta hljóti að teljast rjettarbót frá því sem er, og hljóti að skipa þessum efnum í verulegt betra horf, en verið hefur. Jeg ber því það traust til h. Ed., að hún taki þessu máli vel og hef þá öruggu von, að hún gefi því greiðan gang og það því fremur, sem jeg veit, að margir h. þingdm. hafa fylgt gangi málsins í Nd. með lifandi og vakandi áhuga, enda þótt þeir hefðu sjálfir um mörg mikilsverð mál að hugsa. Margir af h. deildarm. munu því ekki málinu ókunnugir, heldur hafa þegar sett sig inn í það. Af þessu vona jeg, að h. deild sjái sjer fært að meðhöndla það, athuga það sem þarf við það og velta því fyrir sjer, án þess að nefnd verði sett í það. Sökum þess að tíminn er tæpur, mundi ekki hentugt að skipa nefnd manna í það. Jeg ætla einnig, að málið sje svo rækilega undirbúið, sem framast má verða og álít það æskilegt, að hið töluverða starf, sem til þessa máls hefur gengið, ekki liggi ávaxtarlaust næstu 2 ár. Jeg ímynda mjer, að málið geti náð hjer góðum úrslitum, án þess að nefnd verði sett í það, og að það fái sem greiðastan gang til 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Frumv. þetta er nú eitt af þeim náðargáfum, sem h. Nd., sendir oss, og við eigum að taka við og greiða veg, án þess að okkur sje veitt tækifæri til að gjöra þær athuganir og breytingar á, sem við álítum nauðsynlegar. Jeg hef áður við annað tækifæri tekið það fram, að mjer finnst ekki þetta rjett gjört gagnvart Ed., mjer finnst ekki rjett, að Nd. haldi málum svo lengi hjá sjer, að þegar þau loks koma til Ed., þá er ekki lengur tími til þess að gjöra nauðsynlegar breytingar á þeim, og verða því að ganga óbreytt

í gegn, ef þau annars eiga fram að ganga. Með því móti finnst mjer allur rjettur Ed. fyrir borð borinn.

Þótt mál þetta hafi verið rækilega skoðað í Nd., finnst mjer samt, að við höfum rjett til, ef tími og tækifæri leyfir, að athuga það enn nákvæmar, og því æskilegt, að það kæmist í nefnd, en auðvitað mundi það þá daga uppi í nefndinni, því tíminn er orðinn of skammur og engum breytingum væri hægt að koma að, því til þeirra þarf tíma. En þótt það sofnaði í nefndinni get jeg ekki sjeð, að það þyrfti að vera málinu til skaða. Jeg vil ekki vera með að fella málið í heild sinni, þó ekki væri tími til að gjöra nauðsynlegar breytingar á því, heldur fyndist mjer æskilegt, að það væri sett í nefnd og látið bíða til næsta þings og það því fremur, sem óskir frá þjóðinni hafa komið gegn breytingu á þessu, sem hjer ræðir um, eins og menn munu geta sjeð, ef vel er leitað í þingmálafundagjörðum þeim, sem frammi liggja á lestrarsalnum.

Hvað snertir ákvæði um hinn sameiginlega kirknasjóð, þá hefur mönnum hjer víst verið ókunnugt um það, fyr en frumvarpið kom hingað.

H. 2. kgk. (H. Sv.) talaði um ástand kirknanna fyr og nú, og að margar af þeim væri enn í óstandi, sem laga þyrfti, en það er ekki sjeð, að slíkur sjóður yrði til að bæta úr þessu. Hann skýrði líka frá, að kirkjubyggingar hefðu tekið allmiklum framförum á síðasta mannsaldri, sumstaðar hefðu komið upp steinkirkjur og torfkirkjur væru mikið að leggjast niður og það væri ekki samkvæmt hugsunarhætti nútímans að halda við torfkirkjunum, en af ýmsum ákvæðum frumvarpsins hugsa jeg, að torfkirkjurnar gætu staðið lengur en til væri ætlazt. Þegar allt fje kirkna er komið í einn sameiginlegan sjóð og allt fje á að borgast til þeirra úr sama sjóði, þá verða fyrstu útgjöldin það, að jeg hugsa, að borga allar áfallnar skuldir. Þær kirkjur, sem eitthvað eiga til, leggja fje sitt í hinn sameiginlega sjóð, til þess að hinar kirkjurnar, sem ekki eiga fyrir skuldum geti borgað með því skuldir sínar. Steinkirkjurnar, sem byggðar hafa verið, hafa kostað ærið fje og eru skuldugar einstökum mönnum, sem lagt hafa fje sitt til byggingarinnar; þessar kirkjur verða að standa eins og þær eru komnar með skuldum og þessar skuldir eiga því eptir þessu fyrirkomulagi að borgast með fje annara kirkna; að það fyrirkomulag miði til framfara skil jeg ekki, og jeg held að ekki muni allir sætta sig vel við það.

Af þessu fyrirkomulagi leiðir skaða, ekki fyrir einstaka menn, heldur fyrir sjálfan kirkjusjóðinn, honum verður gjört ókleyft að bera ýms önnur útgjöld bráðnauðsynleg, svo sem aðgjörð og viðhald á kirkjum o. fl. Jeg get hugsað, að það verði ærinn handagangur í þessum sjóði og mun ekki hægt að gizka á, að hvað miklu gagni hann komi og ekki víst, að allt fari þar hlutdrægnislaust fram, hvað skiptingu úr þessum sjóði viðvíkur og þegar þessi almenni kirkjusjóður er kominn, er líklegt að menn leggi ekki meira á sig sjálfir en nauðsynlegt er. Þrátt fyrir þetta er margt í frumvarpi þessu, sem er til bóta og líkindi til að komist á, áður en langt um líður. Það mun að líkindum ekki líða langt, áður en við fáum þing aptur, og jeg sje ekki betur en málið hefði gott af því að vera enn betur rætt og athugað þangað til. Ef Nd. fengi það til meðhöndlunar á næsta þingi ímynda jeg mjer, að hún sendi það fyr frá sjer til Ed. en hún nú hefur gjört og ljeti það ekki bíða til hinna síðustu daga þingsins. Jeg skal þá ekki fara fleirum orðum um þetta, því fleiri kynnu að vilja koma með athugasemdir við frumvarpið en, sem sagt, jeg álít nauðsynlegt að setja málið í nefnd og mætti þá taka til þess þá menn, sem ekki þurfa öðrum nefndarstörfum að gegna nú sem stendur.

Jeg vil ekki stinga upp á nefnd strax, ef fleiri kynnu fyrst að vilja tala.

Hallgrímur Sveinsson: H. þm. Strand. (G. G.) talaði um, að fyrsta starf hins sameiginlega kirknasjóðs, yrði að borga allar áfallnar skuldir hinna einstöku kirkna og er það að nokkru leyti rjett, en hjer er aðgætandi, að sjóðurinn á ekki að borga allar skuldirnar í einu. Það er ekki meiningin, að þegar sjóðurinn verði stofnaður, skuli gjöra upp allar skuldir, og telja svo strax fje úr sjóðnum upp í þær, enda væri það óvinnandi, því kirknasjóðurinn hefði fyrst í stað ekki svo mikið fje undir höndum, að honum væri þetta mögulegt, því hann verður jafnframt, að leggja fram fje til bygginga og viðhalds kirkna. Jeg gjöri ráð fyrir, að þar sem kirkjur eru skuldugar, sje það jafnast við einhvern hinna opinberu sjóða, og tekjur prestakallsins, og eignin standi í veði fyrir láninu. Þessi lán haldast eins fyrir það, þó sameign komist á milli kirkna, lánveitendur munu ekki segja þeim upp, heldur taka árlega afborganir um vissan árafjölda, sem ákveðin hefur verið, þegar skuldin var stofnuð, og sem vanalega munu vera 20 ár eða meira. En þegar um það er að ræða, að kirkjan skuldar fjárhaldsmönnum sínum, þá er ákvörðun um það í frumv., að skuldin skuli borgast ekki á einu ári, heldur á 15 árum. Það eru því öll líkindi til, að hinn sameiginlegi sjóður geti fullnægt öllum skuldakröfum, þótt hann ekki fái inn allt sitt fje í einu, og geti svo líka lagt fram fje til nauðsynlegra kirknabygginga; þess er líka að gæta, að allmiklar tekjur renna árlega í þennan sjóð.

Hvort tekjur kirkna með þessu fyrirkomulagi verði meiri eða minni en áður hefur verið, er ekki hægt að segja. Að reikna það út yrði mjög margbrotið, og varla unnt, því til þess þyrfti að ætla á um svo margt, og gætu þær áætlanir orðið ýmist nákvæmar eða ónákvæmar. Reynslan ein verður að skera úr, hvort þetta 75 aur. gjald af manni, muni nægilegt, ríflegt eða þá oflítið. Jeg gjöri fyrst ráð fyrir, að það verði nægilegt, þótt jeg hefði heldur kosið, að það væri 1 kr., eins og fyrst var ákveðið, en h. Nd. komst að þeirri niðurstöðu, bæði sá flokkurinn, sem málinu fylgdi fram, og eins hinn, að þetta 75 aur. gjald mundi ekki ósennilegt. En ef reynslan sýnir, að það er allt of lágt, þá mundi auðvelt að ráða bót á því, með nýju lagaboði, og hækka það þá eins mikið, sem reynslan hefur sýnt að þörf er á.

Með þessu fyrirkomulagi er það fengið, að öll hin margvíslegu gjöld, sem áður voru borguð í mörgu lagi, nú eru sameinuð í eitt gjald. Menn verða lausir við alla skylduvinnu, sem áður hefur þótt þungbær og illa verið unað; menn losast einnig við hina óþægilegu rjettaróvissu, sem er viðvíkjandi hinum ýmsu gjöldum. Ef til þess kæmi að hækka þyrfti þetta gjald, þá getur það aldrei munað nema nokkrum aurum, sem menn naumast gætu fundið að þyngdi á. Hjer er líka þess að gæta, að fyrir gjald þetta öðlast menn töluvert í aðra hönd, menn fá betri og ánægjulegri kirkju með betri og fullkomnari útbúnaði. Það er einnig gjört ráð fyrir því í frv., að sjóðurinn kosti hitun kirkna, organleik og söngstjórn, þegar efni hans leyfa. Þó að af þessu leiddi, að gjaldið eigi entist til, þá mundi aldrei þurfa að hækka það að neinum mun, og svo munu menn einnig fá jafnvægi í aðra hönd fyrir það. Sjerstaklega er hjer þess að gæta, að öll líkindi eru til, að fje kirkna sparist við þetta fyrirkomulag; bygging kirkna verður hagfeldari og auk þess bætast við á hverju ári vextir af sjóðnum, því allt fje kirkna verður sett á vöxtu, eins og leitt var í lög fyrir 3 árum. Öll þessi atriði gjöra það að verkum, að kirkjunum sparast fje og að öllu óreyndu verð jeg að vona, að þetta gjald fari nærri lagi.

Jeg skal játa það, að töluverðar vandi

verður að sinna hinum ýmsu fjárkvöðum, sem fram kunna að koma, og vandi að segja, hve miklu fje megi verja í hinum einstöku tilfellum, en hið sama má segja um svo margt annað. Hlutaðeigendur verða að taka við þeim úrskurði, sem viðkomandi yfirmenn leggja á og reyna að gjöra eins vel og þeir geta.

Viðvíkjandi ræðu h. þm. Strandam. (G. G.) vil jeg geta þess, að það var ekki bón mín, að þeir gæfu atkvæði sín með frumvarpinu hugsunarlaust, heldur vonaði jeg, að málið væri svo undirbúið, að þær sögur og fregnir, sem þeir hefðu af því meðan það var í Nd., gætu verið á við það, að þeir skoðuðu það í nefnd mjög takmarkaðan tíma, jeg segi mjög takmarkaðan, því þótt 7—8 dagar sjeu enn þá eptir af þingtímanum, þá eru mörg önnur mikilsverð mál eptir enn óútkljáð, sem líka taka tíma, og sú skoðun á málinu, sem menn fengju við að athuga það í nefnd, mundi að eins ná til nefndarmanna, en hinir yrðu þá annaðhvort að fylgja nefndinni, eða þá að öðrum kosti að mynda sjer sjálfstæða skoðun á því á þann hátt, sem jeg hef stungið upp á. Jeg leyfi mjer því að ítreka þá von mína, að deildin samþykki frv. án þess að gjöra það hugsunarlaust, án þess að setja það í nefnd.

Guðjón Guðlaugsson: H. 2. kgk. (H. Sv.) tók það fram, að sjer virtist ekki að lög þessi yrðu skilin svo, að hinn almenni kirkjusjóður skyldi borga allar þær skuldir í einu, sem hvíldu á kirkjum nú, er frv. yrði að lögum. En jeg hef ekki sjeð það hjer á þessu frv. Það verður auðvitað komið undir fylgi þeirra, sem hlut eiga að máli. Í 12. gr. stendur: „Nú hefur lán verið tekið handa kirkju með samþykki kirkjustjórnar; greiðist þá það, sem ógreitt er af láninu úr hinum sameiginlega kirkjusjóði o. s. frv.; af því leiðir, að jeg sje ekki, að nein trygging sje fyrir því, að það sje goldið smátt og og smátt. Sjóðurinn yrði auðvitað lítill fyrst, og margir af kirkjusjóðunum í hjeruðunum gætu ekki greitt fje sitt í hinn sameiginlega kirkjusjóð, nema smátt og smátt á 15 árum, og það má ætla, að hann tæmdist, ef allar skuldir kirkna yrðu borgaðar út í einu, sem hvergi stendur neitt um, að ekki geti orðið.

Ef jeg væri sannfærður um, að kirkjurnar yrðu þá í betra standi eptir en áður, þá væri lítill vegur til, að jeg hallaðist að frumv. óbreyttu. En af því að það er nú ekki, þá verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að það þurfi að íhuga frumv. vel, og skoða, hvort eigi þurfi breytinga við. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein meiri trygging fyrir því, að kirkjur sjeu byggðar upp, þó að sameiginlegur kirkjusjóður sje fyrir hendi og hvötin hverfur fremur fyrir þá að hugsa um það, sem áður hafa haft hug á því. En nú er tíðarandinn breyttur og menn vilja hafa kirkjur í bærilegu standi. H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að sjóðurinn mundi hafa svo miklar tekjur, að hann gæti borgað lánin. En það er ekki ótti fyrir tekjunum, sem vex oss í augum, heldur eru það útgjöldin og svo mun fara, að þau reynist optast drýgri.

Jeg verð að vera á því máli enn, að nauðsynlegt sje að yfirvega frumv. sem bezt, og af því að jeg eigi veit, hverjir verða sigursælli til að verka á oss, þeir af h. Nd.mönnum, sem samþykktu frumv. einungis í þeirri von, að Ed. annaðhvort felldi það eða svæfði, eða hinir, sem vilja að vjer samþykkjum það óbreytt, þá ætla jeg að leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði sett í mál.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd felld með 7 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, sökum ógreinilegrar atkvæðagr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,

Já:	*Nei:*
Guðjón Guðlaugsson,	Einar Ásmundsson,
Guttormur Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Sigurður Stefánsson.	Kristján Jónsson,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Sigurður Jensson,
	Þorkell Bjarnason.

Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Fertugasti og fyrsti fundur, laugardag 19. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á 2. 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi (C. 472); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6 atkv. gegn 3 og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (C. 388, 473); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 473) samþ. með 8 atkv.; 2. breyt.till. (C. 473) samþ. með 8 atkv. Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 477); 3. umr.

Frumv. samþ. með 9 atkv. gegn 1 og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um stofnun háskóla (C. 478); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Hvort sem jeg er samdóma frumv. þessu í aðalefninu eða ekki, þá finnst mjer nokkuð vafasamt, hvort það er svo undirbúið, að það sje lögmætt, að taka það til umræðu hjer í þessari h. þingd. Eptir því sem jeg bezt veit, hefur þetta frumv. að eins verið til 3. umr. í h. Nd., og sje jeg því ekki, að þessi h. þingd. geti átt við að ræða frv. þannig lagað.

Kristján Jónsson: Jeg skal ekki fara neitt út í það, nje svara þeirri spurningu, sem h. 5. kgk. (J. A. Hj.) kom með. Jeg vil snúa mjer að frumv. eins og það liggur hjer fyrir. Jeg vil leyfa mjer að spyrja: Hvað er eiginlega meint með því að stofna háskóla hjer í Reykjavík með því fyrirkomulagi, sem gjört er ráð fyrir í þessu frumv.? Er það ekki hið sama sem að leggja saman tvær kennslustofnanir, sem nú eru hjer til, prestaskólann og læknaskólann, án þess þær sjeu að nokkru auknar eða bættar, og bæta svo við þriðju kennsludeildinni, lögfræðiskennsludeild? Verður nokkur háskóli úr *þessu?* Þetta kalla jeg að gefa sjálfum sjer titla; það er gjört með því, að gefa því háskólanafn, sem alls ekki getur kallazt háskóli, eptir þeim hugmyndum, sem vjer höfum um háskóla. Mjer er því eigi unnt, að vera meðmæltur þessu frumv., þar sem ekki er um annað að ræða, en að skíra einn hlut eða eina stofnun, með virðulegu nafni, sem alls ekki á skilið að bera það nafn. Það væri allt öðru máli að gegna, ef hjer væri um það eitt að ræða, að stofna hjer sjerstakan skóla t. a. m. fyrir lögfræðisnám; þá mundi jeg skoða huga minn um það, hvort eigi væri rjett að veita jákvæði frumv. í þá átt. En hjer er ekki því að heilsa. Mjer er alsendis ómögulegt að greiða atkvæði með svona löguðu frv.

Sigurður Stefánsson: Satt að segja gat jeg alls ekki skilið ræðu h. 3. kgk. (Kr. J.). Er oss það ekki frjálst að gefa þessari stofnun, hvaða nafn sem vjer viljum? Getur nokkuð verið á móti því, að vjer sameinum 3 kennsludeildir í eina heild, og nefnum þá kennslustofnun einu nafni háskóla? Jeg get ekkert sjeð á móti slíkri sameiningu, og heldur ekkert á móti nafninu, nema ef orðið háskóli er svo veglegt nafn, að vjer veslings Íslendingar megum ekki taka oss svo virðulegt nafn í munn. Þó að hjer sjeu til 2 kennsludeildir, önnur í guðfræði en hin í læknisfræði, get jeg ekki sjeð neitt á móti því að sameina þær og bæta þar við hinni þriðju, lögfræðiskennsludeild, og nefna svo

þessa stofnun einu nafni háskóla. Það er eptir minni skoðun alls eigi neitt að titla sig um skör fram, og þeir, sem á annað borð eru með því, að stofnuð sje hjer á landi lögfræðiskennsla, þeir geta ekki, að mjer finnst, verið á móti þessu frumv. — Það vill enda svo vel til, að sumir háskólar, sem síðar hafa orðið stórir, hafa byrjað smátt; þannig mun jafnvel háskólinn í Kaupmannahöfn að eins hafa byrjað með 3—4 kennslugreinadeildir. Eins og vjer vitum, hefur hann samt aukizt með tímanum, og eins gæti orðið með vorn háskóla, þótt hann byrjaði smátt, að hann gæti aukizt með tímanum, einkum ef vjer fengjum sjálfir fremur en nú, að ráða vorum málum og voru eigin fje.

H. 5. kgk. (J. A. Hj.) hóf mótmæli gegn frumv. þessu út af því, að það væri ekki formlega og rjettilega undirbúið og rætt í h. Nd. Jeg skal nú ekki fara svo mikið út í það. Víst er það, að frumv. þetta er hingað komið, borið upp, rætt og samþykkt í h. Nd. Frumv. það, sem fyrst kom fram í Nd. var sett í nefnd, en sú nefnd fór nokkuð í glundur, en frumv. og yfir höfuð till. þeirrar nefndar voru ræddar bæði við 1. og 2. umr. Við þær breyt., sem á þessu máli varð við meðferð þess þar í deildinni kom fram þetta frv., sem þar er samþykkt og hingað sent. Jeg get því eigi sjeð, að frumv. þetta hafi fengið ólöglega meðferð. En ef það hefur fengið ólöglega meðferð, hefði það aldrei átt að vera tekið hjer á dagskrá, en það hefur verið gjört, enda get jeg alls ekki sjeð, að meðferð þess eða undirbúningur hafi verið á neinn hátt ólöglegur.

Forseti: Út af vefengingum þeim, sem fram hafa verið bornar gegn þessu frumv., skal jeg leyfa mjer að taka fram, að mjer er ekki svo vel kunnugt um, hverja meðferð það hefur fengið í h. Nd. En jeg verð að vera samdóma h. þm. Ísf. (S. St.) í því, að það getur ekki verið ætlunarverk forseta í þessari h. þingd. að hafa neina „censur“ yfir aðgjörðum h. Nd. eða meðferð hennar á málum. Það verður að vera á ábyrgð hverrar þingdeildarinnar fyir sig að veita þeim málum, sem fyrir eru í hvert skipti löglega meðferð og löglegan undirbúning eptir því, sem fyrir er mælt í stjórnarskránni. Jeg get ekki fundið ástæðu til, að kveða upp nokkurn úrskurð um lögmæti meðferðar þessa frv. áður en það kom til þessarar, deildar.

Kristján Jónsson: Jeg vík ekki frá því og skal ekki víkja frá því, að þetta frv. er ekki annað en „orðin tóm“ nafnbreyting ein, að undanskildu ákvæðinu um lagaskóla. Við höfum hjer prestaskóla góðan að flestra áliti og læknaskóla einnig allgóðan eptir vonum. Og hverju er svo í frv. bætt við þá? Lagaskóla. Hversvegna er þá ekki sjerstaklega komið fram með frv. um stofnun lagaskóla?. Nei, það er ekki gjört, en þessum þremur deildum o: þessum 2 skólum, sem vjer höfum, og væntanlegum lagaskóla, er slengt saman og svo segja menn: Svona; nú höfum við háskóla, „universitet“! Þetta sýnist mjer vera tóm þarfleysa, og þess vegna álít jeg þetta frv. vera gagnslaust og þýðingarlaust, en í mesta máta „prætentiöst“, og mun jeg því ekki greiða atkv. með því. Það væri annað mál, ef tekin væri út úr frv. ein grein, greinin um stofnun lagaskóla, er 2 kennarar væru við, og að öðru leyti væri sæmilega úr garði gjörður; því mundi jeg geta gefið atkv. mitt. Einnig væri það annað mál, ef hjer væri um það að ræða að auka og bæta prestaskólann og læknaskólann, en það fer fjarri að svo sje; frumv. gjörir ekkert í þá átt. Hitt get jeg ekki fallizt á, að farið sje að búa til „háskóla“, sem ekkert hefur til þess að vera það nema nafnið tómt, og eigi getur fullnægt neinum þeim kröfum, sem „háskóli“ á að geta

og þarf að geta fullnægt, hvað sem svo h. þm. Ísf. (S. St.) segir.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, heldur að eins gjöra dálitla athugasemd við ræðu h. 3. kgk. (Kr. J.). Hann tók það fram, að þetta frv. væri ekki annað en tóm orð. En hvenær ætli að hann sjái frv. hjer á þingi, sem er annað en eintóm orð; það er því gagnslaust að bregða þessu frv. fremur um það en öðrum. En mjer skildist svo á h. 3. kgk. (Kr. J.), sem frv. væri í rauninni svo háttað, að það væri gagnslaust, marklaust og „prætentiöst". *(Kr. Jónsson.:* Já, „prætentiöst"), gjörði svo miklar kröfur með nafninu *háskóli.* Til hvers? Eru með háskólanafninu gjörðar svo miklar kröfur, að ekki megi nefna háskóla á nafn? Er háskóli svo ómerkilegur hjá oss, að feikn sje að heyra slíkt nefnt? Ef prestaskólinn og læknaskólinn eru góðir, eins og þeir eru nú, ætli þeir yrðu þá verri, ef þeir kæmu í samband við þriðja skólann og nafninu svo breytt. Jeg hygg, að kennendurnir mundu gæta eins vel skyldu sinnar fyrir það og það sje ekki neinn bagi fyrir landið, þó að nafninu sje breytt.

Jeg skal taka það fram, sem jeg hef tekið fram áður, að háskólar í öðrum löndum hafa ekki byrjað á neitt veglegri hátt eða með æðra sniði, en hjer er farið fram á, og jeg býst við, að h. 3. kgk. (Kr. J.) muni játa það. Og að við Íslendingar sjeum fæddir með þeim ósköpum, að við einir megum ekki fá háskóla, þann dýrgrip, sem allar aðrar menntaðar þjóðir hafa sótt svo mjög eptir og fengið, það skil jeg ekki. Og þegar aðrar þjóðir hafa getað sameinað ýmsar vísindadeildir undir nafninu háskóli, þá sje jeg ekkert á móti því, að við getum gjört það líka, nema sumum finnist ekki ástæða til þess af því að dönsku stjórninni er það móti skapi. Hún vill í þessu sem öðru halda oss ríg bundnum við Danmörku og hennar hags muni, en jeg vona, að það ráði ekki atkvæðum að minnsta kosti ekki meirihlutans hjer í deildinni.

Jeg kann því illa að sagt sje, að hjer sje verið að gjöra svo miklar kröfur, þótt vjer förum fram á að fá þessa stofnun, sem vjer sjálfir kostum svo að öllu leyti og ekki fram á meira farið en að bæta einni deild við hinar, sem fyrir eru, þótt þeim sje svo gefið nafnið háskóli. *(Kr. Jónsson.:* Það *er* nafnið!). Jeg heyri það, að h. 3. kgk. (Kr. J.) hneykslast svo mjög á nafninu háskóli. Hann álítur víst, að það sje svo há og göfug hugmynd, að við Íslendingar megum ekki taka oss slíkt nafn í munn; við sjeum of auðvirðilegir til þess að hugsa um slíkt; en jeg hygg, að það sje fjarri hugsunarhætti flestra annara hjer á landi.

Þorkell Bjarnason: Það er sjálfsagt meinlaust nafnið háskóli. En á þessum háskóla á þó ekki að kenna eins mikið og tíðkast á háskólum í öðrum löndum, þar sem að eins á að kenna lögfræði, læknisfræði og guðfræði. En jeg álít þó, eins og jeg sagði áður, í alla staði meinlaust að nefna þetta háskóla. En jeg sje aðra galla á frv., sem gjöra það að verkum, að mjer þykir ísjárvert að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Jeg er hræddur um, að þó að háskóli verði stofnaður og lögfræðiskennsla yrði við hann, þá mundu samt býsna margir fara til Kaupmannahafnar og nema þar lög og aðrar vísindagreinir, og að komið gæti fyrir, að hjer yrðu opt ekki fleiri nemendur en kennarar.

Ef frv. á fram að ganga og verða að notum, þá ætti það skilyrði að vera tekið fram í því, að aðrir gætu ekki orðið embættismenn en þeir, sem tekið hefðu próf við háskólann hjer, svo að vissa væri fyrir því, að þeir menn, sem gengju embættisveginn, færu á háskólann hjer. En ef þetta skilyrði væri ekki sett, þá eru mjög litlar líkur til, að hann verði vel sóttur. Menn vita, að nú eru allar líkur til þess,

að menn hætti að sækja læknaskólann og að kennslan með tímanum nálega leggist þar niður. Ef þess háttar skilyrði væru sett og efnilegir piltar fengju svo „stipendium“ til að fara utan, er þeir væru búnir að ljúka námi sínu, þá skyldi jeg manna fúsastur gefa atkv. mitt með frv. Það er mín skoðun, að innlend menntastofnun sje nauðsynleg, þó þannig að nemendum væri gefinn kostur á að fara utan, þegar þeir hefðu lokið námi sínu, til að fullkomna sig og kynna sjer betur námsgrein sína og háttu annara þjóða.

Jeg kann heldur ekki við, að kennararnir í lögfræðisdeildinni eigi að hafa minni laun en kennararnir í hinum deildunum. Mjer finnst það vera mjög óverulegt. Annar kennarinn við lögfræðisdeild háskólans á að fá sömu laun og allralægsti kennarinn við latínuskólann og yfirkennarinn við lögfræðisdeildina ekki önnur eins laun og yfirkennarinn við latínuskólann. *(S. Stefánsson.:* Það má hækka þau seinna). Jeg hef skilið svo, að kennendurnir ættu að fá *þessi* laun og ekki sje verið að gildra fyrir mönnum, með því að setja launin nú svo lág, til þess að það sje ekki í vegi og svo eigi að færi þau upp seinna.

Af þessum tveimur ástæðum verð jeg að vera móti frv.

Jón A. Hjaltalín: Þetta mál hefur áður komið fyrir á þingi og var jeg þá á móti því og er enn þá, af því mjer finnst þetta ekki vera nema nafnið tómt. Ef því væri að heilsa, að með frv. þessu væri sameinaður prestaskóli, læknaskóli og hinn fyrirhugaði lögfræðisskóli, þá væri öðru máli að gegna; en þetta er alls ekki tilfellið, það verður eptir frv. ekkert samband milli þessara þriggja stofnana, það mætti að líkindum heimfæra upp á frv. þetta orð skáldsins: Blóðlaus hugmynd allt það er. Þar eð mjer finnst að margt þurfi að athuga við mál þetta, áður það nær fram að ganga, vil jeg að við heitum sama ráði og hin h. Nd. hefur gjört í sumum af málum þeim, er frá Ed. hafa komið, svo sem málinu um fjárforræði ómyndugra, og setjum það í nefnd.

Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndin felld með 6 : 5 atkv.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg hef verið því hlynntur að kennsla í íslenzkum lögum kæmist á hjer á landi, og er það enn; en jeg var þó á móti þessu frv. á síðasta þingi og verð það einnig nú, af þeirri ástæðu, að ekki væri þörf á kennslu í lögfræði hjer á landi fyrst um sinn, með því svo margir stunduðu hana nú í Kaupmannahöfn. Jeg hef ekki neitt á móti því, að viðhaft sje nafnið „háskóli“, mjer finnst ekkert á móti því, en jeg kann ekki við það og það er í sjálfu sjer mótsögn, að nefna háskóla, þar sem einungis yrði að ræða um 3 sjerstakar kennslustofnanir, sem hver er á sínum stað og undir sinni eigin stjórn. Það er ekki hægt að sjá, að menn muni stunda lögfræði hjer fyrst um sinn, með því ekki er útlit fyrir, að þeir mundu komast í embætti fyrstu 20—30 ár. Í öðru lagi finnst mjer laun kennaranna við lögfræðisdeildina allt of lág, því mjög er hæpið á því, að nokkur nýtur maður fáist til kennara fyrir svo lítil laun.

Sem sagt finnst mjer enn þá ekki kominn tími til þess að koma á lögfræðiskennslu hjer og greiði því atkv. móti frv.

Sigurður Jensson: Jeg vil einungis lýsa yfir því, að jeg er samdóma h. 1. kgk. (L. E. Sv.) um, að laun hinna fyrirhuguðu lögfræðiskennara muni of lágt ákveðin í frv., og sjái jeg, að það verði ekki málinu til falls, hugsa jeg að koma með breytingu á þessu. Þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) talaði um, að hann vildi láta ákveða það, að enginn gæti fengið hjer embætti nema hann hefði gengið á þennan háskóla,

og að velttur væri ferðastyrkur mönnum til þess að fullkomna sig í námi sínu erlendis, er þeir fyrst hefðu tekið próf við háskólann hjer, þá held jeg að bíða megi að tala um það, þangað til háskólinn er kominn í gang. Aptur á móti fellst jeg á athugasemdir h. 1. kgk. (L. E. Sv.) um launin.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 2.

Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd til að íhuga hina kirkjulegu löggjöf landsins (C. 469); ein umr.

Framsögum. (Hallgrímur Sveinsson): Nefndarálit það, sem hjer liggur fyrir, er talsvert ýtarlegt þegar það er skoðað í sambandi við hið stutta mál sjálfrar tillögunnar, og þar eð ástæður nefndarinnar eru greinilega teknar fram, finn jeg síður ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, að minnsta kosti þá ekki fyr en jeg heyri ástæður annara h. deildarm. með því eða móti.

Eins og sjá má af nefndarálitinu er þar farið lengra, en texti tillögunnar gefur tilefni til. Í tillögunni er að eins farið fram á, að milliþinganefndin athugi lögin um tekjur presta og kirkna, en í nefndarálitinu höfum við tekið fram, að okkur fyndist við eiga, að verksvið nefndarinnar væri stærra, úr því hún væri sett, og láta hana taka til íhugunar alla hina kirkjulegu löggjöf í heild sinni. Við höfum ýms lagaboð frá fyrri hluta 18. aldar um skyldur og verksvið presta, sem úrelt eru orðin, en standa enn óbreytt og þyrfti því að athuga. Jeg skal tilnefna 4 tilskipanir: 2 um ferming, eina um húsvitjanir og eina um barnauppfræðslu. Allur sá lagabálkur, sem hjer um ræðir, er mjög svo umfangsmikill, og er flest af þessu enn í gildi, þótt sumt sje orðið úrelt fyrir löngu. Tímarnir hafa tekið stórkostlegum breytingum; lagaákvæðin þóttu sjálfsagt góð og viðeigandi, þegar þau voru gefin, en svo kom annar tími, sem sýndi að annað átti betur við, og hefur þess þá ekki ávallt verið gætt að breyta lögunum samkvæmt því. Ýms lagaboð hafa því staðið í gildi til þessa, en verið úrelt og þeim ekki verið fylgt og hlýtur þetta að vera til þess að rýra álit laganna í augum almennings.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er alveg samdóma h. 2. kgk. (H. Sv.) um, að mörgu þurfi að breyta í hinni kirkjulegu löggjöf, og á síðari árum hefur verið allmikill undirbúningur undir slíka breytingu; þannig voru prestgjaldalögin fyrst rædd á hjeraðsfundum og síðan á synodus, og er það einmitt hin eina rjetta aðferð að mínu áliti. Hjeraðsfundirnir og synodus er sá rjetti staður fyrir þessi mál, en á milliþinganefnd hef jeg enga trú, þó hún sje skipuð 3 eða 5 mönnum. Við höfum margopt haft þessar milliþinganefndir og vitum, hvaða kostnað þær hafa í för með sjer. Reynslan hefur og sýnt, að þingið hefur ekki sinnt meira till. þeirra en hjeraðsfundanna. Jeg sje því ekki, að neitt gagn sje að setja þessa nefnd, en aptur á *móti* mundi hún verða mikill kostnaðarauki fyrir landssjóð. Jeg verð því að greiða atkvæði á móti þessari þingsályktunartillögu.

Hallgrímur Sveinsson: Sjái h. 5. kgk. (J. A. Hj.) gagn að tillögum hjeraðsfundanna og synodus, þá skil jeg ekki, að honum hljóti ekki að finnast ennþá meira gagn að milliþinganefnd, ef hann íhugar hvað langur starfstími hjeraðsfundanna og synodus er. Það er öllum kunnugt, að flestir hjeraðsfundir sitja að eins einn dag, og á þessum eina degi eiga þeir að sinna töluvert mörgum og mikilsvarðandi málum. Jeg held það yrði lítið annað en til málamynda, og ímynda mjer að fleiri munu mjer samþykkir í því, ef hjeraðsfundirnir á þessum eina degi ættu að taka alla hina kirkjulegu löggjöf í heild sinni til íhugunar. En vera má, að þm. hafi hugsað sjer þessu komið fyrir á einhvern annan hátt, t. d. að hjeraðsfundirnir sjálfir

kysu menn í nefnd til að íhuga málið. *(Jón A. Hjaltalín:* Einmitt). Með því fengist meira ráðrúm til undirbúnings, og ef nefnd væri skipuð góðum og færum mönnum, gæti hún sjálfsagt íhugað málið töluvert og komið fram með góðar tillögur, já, jafnvel ágætar. En þess ber einnig að gæta, að til eru prófastsdæmi, sem ern skipuð svo fáum mönnum, er hæfir eru til þessa starfa, t. d. þar sem ekki eru fleiri en 3 eða 4 prestar, en það eru þó þeir, er menn helzt gætu vænst hjálpar af í þessu efni. Annað mál væri það, ef kostur væri á vel hæfum leikmönnum, einum eða tveimur i hverju prófastsdæmi, og væru það þá helzt safnaðarfulltrúarnir, en vafasamt er þó að mínu áliti, hvort nefndin yrði með þessu fyrirkomulagi skipuð svo, að verulegt gagn yrða að.

Þeir, sem kunnugir eru hjeraðsfundunum og þeim tillögum, er frá þeim hafa komið, vita, hversu þær eru lítt í samræmi hverjar við aðra, og að þær eru svo ólíkar innbyrðis og sundurleitar í skoðunum, að varla er hægt að hafa verulegt gagn af tillögum þeirra í þess kyns málum. Þar vantar, eins og eðlilegt er, allan sameiginlegan grundvöll, þar sem ekki verður því komið við, eins og t. d. hjer á þingi, að menn geti borið sig saman, og hinar ýmsu skoðanir barizt sín á milli og sýnt yfirburði sína; það mætti því ef til vill segja, að allar þessar tillögur sjeu svo að segja fótalausar.

Jeg get því ekki byggt mikla von á þeim undirbúningi, er málið fengi hjá hjeraðsfundunum; jeg vil ekki beinlínis segja, að ekkert gagn gæti verið að því, en jeg álít að meira gagn mundi að því verða, ef sett væri niður milliþinganefnd. Væri þessu máli gaumur gefinn, og menn ekki ljetu kostnaðinn vaxa sjer í augum, þá álít jeg þennan veg tiltækilegastan, en vera má, að þingdeildin sjái sjer ekki fært að leggja út í það, annaðhvort af því, að hún áliti, að ekki sje nóg fje fyrir höndum, eða af því að hún þykist hafa svo mörg önnur mikilsvarðandi mál fyrir, er ganga verði á undan, og vilji því geyma þetta til síðari tíma.

Hvorki mjer nje nefndinni er þetta nokkurt kappsmál, hún hefur lítið ofurrólega á málið, og sagt skoðun sína á því, en það verður að vera á valdi þingdeildarinnar, og stjórnarinnar, hvort þetta skuli bíða seinni tíma eða ekki, og þar sem útlit er fyrir, að ekki verði langt til næsta þings, þá ímynda jeg mjer, að nefndin gjöri sig rólega með að málið bíða þangað til.

Jón A. Hjaltalín: Jeg vil að eins benda á eitt dæmi, til að sýna, að gagn hefur þó verið álitið verða að hjeraðsfundanefndunum. Í prestalaunalögunum var í einu hjeraði nefnd sett af tveimur leikmönnum og einum prófasti, og hafði hún marga fundi með sjer. Tillögur þessarar nefndar lagði synodus til grundvallar fyrir sinni tillögu, og víst er það, að stjórnin að minnsta kosti byggði frv. sitt á þeim. Þetta sýnir, að tillögur hjeraðsfundar þóttu eigi svo lítils virði.

ATKVÆÐAGR.: Br.till. (C. 469) felld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Hallgr. Sveinsson,	Einar Ásmundsson,
Kr. Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Sig. Jensson,	Guttormur Vigfússon,
Sig. Stefánsson.	L. E. Sveinbjörnsson,
	Þorkell Bjarnason.

Tillagan felld með 7 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	J. A. Hjaltalín,
Hallgr. Sveinsson,	Einar Ásmundsson,
Sig. Jensson,	Guðjón Guðlaugsson,
Sig. Stefánsson.	Guttormur Vigfússon,
	Kr. Jónsson,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Þorkell Bjarnason.

Tillaga til þingsályktunar um búnaðarskóla (C. 484); hvernig ræða skuli.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg leyfi mjer að stinga uppá einni umr.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. með 9 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (C.481); hvernig ræða skuli.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg leyfi mjer einnig, að stinga upp á einni umr. um málið.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á tveimur umr., því jeg álít málið svo íhugunarvert, að ekki sje ofgjört, þó það verði rætt í tveimur umræðum.

ATKVÆÐAGR.: Fellt var að ræða málið í tveimur umr. með 6 atkv. gegn 5, en ein umr. var samþ. með 8 samhlj. atkv.

Fertugasti og annar fundur, laugardag 19. ágúst kl. $5^1/_2$ e. h. Allir á fundi nema Einar Ásmundsson og Þorkell Bjarnason.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 423, 491); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hef eigi við þessa umr. margt að segja um þetta mál, þótt það sje stórt og vandasamt. Jeg skal geta þess fyrst, að vegna þess, hve nauman tíma h. Nd. hefur skapað þessari þd. til að íhuga þetta mál, og vegna þess, hve nefndin því varð að takmarka tíma sinn til þessa máls, hefur hún orðið að fara fljótar yfir, heldur en hún annars mundi hafa gjört.

Viðvíkjandi þeirri stefnu, sem h. Nd. hefur fylgt í frv. þessu, þá getur nefndin aðhyllzt hana. Þessi aðalstefna er sú, að veita venju framar ríflegan styrk til samgöngumála, en þó mundi nefndin hafa gjört á þessu töluverða breytingu, ef hún hefði sjeð sjer það fært tímans vegna. Nefndin hefur því haldið sem allra mest óbreytt um tillögum Nd., enda þótt hún verði að álíta, að sumt hefði mátt betur fara, en hún hefur ekki viljað gefa tilefni til að kapp yrði milli deildanna um málið, einkum þar sem óvíst má telja, hvort hægt er tímans vegna að útkljá deiluefni í sameinuðu þingi. Nefndin væntir þess, að tillögur hennar verði samþykktar hjer í þessari h. þd. og að eigi komi margar viðbótar breytingar, og verði það, væntir nefndin að h. Nd. geti vel sætt sig við frv., eins og það þá verður.

Jeg skal taka það fram, að þó að nefndin hefði gjarnan viljað, að hægt væri að skilja við frv. í því formi, að tekjur og gjöld stæðust á fyrir fjárhagstímabilið, að þá var hvortveggja, að nefndina skorti tíma til, að gjöra æskilegar umbætur í þessu efni, og í öðru lagi hugði nefndin, að þótt nú væri nokkur tekjuhalli í frv. væri ástæða til að vonast til, að þetta kynni að jafnast og lagast, með því að nú er gott árferði, sem hlýtur að hafa aukandi áhrif á tekjurnar á fjárhagstímabilinu.

Eins og jeg hef tekið fram, gat nefndin verið samdóma h. Nd. um fjárveitingarnar til samgöngumálanna. Aptur á móti gat nefndin ekki eins fylgt Nd. í styrkveitingunum til búnaðarskólanna. Þar hefur Nd. aukið að mun við það, sem farið var fram á í frv. stjórnarinnar, en nefndin varð að fallast á, að í því frv. væri hæfilega tiltekið. Eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum skólum virðist ekki full ástæða til að auka þennan styrk til muna fram úr því, sem hann er og hefur verið. Eins og fyrirkomulagi þeirra er nú háttað hefur ekki þingið eða landsstjórnin neitt atkvæði um fyrirkomulagið á kennslu á þeim, húsabyggingum þeirra nje öðru, er að þeim lítur, og af þessum ástæðum leggur nefndin til, að upphæðin til tveggja þeirra, sje dálítið lækkuð. Jeg vona, að h. Nd. geti fallizt á þær ástæður, sem nefndin hefur fært

fyrir þessari lækkun, svo að það geti jafnað sig á friðsamlegan hátt.

Jeg hef svo eigi neinu frekar við að bæta að þessu sinni.

Landshöfðingi: Jeg vil láta þá skoðun mína í ljósi, að nefndin hjer í deildinni hefur farið með mikilli lipurð og nærfærni í þetta mál og að tillögur þær, sem nefndin hefur gjört, eru margar til bóta á frv., og jeg verð að álíta, eins og h. framsögum. (S. St.) að breyt.uppástungur nefndarinnar fari engar í þá stefnu að raska þeim grundvelli, sem lagður hefur verið í fjárlögunum í h. Nd. og ekki geti því verið nein sjerleg ástæða fyrir h. Nd., að leggja kapp á að fá þeim breytingum, sem hjer er farið fram á, útrýmt aptur.

Jeg skal taka það fram, að mjer hefur ávallt fundizt það galli á fjárlögunum, hvað komið er opt með fjárveitingar bundnar við nafngreinda menn, sjerstakar persónur, og það hefur viljað svo til, að hjer hefur þessum persónulegu fjárveitingum heldur fjölgað en fækkað. Mjer hefur líka fundizt það líta skrítilega út, að ýmsar fjárveitingar til framkvæmdar ýmsum störfum skuli vera bundnar við nöfn. Jeg hygg, að það væri óhætt að veita að eins upphæðirnar í fjárlögunum, ef það væri tekið fram í nefndarálitinu, hvern menn hefðu hugsað sjer líklegastan til að framkvæma störf þau, sem fjeð er veitt til, og þyrfti ekki að kvíða fyrir, að stjórnin myndi veita það fje til annara. Jeg vil t. d. nefna styrkinn til að gefa út dansk-íslenzka orðabók. Það er vitaskuld, þó að nafnið væri ekki, að stjórnin mundi ekki veita þann styrk til annars en þess, sem nefndin hefði hugsað sjer hann. Eins er að segja um styrkinn til ensk-íslenzkrar orðabókar. Sama má líka segja um styrkinn til að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins, og það á enn ver við, að nefna þar nokkurt nafn, þegar landsstjórninni er falið á hendur að sjá um, að verkið sje af hendi leyst. Það hefði verið óþarft að taka fram í frv., hver ætti að leysa starfið af hendi, og þá jafnframt að láta í ljósi nokkurt vantraust til stjórnarinnar í þá átt, að henni mundi ekki vera trúandi til, að velja hæfan mann, til að framkvæma starfið.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg er fyllilega samdóma hæstv. landsh. um það, að það sje mjög óheppilegt að þurfa á hverju þingi, að vera að tala um persónulegar fjárveitingar. En þess verður að gæta, að ekki verður í veg fyrir það komið, að slíkar bænir komi til þingsins, þar sem það er orðið að reglu, að menn sækji um þess háttar styrkfje til þingsins, úr því að stjórnin hefur ekki neitt fje til umráða í því skyni, og eðlilegt að margir komi, þegar ekki er í annað hús að venda með fjárveitingar; jeg hygg því, að nokkuð mikið sje opt gjört úr bænar- eða bitlingasýkinni. En hinsvegar verð jeg að álíta, að það væri heppilegt, að þingið veitti vissan styrk á fjárlögunum, sem stjórnin ætti svo út að deila; þó að reynslan hafi kannske sýnt, að því fje hafi ekki ávallt verið eins vel varið og skyldi, sem stjórnin hefur haft til umráða, þá getur þinginu líka mistekizt í styrkveitingum til einstakra manna, og mjer er enda nær að halda, að landssjóðnum verði þegar á allt er litið eins dýrt, að þingið sinni öllum fjárbænum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, eins og þótt stjórnin hefði til umráða nokkurt fje í þessu skyni og henni enda mistækist nokkuð í útbýting þess. Það er sannarlega dýrt fyrir landið og leiðinlegt afspurnar, að þingið verji mörgum dögum af hinum dýrmæta tíma sínum til að stæla um bænir og bitlinga til einstakra manna; sá skaði er meiri fyrir landið en þótt fáeinar krónur kæmu ekki niður á sem verðugustum stað. Þar sem hæstv. landsh. sagði, að þær hefðu fremur fjölgað hjá nefndinni hjer en fækkað, þá

er það ekki mjög mikið, því að nefndin hefur þó leyft sjer að stryka út fjárveitingar, sem settar hafa verið inn í h. Nd. Hvað útgáfu orðabókanna snertir, þá hefur í því verið fylgt sömu reglu og h. Nd. hefur fylgt, að binda styrkinn við umsækjendurna og það var fjarri því, að það væri gjört af nokkurri tortryggni til stjórnarinnar, og úr því að stjórnin hefur ekkert fje til umráða og þingið veitir það, þá er það eðlilegt, að veitingin sje bundin við þá, sem um styrkinn sækja.

En jeg skal taka það fram aptur, að menn mega ekki svo mjög furða sig á því, þó margar bænarskrár komi til þingsins, þegar það hefur tekið að sjer, að útbýta öllum fjárveitingum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fertugasti og þriðji fundur, mánudag 21. ágúst. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 (C. 431); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um vegi (C. 501); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 atkv. gegn 2 og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um kirkjur (C. 461); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg finn mjer skylt að gjöra grein fyrir áliti mínu í þessu máli, og þar af leiðandi, hvernig jeg greiði atkv. Þetta mál er allmikið vandamál, og í fljótu bragði virðist svo, sem í því sje fólgin mikil rjettarbót.

Eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram við 1. umr. þessa máls, þá eru aðalatriði frumv. tvö, nefnilega: að draga saman öll hin mörgu gjöld, er menn hingað til hafa goldið til kirkju í eitt gjald, og í öðru lagi, að steypa saman í einn sameiginlegan sjóð öllum kirknasjóðum.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá skal jeg lýsa því yfir, að jeg er ekki í „principinu“ neitt á móti því, en álít þó, að það hafi ekki verið eins vel skoðað, sem skyldi. Að vísu játa jeg það, að töluverð rjettaróvissa hefur átt sjer stað um ýms af þessum gjöldum,, en engu að síður álít jeg það mikinn vanda eptir því, sem mjer er kunnugt um, að treysta því, að hlutaðeigendur verði ánægðir með þessa breytingu; reynslan hefur sýnt mjer það; frv. í þessa átt hefur verið lagt fyrir hjeraðsfundi, og ekki verið meðtekið með neinu sjerstöku þakklæti. Jeg skal þó ekki leggja neina áherzlu á þetta atriði frumv., þó það að mínu áliti hafi ekki fengið þann undirbúning, að því ekki væri óhætt að bíða enn um nokkra stund.

Þá kemur hitt annað aðalatriðið, að í stað þess að láta hverja kirkju hafa sinn sjóð út af fyrir sig, eins og nú á sjer stað, þá að slá saman öllum sjóðum kirknanna, og að allar kirkjur skuli sækja í þennan sameiginlega sjóð það, er þær þurfi til sinna árlegu útgjalda, og sem tekið er fram í 8. gr. Þetta er stórkostleg breyting frá því sem nú er.

Jeg skal játa, að það er fögur hugmynd, að losa menn við þessar óþægilegu skyldukvaðir, eins og t. d. hleðslu á kirkjugörðum, með því að borga öll útgjöld úr einum sjóði, og miklu ómaki með því ljett af bændum, og það er líka fagurt, að láta allar kirkjurnar eiga einn sameiginlegan sjóð, en það er sitt hvað, fögur hugmynd, og hvað framkvæmanlegt er eða praktiskt, Það er t. d. mjög fögur hugmynd, að allir menn skyldu eiga allt sameiginlegt, en við því er að gjöra, sem er, og hingað til hefur þessi hugmynd ekki þótt framkvæmanleg, og mun varla nokkurn tíma þykja það,

meðan mennirnir eru eins gjörðir, og þeir nú eru.

Jeg er mjög efablandinn um, að nokkur rjettarbót sje í þessari breytingu; ef jeg væri það ekki, en þættist viss um að hún í raun og veru væri til hins betra, þá skyldi jeg manna fúsastur styðja að henni. Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær ástæður, sem menn hafa fært fyrir þessari breytingu. Ein af aðalástæðunum, er teknar hafa verið fram, er sú, að kirkjurnar sjeu ekki í því ástandi, sem sæmilegt er, og að þetta mundi færast í lag, ef einn sameiginlegur sjóður fyrir kirkjurnar kæmist á, undir umsjón hinnar kirkjulegu stjórnar, eða stiptsyfirvaldanna. Hvað þessa ástæðu snertir, þá skal jeg játa, að hún hefur töluvert til síns gildis, að því leyti, að kirkjurnar eru hvergi nærri alstaðar, eins og þær ættu að vera, en aptur ber þess að gæta, hvort hún nú í raun og veru vegi svo mikið. Jeg hygg, að flestar þær kirkjur, sem nú eru byggðar, sjeu allsómasamlegar úr garði gjörðar, og fæstir leggi það upp að reisa kirkjur, nema þeir sjái sjer fært, að gjöra það á sómasamlegan hátt. Kirkjubyggingar hafa breytzt óðum til batnaðar hin síðustu ár, eptir því, sem fegurðartilfinning þjóðarinnar hefur vaxið. Að því leyti get jeg því ekki sjeð neina knýjandi ástæðu til að breyta þessu. Jeg skal leyfa mjer til skýringar fyrir málið, að benda mönnum á, hvernig ástand kirknanna var fyrir nokkrum árum síðan. Árið 1887 munu allar kirkjur landsins hafa verið 298 samtaldar. Af þessum 298 voru 246 í brúklegu, góðu og ágætu standi, 32 í laklegu og 6 að eins í vondu eða illu standi. Um sumar af þessum kirkjum, er þá voru í laklegu og illu standi, er mjer kunnugt, að þær hafa verið byggðar upp síðan. Eptir þessu virðist mjer ekki nein knýjandi ástæða til að slá saman öllum kirknasjóðum af *þeirri* ástæðu, að kirkjurnar sjeu í svo löku standi, þar sem þó nokkrar af þessum kirkjum, sem voru í laklegu „standi“ 1887 hafa verið byggðar upp síðan, og gjöra má ráð fyrir, að því haldi áfram. En ef litið er aptur á það fyrirkomulag, sem í frumv. er farið fram á, að slá öllu saman, og taka fjárhaldið frá prestunum og söfnuðunum, og setja það allt á einn stað, sem sje hjá stiptsyfirvöldunum, þá hygg jeg það mjög svo athugavert, ekki af því, að jeg vantreysti stiptsyfirvöldunum, eða sje hræddur um, að þau fái ekki leyst verk sín vel af hendi, heldur af því, að þá hverfur öll ábyrgð og skyldutilfinning hjá hlutaðeigandi söfnuðum gagnvart kirkjunni, og af því að fjárforræði kirknanna er tekið frá þeim, er kunnugastir eru, og fengið í hendur kirkjustjórninni, sem ómögulega getur vitað eins vel um, hvað bezt hentar.

Eptir tillögu frumv. eiga prófastarnir að vera milliliðir milli stiptsyfirvaldanna og kirkjunnar, en meðan staða prófastanna er sú, sem hún nú er, og þar sem þeir í endurgjald fyrir starfa sinn eiga að eins að fá 10 kr. af hverri kirkju, þá held jeg, að ekki sje bætandi neinum aukastörfum á þá, frekar en þeir hafa nú. Um leið og söfnuðirnir missa öll afskipti af kirkjunni, um leið og þeir missa öll umráð yfir gjöldum og tekjum kirknanna, um leið missa þeir einnig allar hvatir til að láta sjer hugarhaldið um kirkjurnar, missa allar hvatir til að hugsa um annað, en að rjetta fingurna sem mest í hinn almenna kirknasjóð. Þegar söfnuðurinn hefur fjárhald og umsjón kirkjunnar, leggur hann meiri rækt við hana og finnur betur, að kirkjan er hans eigið hús. Þess er líka að gæta, að margar kirkjur hafa verið reistar með samskotum, og hefur mönnum þá gefizt kostur á að sýna örlæti og tryggð við kirkjur sínar, enda hafa margir menn sýnt opt af sjer mikinn höfðingsskap. Þetta er að mínu áliti mjög heppi-

legt, þegar litið er á það frá augum safnaðarlífsins. Það glæðir og eflir áhuga í söfnuðinum, og veitir honum meiri siðferðislegar hvatir til að elska guðshús, heldur en þegar öll ráðin eru tekin frá honum, og hann að eins á að leggja fje til kirknanna, en engin afskipti önnur af þeim að hafa.

Einnig ber að gæta þess, að það hlýtur að vera mjög örðugt fyrir yfirstjórn kirkjunnar, að hafa nákvæmt eptirlit með öllum reikningum og útgjöldum kirkna. Interessi safnaðanna hneigist meir og meir í þá einu átt, að gjöra sem mestar kröfur til kirknasjóðsins, og ná í sem mesta peninga frá honum handa sinni kirkju, en það getur aptur verið mjög örðugt fyrir stiptsyfirvöldin að „controllera“, hvaða kröfur eru sanngjarnar og hverjar ekki. Samkvæmt 9. gr. á biskup með ráði prófasts og byggingarfróðs manns að ráða fyrir byggingu eða viðgjörðum á kirkjum. Setjum nú það dæmi, að einhver kirkja þurfi töluverðrar aðgjörðar við, og prófasturinn og þessi byggingarfróði maður, er hann hefur sjer við hönd, álíti kostnaðinn um 200 kr., en nú reynast þessar 200 kr. ekki nægar, heldur vantar ef til vill aðrar 200 eða jafnvel 300 kr. Þetta getur mjög opt komið fyrir, við vitum allir, hversu langt áætlanir um kostnað við byggingar opt fara frá því, er síðar reynist; þá verður annaðhvort að hætta við bygginguna að sinni, eða þá að gjöra við kirkjuna fyrir þessar 200 kr. Ef þeirri reglu verður fylgt, að láta það fje nægja, er í fyrstu var beðið um, og veita ekki meira, getur það orðið til þess, að söfnuðirnir verði óánægðir með kirkjur sínar, og þær þannig orðið þrætuefni milli þeirra og kirkjustjórnarinnar. Eins er það t. d. með þvott á kirkjum og ýmislegt annað, sem í raun og veru er smáræði, en sem þó getur komið á stað úlfúð. Ef prófasti þykir einhver gefa of háan reikning fyrir hirðing á kirkju, og stiptsyfirvöldunum finnst prófastur hafa rjett, þá getur hlutaðeigandi bara sagt, að hann hreint ekki vilji gjöra það fyrir minna, og það sje því bezt að fá annan. Það er ekki til neins að leyna því, að menn eru ásælnari í fje opinberra sjóða, heldur en þegar um einstakra manna efni er að ræða. Auk þess eru töluverð umsvif við allt þetta fyrirkomulag, og undir eptirlitinu komið, hvernig verkið verði af hendi leyst, og með allri virðingu fyrir prófföstunum, þá held jeg ekki að víst sje, að þeir sjeu allir færir um að hafa eptirlit með húsabyggingum. Þetta eru þær helztu sjerstöku, en þó almennu athugasemdir, er jeg hef við frumv. að gjöra, en þó skal jeg leyfa mjer að minnast nokkuð á hinn sameiginlega kirknasjóð. Jeg hef raunar hvergi getað náð ástlun yfir fjárhag kirkna, eins og hann er nú og eins og hann mun verða við þessa breytingu.

Þeir, er kirknasjóði hafa undir höndum skulu greiða $^1/_{15}$ af sjóðnum árlega í hinn sameiginlega sjóð, það er að segja, það líða 15 ár frá því, að hinn sameiginlegi sjóður kemst á, og þangað til allir kirknasjóðir verða komnir í hann. En undir eins og lögin um sjóð þennan öðlast gildi, þá koma allar kvaðirnar, en tekjurnar af öllum eignunum eru fyrst komnar inn eptir 15 ár. Tekjur sjóðsins verða því ekki svo miklar í fyrstu, en fáir munu bíða að telja til þeirra skulda, er þeir geta. Þá kemur innstæða sjóðsins, hún á að vera 100,000. Sjóðir kirkna munu nú að frádregnum skuldum vera metnir um 100,000, en við það er aðgætandi, að frá verða að teljast allar bændakirkjur, því þær eru undanskildar þessum ákvæðum, en þær munu vera 125 að tölu, svo að af þessum 298 kirkjum, sem á landinu eru, verða það að eins 173, er leggja fje sitt í þennan sameiginlega sjóð. Fari nú svo, að kröfurnar verði hærri en tekjurnar, sem ekki er ólíklegt að minnsta kosti fyrst, þá verður kirkjustjórnin í mikl-

um vanda stödd, því hún má ekki taka neitt af höfuðstólnum; að vísu getur hún gripið til þess að hækka gjaldið til kirknanna, en ekki er víst, að löggjafarvaldið líti sömu augum á það ráð, sem hún. Mjer þætti það ekki fjarri þeim anda, sem komið hefur stundum fram á þingi, þó sagt yrði, að ekki væri þörf á öllum þessum kirkjum, og ekki væri annað en fækka þeim, ef þær ekki gætu borið sig með því tillagi, er þær hefðu. En ef aptur svo færi, að hækkunin gengi í gegn, þá mundi það valda óánægju hjá gjaldendum.

Í 8. gr. er tekið fram, að það sje á valdi stiptsyfirvaldanna að veita fje til organleiks, söngstjórnar og hitunar kirkju, þegar efni sjóðsins leyfa. Nú er, eins og kunnugt er, töluverður áhugi vaknaður hjá landsmönnum að koma upp betri söng og organleik í kirkjum sínum, og hafa söfnuðirnir lagt fram fje til þess, svo að guðsþjónustan fari sem fegurst úr hendi í alla staði. Ef þetta frv. gengi fram, er hætt við að þessi áhugi, sem öllum mun koma saman um, að er mjög svo fagur og til mikils góðs, verði að engu; menn munu ekki telja það eptir kirknasjóðnum, þó hann leggi fram fje til þess, og ef þeir þurfa lengi að bíða eptir orgelinu, þá er þar komið nýtt óánægjuefni; söfnuðirnir fá að greiða öll gjöldin og skyldurnar, en ef þeir þurfa einhvers til kirkjunnar, þá fá þeir ekkert. Þessu líkt getur komið ýmislegt fyrir, sem í sjálfu sjer ef til vill er smáræði, eins og t. d. hirðing kirknanna, er jeg nefndi áðan, er engu að síður getur verið óþægilegt, og komið úlfúð á milli safnaðanna og kirkjustjórnarinnar.

Viðvíkjandi því, er jeg gat um, að menn mundu verða heimtufrekari í kröfum sínum, þegar kirkjustjórnin hefði tekið öll umráðin í sínar hendur, þá höfum við reynsluna fyrir okkur í því efni. Það eru landssjóðskirkjurnar. Jeg álít það mikið vafaspursmál, hvort þær að nokkru leyti eru veglegri, en aðrar kirkjur, en það er víst, að aldrei er meiri tekjuafgangur þessara kirkna, er í landssjóð rennur, en 2—300 kr. á ári. Kröfur þær, og reikningar, sem þessum kirkjum eru gjörðar, virðast stundum vera allt annað en sanngjarnar, eða svo mun þinginu að minnsta kosti stundum hafa þótt.

Mjer þykir mjög leiðinlegt að geta ekki verið með þessu frv., af því jeg veit að það er af góðum toga spunnið, og borið fram af góðu hugarþeli til kirknanna. Mjer hefur komið til hugar, að allt öðru máli væri að gegna, ef ákvæðin um þennan sameiginlega sjóð væru látin standa, en honum komið þannig fyrir, að að eins væru teknar vissar „procentur“ af tekjum kirkna og settar í sjóðinn, sem þá yrði nokkurs konar viðlaga- eða varasjóður, er kirkjurnar gætu leitar hjálpar til. Við þetta ynnist það, að söfnuðirnir gætu haft hin sömu umráð yfir kirkjum sínum, sem hingað til, því hver kirkja hefði sína eigin viðskiptabók við sjóðinn, en stjórnaði að öðru leyti sjálf sínum eigin málum. Án þess að nokkur „kommunismus“ eða sameign eigi sjer stað í millum kirknanna, yrði þó sjeð um á þennan hátt, að fje kirkna ekki glataðist fyrir hirðuleysi fjárhaldsmannanna, og kirkjustjórninni falið á hendur að varðveita það og koma því á vöxtu.

Jeg er sem sagt mjög hræddur um, að mörg tilfelli geti komið fyrir, er vekji óánægju í söfnuðunum, og verði til þess að koma ríg á millum kirkjustjórnarinnar og safnaðanna, í stað þess að glæða safnaðarlífið, sem öllum mun koma saman um, að ætti að vera sem bezt. Að endingu skal jeg leyfa mjer að svara nokkrum orðum ræðu h. 2. kgk. (H. Sv.). Við fyrstu umr. tók hann það fram, að hann legði á móti því, að setja nefnd í þetta mál, af þeirri ástæðu, að það hefði fengið svo rækilegan undirbúning bæði á synodus, og eins hjá h. Nd. Þessu skal jeg svara að eins með því að benda á, að annað aðalatriði frv.,

nefnil. um hinn sameiginlega sjóð, er alveg spánnýtt atriði, er dumpað hefur inn í frv. í h. Nd.; öllum landsmönnum er það með öllu ókunnugt, þjóðin hefur aldrei heyrt þess getið, fyr en nú á þingi, og að því leyti held jeg, að það hafi einmitt verið mjög lítið hugsað, og því er að mínu áliti mjög athugavert að hrapa mikið að því. Þó þetta ákvæði væri því látið bíða til næsta þings, þá held jeg ekki sje neinn skaði skeður; hin núgildandi lög í þessu efni hafa flest staðið svo lengi, að jeg skil ekki það geti orðið að miklu tjóni, þó þau einnig fái að standa, þangað til þing kemur saman aptur, sem ekki er útlit fyrir, að verði svo langt að bíða.

Jeg gjöri ráð fyrir, að þingd. vilji ekki fremur nú en áður fallast á, að nefnd verði sett í málið, og því vil jeg ekki stinga upp á henni, þótt jeg kynni miklu betur við, að málið yrði ekki útrætt, heldur en það fjelli, en það verð jeg þó að ráðleggja h. deild til að gjöra og einnig sjálfur stuðla að, með því að annar vegur að mínu áliti ekki er tiltækilegur að þessu sinni.

Sigurður Jensson: Jeg hef leitazt við að kynna mjer þetta mál sem bezt þessa fáu daga, sem jeg hef átt kost á því, því þó að málið hafi ef til vill verið rækilega undirbúið í h. Nd., þá verð jeg þó að biðja mig afsakaðan, þó að jeg trúi ekki í blindni á þann undirbúning. Að vísu hafa menn, eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, átt kost á að fylgja gangi málsins í h. Nd. og jeg hef gjört það líka, en það hefur dregið úr athygli mínu á málinu, að það hefur jafnan litið svo út, sem það væri á heljarþröminni og ætlaði þá og þegar að deyja útaf í höndunum á flutningsmanni þess og hefur víst fleirum en mjer þótt lítil líkindi til, að þetta frv. mundi ganga í gegnum h. Nd. Jeg verð líka að segja það, að mjer finnst ekki eins mikið til um undirbúning málsins í Nd., eptir að jeg hef heyrt það á sumum Nd.mönnum, jafnvel á þeim, sem gáfu atkv. með frv., að það væri ekki enn íhugað svo vel, sem æskilegt væri. En hvað sem þessu líður, þá skyldi jeg þó gefa atkv. með þessu frv., ef jeg gæti sjeð, að það yrði nokkur veruleg rjettarbót og væri til þess að bæta í nokkru hag kirkna. En jeg verð að vera samdóma h. þm. Ísf. (S. St.) um að það sje ekki, og get fyllilega fallizt á allflest atriði í ræðu hans.

Það er fyrst og fremst athugavert, að þetta frv. gengur alveg í öfuga stefnu við það, sem hingað til eða allt til þessa hefur verið fylgt í löggjöf kirkna. Hingaðtil hefur sú stefna verið ríkjandi, að koma því svo fyrir, að söfnuðirnir sjálfir hefðu sem mest umráð og fjárráð kirkna sinna. En nú á að fara hinn veginn; nú á að hætta við það og taka þessi umráð frá söfnuðunum og „centralisera“ allt undir eina stjórn, kirkjustjórnina. Eptir því sem mjer er kunnugt eru þó einstaka söfnuðir farnir að taka að sjer kirkjur sínar, og má því segja, að hjer sje sá rekspölur að komast á, sem eðlilegastur er; einkum mun þetta eiga sjer stað um ljenskirkjur, því að þar er hægast að eiga við. Aptur á móti eru meiri erfiðleikar á, að söfnuðurinn taki að sjer bændakirkjur, þar sem opt er erfitt að ná samkomulagi við eigendur þeirra um afhendingu þeirra og álag á þær. Þetta er atriði, sem helzt hefði verið þörf á að skipta sjer af, en í þess stað eru í þessu frv. bændakirkjur látnar eiga sig, en einungis verið að gjöra breytingu á fyrirkomulagi ljenskirkna og safnaðakirkna. Hin eina breyting, sem nær til bændakirkna er breytingin á gjöldum til kirkna. Jeg sje ekki neina ástæðu til að láta kirkjugjaldsbreytinguna ná til bændakirkna líka, hvort heldur sem það verður hækkun eða lækkun á gjöldum til þeirra. Verði það lækkun, þá er það ranglátt að svipta eigendurna tekjum, sem þeir eiga fulla heimting á að fá og ef það yrði hækkun,

þá er engin ástæða til að leggja skatt á almenning „privatmönnum“, sem kirkjur eiga, í hag, og afleiðingin af því yrði engin önnur en sú, að þeir, sem ættu kirkjur, yrðu enn ófúsari á, að láta af hendi við söfnuðina fjárhald þeirra.

H. þm. Ísf. (S. St.) tók fram mörg athugaverð atriði í þessu frv. og skal jeg ekki taka það upp aptur, en skal að eins minnast á örfá atriði.

Í 5. gr. eru ákveðin í ómakslaun fyrir innheimtu á tekjum kirkna 8 af hundraði, og er það lægra en nú á sjer víða stað. Jeg sje enga ástæðu til að vera að lækka innheimtulaunin um leið og innheimtan er gjörð erfiðari, því að það verður hún raunar eptir þessu frv., þegar öllum tekjunum á að koma jafnóðum í peninga.

Þar sem í 7. gr. er talað um þennan sameiginlega kirknasjóð, þá hef jeg það sama við hann að athuga og h. þm. Ísf. (S. St.), að það sje alls ekki heppilegt, að slá öllum eignum kirkna saman í einn sjóð, því að það mun sannast, að það verður ekki til þess að gjöra tekjur þeirra drýgri, og koma fjárhag þeirra í betra lag, heldur en nú er, þegar hver kirkja hefur sinn sjóð út af fyrir sig. Jeg tek það líka fram, þó það gjöri reyndar minna til, að ákveðið er, að af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þegar þessi lög öðlast gildi, skuli árlega greiðast $^1/_{15}$. í hinn sameiginlega kirknasjóð, en nú er þegar byrjað, eptir að lögin 22. maí 1890 komu í gildi, að borga af sjóðum kirkna $^1/_{15}$. á ári í hinn almenna kirknasjóð, og hafa verið greiddar tvær afborganir. Þetta gjörir því að eins rugling á því, sem áður var. Jeg álít heppilegra og betra að halda sjer við lögin frá 22. maí 1890. Það var aðalkosturinn eða eini kosturinn við þau lög, að með þeim var hin fyrsta tilraun gjörð til að varðveita sjóði kirkna, að þeim ekki yrði eytt eða þeir glötuðust, með því að skylda presta til að greiða þá af hendi og koma þeim á vöxtu og undir umsjón stiptsyfirvaldanna. En það er allt annað, en hjer er farið fram á; eptir þessu frumv. eiga stiptsyfirvöldin að gjöra meira en að varðveita sjóðinn; þau eiga að vera fjárhaldsmenn allra kirknanna og ávísa hverri krónu, sem varið er í þeirra þarfir.

Jeg skil ekki, hvernig stiptsyfirvöldin eiga að fara að sinna þessu öllu. Þó að jeg beri hið bezta traust til þeirra, þá ímynda jeg mjer þó, að það fari ekkert betur, að fá þeim í hendur fjárráð kirkna, heldur en að láta það vera í þeirra höndum, sem nú hafa það.

Þá er í 9. gr. tekið fram, að skuldlaus innstæða sjóðsins skuli aldrei vera minni en 100,000 kr. Mjer er óskiljanlegt, hvernig hægt er að fastákveða þessa upphæð. Eptir skýrslum frá 1888, þá er ekki skuldlaus eign allra kirkna á landinu meira en rúm 100,000 kr.; og þegar nú bændakirkjur eru frátaldar, þá er langt frá að skuldlaus eign kirkna sje 100,000 kr. Annaðhvort verður þá ekki hægt að gjöra neitt í mörg ár, eptir að sjóðurinn er stofnaður eða þá að brjóta verður lögin.

Það eru mjög mörg atriði í þessu frv., sem eru mjög athugaverð. Jeg skal t. d. minnast á, þar sem í 12. gr. er talað um greiðslu skulda úr kirknasjóði, er lán hefur verið tekið handa kirkju. Jeg skil ekki, hvort á að greiða þær, áður en sjóðurinn er orðinn 100,000 kr. eða ekki. Ef á að greiða þær strax, þá yrði líklega ekki lengi verið að þurka sjóðinn upp, svo ekkert yrði í honum eptir. Jeg verð að segja það, að jeg get vel ímyndað mjer, að allir söfnuðir mundu ekki verða vel ánægðir með, að kirkjur þeirra væru látnar borga skuldir annara kirkna, sem komnar væru í stórskuldir, af því að þær hafa verið byggðar upp í svo stórum og dýrum stýl, og svo fengist aldrei neitt endurgjald frá þessum skuldugu kirkjum. Þessar stóru og skrautlegu kirkjur hefðu að líkindum einlægt nóg að gjöra með sínar tekjur og mundu aldrei geta misst neitt af þeim, til þess

að endur borga hinum sameiginlega kirknasjóði.

Jeg er annars í vandræðum með, hvað gjöra eigi við frv. Helzt hefði jeg viljað, að það hefði verið athugað betur og reynt til að lagfæra það eitthvað, en þar sem tíminn er orðinn svo naumur, get jeg ekki verið að stinga upp á nefnd, en að samþykkja það, eins og það er nú, sýnist mjer með öllu ógjörlegt.

Hallgrímur Sveinsson: Það er langt frá því, að jeg vilji gjöra lítið úr þeim athugasemdum, sem komið hafa fram frá h. þm. Ísf. (S. St.) og h. þm. Barðstr. (S. J.) og sem gengið hafa á móti frv. þessu, og jeg skal játa það, að sumar þeirra eru byggðar á talsverðum rökum. Jeg hef nú þegar áður drepið á sum af þessum atriðum, þá er frv. var fyrir til fyrstu umr., og ljet jeg þá þegar í ljósi, að jeg get ekki borið eins mikinn kvíðboga fyrir afleiðingunum af ákvæðum frv., eins og ýmsir h. þm. virðast gjöra; heldur ekki get jeg sjeð það, að rjett rökleiðsla af athugasemdum þessum sje sú, að frv. þetta sje með öllu óhafandi, því að mögulegt getur það verið, að bæta úr göllum frv. og gjöra á því þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að sýnast til þess að sem flestir gætu unað við lög þau, er um þetta mál á að setja. Jeg skal játa það, að sú hugmynd, er kom fram í ræðu h. þm. Ísf. (S. St.), að sjóðir hverrar einstakrar kirkju væru ekki að öllu leyti sameinaðir í eina heild, en að þó einhver hluti þeirra myndaði sameiginlegan sjóð — að þessi hugmynd hefur einnig vakað fyrir mjer, fyrir nokkuð löngu síðan, en að þá þótti ekki tiltækilegt nje tími til þess kominn, að framkvæma þetta. Þetta fyrirkomulag hefur án efa verulega kosti, að sjóðir hverrar kirkju sjeu ekki að öllu leyti sameinaðir, svo að ekki rýrist eða hverfi sú skyldutilfinning, sem einstakir menn og söfnuðir hafa fyrir eigin kirkju sinni, svo og nauðsynlegur sparnaður og önnur umhyggjusemi. En jeg hygg, að þó að stofnaður verði þessi sameiginlegi kirknasjóður, sem frv. þetta gjörir ráð fyrir, þá muni samt sem áður ekki vera svo hætt við því, að þessi tilfinning hverfi úr hjörtum manna, hún mun eiga sjer dýpri rætur en svo. Eins og það hefur hingað til verið, eigi allsjaldan, að einstakir menn hafa sýnt kirkju sinni einhvern sóma, eins hygg jeg og að muni verða eptir sem áður, að eigi muni verða allfáir til þess, að menn kunni að gefa kirkju sinni einhvern kjörgrip, sem haldið geti nafni þeirra og minning uppi, svo sem altaristöflu, ljósastjaka, ljósahjálm, söngfæri eða annað þesshátttar. Jeg get ekki ímyndað mjer annað, en þetta mundi öldungis eins koma fyrir eptir sem áður.

Að reikningar yfir unnin verk í þjónustu kirknanna muni verða fullt eins háir, eptir að sú breyting kæmi á, að borgunin fyrir það greiddist úr þessum almenna kirknasjóði, það get jeg játað að hætt kunni að vera við, og að sú athugasemd spretti af rjettri þekkingu á mannlegum breyskleika, þeim, að vera óvægari í kröfum sínum, þá er alþjóðlegir sjóðir eiga í hlut. En fyrir þessu er gjört í frv., með því að búast má við, að kirkjurnar fái dálítið meiri tekjur, en þær hafa nú, og þeir h. þm., sem rækilegast hafa athugað frv. þetta í h. Nd. væntu þess, að kirkjugjaldið mundi nægja fyrir þessum auknu útgjöldum, er leiða af ákvæðum frv. Það fyrirkomulag, sem gjört er ráð fyrir, hefur að ýmsu leyti þær afleiðingar, að tekjurnar safnast betur og verða drýgri. Fyrst með því, að sjóðurinn verður á vöxtum; í öðru lagi verður stjórn hans kostnaðarminni, heldur en nú á sjer stað, þar sem allt er í svo mörgum pörtum. En ekki sízt getur mjög mikið sparazt, þá er framkvæma skal eitthvert stórkostlegt verk, svo sem bygging á 3—4 kirkjum á sama árinu. Það liggur í augum uppi, að hægra muni vera að komast að góðum innkaupum á efni, o.fl., þá er kirknasjóðurinn er einn byggjandi og kaupir svo eða svo

mikið í einu, heldur en þá er einn einstakur kirkjueigandi á hlut að máli. Svo borgar og kirknasjóður út í hönd, en áður hafa vinnendur við þess konar verk, og þeir, sem efni hafa selt, opt og tíðum orðið að eiga meira eða minna af verkalaunum og efnisverði til góða, er síðan hefur innheimzt misjafnlega að lokum. Ennfremur má benda á það, að öll umsjón með þess konar verkum verður kostnaðarminni og hagfeldari. Ef. t. a. m. byggðar væru 3 kirkjur sama sumarið í sama landsfjórðungi væri mjög hentugt að hafa einn mann til þess að ferðast á milli þeirra og hafa eptirlit og yfirumsjón með verkinu. Þannig má á ýmsan hátt sýna fram á, að þetta fyrirkomulag hefur sparnað og minnkandi kostnað í för með sjer, svo að ekki er ólíklegt, að það muni vega upp á móti hinu, er bent hefur verið á, að muni auka kostnaðinn. Nefndin í þessu máli í h. Nd. komst að þeirri niðurstöðu, að tekjur kirknanna mundu verða eptir frv. þessu um 36 þús. kr. á ári, en þær hefðu nú 30 þús. kr. Þannig mundi tekjuaukinn verða 6 þús. kr. á ári. H. þm. Ísf. (S. St.) tók það fram, að reikningur þessi ætti að veikjast við það, að tekjur bændakirkna ættu að dragast hjer frá. En jeg hygg að þetta sje ekki rjett. Eignir ljenskirknanna eru eptir því sem þeim reiknaðist milli 111 og 112 þús. kr., og safnaðakirknanna 35 þús. kr. eða til samans 147 þús. kr. Aptur væru skuldir ljenskirknanna 23 þús. kr og bændakirkna 15 þús. kr. eða til samans 38 þús., og að þannig mundu skuldlausar eignir þessara tveggja kirknaflokka vera um 110 þús. kr., þó að bændakirkjur væru eigi taldar með. Jeg skal að sönnu fúslega játa, að upphæð sú 10 þús. kr., sem þannig yrði afgangs af innstæðu sjóðsins, niður að því takmarki, sem frv. ákveður, að sjóðurinn megi minnstur vera, er nokkuð lítil, og jeg hefði gjarnan óskað, að hún hefði verið nokkru meiri, en formælendur þessa máls í h. Nd. gjörðu ráð fyrir, að hinar árlegu tekjur sjóðsins frá kirkjunum mundu verða svo ríflegar, að hægt mundi verða að halda framvegis áfram í sama eða betra horfi, en nú er gjört. Um þetta er eigi hægt neitt að fullyrða með vissu, en reynslan verður sjálf að skera úr því. H. þm. Ísf. (S. St.) minntist á tölu kirkna 1887. Þess ber að gæta, að síðan hefur tala þeirra nokkuð breytzt, og eptir því, sem nú stendur mun tala þeirra vera 286 eða 287. Það er eigi svo hægt að ákveða tölu þeirra með fullri vissu, með því að undir því er komið, hvort ýms bænahús eru talin með kirkjum, eða ekki, svo sem bænahús í Papey, á Ketilstöðum á Völlum, á Melgraseyri og á Brú á Jökuldal. Á Brú var áður bænahús, en eins og það nú er orðið, er rjett að telja það með kirkjum.

Aðalmótmæli h. þm. Ísf. (S. St.) voru gegn hinum fyrirhugaða sameiginlega kirknasjóði; honum þótti varhugavert, að setja hann á stofn, þar sem þjóðin eigi hefði haft tækifæri til að kynna sér og íhuga það fyrirkomulag, og hann taldi efasamt, að það mundi ná vinsældum almennings. Enn fremur gat hann þess, að ef reynslan yrði sú, að hin ákveðna tekjuupphæð í frumv. yrði ófullkomin, svo að síðar kæmi fyrir þingið uppástunga um að hækka þetta gjald, mundi það valda mótspyrnu, og að bent kynni að verða á það ráð til að minnka kostnaðinn, að fækka kirkjunum. Jeg skal játa það, að þetta hefur ekki verið borið undir álit þjóðarinnar og að hún hefur því ekki átt kost á því, að kynnast þessari hugmynd um einn sameiginlegan allsherjarsjóð fyrir kirkjur. En þetta hið sama má segja um mörg fleiri nýmæli, sem þjóðin hefur ekki átt kost á að segja álit sitt um, áður en þau voru samþykkt af þinginu og gjörð að lögum, og hefur það þó opt og einatt vel gefizt og reynslan sýnt á eptir, að ekki hefur að neinu tjóni komið. Og þeg-

ar um stórvægileg mál og verulegar breytingar er að ræða, getur opt og tíðum verið ástæða til að láta málið bíða nokkur ár, flýta sér ekki allt of mikið. Jeg skal ekki neita því, að í ýmsum tilfellum geta verið gild rök til þess að sýna þolinmæði og hrapa ekki að neinu, enda hef jeg og sjálfur ráðið til slíkrar biðlundar í einu máli hjer í þessari h. þingd. en þingd. sá þá ekki ástæðu til að fylgja ráðum mínum eða fara eptir mínum tillögum í það sinn.

H. þm. Barðstrendinga (S. J.) minntist á, að lögin frá 22. maí 1890 um innheimtu og meðferð á kirknafé væru góð lög. Um það held jeg megi segja bæði já og nei. Jeg hygg, að þessi lög beri það með sjer, að þau hafi tekið breytingum á síðasta stigi málsins, sem komið hafi á þau glundroða og að við það hafi samkvæmnin í þeim orðið minni en æskilegt var, að bætt hafi verið inn í þau ákvæðum eða felit burt úr þeim ákvæði, svo seint, að eigi hafi síðar verið hægt úr því að bæta að heildarsamband þeirra raskaðist. Þannig eru þau lög svo ófullkomin í ákvæðum sínum, að ójöfnuður kemur fram, að því er ljóstollsskylduna snertir milli bændakirkna og ljenskirkna. Í öðru lagi er einnig ójöfnuður í þeim lögum fólginn að því er snertir borgun fyrir innheimtu á kirkjugjöldunum, önnur og lægri borgun, ef prestur heimtir þau inn, heldur en ef sóknarnefnd gjörir það. Þannig hafa einmitt gildandi lög misrjett í sjer fólginn um innheimtuþóknun kirkjugjalda, en einmitt frv. þetta ákveður 8% fyrir alla innheimtumenn, hvort sem eru prestar eða sóknarnefnd eða þá einhver annar, sem þar til er kjörinn. Þetta hygg jeg, að h. þm. Barðstr. hafi ekki athugað nákvæmlega, og einmitt er þetta frv. í þessu tilliti mikið til bóta; það gjörir jafnrjetti og fer meðalveg milli þess, sem hæst er og lægst, eptir því sem nú gildir.

Ennfremur er það til mikilla bóta, þar sem í 4. gr. stendur viðvíkjandi gjaldi til kirkju í tilteknum vörutegundum, að það skuli því að eins reiknast eptir verðlagsskrárverði, að það verð sje ekki lægra en verðlagsskrárverð í gjalddaga. Þessi viðbót er með öllu nauðsynleg og má alls ekki vanta, þegar heimilað er, að greiða þessi gjöld með vörum, en hana vantar í lögin frá 22. maí 1890. Vjer skulum taka dæmi: ef tólg stendur í gjalddaga á 23 aura, en ef til vill tvöfalt hærra í verðlagsskránni. Hvernig getur innheimtumaður staðizt það, að svara andvirði hvers tólgarpunds með verðlagsskrárverði, en fá hálfu minna fyrir, og svo hefur hann, ef hann er prestur, 4% í innheimtulaun? Með þessu er þrengt svo að kosti innheimtumanns, að hann hefur eigi að eins talsverða fyrirhöfn fyrir ekkert, heldur verður hann og að borga fje úr eigin vasa fyrir.

H. þm. Ísf. (S. St.) nefndi ýmislegt sem mælir með almennum kirknasjóði, og hann benti á, að þessi hugmyd væri fögur hugmynd. Þetta er og svo, því að hinar einstöku kirkjur, þær eru kvistir, þær eru greinar á sama trje, þær eru limir á sama líkama, ein heild í sjálfu sjer. Það er því ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi, að sumar kirkjur hafa meira fje til umráða en þær þurfa fyrir sjálfar sig; aptur aðrar hafa minna en þær geta komizt af með, bæði nú sem stendur og síðar. En allir söfnuðir hafa hinn sama nátt úrlega rjett til þess að eiga fyrir sig til afnota sæmilegt guðshús, og sje það ekki, sv stendur engum nær að ráða bót á því, e systrunum, hinum öðrum kirkjum, sem einhverju geta miðlað frá sínum nauðsynj um.

Það er öldungis rjett, sem sami h þm. (S. St.) benti á, að á síðari tímum e talsverð hreyfing í þá átt, að kirkjur er byggðar betri, fegurri og varanlegri e áður. Það er kominn mjög lofsverður ekspólur á í þessa átt. En ekki mundi þa

geta spillt, að hin sama stjórn stýri öllum kirknabyggingum. Það munu margir hafa orðið þess varir, að ýmsar kirkjur, sem byggðar eru nýlega, hafa þá galla, sem hægt hefði verið að forðast, ef bygging þeirra hefði verið stjórnað af stiptsyfirvöldunum eða af byggingarfróðum manni, en sem þó þarf ekki að vera sprottið af hóflausum sparnaði. Sumir geta það verið, er hafa ekki smekk fyrir háum húsum; þeir hinir sömu byggja kirkju, sem að eins er manngeng undir bita; aðrir hafa á kirkju sinni svo eða svo fáa glugga, að við það verður hálfskuggsýnt í kirkjunni, en aðrir hafa gluggana svo smáa, að kirkjan líkist einhverju lítilfjörlegu húsi. Menn geta og verið misjafnlega haganlegir til að koma vel fyrir prjedikunarstól eða altari, og þannig mætti margt til nefna; af þessu má sjá, að ýmislegu má betur haga og sneiða hjá ýmsu, ef hin sama stjórn hefur alla umsjónina og að það fyrirkomulag mundi geta borið góða ávexti, að kirkjur yrðu smekklegri, fegurri og að öllu leyti hagfeldari. Það hefur jafnvel komið fyrir, að ókunnugir menn, sem komið hafa á kirkjustað, hafa hneykslazt mjög á útliti þess húss á bænum, sem þeim hefur sagt verið að væri kirkja, en sem fremur hefur litið út fyrir að vera eitthvert geymsluhús heldur en hús, sem ætlað er til guðsþjónustugjörðar. En optast mun þetta eiga sjer stað með torfkirkjurnar gömlu. Það munu nú orðnar tiltölulega fáar kirkjur, eins og h. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, sem eru í flokknum í illu standi, en þær eru þó fleiri en þær ættu að vera. Ef h. þm. ríður um hjerað það, sem honum mun kunnugt vera og kært að fornu fari, hygg jeg þó, að hann mundi þann dag í dag sjá fleiri kirkjur í hrörlegu ástandi, en hann hefði óskað eptir að sjá, og þetta er því sorglegra, sem þessir sýslubúar hafa sýnt lofsverðan áhuga og dugnað í ýmsum framkvæmdum, og áhugamálum sínum, — byggt brýr yfir margar ár, reist smekkleg hús o. fl. þess háttar. Það væri óskandi, að þeir vildu sýna hinn sama framfarahug, að því er bygging á öllum kirkjum þeirra viðvíkur. Nú er ekki því um að kenna í þessari sýslu, að fjeleysi hamli endurbótum á kirkjunum, því að þær munu eiga hver um sig talsvert fje í sjóði, en mannlegur breyskleiki veldur því, að umbætur á þessu hafa ekki orðið eins miklar og æskilegt væri. Jeg vona þó, að á þessu sumri hafi þessum hrörlegu kirkjum dálítið fækkað; en samt sem áður mundi það ekki verða til hindrunar framkvæmdum í þessu, þótt þetta frv. yrði að lögum; þvert á móti mætti treysta því, að meira og betra samræmi yrði í því, að gjöra nýbyggðar kirkjur sómasamlega úr garði.

H. þm. Ísf. (S. St.) minntist á, að frv. þetta, ef það yrði að lögum, mundi mundi draga úr skyldutilfinningum manna fyrir því, að bera umhyggju fyrir kirkjum sínum. Getur verið, en menn hafa þó sjeð þess dæmi, að þessi skyldutilfinning er nú sem stendur ekki nógu næm alstaðar, og að ýmsir menn eiga enn þá sannarlega kost á því, að sýna sínar góðu tilfinningar með því að reisa kirkjur sínar úr þeim rústum, sem þær nú eru í.

Viðvíkjandi því, að kunnugleiki hverfi fyrir því, hvað hentugast og nauðsynlegast sje að gjöra fyrir hinar einstöku kirkjur, þá er það að vísu satt, að það er ekki hugsanlegt, að stiptsyfirvöldin í fjarlægð sjeu jafnkunnug sem sóknarmenn sjálfir, sem á staðnum eru, en eins og h. þm. Ísf. (S. St.) drap einnig á, eru í þessu tilliti hjeraðsprófastarnir millumliðir, og jeg hygg, að flestir þeirra eigi það traust skilið, að þeir muni leggja það til og ráða fram úr á þann hátt, sem bezt gegnir á hverjum stað, að þeir muni gefa sannar skýrslur og mótmæla öllum ósanngjörnum kröfum. Það má og ætlast til þess, að biskup muni ferðast um og

þekkja nokkuð til á allmörgum stöðum og fyrir því fara nærri um þarfir hverrar einstakrar kirkju.

Það mun að sjálfsögðu geta komið fyrir, sem h. þm. Ísf. (S. St.) benti á, að ýmsir reikningar geti farið fram úr hinni áætluðu upphæð; þessi galli hverfur ekki fyrir það, þótt stiptsyfirvöldin stjórni verkinu. Þetta kemur og allt af fyrir að kalla má, hverjir, sem hlut eiga að máli, að miðað er upphaflega við minni reikningsupphæð, en reynslan verður á að þarf. En það virðist engin ástæða til að ætla að þetta muni verða tíðara, eða reikningar ósanngjarnari eða verk verr unnið, eða óhagfeldari aðgjörðir gjörðar, þótt þeim sé stjórnað af stiptsyfirvöldunum. Það getur engum blandazt hugur um það, að verði margar kirkjur klæddar járni á regnhlið og á þaki, þá sje það betra og kostnaðarminna en sú aðferð, sem áður hefur verið höfð. Jeg ætla, að margir muni við það kannast, að fjárhaldsmenn kirkna hafa eigi ætíð reynzt svo hollir, sem æskilegt hefði verið; það mun talsvert fje hafa farið forgörðum fyrir kirkjum af þessum nótum og hafi kirkja átt fje til, og að henni hafi verið gjört, hafa þær aðgjörðir einatt reynzt dýrar, enda þótt þær ekki hafi reynzt vel til frambúðar. Þess munu og vera dæmi eigi svo ýkjafá, að hafi kirkja átt fje í sjóði, hefur fjárhaldsmaður heldur kosið að eyða því til þess, að káka eitthvað við aðgjörð á henni, heldur en að inna fjeð af hendi.

H. þm. Ísf. (S. St.) taldi borgunina til prófasta mjög óverulega eptir þessu frumv. Þetta má og með sönnu segja, en hvernig er þessi borgun nú? Fær prófastur til jafnaðar meir en 10 kr. nú frá hverri kirkju? Jeg held ekki. Þegar bezt lætur eru það 10—12 kr., en í mörgum tilfellum er það hálfu minna. Jeg hygg því, að prófastar verði að jafnaði betur haldnir eptir þessu frv., en eins og nú er.

Viðvíkjandi því, að hirðing á kirkjum verði svo afardýr, skal jeg láta það í ljósi, að jeg get ekki álitið að svo verði. Jeg get ekki ímyndað mjer, að prestar eða aðrir kirkjuhaldarar muni setja sjóðsstjórninni svo stólinn fyrir dyrnar, að hún muni neydd til að ganga að einhverjum afarkostum. Jeg hygg, að með það muni verða líkt og nú gjörist. Þóknunin fyrir þess konar er venjulega lág, en þó betri en ekki neitt, enda er þvottur og önnur hirðing kirkna til sveita tiltölulega ljett, hvorki kirkjur sjerlega stórar og allvíða eigi messað á hverjum helgum degi, þar sem að sami prestur þjónar meira en einni kirkju. Jeg get því ekki ímyndað mjer, að reikningarnir fyrir þetta starf verði svo ósanngjarnir, að kirkjustjórnin muni komast í vandræði.

H. þm. Ísf. (S. St.) var hræddur um það, að ef þetta tiltekna kirkjugjald reyndist of lágt og tillögur kæmu fyrir þingið um, að hækka það, þá mundi þingið benda á þann veg, að fækka kirkjunum. Jeg get þó ekki ímyndað mjer, að alþingismenn muni verða svo ranglátir, að láta þetta bitna á söfnuðunum; söfnuðirnir eru þó hinir sömu menn, sem eru undirstaða þingsins, og með því móti mundu þingmenn misbjóða kjósendum sínum, enda mundi kirkjustjórnin eigi geta gengið að neinu þess konar. Jeg get ekki annað hugsað, en að þingið muni sýna alla sanngirni og hækka gjaldið, ef reynslan sýnir, að þess er þörf. Jeg get heldur ekki ímyndað mjer, að gjaldgreiðendur mundu una því neitt illa, þótt nauðsynlegt yrði að hækka kirkjugjaldið lítið eitt. Þess ber þó að gæta, að menn fá miklu fleira og meira fyrir sína peninga en áður, og eins er hitt, að af er ljett ýmsum kvöðum, svo sem skylduvinnunni. Það er ekki svo lítill skattur, sem lagzt getur á bændur á einu ári, máske 4—600 kr., en svo eru aðrir tímar, ef til vill 30—60 ár, þar sem þeir, er þá eiga hlut að máli, enga slíka kvöð þurfa að inna af hendi. Jeg

ætla, að engum blandist hugur um, að hjer er allmikið misrjetti, og að það er mikil rjettarbót, að afnema slíkar kvaðir. Þetta er mikill kostur og veruleg meðmæli með frumv. þessu.

Hinn sami h. þm. (S. St.) bar ótta fyrir því, að söfnuðirnir mundu verða tregir til þess á eptir, að leggja nokkuð sjálfir fram til söngs í kirkjum og hljóðfæris, úr því að í frumv. stendur, að slíkt skuli borgað af kirkjusjóði, þá er efni sjóðsins leyfa. Jeg hygg þó, að óþarft sje að bera kvíðboga fyrir þessu, því að skyldan hvílir því að eins á þessum kirkjusjóði til að leggja fram fje í þessu skyni, að efni hans leyfi það; og ef reikningar sjóðsins bera það með sjer, að sá tími muni ef til vill vera í nokkurri fjarlægð, að sjóðurinn geti lagt á sig þessa byrði, þá munu söfnuðirnir sjá, að ekki er um annað að gjöra fyrir sig, en að veita sjer þetta sjálfir með sínum eigin ráðum. Það er ekki líklegt, að menn verði svo óskynsamir, að vilja fara þessara gæða á mis, heldur en að leggja á sig eitthvert lítilræðis gjald til þess að geta veitt sjer þetta, ef bersýnilegt er, að kirknasjóðurinn er ekki þess umkominn, að kosta þetta.

Það er að vísu gjört ráð fyrir því í frumv. þessu, að þær kirkjur, sem söfnuðir hafa tekið sjer fjárráð fyrir, hverfi einnig inn undir ákvæði þessara laga. Það munu vera nálægt 50 kirkjur, sem söfnuðir hafa tekið að sjer fjárforráð fyrir. Jeg skal fúslega játa, að það er ekki viðfeldið, að breyta þessu nú aptur, eptir að eins 11 ár, sem lög þau hafa staðið, er hjer er um að ræða, einkum þar sem það virðist eðlilegur grundvöllur, sem þau lög byggjast á. Það væri því ef til vill ástæða til, að gjöra þá undantekningu í 14. gr. frumv. þessa, að safnaðarkirkjur skyldu ekki að söfnuði nauðugum heyra undir ákvæði laganna, að því er hinn almenna kirknasjóð snertir. Jeg ætla, að þetta þyrfti ekki að hafa nein skaðleg áhrif á kirknasjóðinn, því að bæði er það, að fæstar þeirra munu eiga til mikinn sjóð, og eins er hitt, að lækka mætti tiltölulega hina ákveðnu 100 þús. króna innstæðuupphæð sjóðsins. Jeg drep að eins á þetta, til að sýna, að ráð eru til þess, að koma í veg fyrir þessa stefnubreytingu eða bæta úr henni, ef mönnum sýndist svo.

H. þm. Barðstr. (S. J.) var hræddur um, að kirknasjóðurinn og stjórn hans mundi komast í bobba, einkum fyrstu árin, þá er kröfur kæmu um, að endurborga lán þau, er á kirkjunum hvíla. Jeg hef nú tekið það fram við 1. umr. þessa máls, að eldri skuldir mundi varla þurfa að greiða strax í byrjun, heldur smátt og smátt eptir þeim hinum sömu samningum, sem settir eru í skuldabrjefunum, og að útgjöldin í þessu skyni geti því ekki orðið svo stórvægileg.

Þá hefur og það verið sagt, að menn mundu verða fúsari á, að toga fje úr sjóðnum heldur en að borga inn í hann. Þess ber þó að gæta, að sjóðnum á að borgast árlega einn fimmtándi hluti af sjóð hverrar kirkju, og enn fremur hinn árlegi tekjuafgangur kirknanna. Að sjálfsögðu getur það komið fyrir, að einstök kirkja sje ekki meira en sjálfbjarga á vissum tímum. Setjum svo, að einhver kirkja sje byggð upp úr steini og sje í 10 þús. króna skuld, sem afborgist á 20 árum. Meðan á þessu stendur hefur hún ef til vill ekki neinn tekjuafgang, eða hefur ekki fyrir árlegum gjöldum, en að þessum 20 árum liðnum fer hún að leggja upp aptur, og endurborgar þá sjóðnum það, sem hann kann að hafa lagt út fyrirfram handa henni.

Jeg hygg, að jeg hafi nú svarað hinum flestu mótbárum, sem fram hafa komið; þær eru einkum gegn þessum almenna kirknasjóð. En ef menn ekki hafa djörfung til að gjöra þetta frv. allt í heild sinni að lögum, þá er þó til það ráð, að lögleiða fyrri hluta þess, fyrstu 6 grein-

arnar. Þetta er ekki mitt ráð, að því leyti sem jeg óska, að frv. þetta verði allt samþ., en það er að eins bjargráð, er jeg bendi á, til þess að frumv. fari þó ekki allt í sömu gröfina, ef sum ákvæði þess þættu stórvægilega iskyggileg.

H. þm. Barðstr. (S. J.) taldi það illa farið, að ekki hefði verið sett nefnd hjer í þessari h. þingd. til að íhuga frv. þetta. En jeg hygg, að sakir naumleika tímans mundi nefnd ekki hafa getað skoðað þetta mál, eins vel og æskilegt hefði verið, ef henni hefði þótt nauðsynlegt að hverfa frá þeim grundvelli, sem lagður er í frv. Jeg hygg, að eigi hefði verið unnt að finna og leggja nýjan grundvöll, ef þessi er eigi álitinn nægilega traustur.

Sigurður Stefánsson: Jeg þarf ekki að vera langorður í þetta sinn. Jeg játa það, að margar af athugasemdum h. 2. kgk. (H. Sv.) voru á rökum byggðar, þótt honum reyndar ekki tækist að hrekja svo aðalmótbárur mínar gegn frumv., að jeg geti fyrir það orðið honum samdóma um aðalatriðin, eða gefið atkvæði mitt með þeim.

Aðalhvötin til að stofna hinn almenna sameiginlega kirknasjóð er fyrir framfylgendum málsins sú, að kirkjur verði eptir það betur og sómasamlegar byggðar en verið hefur, og það viðurkenni jeg að vísu, en finnst samt, eins og jeg hef tekið fram, enga bráða nauðsyn bera til þessa. H. 2. kgk. (H. Sv.) gat um, að í einu hjeraði, sem jeg mundi vera kunnugur í, mundu margar torfkirkjur enn þá standa, sem endurbótar þyrftu við. Jeg játa það, að mikið mun vera satt í þessu, þótt jeg reyndar sje því hjeraði ekki eins kunnugur nú og fyrrum, en jeg vil þá geta þess jafnframt, að flestar af þessum torfkirkjum munu vera bændaeignir, að minnsta kosti 3 eða 4 þeirra. Af því mjer er þetta hjerað sjerstaklega kært, vil jeg í sambandi við þetta benda á, að þar hefur verið reist mjög vegleg kirkja, fyrir fjársamskot einstakra manna, er standa mun sem minnisvarði ríkulegs höfðingsskapar einstakra manna, en jeg verð að halda því fram, að þetta einstakra manna fjárframlag muni ekki eins haldast við, er allar skyldur þessu viðvíkjandi eru komnar á herðar hins sameiginlega sjóðs og stjórnenda hans, og mun það líka að nokkru leyti eðlilegt, því að þessi ríflegu fjársamskot kirkjunum til handa eru ekki eingöngu til þess að sýna höfðingsskap, heldur nokkuð af því að nauðsyn knýr á; menn vilja fá sjer gott og viðunandi guðshús, en geta ekki fengið það nema að leggja sjálfir fram fje til þess, en þessar hvatir hyrfu alveg, því hinn sameiginlegi sjóður mundi vera álitinn nógu ríkur til þess einn að bera allan kostnaðinn. Innileg hluttaka safnaðanna í þessum málum mundi hverfa, en það álít jeg alls ekki heppilegt, því bezt er, að söfnuðurinn hafi sem mest saman við sína kirkju að sælda, og áliti sjer skylt að styðja hana af mætti. Þótt kirkjubyggingum hafi stórum farið fram á síðari árum, þá er ekki því að heilsa, að kirkjurækni hafi farið vaxandi að sama skapi. Þetta segi jeg ekki af því, að jeg álíti, að lítið sje varið í þessar framfarir, heldur til þess að sýna, að ekki beri bráða nauðsyn til að bæta úr þeim, meir en gjört hefur verið á síðari árum.

H. 2. kgk. (H. Sv.) tók það fram, að tekjur kirkna mundu verða 5—6000 kr. meiri með þessu fyrirkomulagi; það getur vel verið, að sú áætlun fari nærri sanni, en þá er einnig víst, að útgjöldin munu verða að stórum mun meiri; það mun margt þurfa að gjöra við kirkjurnar út um landið, þegar þetta fyrirkomulag kemst á. Skylduvinnunni ljettir að vísu af, enda hefur hún opt komið þungt niður, en kirkjubyggingin verður ekki ódýrari við það. Þótt bændum hafi þótt þessi skyldukvöð á stundum þung, þá verður hún þó þyngri á kirkjunum með þessu móti. Freistingin vex hjá mönnum til

þess að gefa stærri reikninga, þegar aðgangurinn er að hinum sameiginlega kirknasjóði. Eins og kunnugt er, hvílir nú á bændum að flytja við til kirkna, og þó það komi þungt og órjettlátt niður, þá verður það þó miklu þyngri fyrir hinn almenna kirknasjóð. Reikningarnir hjá bændum fyrir þessum flutningum munu verða ærið háir, og hann nokkuð dýrkeyptur kirkjunum. *(Hallgrímur Sveinsson:* Vinnan boðin upp og lægsta boði sætt), og það enda þótt svo væri. Reynslan hefur sýnt það, að hvað lítið sem kostnaðurinn við opinberar byggingar er meir en áætlað er, og enda umsamið, þá koma bakreikningar á eptir. Við getum tekið til dæmis veginn frá Ölfusárbrúnni upp að Ingólfsfjalli; það var ætlað á, að hann mundi kosta 5000 kr., en hann kostaði þegar til kom 10,000 Okkur er kunnugt um það, hvað áætlanir opt fara fjarri hinum verulega kostnaði. Þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.) tók það fram að kirkjustjórnin mundi njóta aðstoðar prófasta, þar sem hún sjálf ekki væri málum fullkunnug, þeir gætu verið milligöngumenn milli hennar og safnaðanna, og þeir mundu gefa henni góðar bendingar viðvíkjandi tilhögun á kirkjubyggingum; jeg skal að vísu ekki bera sjerlegt vantraust til prófastanna í þessu efni, en þó hygg jeg, að þetta geti mistekizt, og svo álít jeg ekki bætandi við það starf, sem prófastar nú hafa, þar sem kunnugt er, að þeir engan eyri fá fyrir margt ómak sitt og verða opt að leggja út fje úr sínum eigin vasa, fyrir hið opinbera. Nú á að bæta því á prófastana, að þeir sjái um, að fjeð komi inn á rjettum tíma og verði sent stiptsyfirvöldunum. Þessu viðvíkjandi skal jeg taka fram, að mjer finnst hægt að una við lög 22. maí 1890 eins og þau eru, nú í bráð, og ónauðsynlegt að gjöra fleiri breytingar að sinni. Sum ákvæði þessara laga eru mjög hentug og hagkvæm, og mikil rjettarbót frá því sem áður var. Viðvíkjandi ákvæðum frumv. um hinn almenna kirknasjóð, verð jeg að segja, að mjer finnst þau allsendis óþörf, og enga brýna nauðsyn beri til þess, að gjöra þessar stórkostlegu breytingu nú. H. 2. kgk. (H. Sv.) virtist hálfhræddur um, að frumv. þetta mundi verða fellt, með því allmargar raddir hefðu komið gegn því nú síðast, en færi svo, að það næði fram að ganga og næði staðfesting stjórnarinnar, og ef reynslan svo sýndi, að fje sjóðsins ekki entist til að gegna öllum kröfum, og kirkjustjórnin yrði að hætta við þau verk, sem þegar væri byrjað á, og skylt væri að leggja fje til, þá verð jeg að segja, að kirkjustjórnin er í vanda stödd gagnvart söfnuðunum, og þá er að mínu áliti ver farið en heima setið. Þar sem hann talaði um, að rjettast væri máske að láta ákvæðin um bændakirkjur einnig ná til þeirra kirkna, sem söfnuðurinn sjálfur hefði tekið við, þá viðurkennir hann beint þar með, að söfnuðirnir ættu að hafa mest í þessu að segja, en ef sú undantekning er gjörð, að rjett sje, að söfnuðirnir ráði kirkjum sínum sem mest sjálfir, þá finnst mjer þar af leiða, að eðlilegt sje að lofa rás viðburðanna að ganga sinn gang, og söfnuðirnir fái óhindraðir að takast á hendur fjárhald kirkna sinna, ef þeir vilja, eins og verið hefur hingað til. Mjer finnst það atriði mikilvægt, að söfnuðirnir sjálfir fái sem mestu að ráða. En ef þetta skilyrði um safnaðakirkjur kæmist að, þá yrði kannske með tímanum hátt á annað hundrað kirkjur, sem þannig væru undanskildar ákvæðum laganna, og þá minnkaði stórum þýðing þessara laga, og væri þá um ljenskirkjur einar að ræða. H. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, að sjer virtist betra að fella sum ákvæði úr frumv., ef mönnum ekki líkaði þau, en láta hitt standa, þá skal jeg geta þess, að þótt jeg að vísu ekki hafi á móti þeim hluta frumv., sem um kirkjugjöld ræðir, þá held jeg að engin skaði væri að, þótt það fengi allt að bíða til næsta þings. Frumv. fer fram

á mjög stórkostlegar breytingar á því, sem náð hefur fastri venju og hefð og er því ísjárvert að hrapa að þeim breytingum. Ef jeg sæi, að kirkjan hefði hagnað af breytingunum og þær miðuðu til framfara safnaðalífinu á Íslandi þá skyldi jeg gefa atkv. mitt með þeim, en úr því jeg ekki sje það, er mjer heldur ekki unnt að greiða atkv. með frv.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. með 8 atkv. hvor; 3.—5. gr. samþ. með 7 atkv. hver; 6. gr. samþ. með 8 atkv.; 7. gr. felld með 8 : 3 atkv.; 8.—9. gr. felld með 8 : 2 atkv. hvor; 10. gr. felld með 7 : 3 atkv.; 11. gr. felld með 7 : 2 atkv.; 12. gr. felld með 8 : 2 atkv.; 13.—15. gr. felld með 7 : 2 atkv. hver.

Fyrirsögn frv. samþ. með 7 atkv. og málinu vísað til 3. umr. með 6 : 1 atkv.

Frv. til laga um eptirlaun (C. 468, 502); ein umr.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eins og sjá má af frv. þessu, eins og það nú er til okkar komið, hefur h. Nd. gjört nokkrar breytingar á því. Við sem kosnir vorum í nefnd í málinu hjer í Ed. höfum íhugað þessar breytingar og ekki líkað þær allskostar vel; þó hefur í nefndinni orðið nokkur meiningarmunur um eina af þessum breytingum. Eins og þingdm. máske muna stungum við flutningsm. frv. um eptirlaun upp á því í hinu upprunalega frv., að eptirlaunin skyldu talin $^1/_5$. af embættislaununum og 20 kr. umfram fyrir hvert þjónustuár, en eptir að við höfðum heyrt undirtektir manna í deildinni um það, og eptir að við vorum kosnir í nefnd í málinu ásamt hinum h. 5. kgk. (J. A. Hj.), sýndist okkur að færa $^1/_5$. upp í $^1/_4$. í von um, að það þá fengi betur framgang; það sýndi sig brátt að þessi breyting mælti lítið með málinu og útvegaði því fáa trygga fylgismenn, því að flestir af hinum h. deildarm., sem hjálpuðu okkur til að koma breytingu þessari að snerust síðan á móti frv. og reyndu að fella það og sýndu með því, að þeir möttu einkis þessa tilslökun okkar. Þegar Nd. nú hefur látið í ljósi, að hún aðhyllist heldur hina upprunalegu till. okkar, með því að færa aptur $^1/_4$. ofan í $^1/_5$., sjáum við flutningsmennirnir að minnsta kosti enga ástæðu nú til að breyta aptur til, úr því málinu er engu betur borgið fyrir það. Það má náttúrlega lengi þrefa um það, hvort muni heppilegra að ákveða eptirlaunin við $^1/_5$. eða $^1/_4$. embættislaunanna, og er sízt ástæða til að deila um það við þá, sem hvorugt vilja aðhyllast. Hinar breytingar Nd. getur nefndin ekki fallizt á.

Þegar einhver embættismaður slasast við að gegna embættinu, svo að hann verður að fá lausn, átti hann samkvæmt hinu upprunalega frv. að fá í eptirlaun $^2/_3$. af embættistekjum sínum. Þetta hefur h. Nd. fært niður þannig, að hann skyldi að eins fá helming þeirra. Við finnum ekki, að ástæða hafi verið til þess að breyta þessu og ráðum því til, að þetta verði aptur fært upp í $^2/_3$. Sama er að segja um það, þegar embætti er lagt niður, þá viljum vjer, að embættismaðurinn fái $^2/_3$. af embættislaununum í biðlaun í 5 ár en ekki að eins helming launanna, eins og Nd. hefur samþ. Oss finnst sanngjarnt að hann fái nokkuð rífleg biðlaun í þessi 5 ár, þar sem hann missir embætti sitt fyrir það, að rof verður á samningi þeim, er landsstjórnin hefur gjört við hann, er hún veitti honum embættið.

Eptirlaun ekknanna vill Nd. færa niður þannig, að þau verði að eins $^1/_{10}$. af launum mannsins. Í frv. Ed. stóð $^1/_8$ og finnst oss það sanngjarnast. Vjer finnum enga löngun til að gjöra kjör ekknanna lakari en þau nú eru, enda er hjer ekki að ræða um neinn stórvægilegan mismun á gjöldum fyrir landssjóð.

Jón A. Hjaltalín: Jeg hef lítið meira að segja en það sem stendur í þessum fáu línum í nefndarálitinu, sem jeg er

skrifaður undir. Jeg sje ekki að málinu sje neitt betur borgið, hvað það snertir að komast gegnum Nd. aptur, þó við samþ. eina breytingu þeirrar deildar en fellum hinar. Jeg verð því að halda við það, sem jeg fylgdi fyrst fram, sem sje, að eptirlaunin sjeu $^1/_4$ embættislaunanna Jeg vona því, að h. deild fallist á þessa breyting mína og verði með í að samþykkja hinar aðrar breytingar, er nefndin hefur stungið upp á.

Hallgrímur Sveinsson: H. þm. Barðstr. (S. J.) gat þess, að miðlunartilraunir sínar, viðvíkjandi ákvæðum eptirlaunaupphæðarinnar, hefðu alls ekki haft því láni að fagna að ná hylli deildarinnar hjer og með því þær ekki hefðu sumar náð hylli allra deildarmanna, sæi hann ekki ástæðu til að halda þeim fram. Jeg get sagt sama um mig; breyt.till. mínar áttu ekki því láni að fagna, að ná hylli h. deildarm. og finn jeg því alls ekki ástæðu til að styðja hvorki eitt nje neitt í frumv. þessu, því satt að segja líkar mjer það alls ekki, eins og það nú er. Jeg mun þó heldur greiða atkv. með till. minni hluta nefndarinnar, þó jeg ímyndi mjer, að það sje þýðingarlítið, því þó samkomulag fáist á þessum grundvallaratriðum, þá sje jeg ekki eptir orðum hæstv. landsh. að dæma, að stjórnin geti fallist á það. Það er tilgangslítið að vera að samþ. hjer það, sem við vitum að ekki nær samþykki stjórnarinnar; þar sem frv. fer lengra í lækkun eptirlaunanna en svo, að það geti náð samþykki stjórnarinnar, býst jeg við að jeg verði að greiða atkv. móti frv. í heild sinni.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef enn sem komið er ekki látið skoðun mína í ljósi í þessu máli og finn mjer því skylt að gjöra það áður gengið verður til atkvæða. Mjer þótti það mjög leitt, að Nd. skyldi fara að breyta frv. frá því, sem það var, þegar það fór hjeðan og ekki verður annað sagt, en að það sje að miklum mun óaðgengilegra, en þegar það fór, og þess vegna mun jeg greiða atkv. með breyting minni hlutans og sje ekki ástæðu fyrir deildina að víkja frá því, er hún áður samþykkti, og því rjett að deildin greiði atkv. með minni hlutanum, því líklegt er, að Nd. samþykki það heldur en láta frv. falla. En þótt till. minni hlutans falli mun jeg þó greiða atkv. með frv., því þó það nokkuð hafi spillzt í Nd., þá er það þó ekki óaðgengilegt. Jeg vil ekki hjer bera saman eptirlaun presta við eptirlaun verzlegra embættismanna, því eins og menn vita, eru eptirlaun þeirra svo lág, að þau naumast þola nokkurn samanburð, en jeg vil hjer að eins bera saman, hve mikill hluti launanna, eptirlaunin eru hjá prestunum og hve mikill hluti eptirlaun hinna verzlegu embættismanna eru af launum þeirra.

Eptir uppástungu nefndarinnar, sem Nd. hefur samþ. verða t.d. eptirlaun lækna eptir 30 þjónustuár á þessa leið:

1500 kr. gefa eptir 30 ár 900 kr. eða $^3/_5$ af launum
2000 - — — — 1000 - — $^1/_2$ — —
3000 - — — — 1200 - — $^2/_5$ — —
4000 - — — — 1400 - — rúml. $^1/_3$ — —
5000 - — — — 1600 - — tæpl. $^1/_3$ — —

En eptirlaun prestanna verða aptur á móti eptir sama tíma á þessa leið samanborin við laun þeirra:

1000 kr. gefa eptir 30 ár tæpl. $^1/_3$ af launum
1500 - — — — — $^1/_5$ — —
2000 eða 2100 - — — — — $^1/_7$ — —

Auðvitað er það, að á hinum verzlegu embættismönnum hvíla ýmsar sjerstakar kvaðir t. d. ekkjusjóðsgjald o. fl. og svo eru þeir sjálfsagt vanir betra lífi en prestarnir, sem þeir ekki eiga hægt með að venja sig af með öllu, þótt þeir komist á eptirlaun, en ef þetta er borið saman hjá prestum og verzlegum embættismönnum, finnst mjer þó mikill munur á því, hvað hinir verzlegu eru betur settir með sín eptirlaun, þó till. meiri hlutans verði ofan á, en prestarnir með sín. Auðvitað kemur

þetta þyngst niður á þeim, sem hæst launin hafa, en gæta verður þess, að þau embætti opt eru hæg, og að þeir opt geta þjónað þeim töluvert lengur en 30 ár, og þá hækka eptirlaunin nokkuð, og þegar þeir eru svo komnir á þann aldur gjöra þeir ekki eins miklar kröfur til lífsins, eins og á yngri árum sínum. Jeg sje heldur ekkert á móti því, að ef embættismennirnir ekki kæmust af með eptirlaun sín, að börn þeirra þá hjálpuðu þeim, ef þau væru þess megnug, enda er það almennt meðal alþýðustjettarinnar og prestastjettarinnar. Jeg verð því með meiri hluta nefndarinnar, ef minni hlutinn fellur, af því jeg veit, að þetta er áhugamál þjóðarinnar, og mjer sýnast eptirlaunin eigi svo lítil, að þau sjeu alls óaðgengileg. Menn hafa meiri áhuga á því en sjálfu stjórnarskrármálinu. Sumir meðal almennings eru auðvitað á því, að öll eptirlaun ætti að taka af, en flestir skynsamir menn eru þó gagnstæðrar skoðunar. Jeg álít nauðsynlegt að leiða þetta mál til lykta, því eins og menn vita hefur það verið brúkað sem „agitationsmeðal". Þeir sem vilja koma sjer vel við almenning lofa því að taka af öll eptirlaun, án þess opt að ætla sjer að halda það loforð sitt. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta frumv. nær staðfestingu stjórnarinnar eða ei, en þar sem sama stjórn situr nú við stýrið, sem staðfesti lögin um eptirlaun presta, þá getum vjer haft nokkra von um, að hún staðfesti þessi lög, þar sem eptirlaun verzlegu embættismannanna borin saman við laun þeirra eru býsna mikið hærri en prestanna borin saman við þeirra laun,

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.) talaði um, að stjórnin aldrei mundi samþ. frv. þetta og gat þess, að hæstv. landsh. hefði farizt svo orð, þá verð jeg að segja það, að jeg man ekki eptir því, að hann hafi talað hjer í þá átt. Ef vjer hefðum vitað, að þetta frv. yrði samþ., ef í því stæði $^1/_4$ í stað $^1/_5$ þá mundi það náttúrlega hafa haft töluverð áhrif á oss, sem í nefndinni erum, en nú vissum við það alls ekki og urðum því að fara eptir því, sem oss fannst bezt og eðlilegast. Oss þætti mjög slæmt, ef þetta frv. næði ekki staðfestingu stjórnarinnar, en um það vitum vjer ekkert, og við það er ekki hægt að ráða. En jeg er samþykkur h. 6. kgk. (Þ. B.), að ef þetta mál á að rekast lengur milli þings og þjóðar á aðra hliðina og stjórnarinnar á hina hliðina, þá verður það ekki til þess að auka vinsældir og traust þjóðarinnar til embættismanna sinna. Jeg vil ekki segja, að það sje rjett, að láta embættismennina gjalda þess, þó stjórnin vilji ekki í þessu máli sinna skynsömum kröfum þjóðarinnar, en jeg er samt mjög hræddur um, að svo verði.

Jeg verð að játa að mjer finnst leitt, ef þetta frv. ekki nær fram að ganga, en jeg sje ekki neina ástæðu til fyrir stjórnina, að neita að staðfesta það.

Hallgrímur Sveinsson: H. 6. kgk. (Þ. B.) talaði um, að hann ekki gæti skilið í því, að stjórnin, sem samþ. lögin um eptirlaun presta, ekki muni nú samþ. þessi, en hjer er nokkuð á annað að líta. Þó jeg ekki viti, hvað fús stjórnin muni hafa verið á að samþ. lög um eptirlaun presta, þá finnst mjer nokkuð annað mál um þau. Þau voru mikil rjettarbót fyrir prestastjettina og höfðu ekki svo litla þýðingu fyrir hana. Þeir, sem voru á litlum eptirlaunum áður, fengu ákveðna upphæð og hærri en áður og jafnframt var ljett á þeim brauðum, sem ekki gátu borið hinar þungu eptirlaunabyrðar. Þetta var sem sagt til bóta frá því sem áður var. Hann tók einnig fram, að ólíkt væri eptirlaun presta minni, en annara verzlegra embættismanna og það svo, að þau ekki þyldu samanburð. Allir munu víst játa, að eptirlaun presta eru of lág, en það stafar af því, að sá flokkur embættismanna er svo fjölmennur, að það yrði ofvaxið landssjóði, ef

hann ætti að bæta úr þessu að nokkrum mun; þeir teknir til samans mundu vega meira en allir embættismenn landsins aðrir.

Hvað orðum h. framsögum. (S. J.) víkur, þá held jeg, að hann hafi ekki tekið eptir orðum hæstv. landsh. Jeg man ekki betur en hann segði, að stjórnin mundi álíta frv óaðgengilegt, ef lækkun eptirlaunanna færi lengra en niður að helming launanna, en sýnilegt er að í mörgum tilfellum verður það óaðgengilegt, hvort sem eptirlaunin eru bundin við $^1/_4$ eða $^1/_5$ launanna. Meðalvegur sá, sem jeg hafði stungið uppá, lá fyrir ofan nefndina en neðan hin núverandi eptirlaun; mjer fannst það heppilegra að þetta færi hægum fetum, en tæki eigi stór stökk, er gæti verið til mikils tjóns í framkvæmdinni. Það er betra að flytja sig hægt og hægt að takmarkinu, menn sætta sig betur við þær breytingar og minna ber á þeim, heldur en þegar þetta kemur eins og ískalt steypibað yfir menn og svo mikil lækkun mundi ekki verða til þess að tryggja góða stjórn opinberra mála. Það getur ekki verið til þess að tryggja sjer góða menn í embætti, þegar þeir, sem vinna fyrir góðum launum ekki geta búizt við nema tiltölulega litlum eptirlaunum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till minni hlutans (C. 502) felld með 6 : 5 atkv.; 1. br.till. meiri hlutans við 2. gr. (C. 502) samþ. í e. hlj.; 2. br.till við sömu gr. samþ. í e. hlj.; 3. br.till. við 7. gr. samþ. í e. hlj.

Frv. þannig breytt samþ. með 7 : 4 atkv. og endursent Nd.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 494) ein umr.

Sigurður Jensson: H. Nd. hefur gjört breytingu á þessu frv. þannig, að gefa að eins eptir helminginn af árgjaldinu, sem greitt hefur verið frá þessu brauði. Jeg mæltist til við nefndina, sem sett var í málið í h. Nd., að eg mætti koma á fundi hennar og skýra henni frá málavöxtum. En af hverju sem það nú var, hvort sem nefndin hefur álitið, að jeg mundi eigi vera óhlutdrægur í þessu máli eða ekki, þá varð þó aldrei úr því, að mjer væri gefinn kostur á að skýra málið fyrir nefndinni. Jeg hygg, að þessi breyting, sem gjörð hefur verið á frumv., sje sprottin af ókunnugleika þeirra, sem um málið hafa fjallað, og þó að nefndin segi, að það brauð, sem um er að ræða, sje gott brauð, þá ætla jeg þó, að þeir, sem þekkja vel allar ástæður og að helztu og einu tekjur, sem brauðinu fylgja, er dúnninn, sem er eins og menn vita nú í mjög lágu verði, allir þeir, sem til þekkja, munu komast að þeirri niðurstöðu, að það árgjald, sem enn er farið fram á í þessu frumv., sje of hátt. En jeg verð samt þrátt fyrir það að fella mig við þessa breyting h. Nd. og mælast til, að h. deild samþykki frumv.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg verð að vera á sömu skoðun og h. þm. Barðstr. (S. J.) í þessu máli. Eptir því sem komið er, álít jeg, að ekki sje hyggilegt eða rjett að fara lengra í þetta mál, en samþykkja frumv. það, sem hjer liggur fyrir, því að það er viðbúið, að ef hið upphaflega frv. yrði tekið upp aptur, að það þá fjelli, og það er betra að fá þó nokkuð, en ekki neitt. Jeg er einnig á því, að h. Nd. hafi naumast kynnt sjer rækilega alla málavexti, og að ekki var til ætlazt af þinginu frá byrjun, að árgjaldið væri svo hátt, en þó nokkuð, og því hafi hún sett það 200 kr. Eptir nefndarálitinu að dæma virðist einnig hafa verið fleira, sem sömu nefnd hefur ekki verið vel ljóst, en það á ekki við, að tala um það hjer, því að það viðkemur öðru máli, sem dó út í líknarlúkum þessarar nefndar, og voru þar bornar rangar sakir á hendur kirkjustjórninni,

Þó að mjer ekki líki frumv., eins og

það er nú orðið, sem bezt, þá hygg jeg þó rjettast, að það yrði samþykkt, eins og það er nú, og hygg jeg það betra, heldur en ef til vill að fá ekki neitt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á lögum 22 marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 495); 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Í lögum 22. marz 1890, sem frumv. þetta er breyting á, stendur í 3. gr., að kostnað við eyðing refa skuli greiða úr sveitarsjóði. Ýmsir afrjettaeigendur, sem hingað til hafa sjálfir kostað refaveiðar á afrjettum sínum, hafa síðan lögin komu út viljað slengja kostnaðinum við refaveiðar á afrjettum sínum yfir á sveitarsjóðina, af því að 3. gr. laga 22. marz 1890 er svona almennt orðuð. En bæði sýnist það ekki vera sanngjarnt, að ljett sje á afrjettaeigendum þessum kostnaði þeim, er hjer ræðir um, og heldur ekki var það tilætlun þingsins 1889, er það samdi lögin 22. marz 1890. Þess vegna hefur þetta frumv. komið fram í þeim tilgangi, að losa sveitarfjelögin við allan ágreining um kostnaðargreiðsluna, sem lögin 22. marz 1890 hafa í för með sjer, og ákveða skýrt, að sveitarsjóðirnir eigi að eins að greiða kostnað við refaveiðar í heimalöndum og almenningum og afrjettarlöndum, sem sveitarfjelögin eiga sjálf, en ekki á afrjettum annara.

Það þarf ekki að orðlengja frekar um þetta mál, heldur vona jeg, að allir sjeu frumv. þessu samþykkir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 492); 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Það er ýmislegt einkennilegt við þetta laxafrumv., fremur en önnur frumv. Það er þá fyrst, að á hverju þingi síðan lög 19. febr. 1886 komu í gildi hefur komið frumv. til breytinga á laxalögunum. En þá að það hafi komið fram þing eptir þing, þá veit jeg þó ekki til, að neinar almennar óskir frá þjóðinni liggi fyrir um breyting á laxalögunum.

Ennfremur er það einkennilegt, að þeir, sem bera þetta frv. fram, eru ekki menn, sem hafa nokkra reynslu í laxveiðum, svo mjer sje kunnugt. Jeg veit ekki betur, en að þáverandi þm. Mýram., síra Árni Jónsson, hafi borið það upp á hinu fyrsta þingi eptir 1886, og mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi persónulega þekkt nokkuð til laxveiða. Á síðasta þingi bar það upp þáverandi þm. Borgf. (Grímur Thomsen), og mjer er heldur ekki kunnugt um, að hann þekki mikið til laxveiða. Nú á þingi hafa tveir h. þm. í Nd. borið málið upp, nfl. þm. S.-Múl. (S. G.) og 2. þm. Rangæinga (Sighv. Á.), og mjer er ekki kunnugt, að þeir sjeu neitt laxfróðir. Þegar maður gætir þess, að þjóðin kvartar ekki yfir, að lögin sjeu skaðleg og enginn laxfróður maður ber frumv. upp, þá er vandhæfi að skilja, hverníg á því stendur, að frumv. þetta kemur þing eptir þing. Þetta væri auðvitað í alla staði rjett og gott, ef frumv. færi nokkuð í þá átt, að bæta laxalögin, sem nú eru í gildi. En það er þvert á mót að minni ætlan; þær breytingar, sem hjer er farið fram á, eru flestar til skaða fremur en til gagns. Jeg skal ekki neita því, að það kunni að vera einstaka smábreytingar, sem eru til bóta, en allar aðalbreytingarnar eru að eins til mikils skaða. Jeg skal t. d. nefna þá breyting frá núgildandi lögum, að afnema 36 stunda friðun laxins á hverri viku, svo að laxinn geti komizt upp í árnar og viðkomunni sje borgið. En nú er það ákvæði tekið burt úr lögunum, og sje jeg ekki betur, en að það sje fremur til skaða en hitt, og engin ástæða til að breyta þessu, nema fyrir þá, sem vilja veiða á sunnudögum.

Önnur aðalbreyting er sú, að í gildandi lögum er leyft að þvergirða, þar sem einn maður á veiði í á. Það kemur ef til vill ekki fyrir á mörgum stöðum, en jeg þekki þó einn stað, sem svo stendur á, að bezt er að veiða með þvergirðingu. Jeg get ekki sjeð annað, en að sú ákvörðun sje á fullum rökum byggð, en hún er ekki tekin upp í þetta frumv. Jeg vil, að þar sem einn maður á veiði í á, þá megi hann þvergirða, ef hann fullnægir öðrum almennum friðunarákvörðunum gildandi laga. Eins og tveir eða fleiri menn, sem eiga veiði saman í á, mega veiða allan þann lax, sem ekki er friðaður, eins má, að minni ætlun, einn maður gjöra það.

Þá er þriðja breytingin, og þá kastar fyrst tólfunum; jeg varð satt að segja alveg hissa, að sú ákvörðun hefur verið sett í frumv., að 10 mánuði á árinu megi skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósmynnum, eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um, þótt þar sjeu friðlýst selalátur. Það eru að eins 2 mánuðir af árinu eptir frumv. þessu, sem ekki má skjóta sel þar sem eru friðlýst selalátur og eggver.

Hver verður afleiðingin af þessari ákvörðun? Hún verður sú, að selalátur alveg eyðileggjast. Maður hefur reynslu fyrir því, að selurinn í marz og apríl hópar sig að þeim stöðum, þar sem hann ætlar að kæpa að vorinu til, og jeg hef dæmi þess, að það hefur alveg spillt selalátrum það árið, að eins einu sinni hefur verið skotinn selur í marz við látrin; það sýnir, hver afleiðingin verður af þessari ákvörðun á þeim stað á landinu, sem mest selveiði er, næst Breiðafirði, nfl. á Mýrum. Þar er á hverjum bæ, sem liggur að sjó, meiri og minni selveiði og t. d. í Hvalseyjum mun arðurinn af henni fyrir nokkrum árum hafa verið allt að 2000 kr. Í Miklaholtsprestakalli mun selveiði hafa gefið af sjer allt að 500 kr. Það hagar svo til á Mýrunum, að fyrst rennur Hvítá í sjó, og þar er, eins og allir vita, mikil laxveiði, svo rennur Langá og því næst Álptá, þá Hítá, þá Haffjarðará og loks Straumfjarðará, sem allar eru laxár, og milli engra þeirra eru tvær mílur, svo að ef frv. þetta verður að lögum, mætti á öllum Mýrunum skjóta sel og styggja, svo að afleiðingin verður, að allur arður af selveiði eyðileggst. Mjer sýnist það því vera mjög ísjárvert að ætla nú að hlaupa til og eyðileggja einn atvinnuveg landsins, án þess að vita fyrst, hvað hann gefur af sjer; þá fyrst, þegar skýrslur eru fengnar um það, getur verið spursmál um, hvort eigi að eyða honum eða ei. Það hefur reyndar verið sagt, að selurinn væri enginn vinur laxins og eyðilegði laxveiði, og er það að vísu satt. En jeg skal skýra mönnum frá því, að áður en laxinn komst í hátt verð, þá var hver á full af laxi, og þá var þó ekki minna af selnum en nú. Og það er ekki selurinn, nei, það eru mennirnir sjálfir, sem hafa eyðilagt laxinn og laxveiði, einkum með ónógum friðunarlögum.

Menn hafa sagt, að það væri móti stjórnarskránni, ef ákvæði þessi yrðu að lögum. Jeg skal ekki segja neitt um það, hvort það muni vera, því að jeg veit það ekki, en það veit jeg, að ef *jeg* hefði mikla selveiði, þá vildi *jeg* ekki láta eyðileggja hana fyrir mjer án nokkurs endurgjalds. Menn þurfa ekki í þeim efnum að fara lengra en stinga hendinni í sinn eiginn barm um það, hvort rjett sje að eyða selveiði með öllu án endurgjalds. Að minnsta kosti ætti greinin þá að vera svo orðuð, að ákvæði þessi kæmu eigi fyr í gildi en eigendaskipti yrðu á selveiðunum.

Frumv. það, sem liggur hjer fyrir, er að minni ætlan alveg hið sama og frumv. það, sem lá fyrir síðasta þingi og var samþykkt, en stjórnin vildi eigi í lög leiða, það er að eins ein grein, sem er

ný. Þegar frumv. var fyrir í h. Nd., var sett nefnd í málið, og var í henni einn maður, sem hefur góða reynslu í þessu efni. Kom hann einnig fram með ýmsar uppástungur til, að friðun yrði gjörð meiri en er á laxi. Jeg skal ekki segja, að þær hafi allar verið heppilegar, en það hefði þó mátt laga þær svo, að þær hefðu orðið frumv. til bóta. En það er merkilegt, að h. Nd. skyldi fella allar þessar uppástungur og samþykkja frumv. þetta að heita má óbreytt, eins og það lá fyrir síðasta þingi, og stjórnin þá neitaði samþykkis. Jeg veit ekki, hvað á að kalla þetta og annað eins, nema að berja höfði við stein. Það er sjálfsagt, að ýmsir gallar muni vera á núgildandi lögum, sjerstaklega það, að smálaxinn er ekki friðaður nóg, og því þarf að breyta stærðinni á möskvanum þannig, að þeir skuli eigi minni vera en 10 þuml. ummáls, þar sem nú er ákveðið, að þeir skuli eigi vera minni en 9 þuml.; þó ættu sýslunefndir þá að mega ákveða þá minni, ef þess þyrfti með. Á ýmsum stöðum er til svo smár lax, sem kallaður er berglax, að enginn mundi veiðast, ef möskvarnir væru 10 þuml., en á flestum stöðum ætla jeg, að það væri mátulegt og ekki oflítið. Jeg þekki eina á, þar sem veiðist í góðu veiðiári 4—500 laxar með 9 þuml. möskvum, en 300 með 11 þuml. Verðið fyrir 300 stórlaxa mun vera 12—1400 kr., en fyrir 4—500 smálaxa um 400 kr. Það sýnist því liggja í augum uppi, að ekki sje hyggilegt eða búmannlegt að veiða smálaxinn; það væri sama sem að skera lömbin, svo að þau yrðu eigi að sauðum. Sumir ætla, að smálaxinn sje annað kyn, en Feddersen var á þeirri skoðun, að það væri að eins ungur lax, sem stækkaði með tímanum og yrði að stórlaxi.

Hvernig sem málið er skoðað, þá verður ekki annað álitið, en ef frumv. þetta yrði að lögum, þá væri það til að spilla fyrir, en til engra bóta. Ef hægt væri að gjöra br.till. við frumv. þannig, að það gæti batnað svo, að það gengi í gegnum þessa deild og h. Nd., þá væri ekkert á móti því, ef tíminn væri ekki svo naumur, að það er óhugsandi. Það er því rjettast, að fella þetta frumv. nú frá 2. umr. Í nefndinni í h. Nd. hafa komið fram nýjar skoðanir og það er gott, að þjóðin fái að kynna sjer þær, og íhuga til næsta þings. Jeg er sem sagt á móti frumv., og þykist með því sannarlega gjöra gott og þarft verk.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 3 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu.

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Einar Ásmundsson,	Hallgr. Sveinsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Þorkell Bjarnason.
Kristján Jónsson,	
L. E. Sveinbjörnsson,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson.	

Tillaga til þingsályktunar um steinhúsbyggingu (C. 485); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt.

Till. til þingsályktunar um búnaðarskólana (C. 484, 520); ein umr

Sigurður Stefánsson: Jeg hef ásamt 2 öðrum þm. leyft mjer að koma fram með breytingartillögu við þessa þingsályktun. Jeg skal geta þess, að það er mín skoðun á þessu máli, að þar sem þingið ekki leggur meira fje til, sem það í raun og veru heldur ekki á að gjöra að mínu áliti, þá sje það varhugavert að setja búnaðarskólunum strangar reglur, heldur sje rjettara að lofa þeim að sigla sem mest sinn eigin sjó. En þó þetta sje nú aðalskoðun mín á málinu, þá hef jeg þó ekki mjög mikið á móti því, að löggjafarvaldið láti sig nokkru skipta, hvernig því fje, er það leggur til, er varið, og setji

nokkrar reglur um skipulag skólanna, sem miða til að koma fastari reglu á skipulag þeirra en verið hefur, og í þessa átt fer einmitt till. h. Nd.

Við síðari hluta tillögunnar höfum við leyft okkur að koma með breyt.till. til að gjöra tillöguna aðgengilegri.

Í fyrri hlutanum er farið fram á, að gjöra tilraun til að koma meira samræmi á milli skólanna, hvað inntökuskilyrði, námsgreinar og burtfararpróf snertir; þessu hef jeg ekki svo mikið á móti; það geta auðvitað verið töluverð sjerstök atriði, sem koma til greina við hvern einstakan skóla, en þó álít jeg þau eigi svo mikilvæg, að eitt gæti ekki átt við alla skólana, hvað það snertir.

Síðari hluti tillögunnar fer fram á, að framvegis verði hafðar meiri verklegar æfingar, en verið hefur, og sett sem aðalregla, að námssveinar sjeu látnir vinna að jarðabótum allan heyskapartímann. Þetta getum við ekki fallizt á, því hjer er það athugandi, að skólarnir fá varla svo mikinn styrk, að þeir geti gengizt undir þetta sjer að skaðlausu. Til þess að skólabúið geti borið sig nokkurnveginn, þá útheimtist að það megi nota námspiltana til heyvinnu um heyskapartímann, og þar að auki er það kunnugt, að það er ekki gagnvænlegt fyrir skólana að gjöra svo miklar jarðabætur t. d. sljetta svo mikið, að skólabúið hafi ekki nægan áburð til að bera á sljettuna, og væri þeim gjört að skyldu að láta pilta vinna að jarðabótum allan heyskapartímann, þá yrði sú afleiðingin, að þeir yrðu að láta gjöra túnasljettur meir en áburðurinn leyfði, og skólabúið kæmist í áburðarþrot, og það væri ekki til gagns. Í annan stað, þá hafa skólabúin ekki efni á að láta gjöra svo miklar tilraunir, sem gefa lítið í aðra hönd, og því er ekki heppilegt fyrir löggjafarvaldið að setja strangar reglur; hitt væri sanngjarnara að fara fram á, að þeir væru látnir vinna að jarðabótum haust og vor, og fram á það fer breyt.till. mín. En á sumum skólum munu þeir, jafnvel á þessum tíma, fá mjög litla æfingu í jarðabótastörfum, að jeg ekki tali um, að einstaka haust og vor geti liðið, án þess að slíkum störfum sje sinnt að nokkru ráði; það mundi því verða töluverð bót að tillögu okkar, sem einmitt fer fram á, að námssveinar vinni að jarðabótum haust og vor, en sjeu ekki hafðir til húsabygginga. ferðalaga eða annara starfa, sem ekki beinlínis er nauðsynlegt að hafa þá til.

Sem sagt, í hlutfalli við fjárstyrk þann, er þessir skólar fá, þótti okkur of langt farið, enda álitum við, að fyrst það varð ofan á, að fækka þeim ei, þá sje heppilegast að láta þá sigla sinn eigin sjó, en ekki vera að setja þeim langar og strangar reglur; það er í þessa stefnu að við höfum komið með þessar breyt.till. og vonum því, að h. deild aðhyllist þær.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdm. er kunnugt, þá er þetta uppástunga til þingsályktunar frá búnaðarmálanefndinni í Nd. Þessi nefnd, sem hafði til nákvæmrar yfirvegunar búnaðarskólamálið, lagði meðal annars það til, að búnaðarskólunum væri ekki fækkað, og þess vegna er það, að þeir halda sjer í uppástungunni, eins og þeir eru, 4 alls.

Af þessum 4 þá er 1 einstaks manns eign, og hinir þrír eru eign sýslufjelaga eða amtsfjelaga, enginn af þeim er landsskóli, og þess vegna get jeg eigi gengið inn á þá tillögu, að skorað sje á landsh., að gjöra ráðstafanir til þess, að reglugjörðir þessara skóla sjeu endurskoðaðar, þar eð landsh. brestur vald til þessa, og jeg sje enga ástæðu til, að skorað sje á hann að láta framkvæma það, sem hann hefur engan myndugleika til að þvinga fram sje því ekki hlýtt. Jeg sje ekki, hvernig landsh. á að þvinga skólastjórana til að láta námssveinana hafa meiri verklegar æfingar, því lagalega hvílir engin skylda á búnaðarskólunum að framfylgja þeim á-

kvörðunum, sem gefnar væru í því efni. Jeg tek það upp aptur, að landsh. hefur engan myndugleik, hvorki eptir erindisbrjefi sínu, nje gildandi lögum til að þvinga slíkar stofnanir til að hlýða slíkum fyrirskipunum, sem hjer er farið fram á, og því virðist mjer það þýðingarlaust af þinginu að fara fram á það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er á þeirri skoðun, að það sje æskilegt og nauðsynlegt að koma reglugjörðum skólanna í meira samræmi innbyrðis en verið hefur, og mjer finnst, að þar sem þessi þingsál.-till. kemur frá öllu þinginu, þá sje það nokkurskonar skilyrði fyrir styrkveitingunni að þetta sje gjört; þar sem því h. landsh. talaði um, að hann hefði ekki heimild til að skipa skólunum að breyta reglugjörðinni, þá kann það að vera svo, en jeg held aldrei mundi koma til þess, að skólarnir reyndu að óhlýðnast þeirri skipan, því þar sem þetta er ákvæði sett af þinginu, þá væri það brot móti því, og nær því sama sem að segja: „Jeg vil engan styrk úr landssjóði“. Menn gætu máske helzt búizt við, að sá skólinn, sem er „privat“-manns eign, hefði mest á móti slíkri skipan, en mjer er það persónulega kunnugt, að svo mundi ekki verða, því skólastjóri þess skóla er bæði svo rjettsýnn og sanngjarn maður, að hann mun álíta slíkt sanngjarna og eðlilega rjettlætiskröfu frá hálfu hins opinbera, sem styrkir þá svo mikið. Jeg átti kost á að senda forstöðumanni skólans tillöguna, og hef fengið það svar frá honum, að hann áliti hana ágæta, og það væri því langt frá, að hann hefði nokkuð á móti henni, og því virðist mjer ekki ástæða til að óttast, að hinir skólarnir mundu ekki finna skyldu sína að ganga inn á þetta. Jeg verð fyrir mitt leyti að álíta, að það sje mjög þýðingarmikið atriði, að sett sjeu viss inntökuskilyrði fyrir alla búnaðarskólana. Það kom líka fram í hinum upphaflegu tillögum nefndarinnar að koma á fót sjerstakri gagnfræðadeild við búnaðarskólana, sem nemendurnir gætu gengið á, aðalbúfræðisnáminu til undirbúnings, og burtfararpróf frá slíkri deild skyldu inntökuskilyrði í búnaðardeildina sjálfa, en þetta var fellt í h. Nd. En hvað sem því líður að koma slíkri deild upp við búnaðarskólana, þá er það þó víst, að það er alveg nauðsynlegt, að lærisveinarnir hafi einhverja undirbúningsmenntun áður en þeir koma á skólana. Menn kunna vitanlega að segja, að það sje erfitt að afla sjer hennar, þar sem ekki sjeu til hjá oss alþýðuskólar, ekki svo mikið sem barnaskólar, nema í sjóplássum en jeg verð þó að álíta, að þetta væri mjög æskilegt. Það er vitanlegt, að það kynni að draga nokkuð úr aðsókninni, en það álít jeg ekki að væri neinn sjerlegur skaði. Við vitum t. d., að inn á skólana hafa komizt menn með lítilli greind og því nær engri þekkingu; þegar þessir menn hafa svo farið burt af skólanum hafa þeir orðið þeim til minnkunar.

Eptir mínu áliti þá er meira varið í, að þeir sem eru á skólunum læri eitthvað og geti orðið að einhverju liði á eptir, en að þeir sjeu svo margir, sem á skólana ganga. Það er mjög þýðingarmikið, að aukin yrði sú verklega æfing, sem námssveinar fá á skólunum, og hvað breyt.till. snertir, þá þarf jeg ekki að eyða orðum að henni nje mæla fram með henni, því það hefur h. þm. Ísf. (S. St.) svo rækilega gjört, en jeg vil að eins benda á, að þó breyt.till. yrði samþ., þá er með því mikið stig stigið frá því, sem verið hefur á öllum skólunum að undanteknum Ólafsdalsskólanum, því á honum hafa piltarnir bæði haust og vor og jafnvel um sláttinn til skiptis verið látnir vinna að jarðabótum, en á hinum hafa þeir eptir því sem skýrslurnar benda á, ekki unnið nema 2—4 daga hver að allskonar jarðabótum, og frá því væri mikil framför væri breytingartillögunni framfylgt.

Sem sagt sje jeg ekki ástæðu til að eyða fleirum orðum um þetta, þar eð það þegar hefur verið svo rækilega útskýrt af h. þm. Ísf. (S. St.), en vona, að h. deild samþ. breyt.till. okkar.

Hallgrímur Sveinsson: Eptir þeim undirtektum, sem hæstv. landsh. hafði undir þetta mál, álít jeg það þýðingarlaust að samþ. þessa þingsál.till. En á hinn bóginn er þeim, sem annt kann að vera um þetta mál, í sjálfsvald sett að reyna að koma þessu að, sem skilyrði inn á fjárlögin, enda sýnist mjer ekkert á móti því, þó það væri sett, eins og svo mörg önnur skilyrði, sem sett eru við styrkveitingar.

Það mun að sjálfsögðu vera allmiklum vandkvæðum bundið, að koma á endurskoðun allra reglugjörða búnaðarskólanna, en hitt ætti að vera auðvelt, að hafa það að skilyrði, að námssveinar fengju meiri verklega æfingu í jarðabótastörfum haust og vor, og mætti vel orða það svo stutt, en þó greinilega, að það þyrfti ekki að taka upp nokkið mál í fjárlögunum, en eins og tekið var fram, að sje það ekki í fjárlögunum, þá getur það ekki innifalið í sjer neina þvingun fyrir skólana að framfylgja því.

Hægasti vegurinn til að fá því framgengt, sem þingið vill, held jeg væri sá, að leggja fyrir skólana að senda reglugjörðir sínar inn til þingsins. Þingið gæti þá gjört við þær breytingar eptir vild, og sett það skilyrði fyrir styrkveitingunni framvegis, að þeir löguðu sig sem mest eptir vilja þingsins, eða yrðu af fjárveitingunni alla. Þetta virðist mjer gefa beztu vonir um, að skólarnir tækju þeim endurbótum, sem æskilegt væri, en að halda þessari þingsál.till. fram sje jeg ekki til neins.

Landshöfðingi: Mjer virtist h. þm. Strand. (G. G.) skilja svo þetta mál, að fjárveitingunni til búnaðarskólanna yrði eigi útbýtt nema þeim ráðstöfunum, sem landsh. kynni að gjöra út af þingsál.till. væri fullnægt; jeg vil því taka það fram, að þar sem styrkur þessi er engum skilyrðum bundinn í fjárlögunum, þá álít jeg ekki heimilt fyrir landsstjórnina að halda honum. Landsstjórnin getur ekki, þegar svo stendur á sagt: Þið fáið ekki styrkinn, nema þið gjörið þetta eða hitt.

Eins og kunnugt er, þá er þessum stofnunum eigi svo lítið áhugamál að fá þennan styrk, svo að það myndi ekki verða gjört svo lítið úr því, ef stjórnin færi að heimildarlausu að halda honum fyrir þeim. Það er líka aðgætandi, hvað hjer er farið fram á. Það er hvorki meira nje minna, en að reglugjörðir allra skólanna sjeu endurskoðaðar og gjörðar samhljóða, og þeim því breytt, en í hvaða átt eiga þessar breytingar að fara? Jeg hefði álitið rjettara, ef h. þing hefði tekið það fram nákvæmlega í hvaða stefnu þessar breytingar ættu að ganga. Og þar sem á að gjöra reglugjörðirnar sem mest samhljóða, þá yrði það auðvitað tilfellið, að hver skóli hjeldi því fram, að hans reglugjörð yrði lögð til grundvallar, því eflaust yrðu þær nokkuð mismunandi í hinum einstöku greinum, eptir því sem ráða má af þessari tillögu og umræðunum um hana. Jeg sje ekki annað en ætti þetta að framkvæmast, þá yrði að kalla stjórnendur þessara 4 skóla á fund saman og láta þá semja reglugjörð, og þá er spurningin sú, hvort þinginu líkaði svo á eptir þeirra gjörðir. Jeg sje ekki betur, en að þessi þingsál.till. sje þýðingarlaus, nema það væri sett sem skilyrði í fjárlögunum, að stjórnarnefndir búnaðarskólanna hlýðnist henni og þá hefði jeg ekkert á móti tillögunni, ef landsstjórninni um leið væri fengið vopn í hendur til að þvinga það fram.

Sigurður Stefánsson: Eins og meðflutningsmenn mínir að breytingunni vita var mjer alls ekkert áhugamál, að þessi till. yrði samþ. og jeg skal taka það fram, að

verði breyt.till. okkar felld þá mun jeg greiða atkvæði móti till.

Það var eiginlega af sjerstökum brjóstgæðum við búnaðarmálanefndina í Nd., að við lögðum ekki til að till. væri felld. Jeg er samdóma hinum hæstv. landsh. um það, að þessi till. sje þýðingarlítil og jeg fyrir mitt leyti álít, að löggjafarvaldið eigi sem allra minnst að blanda sjer í þetta mál, eins og stendur, en þar sem það er þó allríflegur styrkur, sem fram er lagður af landsfje, þá get jeg ekki sjeð neitt á móti því, þó að landsstjórnin ætti að hafa nokkuð hönd í bagga með, hvernig honum sje varið. Og hvað því viðvíkur, sem hæstv. landsh. tók fram, að hann áliti landshöfðingjann bresta myndugleika til að skipa fyrir um þetta, þá get jeg ekki skilið það, því þar sem þingið skorar á hann þá gildir áskorunin jafnframt sem myndugleikabrjef til þess að láta framkvæma það, sem áskorunin hljóðar um, en sem sagt finnst mjer þetta vel mega bíða, þó æskilegt sje að láta skólana sigla sinn eigin sjó, svo lengi sem unnt er. Mjer er því ekkert kappsmál, að till. gangi fram og jeg mun greiða atkv. á móti henni, ef breyt.till. fellur, því að jeg álít síðari hluta hennar allt of strangan gagnvart skólunum, nema landssjóðsstyrkurinn væri aukinn að miklum mun, en það tel jeg óþarfa eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á skólum þessum.

Landshöfðingi: Útaf orðum h. þm. Ísf. (S. St.) þá skal jeg taka það fram, að ef þingið álítur, að það hafi vald til þess að gefa landshöfðingjanum myndugleika til að fullnægja þessari þingsál., þá er nauðsynlegt, að það um leið fái honum vopn í hönd til að þvinga það fram, sem hún fer fram á og eina ráðið til þess, er að setja ákvæði um það, sem skilyrði í fjárlögin, og þá hef jeg ekkert á móti því, en eins og jeg hef áður tekið fram, þá álít jeg ekki rjett að skora á viðkomandi skólastjórnir að gjöra neitt í þessa átt, meðan engin ráð eru til að þvinga þær til að hlýða, ef þær vilja ekki gjöra það.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer fannst hæstv. landsh. misskilja orð mín á þá leið, að jeg áliti, að þessi þingsál.till., sem hjer lægi fyrir *væri* skilyrði; það var aldrei mín meining, heldur hitt, að það mætti skoðast sem nokkurskonar skilyrði fyrir eptirkomandi tíma, en hitt vissi jeg mikið vel, að á fjárlögin, sem nú liggja fyrir, gat það engin áhrif haft. Jeg sje ekki betur en það hlyti að verða svo, að ef skólarnir 1 eða fleiri höfnuðu að gjöra það, sem þingið vill, þá verði það að sjálfsögðu til þess, að þingið veiti eigi framvegis þeim skóla eða skólum neinn styrk, eða ef það vildi ekki ganga svo langt þá að setja það sem bein skilyrði fyrir styrkveitingunni, en að fara að setja þetta sem skilyrði inn á fjárlögin að þessu sinni álít jeg mjög varhugavert, af því að menn eru óviðbúnir, og að breyta fyrirkomulagi skólanna í þá átt, sem farið yrði ef til vill fram á, þyrfti töluverðan undirbúning, enda yrði styrkurinn að útborgast fyrir fram og þá með því að viðkomendur gæfu loforð um, að framfylgja ákvæðunum, en eptir á mundi erfitt að fá vissu fyrir, hvort þeim svo hefði verið framfylgt. Annars sje jeg ekkert hættulegt við það, þó þessi till. sje samþ. og landsh. reyni að fá henni fullnægt; ef svo einhver skólinn neitaði þá stæði allt við sama, eins og ekkert hefði verið gjört, og þá væri innanhandar fyrir þingið næst, að fá landsh. nægilegt vald og yfirfljótanleg vopn í hendur til þess að fá þessu framgengt. En sem sagt að gjöra þetta að skilyrði á þessum fjárlögum sje jeg ekki fært; það er ýmislegt, sem farið er fram á að breyta t. d. verklegu æfingarnar; til þess að auka þær veitir ekki af eins árs undirbúningi og aðalskilyrðið til þess, að það geti orðið, er einmitt, að skólinn hafi fengið hæfilegan styrk.

Landshöfðingi: Jeg verð að álíta það

óheppilegt, að þingið hefur eigi látið í ljósi álit sitt um það, hvernig þessi inntökupróf og burtfararpróf ættu að vera, og sömuleiðis, hverjar kennslugreinar ætti að kenna á skólunum. Það getur vel farið svo, að skólastjórarnir komi sjer ekki saman um reglugjörðina og þá er mjög erfitt að skera úr, hvað eigi að kenna, eða hvernig þessum prófum skuli hagað. Ef litið er á styrkveitinguna til búnaðarfjelaga þá er mikill munur á því; þar hefur þingið skýrt og ákveðið látið í ljósi, hvað það vill, og þessvegna er hægt að framfylgja því; hjer verð jeg að álíta að hið gagnstæða eigi sjer stað.

Guttormur Vigfússon: Jeg hef því miður ekki heyrt umræðurnar um þetta mál, en ætla samt að leyfa mjer að fara um það fáeinum orðum. Till. fer fram á, að þingið skori á landsh., að gjöra ráðstafanir til, að reglugjörðir hinna 4 núverandi búnaðarskóla verði endurskoðaðar og gjörðar svo samhljóða, sem unnt er, einkum að því er snertir inntökuskilyrði, kennslugreinir og burtfararpróf.

Jeg fyrir mitt leyti álít það mjög æskilegt, að þetta gæti orðið og alls eigi þeim vandkvæðum bundið, sem hæstv. landsh. tók fram.

Jeg skal játa, að það hefði máske legið búnaðarmálanefndinni næst, að semja reglugjörðir fyrir skólana, en jeg ímynda mjer, að hæstv. landsh., jafnframt sinni miklu þekkingu, ætti að geta fengið upplýsingar um þetta mál hjá þeim mönnum, sem fróðastir eru í þeim efnum, t. d. skólastjóra Torfa í Ólafsdal, sem mun manna færastur í þeim greinum. Að nauðsynlegt sje að endurskoða reglugjörðirnar, hvað hið bóklega snertir álít jeg ekkert vafamál, því jeg hygg, að kennslan sje á mjög miklu reiki á flestum skólunum; hvað hið praktiska snertir, þá höfum við komið með breytingartillögu, sem gengur í sömu stefnu og aðaltill., en fer að eins nokkuð skemmra í kröfunum. Jeg álít að það sje alveg nauðsynlegt, að skora á búnaðarskólana að starfa miklu meira að jarðrækt, en verið hefur, því það bera skýrslurnar frá skólunum sorglega með sjer, hversu lítil áherzla hefur verið lögð á verklegu kennsluna í flestum greinum. Að setja nú inn í fjárlögin skilyrði fyrir styrkveitingu til skólanna, virðist mjer ekki vel geta átt sjer stað, vegna þess, að ekki er að búast við, að hinar endurskoðuðu reglugjörðir verði komnar í kring, fyr en einhverntíma á næsta ári, eða í fyrsta lagi á næsta vori, en hitt væri annað, ef landshöfðingi setti reglur um þetta, þá mundi þingið eptirleiðis hafa strangt eptirlit með skólunum, ef þeir á annað borð verða styrktir úr landssjóði, og þá gæti þingið næst gjört það að skilyrði fyrir styrkveitingunni, að þeir færu eptir reglum þessum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 520) felld með 6 atkv. gegn 5. Till. sjálf felld með 7 samhlj. atkv.

Till. til þingsál. um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (C. 481, 525); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef verið svo óheppinn eða heppinn að eiga einnig breytingaratkvæði við þessa þingsályktunartillögu ásamt 2 öðrum h. þm. Jeg get sagt um þessa tillögu, eins og hina fyrri, að mjer finnst hún lítt nauðsynleg, og sje ekki, að útbýting styrks til búnaðarfjelaga sje að nokkru betur borgið með ákvæðum þessarar tillögu, en hinum gildandi ákvæðum um þetta; þar að auki finnst mjer tillagan hrein og bein lokleysa, eins og hún er orðuð; þar er t. d. „citerað“ í gr. sem hvergi er til. Eina stóra breyting hefur nefndin, sem sett var í Nd. í mál þetta, viljað gjöra, og það er að kippa burtu einum staf úr stafrófinu; „c“-ið má nú ekki lengur vera á eptir „b“-inu, eins og verið hefur. Jeg held að ekki hefði þurft að setja nefnd til þess að

útskúfa aumingja „c“ og sízt að hún hefði til þess þurft 6 vikna tíma. „C“ er orðið þegar hagvant í stafrófi voru, og færi bezt á að lofa því að vera kyrru. Hin almennu skilyrði tillögunnar um styrkveitingar eru ekki betri, en hin gildandi ákvæði um hið sama, nema hvað þau eru í tillögunni miklu ver orðuð. Við höfum því leyft okkur að færa orðfærið í lag, og höfum fylgt hinum gildandi ákvæðum í því efni. Jeg vona því, að h. deild fallist á þá orðun tillögunnar, sem við höfum farið fram á.

Í 3. gr. kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum „citat“ í grein, sem ekki finnst í tillögunni, eins og hún nú er. Sú málsgrein, sem vitnað er í, stóð í tillögu nefndarinnar, en hefur líklega orðið eptir í nefndinni. Þessu líkt getur auðvitað opt komið fyrir, þegar mikið er að gjöra og í mörgu að snúast, en jeg get samt ekki neitað því, að mjer kemur þetta nokkuð hlægilega fyrir sjónir. Við höfum stungið upp á ýmsum breytingum, en okkur er ekkert kappsmál með þær; það væri líklegast bezt, að allt þetta færi í sömu gröfina og grafin var tillögunni, sem hjer fór næst á undan. Við getum líka vel unað við þau ákvæði, sem við höfum um útbýting á styrk til búnaðarfjelaga, því engin óánægja hefur komið fram gegn landsstjórninni út af þessu. Það er einnig hlægilegt að „citera„ í þingskjölin viðvíkjandi skýrsluforminu um jarðabótastörfin. Það mun ekki ofvaxið landsstjórninni, að búa til skýrsluformin, eptir því sem við á. Jeg skal taka það fram, að yfir höfuð að tala ganga breyt.till okkar í þá átt, að færa tillögu Nd. í betra og eðlilegra mál. Í tillögunni II, 1, d, stendur: Varnir um slægjulönd o. s. frv“. Okkur fannst vel mega brúka hjer orðið „varnargarður“, sem er gott og gamalt íslenzkt orð, og skilst vel, og óþarfi að byggja því þannig út. H. Nd. hefur slengt saman í eitt þúfnasljettunum, þar sem hin núgildandi ákvæði gjöra mun á sljettun, unninni með plóg og herfi, og sljettun unninni með handverkfærum og ákveður í dagsverkið 15 □ faðma af þeim, sem unnar eru með plóg og herfi en 10 □ af hinum, Jeg játa að vísu, að mjer finnst þar nokkuð lítið lagt í dagsverkið, og svo lítið dagsverk megi vart kalla í meðallagi; að minnsta kosti segir einn af okkar beztu búfræðingum, Torfi í Ólafsdal, að óhætt sje að leggja 18—20 □ faðma í dagsverkið af þúfnasljettun, og jeg veit um, að sumir búfræðingar hafa lokið af á degi 20—25 □ föðmum. Þeir sem finntu þessar breyt.till. með mjer, vildu leggja 20 □ faðma í dagsverkið, en þó varð úr, að við fórum meðalveginn og ákváðum 15 □ af öðru en 20 □ af hinu.

Viðaukatillögur þær, sem við höfum komið fram með, eru samkvæmt því sem nú er. Þetta vantaði í tillögu Nd., og var hún því að nokkru leyti botnlaus. Breytingartill. eru mjög fáar og miða að eins til að koma tillögunni í það form, sem núgildandi ákvæði eru.

Jeg vona, að h. deild taki þessar tillögur okkar til greina.

Þorkell Bjarnason: Það er sjálfsagt mjög leiðinlegt að þurfa að vera að finna að við þessa þrjá h. þm., sem hafa komið fram með breytingartill. og unnið svo þarft verk að bjarga c inu úr hinum yztu myrkrum, en jeg verð þó að lýsa því yfir, að jeg ekki get verið á sama máli og þeir, um þúfnasljettanirnar. Jeg er alveg samdóma h. Nd., að það sje nægilegt dagsverk að sljetta 10 ferhyrningsfaðma á dag, og að minnsta kosti mun það vera almennt álitið á Suðurlandi. Þess ber einnig að gæta, að þeir, sem starfa eiga að þessum þúfnasljettunum, eru ekki ávallt alvanir búfræðingar, heldur eru það opt menn, sem ekkert þekkja til búfræði, og um suma þeirra er óhætt að segja, að þeir eru algjörlega óvanir þessum starfa. Einnig ber að taka tillit til, að jarðvegurinn er mjög misjafn, sumstaðar er hann grýttur og

mjög örðugur að sljetta, og held jeg því, að 10 ferhyrningsfaðmar sjeu að meðaltali fullkomið dagsverk, þegar tekin er upp og niður grýtt og ógrýtt jörð. Jeg hef aldrei heyrt það kallaða þúfnasljettun að skera að eins ofan af, án þess að þekja yfir aptur, og það mundi spilla jörðinni en eigi bæta hana, að gjöra slikt, nema flagið væri haft til matjurtagarða. Jeg get því eigi annað en fallizt á till. Nd. óbreyttar í þessum tveim atriðum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að vera langorður um þessar breytingartillögur okkar, því að annar af þeim tveimur þm., er ásamt mjer hafa komið fram með þessar breyt.till., hefur skýrt þær svo vel. En hvað málið sjálft snertir, þá get jeg ekki verið samdóma h. þm. Ísf. (S. St.) um, að þetta mál eigi að fara í sömu gröfina og hið fyrra; til þess hefur í fyrsta lagi verið allt of mikið haft fyrir því, og í öðru lagi held jeg, að ef breyt.till. okkar komast að, þá sje ekki svo mikið brugðið frá því, sem nú er, að það geti verið til mikils skaða.

Þessar breytingar, er við höfum leyft okkur að koma fram með, eru eiginlega þrjár. Það er þá fyrst viðvíkjandi þúfnasljettunum. H. þm. Ísf. (S. St.) minntist á þær, en gleymdi að benda mönnum á, hvernig þær væru gjörðar. Eptir hinum síðustu reglum eiga menn að gefa upp, hvað mikið þeir hafi sljettað með handverkfærum. Það er þó sannarlegt hneyksli, að þingið skuli koma með ákvæði, er draga úr mönnum að nota almennileg verkfæri, í stað þess einmitt að hvetja þá til þess, og jeg veit, hvaða afleiðingar þetta hefur haft. Það hefur haft þær afleiðingar, að skýrslur búnaðarfjelaganna hafa verið stórkostlega falsaðar; það hefur verið talið í þeim það unnið með handverkfærum, sem í raun og veru hefur verið unnið með plóg og herfi, og skoðunarmönnunum er ómögulegt að gjöra við þessu, því þeir geta ekki sjeð, hvort heldur hefur verið sljettað með handverkfærum eða með plóg og herfi, þegar búið er að þekja yfir; því fremur er jeg sannfærður um, að þessi breyting okkar með að hækka dagsverkið er ekki of há, sem jeg veit, að hver dugandi maður getur sljettað, jafnvel með handverkfærum 15 □ faðma á dag. Jeg hef sjálfur stungið upp á í ritgjörð að telja dagsverkið 20 □ faðma, en til þess að vera viss um að fara ekki of langt, þá hef jeg slakað til, og gjört mig ánægðan með að hafa ekki dagsverkið í þúfnasljettun meira en 15 □ faðma. 10 □ faðma sljettun á dag er hreinasta amlóðaverk, og naumlega rjett eða affarasælt að fastákveða með nokkurskonar lögum eins lítilfjörlegt dagsverk. Mjer er ekki ókunnugt um þær afleiðingar þessa hjá æðimörgum jarðyrkjumönnum, að þeir gjöra sig rólega með að geta lokið því dagsverki, sem búnaðarfjelögin setja í reglur sínar, eða rjettara, þeim er alþingi nú er farið að setja fyrir land allt, jafnvel þó erfiðleikarnir sjeu ekki svo miklir, að það geti með rjettu talizt meðalmannsverk.

Hvað því viðvíkur, er h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) talaði um þaktar og óþaktar þúfnasljettanir, þá verður þess að gæta, að hjer er verið að verðlauna mönnum fyrir jarðabætur, einmitt af þeirri ástæðu, að vjer álítum, að vaxandi jarðrækt verði til vaxandi velgengni fyrir landið um ókomnar aldir, en ekki fyrir það, hvað hver einn getur haft upp úr jarðabótinni í bráðina. Nú er það víst, að þúfnasljetta, þó hún sje aldrei þakin, getur, ef á hana er borinn góður og hentugur áburður (moð o. fl. þess konar) orðið með tímanum allt eins góð og varanleg jarðarbót, og sú sem er þakin, og jafnvel betri, sem leiðir af því, að loptið náir betur að verka á jurtafæðuna í moldinni, jurtagróðrinum til góða, enda er af þessum ástæðum álitið nauðsynlegt, að láta allar sljettur standa óþaktar nokkurn tíma, áður en þær eru

þaktar, helzt yfir veturinn, og þær því að eins plægðar á haustin, en herfaðar, jafnaðar og þaktar vorið eptir. Munurinn á þaktri og óþaktri sljettu, er því ekki annar en sá, að sú þakta gefur fyr arð af sjer en hin, en sá munur kemur ekki niður á öðrum, að öllum jafnaði, en þeim, sem gjörir, en í framtíðinni er hvorttveggja jafnmikils virði fyrir landið, og því væri meira að segja spursmál um, hvort ekki ætti að verðlauna fyrir báðar jafnmikið, en af því minna er haft fyrir þeirri óþöktu en þeirri þöktu, þá höfum vjer stungið upp á þessum mismun nfl. 20 í stað 15 □ faðma. Tíminn, sem óþaktar sljettur bera engan arð, er heldur ekki eins langur og margur heldur; jeg hef t. d. reynslu fyrir því, að sljetta sem ekki var þakin, en að eins vel áborin, með moðblönduðum áburði, var slegin árið eptir.

Líka er eitt frábrugðið í þessari tillögu frá hinum síðustu reglum, og það er, að fallið er úr það skilyrði, að undanskilja jarðabætur þær, er áskildar eru í byggingarbrjefum leiguliða, og það verð jeg líka að álíta alveg rjett, því við vitum, að þessar áskildu jarðabætur leiguliða eru ekkert annað en aukakvaðir fyrir þá, sem þeir fá ekkert fyrir.

Þá kemur önnur aðalbreytingin, sem tillaga þessi gjörir á hinum núgildandi ákvæðum, nefnilega, að dagsverkið í matjurtagörðum skuli teljast 15 ferhyrningsfaðmar í stað 25, og er það mikil breyting. Ef það eiga að heita nokkrir matjurtagarðar í lagi, þá er það eins mikið og meira verk að vinna að 15 ferhyrningsföðmum í þeim, heldur en þúfnasljettun. Þriðja breytingin er, að dagsverkin í torfgörðum eru lækkuð, af því þau hafa verið nokkuð há; við höfum stungið upp á að ákveða einnig þykktina, og sett það skilyrði, svo að torfgarðarnir yrðu ekki allir á hæðina, heldur hefðu líka einhverja vissa þykkt, með því að of þunnir torfgarðar en háir eru einskis virði; þykktin er einmitt skilyrðið fyrir því, að þeir verði að nokkrum notum í framtíðinni. Við höfum einnig stungið upp á að auka dagsverkin í skurðagrepti frá því, er Nd. hafði ákveðið, af því að jeg veit það af reynslu, að þau eru allt of lág og jeg álít rangt, að hvetja menn til að vinna að hinum lakari eða síður nytsömu jarðabótum, í stað þess, að herða að mönnum að gjöra sem mest að þeim jarðabótum, sem gagnlegastar eru, eins og t. d. grjótgörðum. Grjótgarðar eiga, að mínu áliti, að vera númer eitt í öllum jarðabótum, því þótt jafnvel ekki sje annað gjört, en að flytja grjótið að, þá getur það þó verið til mikils gagns fyrir eptirkomendurna, en þar á móti er ekkert gagn að því, að vera að hrúga upp torfgörðum, ef þeir eru ekki vel gjörðir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv. 1. breyt.till. (C 525) við 2. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br. till. (C 525) við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. þar með fallin; 3. br.till. við II. 1. d. samþ. með 8 atkv. Meginmál br.till. samþ. í e. hlj. 4. br.till. við II. 1. e. samþ. án atkvgr.; 5. br.till. við II. 1. f. samþ. í e. hlj.; 6. br. till. við II. 2. a. felld með 6 : 4 atkv.; 7. br.till. við II. 2. d. samþ. án atkv.gr.; 8. br.till. við II. 2. d. 4. samþ. í e. hlj.; 9. br. br.till. við II. 2. d. 5. samþ. í e. hlj.; 10. br.till. við II. 2. e. samþ. í e. hlj.; 11. br. till. II. 2. f. 1. samþ. með 10 atkv.; 12. br.till. við II. 2. f. 2. samþ. í e. hlj.; II. 2. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 13. br.till. (C 525) við 3., 4. og 5. tölul. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn till. samþ. í e. hlj. Tillagan sjálf þannig breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fertugasti og fjórði fundur, þriðjudag 22. ágúst, kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og

1895 (C. 423, 491, 498, 509, 518. 519, 521, 526, 527, 534); 2. umr.

Tekjubálkurinn (1.—6. gr.),

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Nefndin hefur ekki gjört neinar breytingar við þennan kafla frumv., og óska jeg því að eins, að hann verði samþykktur.

ATKVÆÐAGR.: 1.—6. gr. samþ. í e. hlj.

Gjaldabálkurinn (7.—11. gr.).

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal stuttlega minnast á þær breyt.-till., sem nefndin hefur leyft sjer að gjöra við þennan kafla frumv.

Við 7., 8. og 9. gr. frv. hefur engin breyting verið gjörð.

Við 10. gr. A. 1. hefur nefndin stungið upp á, að athugasemd sú, sem upphaflega var í frumv. stjórnarinnar og felld var úr í Nd., verði sett inn aptur. Nefndin í Nd. færði þær ástæður fyrir burtfellingunni, að frumv. væri á leiðinni um sameining beggja amtmannaembættanna og þess vegna væri ástæða til að fella aths. burt, af því að hún vonaði, að frv. næði fram að ganga. Hún var því ekki á móti því, að þessi færsla mætti eiga sjer stað, heldur áleit hún, að þessarar aths. þyrfti ekki við, fyrst hið áðurnefnda frumv. væri á ferðinni. Það er nú augljóst, að hið umgetna frumv. getur eigi orðið nú að lögum, og þá fellur ástæða h. Nd. á móti þessu burt af sjálfu sjer. Það mun heldur ekki verða neinn kostnaðarauki fyrir landssjóðinn. Jeg hef einnig heyrt á það vikið, að þar sem breyting er orðin á amtaskipuninni, þá muni þessi embættismaður, sem hjer um ræðir, þykjast eiga tilkall til, að launin verði hækkuð, sökum breytingar þeirrar, sem þingið hefur gjört á amtaskipuninni, en ef hann færi burt og flytti suður, og amtmannsembættið nyrðra svo yrði veitt, þá yrði sá, sem það fengi, að taka við því embætti án nokkurrar viðbótar. Þess vegna vona jeg, að h. Nd. fallist á þessa breyt.till. nefndarinnar.

Þá er breyt.till. við 10. gr. C. 4. a. 2. og 3., að færa niður styrkinn til búnaðarskólanna. Jeg tók það fram við 1. umr., hver væri skoðun nefndarinnar í þessu máli, og álít jeg því, að eigi þurfi að fjölyrða um það, þar sem einnig er minnst á það í nefndarálitinu. Jeg skal taka það fram, að það mun hafa vakað fyrir h. Nd., er hún hækkaði styrkinn til Hólaskóla, að hann hefur haft mikil útgjöld við skólahússbyggingu nýja og dýra, en nefndinni þykir það eðlilegt, að sýslufjelögin, sem ráðizt hafa í þessa byggingu án allrar tillhlutunar landstjórnarinnar og löggjafarvaldsins, eigi þá líka að bera kostnaðinn, sem af slíkum fyrirtækjum leiðir. Nefndinni er einnig kunnugt um, að sýslufjelögin, sem eiga skóla þennan, hafa ekki þrátt fyrir þennan kostnað hækkað útgjöld sýslusjóðanna um einn eyri; henni fannst því ekki nein ástæða til, að því væri öllu slengt upp á landssjóð, án þess að amtið bæri nokkuð af kostnaðinum, sem þessi skólahússbygging hefði í för með sjer. Nefndin vildi samt sem áður fara meðalveg og stinga upp á, að styrkurinn sje hækkaður um 1500 kr. fyrra árið með tilliti til byggingarkostnaðarins, sem orðið hefur við skólahúsið. En er nefndin leit á hinar verklegu framkvæmdir skólans, þá þótti henni ekki ástæða til að hækka styrkinn til þess skóla fremur en hinna. Það ætti líka að vera framvegis til athugunar fyrir búnaðarskólana, þegar þeir ráðast í kostnaðarsöm fyrirtæki, að þeir gjöri sjer ekki of glæsilegar vonir um það, að þingið beri allan kostnaðinn. Tekjur Hólaskóla úr landssjóði eru búnaðarskólagjald 700 kr. og afgjald af jörðinni um 1400 kr., og það sem til vantar, 6000 kr., er ætlazt til að borgað verði úr landssjóði.

Þá er breyt.till. við 10. gr. C. 4. gr.,

að styrkurinn til viðgjörða á Steinsmýrarengjum, 1000 kr. fyrra árið, falli burt. Eins og kunnugt er, kom mál þetta fyrst til Nd. milli 2. og 3. umr. fjárlaganna, og var samþykkt þar við 3. umr.. Nefndin hefur ekki getað sjeð, að málið hafi fengið þann undirbúning, að ástæða væri til að veita þennan styrk að sinni. Að vísu hafði hún fengið álit Sveinbjörns nokkurs Ólafssonar búfræðings, þar sem gefið var í skyn, að hann hefði haft lítinn tíma til að skoða engjarnar og þær skemmdir, sem á þeim hafi orðið, en í álitinu er einnig tekið fram, og það gjörði nefndina deigari, að engjarnar skemmdust ekki að eins af vatnagangi, heldur og af sandfoki, og þó að 1000 kr. verði veittar til að verja engjarnar vatnagangi, þá verður ekki með því byrgt fyrir sandfok á þær og að þær leggist í eyði við það. Einnig vanta allar skýrslur, svo sem frá umboðsmanni, hvað eptirgjald sje mikið af jörðinni, og hve stórar þessar engjar eru, og því sá nefndin enga ástæðu til að halda þessum lið. Ennfremur er það kunnugt, að ábúendur í Skaptafellssýslu hafa sótzt eptir að fá jarðir keyptar, og það gæti svo farið, að á næsta ári kæmi ábúandi jarðarinnar og vildi kaupa hana. Það getur verið spurning um, ef upplýsingar fengjust nægilegar, hvort ekki væri ástæða til að veita ábúandanum linun á eptirgjaldinu, ef hann gjörði tilraun til að stemma stigu fyrir skemmdum á jörðinni.

Þá er breyt.till. við 11. gr. 2. k., að styrkurinn til læknis í Árnessýslu ofanverðri falli burt. Það sem kom nefndinni til að leggja það til var það, að henni virtist að víðast annarsstaðar væri meiri þörf á aukalækni en í Árnessýslu, og vildi nefndin láta þau hjeruð sitja fyrir, þar sem þörfin væri mest á læknum. Í Árnessýslu var henni kunnugt, að læknirinn þar væri heldur vel settur, nærri því í miðri sýslunni, og þó að þar væri þjettbýlt, þá væri ekki vegalengd svo mikil, að ekki mætti nokkuð skjótt ná til læknis. Að vísu er þar mannfjöldi meiri en annarsstaðar, þar sem aukalæknar eru, en nefndin vildi ekki eingöngu líta á það, heldur líka á hitt, hvernig landsháttum væri varið og landslagi. Hinir fáu þurfa eins læknishjálp, eins og hinir mörgu, og fyrir því mælir öll sanngirni með því, að hinir fámennu en erfiðu hlutar landsins fái læknishjálp eptir því sem auðið er.

Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að í staðinn fyrir þennan lið þótti nefndinni ástæða til, að settur yrði einn aukalæknir í Strandasýslu. Það er einnig kunnugt, að það hagar svo til, að sá sem er læknir þar og er elztur allra lækna á landinu, situr á enda umdæmisins, og að eins og nú er ástatt, er ekki hægt að ná til hans úr miklum hluta þess, nema með ærnum kostnaði og löngum tíma. En honum hefur verið leyft að sitja þar sem hann er, og hann verður nú ekki skyldaður til að fara þaðan. En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá er ekki ógjörlegt, að þegar læknir þessi fellur frá eða segir af sjer, að skipaður sje að eins einn læknir í hjeraðinu, sem sitji þá í Steingrímsfirði innanverðum, og þá verður miklu hægra að ná í lækni, hvaðan sem er úr hjeraðinu, þó að á vetrum verði það samt sem áður nær því ókleyft úr fjarlægustu hreppunum. Það verður því að eins til bráðabyrgða, að aukalæknir þessi verður skipaður og eins og tekið er fram í nefndarálitinu telur nefndin sjálfsagt, að landsstjórnin taki þetta til greina við næstu læknaskipti í umdæminu. Í sambandi við þetta skal jeg minnast á tvær breyt.till. á þingskj. 509 og 519. Þó að nefndin verði að viðurkenna, að á þeim stöðum sje þörf fyrir lækna, þá var hún þó ekki ásátt um, að mæla með þessum læknum að sinni, sökum þess, að þetta þing hefur gjört svo mikið í þá átt, að bæta við aukalæknum, og þótti nefndinni ekki gjörlegt, að fara lengra í því efni,

þó að hún sæi þess þörf, með því að hún þóttist líka vita, að þar sem nú ekki fengjust aukalæknar, mundu þeir komast að á næsta þingi. Þess er líka að gæta, að ef svo mörg aukalæknishjeruð yrðu nú stofnuð, þá er ekkert líklegra, en að þau hjeruð, þar sem þörfin er mest á aukalæknum verði út undan og læknislaus, af því að ekki fást nóg læknisefni í embætti og þau mundu helzt sækja um þau hjeruð, sem fjölmenn væru og tiltölulega hægust. Jeg mun þó greiða atkvæði með öðrum þessara lækna, en þetta var yfir höfuð álit nefndarinnar.

Mjer sást yfir að minnast við 10 gr. C. 6. á breyt.till. frá hæstv. landsh. um, að styrkurinn til vörðuvita verði hækkaður um 250 kr. Það er kunnugt, að óskir hafa fram komið um það, að viti verði settur á Dalatanga í S.-Múlasýslu milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og er þar umferð mikil, eins og menn vita, og því nauðsyn á þessu, enda mun maður hafa tekið að sjer að koma upp vita þar fyrir 250 kr., og vona jeg, að breyt.till. verði samþykkt.

Þá er breyt.till. við 11. gr. 3., að styrkurinn til Björns Ólafssonar verði hækkaður upp í 2000 kr., en skilyrðinu verði haldið óbreytt, að hann skuli veita læknisefnum tilsögn. Nefndin var einhuga á því, að nauðsyn bæri til, að þessi „specialisti“ sæti hjer í höfuðstað landsins, svo að sjúklingum væri auðveldara að leita læknishjálpar hans, en það er mjög erfiðleikum bundið, eins og nú er, þar sem strandferðaskipin koma ekki á Akranes og ferð þeirra, sem hjálparþurfa eru, verður því dýrari og fyrirhafnarmeiri. Þar sem hann nú er, getur hann heldur ekki orðið að fullum notum, þar sem hann vantar hús og önnur skilyrði, sem uppfyllt gætu orðið hjer í Reykjavík. Hann mundi beinlínis hafa peningalegan skaða af að flytja hingað með 1500 kr. launum í samanburði við þau laun, sem hann nú hefur, og að auk „praxis“ sem augnalæknir í læknishjeraðinu og 1500 kr. hjer mundu alls ekki vera til þess að hann gæti lifað á því. Og jeg skal taka það fram, að þessi læknir er svo þarfur fyrir landið, að ástæða er til að gjört væri allt til þess, að hann þyrfti ekki að fara af landi brott, þar sem hann mundi sjálfsagt geta fengið betri atvinnu erlendis, en þó að hann fengi 2000 kr. hjer í Reykjavík. Vjer megum vera glaðir yfir, að eiga annan eins mann og þennan lækni, sem er sannur snillingur í sinni mennt.

Þá hefur nefndin lagt til, að á eptir 11. gr. 3 komi nýr tölul., styrkur til O. Nickolins 500 kr. Um þennan styrk má segja nokkuð sama og um styrkinn til Björns Ólafssonar; hjer er um „specialista“ að ræða, sem veitir þá læknishjálp, sem allflestir læknar hjer á landi geta ekki veitt, þar sem þeir þekkja ekki sjerstaklega til tannsjúkdóma. Nefndin áleit nauðsynlegt, að þessi maður yrði styrktur nú sem áður, svo að hann þyrfti ekki að fara hjeðan, enda er það einnig ærinn munur að þurfa ekki að fara nema til Reykjavíkur, eða Akureyrar og Ísafjarðar, því að þar hefur hann stundum einnig komið, heldur en að kosta upp á ferð til útlanda í þeim erindagjörðum og leita þar dýrrar læknishjálpar. Jeg hef reyndar heyrt menn segja, að ekki væri nein ástæða til að veita honum þessa þóknun, þar sem hann hefði „praxis“ mikla. En það er ekki rjett, því að það eru ekki svo tiltölulega margir, sem þurfa hans. En þó að það sjeu fáir, þá þurfa þeir eins þessarar læknishjálpar fyrir það. Og það er eins skylda hins opinbera að gefa þessum sjúklingum sem öðrum kost á læknishjálp, og stuðla til þess, að hún verði þeim sem ódýrust. Sakir þess, hve vjer erum fámennir, getur „praxis“ í einstökum sjúkdómum aldrei orðið svo mikil, að ein-

göngu verði af henni lifað, og mælir það miklu fremur með því en móti, að hið opinbera styrki „specialista“, svo þeir geti haft þolanlegt uppeldi af lækningum sínum.

Jeg hef svo ekki fleira að athuga við þennan kafla.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögum. fjárlaganefndarinnar (S. St.) gat um, hef jeg leyft mjer að koma fram með breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, um að hækka fjárveitinguna til vörðuvita um 250 kr. fyrra árið. Tilefnið til þess var, eins og h. framsögum. (S. St.) hefur að nokkru leyti tekið fram, að þegar þm. N.-Múl. komu til þings, hafði annar þeirra meðferðis áskorun frá kjósendum sínum um að það fái framgang, að viti sje gjörður á Austurlandi; en mál þetta var þá svo lítið undirbúið, að ekki gat komið til tals, að bera það upp nú. Jeg átti seinna tal við kaupmann einn og siglingamann frá Austurlandi Otto Wathne, og ljet hann þá skoðun í ljósi, að engin brýn nauðsyn bæri til að koma þar upp mjög dýrum vita, og það væri þegar mikið fengið, ef komið væri þar upp ljóskeri, eins og hjer hefur verið gjört á Garðskaga við Faxaflóa og áleit hann, að það mundi hvergi betur sett á Austurlandi en á Dalatanga, sunnanvert við Seyðisfjörð. Jeg talaði sömuleiðis við skipstjórana á póstskipunum og herskipinu danska, og voru þeir eindregið á því, að ljósker væri hvergi eins vel sett og þar. Það vill svo vel til, að bær stendur þar nálægt sem ljóskerið ætt að vera, og gæti það orðið að góðu liði, að því er kemur til umhirðingar á ljóskerinu. Wathne, sem er mikill siglinga- og útvegsmaður bauðst til þess að útvega ljóskerin og setja þau upp fyrir 250 kr. og þess vegna hef jeg farið fram á, að þetta fje væri veitt. Hvað árlegum kostnaði við ljóskerin viðvíkur, olíu og þesshátt fleiru, þá mun hann ekki fara fram úr 100 kr. eptir þeirri reynslu, sem við hjer höfum á því, en fjeð, sem til þess er veitt árlega í fjárlögunum er svo ríflegt, að ekki þyrfti það að vera meira, þó einu ljóskeri væri bætt við.

H. framsögum. (S. St.) gat þess, að fjárlaganefndin væri hlynnt þessari fjárveiting og vona jeg því, að hún muni fá góðan byr hjer í deildinni.

Viðvíkjandi hinum öðrum breyt.till., sem fram hafa komið við þennan kafla, skal jeg geta þess, að jeg er samþ. breyt.till. nefndarinnar tölul. 1 og 2, en hins vegar get jeg vel skilið í því, að henni þyki ísjárvert að veita fje til þess, að veita vatni af Steinsmýrarengjum, með því mál það er ekki nægilega undirbúið enn, eins og h. framsögum. tók fram. Það eru 5 ár, síðan jeg fór um þetta svæði og sá jeg þá, hvernig hagaði þar til; þá komst þetta til tals og hlutaðist jeg til um, að búfræðingur væri látinn skoða þetta svæði og láta álit sitt uppi um, hvað hann áliti að gjöra ætti. Hann áleit ekki annað tiltækilegra en að veita vatninu undan hrauninu fram í sjó, en þar við er að athuga, að fljótt getur farið svo, að sandfok fylli skurðina, sem vatnið ætti að renna um, eins og nú hefur einnig orðið reynd á á síðari árum. Annar máti var líka mögulegur, sem sá búfræðingur ekki nefndi, að í stað þess að veita vatninu út í ósinn á Eldvatni í suðaustur, þá að veita vatninu í vestur til sjálfs Eldvatnsins, eins og nú hefur verið stungið upp á. Sá skurður kæmi ekki til þess að liggja undir sandfokinu, þar væru engjar og hart vallendi á báðar hliðar. Eptir því sem sjeð verður af skýrslu búfræðings þess, sem nú hefur skoðað engjarnar, mundi mikið gagn verða að þessum skurði, en hins vegar er það alveg rjett, að allar skýrslur vanta um stærð engjanna og eins nákvæman reikning um, hvað skurður þessi mundi kosta. Sömuleiðis verður að taka tillit til þess, að ein jörð, sem hjer á land, hefur verið föluð til kaups. Mjer hefði samt þótt æskilegt, að fje hefði verið veitt til

þess í fjárlögunum, en sú fjárveiting bundin því skilyrði, að landsstjórnin ekki borgi fjeð, út nema hún sæi að allt væri svo umbúið, sem æskilegt væri og vera ætti. Það mundi mega reiða sig á það, að landsstjórnin ekki mundi brúka þetta fje, fyr en áreiðanlegar skýrslur fengjust fyrir því, hvernig því yrði varið.

Viðvíkjandi breyt.till. við 11. gr. um aukalæknana, skal jeg geta þess, að jeg er meðmæltur öllum nýjum aukalæknum, sem skipaðir verða, því eins og kunnugt er, er litla læknishjálp að fá víðast hvar hjer á landi, og læknum mun seint fjölga hjer, svo að nægilegt sje. Jeg get ekki farið út í það, hvar þeirra þyrfti helzt við; jeg fyrir mitt leyti held, að þörfin sje víða nokkuð lík og ekki ástæða til að taka til eitt hjerað fremur en annað. Jeg vil ekki tala um það, hvort þörfin muni mest í Árnessýslu, Strandasýslu eða Þingeyjarsýslu, en þess vil jeg geta, að Þingeyjarsýsla mun fámennust af þessum.

Einar Ásmundsson: Það er að eins ein breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að bera upp við þennan kafla frv. eða við 11. gr. sem sje sú, að aukalæknir verði skipaður í Grýtubakka Háls- og Ljósavatnshreppum í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er öllum kunnugt, að læknaskipun er hið helzta nauðsynja- og áhugamál þjóðar vorrar, hið helzta lífsnauðsynjamál hennar, því til þess eru læknarnir, að þeir viðhaldi heilsu og lífi manna og verji þá dauðanum, eptir því sem verða má. Það var eitt af fyrstu verkum löggjafarvaldsins 1875, að koma breytingu og endurbót á læknaskipunina. Áður voru læknar að eins 7—8 á öllu landinu en þá samþykkti þingið lög um, að 20 læknaembætti skyldu vera í hjeruðum landsins og landið skiptast milli þeirra sem helzt var hugsanlegt og haganlegast. Efnin voru þá lítil og menn treystust ekki til að ráðast í meira, þó þeim ekki muni að líkindum hafa þótt þetta nægilegt. Nokkrum árum síðar var borið upp í Ed. frv. um enn að bæta læknaskipunina og skipta öllu landinu í 30 læknahjeruð. Jeg man ekki betur en að þetta mál fengi framgang í þessari deild, en fjelli svo í Nd. Jeg verð að játa, að jeg er orðinn nokkuð minnisdaufur og get ekki fullkomlega staðhæft, hvort þetta muni rjett, en þó held jeg að það sje svo. Þingið hefur ávallt álitið nauðsyn bera til að fjölga læknunum, og hefur svo á seinni árum tekið upp annað ráð, það nefnilega, að bæta aukalæknum inn á milli hjeraðslæknanna á ýmsum stöðum; en með þessu móti hefur komizt talsverður ójöfnuður á læknaskipun landsins í heild sinni. Á síðustu áram hefur 6 aukalæknum verið bætt við í vesturamtinu, þó það sje allra amtanna lang-minnst, og enn þá hefur verið stungið upp á hinum 7. Í suður- og austuramtinu hefur 3 aukalæknum verið bætt við í hvoru fyrir sig eða svo átti að minnsta kosti að verða eptir frv. Nd., en í öllu norðuramtinu, sem er allt að því tvisvarsinnum eins stórt og vesturamtið og viðlíka mannmargt er ekki einn einasti aukalæknir; menn verða þar að notast við hina 5 skipuðu hjeraðslækna, er þar voru settir upphaflega. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta muni af því, að Norðlendingar hafi verið óduglegri að biðja og kynokað sjer við að fara á þessa sameiginlegu hvalfjöru, landssjóðinn, eða það er af því, að þm. þeirra hafa verið óduglegir í þeim erindum. Í austuramtinu eru nú 3 aukalæknar og 4 hjeraðslæknar handa að eins 10,000 manns frá Skeiðarársandi að Jökulsá í Axarfirði. Það er nú ekki svo vel, að þessir 5 læknar, sem jeg talaði fyr um, að væru í norðuramtinu, sjeu eingöngu bundnir við það amt; einn þeirra verður einnig að þjóna í Kelduhverfi, sem nú heyrir til austuramtinu; er þar full þingmannaleið í milli yfir Reykjaheiði, sem opt er illfær yfirferðar einkum á vetrum.

Jeg hef dálítið hugsað um þetta mál og litið yfir, hvernig landið er á sig komið, hvað læknaskipunina snertir.

Í suðuramtinu munu vera nær því 27,000 íbúar og stærð þess er hjer um bil 550 □ míl.; en fjöldi lækna á þessu svæði er $12^1/_2$; þetta hálfa læknisumdæmi liggur báðumegin við Hvítá, og annar helmingurinn heyrir vesturamtinu til. Hinn fyrirhugaði Grímsneslæknir er ekki tekinn til greina hjer, enda hygg jeg, að annarstaðar sje enn þá meiri þörfin á aukalæknum en þar fyrst um sinn, meðan ekki er kostur á að hafa nema svo fáa lækna. Eptir þessu koma 2476 menn á hvern lækni í suðuramtinu, og þó 2 læknar í Reykjavík sjeu dregnir hjer frá, sem ekki eru skyldir að gegna mönnum upp til sveita, þá verða $10^1/_2$ eptir og svæði hvers læknis hjer um bil 52 □ mílur danskar. Í vestur- og norðuramtinu er fólkstalan mjög svipuð, hjer um bil 17,000 manns. Vesturamtið er tæpast 300 □ mílur og og norðuramtið hjer um bil 530 □ mílur, eða mjög svipað og suðuramtið. Í vesturamtinu er $10^1/_2$ læknir og svo verður nú ef til vill einum bætt við, svo að það verður í allt $11^1/_2$ læknir, en í norðuramtinu eru læknar ekki nema 5. Jeg vil reyna að vera sanngjarn og engum gjöra órjett, og játa jeg því, að vesturamtið er erfiðast yfirferðar; þar eru margir erfiðir fjallgarðar yfir að fara, en þó ómögulegt sje að reikna erfiðleikana á ferðalagi eptir hagfræðislegum skýrslum, þá er þó auðsætt, að læknarnir eru tiltölulega langflestir í vesturamtinu við fólksfjölda og landsvídd. Í austuramtinu er fólkið þó að eins hjer um bil 10,000 og stærð amtsins ekki fullar 500 □ mílur, og í því eru nú 7 læknar og mega þeir víst ekki færri vera, en líklegast muun þeir þó nægilegir eptir því sem við er að búast. Ef norðuramtið væri sanngjarnlega skipað læknum til móts við hin ömtin mættu þeir með engu móti vera færri en 7, einn í hverri sýslu og svo 3 á útkjálkunum um sýslutakmörkin. Einn aukalæknir ætti að vera á skaga þeim hinum mikla, er gengur fram milli Húnaflóa og Skagafjarðar austanvert við Blönduós; og hefur h. þm. Húnv. (Þ. J.) farið fram á það, enda mun það fullkomlega nauðsynlegt, og vil jeg mjög mæla fram með því máli. Annan lækninn þarf á útkjálkann milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og hann er einnig fenginn á Siglufjörð, og mætti hann ef svo vildi heita aukalæknir en ekki hjeraðslæknir. Í þriðja lagi er þörf á aukalækni á skagann milli Eyjafjarðar og Skjálfanda, og er það sá aukalæknir, sem jeg hef leyft mjer að leggja til að bætt yrði við. Á þeim skaga eru 2 fjallgarðar, Vaðlaheiði og Kinnafjöll. Vegir yfir þessi fjöll eru ófærir nema Ljósavatnsskarð og Gönguskarð. Allir sem búa milli Vaðlaheiðar og Skjálfandafljóts mega að nokkru leyti heita að vera læknislausir, því oflangt og að kalla ófært á vetrum er fyrir þá að fara á Húsavík eða Akureyri eptir lækni, og annað er það, að Akureyrarlæknirinn hefur svo mikið að gjöra, að hann ekki með sínum bezta vilja ferðast til sjúklinga á þessu fjöllótta svæði. Það var ekki einungis þingmálafundur S.-Þing., heldur einnig þingmálafundur Eyfirðinga, sem í vor fór fram á að fá aukalækni á þetta stóra svæði, sem er svo erfitt yfirferðar. Eyfirðingar sögðu sem satt var, að þeir mættu ekki missa af sínum lækni burt úr þeirra hjeraði. Á Akureyri er spítali og þar eru einatt margir sjúklingar, sem læknirinn ekki má yfirgefa. Það voru ekki einungis þessir 2 þingmálafundir, sem í þesssu máli voru samdóma, að læknir þyrfti að vera skipaður milli Vaðlaheiðar og Skjálfandafljóts, heldur einnig sjálfur hjeraðslæknirinn á Akureyri. Jeg hitti hann á suðurleið minni og bað hann mig að sjá um, ef verða mætti, að læknir fengist settur á þetta svæði milli Skjálfandafljóts og Vaðlaheiðar, því hann gæti ekki gegnt læknis-

störfum þar, svo að verulegu liði kæmi. Jeg vona nú, að h. þm. í deildinni geti sjeð, að bráða nauðsyn ber til þessa, þótt jeg reyndar viti, að þeir sumir muni ekki vera kunnugir á hinu umgetna svæði. Víðáttan ein, fjallgarðarnir og fólksfjöldinn í þessum sveitum nægir til að sýna, að þetta er sannarlega nauðsynlegt. Jeg vil sjer í lagi leyfa mjer að skírskota til h. 1., 3. og 6. kgk. þingmanna, sem allir þekkja meira eða minna til í Þingeyjarsýslu og þess vegna eru þessu betur kunnugir en sumir aðrir h. þm., sem ekki hafa komið þar. Jeg vona, að ef þeir vilja athuga þetta, þá muni þeir verða á sama máli. Jeg skal þá ekki fara fleirum orðum um þetta efni, en get ímyndað mjer, að h. fjárlaganefnd máske þyki jeg nokkuð frekur í kröfum, og gangi of langt, að ætlast til svo mikils, því nefndin mun, eins og hver önnur góð búkona, fara sparlega með þau efni, sem hún hefur fyrir framan hendurnar. Jeg er hræddur um, að nefndinni þyki jeg ef til vill nokkuð áleitinn svona í endalok vertíðar, en jeg vona samt, að h. deild líti á það, hvað bráðnauðsynlegt er að fjölga læknum á þessu svæði; það er ekki nóg, að Reykjavík hafi 3—4 lækna, margir eru sjúkir og sárir út um landið, sem lækninga þurfa við, og eins finna til sársauka og sjúkdóma, þó þeir búi í afskekktum sveitum og á útkjálkum, eins og aðrir, sem betur eru settir. Á þetta vona jeg h. deild líti, og verði á sama máli og jeg, að mjög mikla nauðsyn beri til, að bæta svo sem verða má úr þessari stóru þörf og lífsnauðsyn margra manna.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Það eru að að eins tvö atriði, sem jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um. Hið fyrra er niðurfærsla h. fjárlaganefndar á styrkinum til Hólaskóla, og hið síðara er br.-till., sem jeg hef komið fram með um aukalækni í Húnavatnssýslu.

Jeg skal geta þess, að þótt jeg hafi skrifað nafn mitt undir þá breytingartillögu h. fjárlaganefndar, að færa niður styrkinn til Hólaskóla, þá er jeg því ekki samþykkur.

Það, sem vakað hefur fyrir nefndinni, eptir því sem skilja má af nefndarálitinu er líklega það, að svo bæri á að líta, sem skólinn hefði nægilegar tekjur, að eigi þyrfti að veita honum meira fje. En því fer fjarri. Fjárhagur skólans er einmitt svo vaxinn, að honum veitir eigi af 6000 kr. styrk til að standast útgjöldin. Fyrir þinginu liggja einmitt ýtarlegar skýrslur, er sýna ástand skólans allt og efnahag. Af þeim má sjá að skólinn hefur sem fastar tekjur 550 kr. af jarðarafgjöldum, og búnaðarskólagjöld 870 kr. eða samtals 1420 kr.

Aptur á móti eru útgjöldin áætluð 7420 kr.

Þar af eru 2600 krónur meðgjöf með námssveinum eða 100 kr. til hvers, því að í skólanum eru nú 26 nemendur.

Ennfremur hvíla á skólanum vaxtaborganir og afborganir af lánum, sem meðal annars stafa af hinum stórkostlegu húsabyggingum á síðastliðnu ári. Af þessu er auðsætt, að skólinn þarf á miklu meira fje að halda, en hann hefur, og álítur því skólanefndin nauðsynlegt, að styrkurinn til hans sje aukinn. Jeg verð að biðja menn að athuga, að meðgjöfin með námspiltum er ætluð á Hólum að eins 100 kr. á ári til hvers, og því miklu minni en í Ólafsdal, því þar er námspiltum þeim, sem eru í fyrstu deildinni ætlaðar 150 kr. á ári, en 250 kr. þeim, sem eru í annari deildinni, eða meira en helmingi meira. Að Hólaskóli hefur svo marga nemendur sýnir, að hann er í mestu áliti af öllum búnaðarskólunum, því af hverju öðru mundi það koma, að svo margir sækja hann, að að það eru næstum því eins margir nemendur á honum einum, eins og hinum öllum til samans?

Ef fjárveitingin til Hólaskóla væri lækkuð, frá því sem hún er nú í frv., þá

hlyti af því að leiða, að neita yrði nemendum um inntöku í skólann, og það væri þó allt annað en heppilegt. Ennfremur vil jeg geta þess, að eigi nokkur búnaðarskólanna framtíð fyrir höndum, þá er það einmitt skólinn á Hólum, því hvergi er álitlegra skólasetur heldur en þar, á hvað sem litið er; og hvað sem hinum skólunum líður, þá mun þar verða búnaðarskóli, og það er ekki rjett af þinginu að hlynna ekki að honum sjerstaklega.

Það var svo að heyra á h. fram sögum. (S. St.), að það væri ekki rjett af þinginu að vera að styrkja meir en gjört hefur verið búnaðarskólana, því þeir væru ekki eign landsins heldur hjeraðanna og landstjórnin eða þingið hefðu engin sjerstök afskipti af þeim, en þetta er ekki rjett, því amtsráðin hafa yfirumsjón búnaðarskólanna og þau eru einmitt einn liður úr landsstjórninni og hæstv. landsh. hefur sjálfur staðfest reglugjörð Hólaskólans, og að því er þingið snertir, þá gæti það haft meiri afskipti af búnaðarskólunum, ef það vildi og sæi, að það ætti við, en það gjörir það ekki, heldur trúir amtsráðunum fyrir því, enda mun það vera heppilegast.

Þegar h. þingd.m. hafa kynnt sjer þau skjöl, sem að þessu lúta, vona jeg að þeir verði ekki eins harðir á, að styrkurinn til Hólaskólans sje færður niður, er þeir sjá, að fjárveiting þessi er bráðnauðsynleg.

Hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á, er breyt.till. mín á þskj. 518 um stofnun aukalæknisdæmis í 5 austustu hreppum Húnavatnssýslu. H. þm. S.-Þing. (E. Á.) hefur nú ljóst og skarplega sýnt fram á læknisþörfina í norðuramtinu, og með samanburði við hin ömtin, að því er snertir stærð og fólksfjölda, sýnt, að það hefur orðið út undan, og hvað mælir með því, að fleiri læknar væru skipaðir þar. Allt það, sem hann hefur tekið fram, er einmitt til að styrkja tillögu mína, að veittur verði styrkur til aukalæknis í 5 austustu hreppum Húnavatnssýslu.

Það er farið fram á, að aukalæknir sje settur á Skaga, austanvert við Húnaflóa, fyrir allt hjeraðið austan Blöndu og 2 hreppana fyrir vestan hana. Hjerað þetta er mjög víðlent, svo það er hátt á aðra dagleið til hjeraðslæknis frá endimörkum þess, og frá yzta bæ á Skaga og til fremsta bæjar í Blöndudal eru 10 mílur eða 2 þingmannaleiðir. Það er því auðsætt, að hjer er þörf á aukalækni. Einn af hreppunum er að vísu í sama læknishjeraði og Skagafjarðarsýsla, en það er löng leið yfir fjöll að sækja, og vond og ill færð á vetrum. Á þessu svæði eru og 3 verzlunarstaðir og einn kvennaskóli með um 50 kvenna venjulega. Jeg þarf ekki að fara út í samanburð á ömtunum, því h. þm. S.-Þing. (E. Á.) hefur gjört það, en aptur á móti vil jeg bera þetta hjerað saman við önnur hjeruð, sem þingið samþykkti nú, að stofnuð sje aukalæknishjeruð í. Í Eyja- Múla- og Gufudalshreppum eru alls 783 menn, eptir síðasta manntali, en í hinu fyrirhugaða læknishjeraði í Húnavatnssýslu eru 1600 manns. Í Grunnavíkur og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu eru 672 menn og þegar á það er litið, þá er hlutfallið ekki rjettlátt. Af hinum eldri aukalæknishjeruðum mætti nefna Dyrhóla- og Eyjafjallahrepp. Þar eru 1496 menn eða rúmum 100 færri en í hinu umbeðna aukalæknishjeraði í Húnavatnssýslu. Af aukalæknisumdæmum, sem hjer liggja nærri, vil jeg nefna Akranes og hreppana fyrir sunnan Skarðsheiði, þar sem allir viðurkenna, að sje mesta þörf á aukalækni þeim, sem þar er. Þar eru þó ekki nema 1561 íbúi og því nokkuð mannfærra en í Húnavatnssýslu, auk þess sem þar er skemmra til næsta hjeraðslæknis en í þessum austustu hreppum Húnavatnssýslu.

Sjeu bornar saman ýmsar sýslur verður niðurstaðan lík. Ísafjarðarsýsla er 72

□ mílur með 6036 íbúum. Í henni eru 3 læknar, ef þingið samþykkir að bæta þar við aukalækni þeim, sem neðri deild hefur fallizt á, og koma þannig 24 □ mílur á hvern lækni þar að meðaltali og 2012 menn. Húnavatnssýsla er aptur á móti 141 □ míla með 3777 íbúum eða nærri 3800. Þótt nú væri bætt þar við aukalækni, og ef gjört er ráð fyrir, að sýslan skiptist jafnt milli hans og hjeraðslæknisins þar, þá koma $70^1/_2$ □ míla á hvorn lækni og 1888 menn. Barðastrandasýslu og Strandasýslu er rjett að taka saman í eitt. Þær eru 121 □ míla og íbúar þeirra beggja 4464 menn. Ef samþykkt verður að bæta þar við aukalækni sínum í hvorri sýslu, verða þar 2 hjeraðslæknar og 2 aukalæknar, og koma þá á hvern lækni rúmar 30 □ mílur og rúm 1100 manns. Við þennan samanburð sjest, að hvar sem litið er á, þá kemur á hvern lækni í öllum þessum hjeruðum minna svæði og færri íbúar en í Húnavatnssýslu, þótt styrkur væri veittur til aukalæknis þar.

Ef menn kynna sjer þetta vel, vona jeg þeir finni, að öll sanngirni mæli með því, að þessi aukalæknir sje settur, og jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að h. deild verði á móti því; jeg fyrir mitt leyti verð með öllum þessum aukalæknum, því eins og hæstv. landsh. tók fram, þá er þörfin á öllum þessum stöðum mikil, og ekki vert, að nokkrum þessum lækni sje sleppt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. h. fjárlaganefndar um styrkveitinguna til búnaðarskólanna.

Eins og sjá má af nefndarálitinu vill nefndin færa niður styrkinn til Hólaskóla og Eiðaskóla líka.

Ýmsar ástæður hafa verið færðar fram fyrir því, að rangt væri að setja þennan styrk niður og það gjörði nú síðast h. þm. Húnv. (Þorl. J), og færði það einkum til sanninda sínu máli, hve skólinn hefði marga nemendur.

Jeg er ekki á sama máli. Jeg álít, að ekki sje byggjandi á því, hve nemendur muni verða margir á komandi árum, heldur hvað þeir hafi verið margir á síðastliðnu ári. Það verður að byggja á því, hvernig skólinn hefur reynzt á undanförnum tíma. Á árinu sem leið, þá voru þar 19 nemendur, er þeir voru flestir, en eigi nema 17 allt árið. En þótt skólastjórnin búist við, að þeir verði 26, þá er það nokkuð annað, því að það er ekki víst, að allir þeir, sem skólann sækja, nái prófi o. s. frv.; jeg legg ekki mikla áherzlu á það, hvað nemendafjöldinn verður næstkomandi ár, enda þótt það sje byrjað, heldur hitt, hvað nemendafjöldinn var mikill á síðastliðnu ári, og þó einkanlega, hvort þeir nemendur, sem skólann sækja, fái þá þekkingu og æfingu í andlegum og líkamlegum efnum, sem gjörir þá nýta menn fyrir mannfjelagið, menn, sem geta orðið sjer og öðrum til meiri uppbyggingar en þeir, sem ekkert er tilkostað, og sjer og skólanum til sóma, en ekki til minnkunar. Eins og jeg sagði, vil jeg miða þessi búnaðarskólafjárframlög við það, hvernig þeir hafa varið því fje, sem þeir hafa fengið að undanförnu, því úr því þetta er árlegt tillag, þá verð jeg að álíta, að vjer eigum að fá árlega ávexti af framlaginu, þá ávexti, að nemendurnir fái meiri þekkingu og meiri verklega kunnáttu, en væri á styrklausum skóla, eða þeim skóla, sem ekki fær meira en liðugan helming af opinberu fje. Jeg segi ekki, að Hólaskóli hafi notað veittan styrk illa, en of mikið álít jeg að veita honum 6000 kr., í samanburði við hina skólana. Jeg álít meira varið í, að nemendur fái nægilega þekkingu, en að þeir sjeu mjög margir. Eitt aðalskilyrðið er, að nemendur fái æfingu í verklegri búfræði, t. d. jarðyrkjustörfum.

Jeg hef reynt að kynna mjer skýrslur þær, sem liggja fyrir þinginu frá skólunum um það efni. Af þeim skýrslum get jeg ekki annað ráðið, en að Hólaskóli skari eigi fram úr öllum hinum, allra

sízt skólanum í Ólafsdal. Jarðyrkjustörf á Hólum eru eigi svo mikil, sem skyldi, en þó kveður mikla meira að þeim þar en á Eiðum.

Jeg hef reiknað saman dagsverk þau, sem unnin hafa verið á skólunum í jarðabótum á síðustu árum. Eptir þeim reikningi hafa á Hólaskóla árin 1891—92 verið unnin 129 dagsverk, eða að meðaltali 9 dagsverk á hvern nemanda, og árin 1892—93 voru unnin 75 dagsverk, eða $4^1/_2$ dagsverk á hvern nemanda, eða $6^1/_2$ dagsverk af nemanda hverjum að meðaltali bæði árin. Það er hjer um bil eitt vikuverk, og álít jeg það megi ekki minna vera svona að öllum jarðabótastörfum samantöldum.

Aptur á móti voru í Ólafsdal unnin 10 dagsverk að meðaltali á nemanda hvern árin 1891—92, en 1892—93 voru unnin nærri því 24 dagsverk á nemanda hvern að meðaltali, eða 330 dagsverk alls, eða 17 daga á ári fyrir hvern mann að meðaltali.

Skýrslurnar frá Hvanneyrarskóla 1892—93 sýna, að þar hafa alls verið unnin 64 dagsverk á ári, eða 13 dagsverk á mann, og stendur hann því talsvert hærra en Hólaskóli að þessu leyti með allri sinni niðurlægingu. Þar að auki má þess geta, að 3 af 5 nemendum Hvanneyrarskólans lágu veikir langan tíma, og hefur sá skóli því unnið svo mikið að jarðabótum, að ekki er meira heimtandi undir sömu kringumstæðum.

Jeg skal játa það, að Eiðaskóli hefur gjört langminnstar jarðabætur af öllum skólunum. Árin 1892—93 er ekki unnið þar að jarðabótum nema $5^1/_2$ dagsverk, eða tæpt hálft dagsverk á nemanda, og mjer þykir varhugavert, hvort aukandi sje fjárstyrkur til þessa skóla, er eigi veitir nemendum meiri verklega æfingu í jarðabótastörfum.

Það er ýmislegt fleira, sem mjer sýnist athugavert við skólaskýrslurnar. Námssveinar á Hólum voru í fyrra, eins og jeg sagði áðan, 19 þegar þeir voru flestir, en 17 allt árið, í Ólafsdal voru þeir 14, á Eiðum 11 og á Hvanneyri 5. Það hefur því verið nokkuð svipuð nemendatala á þessum þremur skólum, Hólum, Ólafsdal og Eiðum, nema hvað Hólaskóli hefur verið einna drýgstur.

Mjer virðist því Hólaskóli vel sæmdur af þeim 3500 kr., sem honum voru ætlaðar í stjórnarfrumv. fyrir sína 17 nemendur, þar sem Ólafsdalsskóla eru að eins ætlaðar 2500 krónur.

Enn er það eitt, sem jeg þarf að taka fram og mikla þýðingu hefur. Til þess að skóli geti kennt jarðyrkjustörf að nokkru gagni, þá þarf hann að eiga öll verkfæri, er til þess heyra, að gjöra jarðabætur eptir þeim reglum, sem við eiga. Jeg hef engar skýrslur um þessi verkfæri nema frá Hólaskóla og þar eru jarðabótaverkfæri, stór og smá, metin á 434 kr. í síðasta reikningi, en hafa áður verið metin hátt upp í 500 krónur, svo að á síðustu þremur árum hafa þau verið að ganga úr sjer meir og meir, og er það ekki nein sjerleg meðmæli með skólanum, að mínu áliti og jeg held það enga ósanngirni, þó maður vildi heimta svo mikið móti jafnmiklu landssjóðsfje sem það, að skólinn hjeldi við þessum litlu verkfærum, sem hann var búinn að eignast, svo nemendurnir þyrftu ekki að gjöra jarðabætur skólans með berum gómunum. Og jarðyrkjuverkfæri fyrir 400 kr. er hörmulega lítið; það er ekki meira en hjá duglegum bændum; jeg þekki bónda, sem á eins mikil jarðyrkjuverkfæri og á þó ekki nema um 2000 kr. bú að öllu samanlögðu. Þegar nú á það er litið, hve jarðyrkjuverkfæri eru dýr, þar sem almennileg kerra kostar á annað hundrað kr., plógur um 60 kr., herfi um 20 kr., aktygi á 2 hesta um 50 kr., hallamælir 30—40 kr. og þá getur maður sjeð, að ýms smærri handverkfæri og þesskonar, nægilega mikil fyrir 20—30 manns

ættu að kosta ekki svo lítið. Það er því ekki væntanlegt, að 26 menn geti unnið mikil jarðyrkjustörf með verkfærum fyrir rúmar 400 krónur.

Jeg legg miklu minni áherzlu á bókkennsluna, en hina verklegu kennslu, en þó álít jeg nauðsynlegt, að skólarnir verji dálitlu fje til bókakaupa eða bókasafns handa skólunum. Skýrslan um bókaeign Hólaskóla er ekki betri en annað; hún sýnir, að árin 1891—92, þá átti skólinn bækur að eins fyrir 93 krónur, en 1892—1893 fyrir 120 kr. og er það alls ekki óviðráðanlegt bókasafn fyrir svo margmennan skóla. Eiðaskóli átti þá um sömu mundir 120 kr. í bókum og jafnvel Hvanneyrarskóli 200 kr. Frá Ólafsdalsskóla hef jeg enga reikninga um það efni, en jeg veit þó, að á síðustu tveimur árum voru þar keyptar bækur fyrir 130 kr. handa bókasafni skólans og er það meira en Hólaskóli hefir eignazt alla sína tíð.

Jeg verð því að vera því samdóma, er h. framsögum. (S. St.) tók fram, að ekki megi hækka tillagið til Hólaskóla og Eiðaskóla meira en nefndin fer fram á. Jeg álít, að það hefði verið rjett, að láta þá upphæð halda sjer, sem stóð í frumv. stjórnarinnar, en Nd. hefur hækkað styrkinn til Hólaskóla svo gífurlega, að fjárlaganefnd Ed. vildi hliðra til og hækka tillagið til Hólaskólans 1500 kr. fyrra árið, með tilliti til húsbyggingarinnar.

Nefndin álítur það þó ekki rjetta stefnu, að veita fje til slíks, er skólastjórnir ráðast í að byggja hús að fjárveitingarvaldinu fornspurðu, enda geta húsbyggingar eigi verið aðalskilyrði fyrir styrkveitingu eða framförum skólanna. Skóli getur verið góður, þó hann hafi ekki svo stór eða stássleg húsakynni. Það er betra, að nemendur kunni eitthvert verk að vinna, en þó þeir venjist á svo gott húsnæði, miklu betri húsakynni, en þeir síðar eiga færi á að veita sjer.

Af þeirri ástæðu verð jeg að álíta, að h. þingd. geti ekki fylgt Nd. í þessu máli, heldur fylgi hún tillögum nefndarinnar, úr því ekki hafa komið tillögur um, að lækka styrkinn meira, en hjer er gjört.

Jeg gat áðan um jarðyrkjuverkfæri þau, er Hólaskóli ætti. En jeg gleymdi þá, að geta þess, að Hvanneyraskóli á jarðyrkjuverkfæri fyrir 480 kr. eða talsvert meiri en Hólaskóli. Á Eiðum sje jeg ekki minnst á jarðyrkjuverkfæri, enda hef jeg heyrt, að skólinn eigi engan plóg og jafnvel ekki kerru. Hann á kannske eitthvað af skóflum t. d. í fjós og eldhús, en það get jeg nú ekki talið með eiginlegum jarðyrkjuverkfærum.

Í Ólafsdal er svo mikið af slíkum jarðyrkjuverkfærum, að ekki þarf að kvarta undan honum í þeim efnum; á skýrslunum sjest ekki, hvað þau nema miklu, en þar voru smíðuð verkfæri fyrir rúmar 600 kr. árið 1892 og er það næstum helmingi meira en til er á Hólum; þar í (Ólafsdal) er svo mikið af jarðyrkjuverkfærum, að þótt allir skólasveinar færu þar til verka, þá gætu þeir haft næg verkfæri. Eg segi ekki, að allir geti haft sama verkfærið, sízt hin dýrari, en 5—6 geta haft plóg og jafnmargir kerrur, og álít jeg það mikil meðmæli með búnaðarskóla.

Einustu ástæðurnar, sem færðar hafa verið móti því, að veita Ólafsdalsskólanum eins mikið fje og Hólaskóla, eru þær, að hann (Ólafsdalsskólinn) sje einstaks manns eign; jeg neita því ekki, að þetta er nokkur ástæða, en ekki eins sjerlega mikilsverð og margur álítur. Fje það, sem veitt er hverjum búnaðarskóla, er þó tapað landssjóði, og enginn mun neita því, að Ólafsdalsskólinn eigi gott skilið, og þótt framkvæmdir hans og gjörðir verði beinlínis eigandanum til gagns, þá verða þær þó jafnframt óbeinlínis öllu landinu til gagns. Einmitt af þeirri ástæðu, að skólinn er einstaks manns eign, þá hefur eng-

inn komið fram með tillögu um að hækka styrkinn, hvorki fjárlaganefndin nje þingmenn aðrir, þótt jeg verði að játa, að þessi skóli ætti skilið, að fá helmingi meira en ekki helmingi minna en hinir, og meiri jöfnuður hefði líklega fengizt, ef menn hefðu ekki bitið sig fasta í nemendatöluna eina, þá nemendatölu, sem á að verða á Hólum í ár, og ekki glápt eins fast á þessa háu byggingu, sem þar kvað vera komin á fót. Þó að jeg sje nokkuð sparsamur, þá er minni sparsemi eigi svo varið, að jeg vilji, að landssjóður hætti að veita fje til skólanna, svo að skólarnir fyrir það leggist niður, því að það myndu þeir gjöra, ef þeir væru *ekkert* styrktir. Nei, jeg álít þvert á móti mjög varhugavert að svipta þá styrknum og ekki rjett, því að með fjárveitingunni að undanförnu mætti þá segja, að þingið hefði dregið þá á tálar, því vegna hennar eru þeir komnir svona langt á leið; þeir hafa vonað, að löggjafarvaldið myndi halda áfram að veita þeim fje, en ef því er svo hætt algjörlega, er verra en það hefði aldrei verið gjört, en það er allt annað, að vera ekki að hækka það ár frá ári eða þing eptir þing, því það fje, sem hefur verið enda of lítið fyrir þá, meðan þeir voru að komast á fót, getur eða ætti að geta reynzt þeim nægilegt úr þessu, enda geta þá hjeruðin sjálf lagt eitthvað til, ef á þarf að halda. Jeg ímynda mjer líka, að það verði til að spilla fyrir skólunum eða gjöra þá óvinsælli, að vera alltaf að auka styrkinn til þeirra ár frá ári.

Eins og nú stendur eru skoðanir manna nokkuð á reiki um fyrirkomulag skólanna og þingið myndi vera öruggara í fjárveitingu sinni, ef það væri ekki. Menn hafa mikið talað um, að fá meiri verklega æfingu, en nú á sér stað, og til að koma því á, hefur verið talað um að stofna einn allsherjarskóla, en jeg kem því ekki í höfuðið á mjer, að einn skóli veiti meiri verklega æfingu en margir; jeg ímynda mjer, að því stærri sem skólarnir eru og því fleiri, sem nemendurnir eru á einum skóla, því minni muni verklega æfingin verða fyrir hvern einstakan. Hinar verklegu æfingar eru bundnar því skilyrði, að hægt sje að gjöra þær jarðabætur, er þörf er á, svo sem skurðagröpt, vatnsveitingar o. fl. En jeg þekki enga jörð, sem ekki er hægt að tæma, þar sem væru t. d. 40 verkamenn ár eptir ár. Sú eina jarðabót, sem menn mundu álíta, að lengi mætti gjöra á flestum jörðum, þótt nokkrir verkamenn væru, eru þúfnasljetturnar, en þó reynist það nú svo, að þær eiga sjer takmörk, eins og annað; sú jarðabót verður að takmarkast eptir áburðarmegninu á jörðinni, því að rífa upp jörðina án þess, að nægur áburður sje við hendina, það er sama sem að eyðileggja hana um margra ára bil. Jeg ímynda mjer, að því fleiri sem nemendurnir eru, því minni verði verklega æfingin, svo að það er langt frá mjer, að veita fje til þess eins, að nemendur fjölgi, sem að eins fá að þefa ofan í einhverja bóklega fræði, en fá varla að læra nokkurt verk að vinna, er þeir gætu ekki lært, hvar sem þeir vildu, sjer og öðrum að kostnaðarlausu. Jeg vil vera með því, að þessir skólar fái hæfilegan styrk, helzt eins og lagt var til í stjórnarfrumvarpinu, því að skólarnir geta með hæfilegum nemendafjölda komizt af með það fje. Jeg álít, sem sagt, að stjórnin hafi áætlað þeim nægilegt fje í frumvarpi sínu, og breyting sú, sem fjárlaganefnd Ed. hefur gjört á þeim upphæðum, eru að eins gjörðar af tilhliðrun við Nd., en ekki byggðar á neinum ástæðum.

Jeg skal ekki fara fleirum orðum um þennan lið, en minnast nokkuð á hinn annan lið, um stofnun aukalæknisumdæmisins í Strandasýslu.

Hin h. fjárlaganefnd vill fella einn aukalækni, er Nd. hefur samþ. að skipaður yrði, en í stað þess stungið upp á einum í staðinn.

Jeg er ekki kunnugur í Árnessýslu til hlítar og skal því eigi fara mörgum orðum um stofnun aukalæknisumdæmisins þar, en í Strandasýslu er jeg kunnugur og get því lýst þörfinni á lækni þar.

Hver, sem virðir fyrir sjer uppdrátt Íslands, hann verður að játa, að Strandasýslubúar gjöra það ekki að gamni sínu, að biðja um aukalækni. Það er ekki, að jeg frekast veit í nokkru öðru hjeraði landsins eins langt og torsótt til læknis, eins og þar. Það er yfir tvær heiðar að fara og nokkra hálsa, og vegalengdin, þar sem lengst er eigi minni en $4^1/_2$ þingmannaleið. Önnur heiðin er mjög löng og ógreið yfirferðar, og þó er nokkuð af hinni heiðinni öllu verra yfirferðar. En yfir þessa heiði verður heldur ekki farið nema í bezta veðri, og þá verður að fara aðra leið, sem er hálfu lengri og öllu verri yfirferðar, þar að auki yfir nokkra hálsa norður frá Trjekyllisheiði, sem eigi eru betri yfirferðar, en mörg heiði í öðrum byggðarlögum.

Bænarskrárnar úr þessari sýslu fara fram á, að aukalæknir sje settur í tveimur nyrztu hreppunum, og þegar þessir hreppar eru bornir saman við Eyjahrepp og Grunnavíkur og Sljettuhreppa — sem jeg þó játa fullkomlega, að þurfi með aukalæknis — þá sýnist það ekki neitt um of, að þessir hreppar fái aukalækni fyrir sig, en af því jeg vildi ekki fara lengra en jeg þurfti með að toga fje út úr landssjóðnum, þá fór jeg ekki frekara en svo í sakirnar, en að biðja að eins um aukalækni í Strandasýslu, er sæti í Steingrímsfirði innanverðum og væri þar af leiðandi að eins bráðabyrgðarlæknir, þangað til sá læknir, sem nú er í hjeraðinu, segir af sjer, eða fellur frá, því bæði jeg og nefndin yfir höfuð taldi það gjörlegt, þó erfitt sje að læknahjerað þetta hafi að eins einn lækni, er sitji í Steingrímsfirði innanverðum, og þessi aukalæknir sje því að eins skipaður til bráðabyrgða. Læknir sá, sem nú er hjeraðslæknir er lækna elztur á landinu og mun því eigi verða langt að bíða læknaskipta. Það er enda ekki ólíklegt, ef aukalæknir ekki fæst í Strandasýslu, að núverandi læknir segi af sjer innan skamms, af því hann vilji ekki hafa það á samvizkunni, að jóðsjúkar konur og aðrir sjúklingar deyi fyrir þá skuld, að hann býr þar sem hann er, og getur því ekki komið þeim til hjálpar. En eigi yrði það mikill sparnaður fyrir landssjóð, þótt hann segði af sjer, því að af því hann er lækna elztur, þá myndi hann hafa 7—800 kr. í eptirlaun; það yrði að eins 2—300 kr. hagur fyrir landssjóð, ef hann segði af sjer, og skipaður yrði nýr læknir, móts við það, að hann sitji í embætti og hafi aukalækni sjer til aðstoðar.

Jeg ætla þá að minnast fáum orðum á breytingartillögu, h. þm. S.-Þing. (E Á.) um aukalækni í Hálsa-Ljósavatns og Grýtubakkahreppum í Suðurþingeyjarþingi. Jeg ímynda mjer, að þörfin sje fullbrýn, og enda brýnni en í Húnavatnssýslu. En nú er á hitt að líta. Stendur landssjóður sig við, að veita fje til allra þessara aukalækna, sem farið er fram á?. Jeg lít fyrst á þetta, og af því, að jeg efast um, að svo sje, þá efast jeg um, hvort rjett sje, að veita fje til þessa aukalæknis.

Hjeðan af álít jeg, að eins og hagur landssjóðs stendur, eða þegar á allt er litið, að þá sje um tvennt að gjöra, annaðhvort, að veita allar þessar beiðslur um aukalækna, eða sinna ekki fleirum en komið er. Það eina rjetta, sem þingið getur gjört er að bæta þar úr þörfinni, sem hún er mest en láta hina bíða, þar til betur stendur á. Meira verður ekki gjört að sinni. Þörfin er hvervetna mikil, og jeg er sannfærður um, að þörfin er engu minni eða jafnvel víða meiri, en í sumum þessum hjeruðum, sem þingið nú samþ. að stofna aukalækna í. Jeg vil, að þingið bæti að eins þar úr þörfinni, sem hún er mest, því að jeg

gjöri ráð fyrir, að landssjóður geti ekki borið allan þann kostnað, sem leiðir af þeim aukalæknum öllum, er nú hefur verið beðið um, og því síður til þeirra, sem að líkindum verður beðið um á næsta þingi, væru þeir allir samþykktir, enda fengjust eigi læknaefni til þeirra, þau væru ekki til.

En ef nú þingið samþykkir aukalækna svo í hægum hjeruðum sem erfiðum, þá get jeg, að erfitt verði að fá lækna þangað, sem torfærur eru mestar og þörfin mest, því að vitanlegt er, að laun aukalæknanna eru sultarlaun, og eigi þeir völ á hægu hjeraði, þá munu þeir heldur taka það en hið erfiða. Niðurstaðan verður því sú, ef þingið samþykkir aukalækna, hvar sem er, að engir læknar fást til þeirra hjeraðanna, sem erfiðust er yfirsóknin, og þar er þó vanalega þörfin brýnust. Niðurstaðan verður því sú sama og ef þingið setti þar aukalækna, sem þeirra þarf sízt með, en neitaði öllum hinum, sem eru nauðbeygðir til að biðja um slíka hjálp.

Af þessum ástæðum mun jeg ekki geta greitt atkvæði með aukalækni í Húnavatnssýslu eða Þingeyjarsýslu að þessu sinni.

Viðvíkjandi hækkun á launum Björns Ólafssonar á Akranesi hafa engin mótmæli komið hjer í deildinni, enda væri það eitt af því, sem þinginu hefði orðið til vansa, ef það hefði ekki látið hann hafa þessi laun. Að veita honum 1500 kr. eins og Nd. samþ., er sama og sagt hefði verið við hann: Vjer viljum ekki hafa þig; það er sama og að segja skýlaust nei.

Þessi læknir er í svo miklu áliti og samskonar læknar eru svo fágætir, að oss er sómi að hlynna að honum, og gagn um leið, og það svo mikið gagn, að hann er ekki einungis verður 2000 kr. launa, heldur 3000; jeg hefði verið með því, þótt sú uppástunga hefði komið fram. En af því að Nd. hefur sótt það mál af svo miklu kappi, að narta utan úr þessum lágu launum, sem stungið var upp á, þá mun ekki til neins að fara fram á, að hafa þau hærri, enda þótt mjer sje með öllu óskiljanlegur sá hugsunarháttur, sem hefur legið til grundvallar fyrir þessari nurlarapólitík í þessu eina atriði, þar sem þó bæði sómi þingsins gat naumast talizt óskertur, ef hún hefði náð fram að ganga, og að færsla læknis þessa hingað til Reykjavíkur er auk þess mjög nauðsynleg fyrir alla, sem þurfa að leita hans.

Þorleifur Jónsson: Það er út af ummælum h. þm. Strandam. (G. G.), að jeg þarf að svara nokkrum orðum. Hann vildi miða styrkinn til búnaðarskólanna við nemendatöluna, eins og hún var í fyrra, en ekki eins og hún er nú. En þetta er öldungis fráleitt. Nú vitum vjer, að nemendatalan er á Hólaskóla í ár 26, og það hlýtur að auka útgjöldin fyrir skólann mikið. Hvað nemendatalan hefur verið undanfarin ár, kemur ekkert styrknum við fyrir næsta fjárhagstímabil. H. sami þm. vildi miða það gagn, sem skólarnir gjörðu við það, hve mikla verklega æfingu skólarnir veittu nemendum sínum. Þessu er jeg alveg samdóma, og jeg hygg, að Hólaskóli standi að þessu leyti engum búnaðarskóla landsins að baki, ekki einu sinni Ólafsdalsskólanum, heldur þvert á móti mun hann standa framar en þeir sumir í þessu efni; h. þm. Strandam. (G. G.) gat ekki sannað neitt annað. Um þann samanburð á jarðabótum, sem sami h. þm. gjörði, get jeg ekkert sagt, að því er snertir skólann í Ólafsdal. Jeg veit ekki til, að þingið hafi átt kost á, að sjá neina skýrslu um það frá þeim skóla; að minnsta kosti hefur sú skýrsla ekki legið frammi á lestrarsal þingsins. Það er því ekki hægt að segja neitt um það, hversu rjett þessi skýrsla frá h. þm. Strandam. er. Jeg segi ekki þetta af því, að jeg hafi horn í síðu skólans í Ólafsdal. Þvert á

móti virði jeg hann mikils og unni honum vel þess styrks, sem honum er ætlaður. En mjer virðist ekki h. þm. Strandam. þurfa að halda fram þeim skóla, á þann hátt að vera að niðra öðrum skólum.

Sami h. þm. talaði um, að bækur og verkfæri mundu lítil vera á Hólum í samanburði við í Ólafsdal. Bækurnar í Ólafsdal munu vera prívateign skólastjórans þar, og þó að jeg sje ekki kunnugur því, hve miklar bækur það eru, ætla jeg þó ekki muni fjarri sanni, að prívatbókasafn skólastjórans á Hólum muni vera allt eins mikið. Hann talaði og um, að í Ólafsdal væri smíðað mikið af jarðyrkjuverkfærum, eitt árið fyrir 600 kr. En jeg hygg, að þessi verkfæri sjeu eigi smíðuð handa skólanum heldur til þess að selja. Það er því ekki rjett, að tala um þessi verkfæri í sambandi við þau verkfæri, sem skólinn fær að njóta. En hafi Hólaskóli oflítið af verkfærum og bókum, sannar það einmitt, að hann þarf meiri styrk til þess að geta keypt sjer meiri verkfæri og bækur.

Það var annars nokkuð skrítið sumt, sem h. þm. Strandam. (G. G.) sagði í ræðu sinni. Það var hvað á móti öðru. Stundum sagði hann, að hann vildi veita skólanum í Ólafsdal helmingi meira, en ráð er fyrir gjört. Aptur sagði hann í öðru orðinu, að hann vildi helzt veita skólunum sömu upphæðir, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar. Hvernig í ósköpunum á að koma þessu saman? Það rekur sig hvað á annað.

Það getur hafa verið margt fleira að athuga við ræðu h. þm., en ræða hans var svo löng, að jeg man ekki allt, sem hann sagði, og get því ekki verið að eltast við það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að segja það enn sem fyrri, að það er ekki rjett að miða tölu nemenda á búnaðarskólunum við það, hvað þeir kunna að verða framvegis á ókomna tímanum, heldur við það, hvað þeir hafa verið. Jeg skal ekkert þræta við h. þm. Húnv. (Þ. J.) um það, hve margir nemendur ætla sjer að vera á Hólum næsta skólaár; það getur vel skeð, að þeir sjeu 26, en þá er nemendafjöldinn þar er borinn saman við nemendafjöldann á öðrum búnaðarskólum, t. a. m. í Ólafsdal, þá er sjálfsagt að miða við þá aðsókn, sem hefur verið, en ekki við það, hvað muni verða, eða hvað margir ætli sjer að verða. *(Þorl. Jónsson:* Jeg hef skýrslu um það frá áreiðanlegum manni, viðvíkjandi Hólaskóla). Það getur vel verið, en þá þarf að koma skýrsla fyrir sama ár frá hinum öðrum skólum, til þess að hægt sje að bera það saman. Skýrslur þær, sem fyrir liggja, ná að eins yfir fardagaárið 1892—1893, eins og eðlilegt er. Að eins hefur Hólaskóli fundið upp á því snjallræði, að skýra frá því, að svona margir ætli sjer að koma á skólann, að sjálfsögðu til þess að ná í meira fje af landssjóði, og glepja menn á tölum. Þetta gætu að sjálfsögðu hinir aðrir skólar einnig gjört, að segja að svo eða svo margir nemendur ætli að sækja skólana, en slíkt sannar ekki neitt.

Bókasafn Ólafsdalsskólans er alveg fráskilið bókasafni skólastjórans sjálfs; það dugar því ekki að slengja þeim saman. Bókasafn skólans er stofnað með samskotum, og hver námssveinn greiðir árlega eitthvað til þess og eins heimilisfólkið, og þetta bókasafn er til afnota fyrir námsmenn skólans. Verkfærin, sem eru í Ólafsdal, eru að sjálfsögðu eign skólastjórans, en úr því að þau eru til afnota við kennsluna gjörir ekkert til, hver þau á. Það getur ekki átt sjer stað, að skólinn eigi þau, með því að hann er einstaks manns eign með allri áhöfn sinni og áhöldum. Þegar nú þess er gætt, að á skólanum í Ólafsdal hafa á einu ári verið unnin 330 dagsverk að jarðabótum, og smíðuð jarðabótaverkfæri fyrir 600 kr., þá er þó auðsjeð, að nemendurnir hafa lært eitthvað meira en bara að stássa sig og hleypa

í sig vindi út af bóknámi og bókmenntum.

Viðvíkjandi því, að engin skýrsla sje fyrir þinginu frá skólanum í Olafsdal, skal jeg geta þess, að fjárlaganefndin hjer í þessari h. þingd. hefur haft hana fyrir sjer. H. þm. Húnv. (Þ. J.) getur átt kost á að sjá hana, ef hann vill, en hann hefur ekki beðið um það, hún er til hjer í salnum núna. En þar sem mjer virtist þingmaðurinn rengja það, að jeg hermdi rjett, skal jeg ekkert við hann þræta. Hann getur fengið að sjá sjálfur skýrsluna. Talan á nemendum skólanna á alls ekki að vera aðalskilyrði fyrir stærð styrkveitingarinnar af landssjóði, heldur gagn það, sem skólinn vinnur, eins og jeg hef áður tekið fram.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) hafði það í fyrri ræðu sinni, sem ástæðu fyrir háum styrk til Hólaskóla, að hann sje framtíðarskóli. Jeg veit nú ekki á hverju þingm. eða aðrir, sem það segja, byggja þá skoðun, fremur um hann en hina skólana; auðvitað getur hann einn orðið framtíðarskóli, ef þjóðin vill engann annan skóla hafa, en mjer þætti gaman að heyra, hvaða ástæður þingm. getur fært fyrir þessari skoðun sinni, og jeg vil spyrja: Er það rjett, að dubba svona upp einn af búnaðarskólunum svo ríflega, áður en hinir aðrir búnaðarskólarnir eru lagðir niður? En þegar Hólaskóli er orðinn einn eptir, og farið er að ryðja í hann takmarkalausu fje, verður hann, að jeg ímynda mjer, enn þá ópraktiskari en hann nú er (*Þorl. Jónsson:* Tómur spádómur). Sá spádómur er byggður á nokkurri þekkingu. (*Þorleifur Jónsson:* Ekki minnstu vitund). Þetta er búið til sem ástæður til þess að útvega skólanum háan styrk af landssjóði, bæði þetta, að á hann ætli að safnast mikill nemendafjöldi, og hitt, að hann sje kominn í skuldir fyrir húsbyggingu. Það hafa áður verið færð rök fyrir því, að það sje ekki rjett, að auka á útgjöld skólans í þeim tilgangi að útvega sjálfum sjer aukið fje af landssjóði. En annars var það fávizka að byggja timburhús á Hólum í stað steinhúss, því líklega hefði hægt verið að ná sjer efni í það, svo að skólinn hefði getað veitt sjer þá ánægju að ná sjer í meira fje af landssjóði, og mönnum hefði gefizt kostur á að fullnægja óskum hans. Annars hygg jeg, að hjeraðsbúar megi þakka fyrir, ef skólinn fær þann styrk, sem nefndin í þessari þingd. hefur ætlað honum, þó að ekki sje lengra farið.

Guttormur Vigfússon: Það er eitt atriði, sem minnzt hefur verið á í umr. þessa máls, sem jeg finn skyldu mína að tala nokkuð nákvæmar um, og er það búnaðarskólinn á Eiðum. Jeg skal að vísu játa það, að jeg tek ekki hart á h. fjárlaganefnd, þótt hún leggi til að færa lítið eitt niður styrkveitinguna til þessa skóla, og það því fremur, sem nefndin vill fara meðalveg milli stjórnarfrumv. og frumv. Nd.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Strandam. (G. G.) minntist á, að fardagaárið síðasta hefði ekki verið unnið að jarðabótum á Eiðaskólanum meira en svo að svari $^1/_2$ dagsverki á hvern námssvein, þá skal jeg taka það fram, að jafnvel þótt þar hafi allopt verið lítið unnið vegna ýmsra kringumstæðna, þá er þó þetta ár einstakt í sinni röð, og var einkum því valdandi hið afarkalda tíðarfar í fyrra vor, því að þá var snjór allt fram yfir fardaga, svo að almenn vinna á túnum byrjaði ekki fyr en eptir fardaga. Þetta dró mjög úr allri vorvinnu manna, og þá og að sjálfsögðu jarðabótastörfum námssveinanna. Skólinn mun heldur eigi þá hafa verið svo efnum búinn, að hann hafi getað haldið aðra vinnumenn en námssveinana, og veitti því ekki af að hafa þá til að annast fjeð um vorið. En samt er mjer kunnugt um það, að námssveinar Eiðaskólans hafa opt unnið meira, en um er getið í skýrslunum, að jarðabótum. Þannig hafa

þeir unnið að og stýrt jarðabótum fyrir búnaðarfjelag sveitarinnar.

H. þm. Strandam. (G. G.) talaði og um það, að ekki sæist at skýrslunum, að Eiðaskóli ætti nokkur verkfæri til, nema ef til vildi eitthvað af skóflum, til að brúka í fjós og eldhús. Jeg skal játa það, að jeg er ekki þessu svo kunnugur nú sem stendur, hver verkfæri þar eru til, en þó get jeg upplýst um það, að jeg hef látið úti til skólans tvennslags herfi og kerru með selatöji. Hvort skólinn muni eiga plóg veit jeg ekki, en hitt veit jeg, að hann er til á staðnum.

Það er ein breyt.till., sem jeg vil minnast á, og það er sú, sem stendur á þingskjali 498, og er frá hæstv. landsh. Jeg er honum mjög þakklátur fyrir þessa breyt.till. Vjer þingm. úr Múlasýslum höfðum til meðferðar á þing bænarskrá um það, að byggður væri viti á Dalatanga og það helzt sem allra fyrst, eða að landsstjórninni væri falið að sjá um, að það gæti komizt á. Það er kunnugt, að flest skip, er til Austurlandsins fara þar um, svo og skip, er til Norðurlandsins fara og Vesturlandsins, norðan um land taka landkenning við Austurland. Þetta er því áhugamál eigi að eins fyrir þennan fjórðung landsins, heldur og allra þeirra, er skip eiga, er sigla milli landa og fara þar um jafnaðarlega. Þetta er því nauðsynlegra nú á síðari tímum, með því skipaferðir eru nú fram eptir öllum vetri. Jeg talaði við kaupmann Wathne nú nýlega, þá er hann var hjer staddur, og sagði hann mjer, að hann hefði átt tal um þetta við landshöfðingjann, og var það álit Wathne's, að menn gætu í bráðina hjálpað sjer með ljósker. Að sjálfsögðu er mjög æskilegt að fá þar vita, og líka væri nauðsynlegt, að hafa í sambandi við hann þokuvæli til leiðbeiningar skipum, sem koma í þokum upp undir land, því að þokur eru tíðar á Austurlandi.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla mjer að eins að tala fáein orð, því að jeg geng út frá því, að till. fjárlaganefndarinnar fái góðar undirtektir hjer í þessari h. þingd. En af því að atkv. mitt fellur máske öðruvísi í einstökum atriðum, heldur en nefndarinnar, vil jeg gjöra grein fyrir mismuninum. Sjerstaklega gildir þetta um aukalæknana. Jeg skal játa það fúslega, að jeg er einn af þeim, sem álít nauðsynlegt að bæta enn þá við fleiri læknum, heldur en kostur er á að þessu sinni. Fyrir því gæti jeg, frá þeirri hlið skoðað, greitt atkvæði með öllum þeim aukalæknum, sem nú er óskað eptir. En þá er jeg lít á málið frá sjónarmiði landssjóðsins, treysti jeg honum varla til að bera það, að bætt sje við á einu ári 7—8 aukalæknum. Í öðru lagi er það að athuga, að með því að fjölga nú aukalæknum vel mikið allt í einu, verður þeim gjört erfiðara fyrir, sem mesta hafa þörfina, að fá lækni handa sjer, með því að ganga má að því vísu, að þeir muni fyrst og helzt setjast þar að, sem hagsvonin er mest og starfið hægara. Mjer blandast ekki hugur um, að greiða atkvæði með aukalækni í Strandasýslu. Það mun flestum ljóst, hve miklum erfiðleikum er bundið að fá þar læknishjálp, og þessi fyrirhugaði aukalæknir þar, er ætlaður að eins um stundarsakir, því að búizt er við, að við næstu læknaskipti verði hægt að gjöra þá breytingu á bústað læknisins, að burtu falli allur aukakostnaður til læknis á þessum stað. Viðvíkjandi því, að bæta við aukalækni í Árnessýslu, er það að segja, að jafnvel þótt það hjerað sje fjölmennt, er þó enginn fjallvegur þar þröskuldur í vegi. Fyrir því virðist gjörandi, að minnsta kosti í þetta sinn, að komast hjá því að auka þar við öðrum lækni. Læknir sá, sem þar er, situr á hentugum stað, og ekki eru líkindi til, að hann breyti um bústað, með því að hann hefur mjög góða jörð, sem er sjálfs hans eign. Ef tveir læknar væru í Árnessýslu, ætti annar

þeirra að sitja á Eyrarbakka eða þar nálægt, og þá gæti jeg greitt atkv. með því, sem hjer er stungið upp á.

Sjerstaklega er það breyt.till. á þingskj. 509, sem jeg vil minnast á. Jeg skal játa það, að þær upplýsingar, sem jeg hef fengið, að því er þessa breyt.till. snertir, hafa haft áhrif á mig. Jeg er einn af þeim, sem er dálítið kunnugur landsháttum á þessum stað, þó að jeg væri eigi einn af þeim, sem vitnað var til hjer í þessari h. þingd. Jeg skal játa það, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið að fá í þessum sveitum skjóta læknishjálp. Sjerstaklega gildir það um Þönglabakkaprestakall: Flatey, Flateyjardal og Firðina, því þar eru mjög torsóttir fjallgarðar. Að vísu er svo hagað, að þessum erfiðleikum er ekki á burtu rutt nema læknir sitji út á Flateyjardalnum, og þá yrði starfið fyrir aukalæknirinn nokkuð lítið, að eins Flateyjardalurinn, Flatey og hinir fáu bæir í fjörðunum. En ef aukalæknir er skipaður fyrir þetta hjerað og hefði aðsetur sitt í Höfðahverfi rjett undir fjöllunum, væri þó mikill munur á að vitja hans þangað eða sækja hann alla leið til Akureyrar, því að það er löng og torveld leið, hvort sem farið verður landveg eða sjóveg. Þess ber einnig að gæta, að þangað norður fer læknirinn á Akureyri út fyrir sitt eigið læknishjerað, og þá ferð, sem hann er ekki skyldugur að fara. Jeg mun þess vegna greiða atkv. með þessari breyt.till. En til þess að fjölgun aukalæknishjeraðanna geti haft hina tilætluðu þýðingu og að hin erfiðari læknishjeruð verði ekki samt sem áður út undan verð jeg að greiða atkv. móti stafl. k. og þó að mjer þyki ekki gott einnig á móti breyt.till. á þingskj. 518, aukalækni í Húnavatnssýslu. Jeg skal játa það, að æskilegt væri, að þetta stóra og fjölmenna hjerað fengi einnig sinn aukalækni, enda hygg jeg, að það sje að eins tímaspursmál, hvenær það verður. Jeg tel það enda víst, að ekki þurfi að bíða eptir því lengur en til næsta þings, ekki meira en 2 ár, og eptir atvikum er það ekki svo sjerlega langur tími. Jeg get ekki annað sjeð, en það sje talsverð ástæða til að gjöra þó dálítinn mun á læknisumdæmi því, sem hjer er um að ræða og öðrum umdæmum, sem stungið er uppá. Hjer eru þó engir stórkostlegir farartálmar, hvorki erfiðir fjallvegir nje vatnsföll. (*Þorl. Jónsson:* Blanda.) Já að vísu. En á henni verður bæði brú og ferja. Þó að leitt sje, að eigi verður að þessu sinni bætt úr læknaskorti í þessu fagra hjeraði, þá verður hver maður, sem þekkir til, að játa að auðveldara er frá þessum sveitum, sem hjer ræðir um, að ná til lækuis, þar sem hann situr nú, heldur en á sjer stað í S.-Þing.sýslu. Þetta er það, sem veldur því, að jeg gjöri þennan mun á þessum tveimur breyt.till. Jeg mundi gjarnsamlega greiða atkv. með aukalækni í þessum hluta Húnavatnssýslu, ef jeg sæi fært að auka í þetta sinn byrðina af læknum og aukalæknum á landssjóðnum.

Þá vil jeg stuttlega minnast á till. nefndarinnar um að auka þóknunina til augnalæknisins. Jeg er einn af þeim, sem álít bæði nauðsynlegt og sanngjarnt að auka þennan styrk. Jeg álít það beinlínis lofsvert og einnig skylt að samþ. þá till. nefndarinnar. Það er hin mesta ánægja fyrir oss að eiga jafn hæfan og duglegan mann í sinni mennt, eins og hjer er um að ræða, og oss er það skylt að leggja fram hóflegt fje handa slíkum manni, enda kemur hans starf oss að hinum fyllstu notum, með því móti, að hann setjist hjer að, þar sem flestir eiga hægast með að verða hjálpar hans aðnjótandi. — Jeg er því einnig samþykkur, að nefndin hafi haft hina fyllstu ástæðu til, að ráða til að veita þennan mjög litla styrk til tannlæknis Nickolín. Hjer er að eins farið fram á svo lítinn styrk, að ekki nemur meir en $^1/_8$ hluta að minnstu hjer-

aðslæknislaunum. Hjer er um þann mann að ræða, sem bæði hefur til að bera þá þekkingu í sjerstakri lækningagrein og áhöld, er aðrir læknar hjer á landi ekki hafa. Ef það hefði mikinn kostnað í för með sjer, að geta haldið þessum manni kyrrum, þá gæti það verið skoðunarmál, hvort vjer mættum leggja út í það. En þar sem um svo lítið fjárframlag er að ræða, að það vegur nær því ekki neitt fyrir landssjóðinn, og annars vegar er allmikil trygging fyrir því, að sjúklingar geti hjá hæfum manni fengið nauðsynlega hjálp, blandast mjer ekki hugur um, að full ástæða sje til, að greiða atkv. með þessum litla styrk.

ATKVÆÐAGR.: 8—9. gr. samþ. í e. hlj.; 1. breyt. nefnd. (C. 491) við 10. gr. A. 1 samþ. með 7 atkv.; 10. gr. A. 1 3 samþ. í e. hlj.; A. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 10. gr. B. 1.—4. og C. 1.—3. samþ. í e. hlj.; 2. br. n. (C. 491) við 10. gr. C. 4. a. 2. samþ með 8 atkv. gegn 1; 3. br. n. (C. 491) við 10. gr. C. 4. a. 3. samþ. með 10 atkv.; 10. gr. C. 4. a. 1.—4. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 10. gr. C. 4. b.—f. samþ. í e. hlj.; 4. br. n. (C. 491) við 10. gr. C. 4. g. samþ. með 10 atkv.; 10. gr. C. 5. a.—g. samþ. í e. hlj. Breyt.till. (C. 498) við sömu gr. C. 6. samþ. í e. hlj.; stafl. þannig breyttur samþ. í e. hlj.; 10. gr. C. 7.—8. samþ. í e. hlj.; 10. gr. frv. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 11. gr. 1 samþ. í e. hlj.; 11. gr. 2. stafl. a.—j. samþ. í e. hlj.; 5. br.till. n. (C. 491) við 11. gr. 2. k. samþ. með 6 atkv. gegn 2; 11. gr. 2. stafl. 1. samþ. með 9 atkv.; 6. br. n. (C. 491) við þennan stafl. samþ. án atkv. gr.; 7. br. n. (C. 491) samþ. í e. hlj.; br.till. (C. 518) felld með 6 : 4 atkv.; br.till. (C. 509) samþ. með 9 : 2 atkv. hvor; 11. gr. 2. samþ. í e. hlj.; 8. br. n. (C. 491) við 11. gr. 3 samþ. með 10 atkv.; 9. br. n. (C. 491) samþ. með 9 atkv.; 11. gr. 4. a.—e. samþ. í e. hlj.; 11. gr. frv. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Fundi frestað til kl. $5^1/_2$ e. h.

Framhaldsfundur, 22. ágúst kl. $5^1/_2$ e. h. Allir á fundi.

Var þá tekið fyrir:

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (12.—19. gr.); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingartillögur nefndarinnar við þennan kafla fjárlaganna, sem eptir er að ræða, og vona jeg þær ekki gefi tilefni til eins langra umr., eins og spannst út af hinni alkunnu 13. gr. í h. Nd., og að allt gangi friðsamlega og stórslysalítið til, þó við höfum leyft okkur að koma með nokkrar viðaukatill. Það er þá fyrst tölul. 6. á þingskj. 491 við 12. gr. C. a. 2. Nefndin hefur þar komið með viðbót við athugasemd þá, er h. Nd. hefur sett við styrkinn til skipstjóra Jónas Randulffs. Með því að styrkur þessi er bundinn við nafn, sem jeg raunar kann mjög illa við, þá getur svo farið, að ef maður þessi fellur frá eða á einhvern annan hátt ekki getur fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir fjárveitingunni, þá fellur þetta fyrirtæki, sem er þjóð og þingi svo mikið áhugamál, niður, þar eð bundnar eru hendur stjórnarinnar við þetta. Af þessari ástæðu hefur nefndin komið með þennan viðauka, að ef Jónas Randulff ekki á einhvern hátt geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru, þá megi veita styrkinn öðrum, ef þeir setji næga tryggingu fyrir, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið; því ef þetta færist fyrir af þeirri ástæðu, þá má sannarlega segja, að það sje ver farið en heima setið.

Þá er breyt.till. frá hæstv. landsh. við 12. gr. C. síðustu málsgr., að niðurlagið orðist þannig: „að gufubátar þeir, sem

njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum allt án sjerstaks endurgjalds". Orðunum er hjer að eins vikið dálítið við frá því, er í frv. stóð, og getur nefndin því ekki annað en fallizt á þessa breyt.till. hæstv. landsh. með því hún líka mun heppilegar orðuð.

Þá kemur 7. tölul. (C. 491) við 12. gr. D. a—b. Nefndin áleit að stryka mætti út fyrri athugasemdina við þessa staf., og setja að eins eina í staðinn, þannig orðaða, að „hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar til að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en $^1/_4$ alls kostnaðar". Nefndin fann ekki ástæðu til að breyta þessum upphæðum, er tilteknar eru í frv. Nd.; raunar hefur nefndin ekki haft fullkomnar skýrslur um hvorttveggja þetta fyrirtæki, en eptir því sem hún gat sjeð mun ekki vera mikill munur á þeim; þau hafa bæði mikil áhrif á verzlun hlutaðeigandi hjeraða, og þar af leiðandi alls landsins, og er því rjett, að landið stuðli að þeim, en hinsvegar er fje þetta ekki einhlítt, og því rjett, að hlutaðeigandi hjeruð, sem óneitanlega hafa mestan hag af þessu, leggi einnig til úr sínum eigin sjóðum.

Þá kemur nú þessi alræmda 13. gr., sem svo mikið umtalsefni hefur orðið í h. Nd. Þar er tölul. 8. á nefndarálitinu við B. I. b. um, að nýr liður bætist inn í, þess efnis, að veittur verði 400 kr. styrkur hvort árið til að gefa út kennslubækur á prestaskólanum. Nefndin hefur tekið upp þessa fjárveiting bæði af því, að bænarskrár hafa komið frá kennendum þessa skóla, með tilboði um að láta handritið ókeypis, og einnig af því, að þingið 1879, eins og flestum þm. mun kunnugt, hefur skorað á prestaskólakennarana að gefa fyrirlestra sína út, og út af þessari áskorun kom ráðherrabrjef, er fór í sömu stefnu. Eins og nú er, þá eyðist nær því allur tíminn fyrir nemendunum í að skrifa fyrirlestra, og gjörir það námið miklu örðugra og leiðinlegra; en ef kennslubækurnar yrðu gefnar út, yrði það ekki einungis til þess að gjöra nemendunum hægra fyrir, heldur einnig til þess, að við gætum fengið miklu betur menntaða guðfræðinga, þegar tíminn ekki þyrfti allur að ganga í skriptir. Við þessa breyt.till. nefnd. er aptur komin breyt.till. frá hæstv. landsh. um í stað 400 kr. hvort árið að setja 25 kr. fyrir örkina allt að 250 kr. hvort árið. Þótt jeg engan vegin áliti 400 kr. of mikið, þá get jeg þó í þetta skipti verið með þessari lækkun, af þeirri ástæðu, að óvíst er, hvað miklu kennendurnir geta komið af við hliðina á hinum öðrum störfum sínum. Eins og jeg tók fram, þá hafa kennararnir boðizt til að láta handritið fyrir ekki neitt, og jafnvel lofað að lesa prófarkirnar ókeypis; fje þetta gengur því eingöngu í kostnað þann, er af prentuninni leiðir. Við 13. gr. B. III. c. 5. leggur nefndin það til, að ölmusur hins lærða skóla sjeu færðar niður um 500 kr. hvort árið. Nefndin er reyndar á því, að aðsóknin að latínuskólanum sje orðin helzt til mikil, þar sem landsmenn svo að segja keppa um að senda sonu sína í latínuskólann, og öll útlit eru fyrir, að ef þessu heldur þannig áfram, að þá komi upp heill flokkur af lærðum mönnum, sem lítið fá að gjöra, og sem jeg ekki get álitið, að sje landinu til mikillar uppbyggingar, og þegar litið er á þetta, þá er eðlilegt, að h. Nd. hafi fært niður ölmusurnar; en þótt nefndin viðurkenni þetta fullkomlega, þá þótti henni þó Nd. hafa farið heldur langt í lækkuninni að þessu sinni, og því stungið upp á, að ölmusurnar sjeu á fjárhagstímabilinu lækkaðar að eins um 1000 kr. En jeg skal taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti álít það engan skaða skeð an, þó þessari miklu aðsókn að skólanum ljetti svolítið. Við höfum nú marga presta skólakandídata, sem alveg eru atvinnulausir, og líkt verður ofan á með læknana

ef við værum ekki sífellt að búa til embætti fyrir þá, sem auðvitað verður hlje á, þá er frá líður. Þá kemur 10. töluliður (491) við 13. gr. B. IV. b. 4. Þennan lið ræður nefndin til að hækka um 100 kr. Í frv. stjórnarinnar var þessi liður ákveðinn 500 kr. og þær ástæður færðar fyrir því, að bæði þyrfti að kaupa *ný teppi og* önnur rúmföt, þar eð þau gömlu væru orðin slitin, og af sömu ástæðum hefur nefndin einnig hækkað þennan lið upp í 500 kr.

Við þennan sama kafla hefur einnig komið fram breytingartill. á þingskjali 527 við 13. gr. B. IV. b. frá h. þm. Suður-Þingeyinga (E. Á.), en hann mun sjálfur færa ástæður fyrir henni, svo jeg get þessvegna sleppt því. Þá kemur 11. töluliður á nefndarálitinu við 13. gr. B. VI. að fyrir aftan staflið „f“ bætist inn nýr liður: „Til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja 150 kr. hvort árið“. Eins og tekið er fram í bænarskrá þeirri, er hann hefur sent, þá hefur aðsóknin að skólanum verið svo mikil, að nauðsyn er fyrir hann að taka sjer aðstoðarkennara og virtist nefndinni því, að öll sanngirni mælti með því, að honum yrði veitt þessi litla upphæð, og það því fremur, sem borgun sú, er hann fær af jafnaðarsjóðunum er fremur lítil. Ennfremur hefur nefndin lagt til, að við þessa sömu gr. B. VI. bætist nýr staflíður: Styrkur til að gefa út kennslubækur 600 kr. hvort árið Fje þetta var veitt á síðasta þingi, en stjórninni gafst ekki kostur á að nota það, með því að enginn bauðst til að gefa út þessar bækur, og hefur því stjórnin tekið upp aptur í fjárlögin þessa upphæð, en h. Nd. felldi hana, án þess jeg þó hafi heyrt neinar ástæður færðar fyrir því, en mjer hefur flogið fyrir eyru, að það mundi vera af því, að útgáfa þessara bóka borgaði sig svo vel, að ekki væri þörf á að veita sjerstakt fje til þess. En það sjest bezt, hvaða hag menn álíta sig hafa af að gefa út þessar bækur, að enginn hefur viljað taka það að sjer, þótt styrkur hafi verið boðinn til þess, enda hef jeg líka heyrt, að sumir af þeim, er stjórnin fór þess á leit við að taka þennan starfa að sjer, hafi skorazt undan því, einmitt af þeirri ástæðu, að það ekki mundi borga sig, því þó þeir með tímanum gætu haft von um að ná upp fje því og ómaki, er þeir kostuðu til þess, þá gengju þessar bækur svo dræmt út, og kostnaðurinn í byrjuninni svo mikill, að það alls ekki svaraði kostnaði að eiga neitt við það. Hinsvegar er svo brýn nauðsyn á þessum bókum, ef alþýðu- og barnaskólarnir eiga að verða að fullum notum, að mjer finnst skylt, að þingið geri sitt til, að þær komist út, og ætið meiri líkindi til, að stjórnin geti fengið einhvern hæfan mann, til að taka þetta að sjer, ef hún getur visað strax á styrkinn. Mjer finnst sannarlega þingið eða h. Nd. taki með annari hendinni það, sem hún gefur með hinni, ef þessi styrkur til sveitakennara eða barnakennslu, sem hún hefur hækkað, er bundinn því skilyrði, að hann getur ekki orðið börnunum eða þeim, sem hann á að hjálpa að fullum notum, eins og verður, ef kennslubækurnar vanta. Þá er 13. töluliður við 13. gr. VII. Nefndinni þykir rjett að bæta hjer inn í 500 kr. fyrra árið til að gjöra við sundlaugina við Reykjavík. Eins og mönnum er kunnugt um, var á síðasta þingi veittar 500 kr. til þessarar sömu sundlaugar, en nú hefur reynslan sýnt, að þær hvergi nærri voru nægar, heldur vantar nú annað eins og meira til þess, að laugin verði fullgjörð; þó það nú ef til vill megi segja, að það standi Reykjavík næst, að kosta til þessarar sundlaugar, þá er þess að gæta, að það er ekki Reykjavík ein, sem hefur gagn af þessari sundlaug, heldur allt landið, með því að það skilyrði er sett, að lærisveinar hins lærða skóla skuli njóta þar

ókeypis sundkennslu, en með þeim breiðist þessi fagra íþrótt, sem öllum kemur saman um, að sje bæði fögur og þörf, út um allt landið. Það er þegar vaknaður áhugi hjá mönnum um land allt fyrir þessari íþrótt, og þessi áhugi mun því fremur haldast, sem lærisveinar latínuskólans njóta sundkennslu hjer í Reykjavík. Eins og í nefndarálitinu stendur, mun þurfa allt að 700 kr. til þessarar aðgjörðar, svo enginn þarf að hafa samvizku út af því, að Reykjavík fái ekki að leggja sitt til, og í öðru lagi er varnagla slegið við því, að framvegis komi bænarskrár um meiri styrk, með því, að nefndin hefur lagt það til, að styrkurinn verði ekki útborgaður, fyr en verkið er fullgjört, og vona jeg, að h. d. fallist því fremur á þessa tillögu nefndarinnar, sem þetta, eins og jeg áður hef tekið fram, er ekki gjört fyrir Reykjavík eina, heldur fyrir allt landið í heild sinni. Eins og laugin er nú á sig komin mun vart kennandi sund í henni. Fyrirsögnina fyrir 13. gr. C. vill nefndin orða þannig: „Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta“ í stað þess, sem áður stóð: „Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta“, með því að undir þessum lið 13. gr. er veittur styrkur til ýmsra fyrirtækja, sem ekki geta talizt vísindaleg. Ennfremur leggur nefndin til, að skilyrðið við 13. gr. C. 12. falli burt, og það því fremur, sem það mun hafa slæðzt inn af ógáti. Aptan af tölulið 14 í 13. gr. C., ræður nefndin til að fella burtu orðin: og til útbreiðslu bindindisrita; það er að eins lítilfjörleg orðabreyting. Þá kemur breytingartillaga nefndarinnar við 15. tölulið 13. gr. C., um styrkinn til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar; nefndin hefur viljað orða þennan tölulið á annan hátt, sem sje, að styrkurinn sje bundinn því skilyrði, að verkið sje unnið á þann hátt, sem hlutaðeigandi sjálfur hefur í brjefi til nefndarinnar dagsettu 17. þ. m. skýrt frá, að hann hafi hugsað sjer. Með því að upphæð sú, er hjer ræðir um, mun ekki vera ofhá, þá vill nefndin ráða deildinni til að samþykkja styrkinn, en henni þótti betur fara, að trygging væri fyrir, að verk þetta væri viðunanlega af hendi leyst, og hefur því nefndin bætt því við, að verkið skuli unnið undir umsjón landsstjórnarinnar. Næsta breytingartillaga mun vera tillaga nefnd. um að fella 19. tölulið 13. gr. C. burtu. Þótt jeg sje framsögumaður nefndarinnar þá get jeg ekki mælt fram með þessari breytingartillögu, hún fer sem sje fram á að fella burtu ferðastyrk til verzlunarmanns D. Thomsens til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það. Jeg get ekki verið nefndinni samdóma um að fella burtu þennan styrk, því þó jeg játi, að tvísýnt geti verið um, hvaða árangur þessi ferð hafi, þá er þetta svo lítil upphæð, einar 1800 kr., að jeg álít ekki rjett, að fella hana burtu, ef nokkur von er um, að gagn geti af henni hlotizt, og það þarf sannarlega ekki að vera mikið til þess, að borga þessar 1800 kr. Eins og mönnum er kunnugt um, þá hefur komið áskorun til þingsins um, að afla mönnum meiri þekkingar á hinum útlendu mörkuðum, að því leyti, er verzlunarvörur okkar snertir, og sýnist það vera rjettast, að landssjóður stuðli til þess, með því að veita einhverjum manni styrk til að kynna sjer þessa markaði.

Nú hafa hinar íslenzku vörur hvert árið á fætur öðru verið í verra og verra verði. Saltfiskurinn var t. d. í mjög lágu verði 1892, en þá barst sú fregn, að samningur hefði komizt á milli Spánar og Danmerkur, og bjuggust menn því við, að fiskurinn mundi hækka töluvert í ár, en þrátt fyrir þennan samning er fiskur í litlu meira verði nú, og miklu lægra, þegar tekið er tillit til tollsins, sem ljett hefur verið af. Jeg held sannarlega, að mönnum skiljist af þessu, að vert er að

athuga, hvort ekki sje gjörandi að eyða einhverju fje til að auka þekking á mörkuðum íslenzku vörunnar, ekki einungis vegna saltfisksins, heldur einnig vegna ullarinnar. Þegar gætt er að, að vörur munu vera fluttar út fyrir 45 miljónir, þá þarf sannarlega ekki að vera mikill hagnaður af förinni til að vinna þennan kostnað upp; ef íslenzka varan hækkaði um örfáa aura á hverju hundraði króna, mundi það verða meir en nóg til að borga óbeinlínis þessar 1800 kr. Jeg get því ekki álitið rjett, að fella burtu þessa styrkveitingu, heldur reyna, hvort þessi maður ekki verði að notum. Jeg held ekki að neinn kvíðboga þurfi að bera fyrir, að þessi fjárveiting verði óvinsæl hjá þjóðinni, sem svo lengi hefur stunið undir óhagstæðri verzlun, og þar af leiðandi bágindum. Slík ferð, sem þessi, gæti verið til upplýsinga fyrir margt, og haft töluverða þýðingu fyrir verzlunina. Þó þessi maður sje kaupmaður, þá sje jeg enga ástæðu fyrir það, til að tortryggja hann, og á hinn bóginn er ólíklegt, að hann mundi takast þessa ferð á hendur, ef hún gæti skaðað kaupmannastjettina, þar sem hann er einn í þeirra tölu, og að hinir íslenzku kaupmenn geti einnig notið góðs af ferðinni, álít jeg einmitt gott. Jeg verð því sem sagt, að greiða atkvæði á móti þessari tillögu nefndarinnar af ofangreindum ástæðum. Þá hefur nefndin komið með tvær viðaukatillögur um, að tveimur nýjum liðum sje bætt við þessa 13. gr. C. Liðir þessir eru að vísu nýir fyrir þessari deild, en gamlir kunningjar h. Nd., en voru felldir þar með mjög litlum atkvæðamun, og er það sannast að segja, að þeir hafi farið þaðan hálfnauðugir. Þessir tveir liðir, er nefndin ræður h. deild til að samþykkja, er styrkur til sjera Jónasar á Hrafnagili, til að gefa út dansk-íslenzka orðabók, og styrkur til Geirs kennara Zoëga til að gefa út ensk-íslenzka orðabók. Nefndin var öll samdóma um, að full ástæða væri til að styrkja báðar þessar bókaútgáfur, með því að full nauðsyn væri á þeim. Hvað enskuna snertir, þá er það að segja, að í því máli er engin orðabók til, heldur að eins lítilfjörleg orðasöfn aptan við lesbækur, en engin regluleg orðabók. Í dönsku eigum við að vísu eina orðabók, en það er bæði, að hún er uppseld, enda var hún svo dýr, að það var ógjörningur fyrir almúgamenn að kaupa hana. Það er öllum kunnugt, að bæði þessi mál enska og danska liggja okkur svo nærri og eru svo áríðandi, að það svo að segja er nauðsynlegt fyrir hvern mann að geta bjargað sjer í þeim, vegna þess, að við höfum svo mikil viðskipti, og svo mikið saman við bæði þessi lönd að sælda. Jeg skal raunar ekki gjöra neitt kappsmál úr þessum viðaukatillögum, en jeg ímynda mjer einnig, að bæði í þessari h. deild og eins í h. Nd. sjeu svo margir menntamenn og menntavinir, að þeir ekki heldur gjöri neitt kappsmál úr þessu, og það því fremur, sem styrkur þessi er mjög lítill og veittur að eins í eitt skipti fyrir öll. Þá mun þessu næst koma breyt.till. á þingskj. 519 frá tveimur h. þm., um að nýr töluliður bætist aptan við 13. gr. C. svo hljóðandi: „Til landlæknis Schierbecks í viðurkenningarskyni fyrir framkvæmdir hans í lækningum, og sem uppbót á launum hans 3000 kr“. Eins og mönnum er kunnugt um, þá hefur þinginu borizt bænarskrá frá þessum heiðursmanni um launauppbót, en fjárlaganefndin í Nd. fann ekki ástæðu til að taka hana til greina, og enginn þeirra h. þingdm. varð heldur til þess að taka hana upp. Nefndin hjer, eða að minnsta kosti meiri hluti nefndarinnar hefur, eins og menn sjá, ekki heldur fundið neina hvöt hjá sjer til að sinna þessari bænarskrá. Breyt.till. fer fram á að veita landlækni Schierbeck 3000 kr. launauppbót, en öllum, sem lesið hafa bænarskrá hans, mun það augljóst, að hann

ekki mun gjöra sig ánægðan með þá upphæð, heldur þykist hann hafa rjett á miklu meira, og það jafnvel lagalegan rjett, eptir því sem mjer skilst á honum. Þó þessi maður sje allrar virðingar verður, þá get jeg þó ekki verið með þessari breytingartillögu, því hvort sem það er að kenna misskilningi hjá manninum sjálfum, eða að hann hefur borið ofmikla tiltrú til einhverra vissra manna, þegar hann sótti um embættið, þá álít jeg ekki, að það sje þingsins að bæta úr því, en sje það rjett, að hann hafi lagalega heimting á þessari uppbót, finnst mjer honum innanhandar að leita rjettar síns hjá dómstólunum. Jeg skal einnig benda mönnum á, að þessum manni hefur af þinginu verið veittar 600 kr. fyrir starfa, sem hann auðvitað á laun skilið fyrir, en sem jeg þó hef heyrt, að þingið hafi veitt honum sjerstaklega með tilliti til þessarar launalækkunar. Hversu vel, sem jeg hef viljað manninum sjálfum, get jeg því ekki gefið þessari breyt.till. atkv. mitt.

Við 15. gr. stingur nefndin upp á þeirri breytingu, að ellistyrkur til Jóns bónda Halldórssonar sje felldur burtu. Nendin leggur til að veita ekki þennan ellistyrk, ekki af því, að hún álíti ekki, að þessi sómamaður hafi unnið til hans, og hafi þörf fyrir hann, heldur af því, að hún álítur, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að það sje mjög hættulegt að taka upp á að veita bændum eptirlaun eða ellistyrk. Það eru svo margir heiðurs- og sómabændur til á landinu, er með jöfnum rjetti gætu átt heimting á þesshättar styrk, að ef því væri haldið áfram, þá hlypi það ekki einungis upp í mörg hundruð, heldur þúsund árlega; en bændastjettin yfir höfuð held jeg, að væri engu bættari að heldur. Nefndinni hefur einnig borizt það til eyrna, að þessi sómamaður sje nú kominn á þann stað, þar sem hann ekki hefur ástæðu til að örvænta um, að hann ekki hafi nóg, ef hann að eins hefur skap til að þiggja það. Hann mun eptir því, sem jeg hef heyrt vera kominn til manns, sem er giptur stjúpdóttur hans, og mun vera einn af ríkustu bændum á Suðurlandi.

Þá kemur síðasta breytingartillaga nefndarinnar, sem einnig er við 15. gr., og er um að hækka ellistyrkinn til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar heitins Vigfússonar, um 60 kr., eða með öðrum orðum upp í 160 kr. Þetta er háöldruð kona, ekkja eptir mann, sem góðs er verður af allri þjóðinni, og sem ekkert hefur sjer til framfæris nema einar 40 kr., er hún hefur í eptirlaun eptir fyrsta mann sinn, og hvað mikið sú upphæð hrekkur vitum við allir. Hún yrði því að vera komin upp á aðra, ef henni væri neitað um þessa upphæð, og ímyndaði nefndin sjer, að þingið ekki mundi vilja það.

Jeg hef þá gengið í gegnum allar þær breytingartill., er nefndin hefur komið fram með, og vona jeg, að þær fái góðan byr í h. deild; jeg skal því ekki að sinni fjölyrða meir um þær, fyr en jeg heyri, hvernig menn taka undir þær.

Einar Ásmundsson: Jeg hef leyft mjer, að bera upp breytingartill. eða viðaukatill. (á þingskj. 527) við þennan kafla frumv. eða 13. gr. Hún lýtur að því, að landssjóður kaupi nýtt og vandað hús á Möðruvöllum í Hörgárdal. Á skólasetrinu Möðruvöllum mun vera ætlazt til, að geti verið um 40 nemendur og 3 kennarar með fjölskyldum sínum og nauðsynlegu vinnufólki til búskapar á svo stórri jörð sem Möðruvellir eru. Jeg gjöri ráð fyrir, að allt þetta fólk hljóti að vera nálægt 70 manns. Fyrir nokkrum árum var byggt hús handa skólanum á kostnað landssjóðs, en jeg hygg, að það sje ekki stærra en svo, að það sje eigi nema handa skólastjóra og skólapiltum að vetrum til, eða handa hjer um bil 50 manns. Auk skólahússins er á Möðruvöllum stór og gamall

og mjög hrörlegur torfbær, sem fylgir jörðinni. Þessi gamli bær er byggður eptir okkar gamla íslenzka bæja-byggingarlagi. Hann er svo stór um sig, að hann mun taka yfir $^1/_4$—$^1/_3$ úr dagsláttu. Húsrúmið er þó tiltölulega mjög lítið í þessum rústum, meiri hlutinn er ekki annað en afarþykkir torfveggir og sund í millum húsanna. Bær þessi er svo hrörlegur og ótækur til íbúðar, að skólakennari Stefán Stefánsson neyddist til að byggja nýtt og vel vandað timburhús, til þess hann gæti haft viðunanlegt húsnæði handa sjer og sínum. Í þessu húsi býr nú eigandinn með heimafólki sínu, og hefur í fyrsta lagi ljeð hinum kennaranum húsnæði, og í annan stað hefur hann ljeð öllum þorra skólapiltanna húsrúm, bæði til að matast í og til matreiðslu. Þetta hús hefur verið virt af dómkvöddum mönnum á 6000 kr., og vill nú eigandinn, að landssjóður eignist húsið fyrir 4000 kr. og að auki það, sem nýta má úr bæjarræflinum, en það hefur verið virt 417 kr. og sömuleiðis álag, sem bænum fylgir að upphæð 570 kr. Að byggja bæinn upp í sama formi, sem hann hefur verið, mundi verða æði dýrt, því að það kostar jafnvel eigi svo lítið fje, að rífa hann niður, og sljetta yfir allar þær miklu rústir, svo að þær verði ekki til minnkunar. Okkar íslenzka bæjarbygging, þessi mörgu og smáu torfhús, mun eptir minni reynslu vera hin dýrasta húsabygging, sem nokkursstaðar á sjer stað.

Jeg veit, að h. þdm. hafa kynnt sjer þau skjöl, sem hjer að lúta. Mjer sýnist þetta vera góðir kostir. En það er þó ekki svo mjög peningahagur landssjóðsins eingöngu, sem jeg hef fyrir augum; mjer finnst, að landssjóður geti ekki sóma síns vegna látið þetta rústabæli standa lengur á jörðunni. Möðruvellir sýnast þó vera hans eptirlætisjörð, þar sem þar hefur verið settur skóli. Þangað koma að sjálfsögðu margir útlendingar, og þessi rústabær hlýtur að vera til mikils hneykslis í augum þeirra, og jafnvel innlendra manna líka. Í mínum augum að minnsta kosti er hann eigi betri en ljelegasta kotgreni á afskekktasta útkjálka landsins. Mjer finnst landssjóður því vera neyddur til, ef hans sómi á ekki að skerðast, að láta rífa niður bæ þennan og afmá hann með öllu. Og nú er einmitt svo gott tækifæri. Nú er gott hús til boða. Þótt húsið sje margfallt minna um sig en bærinn, þá er húsrúmið þar öllu meira en í þessu eldgamla bæjarhrófi. Jeg vona af þessum orsökum, að breyt.till. mín verði samþ. í þessari h. deild.

Landshöfðingi: Jeg hef leyft mjer að gjöra tvær breytingartill. við þennan kafla frumv. H. framsögumaður (S. St.) hefur gefið vilyrði fyrir, að nefndin mundi fallast á þær.

Fyrri breyt.till. er gjörð við 12. gr. C. Eins og kunnugt er, þá er póstgufuskipinu gjört það að skyldu, að sækja póstinn og skila honum á pósthúsum og á viðkomustöðum. Nú þótti mjer rjett, að hið sama næði til strandferðaskipa þeirra, sem tilgreind eru undir stafl. a 2, og gufubátanna undir C. b. c. Eins og nefndinni mun vera kunnugt af eiginni sjón eða raun, þá eiga póstafgreiðslumenn einatt óhægt með, að hafa til reiðu bát til að sækja póstinn út í skipin, og mundu þeir heimta endurgjald fyrir það af póstsjóðnum eða borgun fyrir bátinn. Af þessum ástæðum er það, að jeg hef komið fram með þessa breyt.till.

Hina breyt.till. hef jeg gjört við breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B, þar sem farið er fram á, að veita 400 kr. til útgáfu kennslubóka hvort árið handa prestaskólanum. Orsökin til þessarar breytingar er sú, að jeg hef talað um þetta við kennendur prestaskólans og gjöra þeir sig ánægða með tiltekinn styrk fyrir örk hverja. Að því er upphæð styrksins snertir, þá eru þeir fúsir á að láta handritið af hendi fyrir ekki neitt og sömuleiðis

lesa prófarkirnar endurgjaldslaust. Þeir búast við, að útgefendur fáist til að gefa út hverja örk fyrir 25 kr. sje hún prentuð með óbreyttu letri, en sje letrið breytt t. d. á bibliuskýringum, þar sem gríska stafir geta komið fyrir, geta þeir ekki búizt við að fá örkina prentaða fyrir það verð, en þá hafa þeir tjáð sig fúsa til, að leggja til 5—10 kr. fyrir hverja örk frá sjálfum sjer, heldur en þetta komist ekki í verk, til þess að losna við hina „aandsfortærende“ og þreytandi fyrirlestra er notaðir hafa verið við kennsluna til þessa, en sem er mikil tímatöf bæði fyrir kennendur og lærisveina. Jeg kom með þessa breyt. uppástungu til þess, að h. Nd. yrði fúsari að veita þetta fje, ef ákveðið væri, hvað greiða skyldi fyrir örkina og „maximum“ af arkatölu 10 á ári. Það er ekki heldur við því að búast, að kennararnir geti lokið meiru en þessu árlega með öðrum störfum, sem á þeim hvíla.

Fleiri breyt.till. hef jeg ekki gjört við þennan kafla frv. — Jeg er þakklátur hinni h. nefnd fyrir, að hún tók upp aptur þær breyt.till., sem felldar voru í Nd. sjerstaklega þær að hækka ölmusurnar til latínuskólans, styrkinn til ýmsra útgjalda við Möðruvallaskólann og í þriðja lagi styrkinn til útgáfu kennslubóka í barnaskólum. Eins og h. framsögum. tók fram gjöra skilyrði þau, sem sett eru fyrir styrkveitingu til barnaskóla nauðsynlegt, að til sjeu bækur við kennslu í þeim námsgreinum, sem heimtaðar eru. Sjerstaklega vantar kennslubók í náttúrusögu, og hafa þó verið gjörðar ýmsar tilraunir bæði af stiptsyfirvöldunum og mjer til þess að fá hana samda, en þeir, sem við höfum snúið okkur til hafa borið það fyrir, eins og eðlilegt er, að þeir fengju engin laun fyrir starfa sinn, því enginn útgefandi vildi borga nein ritlaun. Jeg álít þess vegna heppilegt, að styrkur þessi sje veittur af þinginu. Sömuleiðis þótti mjer vænt um, að nefndin tók upp aptur styrkinn til sundlaugarinnar í Laugarnesi, sem felldur var í Nd., en þó ekki með miklum atkv.mun.

Þá kemur hinn nafntogaði C liður eða „bitlingaliðurinn“, sem sumir kalla. Jeg hef fyrir mitt leyti verið andstæður flestum af þessum bitlingum, enda er ekki tekið upp í stjórnarfrv. nema fátt eitt, því stjórnin álítur ekki rjett, að taka upp aðrar styrkveitingar en þær, sem annaðhvort eru fastar eða sótt hefur verið um og nauðsyn virðist að veita, og þar sem sennilegt er, að styrkurinn yrði áfram og að notum. En svo er um margar þessar styrkveitingar, að ómögulegt er að segja, hvort þær geta komið að notum eða ekki, og mjer liggur við að segja: „Vei þeim, frá hverjum sem þær koma!“ því opt valda þessar fjárbænir miklu þrasi og ágreiningi og er því bezt, að þær sjeu sem fæstar.

H. nefnd hefur ekki tekið djúpt í árinni með að stinga upp á mörgum nýjum fjárveitingum, heldur vill fella sumar fjárveitingar burt. Reyndar heyrðist mjer h. framsögum. (S. St.) mæla á móti till. nefndarinnar, að 19. tölul., styrkurinn til verzlunarmanns D. Thomsens, til utanferðar til að kynna sjer sölu á íslenzkum vörum erlendis, væri felldur burt, og jeg skyldi ekki hafa á móti því, að hann yrði látinn standa óhreyfður, ef jeg hefði von um nokkurn árangur af ferðinni.

Eins og nú hagar til í hinum siðaða heimi, eru samgöngurnar orðnar svo tíðar, að ekkert fer leynt, sem að verzlun lýtur, og nú eru í flestum löndum gefnar út mjög fullkomnar skýrslur um, hvernig tilhagar í því efni. — Norðmenn gefa út einna greinilegastar skýrslur um verzlun sína; þar á meðal um fiskverzlunina. Þess vegna ímynda jeg mjer, að vjer gætum ekki fengið mikið greinilegri skýrslur, þótt vjer færum að senda mann sjálfir í stað þess að nota skýrslur þær, sem gefnar eru út í Noregi og sem nú hafa verið nýlega gefnar þar út eptir skýrslum, sem safnað hefur verið af hinum norsku konsúl-

um, og mönnum, sem sjerstaklega hafa verið gjörðir út í því skyni. Jeg ímynda mjer, að það bæri eins mikinn árangur, að einhverjum manni væri falið, að skoða norsku skýrslurnar og gjöra útdrátt úr þeim.

Að öðru leyti er jeg samþykkur uppástungum nefndarinnar og vona, að þær verði flestar samþ., að minnsta kosti í sameinuðu þingi.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla að leyfa mjer að koma fram með ástæður fyrir breyt.till. þeirri, sem er prentuð á þingskj. 519, er jeg hef borið upp ásamt h. 6. kgk. (Þ. B.). Breyt.till. þessi fer fram á, að á eptir 13. gr. C. 19. komi nýr tölul. svo hljóðandi:

Til landlæknis Schierbecks, í viðurkenningarskyni fyrir framkvæmdir hans í lækningum og sem uppbót á launum hans 3000 kr.

H. framsögum. (S. St.) fór nokkrum orðum um þessa till. og kvað nefndina ekki mundu vilja fallast á hana. Það vissi jeg nú reyndar fyrir, en samt þótti mjer rjett að bera þessa till. fram. Eins og kunnugt er, hefur landlæknir Schierbeck sent málaleitun til þingsins, og farið þar fram á, að sjer yrðu veittar 5600 kr., er hann telur sig vanta á þau laun, er hann gjörði sjer von um að fá, er hann tók við landlæknisembættinu.

Eins og kunnugt er, þá er þetta mál þannig vaxið, að embættinu fylgdu upphaflega 4800 kr. laun, en um þær mundir, er hann tók við embættinu, lágu jafnframt fyrir frá þinginu lög um að færa launin niður í 3600 kr. Nú gat það verið viðsjárvert, að sækja um embættið, meðan stjórnin ekki var búin að gefa úrskurð sinn um þessi lög.

Eptir að Schierbeck hafði fengið vissu fyrir því, að stjórnin rjeði konungi til að staðfesta ekki lögin, hugði hann, að þessar 4800 kr. mundu standa óbreyttar. Sótti hann þá hiklaust um embættið, en því skilyrði var bætt við, að hann yrði að sætta sig við launalækkun, er gjörð kynni að verða, en hann hugsaði, að stjórnin mundi ekki staðfesta slíka launalækkun, úr því hún synjaði staðfestingar á frv. því, er þá lá fyrir; en honum varð ekki kápan úr því klæðinu, því árið eptir 1883 kemur þingið með nýtt frv. og samþ. þá, að launin skyldu vera 4000 kr. og var það síðan álitið samkvæmt ákvörðuninni í veitingarbrjefi landlæknisins, að hann yrði að sætta sig við þessa launalækkun, þegar konungur hafði staðfest frv. Þó var það tekið fram í umræðunum um þetta mál á þingi þá, að sú launalækkun mundi eigi geta náð til þess landlæknis, sem þá var í embætti. Engu að síður fjekk hann ekki útborgaðar nema 4000 kr. Launalækkunin er að vísu ekki stór, þar sem honum hafa verið síðan veittar 600 kr. í notum þess, að hann kenndi yfirsetukonum.

Þá rjeð landlæknirinn með sjer að leita úrskurðar dómstólanna um það, hvort honum bæri eigi laun fyrir yfirsetukvennakennsluna, og vann hann það mál fyrir dómi, en sætti sig við þessar 600 kr., ef hann fengi að halda þeim, án þess að framfylgja rjetti sínum eptir dóminum. Vantaði nú eigi nema 200 kr. til, að hann hefði sömu laun og hann upphaflega hafði búizt við að fá. En um þessar 200 kr. hefur hann vanhagað síðan 1885 og þar af leiðir, að hann, að meðtöldu tímabilinu, þegar launin voru einungis alls 4000 kr., telur sig vanta alls 5600 kr. eða að minnsta kosti 3200 kr., hvernig sem málið er skoðað, af þeirri kapítals-upphæð, er hann hefði átt að fá.

Hann hefur látið í veðri vaka, að hann ynni þetta mál fyrir dómi. En honum þótti samt rjettara úr því, sem komið var, að gjöra þessa málaleitun til þingsins, heldur en að fara í mál. Jeg er ekki

lögfræðingur og veit því eigi, hvort hann fengi nokkra áheyrn, þótt hann leitaði til dómstólanna; en mjer þykir samt mikill vafi á því, sakir hins áðurnefnda skilyrðis í veitingarbrjefi hans.

Jeg verð því að álíta, að þessi krafa hans verði fremur að skoðast sem sanngirniskrafa en rjettarkrafa. En sanngirniskrafan er því sterkari, því minni von sem um það er, að hann hafi rjettarkröfu til uppbótarinnar. En það er ekki eingöngu launalækkunin, sem hjer kemur til greina, enda þótt allir hljóti að viðurkenna, hve óþægilegt það er embættismanni, að færð sjeu niður þau laun, er hann hefur upphaflega gjört sjer von um eða verið veitt honum; en hjer er líka um að ræða mjög nýtan mann, mann, sem með lækningum sínum einatt hefur veitt þá hjálp, sem annars hefði eigi verið fáanleg hjer á landi, mann, sem skarar fram úr öllum öðrum læknum landsins í einni grein læknisfræðinnar, nefnilega handlækningunni, sem lýtur að því að gjöra stóra skurði eða aðrar ytri aðgjörðir á mönnum. Til hans hafa verið færðir margir sjúklingar haldnir miklum meinum, og þó hann hafi eigi læknað þá alla að fullu, þá hefur hann þó veitt mörgum þeirra verulega bót meina sinna.

Það má nú reyndar segja, að sumir þessir sjúklingar hefðu getað farið utan og leitað sjer læknishjálpar þar. En jeg vona að allir sjái, hversu stór munur er á því, að geta fengið hjálp í sínu eigin landi eða þurfa að leita læknishjálpar í öðrum löndum. Kostnaðurinn við utanförina er stórum meiri; lega sjúklinga yrði lengri, þar sem þeir ættu svo langa ferð fyrir höndum og kynnu að veikjast enn meir af því. Hefði eigi verið hjer duglegur handlæknir þá hefði mörgum orðið þungt fyrir að leita sjer slíkra lækninga. Það er einmitt skortur á þeim læknum hjer, er stunda sjerstakar greinar læknisfræðinnar og komast í þeim lengra áleiðis en almennt gjörist, eins og t. d. Björn Ólafsson augnalæknir. Menn hafa því löngum orðið að fara utan að leita hjálpar erlendra lækna og er þó allur munur á, að vera undir hendi þeirra lækna, sem tala annað mál, eða landa sinna eða annara lækna, er íslenzka tungu skilja.

Þessi ágætismaður, sem hjer er um að ræða, hefur ekki talið á sig að veita hjálp hverjum, sem hjálpar hefur beiðzt og handlækninga hefur þurft við; hefur hann dugað mörgum sjúklingum og að jafnaði ekki verið kaupdýr efnalausum. H. 5. kgk. (J. A. Hj.) ræður til, að einstakir menn endurgjaldi landlækninum halla þann, sem hann þykist hafa orðið fyrir, en það sje síður ástæða til, að landssjóður veiti þetta fje. Það hefur verið nýlega tekið fram, að það væri landinu mjög nytsamlegt að eiga „specialista“ í ýmsum greinum læknisfræðinnar og nú er í ráði að veita styrk til tveggja slíkra manna, nefnilega augnalæknis Björns Ólafssonar og tannlæknis Nickolíus. Mjer sýnist nú ekki síður ástæða til, að handlækningaraðgjörðir sjeu viðurkenndar og að sennilegt sje, að landsstjórnin veiti fje í viðurkenningarskyni fyrir þær. Það væri ekki nema sanngirniskrafa, sjerstaklega þegar búast má við því, að þessi ágætismaður, sem veitt hefur mörgum svo dýrmæta hjálp, fari innan skamms af landi burt; þá virðist mjer mjög æskilegt, að hann gæti skilið ánægður við land vort, og jeg held, að fulltrúar þjóðarinnar þurfi ekki að hika við að greiða atkv. með þessari mjög svo hóflegu uppbót, sem hjer er farið fram á; þeir þurfa ekki að vera hræddir við að sjá framan í kjósendur sína, er þeir koma heim, þó þeir hafi lagt til, að þessum manni væri veitt þetta fje í viðurkenningarskyni, svo hann geti ánægður skilið við þjóð og land. Jeg vona því, að h. deild líti á þetta mál, eins og við tillögumennirnir og veiti þessa fjárupphæð. Jeg gæti vitnað í þingtíðindin 1885 á 578. dálki í A. deildinni, þar sem

þáverandi landsh. lýsti skoðun sinni á þessu máli. Hann telur þar tvísýnt, að lög þau, er þá voru fyrir þinginu um lækkun landlæknislaunanna yrðu staðfest af konungi. Lögin hlutu nú reyndar engu að síður staðfestingu, en orð landsh. sýna, að hann taldi ákvæði þeirra eigi geta náð til landlæknisins, sem þá var.

Þá ætla jeg að snúa mjer að öðrum breyt.till nefndarinnar eða einstöku þingm., en nú hefur verið talað fyrir flestum þeirra ýmist af framsögum. eða flutningsm. Að því er snertir breyt.till. nefndarinnar um ölmusur til latínuskólans, hefur hún farið bil beggja; þar sem h. Nd. vill lækka þær niður í 5000 kr. síðara árið, vill nefndin ekki lækka þær meira en 1000 kr. alls á fjárhagstímabilinu. Jeg sem nú er annar þeirra manna, sem úthluta eiga þessum ölmusum, álít, að það sje varhugavert, að taka dýpra í árinni með að lækka þær. Það er ekki langt síðan, að þær voru ekki að eins 6000 kr., heldur 10,000 kr.; þareptir voru þær 8000 kr. í mörg ár, en þá tók þingið það til ráðs að lækka þær, en þó mun engum þá hafa komið til hugar að lækka þær meira en niður í 6000 kr., en þinginu í sumar þótti það of skammt farið og var þá samþ. í h. Nd. að færa þær niður um 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið, og þetta sýnist benda á, að enn þá eigi að lækka þær framvegis. Jeg skal benda á, að þetta eru ekki ölmusugjafir, þó þær sjeu nefndar þessu nafni, heldur er það styrkur, sem veittur er úr landssjóði handa efnilegum námspiltum. Þó að eitthvað megi finna að veitingunni á þessum styrk, þá höfum við allir, kennarar, skólastjóri og stiptsyfirvöld, gjört oss far um, að styrkur þessi væri veittur eptir sem rjettustum mælikvarða ekki sem gustukastyrkur, heldur sem námsstyrkur handa efnilegum ungmennum. Jeg kannast fúslega við það, að það er ekki regla, að veita nýsveinum styrk eptir inntökupróf, hvort heldur þeir setjast í 1. eða 2. bekk eða jafnvel ofar, því það er ekki álitin næg trygging fengin fyrir því, að þeir sjeu styrksins verðir, fyr en þeir hafa sýnt sig að minnsta kosti hálft ár í skólanum. Aptur hefur það verið venja, að þeir námspiltar, sem lengst eru búnir að vera í skólanum og gáfuðastir og iðnastir eru eru látnir sitja fyrir öðrum með styrkveitinguna. En í neðri bekkjunum hefur það að eins verið veitt efstu og efnilegustu piltunum, sem hafa fengið á sig gott orð fyrir siðferði og ástundun. Eigi það að geta haldizt, að efnilegum piltum verði veittur nokkur töluverður styrkur, má ekki lækka veitingu þessa úr því sem komið er. Það er hægt að koma fyrir fjárveitingu, sem er ekki yfir 6000 kr., þegar sækendur eru 60—80, eða jafnvel fleiri. Jeg óska þess vegna, að ekki verði farið lengra með að lækka styrk þennan, heldur verði látið hjer staðar nema og vonast til, að bæði þessi h. deild, og h. Nd. fallist á það.

Jón A. Hjaltalín:. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þennan kafla frv. Hvað breyt.till. við 13. gr. B. IV. 4 snertir hef jeg engu að bæta við það, sem h. framsögum. (S. St.) tók fram. En jeg skal fara fáeinum orðum um breyt.till. á þingskj. 527, sem h. þm. S.-Þing. (E. Á.) hefur borið fram. Jeg verð að vera og hef verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sje, ef nemendur eigi að haldast við, að gjört sje eitthvað af landsstjórnarinnar hálfu til þess að tryggja það. Það sýndi sig, er skólinn hafði staðið örfá ár, að bæinn var ekki hægt að brúka til þess að þar væri búið, og selt fæði nemendunum, en það er alveg nauðsynlegt að sú kvöð fylgji ábúðinni á jörðinni, að selja piltum fæði og þjónustu, og þess vegna útheimtir jörðin fleiri hús, heldur en ábúandi þarf til ábúðarinnar einnar. Matreiðslukaup er svo lágt, að fáir munu sækjast eptir ábúð á jörð-

inni fyrir þá sök, þar sem líka verður að byggja upp bæinn. Þess vegna var það, að ábúandinn á jörðinni gjörði það fyrir mínar tillögur, að reisa þetta hús, þar sem jeg hafði von um, að landsstjórnin mundi styrkja þessa húsbyggingu, líkt og hún áður hafði gjört, t. d. við Reykjavíkurskóla hinn forna og á Bessastöðum, en það hefur verið árangurslaust hingaðtil. Nú hefur Stefán kennari Stefánsson keypt húsið af hinum fyrri ábúanda og bætt það svo, að mjer er óhætt að segja, að það er hálfu betra en áður, og ef hann vildi eigi lengur hafa þessa matreiðslu og þjónustusölu á hendi og segði jörðinni lausri, þá er jeg hræddur um, að erfitt yrði að fá ábúanda, sem tæki um leið við þeim kvöðum, er á liggja, að selja piltum fæði og þjónustu. Þess vegna álít jeg nauðsynlegt, að sem fyrst verði ráðin bót á þessu.

Viðvíkjandi breyt.till. við 13. gr. C. 15 get jeg sagt það sama og h. framsögum. (S. St.) Menn voru ekki samhuga um það í nefndinni, hver árangur hefði orðið af þessu starfi, sem þingið hefur veitt tvisvar fje til, og reyndin varð á, að mönnum mun hafa brugðizt vonir um árangurinn, að hann hefði ekki verið sem menn hefðu ímyndað sjer. Mjer sýnist, að minnsta kosti, að þingið fari varlega í þetta, og ef þinginu þykir verkið nauðsynlegt, að menn þá reyni að fara einhverja aðra leið. Í tveimur fyrri tilfellunum hefur verk þetta verið falið á hendur manni, án þess að landsstjórnin hafi komið þar nærri, eða henni gjört að skyldu að hafa eptirlit með því. Af síðustu tilrauninni hefur ekki sjezt annað en einhverjar skýrslur og brjef til fjárlaganefndarinnar. Eins og jeg gat um við þann mann í hitt eð fyrra 1891, að fyrirkomulag það, sem hann hefði þá, væri ekki heppilegt, heldur of erfitt og óhægt til nytja og mundi bera lítinn árangur, eins hef jeg nú af skýrslunum sjeð — því að skrá hef jeg enga sjeð — að hann hefur enn sömu aðferð, sem jeg enn sem fyr álít nauða-ópraktiska. Ef halda á þessum lið, þá vil jeg ekki láta binda styrkinn við neitt nafn, heldur sje landsstjórninni falið á hendur verkið, svo að aðgangurinn sje þá að henni, hvernig verkið verði af hendi leyst.

Þá er breyt.till. við 13. gr. C 19, að styrkurinn til D. Thomsen falli burt, sem h. framsögum. (S. St.) var enginn góður formælandi að. Jeg skal kannast við það, að í nefndinni var efasemd um þennan lið. En þó hygg jeg, að nefndinni hafi ekki þótt rangt að fella hann burt. Jeg skal ekki lá h. framsögum. (S. St.), þó að hann, þegar illa verzlast, reyni flest, sem hann getur til bóta verzluninni, og grípi þá það fyrsta og bezta, sem hann nær í. Þegar illt er í ári hjer, grípa menn til ýmsra óyndisúrræða, t. d. fara til Ameríku o. fl. En hver árangurinn verður, er ekki gott að segja. Vjer erum ekki alveg án reynslu í þessu efni. Það er ekki nema nokkur ár síðan, að sendur var maður úr Norður-Þingeyjarsýslu í líkum erindum og þessum; þó var hann ekki kostaður af landsfje, en ekki varð sá árangurinn af ferð hans, sem menn höfðu vænzt eptir, þó að hann áður hefði mikinn áhuga á að vinna gagn með förinni. Jeg er hálfhræddur um, að það muni fara á sömu leið hjer. Jeg efast ekki um, að maður sá, er í hlut á, sje efnilegur og góðum kostum búinn, en nokkuð er hann ungur og óreyndur. Það er ekki nóg að kunna vel mál, heldur þarf hann að vera vel kunnugur lifnaðarháttum í þeim löndum, sem hann ætlar að fara um, svo að hann fari á þá staði, sem hann getur fengið beztar upplýsingar. Hvort hann hefur svo mikla reynslu í þeim sökum, er mjer ekki kunnugt. Það eru fleiri dæmi þess, að sent hefur verið til útlanda til að grennslast eptir ýmsu, og hafa menn vænzt mikils gagns af, en ekkert hefur orðið.

Þess vegna er jeg á því, að nefndin

hafi rjett fyrir sjer í því, að fella þennan lið burt og reyna, hvort ekki megi á næsta fjárhagstímabili hafa not af einhverju öðru í sömu þarfir, sem kostar minna en 1800 kr., t. af rannsóknum og skýrslum Norðmanna í þá átt.

Þá er í breyt.till. 519 farið fram á 3000 kr. til landlæknis Schierbecks. Jeg skal taka undir með það, að hann sje alls góðs verður sem embættismaður og læknir, en mjer er ómögulegt að sjá, að hann eigi nokkra kröfu til þessa fjár úr landssjóði. Málið hefur verið optar fyrir, en h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, nfl. á þingi 1885 *(Hallgr. Sveinsson:* Nefndi 1885) og þá ætla jeg, að undirtektir margra hafi ekki farið í þá átt, að það væri skylda þingsins að veita þetta fje. Ef þessi embættismaður hefur ekki fengið þá viðurkenning frá upphafi, sem hann átti skilið, þá er það ekki vegurinn að bæta honum það upp með því að veita honum þessa upphæð af almannafje eða úr landssjóði. Nei, það er vanalega farið öðruvísi að; ef menn vilja, að hann skilji við oss ánægður, sem jeg hef ekkert á móti, þá eru það einstakir menn, sem eiga að sýna honum einhvern virðingarvott, annaðhvort með samskotum eða öðru. Það hlyti í augum hans að vera hin bezta viðurkenning, að farið sje þennan venjulega veg; er vott heiðurs á að sýna, hvort sem honum væru gefnir peningar eða eitthvað peningavirði, eða þá það væri gjört í þakklátum viðurkenningarorðum, og þó helzt í hvorutveggja. En, sem sagt, jeg verð að vera á móti þessari breyt.-till.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg get fallizt á flestar breyt.till. nefndarinnar, og gefið þeim atkvæði mitt. Hvað viðvíkur samt 25. br.till. við 13. gr. C. 15, þá get jeg ekki fallizt á, að þessi styrkur eða borgun sje veitt, og það því síður, sem hæstv. landsh. tók fram við umræðurnar í h. Nd., að á þessu fje væri engin þörf, allrasízt handa nafngreindum manni, en ef þess væri þörf, þá er eðlilegast, að landsstjórninni væri veittar 1000 kr., svo að hún, þegar tími er til kominn og hús er til fyrir safnið, gæti látið gjöra verkið. Jeg verð því að vera á móti þessum lið.

Þá leggur nefndin til við 13. gr. C. 18, að tekin sje upp styrkur til orðabóka. Það má ef til vill segja, að þessar orðabækur sjeu nauðsynlegar, en þá ættu þær einnig að verða keyptar svo vel, að þeir stæðu sig við að gefa þær út án styrks. Jeg skal í því efni leyfa mjer að benda á hina lögfræðislegu formálabók, sem útgefandinn mun hafa verið velsæmdur af í efnalegu tilliti að gefa út án nokkurs styrks, og eins mætti ætla um þessar orðabækur.

Þá leggur nefndin til, að 19. tölul. 13. gr. C. falli burt, nfl. styrkurinn til D. Thomsen. Hæstv. landsh. og h. 5. kgk. (J. A. Hj.), mæltu á móti þessum styrk vegna þess, að ekki væri sýnt, hver árangur yrði af förinni. Þeir höfðu engar ástæður fyrir því annað en álit sitt, og mitt álit er gagnstætt þeirra áliti. Jeg hygg, að það yrði hagur að förinni; ef til vill skal jeg bæta við því, að auðvitað er rennt blint í sjóinn með það. En þar sem þeir bentu á, að nægilegt væri að útvega skýrslur frá Norðmönnum í þessu efni, þá er það *eitt sjer* að sjá, hvernig vörur þær eru, sem keyptar eru á hinum ýmsu stöðum, hvar varan gengur bezt út á þessum staðnum og hvar á hinum, og *annað það*, að fá skýrslur um það, hve mikið er keypt eða selt af vöru. Það er munur að koma á þá staði, sem varan er seld og sjá, hvernig varan á að vera, og hvernig menn vilja hafa hana verkaða. Jeg skal geta þess, að þessi ungi maður, sá sem í hlut á, og h. Nd. hefur veitt þennan styrk, ætlar sjer fyrst að fara hjeðan til Manchester og kynna sjer þar ullarmarkaðina. Hann hefur sagt mjer, að þar muni borga sig betur að selja ullina óþvegna. Mönnum hefur komið það til hugar áður, en ekkert

af því orðið. En það er víst, að frá Ástralíu er ullin flutt óþvegin í heilum reifum. Þegar hún er til Manchester komin, er henni skipt í 5 sjerstakar tegundir eptir gæðum; hið bezta úr ullinni er notað í vandaða dúka, hið næst bezta í óvandaðri dúka og verri tegundirnar í grófa dúka. En þetta getur ekki orðið, þegar búið er að þvo ullina og róta henni saman. Frá Manchester ætlar hann því næst suður að sundinu milli Englands og Frakklands. Þar er keypt mikið af fiski og það lítt- eða hálfverkuðum, og er hann keyptur þar með hærra verði en Spánarfiskur er seldur hjer.

Þaðan ætlar hann til Liverpool, sem er eins og menn vita aðalstaðurinn á Englandi, þar sem íslenzk vara er seld. Þar ætlar hann að kynna sjer bæði ull- og fiskmarkaði og ef til vill einnig laxmarkaði. Þaðan heldur hann svo til Írlands, þar sem fiskur er einnig keyptur mikið, en menn vita ekki, hvernig menn vilja hafa hann verkaðan þar. Frá Írlandi ætlar hann sjer svo að fara til Bilbao á Spáni og þaðan með járnbraut til Barcelona, sem eru helztu fiskverzlunarstaðirnir á Spáni. Svo fer hann þaðan suður með landi gegnum Gibraltarsund og til Portúgal, þar sem líklegt er að megi fá markað fyrir íslenzkan fisk, þar sem þangað hefur verið fluttur frá New Foundland fleiri hundruð þúsund skippund hálfverkaður fiskur og verið meira gefið fyrir hann, en við fáum fyrir okkar fisk.

Jeg skil eigi annað, þó að maðurinn sje ungur — og álít jeg betra að fá ungan mann til farar þessarar, en einhvern gamlan fausk, — jeg skil ekki annað, en að hann geti orðið að nokkru gagni og það þarf ekki að vera mikið til þess, að 1800 kr. vinnist upp fyrir allt landið.

Menn hafa verið að vísa til Noregs og skýrslna Norðmanna, en með það er allt öðru máli að gegna, því að þar hagar allt öðruvísi til en hjer. Fiskur þaðan er einkum sendur nýr til Englands, sem þeir eiga svo hægt með vegna greiðra ferða á milli landanna; en með ull verzla þeir varla, svo að engar skýrslur má fá um hana og skýrslur um timbursölu hafa enga þýðing fyrir okkur. Það er auðvitað, að ekki verður sagt neitt með vissu, að hverju gagni förin getur orðið, en mjer finnst, að þetta mætti reyna, úr því að ekki er um meira fje að ræða.

Hvað lax snertir, þá hefur hann hingað til verið seldur saltaður til Danmerkur, og það er ekki að eins lax hjeðan, sem er seldur þar, heldur einnig lax frá Noregi og Svíþjóð, sem aðrar þjóðir hafa ekki viljað, en gengið hefur svo í Kaupmannahöfn fyrir lítið verð. Í sumar hefur verið reynt að senda nýjan lax í ís til Belgíu og hefur fengizt fyrir hann 5 frankar fyrir „kílóið“ eða 1 kr. 75 au. fyrir pd. Reyndar má ætla, að svo verði ekki ávallt, en það yrði strax sannarlega mikill munur, þó ekki fengist svo mikið, ef að minnsta kosti 10—20 aura munur yrði á hverju pundi.

Jeg vona þess vegna, að h. þingd. fallist á, að lofa þessum lið að standa.

Þorkell Bjarnason: Hin h. fjárlaganefnd hefur fellt burtu styrkinn til Jóns Halldórssonar frá Búrfelli; það er þó einhver sú minnsta upphæð, er í fjárlögunum stendur. Hún hefur að vísu viðurkennt það, að sá maður, sem hjer á í hlut, sje sómabóndi. Það voru teknir svo ítarlega fram í Nd. verðleikar þessa manns, að óþarft er að gjöra það aptur, en hin h. fjárlaganefnd í þessari þingd. hefur fellt hann burt af þeim ástæðum, að hún óttaðist það, að það mundi draga dilk eptir sjer, ef hún ljeti hann standa. En sem betur fer held jeg nú, að hjer standi nokkuð sjerstaklega á og að engin ástæða sje til, að bera kvíðboga fyrir því, að margar samskonar fjárbænir komi, þó að þessi sje veitt. Þessi maður var eigi að eins framúrskarandi bóndi, og sýndi það sig í því, að hann fjekk í viðurkenningarskyni verð-

laun af gjafasjóði Krisjáns IX., heldur var hann og heiðursfjelagi í búnaðarfjelagi suðuramtsins. Það mun fáum hafa hlotnazt þessi heiður og sýnir það bezt, hver ágætismaður hann var. En nú er svo komið, af því að hann hefur lengi verið einstæðingur, að hann er orðinn með öllu fjelaus maður. Sem betur fer munu það vera fáir fyrirtaksmenn, sem eiga ekki á elliárunum dálítið fje fyrir sig að leggja, eða þá börn eða einhverja nákomna menn til að annast sig. En þessi maður á engin börn og liggur eigi annað fyrir honum nú, en að komast á sveit sína. En það er eigi í raun rjettri að eins eða eiginlega þessi maður, sem h. fjárlaganefnd vill fella burtu, heldur er það meginreglan, sem hún vill fella. Hún vill slá því föstu. að íslenzkir bændur, hversu nýtir sem þeir annars kunni að vera, megi aldrei vænta neinnar hjálpar af landssjóði. Ef þeir eiga ekki sjálfir efni sjer til uppeldis í ellinni eða þá einhverja nákomna til að sjá fyrir sjer, þá verða þeir að fara á sveitina. Það liggur í augum uppi, að landið í heild sinni er jafnrikt, hvort sem uppgefinn sómabóndi fær 100 kr. ellistyrk af sveit eða landssjóði. En það er leiðinlegt vegna bændastjettarinnar, að heiðarlegir bændur, sem þess eru verðir að fá ellistyrk, geti ekki fengið hann af landssjóði, heldur verði að fara á sveit, ef svo er ástatt fyrir þeim, að þeir eru fjelausir menn, og eiga enga aðstandendur, er sjái fyrir þeim. Þessi stjett á eptir þessu „principi“ að eins að bera byrðina, en hefur engan rjett til ellistyrks af almannafje, þaðan sem þeir, er lærða veginn og embættisveginn hafa gengið fá ellistyrk nægilegan sjer til uppeldis í ellinni. Jeg verð að vonast eptir því, að h. þingdm. líti öðruvísi á þetta mál heldur en h. nefnd. Jeg vona, að þeir líti svo á þetta mál, að úr því að hjer á í hlut hinn nýtasti bóndi, sem fyrir óhöpp er orðinn fjelaus maður, og á engan að, — að þá beri að veita honum ellistyrk af almannafje, eins og þeim mönnum, sem í embættum hafa setið. Jeg vona svo góðs til þessarar h. þingd. að hún fallist á það, að veita Jóni Halldórssyni frá Búrfelli þennan litla ellistyrk.

H. framsögum. (S. St.), sagði í ræðu sinni, að það væri ekki til að hefja bændastjettina, að hún fengi ellistyrk af landssjóði. En jeg vil þá leyfa mjer að spyrja: Er það þá til að hefja bændastjettina, að heiðarlegir menn verða að fara á sveit? Jeg hygg, að það geti ekki verið, að minnsta kosti ekki meðan hugsunarhátturinn er svo, að þeir menn, er þiggja af sveit, eru kallaðir „sveitamatur“, eða einhverju öðru óvirðingarnafni, er særir tilfinning þeirra. Jeg skal svo ekki tala fleira um breyt.till. h. nefndar.

Jeg vil því næst snúa mjer að breyt.till. þeirri, er jeg hef komið með ásamt h. 2. kgk. (H. Sv.). Hann hefur nú nýlega tekið það mjög ítarlega fram, hverjar sanngirniskröfur til þess eru, að veita þessum manni, landlækni Schierbeck, 3000 kr. fyrir framúrskarandi dugnað í lækningum, og svo af hinu, að hann hefur misst af lannum sínum töluverða upphæð. Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að þessi maður er eigi að eins framúrskarandi sem læknir, heldur hefur hann gjörzt íslenzkari í anda og í framkvæmdum sínum en margir Íslendingar. Hann hefur komið meira áleiðis einum af atvinnuvegum landsins, en nokkur annar maður hjer á landi. Það er alkunnugt, að hann hefur stofnað hið svonefnda Garðyrkjufjelag, að hann hefur gefið út ýmsa bæklinga viðvíkjandi garðyrkju, að hann hefur sjálfur verið fyrirmynd í þessari grein, og að garðyrkja hefur, síðan hann kom og byrjaði að starfa, breiðzt svo út og aukist, að arðurinn af þeirri atvinnu hefur aukizt um mörg þúsund krónur fram yfir það, sem áður var. Það er ekki að eins viðurkennt, að hann er hinn bezti handlæknir, heldur

lætur hann sjer og mjög annt um atvinnuvegi landsins og hann hefur sjálfur sýnt það í verki, að það er heiðarlegt að vinna, og að það er skylda hvers manns, að stuðla til þess, að „produktionin“ aukist. H. 5. kgk. (J. A. Hj.) tók það fram, að slík viðurkenning, sem þessi, ætti að koma frá einstökum mönnum. Jeg er ekki á móti því, að það geti opt verið vel til fallið, ef einstakur maður hefur unnið sjerstakri sveit eða flokki manna bæði til gagns og sóma, að hlutaðeigandi sveitarfjelag eða þeir menn, sem hann hefur sjerstaklega unnið fyrir, sýni manninum sóma. En hjer er eigi um neitt sjerstakt fjelag að ræða, heldur um allt landið. Hann hefur sem læknir unnið fyrir allt landið, læknað eins sjúklinga frá yztu útkjálkum landsins og garðyrkjan er heldur ekki bundin við neitt einstakt sveitafjelag, heldur allt landið. Fyrir því ætti þessi maður að fá viðurkenningu frá öllu landinu, og því að eins fær hann hana frá öllu landinu, að honum sje veitt af landssjóði þessi sanngjarna upphæð, sem við förum fram á, að honum sje veitt.

Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál. Jeg vænti þess, að h. þingd. viðurkenni, að með þennan mann hefur í launalegu tilliti verið farið allt öðruvísi en vant er að fara með aðra embættismenn; jafnvel þótt það sje byggt á skilyrði í veitingarbrjefi hans, þá er þetta þó svo vaxið, að það er ekki vant að beita því við embættismenn og nota sjer það til að færa niður laun þeirra. Hjer er því fyrir hendi sanngirniskrafa og ennfremur ástæða til að veita manni viðurkenningu, sem framúrskarandi lækni, og þeim, er hefur látið sjer mjög hugarhaldið um einn af okkar atvinnuvegum.

Jón A. Hjaltalín: Jeg get fyrir mitt leyti ómögulega gjört eins lítið úr, að reyndur maður veljist til saltfisksfararinnar, eins og h. 1. kgk. (L. E. Sv.) gjörði. Ef það er óreyndur maður, þá verður hann að fara beint eptir því, sem dönsku konsúlarnir benda honum á. Jeg verð því að álíta nauðsynlegt, að til þessarar farar veljist sá maður, sem kunnugur er öllum lifnaðarháttum þeirra þjóða, er hann ætlar að útvega okkur markaði hjá, svo hann ekki þurfi að fara að eins eptir því, sem aðrir benda honum á. Annars virtist mjer á ræðu h. 1. kgk. (L. E. Sv.), að hann væri þessu svo kunnugur, að ekki þyrfti að fá annarstaðar skýrslu frá, en frá honum, og svo mikið gat jeg sjeð á henni, að hann er þó ekki alveg óreyndur í þessum efnum.

Hvað viðvíkur breyt.till. á þingskj. 519, þá sagði h. 6. kgk. (Þ. B.) sjálfur, að ef einhver maður hefði unnið til góðs, þá mundi það ekki vera ofvaxið einstökum mönnum að sýna honum vott þess, í staðinn fyrir að hlaupa í landssjóð. Jeg skal benda mönnum á, að það er ekki alllangt síðan, að líkt tilfelli hefur komið fyrir; það var um þann mann að ræða, er mörgum landsmönnum hafði fallið vel í geð, og sem þeim því fannst ástæða til að sæma einhverju vináttu- eða viðurkenningarmerki. Mönnum fannst þá ekki ógjörningur að sjá sjálfir fyrir þessu, án þess að leita á hjálpir landssjóðs. Annars skal jeg gjarnan segja, hvaða mann jeg á við, það er sem sje kapteinn Hovgaard. Menn verða einnig að gæta að því, að það er annað að veita það fje, er þeir eiga ekki sjálfir, nema því að eins, að bænarskrár komi fram víðsvegar um það. En ef það er meiningin, að þetta fje eigi að veita landlæknirnum fyrir garðarækt, þá held jeg, að engum standi það nær en hinu volduga búnaðarfjelagi suðuramtsins, enda hefur hann einnig fengið það, þótt það hafi ekki verið mikið.

Guðjón Guðlaugsson: Það voru fá atriði, sem jeg enn vildi gjöra athugasemd við. Það var þá fyrst 15. tölul. 13. gr. C. Mótmæli hafa nokkur komið gegn þessum lið. Menn hafa ekki viljað, að þessi upp-

hæð fyrir að raða landsskjalasafninu sje miðuð við einstakan mann. Jeg skil ekki, hversvegna þessi mótmæli hafa eingöngu komið gegn þessum eina manni eða þessari einu fjárveitingu, þar sem margar aðrar fjárveitingar í fjárlögum þessum eru bundnar við einstaka menn. Jeg skil heldur ekki í, að nokkur meining væri í því, að fá landsstjórninni fje í hendur til þessa verks, fremur en annara, þar sem nú einu sinni er vikið frá þeirri stefnu, að láta hana hafa víst fje undir hendi til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Þegar bænarskrár koma til þingsins frá einstökum mönnum um fjárframlag til einhverra fyrirtækja þá er annaðhvort að neita alveg um fjárveitinguna eða að veita hana þeim manni, er biður, og þá engum öðrum, heldur en að veita fjeð rjett út í bláinn.

Jeg er ekki því vaxinn, að sýna, hve mikla nauðsyn ber til að raða skjalasafninu, en jeg ímynda mjer samt, að því að eins verði veruleg not að þessu skjalasafni, að skrá sje til yfir það, og þar sem þessi maður, sem sækir um þetta, hefur fengið styrk til hins sama áður og hann brjeflega hefur skýrt nefndinni frá aðferð sinni við niðurröðunina og nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að verk það, sem hann hefur gengizt inn á að leysa af hendi, sje mjög mikið og kaupið lítið í samanburði við það, þá sje jeg ekki, að honum verði neitað um þennan styrk, þegar hann líka á að vera bundinn því skilyrði, að landsstjórnin hafi umsjón með verkinu, og borgi ekki út fjeð, nema hún sjái, að verkið sje viðunanlega af hendi leyst. Jeg skil ekki í, að rjett væri, að landsstjórninni gæfist kostur á að neita honum um þennan starfa og veita hann svo einhverjum öðrum, þar sem hann hefur skýrt brjeflega frá, hvernig hann ætlar sjer að haga verkinu, og verkið er meira en svo, að samsvari því fje, er hann fær fyrir. Jeg sagði áðan, að jeg skildi ekki í, hvers vegna það væri svo varhugavert að miða þessa einu fjárveitingu við ákveðinn mann, fremur en aðrar slíkar; jeg skal taka til dæmis: kand. Boga Melsteð hefur verið ákveðinn styrkur til að safna til sögu Íslands, en landsstjórninni hefur ekki verið ætluð viss upphæð til þess, að hún veitti hana þeim, sem henni sýndist. Sama er að segja um styrkinn til Þorvaldar Thoroddsen; landsstjórninni hefur ekki verið ætlað fje til þess að veita hverjum, sem henni þóknaðist. Ennfremur er styrkur ákveðinn Benedikt Gröndal til þess að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda. Ætli mætti þá ekki hjer eins veita stjórninni fje, til þess að veita einhverjum öðrum, sem vildi taka hið sama að sjer. Mjer finnst ekki nein sjerstök ástæða til að gefa stjórninni leyfi til að ráða annan mann til þessa eina starfa, og það því síður, sem ekki hefur komið skýrsla um, að verkið sje illa af hendi leyst. Til þess að við getum neitað þessum manni um þetta verk, verður eitthvað það að koma fyrir augu vor, er gefi ástæðu til þess. Ef við ekki viljum veita honum þetta, en þó láta framkvæma verkið, verðum við að veita það einhverjum öðrum, en ekki láta landsstjórnina fá fje til þess, úr því það þá ekki er veitt henni sem fje til vísindalegra og verklegra starfa, eins og áður var síður.

Þá kemur 19. tölul. við 13. gr. C. frumv. Nefndin hefur ráðið til að fella burt styrkinn til verzlunarmanns D. Thomsens til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum. Jeg skal geta þess, að jeg var einn af þeim nefndarmönnum, er rjeð til þess að fella hann, og hef enn ekki getað sannfærzt um, að þessi ferð hans gæti orðið að miklu liði. Jeg get ekki skilið í hverju það gagn ætti að vera innifalið, sem vænta mætti af ferð hans. Mjer fannst einnig því síður þörf á að veita honum þennan styrk, þar sem jeg hafði

heyrt, að hann mundi fara förina, hvort sem hann fengi hann eða ekki; munurinn væri að eins sá, að landið þá engar skýrslur fengi frá ferð hans. Tilgangurinn með ferðinni er að kynna sjer verð á íslenzkum vörum á mörkuðum erlendis; hann ætlar þá að finna það, sem íslenzkir kaupmenn aldrei hafa fundið og það ætlar hann að gjöra að eins fyrir 1800 kr. Jeg hygg, að þessar 1800 kr. ekki muni nægja til þess. Jeg get heldur ekki fallizt á það, að íslenzkir kaupmenn ekki vilji leggja á sig að kynna sjer þetta, sem þessi maður ætlar að fá vitneskju um. En ef hann fer nú þessa ferð, hvort sem hann fær styrkinn eða ei, og ef ekki eru líkindi til að hann fyndi neitt nýtt, þá væri gagnið ekki í öðru falið en því, sem hann hefði sjeð og heyrt; en þótt hann fengi styrkinn og gæfi svo almenningi skýrslur frá ferð sinni, þá er það fyrst, að ekki er víst, að almenningur mundi trúa þeim sem skyldi og svo hef jeg ekki hugsað mjer þær skýrslur fullkomnari en skýrslurnar, sem hæstv. landsh. og h. 5. kgk. (J. A. Hj.) bentu á, og sem menn geta kynnt sjer án kostnaðar. Jeg veit ekki til, að óskir hafi komið frá mönnum almennt um þetta; það hefur raunar komið fram í blöðunum óskir um það, að sjerstakur erindsreki væri settur í öðrum löndum viðvíkjandi íslenzku verzluninni, en ekki um það, að einn maður skryppi út fyrir pollinn og kynnti sjer erlendan markað á vörum okkar. Jeg mun því halda með þeirri breytingu, er nefndin vill gjöra á frv. Nd.

Þá kemur breyt.till. á þingskj. 519 um, að landlækni Schierbeck sjeu veittar 3000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir framkvæmdir hans í lækningum, og sem uppbót á launum hans. Þetta mun komið fram af því, að hann þykist, eins og bænarskrá hans sýnir, hafa fengið hjer minni laun en hann hafi búizt við. Mjer skilst ekki, að rjett geti verið, að þingið gefi skaðabætur fyrir slíkt, úr því hann, þegar hann tók við embættinu, hefur tekið það gilt að sætta sig við þá lækkun, sem kynni að verða á launum hans. Þingið mun því ekki frekar þurfa að skipta sjer af því. Auðvitað getur það gefið honum eitthvað eitt skipti fyrir öll, en það er ekki að vita, hvort það samt sje rjett. Það er að vísu satt, að þessi embættismaður hefur orðið harðara úti en aðrir, því laun hans voru minnkuð, eptir að hann kom í embætti, en þetta mun þó ekki einstakt, og til hvers hefði verið að láta þessa athugasemd fylgja, þegar hann tók við embættinu, ef þingið áliti sjer skylt, að gjöra enga breyting á því síðar.

H. 6. kgk. (Þ. B.) taldi þessum manni mikið til gildis sem garðyrkjumanni. Mjer finnst það ekki eiga við að blanda öðrum hæfileikum mannsins hjer saman við. Hjer er um það að ræða, að veita honum viðurkenningu fyrir lækningar hans og uppbót á launum, og garðyrkjan kemur þá ekki til greina. Ef það væri gjört, væri honum veitt sjerstök upphæð, sem samblönduð væri launahækkun og verðlaun fyrir lækningar og garðyrkju, og þá yfir höfuð fyrir allt, sem maður gæti talið manninum til gildis. Hefði það komið fyrir sjerstakt að veita honum styrk til garðyrkju, þá hefði jeg verið með því, en það er allt annað, en að veita honum margsamanblandaða heiðursupphæð. Menn hafa sagt, að nauðsynlegt væri að veita honum þetta, til þess að bjarga sóma landsins, en mjer finnst þó spursmál, hvort þessi aðferð muni heppileg til þess, eins og h. 5. kgk (J. A. Hj.) einnig hefur minnzt á. Mjer finnst það spursmál, hvort það gætu kallazt nokkur heiðurslaun, þótt nokkrir þingmenn gætu kvalið fram úr landssjóði þessa upphæð handa honum, úr þeim sjóði, sem ekki er þeirra. Mundu þá máske margir út um land segja, „að þeir væru örir á annars fje en níðingar á sjálfs síns“, eins og orðtækið hljóðar. Mjer finnst það efasamt, hvort rjett sje af Ed. að taka þetta upp, þegar

Nd. hefur neitað því, og þó Ed. gæti kvalið það fram og það fengi framgang í Nd. og sameinuðu þingi með litlum meiri hluta, þá væri þó heiðurinn togaður fram með töngum, og í sjálfu sjer einskis virði, sjerstaklega þar, sem um fremur efnaðan mann er að ræða, og sem stendur til að verða sterkríkur með tímanum.

Viðvíkjandi þeirri breyting nefndarinnar, að fella burt styrkinn til Jóns Halldórssonar, þá er jeg nefndinni samdóma og framsögum. um það, að ekki sje heppilegt að veita hann, því bæði er hann lítill og mun því ekki koma að fullum notum, og svo hefur heyrzt, að maður þessi fái styrk hjá frændfólki sínu, sem meiru nemi. Jeg held ekki, að slíkar smásmuglegar viðurkenningar verði til þess að hefja bændastjettina, heldur að eins til þess að auka sníkjur, koma mönnum til að biðja og biðja um styrk úr landssjóði, fara að eins fram á lítið, til þess að ná í eitthvað, svo að út úr því yrði mjög leiðinlegt betl að lokum, bændastjettinni til mikillar niðurlægingar. Að vísu getur það komið fyrir, að heiðursbændur komist á vonarvöl á elliárum sínum, þó mjer finnist það einkennilegt nokkuð og verði að álíta, að þeir hafi ekki breytt eins skynsamlega og búast mætti við, þar sem þeir ekki höfðu svo mikið upp úr framkvæmdum sínum, að þeim væri styrkur að á elliárum sínum. Þó þessi maður hafi fengið heiðurslaun úr sjóði Kristjáns IX., er ekki ástæða fyrir þingið að veita honum heiðurslaun fyrir það, og þó hann væri heiðursfjelagi búnaðarfjelags suðuramtsins, þá minnir það að eins á það, að næst liggi þessu búnaðarfjelagi að veita honum styrk. Ef þessi maður ekki væri hjer svo nálægt, heldur væri einhversstaðar utan af landshorni, hefði mönnum að líkindum ekki fundizt nauðsyn til að veita honum styrkinn; það er að eins af því, hve margir þekkja hann hjer, en þeim, sem ekki þekkja hann, finnst aptur á móti ekki nauðsyn bera til þess. Yfir höfuð að tala finnst mjer mikið spursmál, hvort það geti komið til máls að veita slíkar ölmusur.

Sigurður Jensson: Jeg ætla að eins með fáum orðum að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg skal ekki lengja umræðurnar með því að fara út í hvern einstakan lið í breytingartillögunum, en læt mjer nægja að lýsa því yfir, að jeg í allflestum atriðum er á sama máli og nefndin. Það eru að eins tvær breytingartillögur, er jeg ætla mjer að minnast á. Það er þá fyrst breytingartillagan á þingskjali 519, um að landlæknir Schierbeck fái í viðurkenningarskyni fyrir framkvæmdir sínar í lækningum og sem uppbót á launum 3000 kr. Jeg hef reynt að gjöra mjer grein fyrir, hvort þessi heiðursmaður hafi nokkurn rjett til að fá þessa uppbót á launum, og komizt að þeirri niðurstöðu, að hjer geti ekki verið að tala um neina rjettarkröfu. Þegar þessi maður sótti um landlæknisembættið, lá fyrir stjórninni frv. frá alþingi um að lækka laun landlæknisins niður í 3,600 kr., en hann sótti ekki fyr en hann hafði heyrt, að stjórnin mundi ekki samþykkja þessa lækkun, en gekkst þó jafnframt undir að sætta sig við, ef launin yrðu færð niður síðar. Að hann varð að undirgangast þetta skilyrði, kom til af því, að stjórnin vissi það, að alþingi hafði sterkan hug á á því að lækka laun landlæknisembættisins, og mundi því halda áfram að semja lög um að lækka launin, eins og einnig síðar kom fram. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að hann (landlækn.) hefði einmitt haft þessa lækkun, er þingið fór fram á 1881, fyrir augum í umsóknarbrjefi sínu, og úr því hann vissi, að stjórnin mundi ekki ganga að þeirri lækkun, þá hafi hann getað gjört sjer vissa von um, að fá að halda 4800 kr. launum alla sína embættistíð. En hjer álít jeg ekki rjett skýrt

frá málavöxtum. Það sem þessi embættismaður gat átt vísa von um, var ekki að fá að halda 4800 kr. launum, heldur að eins hitt, að launin yrðu aldrei færð niður í 3600 kr., því að því vissi hann, að stjórnin vildi ekki ganga. En því mátti hann búast við, að launin yrðu lækkuð, en ekki svona mikið, eins og þingið vildi 1881. Árið 1883 voru svo laun landlæknisembættisins færð niður í 4000 kr. Hvað þessi orð snertir, er h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) las upp, og sagði, að hæstv. landsh. hefði talað á því þingi, þá skil jeg ekki hvaða þýðingu þau geta haft. Hvaða þýðingu hefur það, þó að landshöfðingi segi, að stjórnin muni aldrei staðfesta lögin um lækkun launanna, þegar stjórnin þrátt fyrir það gekk að þessari lækkun? Ef með þessari lækkun er beitt ranglæti við þennan embættismann, þá er ekki þinginu einu um að kenna, heldur einnig stjórninni, sem staðfesti lögin, en jeg get nú ekki sjeð, að hjer sje um neitt ranglæti að tala. Eptir þessu, sem jeg hef tekið fram, þá get jeg ekki sjeð, að þessi embættismaður hafi nokkurn rjett til þess að krefjast uppbótar á launum sínum; en ef hann er sjálfur svo viss um rjett sinn, að hann, eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) skýrði frá, þykist geta fengið þessa uppbót, ef til máls kæmi, þá álít jeg, að það sje beinasti vegurinn fyrir hann, að leita til dómstólanna. Þeir, sem hafa flutt þetta mál á þingi, hafa talað um þessa fjárveitingu, ýmist sem uppbót á launum, sem jeg, eins og jeg hef tekið fram, ekki get skilið að geti komið til tals, eða þá sem viðurkenningu fyrir dugnað í embættisfærslu. En jeg vil biðja menn að líta á, hvernig þessi embættismaður sjálfur skoðar þetta mál sitt. Hann hefur sent þinginu brjef, þar sem hann skorar á það, að þvo einhvern blett af sóma hinnar íslenzku þjóðar. En meðan hann ekki getur sýnt oss fram á, hvaða blettur þetta er, sem hjer er átt við, þá sje jeg enga ástæðu til að taka þessa áskorun til greina. Jeg viðurkenni það fullkomlega, að þessi embættismaður á lof skilið fyrir allt það, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) taldi upp; hann hefur vissulega hjer á landi verið nýtur maður, góður læknir og dugað mörgum sjúklingum vel, en jeg álít líka, að hann hafi einnig fengið viðurkenningu fyrir það í þeim launum, er hann hefur haft. Ef á að fara að veita öllum duglegum embættismönnum sjerstök laun í viðurkenningarskyni fyrir, að þeir hafi staðið vel í stöðu sinni og verið nýtir menn, þá held jeg einnig eigi að fara lengra, eins og h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) þegar hefur sýnt, að hann vill. Hann vill koma inn í fjárlögin styrk til bónda eins, sem viðurkenningu fyrir, að hann hefur verið góður og nýtur bóndi. En ef fara ætti að taka upp þá reglu, að veita öllum nýtum og duglegum mönnum í landinu fje úr landssjóði í viðurkenningarskyni fyrir dugnað þeirra eða sem heiðurslaun, þá held jeg það yrði með tímanum ekki svo lítil upphæð.

Jeg get því ómögulega greitt atkvæði með þessari breyt.till., ekki af því, að mig skorti einurð til að standa frammi fyrir kjósendum mínum, ef mjer fyndist það rjett að veita þessa upphæð, eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) var hræddur um, að suma mundi bresta, heldur af því, að mjer finnst alls ekki rjett að veita hana, hvorki sem launauppbót, og ekki heldur í viðurkenningarskyni, eins og sumir vilja.

Þá kemur hin breyt.till. er jeg ætlaði að minnast á; hún er á þingskj. 527 og er þess efnis, að gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum skuli veittar 4000 kr., til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar í staðinn fyrir bæ þann, sem hingað til hefur verið notaður við ábúð á jörðinni. Jeg skal játa, að jeg er í miklum vandræðum með, hvernig eigi að líta á þetta mál, þar sem það er komið frá einum einstökum þingmanni, án þess að stjórnin hafi nokkuð haft með það að gjöra, eða látið í ljósi

álit sitt um það. Að vísu hefur skólastjórinn á Möðruvöllum látið í ljósi, að húsið væri nauðsynlegt, og jeg get einnig vel skilið, að full þörf sje á því, en jeg hefði kunnað betur við, að þessi till. hefði komið frá stjórninni sjálfri, en ekki frá einstökum manni. Mjer vitanlega hefur landsh., sem hefur yfirstjórn þessa skóla, og sem víst lætur sjer svo umhugað um hann, eins og hina aðra skóla, ekki minnst neitt á þessa breyt.till., og þætti mjer mjög æskilegt að fá að heyra álit hans um, hvort nauðsynlegt sje að kaupa þetta hús handa skólanum.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. Barðstr. (S. J.) skal jeg geta þess, að til stjórnarinnar hefur engin málaleitun komið í þessa átt, hvorki skýrsla um ástand hússins, og ekki heldur nein upplýsing um, að nauðsynlegt sje að kaupa það; en jeg þykist vita það af skýrslum þeim, er hjer liggja fyrir, að þörf muni vera á þessu húsi, en að öðru leyti þekki jeg ekki, hvernig þessu hagar til, og hef aldrei sjálfur skoðað húsið.

Mjer er því ekki hægt í nafni stjórnarinnar að láta neina skoðun uppi, en að eins geta þess, að jeg persónulega álít það heppilegt, ef þingið vildi veita þetta fje.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg þarf að eins að gjöra örfáar athugasemdir við fáein atriði í þessum kafla Það hefur verið talað mikið um það, að fjárbænirnar væru margar, en jeg furða mig ekki á því þar sem ekki er í annað hús að venda til þess að leita styrks. Það væri töluvert öðru máli að gegna, ef stjórninni væri gefið vald til að veita ákveðna upphæð til verklegra og vísindalegra fyrirtækja. Nú hafa komið um 100 fjárbænir til þingsins, en það eru ekki nema örfáar þeirra, sem teknar hafa verið til greina. Jeg get sparað mjer að svara orðum h. 5. kgk. (J. A. Hj.) út af 15. tölul. við 13. gr. C, því h. þm. Strand. (G. G.) hefur tekið af mjer ómakið. H. 1. kgk. (L. E. Sv.) tók það fram, að hann gæti ekki greitt atkv. með 27. og 28. tölul. í breyt.till. nefndarinnar um styrkinn til útgáfu orðabókanna. Hann vildi ekki neita, að það væri þörf á þeim, en hann dró af því þá ályktun, að af því þörf væri á þeim þá mundu þær ganga út og vitnaði því til sönnunar til Formálabókarinnar. En það fer ekki ávallt saman, að þörf sje á einhverri bók og að hún gangi vel út. Orðabækurnar geta verið mjög þarfar, þó ekki sje von til, að þær verði almennt keyptar og ekki sjeu líkindi til, að þær gangi út á stuttum tíma. Að vitna til Formálabókarinnar á alls ekki við. Það stendur svo sjerstaklega á með hana. Hún er einskonar lögfræðisleg handbók fyrir hvern mann, sem allir þurfa á að halda. Aptur á móti eru þeir að tiltölu miklu færri, sem læra mál og hagnýta sjer orðabækur. Til þess að gefa slíka bók út þarf því opinberan styrk, því orðabókin getur verið fullþörf, þó útgefandi standist ekki við að gefa hana út, og hafi ekki efni á, að láta fje sitt liggja langan tíma rentulaust, er hann leggur fram til útgáfunnar. Jeg vil taka t. d. Konráðs-orðabók; það hafa fáar bækur, að því er jeg hygg, verið gefnar út með meiri opinberum styrk, en hún; en þó mun enginn geta neitað því, að hún hafi komið í góðar þarfir. Það er viðurkennd þörf á þessum bókum, og sje jeg því ekki, að þingið skerði sóma sinn, þó það veiti þennan styrk, því sje litið á fjárlögin, þá verður ekki sagt, að þingið hafi verið svo sjerlegaörlátt að veita fje til bókmennta eða vísindalegra fyrirtækja. Erlendar þjóðir veita stórfje á ári til slíkra fyrirtækja en hjer eru það að eins örfáar þúsundir. Samt sem áður er mikil þörf á ýmsum bókum og á meðal þeirra eru orðabækurnar.

Jeg skal geta þess, að mjer gleymdist í fyrri ræðu minni að minnast á eitt atriði í fjárlögunum, sem nefndin hefur að eins drepið á í áliti sínu og það er við 13. gr. VI. 2. d. til kennarafræðslu við alþýðu-

skólann í Flensborg. Ástæðurnar fyrir þessari styrkveitingu eru þær, að í ráði er að auka kennarafræðsluna í Flensborg. Nefndinni var ekki vel ljóst samt sem áður, hvernig ætti að verja þessum 1600 kr., en þó vildi hún eigi af þeim ástæðum einum fella burtu þessa styrkveitingu, því að hún viðurkennir, að kennarafræðsla sje harla nauðsynleg, og ætlast nefndin til, að styrkurinn gangi til að launa þeim kennara, er hefur kennarafræðsluna á hendi. Nefndin álítur það nægja, að landsstjórnin taki til greina þetta álit fjárlaganefndarinnar.

Um 19. tölul. þarf jeg nú því síður að fjölyrða, sem hinn h. 1. kgk. (L. E. Sv.) hefur svo rækilega mælt honum bót. Þeir, h. þm. Strand. (G. G.) og h. 5. kgk. (J.A.Hj.) hafa mælt móti honum. En jeg vil taka undir það með h. 1. kgk. (L. E. Sv.) að það er sitthvað, að maður lesi skýrslur um vörur og hitt, að hann sjái vörurnar sjálfur. Einkum er það mjög áríðandi, að hann sjái með sjálfs síns augum, hvernig fiskurinn og ullin eiga að vera verkuð til að ganga sem bezt út á hverjum stað; þess er og að gæta, að þótt menn viti, hve mikið er selt af fiski einhverstaðar, þá renna menn samt sem áður blint í sjóinn um það, hvernig hann er verkaður. Norðmenn selja að vísu fisk til Spánar en verkun þeirra á fiskinum er ef til vill allt önnur en hjá oss, og það er oss áríðandi að vita. Það gæti orðið upplýst, að betra væri fyrir oss að hafa aðra verkunaraðferð á vöru vorri, en vjer nú höfum. Skýrsla um þetta gæti komið að hinu mesta haldi. Árangur af þessari för þarf ekki að vera mikill til þess, að þessar 1800 kr. vinnist margfaldlega. H. þm. Strand. (G. G.) tók það fram, að þessi maður, er styrksins æskti, ætti líklega að finna eitthvað, sem kaupmenn hefðu aldrei fundið. Getur vel verið. En þó hann finni ekkert, sem kaupmenn hafa ekki áður fundið, þá getur orðið allmikið gagn af för hans. Jeg er á því, að kaupmenn álíti sjer einmitt ekki skylt, að útbreiða meðal viðskiptamanna sinna ýmsan verzlunarlegan fróðleik, sem þeir hafa. En sá maður, sem styrktur er af landsfje til slíkrar utanfarar, hann mun láta allar þær skýrslur í tje í þeim efnum, sem honum er framast unnt.

H. þm. Strand. (G. G.) hefur tekið það fram, er jeg vildi sagt hafa um styrkinn til Jóns bónda Halldórssonar frá Búrfelli. Það var ekki meining mín, að gjöra lítið úr bændastjettinni, þótt jeg vildi ekki greiða atkv. með þeirri till. Jeg er á því, að það sje sannyrði, að slík eða slíkar styrkveitingar yrðu ekki til að hefja hugsunarhátt íslenzkra bænda, ef þeim væri leyfður aðgangur að landssjóði og veittur ellistyrkur í viðurkenningarskyni. Jeg vil miklu heldur, að stuðlað sje til þess, að gjöra bændur sem óháðasta, svo að þeir álíti sig sem veitendur en ekki sem þiggendur, að því er til landssjóðs kemur. Jeg get ekki annað en látið undrun mína í ljósi yfir því, að þessi bóndi, sem verið hefur stórefnaður skuli vera orðinn blá-fátækur. Það getur gefið grun um, að hann hafi ef til vill ekki farið sem bezt með ráði sínu, og það gæti því verið álitamál frá því sjónarmiði, hvort hann ætti nokkurn ellistyrk skilinn.

Annars væri það rjettast í þessum efnum, að hlutaðeigandi sveitarfjelag (hjer Grímsneshreppur) ljetu þessa fyrirtaksbændur njóta dugnaðar síns og framkvæmda til hags og heilla sveit sinni, sæi þeim fyrir sómasamlegu framfæri á elliárum, ef þeir þyrftu þess við. Það væri rjett og fagurt.

H. 6. kgk. (Þ. B.), er ávallt hefur komið fram sem sparnaðarmaður og var settur í einhverja hina fyrstu sparnaðarnefnd á þingi um að lækka laun embættismanna, hann er nú flutningsmaður þessarar till.; hann er upphafsmaður að því, að koma á nýjum bitlingum,

í stuttu máli: koma því á, að allir atkvæðabændur verði settir á eptirlaun, og þetta fer fram á sama þingínu, sem lengst er gengið í því, að færa niður eptirlaun embættismanna.

Jeg óska svo að lokum, að umr. um þessa bitlinga gengju ekki mikið lengur; jeg held að þingd. bæti sig ekki mikið á því.

ATKVÆÐAGR.: 12. gr. A. 1—3. samþ. í e. hlj.

B. a.—d. samþ. í e. hlj.

C. a. 1. samþ. með 9 samhlj. atkv.

C. a. 2. samþ. með 8 atkv.

10. breyt.till. n. (491) við C. a. 2. samþ. með 10 atkv.

Skilyrðið við C. a. 2. breytt samþ. með 9 atkv.

C. b. og C. c. samþ. í e. hlj.

Skilyrðið við stafliðina b. og c. samþ. í e. hlj.

Br.till. (521.) samþ. í e. hlj.

Skilyrðið undir stafl. a. 2. og stafl. b. og c. breytt samþ. í e. hlj.

C. þannig breytt samþ. í e. hlj.

11. br.till. n. (491) við D. a. samþ. með 9 atkv.

D. a. þannig breytt samþ. með 9 atkv.

12. br.till. (491) við D., b. samþ. í e. hlj.

D. b. þannig breytt samþ. í e. hlj.

13. br.till. n. (491) við D. b. samþ. með 10 atkv.

15. br.till. n. (491) við D. b. samþ. með 10 atkv.

D. c. samþ. með 9 samhlj. atkv.

12. gr. frv. þannig breytt samþ. í e. hlj.

13. gr. A., a. og b. 1.—6. samþ. í e. hlj.

B. I., a. samþ. í e. hlj.

B. I., b. 1.—7. samþ. í e. hlj.

Br.till. (526) við br.till. nefndarinnar (491) samþ. í e. hlj.

16. br.till. n. (491) þannig breytt samþ. í e. hlj.

B. II. a. og b. 1.—8. samþ. í e. hlj.

B. III. a. og b. — — —

B. III. c. 1.—4. — — —

17. br.till. n. (491) við c. 5. samþ. í e. hlj.

C. tölul. 6.—10. samþ. í e. hlj.

IV. a. samþ. í e. hlj.

IV. b. 1.—3. samþ. í e. hlj.

18. br.till. n. (491) við b. 4. samþ. með 10 atkv.

5. tölul. samþ. í e. hlj.

Br.till. (527) samþ. með 7 samhlj. atkv.

IV. þannig breytt samþ. í e. hlj.

V. a. b. 1.—3. — — —

VI. a.—f. — með 10 atkv.

19. br.till. n. (491) samþ. með 8 atkv.

20. br.till. n. (491) — — 8 —

VI. þannig breytt samþ. í e. hlj.

21. br.till. n. (491) við VII. a. samþ. með 9 atkv.

VII. þannig breytt samþ. í e. hlj.

22. br.till. n. (491) við fyrirsögnina fyrir b. samþ. í e. hlj.

23. br.till. n. (491) við 12. tölul. samþ. með 9 atkv.

C. tölul. 13. samþ. með 7 atkv gegn 2.

24. br.till. n. við 14. tölul. (491) samþ. í e. hlj.

14. tölul. þannig breyttur samþ. í e. hlj.

25. br.till. n. við 15. tölul. (491) samþ. með 10. atkv.

15. tölul. þannig breyttur samþ. með 8 atkv.

16., 17., og 18. tölul. samþ. í e. hlj.

Br.till. C. (534) við 18. tölul. tekin aptur.

26. br.till. n. (491) við 19. tölul. felld með 8 atkv. gegn 3.

19. tölul. þarmeð samþykktur.

27. br.till. n. (491) við 18. gr. C (orðabók J. J.) samþ. með 7 atkv.

28. br.till. n. (491) við 13. gr. C. (orðabók G. Z.) samþ. með 9 atkv.

Br.till. (519) felld með 6 atkv. gegn 5.

C. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

13. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

14. gr. frv. samþ. í e. hlj.

29. br.till. n. (491) við 15. gr. samþ. með 9 atkv.

30. br.till. n. (491) við 15. gr. samþ. með 9 atkv.

15. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

16. gr. samþ. í e. hlj.

17. gr. með áskildum breyt. samþ. í e. hlj.

18. gr. með áskildum breyt. samþ. í e. hlj.

Lán til sýslufjelaga (tóvinnuvjelar) samþ. með 10 atkv.

Lán til þilskipakaupa samþ. með 10 atkv.

7. gr. frv. samþ. í e. hlj. með þeim breytingum á upphæðinni, er leiða af breytingunum á útgjaldagreinunum.

Fyrirsögn frv. samþ án atkv.gr. og frv. vísað til 3 umr. í e. hlj.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna fyrir árin 1892 og 1893.

Kosinn var: *Kristján Jónsson* yfirdómari með 5 atkv.

Kosinn gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins.

Kosinn var: *Jón Jensson* yfirdómari með 8 atkv.

Fertugasti og fimmti fundur, miðvikudag 23. ágúst. Allir á fundi.

Till. til þingsályktunar um frjettaþráð til Íslands (C. 513); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr samþ. í e hlj.

Till. til þingsályktunar um breyting á fátækralöggjöfinni (C. 499); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags (C. 529); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um strandferðaáætlun (C. 532, 533); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um steinhúsbyggingu (C. 485); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Þó að jeg sje því samdóma, að þörf sje á að hugsa fyrir húsrúmi fyrir söfn þau, er nefnd eru í þessari þingsál., með því að þau eru að meiru eða minna leyti í óreiðu, þá get jeg samt ekki fallizt á þessa þingsál., eins og hún er hjer orðuð. Hjer eru að eins nefnd 3 söfn, forngripasafnið, náttúrugripasafnið og litmyndasafnið, sem stungið er upp á, að stjórnin láti gjöra uppdrátt til steinhúss fyrir, en vitanlegt er, að vjer þörfnumst húsrúms fyrir ýmislegt fleira en þessi 3 söfn. Menn hafa látið í ljósi, að húsrúm það, sem landsbókasafnið hefur, sje þá og þegar orðið of lítið. Vjer höfum ekkert húsrúm fyrir skjalasafn. Landið vantar pósthús og bankinn á ekkert hús. Allt þetta ætti vandlega að íhuga, áður en ráðizt er í að byggja dýra byggingu. Það er kunnugt, að byggingar eru tiltölulega því ódýrari, sem þær eru stærri, en eins og það er varhugavert að leggja út í að byggja of stóra byggingu, sem vjer ef til vill þurfum ekki að nota alla, eins er og hitt líka íhugunarvert, að ekki sje farið að ráðast í að byggja hús, sem eptir á reynist allt of lítið og sem menn þess vegna yrðu strax óánægðir með. Jeg hefði því óskað, að þessi þingsál. væri dálítið víðtækari en hún er. Jeg hygg því, að ekki sje rjett að fara fram á það, að gjörðir sjeu uppdrættir að húsi að eins fyrir þessi 3 söfn, því að vitanlega verður sá uppdráttur nokkuð dýr; — að sjálfsögðu verður að fara út fyrir pollinn til að fá hann, eins og með hvað eina vandasamt, er gjöra þarf hjer hjá oss. — Jeg vil ekki, að keyptur sje máske fyrir ærna peninga uppdráttur, sem ekki verður að neinum notum; það er tilgangslaust að kasta út peningum fyrir slíkt. Mig minnir, að uppdráttur sá, er gjörður var til

brúarbyggingarinnar, sem vjer allir þekkjum, væri nokkuð dýr, og ekki mundi þessi uppdráttur verða það síður. Annars hygg jeg, að ekki sje stór skaði skeður, þó að þetta mál fái að hvíla sig eitt ár enn þá, og lofa þingi og stjórn að hugsa dálítið betur um það. Jeg get því ekki verið með þessari þingsál., eins og hún nú er orðuð, enda þótt að jeg játi, að hún fari í rjetta átt.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg get tekið undir með h. þm. Ísf. (S. St.) í því, að ef vjer á annað borð ráðumst í það, að byggja stórhýsi, sem á að vera varanlegt og fullnægja þörfum vorum, þá ekki einungis að hafa þessi 3 söfn fyrir augum, heldur einnig pósthús og banka. Að vísu mun bankinn hafa allviðunanlegt húsrúm, en ef byggt yrði varanlegt stórhýsi á annað borð, ætti að taka tillit til þess, hvort bankinn vildi ekki vera með. Væri stórhýsi byggt, ætti banki og pósthús að vera niðri og þá væri hentugt húsnæði fyrir söfnin á fyrsta lopti: þessi 3 söfn, sem eru nefnd hjer í þingsál., forngripasafn, náttúrugripasafn og litmyndasafn auk skjalasafns, er h. þm. Ísf. (S, St.) minntist á, að vantaði hentugt húsnæði. Eins og menn vita, er það safn á lopti dómkirkjunnar, og er það alls ekki viðunanlegt húsrúm fyrir það, því að hvorki er það þar tryggt fyrir eldsvoða, nje heldur er þar svo rúmgott, að safnið geti orðið notað, og í þriðja lagi getur það húsrúm ekki orðið nema til bráðabyrgðar. Um þetta allt virðist mjer nauðsynlegt að hugsað sje, þegar um bygging slíks stórhýsis er að ræða. Það mun sjálfsagt ekki nægja að ráðfæra sig um þessa húsbyggingu við menn hjer á landi, heldur er án efa nauðsynlegt að leita ráða til húsabyggingarmanna erlendis, sem þekkja það, hvernig hentugast væri að koma öllu þessu fyrir í eitt hús. Það er mikill vandi að koma þessu fyrir á haganlegan hátt, þegar kröfurnar, sem gjörðar eru til einnar byggingar, eru svo margar og mismunandi. Og þegar um svona stórt og áríðandi hús er að ræða, er óumflýjanlega nauðsynlegt að kosta nokkru fje til þess, að fá þessa spurningu vel og haganlega leysta, svo að húsið á eptir geti fullnægt þeim kröfum, sem gjörðar eru til þess. Eptir því sem mig minnir kostaði teikningin til alþingishússins 2000 kr. eða átti að kosta það; skeð getur, að eigi hafi verið borgað svo mikið fyrir hana, með því að sá maður, sem hana gjörði, hafi af velvilja til landsins, ekki selt hana svo dýrt. En þó kosta þyrfti 2000 kr. til þess að fá góðan uppdrátt af slíku stórhýsi, jafnvel 3000 kr., þá hygg jeg, að eigi mætti horfa í það, ef með því væri fengin trygging fyrir því, að húsið yrði í alla staði fullnægjandi á eptir, og að menn þyrftu ekki að iðrast sáran yfir því á eptir, að hafa ráðizt í að byggja það hús, er menn yrðu óánægðir með.

Af því að jeg er hlynntur þessu máli, virðist mjer þó rjettara að samþykkja þessa þingsál., enda þótt hún sje í ófullkomnu formi í því trausti, að landsstjórnin taki tillit til skoðana þeirra, er fram hafa komið undir umræðunum um þetta mál. Jeg er sem sje hræddur um, að ef þessari einu umræðu er nú frestað, þá geti verið spurning um, hvort þingsál. nær fram að ganga, vegna naumleika tímans. Jeg ætla því, að rjettast væri að samþ. þingsál., en láta það koma fram í umr., að æskilegt væri, að stjórnin leitaði álits um, hvort ekki mætti sameina allt það, sem bent hefur verið á, í eina byggingu. Jeg vil enda ganga lengra. Jeg vil að stjórnin hefði það einnig í huga, að útvegað væri hentugt byggingarstæði hjer í bænum fyrir þetta stórhýsi. Það kann óðar en varir að koma fyrir, að hentugt byggingarstæði bjóðist, og að það kunni úr greipum að ganga, ef ekki er sætt

tækifæri, þegar það býðst. Vjer höfum reynslu fyrir því með alþingishúsið, að það er talsverðum erfiðleikum bundið, að fá hentugan byggingarstað hjer í Reykjavík; og jeg vil segja, að sá staður, sem alþingishúsið stendur á, er alls ekki hentugur staður. Hjer eru ofmikil þrengsli; það ætti langt um betur við og væri langt um fegurra, að slíkt stórhýsi stæði frjálsara. Það er til lýta við afstöðu kirkjunnar. Þess væri því óskandi, að þegar landssjóður byggir næst stórhýsi, að hægt væri að synda fyrir þetta sker.

Um kostnaðinn til þessarar húsbyggingar er ekki gott að segja; að líkindum mundi hús fyrir þessi 3 söfn kosta eigi minna en 70 þús. kr., og ef húsið ætti að vera fyrir allt það, sem um hefur verið talað, mundi eigi veita af 100—120 þúskr. Þetta er vitanlega að eins laus ágizkun, en að sjálfsögðu mun mikið fjárframlag þurfa, og í hlutfalli við það er kostnaðurinn ekki mikill við að afla sjer góðs uppdráttar. Jeg vil því greiða atkv. með þessari þingsál., og vona, að landsstjórnin taki tillit til þess, er komið hefur fram við umræðurnar, bæði að því leyti, að hugsað sje til þess, að sameina allt hið umtalaða í eina byggingu, ef það gæti vel farið, og eins að haft sje í huga, að ná í hentugan stað fyrir bygginguna. Það er kunnugt, að hjer andspænis þinghúsinu eru tvö ófögur og illa þokkuð hús, sem flestum mundi þykja æskilegt að gætu komizt burtu; og ef við þennan stað bættist lítið hús þar rjett hjá, sem mundi geta fengizt með sanngjörnum kjörum, þá væri þar hinn bezti grunnur fyrir þessa byggingu. Að vísu mun lóð þessi nokkuð mjó, með því að gata er bæði að norðan og að sunnan, en samt hygg jeg, að allstórt hús gæti staðið á þessum grunni. En í öllu falli er það mjög nauðsynlegt, að byggingarmeistarinn viti það þegar í upphafi, hvar húsið á að standa og hvernig þar til hagar, hvort húsið þarf að hafa 1—2—3 framhliðar (Facader), því með tilliti til þess, verður hann að gjöra uppdráttinn og haga dyrum, gluggum o. fl.

Sigurður Stefánsson: Hús það, sem hjer um ræðir í þessari tillögu, hygg jeg að verði ekki reist nema fyrir ærið fje, og það var meining mín, að jeg vildi ekki láta gjöra uppdrátt til húss, sem svo reyndist, er til kæmi, að væri í raun og veru of lítið, heldur vildi jeg, að tekið væri tillit til ýmislegs fleira, sem kæmi til greina, er um þess háttar stórhýsi er að ræða. Jeg er ekki á móti því, að þetta stórhýsi verði reist innan skamms, en mjer fannst tillagan fara of skammt. En ef h. þingd. vill halda tillögunni fram, svo að stjórnin sjái yfirlýstan vilja þingsins í því efni, þá kynni jeg betur við, að það sæist víðar en í umræðunum um málið og vildi jeg þá, að komið væri fram með breyt.till. í þá átt, að húsið væri ætlað til ýmislegs fleira, en tekið er fram í till., og hún þá tekin út af dagskrá. Jeg hugði, að þess mundi ekki þörf í þetta sinn, en get vel fallizt á það, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að sje nauðsynlegt og mjög æskilegt, að einhver ráðstöfun væri gjörð í þessa átt. En jeg ætla að stjórnin muni betur sjá og taka tillit til yfirlýsts vilja þingsins í tillögunni sjálfri, heldur en þó að hún sjái hann í umræðunum.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um tillöguna, því að mjer finnst hún verðskulda að nákvæmlega sje íhugað, hvert efni hennar er. Hún getur leitt af sjer mikil útgjöld fyrir landssjóð, sem gætu orðið tilfinnanleg og einnig hagnað, sem ætti að verða sem mestur. Þess vegna verður að vanda hana sem bezt, svo að hún sje ekki gjörð rjett út í bláinn og ekki takmörkuð um of eða of víðtæk.

Það stendur nú í tillögunni, að steinhús það, sem gjöra á uppdráttinn til, skuli meðal annars vera handa forngripa-

safninu. Það er mjög nauðsynlegt fyrir þetta safn, að fá ný rúmgóð herbergi samboðin safninu, sem nú er orðið svo mikið, að það er landinu til sóma. Við það, að safnið fengi húsrúm í hinu nýja stórhýsi, mundu þau herbergi losna, sem forngripasafnið hefur nú til umráða, og það er spursmál, hvort alþingi mundi ekki fá þörf fyrir þau herbergi, eða þá að þau væru notuð til annars safns, einkum náttúrugripasafnsins. Þetta safn skiptist eiginlega í tvennt. Það er safn lærða skólans, sem er talsvert, en til lítils gagns sem stendur, af því að það, vegna rúmleysis liggur mest geymt og lokað í hólfum og skápum, og það er safn hins íslenzka náttúrufræðisfjelags, sem verðskuldar miklu betri herbergi en það hefur nú hjer og hvar út í bæ í óáreiðanlegum húsum. Þessi tvö söfn ætti að sameina í eina heild.

Hvað litmyndasafninu viðvíkur, þá er jeg á móti því, að það sje nefnt í þessari tillögu. Jeg ímynda mjer, að hjer sje sjerstaklega átt við þau málverk, sem eru hjer í þingsölunum. Sumum kann að virðast, að þau eigi ekki vel við hjer í þinghúsinu, en jeg hygg samt, að þau sjeu til svo mikillar prýði, að allir mundu heldur kjósa, að hafa þau hjer í sölunum, heldur en missa þau þaðan. Jeg ætla því, að það sje óþarfi, að litmyndasafnið sje tekið með í tillögunni, því að það sje hvergi betur geymt en hjer í þingsölunum. Ef byggja á hús fyrir þetta safn, þá mundi það líka auka tiltölulega mikið kostnaðinn, því að safnið þyrfti að hafa stór og vegleg herbergi með góðri birtu. Jeg verð því að vera á því, að það sje numið úr tillögunni.

H. þm. Ísf. (S. St.) minntist á, að húsrúm það, sem landsbókasafnið hefði yfir að ráða væri of lítið. Jeg hygg samt, að það geti hjálpazt við það enn um nokkurn tíma, og mundi nægja í 10—20 ár ennþá, ef skotið væri út ýmsum bókum, sem ekki þurfa að standa í skápunum, og þær geymdar á annan hátt.

H. þm. Ísf. (S. St.) minntist einnig á, að þörf væri á nýju pósthúsi. Það er rjett; það er sjerleg nauðsyn á því. Eptir því sem samgöngur, brjefaviðskipti og póstflutningar nú eru, er ekki við því að búast, að einstakur maður, með þeim launum er honum eru ákveðin, geti ljeð hús, sem fullnægi þeirri aðsókn, sem nú er orðin. Ennfremur er þess að gæta, að þar eru geymd mörg verðskjöl, sem ekki er rjett að geyma nema í húsi fulltryggu fyrir þjófnaði, innbroti og eldsvoða.

Það er einnig annað, sem jeg ætla að mönnum hafi ekki hugkvæmzt, að landfógetadæmið þarf einnig skrifstofu, sem mesta nauðsyn er á, að fengi sem fyrst húsrúm í vel tryggðu húsi. Sú, sem nú er látin í tje af þeim manni, er nú er í embættinu, er ónóg að því leyti, að þar er ekki næg trygging á peningum, verðbrjefum og ýmsu öðru, sem vel tryggt þarf að vera, og getur það þó eigi verið betra, þá er um vanaleg hús er að ræða; þegar svo er nú, verður það ekki betra, þegar nýr maður tekur við, með minni launum og ef til vill ónógu skrifstofufje.

Til þess ljóslega að benda á, hve mikil þörf er á slíkri ráðstöfun, skal jeg geta þess, að á fyrstu mánuðum ársins, áður en farið er að semja reikninga, má telja, að hjá landfógeta sjeu geymdar útgjaldakvittanir fyrir 500—600 þús. króna; ennfremur liggur þar fyrir opt talsverður peningaforði og það stundum mjög mikill stuttan tíma. Á skrifstofunni eru einnig geymd öll verðskjöl viðlagasjóðsins, sem nema um 600—700 þús. króna, og er það með öllu ófært, að slík skrifstofa sje í trjehúsi. Þetta þarf að tryggja betur af landsstjórnarinnar hálfu.

Jeg skal taka það fram, þó að þess ætti ekki að vera þörf, að hjer er ekki í

neinu að ræða um *húsið* landfógeta, heldur er það skrifstofa landfógetadæmisins, sem þyrfti, líkt og póststofan, að vera á vel tryggðum stað og hafa hirzlur lausar við alla áhættu fyrir eldsvoða, en landfógetinn og póstmeistarinn geta búið á öðrum stað. Landfógeta-skrifstofan þarf að hafa sem bezt rúm til að geta geymt fjemæta muni og að öðru leyti 2 eða 3 skrifstofuherbergi, en póststofan þarf auk skrifstofu að hafa stóra stofu til að taka á móti bréfum og afhenda þau, ennfremur aðra til að taka á móti bögglum og sendingum, og svo herbergi til ýmsra áhalda o. fl.

Jeg hygg, að rjett sje, að þessu sje gaumur gefinn, og jeg vildi sem sagt leiða athygli að því, að ef þessu máli er hreyft á annað borð, þá verði það til gagns að fullu. Það gæti verið, að kostnaðurinn mundi fæla menn, en það ætla jeg, að þurfi ei að vera, því að ýmislegt bendir á, að menn muni geta ráðið því sjálfir, að hann verði eigi tiltölulega ókleyfur. Þetta hús, sem við erum í, hefur kostað 125 þús. kr., þar með talin áhöld til bókasafnsins og alþingis; ennfremur er þess að gæta, að gólfið er úr steyptum steini allt að 3—4 álnir á dýpt og skilrúm úr steini um allt húsið, og einnig yfir landsbókasafninu á neðsta gólfi er steinmúruð hvelfing og járnbindingar á milli. Alls þessa þyrfti ekki í hinu fyrirhugaða stórhýsi, og gæti þó verið vel tryggt. Ef það hús væri byggt, sem nauðsyn er á, þá má ætla, að kostnaðurinn yrði öðruhvoru megin við 60 þús. krónur, að því er jeg helzt hef hugsað mjer, en auðvitað getur það orðið meira eða minna eptir því rúmi, sem til verður ætlazt.

Þá hefur verið talað um, að landsbankinn þyrfti að hafa betra húsnæði og mun það rjett vera, en hann stendur á sínum eigin fótum, svo að þar yrði að gjöra samninga á milli hans og landsstjórnarinnar. Ef það yrði, þá verður húsið enn ódýrara, því að því stærra sem það er, því tiltölulega ódýrara verður það, miðað við rúmið.

Jeg hygg, að það sje full ástæða til, að tillögunni sje gaumur gefinn og hún gjörð yfirgripsmeiri, og er jeg samdóma því, að málinu sje því frestað. Menn mega ekki láta það fæla sig frá henni, þótt að til þess þurfi að kosta nokkuð að ráðfæra sig við byggingarfróða menn. Jeg er samdóma h. 2. kgk. (H. Sv.) um það, að ómögulegt er að gjörður verði uppdráttur af húsinu, fyr en ákveðið er, hvar það skuli standa. Eptir tillögunni munu ekki vera önnur útgjöld en þau, sem leiða af því, að skora á stjórnina að ráðfæra sig við byggingarfróða menn um, hvernig verði ráðið úr því atriði, sem tillagan ræðir um.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er þakklátur h. forseta fyrir bendingar þær, sem hann hefur gefið í þessu máli. Það er alveg rjett tekið fram hjá honum, að full ástæða sje til að hugsa um, að skrifstofa sú, sem tekur við gjöldum til landssjóðs og lætur þau úti, sje vel tryggð. Það er sýnilegt, að mál þetta verður töluvert umfangsmeira og stærra, en gjört var ráð fyrir í fyrstu, en það sem bætzt hefur við, verður engu síður að taka til greina, og er þá spurning um, hvort ekki ætti líka að reyna að sameina þessa kröfu við hitt, svo að farið væri fram á, að skrifstofa landfógeta einnig væri í þessari einu stóru byggingu, er gjöra þyrfti.

Þar á móti get jeg ekki verið samdóma h. forseta um það, að komizt verði af án sjerstaks húss fyrir litmyndasafnið. Það mun ekki nægja til langframa að láta myndirnar hanga hjer í sölum alþingishússins, og þær eru ekki ætlaðar til þess að skreyta sali þessa húss með þeim, og þar að auki eiga þær ekki við á þeim veggflötum, er salir og herbergi hjer hafa fram að bjóða. Málverkin sjálf og fletir þeir, sem þau eiga að hanga á, verða að vera sniðin hvað eptir öðru. Það er auð-

sjeð, að málverkin, eins og þau hanga hjer, eru ekki sniðin eptir veggjunum og eiga ekki við þá. Það sýnir sig sjálft, að þeim hefur verið holað hjer niður af vandræðum. Á öðrum veggnum í þessum sal hangir málverk með gylltum ramma, en á hinum málverk með dökkri umgjörð; á þessu fer ekki allskostar vel. Þótt við sleppum hinum stóru sölum þessa húss og lítum að eins á hin önnur smærri herbergi, þá verður hin sama niðurstaðan og ekki betri. Í þeim herbergjum er ástandið einnig óviðunandi, þar er ekkert tillit tekið til birtu og annars fleira, sem taka þarf tillit til við þetta. Það er heldur ekki hægt að taka tillit til alls þessa, nema byggt verði sjerstakt hús, er uppfylli þau skilyrði, er með þarf. Stundum á það betur við, að birtan komi að ofan, svo að vel fari á málverkunum, og væri þá sjerstaklega hent, að byggt væri stórhýsi og málverkin geymd á efsta lopti þess. Herbergin þar mætti búa svo út, að birtan kæmi einnig að ofan, hvort sem mönnum nú sýndist að haga svo öllum herbergjunum eða að eins nokkrum. Litmyndasafnið hefur allt of lítið húsnæði hjer og er allt of mjög hrúgað saman. Ef það fengi betra og stærra húsnæði, eru líkindi til, að það mundi meira aukast að myndum, og mætti þá haga þessu húsi svo, að gjört væri ráð fyrir líklegri aukning safnsins. Jeg sje ekki, að það húsnæði, sem safnið nú hefur, sje nægilegt eða viðunanlegt, heldur verði að byggja nýtt hús fyrir það, en þessu er ekki unnt að koma fram að svo stöddu. Verður því annaðhvort að láta sitja við þær bendingar, er þingmenn hafa gefið í ræðum sínum þessu viðvíkjandi, eða að fresta umræðu málsins til þess betur seinna að fullnægja því, sem hjer hefur verið drepið á, og því fremur aðhyllist jeg þessa síðari aðferð, sem jeg hef heyrt á h. forseta, að hann gefi því góðan róm.

Umræðunni frestað.

Frumv. til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð (C. 493, 517); ein umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Nd. hefur gjört að eins fáar breytingar við frumvarp þetta, eins og það var, er það fór hjeðan, og eru það yfir höfuð að eins orðabreytingar. Á eptir nefndum greinum hafa verið gjörðar breytingar, nfl.: 12. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr. og 17. gr.; sömuleiðis á 43. gr. og 56. gr. Með því að engar efnisbreytingar hafa verið gjörðar á frumvarpinu, og ofantaldar orðabreytingar að áliti nefndarinnar eru fremur til bóta, vil jeg í nafni nefndarinnar, sem haft hefur málið til meðferðar, ráða hinni h. deild til að samþykkja frumv., eins og það nú er.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*,

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 512, 535); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg hef ekki mikið um frumv. þetta að segja. Mjer finnst nú flest fara að verða til hindrunar því, að kjósendur fái umbót á þessu velferðarmáli sínu. Mjer virðist það nokkuð undarlegt, að þetta skuli vera skoðað sem nýtt frumv., þar sem að eins 2 greinum hefur verið breytt frá frumv. okkar, en úr því menn eru á þeirri skoðun, að álíta þetta nýtt frumv., þá tjáir ekki um það að tala, og verður svo að vera.

H. Nd. hefur ekki verið jafn athugul um öll frumv. sín og þetta, því hjer á dögunum kom frumv. frá henni, sem svo að segja að eins hafði verið rætt í einni umr, því það kom svo breytt frá fyrri umr., að það naumast mátti kalla sama frumv.

Með því jeg sje, að ekki er til neins að vera að ræða frumvarp þetta hjer, skal jeg ekki eyða ónýtum orðum að því, og vona, að kjósendur sjái velvilja

þingsins í þessu máli, og þó mjer ekki líki breytingar þær, sem h. Nd. hefur gjört á frumv. okkar, um leið og hún kom með þetta frumv., þá mun jeg þó ganga að þeim, því jeg vil heldur óska, að frv. fái fram að ganga, en að það falli fyrir þá sök, að í því eru þó nokkur ákvæði, sem gjöra kjósendum ljettara að njóta kosningarrjettar síns, en verið hefur.

Guðjón Guðlaugsson: Mer fannst h. 5. kgk þm. (J. A. Hj.) þykja nokkuð súrt í broti, að þetta skyldi vera 1. umr. málsins. Ennfremur gat hann þess, að í þessu frumv. væri falin rjettarbót kjósendum til handa. Það er nú enn sem fyr, að jeg get ekki komið auga á þá rjettarbót; það hlýtur að vera nokkuð djúpt á henni, að minnsta kosti hef jeg ekki skilning til þess að sjá hana. Jeg játa það með h. 5. kgk. (J. A. Hj.), að það hefur ekki mikið að þýða, að vera að ræða frumv. þetta hjer, því tíminn er orðinn svo naumur, að það getur ekki komizt í gegn, en það get jeg ekki talið neitt óhapp, en þar sem það að líkindum á fyrir þessu frumv. að liggja, að ganga aptur, eins og mörg önnur, þá er rjett að það sje rætt hjer, svo að þjóðin geti heyrt skoðanir þingm. sinna á þessu máli, og það því fremur, sem það hefur verið fremur lítið rætt í Nd., og litlar mótbárur komið gegn því, að mjer finnst. Það mun eiga að vera kostur mikill, að kjósendum er gjört hægt fyrir að nota kosningarrjett sinn, en jeg get ekki sjeð, að hægðin sje viss eptir þessu frumv. Aðalbreytingin er fólgin í því, að amtsráð getur ákveðið 2—3 kjörstaði í sýslu, þar sem menn nú verða að sætta sig við að mæta allir á einum stað. Það lítur nú máske út fyrir, að hjer sje kjósendunum veittur mikill „hægðarauki“, en mjer sýnist þó æði tvísýnt um, hvort svo er, þar sem frumv. hefur þau ákvæði, að enginn sje rjett kjörinn þingmaður, nema að hann hafi fengið meir en helming atkv. þeirra, er greidd hafa verið, eins og ákveðið er í gildandi kosningarlögum, en þetta sýnir þó, að Nd. hefur fundizt það varúðarvert að missa þau ákvæði hinna gildandi laga um, að minnsta kosti helmingur þeirra atkv., sem greidd eru, ráði úrslitum. En hver er þá hægðin ef svo fer, að enginn fær helming atkvæða við fyrri kosningarnar og því má ávallt búast við. Menn verða fyrst að fara 3. part sýslunnar til þess að kjósa, koma svo heim í óvissu um það, hver þingmaður hafi orðið, og verða svo aptur að fara enn lengri veg eða á einn sameiginlegan fund, eins og nú er. Fyrri ferðinni er þá alveg eytt til einskis, eða rjettara sagt, þeim tíma og erfiðismunum, sem til hennar gengur. Jeg sje ekki í hverju hægðin liggur; þetta er að eins til þess að auka erfiðleikana, gefa mönnum vonir, sem geta brugðizt, og koma öllum kosningunum á sundrung. Það er ekki sagt, að seinni kosningar færu í samræmi við hinar fyrri. Nei, það eru engar líkur til þess, þar sem millibil milli fundanna getur orðið langt, og það getur þá komið fyrir, að sá komist að við seinni kosningar, sem minnstar líkur hafði til þess, vegna þess, að ekki er víst, að þeir, sem mestan kraptinn hafa við fyrri kosningarnar, komi á seinni fundinn einhverra ástæðna vegna, og svo er eitt: Hvernig stendur á því, að verið er að fjölga kjörstöðum í þeim kjördæmum, sem nú eru kosnir í 2 þingmenn, en ekki skipt kjördæmunum í jafnmörg kjördæmi og þingmennirnir eru? Menn eru að berjast við að fá það, sem er lítt mögulegt, og sem alstaðar rekur sig á óviðráðanlega agnúa, en vilja ekki breyta því, sem verður breytt til hægðar fyrir marga, og sem hefur engar sennilegar mótbárur við að stríða. Í frumv. því, sem Ed. hafði til meðferðar, var farið fram á, að setja kjörstað í hvern hrepp, og færði h. 5. kgk. (J. A. Hj.) þá ástæðu með því, að skoðanir manna kæmu þá betur fram, þar sem mönnum með því

væri gjört hægra fyrir að mæta á kjörfundum, en jeg sýndi þá fram á, að það mundi ekki verða til þess, heldur mundi af því leiða, að ein skoðunin gæti þá bælt aðra undir sig, og einn fámennur flokkur ráðið öllu.

Jeg er einmitt á því, að jafnmargar aðalstefnur eigi að komast inn á þingið í gegn um þingkosningarnar og þingmennirnir eru margir í hverju hjeraði, en lengra verður ekki farið, en til þess miðar ekki þessi lagabreyting, sem hjer er farið fram á, og ekki heldur sú, sem frumv. það, er fór hjeðan úr deildinni fór fram á, heldur að eins sú lagabreyting, sem fer fram á að skipta landinu í eins mörg kjördæmi og þingmennirnir eru margir.

Jeg skal leitast við að skýra þessa skoðan mína fyrir h. deild. Setjum svo, að eitt kjördæmi skiptist í hjer um bil 2 jafna hluta með skoðan á einhverju aðalmáli, og að í þessu kjördæmi eigi að kjósa 2 þm. Segjum t. d., að nyrðri hluti kjördæmisins vilji láta breyta kosningarlögunum, og að það sje hans aðal áhugamál, en að sá syðri vilji það hreint ekki, og setjum nú svo, að báðir partarnir leggi svo mikla áherzlu á þetta, að þeir hafi það fyrir aðalaugnamið við kosningarnar. Nú bjóða sig 4 fram til þings, 2 vilja breyta en 2 ekki; nú er kosið um alla þessa á sama staðnum, — það gjörir ekkert, hvort kjörstaðirnir eru margir eða fáir — og sá hluti kjördæmisins, sem hefur þó ekki sje nema tveimur atkvæðum fleira, fær 2 menn á þing en hinn engan. Væri nú ekki eðlilegra að skipta þessum kjördæmum í tvennt, svo að sinn flokkurinn gæti fengið hvern þingmanninn. Mjer er því alveg óskiljanlegt, hversvegna menn óska eptir 2 kjörstöðum í þeim kjördæmum, sem nú kjósa 2 þm., en ekki að þeim sje skipt í tvennt.

Eitt af þeim fáu kostum, sem frumv. frá Ed. hafði, var það, að það færði kosningartímann í júnímánuð úr september. Nú er hann aptur kominn í september í frv. þessu. Ef kosningartíminn er í júní, er mönnum gjört hægra fyrir að sækja fundi; veðuráttan hamlar opt að haustinu til. Þetta ákvæði, sem einmitt var eini kosturinn við hitt frumv., er nú numið burt í þessu.

Jeg sje enn eins og fyr ekki, að þessar breyt., er frumv. þetta vill gjöra á hinum gildandi kosningarlögum sje til nokkurra bóta. Frumv. það, sem fór frá Ed. til Nd., hafði þó þennan eina kost, sem jeg nefndi, en jeg sje ekki, að frumv. þetta hafi einn einasta kost.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 3.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 423, 545, 547, 550); 3. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg get eiginlega ekki sagt mikið fyrir hönd nefndarinnar, því að vegna hins nauma tíma hefur hún ekki átt kost á, að halda fund með sjer, og get því ekki lýst áliti nefndarinnar á þessum breyt.till., sem fram hafa komið. En það vill nú svo vel til, að sumir úr nefndinni eru undir þessum breyt.till., og þar á meðal jeg á breyt.till. 550, þar sem farið er fram á að hækka ölmusustyrkinn við prestaskólann um 200 kr. síðara árið. Jeg verð að vera með þessari breyt.till., þó að það yrði ofan á í nefndinni að fara ekki lengra en 200 kr., hvort árið. Þó að nú sjeu ekki margir á prestaskólanum, þá geta þeir máske orðið fleiri seinni veturinn, og þá ætti styrkurinn ekki að vera af svo skornum skammti og nú er. Um álit hinna nefndarmannanna veit jeg ekki.

Þá er breyt.till. við 13. gr. B. VI. g., að styrkurinn til síra Ólafs Helgasonar falli burt. Af því að nefndinni þótti ástæða til að taka þennan styrk á fjárlögin, er hún hafði kynnt sjer málavöxtu, mun hún ekki verða til að fella hann burt aptur.

Og jeg sje heldur enga ástæðu til þess, en mun þó geyma atkv. mitt til þess að jeg hef heyrt ástæður fyrir þessari breyt.-till., sem mjer þættu nógu góðar og gildar til þess, að jeg greiddi atkv. með henni, en ef þær koma ekki, greiði jeg auðvitað atkv. með styrknum. Að óheyrðu máli skal jeg hvorki segja, hvort jeg verð með eða móti. Nefndinni þótti sanngirni mæla með því, að styrkur þessi væri veittur.

Því næst er breyt.till. á þingskj. 550 við 13. gr. C. 5. c., að athugasemdin við styrkinn til að skrásetja forngripi falli burt. Jeg skal geta þess, að jeg greiði atkv. með þessari breyt.till., einungis með þeim fyrirvara, að ekki verði borgað meira til þessa starfa en 600 kr. á ári þetta fjárhagstímabil. Jeg hygg að sá, sem starfið á að leysa af hendi, treysti sjer ekki til að hafa lokið við það á svo stuttum tíma, og það var ætlun h. Nd. og eins deildarinnar hjer, að ekki væri veitt meira en þessar 600 kr. hvort árið, og álít jeg þinginu óskylt að veita meira fje til þess starfa. En sanngjarnt er, að maður sá, er í hlut á, fái styrkinn útborgaðan, þó að hann sje ekki alveg búinn á þessum tíma, þar sem maðurinn er líka hinn samvizkusamasti og áreiðanlegur. En jeg hef tekið fram, að jeg greiði að eins atkv. með áminnstum fyrirvara.

Viðvíkjandi breyt.till. 547 við 13. gr. C. 7. skal jeg ekki segja neitt, fyr en jeg heyri ástæður flutningsm. fyrir henni.

Sigurður Jensson: Jeg ætla að leyfa mjer að tala nokkur orð, af því að jeg er bendlaður við eina breyt.till. Við 13. gr. C. 7. hef jeg ásamt 2 öðrum h. þm. leyft mjer að koma með breyt.till. viðvíkjandi styrknum til textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni. Maður sá, sem í hlut á, hefur sýnt mjer fram á, að hann yrði hart úti við það, að styrkurinn til útgáfunnar væri bundinn því skilyrði, að registur kæmi út með hverju bindi. Að semja registrið kostar talsverða fyrirhöfn og af því það er prentað með smærra letri, þegar borið er saman við letrið á safninu sjálfu, þá fær höfundurinn ekki nema hálfa borgun fyrir örkina af því og er það ósanngjarnt, þar sem borgunin fyrir örkina er yfirhöfuð af skornum skamti. Jeg hef komið með þessa breyt.till. í von um, að þingd. mundi verða svo sanngjörn við þennan mann, að hún slakaði til við hann í þessu lítilræði, þar sem hann hefur sýnt, að hann er starfsamur og duglegur vísindamaður, sem er vel maklegur þessa styrks, sem hann hingað til hefur notið. Þessi þingd. hefur og sýnt í ýmsum öðrum atriðum að hún kann að meta framúrskarandi dugnað einstakra manna, t. d. vil jeg benda á, hvernig henni hefur farizt við augnalækni Björn Ólafsson, og því vona jeg, að hún eins virði þann dugnað, sem maður þessi hefur sýnt.

Guttormur Vigfússon: Jeg hef skrifað undir eina breyt.till. ásamt 2 öðrum h. þm. en af því að jeg gef þó ef til vill ekki atkv., eins og búast mætti við, vil jeg gjöra stuttlega grein fyrir atkv. mínu.

H. þm. Barðstr. (S. J.) hefur tekið nægilega fram allt, sem þarf að taka fram viðvíkjandi breyt.till. við 13. gr. C. 7. og mun jeg gefa henni atkv. mitt. En undir hina breyt.till. við 13. gr. B. VI. styrkinn til sira Ólafs Helgasonar, hef jeg að eins skrifað í þeim tilgangi, að hún kæmist að, því við 2. umr. var ekki hreyft neitt við ástæðum með eða móti þeirri fjárveitingu. Jeg hef nú síðan fengið nokkrar munnlegar skýringar máli þessu viðvíkjandi og mæla þær mjög mikið móti styrkveitingunni en hve áreiðanlegar þær eru get jeg ekki um sagt, og verður það því algjört undir skýringum komið, sem jeg heyri með og mót, hvernig jeg greiði atkv. um breyt.-till., svo að jeg get ekki enn um það sagt, hvernig jeg greiði atkv. um hana; það verður undir þeim skýringum komið, sem jeg nú fæ við þessa umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef skrifað

undir breyt.till. við 13. gr. B. VI. g. nfl. styrkinn til sjera Ólafs Helgasonar, að fella hann burtu. Þetta er að vísu ekki mikil upphæð, en mjer getur ekki fundizt, að nein nauðsyn beri til að veita þennan styrk, og greiddi jeg við 2. umr. atkv. móti því, að hann væri veittur.

Þá er þessi prestur tókst á hendur kennslu heyrnar- og málleysingja hafði hann nýlega fengið hægt brauð. Hann hafði á síðastliðnum vetri til kennslu 6 nemendur og þjónaði sjálfur prestakalli sínu og auk þess Arnarbælisprestakalli að nokkru leyti. Eins og menn vita liggur þó Arnarbælisprestakall hinu megin við Ölfusá, sjeð frá Gaulverjabæ, en hans prestakall austur undir Þjórsá. Hann hafði þannig í fyrra nægan tíma bæði til að kenna þessum 6 heyrnar- og málleysingjum, þjóna sínu eigin prestakalli og auk þess, að takast á hendur enn eitt allörðugt starf. Hann segir í bænarskrá sinni, að hann hafi kennt þessum 6 nemendum fram í miðjan maí, en hann getur þess ekki, hve langt þeir hafi verið komnir í náminu, nje heldur hins, hvort nokkur þeirra hafi verið fullnuma orðinn. Í bónarbrjefi sínu segir hann enn fremur, að 7—8 menn vilji nú koma til sín heyrnar- og mállausum börnum, en sum þeirra eru svo ung, yngri en lög ákveða, að ekki eru líkur til, að þau komi til hans til náms á næstkomandi vetri.

Þessi prestur hefur meðlag með hverjum nemanda að meðaltali um 350 kr. Jeg hef nú dálitla reynslu fyrir mjer í því, hvað fæði og þjónusta kostar í sveit fyrir börn á þessum aldri. Í mínum hreppi hefur verið um nokkur ár barnaskóli, og höfðu börnin sameiginlegt fæði og þjónustu. Dýrast varð þetta hvorttveggja til samans fyrir hvert barn á dag 46 aurar, en flest árin ekki nema 40 aurar. Ef vjer nú setjum, að fæði og þjónusta kosti fyrir hvert barn 50—60 au. á dag, kemur það í ljós, að kennari þessi hefur að minnsta kosti 40 au. á dag til að klæða börnin og kenna þeim. Jeg get því hugsað það, að hann hafi afgangs fæði og þjónustu fyrir hvert barn á ári 150 kr. og þá fyrir 6 börn 900 kr. árlega. Ef börnunum nú fjölgar svo, að þau verði næsta kennsluár 10, aukast kennslupeningarnir upp í 1500 kr. Ef hann hefur nú getað staðið sig við að kenna sjálfur 6 börnum í fyrra og tekur í ár aukakennara, til að kenna með sjer 10 börnum, og kostar til hans 400 kr. fram í maímánuð, sem þó sýnist vera ríflega ílagt, þá hefur hann samt eptir í ágóða fyrir kennsluna, að minnsta kosti 1000 kr., ef hann fær 1500 kr. fyrir 10 börn, og er því ekki ver settur en í fyrra. Jeg held því, að engin ástæða sje til að veita honum styrk af landssjóði, þó að hann fjölgi hjá sjer nemendum, og taki aukakennara sjer til aðstoðar, því að eptir því sem börnin, sem hann tekur til kennslu, eru fleiri, eptir því verður sú borgun meiri, sem hann fær fyrir kennsluna. Það er ennfremur spurning, hvort það er beinlínis vegna þess, að nemendurnir fjölga, að hann þarf að taka aukakennara. Jeg held að það sje ekki eingöngu þess vegna. Eins og kunnugt er, hefur hann fengið síðan í fyrra annað brauð, sem er erfiðara, en einnig um leið tekjumeira heldur en brauð það, sem hann hafði í fyrra. Jeg hygg að í þessu sjeu eigi síður fólgnar ástæðurnar fyrir því, að hann vill nú taka aukakennara en í hinu, að börnin fjölga. En er það þá tilhlýðilegt, að landssjóður borgi fyrir það, að hann hefur nú fengið erfiðara, en um leið miklu tekjumeira brauð heldur en hann hafði áður? Jeg get ekki sjeð, að það sje nein ástæða til þess, úr því að hann gat kennt þessum börnum, meðan hann var í brauði, sem var hægra og tekjuminna, 6 börnum aukakennara laust, þá ætti hann að geta styrklaust kennt í tekjumeira brauði fleiri börnum,

þó hann tæki aukakennara, því að hinn aukni styrkur, sem stafar af fleiri nemendum borgar það. Af þessu er það bersýnilegt, að þessi styrkbeiðni til aukakennara er sprottin af ástæðum, sem landssjóði eru óviðkomandi, sem sje af því, að hann hefur nú erfiðara brauð, en um leið tekjumeira, svo að brauðið borgar honum það.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer að fara fáum orðum um breyt.till. þá, sem jeg ásamt 2 þm. hef komið fram með. H. framsögum. (S. St.) hefur að vísu minnzt á hana og tekið hið helzta fram, en jeg vil þó leyfa mjer að koma með fleiri athugasemdir þar að lútandi. Í fjárlagafrv. þessu í 13. gr. B. I., b., 2, er ákveðin að eins ein ölmusa hvort árið handa nemendum prestaskólans, og má virðast þar nokkuð langt farið, að færa þær úr 3 niður í eina; að vísu eru þær ástæður færðar fyrir þessu, að sýnilegt sje að töluvert færri muni koma á prestaskólann eptirleiðis eða rjettara væri að segja á næsta ári, því um meira er ekki hægt að segja með neinni vissu, en það er hægt að sjá, að örfáir muni koma í hann á næsta ári. Í eldri deildinni eru nú 2 menn og hve margir muni koma næsta ár í yngri deildina er ekki hægt að segja með vissu, en þeir geta ekki verið margir eitthvað 3—5, en hvernig þessu verði varið árið 1895 er ekki unnt að segja. Kæmu 5 í haust, sem á næsta ári flyttust í eldri deild og kæmu svo aðrir 5 í stað þeirra í yngri deildina, þá væri alls á skólanum 10 menn og fyrir þá væri þessi eini ölmusustyrkur ónógur. Menn kunna nú að segja, að þessi tölnáætlun mín sje ágizkun ein, en hún mun þó eins sennileg og aðrar áætlanir, er menn hafa komið með þessu viðvíkjandi. Nú hefur komið til orða að lengja prestaskólatímann um eitt ár og er þá því minni ástæða til að styrkurinn sje eins tæpt úti látinn og frumv. gjörir. Jeg sagði, að þetta hefði komið til orða; kennarar prestaskólans hafa sem sje farið fram á þetta, en það hefur enn ekki komizt á verulegan rekspöl, því stiptsyfirvöldin hafa ekki álitið tímann til þess kominn fyr en nú og því ekki viljað gjöra neitt í því efni; brauðin hafa nefnil. staðið óveitt og beðið eptir prestaefnum og það er fyrst nú síðast, að nægilega margir prestar hafa fengizt í brauðin. Þó einstöku menn nú standi lausir án embætta, þá er það bæði náttúrlegt og nauðsynlegt til þess að söfnuðirnir og kirkjustjórnin geti valið úr mönnum og hafnað þeim, sem ekki á að taka til greina, af því þeir eru miður fallnir til þess að hafa prestsþjónustu á hendi. Af þessu virtist stiptsyfirvöldunum hingað til ekki hent að breyta þessu frekar, en nú virðist þeim aptur á móti tíminn til þess kominn og þau álitu sjer skylt að gefa þessu gaum og er þá undir landsstjórninni komið, hvort þetta kemst að á næsta fjárhagstímabili eða ekki. Það hefur einnig sá fyrirvari verið hafður, að þeir, sem gengið hafa á skólann hin síðari árin, hafa orðið að ganga að því, að sætta sig við þessa breyting, ef hún kæmi, áður en þeir lyki námi á skólanum. Með tilliti til þessa álít jeg ekki gjörandi að ætla skólanum minna en 2 ölmusur að minnsta kosti seinna ár fjárhagstímabilsins. Jeg vona því, að h. deild taki vel í þetta, og það því fremur, sem mjer er óhætt að fullyrða fyrir hönd stiptsyfirvaldanna, að ef fáir sæktu skólann þessi ár og þeim fyndist sumir þeirra miður hæfir til að ölmusu, þá mundu þau heldur sjá um að spara fjeð en að veita það ástæðulítið eða ástæðulaust.

Þá kemur að 2. tölul. breyt.till. á þingskj. 550 um, að athugasemdin við 13, gr. C. 5. c. falli burt. Eins og kunnugt er sótti umsjónarmaður forngripasafnsins um 800 kr. styrk hvort árið á fjárhagstímabilinu til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölu á þá, en í frv., eins og það nú er, eru honum ætlaðar 600 kr.

hvort árið, eða 400 kr. lægra á fjárhagstímabilinu, en hann bað um. Þessi maður gjörir sjer að vísu von um að geta lokið þessu starfi fyrir þessa þóknun, úr því hún ekki er ríflegar veitt, án þess hann samt geti sagt það með fullkominni vissu, því hann hefur ekki glöggt yfirlit yfir það, hvað honum muni verða ágengt með það, því verkið er mjög tafsamt, gripirnir margir, sem raða þarf og frá mörgum árum, og örðugleikum bundið að sjá við hvaða grip er átt í það og það skiptið í kaupskýrslunum; það hefur mikla tímatöf í för með sjer að bera þetta saman.

Væri húsnæði forngripasafnsins rúmgott og þægilegt, væri auðgengnara að þessu, því þá mætti taka gripina upp og raða þeim hverjum við hliðina á öðrum og fá gott yfirlit yfir allt saman. En það er langt frá að svo sje; þótt sumt af gripunum sje geymt í nýtilegum hirzlum, þá er þó miklu hrúgað saman í kassa og kistur og því miður farið með margt af því, eins og það væri ómerkilegt skran, allt vegna ónógs húsnæðis. Hann yrði því að taka gripina upp úr þessum kössum, en fyrirhöfnin við það er svo mikil, að hann naumlega mun geta lokið þessu á 2 árum eptir því sem hann hefur munnlega skýrt frá, en gæti hann ekki lokið því á þeim tíma, yrði hann kannske af styrknum; og sæi hann að hæpið væri, hvort hann mundi fá starfinu lokið á rjettum tíma, þá væri lítil hvöt fyrir hann að halda því áfram hið síðara árið, þar sem vel gæti komið fyrir, að hann yrði að vinna fyrir gig, því eins og stendur í skilyrðinu fyrir styrkveitingunni, fær hann ekki styrkinn útborgaðan fyrir síðara árið, fyr en starfinu er lokið. Til þess því að koma í veg fyrir bæði að hann ekki treysti sjer til að takast þetta starf á hendur og svo að verkið verði ekki án framkvæmdar, höfum við leyft okkur að koma með þessa till., og mjer finnst þetta því síður ískyggilegt, sem maður þessi er kunnur að allri nákvæmni og samvizkusemi í verkum sínum, og ekki kunnur að neinni ásælni hvorki einstaklega eða opinberlega, og það er mín persónulega sannfæring, að hann muni vinna verkið svo fljótt og vel, sem unnt er, og þá er það líka skylda þingsins að taka burt allar óþarfa tálmanir.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um breytingartill. á þingskj. 547 síðast. Hún er um það, að styrkurinn til sjera Ólafs Helgasonar, til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja 150 kr, hvort árið falli burt. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) fór um þetta nokkrum orðum, og virtist mjer hann ekki skoða það nægilega röksamlega. Það átti ekki vel við, þar sem hann talaði um, að sá maður mundi ekki hafa haft síðasta ár mikið annríki sem kennari daufdumbra, þar sem hann hefði treyst sjer til, við hliðina á sínu eigin embætti, að þjóna öðru brauði, því þetta gjörði hann ekki, heldur bætti hann einungis á sig að þjóna einni sókn af 3 í hinu umrædda brauði, ásamt nokkrum skriptum í þarfir embættisins. Það er heldur ekki nákvæmlega til orða tekið að segja, að Gaulverjabær sje austur við Þjórsá, það er fullkomin klukkutímareið, eða jafnvel meira, frá Gaulverjabæ austur að Þjórsá; í öðru lagi er á það að líta, að hann tók við þjónustu í brauði þessu eptir tengdaföður sinn látinn, og fór hann þar sjerstaklega eptir óskum tengdamóður sinnar, sem gjarnan vildi fá tengdason sinn til þess að þjóna embættinu um tíma að nokkru leyti, og jafnframt vera sjer til leiðbeiningar og aðstoðar, sem hann gat betur en nokkur annar, en geta verður þess jafnframt, að hann ekki gjörði þetta án leyfis stiptsyfirvalda, sem tóku tillit til dugnaðar hans, og jafnframt litu á kringumstæðurnar og leyfðu honum því að takast þetta á hendur í trausti til þess, að kennsla sú, sem honum var á hend-

ur falin, ekki biði tjón af. Ekki mun heldur sú ástæða allskostar rjett hjá h. 6. kgk. (Þ. B.), að kennarinn sæki um þessa aðstoð, af því að hann nú sje kominn á fólksfleira brauð og hafi fleirum aukaverkum að gegna. Brauð það, sem hann nú situr í, er ekki nærri eins víðáttumikið og hið fyrra, og það er mikið álitamál, hvort það muni erfiðara, en hins vegar er það mjög líklegt, að hann ekki geti reglulega gegnt kennslustörfum sínum, þar sem hann opt er kallaður frá til þess að gegna ýmsum aukaverkum; sjálfur hefur hann einnig fundið til þess, að hann þyrfti aðstoðar við, en jeg get einnig frætt menn á því, að hann hafði í huga að leita þessarar aðstoðar, þótt hann hefði setið kyr, þar sem hann var, af því hann sá, að presturinn opt getur tafizt um of frá kennslu, þegar hann þarf að gegna aukaverkum, en ekki gott, að lærisveinarnir sjeu eptirlitslausir á meðan. Hann hafði því frá fyrstu hugsað sjer að haga þessu á þennan veg. H. 6. kgk. (Þ. B.) hjelt því fram, að hann færi þessa á leit af því, að störf hans hafi aukizt svo mjög við brauðaskiptin, og svo af hinu, að hann hefði von um að fá hjálp í aðra hönd frá hinu opinbera, en jeg get tekið það fram, að þetta er fullkomlega eins mikið í þarfir hins opinbera og hans sjálfs. Eins og kunnugt er, var fyrir allmörgum árum presti einum veittur styrkur til þess að fara utan og gjöra sig færan sem kennara heyrnar- og málleysingja. En hann kenndi engum að gegna þessu starfi. Þegar hann svo fjell frá, var enginn eptir, sem þetta kunni, og menn því eins illa staddir og áður; kennsla í þessu fjell niður fullt ár, og allir, sem hjer áttu hlut að máli voru, í vandræðum. Amtsráðið varð að greiða fje fyrir uppeldi nokkurra daufdumbra, en engrar kennslu nutu þeir. Ef þessi maður, sem við nú höfum fengið, fjelli frá, þá stöndum við eptir eins ásigkomnir og áður, og þá mundi bera að sama brunni og áður, að við yrðum að kosta mann utan að nýju og kennslan yrði að falla niður á meðan. Það gæti því komið að góðu gagni, ef hann tæki sjer aðstoðarmann, hvort heldur karl eða konu, og kenndi honum svo mikið, að hann gæti tekið við starfi hans, ef hann fjelli frá. Jeg sagði fjelli frá, en það þarf ekki til, ef hann verður sjúkur og getur þess vegna ekki gegnt starfa sínum um skemmri eða lengri tíma, þá stendur allt fast, og allir hlutaðeigendur í vanda miklum staddir. Jeg tel það því happaráð, að hann taki sjer aðstoð við daufdumbrakennsluna, og jeg hef hvatt hann til þess, eins og jeg hef getað. Jeg vil einmitt að hann gjöri kennslu þessa innlenda með því að taka sjer aðstoðarmann og kenna honum, og sá kenni aptur frá sjer o. s. frv., en til þessa hefur hann ekki, þegar hann gekk að þessum starfa, áskilið sjer sjerstakan styrk, og þessvegna hefur hann heldur ekki heimtað hann, en hann fer þess á leit, að fá þennan styrk af því, að hann sjer, að þetta er hagfellt og nauðsynlegt, ekki einungis fyrir sig sjálfan, heldur engu síður fyrir kennsluna. En þessar 150 kr., sem hann fer fram á að fá, munu skammt endast til kaupgjalds, fæðis og þjónustu þessum aðstoðarmanni. Kaupið eitt mundi fara með 150 kr., og þó ekki vera mikið, og er þá ekkert gjört fyrir fæði og öðru, er hann við þarf. Þessi borgun getur því ekki reiknazt nema lítilfjörleg viðurkenning, til þess að gjöra honum það ljúft að halda áfram starfi sínu. Hvað reikningi þeim viðvíkur, er h. 6. kgk. (Þ. B.) kom með yfir fæðispeninga unglinga og áætlun um kostnað við fæði daufdumbra, þá vil jeg ekki fara langt út í það, jeg hef kannske ekki þá þekking, sem til þess þarf að dæma um þetta með vissu, eptir því sem tilhagar í sveitum; en furðu finnst mjer það gegna, ef komizt verður af með 60 aura á dag til fæðis og þjónustu, og mun þar harla lágt lagt í

Auðvitað er það, að þessi maður býr sveitabúi, en jörðin er ekki mjög umfangsmikil og leyfir ekki mikinn búskap; er því mjög sennilegt, að búið ekki geti framleitt það, sem þarf með handa öllum þeim fjölda, er hann verður að hafa til heimilis, og verði hann því að nokkru leyti, að haga sjer sem kaupstaðarbúi, og kaupa þarfir sínar að, og er þá augljóst, að það verður honum kostnaðarsamara en annars. Þess ber og að gæta, að vandfarnara er með þessa daufdumbu unglinga en hverja aðra, vegna hins mikla brests, sem þeir hafa, að geta ekki látið hugsanir sínar í ljósi, nema með erfiðleikum. Þegar þessir unglingar til hans koma eru þeir opt misjafnlega útbúnir að fötum, og verður hann líklega allopt að kosta miklu til þeirra í byrjun, svo að þeir líti sómasamlega út, og allt sje frá hans hendi eins fullkomið og unnt er. En með þessu verður kostnaðurinn meiri en h. kgk. (Þ. B.) ætlaði á um, og því enginn afgangur. Á það ber og að líta, að til þess að halda skólann verður hann að leggja töluverðan kostnað í húsnæði; það er sanngjarnt að líta einnig á það, því ekki er að vita, hvað hann situr lengi að þessu, og hefur hann þá máske lagt hjer fram þann kostnað, er hann hvergi fær endurgoldinn. Af þessu ber einnig að hafa hliðsjón.

Það mun vera rjett hjá h. 6. kgk. (Þ. B.), að kennarinn fær nálægt hálfu fjórða hundraði fyrir hvern daufdumban; að vísu hefur honum enn ekki tekizt að koma samningi á við eitt af ömtunum um svo mikla borgun, en þegar hin amtsráðin hafa tekið að sjer að greiða þetta gjald, mun þeim ekki þykja hann fara fram á neitt ósanngjarnt, en þessi borgun er ekki meiri en svo, að hún ríflega endist fyrir fæði, aðhlynning og fötum, enda er það víst ætlun amtsráðanna, að fyrir sjálfa kennsluna hafi hann að eins mjög litla þóknun. Af öllu þessu, sem jeg hjer hef talið upp, finnst mjer ekki sanngjarnt að nema burt úr fjárlögunum þessa litlu upphæð, og jeg ímynda mjer, að þegar hafi verið færðar eins góðar ástæður með því, að hún fái að standa, eins og á móti, og svo er mönnum þá innanhandar að nema hana burt á næsta fjárhagstímabili, ef svo lízt, því ekki er hún bundin við langan tíma.

Jeg er samdóma h. 6. kgk. (Þ. B.) um það, að ekki geti beinlínis verið ástæða til að veita kennara þessum styrkinn vegna fjölda þeirra daufdumbra, sem hann hefur til kennslu, og standi því á sama í því tilliti, hvort þeir eru 6 eða 10, en hinsvegar veit jeg það, að hann ekki getur nú sem stendur veitt móttöku meira en í mesta lagi 8 í senn, og það hefur hann sagt stiptsyfirvöldunum. Viðvíkjandi því, hvort hann hefur útskrifað nokkra frá sjer, þá stendur ekki til, að hann hafi getað gjört það enn, því hann hefur það eins kennt eitt ár, og þeir, sem hjá honum eru, hafa ekki notið kennslu áður. Kennslutíminn er 3 til 6 ár, og fer hann náttúrlega eptir gáfnalagi lærisveina. Hið allra minnsta mun vera 3 ár, en margir verða að vera 5 til 6 ár. Það stendur því ekki til, að hann hafi lokið kennslu á neinum, en af því margir daufdumbir ekki hafa getað fengið aðgang að skólanum, þá getur svo farið, að til vandræða horfi og það álítizt nauðsynlegt, að færa skólann út, en þá getur hann heldur ekki einn aðstaðið kennsluna og þarf á aðstoð að halda. Náttúrlega hefur hann sjálfur aðalkennsluna á hendi og fulla umsjón með hinum daufdumbu, þótt hann taki sjer aðstoðarkennara. Til þess ekki að gjöra honum erfitt að færa út skólann, svo að fullnægt verði sanngjörnum kröfum heyrnar- og málleysingja, er engin sjerstök ástæða til að ráðast á þessar vesölu 300 kr., sem hann til þess þyrfti á fjárhagstímabilinu, og ef menn ekki geta fært betri ástæður fyrir breytingum sínum á frumv. við 3. umr., en færðar hafa verið fyrir þessum,

þá væri betra, að menn ljetu það vera, að breyta nokkru.

Þorkell Bjarnason: Jeg held, að mjer hafi aldrei farizt svo orð, að maður þessi hafi vanrækt kennslu á daufdumbum síðasta ár, þótt hann hafi gegnt öðru brauði samfara sínu embætti, þvert á móti ímynda jeg mjer, að hann hafi stundað kennsluna með samvizkusemi, en jeg gat þessa atriðis til þess að sýna, að hann þá gat bæði kennt daufdumbum og þjónað embætti á tveimur stöðum án aðstoðarmanns, en það finnst mjer ekki nema eðlilegt, að hann tók þetta aukastarf á sig, eins og þá stóð á. Jeg skal ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, en mjer kemur samt þetta nokkuð undarlega fyrir sjónir, þegar jeg lít til þess, að hjer í deildinni var fyrir skömmu fellt frumv., sem gekk í þá átt, að koma kostnaðinum við kennslu heyrnar- og málleysingja af jafnaðarsjóðunum upp á landssjóð; mjer finnst því óeðlilegt, að nefndin skuli nú vilja veita þennan styrk af landssjóði. Mjer finnst að fara ætti í sama sjóð og kennsla daufdumbra liggur á. Jeg vona, að h. 2. kgk. (H. Sv.) geti ekki rengt mig um það, að fæði unglinga við barnaskólann í minni sveit hafi komizt hæst 46 aura, og veit jeg, að vel hefur verið farið með unglingana, þar sem ríkasti maður sveitarinnar ljet börn sín á fæði í skólann. Sje aðstoðarkennari tekinn í því skyni, að gjöra hann að kennara, ef aðalkennarans missir við, þá er allt öðru máli að gegna, ef það er meiningin, að gjöra hann hæfan til þess að taka að sjer kennslu á eptir og gjöra þannig kennsluna innlenda, en um þetta stóð ekkert í fjárlögunum eða bænarskrá sjera Ólafs, og heldur ekki hefur þessa verið getið í umræðunum, fyr en nú. En það stendur enn þá óhrakið, að því fleiri börn, sem hann hefur til kennslu, því færari er hann sjálfur að bera kostnað þann, sem af því kynni að koma, að hann þyrfti aðstoðar við. Mjer er þetta ekkert kappsmál, jeg vildi að eins benda á það, að ekki væri fremur nú ástæða til að kosta aðstoðarkennara en síðasta ár, og það jafnvel ekki, þótt börnunum fjölgaði úr 6 upp í 8.

Jón A. Hjaltalín: Það er rjett, eins og h. framsögum. (S. St.) tók fram, að ekki varð fundur haldinn í nefndinni vegna hins nauma tíma, og skal jeg því leyfa mjer að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Það er þá fyrst breyt.till, á þingskj. 550 við 13. gr. B. I. b. 2., að ölmusustyrkurinn til prestaskólans verði hækkaður. Jeg verð að vera á sama máli og jeg var í nefndinni, að ekki sje ástæða til að hækka þennan styrk. Það er ekki heldur að eins þessi eina ölmusa, sem hann hefur, heldur líka þrjár að auki af „communitetinu“, og auk þess er til styrktarsjóður skólans, sem mun vera nú orðinn að nokkrum mun. *(Hallgr. Sveinsson:* Ekki meiri en áður). Þegar jeg var á prestaskólanum var hann þó nokkur, og hefur að líkindum stækkað síðan. Þess vegna sje jeg ekki neina knýjandi nauðsyn til að hækka þennan styrk fyrir þetta fjárhagstímabil, en ef hann reynist að vera ónógur, þá má hækka hann fyrir næsta fjárhagstímabil þar á eptir.

Hvað hinni breyt.till. á þingskj. 550 við 13. gr. C. 5. c. viðvíkur, að athugasemdin við styrkinn til röðun forngripa falli burt, þá er jeg samdóma h. framsögum. (S. St.) um það. Jeg skal að eins taka það skýrt fram, sem hann einnig gjörði, að það muni hvorki vera meining nefndarinnar nje þingsins, að hann fái meira fje til þessa starfa en þessar 600 kr. hvort árið eða 1200 kr. alls. En jeg get ekki verið á móti því, að þessi maður, sem í hlut á, fái styrkinn útborgaðan, þótt hann hafi ekki algjörlega lokið starfinu, ef landsstjórnin hefur trygging fyrir því, að hann ljúki við það án sjerstaks endurgjalds.

Hvað snertir breyt.till. á þingskj. 547 við 13. gr. C. 7., þá veit jeg ekki betur,

en það það sje ekki fyrst nú, sem styrkurinn til fornbrjefasafnsins er bundinn þessu skilyrði, að registur fylgi með hverju bindi, heldur hafi það einnig staðið á fyrri fjárlögum, og sá, sem gefur það út, hefur gengið að þessu skilyrði um leið og hann þiggur styrkinn fyrir það fjárhagstímabil, sem líður. Jeg sje því enga ástæðu til að fella burt þetta skilyrði.

Hvað snertir breyt.till á þingskj. 547 við 13. gr. B. VI. g., að styrkurinn til sjera Ólafs Helgasonar falli burt, þá hafa bæði h. framsögum. (S. St.) og h. 2. kgk. (H. Sv.) skýrt það mál svo vel, að jeg get undirskrifað allt, sem þeir sögðu um það. Finnst mjer einkum koma til álita, að kennslan verður mikla betri við aukning kennslukraptanna. Ennfremur lærir 2. kennari svo mikið, að við það getur sparazt ferð til Hafnar, sem annars þyrfti að kosta að líkindum, þegar sjera Ólafur fjelli frá, og einnig mun vera í ráði, að konan takist á hendur þetta starf og jeg veit, að konum fer einmitt mjög vel sá starfi, að veita kennslu í þessu. Þess vegna tek jeg undir með h. 2. kgk. (H. Sv.), að það væri, jeg vil segja ekki hyggilegt að fella þennan styrk burt. H. 6. kgk. (Þ. B.) vísaði til amtsráðanna. En það er ekki fremur rjettara en þegar landssjóður veitti fje til þess að nema þessa kennslu, sem hjer er um að ræða. H. 6. kgk. (Þ. B.) bar því við, að ekki stæði neinstaðar, að hann ætlaði að kenna þessum aukakennara. En það segir sig sjálft, að enginn getur gegnt því starfi, nema hann fái tilsögn hjá sjera Ólafi; það er sjálfsagt. — Jeg mun því óhikað greiða atkv. móti breyt.till., en með styrknum.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 550) við 13. gr. B. I. b. 2. samþ. með 8 akv.; 2. breyt.till. (C. 547) við 13. gr. B. VI. g. felld með 7 : 1 atkv.; 2. breyt.till. (C. 550) við 13. gr. C. 5. c. samþ. með 7 atkv.; 1. breyt.till. (C. 547) við 13. gr. C. 7. samþ. með 7 atkv.; 19. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og sent Nd.

Fertugasti og sjötti fundur, fimmtudag 24. ágúst. Allir á fundi.

Fyrirspurn um Möðruvallaskólann (C. 430).

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Á þingmálafundi, sem haldinn var í Húnavatnssýslu á undan þessu þingi talaði merkur maður einn, sem var á fundinum um það, að nauðsyn bæri til að hreyfa á þinginu þessu máli, sem fyrirspurnin hljóðar um; fundurinn fjellst á það og samþ. áskorun til þingmanna sýslunnar um að bera upp fyrirspurn um það á þinginu og þess vegna hef jeg komið hjer fram með fyrirspurn þessa; jeg skal og geta þess, að þessu máli hefur opinberlega verið hreyft í blöðunum optar en einu sinni, án þess að það hafi haft nokkurn árangur, og því fyllsta þörf að hreyfa því á þinginu.

Eins og sjá má af fyrirspurninni snertir hún 3 atriði, í *fyrsta* lagi: að skólastjórinn á Möðruvöllum hafi á síðari árum haft til afnota miklu meira af húsrúmi skólans en til var ætlazt, er skólinn var byggður; í *öðru* lagi hafi hann með þessu þrengt að nemendum skólans, svo að þeir hafi ekki haft nægilegt húsrúm og í *þriðja* lagi er spurt um, hvort landsstjórnin hafi gjört nokkuð til þess að kippa þessu í lag framvegis. Að því er fyrsta atriðið snertir, að skólastjóri hafi notað meira húsrúm en hann mátti, þá verð jeg til þess að sýna fram á það, að lýsa herbergjaskipuninni í skólanum og skýra frá, hvað mikið af húsrúminu hafi upprunalega verið ætlað til sjálfs skólans og hve mikið hann hafi nú af því til afnota og svo á hinn bóginn, hve mikið upprunalega hefur verið ætlað skólastjóra, og hve mikið hann hefur nú. Húsið er, eins og víst ýmsir hinna h. þingdeildarmanna vita, tvíloptað. Undir neðra

lopti hússins eða í stofunni gengur gangur þvert í gegnum það og skiptir því í 2 jafna hluta; í öðrum endanum eru 2 stofur, sem upprunalega voru ætlaðar til kennslunnar og hafa einnig verið notaðar til þess, í hinum endanum eru 3 smáherbergi, einn smáklefi, sem upphaflega var ætlaður fyrir matklefa og svo eldhús. Þessi endi var ætlaður skólastjóra til íbúðar meira var honum ekki ætlað. Uppi á neðra lopti hússins gengur, eins og niðri, gangur eptir þveru loptinu; eru 2 herbergi í hvorum enda; þessi 4 herbergi eru öll jöfn. 2 herbergi í öðrum endanum voru ætluð fyrir svefnherbergi handa lærisveinum, og hafa einnig verið notuð til þess síðari vetur, en í hinum endanum 2 herbergi, sem ætluð voru til kennslu. Á öðru lopti er kvistur, sem ætlaður var 2. kennara við skólann til íbúðar og til beggja hliða við hann eru 2 smáherbergi. Viðvíkjandi kvistinum skal jeg geta þess, að skólastjóri hefur hann nú til afnota, og sömuleiðis aðra stofuna í öðrum endanum á neðra lopti, en í hinni stofunni er geymt bókasafn skólans. Kvisturinn var, eins og jeg gat um, upprunalega ætlaður 2. kennara við skólann, en skólastjóri hefur hann til afnota. Bæði hliðarherbergin voru upprunalega ætluð fyrir farangur skólapilta, en skólastjóri notar þau nú. Svo er á efra loptinu 2 herbergi í hvorum enda; í öðrum endanum hefur skólastjóri sitt fólk, en í hinum endanum er eitt herbergi, sem vinnumaður skólastjóra hefur og eitt herbergi, sem notað hefur verið fyrir svefnlopt handa 7 námssveinum síðasta vetur.

Á þessu má sjá, að skólastjóri hefur ekki einungis þann hluta, sem honum var ætlaður upphaflega, nefnilega helming hússins undir neðra lopti eða stofurnar, heldur einnig stóra stofu uppi á neðra lopti og svo á efra loptinu kvistinn og 2 herbergi við hliðina á kvistinum sitt hvoru megin eða til samans 7 herbergi auk kjallara umfram það er hann átti upprunalega að hafa. Það hlýtur því að vera öllum augljóst, sem þetta heyra, að hann hefur margfalt meira af húsinu, en honum var upprunalega ætlað.

Þá kemur annað atriðið í fyrirspurninni að sýna fram á það, að skólastjóri með þessu þrengi að nemendum skólans, en um það þarf ekki að fara mörgum orðum, því allir hljóta að sjá, að þetta fyrirkomulag er piltum til þrengsla. Viðvíkjandi þrengslunum í 1. bekk vil jeg geta þess, að þar voru 22 menn síðasta vetur, og þrengslin voru þar svo mikil, að varla var hægt að snúa sjer við og ekki mögulegt, að kennarinn gæti haft þar sæti eða stól handa sjer. Þrengslin í 2. bekk eru nokkuð minni, því færri nemendur voru þar, en þó má rúmið ekki vera þar minna en er. Svefnloptin eru 13 álnir á lengd, $6^1/_2$ á breidd og $4^1/_2$ al. á hæð og 15 menn eru um hvert. Allir sjá að þetta er ekki nægilegt rúm að sofa í. Jeg þykist ekki þurfa að fara fleirum orðum til þess að skýra það, að nemendurnir ekki hafa nægilegt húsrúm og þörf er á að ráða bót á þessu með því að láta skólastjóra láta af hendi þau herbergi, sem honum ekki voru í fyrstu ætluð. Þó ekki væri breytt neitt herbergjaskipun mætti fá nægilega góð herbergi fyrir pilta til þess að sofa í, en til þess að fá nægilegt húsrúm fyrir bekkina, sjerstaklega 1. bekk, þá yrði að breyta dálítið herbergjaskipuninni. En af því jeg get ímyndað mjer, að hæstv. landsh. hafi ef til vill gjört einhverja ráðstöfun til að ráða bót á þessu, þá vil jeg ekki fara frekari orðum um þetta, fyr en jeg heyri, hverju hann svarar. Jeg treysti því, að hæstv. landsh. líti sanngjarnlega á málið og reyni að kippa því í lag, að skólastjóri verði látinn sleppa aptur þeim herbergjum, sem honum í fyrstu ekki voru ætluð.

Landshöfðingi: Jeg er mikillega þakklátur h. flutningsm. (Þ. J.) fyrir hina ýt-

arlegu og nákvæmu lýsingu, er hann hefur gefið mjer og h. deild á herbergjaskipun Möðruvallaskólans, og á því, hvernig upprunalega var ætlazt til að nota húsnæðið, því jeg játa, að jeg var því ekki fullkomlega kunnugur. Það finnst ekkert um það í skjalasafni landsh. Hið eina, sem finnst þessu viðvíkjandi, er brjef frá stjórnarráðinu frá 26. febr. 1879, er hafði að innihalda samning um bygging skólahúss á Möðruvöllum. Þar stendur, að í húsinu skuli vera 4 stofur, sem ætlaðar eru fyrir kennslustofur og 2 svefnherbergi og svo húsrúm kennarans; þar er að eins minnst á húsrúm handa skólastjóra en ekkert handa 2. kennara. Þar er ekki tekið fram, að 2. kennari skuli hafa frítt húsnæði, að minnsta kosti ekki í skólahúsinu. Viðvíkjandi hinum 4 kennslustofum, sem jeg gat um, að áætlaðar hefðu verið í fyrstu, skal jeg taka það fram, að þetta getur naumast samrýmzt reglugjörð Möðruvallaskólans. Eptir reglugjörðinni eiga menn að ljúka námi við skólann á 2 árum, það er að segja, að bekkirnir eiga að vera 2 og þá 2 kennslustofurnar sín fyrir hvorn bekk. Það er engin meining í því, að ákveða kennslustofurnar 4 en bekkina að eins 2. Það hefði heldur ekki verið nein meining í því, að hafa bekkina 4 en kennararana að eins 3. Það getur vel verið rjett hjá h. flutningsm. (Þ. J.), að þröngt sje í 1. bekk skólans, en það er ekki hægt að gjöra við því, þar sem allar stofurnar eru jafnstórar. Það verður með því eina móti ráðin bót á þessu að taka ekki fleiri inn á skólann en komast fyrir í 2 kennslustofum. Viðvíkjandi svefnstofunum finnst mjer það nokkuð skrítið, að þær skuli hafa verið ákveðnar 2 en kennslustofurnar þó 4. Ef 16—20 væru í hverjum bekk og þeir orðið 4, eins og kennslustofurnar, hvernig hefðu þá þessir 70—80 menn farið að rúmast í 2 svefnherbergjum, en nú getur ekki verið að tala um svefnstofur fyrir fleiri pilta en komast fyrir í 2 kennslustofum og jeg kannast ekki við, að oflítið pláss sje fyrir 15 í hvoru þessara herbergja, sem eru 13 ál. á lengd, $6^1/_2$ al. á breidd og $4^1/_2$ al. á hæð, en hinsvegar játar h. flutningsm. (Þ. J.) það, að síðasta ár var einnig 3. stofan notuð til svefnherbergis. Að kvisturinn hafi verið ætlaður fyrir 2. kennara er mjer ókunnugt um, en svo hefur h. flutningsm. (Þ. J.) gleymzt að geta þess, hvar skólastjóra væri ætlað að hafa fólk sitt, því ekki getur það komið til mála, að skólastjóri hafi ekkert vinnufólk, þar sem honum er gjört að skyldu að sjá um ræsting hússins, umbúnað á rúmum og annað fleira; skólastjóri getur ekki gjört þetta sjálfur og verður því að hafa vinnufólk til þess og það þarf einhverstaðar að vera. Flutningsmaður álítur, að þau herbergi sjeu tekin frá lærisveinum, en til hvers þeir hefðu átt að nota þau, skilst mjer ekki. Mjer finnst heldur ekki hægt að finna að því, þótt eitt herbergi sje notað til þess að geyma bækur skólans í og áhöld; hefðu bækur og áhöld átt að sitja á efsta lopti hefði bæði farið illa um þær og ekki unnt að hafa almennileg not af þeim. Hið einasta, sem hægt er að hafa á, er að skólastjóri hefur tekið 1 stofu á 1. lopti til sinna eigin afnota, en orsökin til þess er sú, að stofa þessi var ekki notuð fyrstu árin og tel jeg sjálfsagt, að hann muni fús á að láta hana af hendi aptur, þegar þörf gjörist.

H. flutningsm. (Þ. J.) hefur orðað fyrirspurnina á þann hátt: „Hví hefur skólastjórinn á Möðruvöllum haft síðustu ár til afnota miklu meira af húsrúmi skólans en til var ætlazt, er skólinn var byggður o. s. frv.“; mjer finnst honum hafi ekki tekizt að sanna þetta upp á skólastjóra nema viðvíkjandi einni stofu og svo á hann þá eptir að sanna, að hann hafi þrengt að nemendum skólans við að taka þessa

einu stofu. Mjer er ekki kunnugt um það, að nemendurnir ekki hafi nægilegt rúm og það hefur ekki komið nein kæra til landsstjórnarinnar um það og þó menn hafi verið að masa um það í blöðunum, þá hendi jeg ekki miklar reiður á það, enda hafa komið eins margar raddir móti þessu. Það sem komið hefur með og mót þessu í blöðunum hefur svo að segja vegið salt, svo að landsstjórninni hefur ekki fundizt ástæða til að taka „notis“ af því. Ef mönnum finnst eitthvað fara í ólagi hjá landsstjórninni, þá geta menn borið sig upp við þá, sem það heyrir undir, en það hefur ekkert að þýða að skrifa nafnlausar greinar í blöðin. Landsstjórnin getur ekki skipt sjer af þessu, fyr en kærur koma frá þeim, sem finnst sjer misboðið við notkun húsnæðisins. Að öðru leyti er jeg þessu ekki fullkunnugur, en af því hjer er einn h. þingdm. nálægt, sem mun ganga næst hinum h. flutningsm. í því, að vera kunnugur allri herbergjaskipun á Möðruvallaskólanum og allri tilhögun á honum, þá vona jeg, að hann muni hjálpa til að koma mönnum í rjettan skilning um þetta.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Hæstv. landsh. byrjaði á því, að engin skjöl fyndust í skjalasafni landshöfðingja, er gæfu upplýsingar um, hvernig til hefði verið ætlazt í fyrstu, að nota hús þessa skóla, en jeg get sagt með vissu, að það, sem jeg sagði um þetta, var alveg rjett.

Í teikningu þeirri, sem húsið er byggt eptir, er tekið fram, hvað mikið af húsinu skuli haft til afnota sjálfs skólans, og það var fallizt á að byggja húsið eptir þessari teikningu. Annars finnst mjer það ekki gott, að landsh. skuli ekki vita, hve mikið skólastjóra er ætlað af húsinu, úr því skólinn er undir umsjón hans, og skal jeg leyfa mjer, að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. landsh., hvort skólastjóra hefur aldrei verið afhent þau herbergi, sem hann á að hafa fyrir leigulausan bústað, eða hvort skólastjóri sjálfur hefur skammtað sjer þau herbergi, sem hann hefur haft. Sje svo finnst mjer það í mesta máta vítavert. Það átti að afhenda honum í fyrstu þau herbergi, er hann átti að hafa til leigulausrar íbúðar, en ekki lofa honum að taka það, sem hann vildi.

Viðvíkjandi bústað annars kennarara, skal jeg geta þess, að það var ekki meiningin, að hann hefði hann leigulaust, heldur átti hann að gjalda leigu fyrir þetta kvistherbergi. Þetta er tekið fram í brjefi, annaðhvort frá ráðgjafa eða landshöfðingja, til merks manns eins, sem jeg hirði ekki um að nefna. En þetta, að 2. kennari átti að hafa herbergið sýnir það, að skólastjóra var ekki ætlað það.

Hæstv. landshv. gat enn fremur um það, að sjer fyndist það ekki skynsamleg niðurröðun að ætla 4 kennslustofur en 2 svefnherbergi, en hvað sem því líður þá sýnir það þó, að skólastjóra var ekki ætluð þessi herbergi, heldur skólanum sjálfum og mátti þá, hvort sem vildi heldur brúka þessar stofur til kennslu eða svefnherbergja eptir þörfum. Hæstv. landsh. kannast að vísu við það, að þröngt sje í 1. bekk, en segir þó, að ekki sje hægt við því að gjöra, og játa jeg það, ef herbergjaskipuninni er ekki breytt, en þá breytingu mætti gjöra á, að þau 2 herbergi, sem síðast hafa verið notuð fyrir 1. og 2. bekk væru gjörð að einu, skilrúm tekið burt og hafa það herbergi fyrir 1. bekk. Eitt af herbergjum á öðru lopti væri haft til 2. bekkjar , bókasafns herbergið væri gjört að svefnherbergi, en bókasafnið flutt upp á kvist.

Þá vildi hæstv landsh. ekki kannast við, að ekki væri nægilegt rúm fyrir 15 menn að sofa í hverju svefnherbergi; jeg veit nú að vísu ekki við hvað hann miðar þetta, en það þarf ekki að byggja áætlun um þetta á lausu lopti; það má styðjast við það, sem heilbrigðisfræðin segir um þetta. Jeg fór nýlega til landlæknis-

ins og spurði hann, hve mikið rúmmál þyrfti á mann í svefnherbergjum og íbúðarherbergjum, sem menn væru stöðugt í, og sagði hann, að á spítölum erlendis væri hverjum manni ætluð 1000 teningsfet, en það væri vel í lagt; hjer á landi mætti það vera minna, en þó mætti það ekki vera öllu minna en 600 teningsfet. Ef gáð er að rúmmáli hvers svefnherbergis nemendanna á Möðruvöllum, en hver maður getur reiknað það, þar sem lengdin er 13 álnir, breiddin $6^1/_2$ al. og hæðin $4^1/_2$ al., — þá verða það 3042 teningsfet, eða rúm 200 teningsfet á mann, og er það langt fyrir neðan það, sem heilbrigðisfræðin kennir, að nægilegt sje. Í fyrsta bekk eru tæplega 140 teningsfet á mann, og sjá allir, að það er ekki nægilegt. Hæstv. landsh. sagði, að jeg hefði ekki getið þess, hvar ætlazt hefði verið til, að skólastjóri hefði hjú sín, og er það satt, að mjer láðist eptir að geta um það, en það var uppi á efra lopti. Í öðrum endanum þar voru upphaflega 3 herbergi, var 1 þeirra ætlað fyrir 2 vinnukonur, en 1 fyrir vinnumann, svo að þessi herbergi má ekki reikna með, þegar talin eru upp þau herbergi, sem skólastjóri hefur umfram það, sem upphaflega var til ætlazt.

Mjer skildist svo á svari hæstv. landsh., að hann ekki vissi til, að skólastjóri hefði tekið meira en eitt herbergi á neðra lopti umfram það, sem honum var ætlað, og mundi hann fús á að sleppa því þegar þörf væri á, en jeg get ekki skilið í, hvenær þörfin getur verið meiri en einmitt nú.

Að því er síðasta lið fyrirspurnarinnar snertir, gaf hæstv. landsh. ötvíræð svör, að landsstjórnin mundi ekkert gjöra í þessu meðan ekki kæmu kærur frá hlutaðeigendum, en jeg verð að bera það traust til hæstv. landsh., að þessar umræður, sem hjer verða um þetta mál, verði nægilegt tilefni fyrir hann til að kippa þessu í lag; bann hlýtur að sannfærast af því, sem hjer hefur verið sagt um það, að skólastjóri hefur meira húsrúm, en honum er ætlað að hafa, og nemendur hafa ekki eins mikið og gott húsnæði og þeir þurfa að hafa. Jeg þykist hafa sýnt greinilega fram á það, að nemendur ekki hafa nægilegt rúm og hæstv. landsh. hafi ekki getað sýnt fram á það, að skólastjóri að eins hafi þau herbergi, er honum voru í fyrstu ætluð.

Jón A. Hjaltalín: Úr því jeg stend upp á annað borð til að tala, vil jeg minnast á, hvernig þessi fyrirspurn er framkomin. Flestir mundu hugsa, að hún mundi koma frá þeim mönnum, sem hafa haft syni sína á þessum skóla, eða þá frá þeim, er næstir búa, og þekkja til á skólanum. En enginn þessara manna hefur komið með þessa fyrirspurn. Hún á rót sína að rekja til þingmálafundar Húnvetninga, og eins og sjá má af fundarskýrslunni, samin og borin fram af þingmönnum sýslunnar. Þá fer maður nú að skilja. Það er þetta umtal frá einum af lærisveinum skólans, sem þar var hvorki sjálfum sjer nje skólanum til heiðurs, sem komið hefur þessu á stað. Þingm. Húnv. mun þekkja þennan lærisvein.

H. sessunautur minn (Þ. J.) skýrði frá því, hvaða herbergi skólastjórinn á Möðruvöllum ætti að hafa, og byggði hann það á uppdrætti skólahússins. Mjer er ekki kunnugt um, að þar sjeu gefnar neinar reglur fyrir því, þó að sá, er uppdrátturinn hefur samið, hafi krotað einhver orð í ferhyrnda bletti á uppdrættinum. (*Þorl. Jónsson:* Það er undirskrifað af ráðgjafanum sjálfum). Mjer er ekki kunnugt um, að ráðgjafinn hafi með einu einasta orði sett neinar reglur um það, til hvers hvert herbergi í skólanum skyldi vera brúkað. Mjer hefur ekkert verið tilkynnt um það, hvorki munnlega nje skriflega. Fyrir því hef jeg ætíð farið eptir því, sem jeg hef álit-

ið bezt og haganlegast, og jeg vonast eptir því, að flestir af þeim, sem til þekkja, muni bera mjer það orð, að jeg vilji ekki í einu nje neinu draga skóinn niður af skólanum eða vekja óánægju manna með hann.

Viðvíkjandi herbergjaskipun og herbergjabrúkun í skólahúsinu, var sumt rjett af því, sem h. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, en sumt ekki. Það sem hann sagði um kvistinn var ekki alveg rjett, því að þar eru geymdar bækur, sem skólanum heyra til. Þar sem h. þm. gat þess, að kvisturinn væri ætlaður til bústaðar fyrir 2. kennara skólans, þá veit jeg ekkert um þetta, jeg hef aldrei sjeð einn einasta staf um það. En hafi svo verið tilætlazt, að 2. kennari hafi átt að borga leigu fyrir það herbergi, þá er þó líklegt, að mjer hefði verið skipað að innheimta leiguna. En það hefur aldrei verið fyrir mig lagt; mjer er þetta því með öllu ókunnugt. Það er eitt af því, sem h. þm. (Þ. J.) talaði út í vind. Hann sagði enn fremur, að skólastjóri ætti að eins að hafa 3 herbergi niðri. Má ske hinn h. þm. ætlist til, að skólastjóri hafi ekkert svefnherbergi, eða sofi í sama herbergi og lærisveinar? Ekki mundi vaxa rúmfang loptsins, sem hver maður hefði, við það. Annars bygg jeg, að landssjóður yrði að eyða drjúgum fje til byggingaauka við Möðruvallaskóla, ef fullnægja skyldi þeim kröfum um andrúmslopt, sem þessi h. þm. kom með. Eptir reikningi hans mætti ekki vera nema 3, mest 5, er svæfu í hvoru svefnherberginu fyrir sig. Þetta og fleira í ræðu hans virtist vera hjegóminn einber; það munu allir viðurkenna, sem þekkja til skólans og þar hafa komið.

Ef ekki stendur annað Möðruvallaskóla fyrir þrifum en þetta eina herbergi á neðra lopti, þá er víst hægt við því að gjöra. Jeg skal skýra h. þm. frá, hvernig á því stendur, að jeg hef það herbergi nú. Þetta herbergi var fyrst ekki notað til neins, en þá hafði jeg til afnota herbergi uppi á efra lopti. Jeg hafði því að eins skipti á þessum tveimur herbergjum; skólinn hefur þetta herbergi á efra loptinu til sinna nota. En sem sagt, ef það er einungis þetta sem stendur skólanum fyrir þrifum, þá er víst hægt, að finna ráð við því.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Jeg þarf ekki að vera langorður, því að h. 5. kgk. þm. (J. A. Hj.) kom eigi með neitt í ræðu sinni, er sýndi fram á það, að það væri rangt, sem jeg hef sagt. Hann sagði, að til sín hefði ekkert komið um það, til hvers ætti að nota hvert einstakt herbergi í skólahúsinu, að ekkert væri um það afskammtað. En það er ekki rjett af stjórninni, að hafa þetta svo; hún á að afhenda húsin, og skipa fyrir um, hvað skólinn á að hafa og hvað skólastjórinn á að hafa. Það liggur í hlutarins eðli, að það dugir ekki, að hann skammti sjer það sjálfur.

Hinn sami h. þm. gat þess, að það hefði ekki verið rjett, sem jeg sagði um kvistinn, því að þar væru geymdar nokkrar bækur, sem skólinn ætti. En skólastjórinn notar sjálfur þetta herbergi að öðru leyti, svo að það er rjett hjá mjer.

Jeg hef svo eigi ástæðu til að tala meira, það stendur enn óhrakið, það sem jeg hef sagt.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal geta þess, að þau herbergi, sem jeg hef, eru opt og tíðum eigi síður notuð af piltunum en af mjer, og eitt sinn hefur einn af piltunum legið veikur hálfan vetur í mínum herbergjum. Jeg hef reynt jafnan og mun reyna, að láta fara svo vel um þá, sem hægt er. Enn hitt er ekki hægt nje heldur gjörlegt, að láta þá darka alveg eins og þeir vilja um öll herbergi hússins; með því móti er ekki unnt að verja það skemmdum.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): afhenti þá forseta rökstudda dagskrá, er

forseti skýrði frá að til sín væri komin og las upp.

Landshöfðingi: Jeg vil geta þess út af þessari dagskrá, að eptir þeim skýrslum, sem jeg hef fengið, og eptir því sem skýrt hefur verið frá, er ekki ætlazt til, að skólinn hafi nema 6 herbergi, 2 í stofunni og 4 á 1. sal. Allt hitt annað, sem h. flutningsmaður (Þ. J.) taldi upp, þekki jeg ekki. Það veit víst enginn um það nema hann og þessi merkismaður, sem skrifaðist á við ráðgjafann. Jeg get ekki farið eptir skjölum eða brjefum, sem jeg hef aldrei sjeð.

Rökstudd dagskrá samþ. með 8 atkv.

Frumv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 528); ein umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson); Nefndin hefur athugað frv. eins og það er komið frá h. Nd. og hefur ekki sjeð ástæðu til annars en ráða h. þingd. til að samþykkja frumv., þar sem ekki hefur verið gjörð önnur breyting á frumv. en að ártalinu í 18. gr. 1894 er breytt í 1895 og sem nefndin getur fallizt á. Jeg skal að eins geta þess, að í 12. gr. frumv., er prentvilla, þar stendur nauðsynlegt í st. f. nauðsynleg.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja það til, að h. þingd. samþ. frumv.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um kirkjur (C. 536, 540, 549); 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Til þess að bæta úr því, hvað frv. þetta varð endasleppt við 2. umr., hef jeg leyft mjer ásamt 2 öðrum h. þm., að koma með nokkrar breyt.till. við frv. og eins og h. þingd. sjer, eru þær þannig lagaðar, að þær verða síðari hluti frv., ef þær verða samþykktar og fylla það skarð, sem varð á frumv. við 2. umr. Vitanlega höfum við eigi komið fram með hið sama og deildin þá felldi, heldur höfum við lagt til, að annað verði sett í staðinn, sem að ætlun okkar geti fullnægt þörfum manna í þessu máli. Vjer höfum vikið frá því, sem virðist mörgum h. þdm. svo ísjárvert, að hafa sameiginlegan kirkjusjóð, heldur sje hann bæði almennur og sjerstakur.

Jeg skal þegar taka það fram, að við flutningsmenn tökum aptur 1. breyt.till. við 2. gr., um að hækka kirkjugjaldið um 5 aura, ekki af því að við álítum það of hátt, heldur af því að við óttumst fyrir, að sú breyting muni ef til vill fæla menn frá frumv., og verði því öllu að fótakefli. Hinar breytingarnar gjöri jeg ráð fyrir, að h. deild hafi athugað, og býst jeg við, að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þær til skýringar.

Breyt. við 3. gr. er ekki annað en að taka ljósara fram það, sem þegar er ákveðið í lögunum. Í 2. gr. frv. stendur, að hver fermdur maður skuli greiða 75 aura gjald til kirkju, og til þess að taka það skýrt fram, á hverjum það hvílir, þá er bætt við í 3. gr., að húsbændur megi halda gjaldinu eptir af kaupi vinnuhjúanna, og er það ekki ósanngjarnt, þar sem það er í samræmi við önnur gjöld t. d. til styrktarsjóðsins. Jeg ímynda mjer, að margir húsbændur mundu ekki nota sjer það, heldur greiða gjaldið fyrir vinnufólkið og það komi því ekki til framkvæmda nema á sumum stöðum, og verði fremur samkomulagsmál milli húsbænda og hjúa, svo að húsbændur geti gefið það eptir, ef þeir vilja.

Þá er lagt til, að eptir 6. gr. frumv. komi ný grein, er verði 7. gr. og er þar ekki tekið annað fram en stendur í núgildandi lögum, með þeim mismun, að í gildandi lögum er tilgreindur $^1/_{15}$ hluti sjóðsins, er greiða eigi árlega í hinn almenna kirkjusjóð, en þar sem þegar hafa verið greiddar þrjár afborganir, þegar þessi lög koma í gildi, og nú er farið fram á að greiða á 15 árum það, sem eptir stend-

ur, með $^1/_{15}$ á ári, þá er í þessu töluverð tilslökun á greiðslunni, þar sem fresturinn verður lengri. Jeg ætla, að það geti ekki fælt menn frá að fallast á frumv. Einnig er tekið nákvæmar fram í greininni, hver gjalddagi skuli vera, sem ekki hefur verið gjört áður. Hygg jeg það einnig vera framför en eigi apturför.

Þá er lagt til, að enn verði bætt við nýrri grein, sem verði 8. gr. frumv. Í henni eru nefnd útgjöld kirkna, sem venjulega á að greiða á ári hverju. En það er eitt nýmæli í þessari grein, þar sem ákveðið er, að stjórn landsbankans skuli stjórna kirkjusjóðnum og ávaxta fje hans, en stiptsyfirvöldin ávísa því fje, sem greiðist úr sjóðnum. Þetta nýmæli er tekið úr frumv., sem lagt var fyrir synodus og þar var fallizt á.

Það er margt, sem mælir með slíku ákvæði, sjerstaklega það, að fjársýslanin er svo umfangsmikil, að ísjárvert er, að leggja hana á stiptsyfirvöldin, sem hafa nóg á sinni könnu í því efni, þar á meðal stjórn hins allstóra Thorkilliisjóðs, og því varúðarvert að bæta meiru við ofan á allt hitt, sem þau hafa að starfa. Ennfremur er tekið fram í greininni um viðskiptabækur kirkna við kirkjusjóðinn og sjest þar glöggt, að um sjereign er að ræða.

9. grein, sem á að verða, er tekin orðrjett eptir synodusfrumv., sem mælt var með að aðalefninu. Hygg jeg, að sú ákvörðun, sem þar um ræðir, sje hyggileg og rjett, svo að við það sje ekkert að athuga. Hún fer í þá stefnu að koma meiri samhljóðan á byggingar kirkna en áður hefur verið.

Þá er ný grein, sem verði 10. gr., sem fer fram á að reisa skorður fyrir því, að kirkjur baki sjer óhæfilegan kostnað við aðgjörð eða byggingu, svo að þær geti ekki staðið straum af útgjöldunum, og er það samhljóða núgildandi lögum.

Þá er ný grein, sem verði 11. gr. um þóknun til prófasts í líka átt og var í hinu upphaflega frv.

Þá er enn ný grein, sem verði 12. gr. um athending kirkna og hvernig fara skuli með fje, sem fjárhaldsmaður hefur lánað kirkju, ef hann fellur frá. Það er samskonar ákvæði og stendur í núgildandi lögum, en því bætt við, að kirkjunni sje heimilt að losa sig við skuldina í einu lagi, með því að taka lán með samþykki hlutaðeigandi hjeraðsfundar og stiptsyfirvaldanna. Það er ekki neitt athugavert við það; ákvæðið er að eins til þess, að skuldaskipti verði greiðari sjerstaklega fyrir þá, sem til skulda eiga að heimta af kirkjunum.

Þá er ný grein, sem verði 13. gr., sem hljóðar um, hvert andvirði kirkju skuli renna, sem lögð er niður. Það mætti kannske segja, að það væri ekki samkvæmt því, sem stendur í 1. línu greinarinnar að ákveða í 2. línunni, að skrúði og áhöld kirkju skuli fara aðra leið. Jeg skal heldur ekki gjöra það að neinu kappsmáli. Það er kannske eins rjett, að erfingjarnir fái þetta að öllu leyti, en þó er hjer ekki um neina stórvægilega upphæð að ræða.

Þá er ný grein, sem verði 14. gr., þar sem tekið er fram, að ákvæði þessara laga nái ekki til bændakirkna, nema með samþykki eigendanna.

Þá er breyt.till. frá mjer á þingskj. 549 við þessa 14. gr., sem nánara ákveður, hver ákvæði frv. skuli ná til allra kirkna og hver að eins til ljenskirkna og safnaðarkirkna, en eigi til bændakirkna. Sjálfsagt er, að kirkjugjaldið skuli vera jafnt til allra kirkna, en öðru máli er að gegna um ýms önnur ákvæði frv. Það eru ákvæði í 7., 10., 12. og 13. gr., sem ná ekki til bændakirkna.

Jeg vona, að h. deild fallist á þessar breyt., svo að frv. nái fram að ganga í nokkurn veginn góðri heild.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að

fara fáeinum orðum um breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir. Jeg verð að játa það, að jeg skil þær ekki til fullnustu og þyrfti því að fá útskýringu á þeim, því að minnsta kosti get jeg ekki skilið samræmið í þeim, þegar þær eru bornar saman hver við aðra. Um 1. breyt.till., sem fer fram á að hækka gjaldið til kirkna, þarf ekki að tala, því hún hefur verið tekin aptur.

Þá er viðaukinn aptan við 3. gr. að aptan við orðin: „og annað heimilisfólk“ komi: „en rjett er húsbændum að halda gjaldi þessu eptir af kaupi þeirra, er vinna hjá þeim“. Jeg get ekki fullkomlega skilið þennan viðauka og álít ekki rjett að fallast á þessa breyt., því jeg sje ekki, að það sje mikil rjettarbót frá því, sem er, að húsbændur gjaldi fyrir heimilisfólk sitt, því sum hjú eru svo fátæk, að þau eiga erfitt með að inna gjaldið af hendi. Jeg segi reyndar ekki, að það sje nein ósamkvæmni í því, að þeir sem noti kirkjuna borgi til hennar, en get þó ekki sjeð, að nein nauðsyn beri til breytingar í þessu efni. Jeg get ekki fellt mig við, að kirkjugjaldið sje svona lagaður nefskattur, að hann komi á alla jafnt, því mörg hjú eiga erfitt með að gjalda það, og þá gæti það orðið til þess, að þau segðu sig alveg úr þjóðkirkjunni. Jeg álít ekki rjett, að halla á vinnuhjúastjettina, jeg vildi heldur, að einhver ákvæði væru í lögunum, er gjörðu kjör þeirra betri. Sumir húsbændur mundu að vísu gefa hjúum sínum þetta gjald, en ekki allir, og jeg get búizt við, að ef húsbóndi skuldar hjúi sínu af kaupi þess, þá mundi hann telja því þetta gjald til útgjalda en hinn sleppa við það, sem hann hefur goldið kaupið, því jeg er hræddur um, að það gleymist að taka þetta fram í vistarsamningunum, en þetta þykir mjer ekki fullkomlega rjett.

Þá er viðaukatill. við 6. gr.. sem á að verða 7. gr.: „Allt það fje“ o. s. frv. Í þessari grein finnst mjer vera átt við, að „netto“ tekjur kirkjunnar skuli lagðar á vöxtu í hinn almenna kirkjusjóð, þegar búið er að draga frá það, sem kirkjan þarf til útgjalda og viðhalds; en þó stendur í 4. viðaukatill., sem á að verða 8. gr. að öll árleg útgjöld til kirkju eigi að greiðast úr hinum almenna kirkjusjóði. *(Hallgr. Sveinsson:* Nei, einstökum kirkjusjóðum). Mjer finnst svo sem kirkjusjóðurinn sje almennur, þar sem hann er samsafn af sjóðum einstakra kirkna. Jeg verð nú að játa, að jeg skil ekki, þar sem í öðru orðinu er sagt, að það sem afgangs er árlegum útgjöldum eigi að leggjast í kirkjusjóðinn, en í hinu orðinu, að árleg útgjöld kirkna skuli greidd úr kirkjusjóðnum. Mjer finnst þetta vera hvað á móti öðru.

7. greinina skil jeg ekki og mjer þykir líklegt, að fleiri sjeu, sem geta ekki skilið hana.

5. viðaukatill., sem á að vera 9. gr. „Þá er kirkja þarf o. s. frv.“ hef jeg ekki á móti, að því leyti að biskup og prófastar ráði mestu um byggingar kirkna, en hitt þykir mjer ekki eðlilegt, að kirkjuhaldarinn, sem verður að hafa allt fyrir hefur ekki atkvæðisrjett og ekki einu sinni tillögurjett um byggingu kirkjunnar, þar sem hann stendur þó næst og hefur mestan veg og vanda af byggingunni. Það er ekki viðkunnanlegt, að hann sje sviptur öllum rjetti í þessu máli og hefur ef til vill ekki góðar afleiðingar. Næst kemur 6. viðaukatill., sem á að verða 10. gr. Það er með hana sem fleiri, að jeg skil hana ekki fullkomlega, þar sem biskup má ekki færa kirkju meira fje til útgjalda, en hún er fær um að bera. Mjer finnst það fari ekki vel, ef biskup neitar kirkju um fje, sem hún þarf brýnnauðsynlega við, ef kirkjan hefur t. d. litlar tekjur en mikil útgjöld, því kirkjuhaldari getur ekki byggt kirkjuna upp svo, að hún verði í viðunanlegu ástandi, ef hann hefur ekki nægilegt fje til þess, eða ætlar biskup að neyða

hann til að byggja hana upp, án þess hann fái endurgjald fyrir. Hingað til hafa þó kirkjuhaldarar byggt kirkjurnar sæmilega upp sjálfir, svo mjer virðast litlar framfarir sjeu í því fólgnar, að láta þá skyldu hverfa, sem legið hefur á kirkjuhöldurum í því efni, og svo, að hafi kirkjan ekki fje, að biskup geti þá neitað um það, eða ef kirkja getur ekki borgað með tekjum sínum, þá eiga stiptsyfirvöldin að taka fje úr hinum almenna kirkjusjóði til að borga byggingu hennar. En hver er þessi almannasjóður? Er hann nú nokkuð annað en sparisjóður, þar sem ekki má taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar? Hver kirkja hefur sína viðskiptabók í landsbankanum; enginn annar sjóður er fyrir hendi. Jeg get því ekki skilið neitt í þessu, nema hjer sje átt við hinn almenna kirkjusjóð í frumv. um daginn. Mjer finnst hjer vanti ákvæði um, hvað þessi almennni sjóður á að borga og hvað ekki.

Þá kemur 9. gr., sem á að vera 13. gr. til sögunnar. Eptir henni á andvirði þeirrar kirkju, sem lögð er niður að renna í hinn almenna kirkjusjóð. En nú er þessi almenni kirkjusjóður ekki annað en sparisjóður, sem samanstendur af sjerstökum sjóðum kirknanna, en í þann sjóð verður þó ekkert lagt, nema það færist inn í viðskiptabækur fleiri eður færri kirkna en um það vanta öll ákvæði, því eptir frv. þessu á kirkja sú, er sókn hinnar niðurlögðu kirkju leggst undir ekkert nema messuskrúða og annað þesskonar. Mjer finnst hjervera blandað saman hugmyndinni í frv. um daginn og því, sem nú eru gildandi lög.

Þegar jeg annars lít á þetta ákvæði 13. gr. um hinn almenna kirkjusjóð, þá finnst mjer hinn almenni kirkjusjóður, sem dó um daginn hjer í deildinni sje að reka hjer upp nefið aptur, til þess að láta okkur sjá, að hann sje ekki alveg dauður enn þá. *(Hallgr. Sveinsson:* Dálitið brot af honum). Það er samt eitt í frv. þessu, sem rækilega er gengið frá og það er afnám hinna gömlu kirkjugjalda. Þau eiga ekki að ganga aptur. Frv. byrjar á að nema þau úr gildi með þessum orðum: Í stað þeirra kirkjugjalda“ o. s. frv., og svo endar frv. á því sama. Það er því auðsjáanlega gjörð tilraun til að kveða þau niður til fulls og í þessu tilliti þarf jeg ekki að segja, að jeg skilji ekki, hver er meiningin.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að svara h. þm. Strand. (G. G.) fáum orðum út af athugasemdum hans.

Þar sem tekið er fram í hinni væntanlegu 8. gr., að ýms tilgreind útgjöld kirkju eigi að greiða úr kirkjusjóði, þá er það ekki hinn almenni kirkjusjóður, heldur sjóður hverrar einstakrar kirkju, og hefði ef til vill verið rjettara, að þar hefði staðið: „af fje kirkjunnar“ í staðinn fyrir, „af kirkjusjóði“. Hjer er ætlazt til, að hin árlegu gjöld kirknanna sjeu goldin af fje þeirra, *áður en* afgangurinn er sendur í hinn almenna kirknasjóð.

Að því er snertir tölul. 5. á þingskj. 540, sem á að vera 9. gr., þá þótti hinum sama h. þm. ósanngjarnt, að kirkjuhaldari hefði ekki svo mikið, sem tillögurjett um byggingu kirkjunnar. En þótt það sé eigi tekið fram með berum orðum, þá er það vitanlegt, að hver maður getur haft tillögurjett, tillögurjett hlýtur kirkjuhaldari að hafa, enda væri það ólíklegt, að prófastur gjörði sínar tillögur án þess að leita ráða kirkjuhaldara og þá myndi hann að sjálfsögðu taka tillögur fjárhaldsmanns til greina, þótt ekki sje það beint tekið fram í greininni, að hann skuli gjöra það.

Þá þykir þm. 6. tölul., er á að vera 10. gr. óljós að því leyti, hvernig fara eigi með fátækar kirkjur, þar sem hins vegar er bannað, að færa kirkju til útgjalda meiri kostnað við byggingu en biskup álítur hana færa um að bera.

Hingað til hefur sú verið venjan, að

fjárhaldsmaður hefur einatt hlotið að leggja fram fje til kirkjubyggingar, en auðvitað fært kirkjunni það til skuldar. En ýmislega hefur það gengið, að fá þá upphæð endurgoldna, og opt hefur fjárhaldsmaður ekkert fengið í aðra hönd, svo sem ef prestur hefur verið fjárhaldsmaður.

Á síðari árum hefur verið gjörð nokkur breyting á þessu og teknar ákvarðanir um, að kirkjuhaldari gæti fengið framlag sitt endurborgað.

Hafi það verið prestur eða ljenskirkjuhaldari, þá hefur hann tekið embættislán gegn því, að tekjur prestakallsins stæðu fyrir skuldinni, að svo miklu leyti, sem tekjur kirkjunnar ekki hrykki til. Ef kirkjan þarf meira lán en hjer er til tekið, þá leggst það á prestakallið; og til að varna því, að kirkjan sökkvi æ dýpra og dýpra í skuldir, eru þessi ákvæði sett í 10. gr. Það er ekki gjört ráð fyrir, að taka fje úr hinum almenna kirkjusjóði til lúkningar þeim skuldum, því almennur kirkjusjóður er nú enginn til, heldur safn af sjerstökum sjóðum kirkna. Það er ekki meiningin að gjöra kirkjusjóðinn sameiginlegan nje að taka frá annari kirkjunni það, sem hina vanhagar.

Í 9. tölul. sem verða á 13. gr. koma fram nokkrar leifar af hinum sameiginlega kirkjusjóði, og jeg játa það, að síðari liður greinarinnar er ekki í fullu samræmi við hinn. Þetta má laga við atkv.-greiðsluna, og í því skyni hef jeg beðið forseta að bera greinina upp í tvennu lagi.

Satt er það, sem h. þm. tók fram, að vel er frá því gengið í frv., að kirkjugjöldin gömlu verði úr gildi numin, en ekki er víst nema við þurfi; vera má, að nokkuð seigur lífkraptur sje í þessum gömlu gjöldum, eins og mörgu öðru, sem gamalt er.

Jeg er því fyllilega samdóma þm. um það, að ákvæði frv. eru skýr um það efni.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við 4. viðaukatillöguna, sem á að verða 8. gr. þar sem ákveðið er, að stjórn landsbankans hafi umsjón kirkjusjóðsins á hendi. Jeg kann ekki við að blanda landsbankanum inn í þetta mál, og veit heldur eigi, hvort þingið hefur heimild til að fela stjórn landsbankans þetta á hendur, sem jeg álít henni alsendis óviðkomandi. Jeg er hræddur um að þetta sje gamlar „reminiscenser“ frá brúartollsmálinu sáluga.

Jeg leyfi mjer því að leggja til, að forseti beri greinina upp í fleiri liðum þannig, að a. liður verði „Um árleg útgjöld kirkna — þegar efni hennar leyfa“, en b. liður verði: „Stjórn landsbankans — landshöfðingja“.

Kristján Jónsson: Jeg álít fyrir mitt leyti, að ekkert sje á móti þeirri tillögu hæstv. landshöfðingja, að sá liður sje borinn upp sjerstaklega, er ræðir um stjórn landsbankans; en jeg skal jafnframt geta þess, að mjer er það kunnugt, að hinn núverandi bankastjóri er fús á að taka þetta starf að sjer, því að hann kveðst hafa nógan tíma til að inna það af hendi ásamt öðrum störfum sínum.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að láta þá skoðun mína í ljósi, að breytingartillögur þær, sem hjer liggja fyrir, ganga í allt aðra átt, en sá hluti af frumvarpinu, sem felldur var hjer um daginn. Jeg ætla því stuttlega að gjöra grein fyrir atkvæði mínu um þær.

Jeg hef verið að leita að þeirri rjettarbót, sem vænta mætti, að fólgin væri í svo miklu máli, sem breytingartillögur þessar eru, en vonir mínar hafa algjörlega brugðizt í því efni. Jeg get enga rjettarbót fundið í þessum viðaukatillögum í samanburði við hin gömlu gildandi lög. Aðalatriðið í þessum tillögum er það, að hver kirkja hafi sína viðskiptabók. Stjórn sjóðsins á ekki að vera undir hendi stiptyfir-

valdanna, heldur er ákveðið, að hún skuli vera undir stjórn landsbankans; en jeg verð að vera á sama máli og hæstv. landshöfðingi, að ekki sje verið að blanda bankastjórninni inn í þetta mál.

Ekki get jeg talið það neina sjerstaka rjettarbót, þótt biskup, prófastur og byggingafróður maður eigi einir öllu að ráða, um byggingu kirkjunnar, enda þótt jeg ekki beri neitt vantraust til þeirra. Jeg hygg að vel megi bjargast eitt árið enn með það fyrirkomulag, sem er í þessu efni. Aðalákvæði þessara breytingar og viðaukatillagna eru tekin úr lögunum frá 22. marz 1890 og að því leyti eru þau engin nýmæli frá því, sem er í gildandi lögum, en eins og jeg tók fram um daginn, þá er svo mikil breyting gjörð með fyrra parti frumvarpsins, eður hinu almenna kirkjugjaldi frá gildandi lögum og ævagömlum rjettarvenjum, að jeg get ekki greitt atkvæði með því að þessu sinni að óheyrðum öllum gjaldendum, því að þó skyldugjöldin kunni að vera óvinsæl, þá þyki mjer viðurhlutamikið, að gjöra svona stórkostlega breytingu án þess, að hún sje rækilega undirbúin, og jeg get ekki fundið svo mikla rjettarbót í þessum viðauka, við frumv., að mjer þyki ástæða til að greiða atkvæði með frv. nú fremur en við 2. umr. Það er hvort sem er ekki nema tímaspurning, að þetta mál nær fram að ganga, og jeg álít það ekki neinn skaða, þótt það bíði næsta þings, svo landsmönnum gefist kostur á að íhuga það; væri það ef til vill ekki úr vegi, að stjórnin kæmi með frv. um þetta efni á næsta þingi, svo að þá gæfist þinginu tækifæri til að íhuga bæði álit stjórnarinnar og landsmanna, er látið hefði verið í ljósi á þingmálafundum og þá væri hægara að átta sig á þessu máli fyrir þingið, er bæði stjórnin og kjósendurnir hefðu látið í ljósi álit sitt.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C. 540) við 2. gr. tekin aptur; 2. br.till. við sömu gr. samþ. með 7 atkv. gegn 3; 3. br.till. við sömu gr. samþ. með 8: gegn 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Einar Ásmundsson,	Sigurður Jensson,
Guðjón Guðlaugsson,	Sigurður Stefánsson.
Gutt. Vigfússon,	
Hallgr. Sveinsson,	
Kristján Jónsson,	
L. E. Sveinbjörnsson,	
Þorkell Bjarnason.	

4. br.till. 1. lið. (C. 540) samþ. með 6 samhlj. atkv.; 4. br.till. 2. lið. felldur með 6 atkv. gegn 4; 4. br.till. 3. og 4. lið. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 5 br.till. felld með 7 atkv. gegn 4; 6. br.till. samþ. með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Einar Ásmundsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,	Gutt. Vigfússon,
Kristján Jónsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sigurður Jensson,	Sigurður Stefánsson.
Þorkell Bjarnason.	

7. br.till. samþ. með 6 samhlj. atkv.; 8. br.till. samþ. með 6 samhlj. atkv.; 9. br.till. 1. lið. felldur með 8 atkv. gegn 1.; 2. lið. samþ. með 6 samhlj. atkv. Br.till. (C. 549) samþ. með 7 samhlj. atkv.; 10. br.till. (C. 540) samþ. með 7 samhlj. atkv.; 11. br.till. samþ. með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Guðjón Guðlaugsson,
Þorleifur Jónsson,	Gutt. Vigfússon,
Einar Ásmundsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Hallgr. Sveinsson,	Sigurður Jensson,
Kristján Jónsson,	Sigurður Stefánsson.
Þorkell Bjarnason.	

Frumv. með áorðnum breyt. fellt með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um breytingar á 3. gr. í lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 495); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. samþ. með

8 atkv. hver; 4. gr. samþ. með 9 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 8 atkv. og málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frumv. til laga um stofnun háskóla (C. 478); 2. umr.

Landshöfðingi: Mjer er óskiljanlegt, hvernig sumir þingmenn bæði í Nd. og einnig í þessari h. deild fara að leggja kapp á, að frumv. þetta verði samþykkt hjer á þinginu. Jeg tók það fram í hitt eð fyrra, þegar samskonar mál var hjer til umræðu, að háskóli þessi væri að eins nafnið tómt, frumv. hjeti það, sem það ekki væri. Hið sama tók einnig h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) fram við 1. umr., og þá var því svarað, að þessi skóli gæti eins vel borið nafnið háskóli, eins og margir af þeim háskólum, sem eru í blóma, hefðu getað það, þegar þeir voru stofnaðir, og var tilnefndur háskólinn í Kaupmannahöfn, en þar til liggja þau svör, að það er allt öðru máli að gegna um skóla, sem stofnaður var á 15. öld, eða skóla, sem settur er á stofn nú á 19. öld. Það eru allt aðrar kröfur, er menn gjöra til háskóla nú en þá. Jeg skal ekki fara frekara út í þetta að þessu sinni, en það er annað, er jeg sjerstaklega vildi minnast á. Ef það er ósk þingsins, að þetta frumv. verði að lögum, þá verður þingið einnig að gjöra það, sem nauðsynlegt er til þess, að lögin geti orðið framkvæmd, og það er að veita eins mikið fje til háskólans og hann þarf, en það kom fram í Nd., að sú deild að minnsta kosti er ekki fús á að leggja þetta fje fram. Hin upphaflega 4. gr. frumv. var einmitt felld við 2. umr., af því að Nd. vildi ekki veita launin handa kennurunum, en svo var þessari núverandi 4. gr. potað inn við 3. umr., en hún er með öllu óhæf. Eða hvaða meining er í því, að forstöðumaður guðfræðisdeildarinnar skuli hafa 4,000 kr. í laun, fyrsti kennari 2,800, annar kennari 2,400, forstöðumaður læknisfræðisdeildarinnar 4,000 kr., en forstöðumaður lögfræðisdeildarinnar ekki nema 3,000 kr. og annar kennari 2,000 kr.? Halda menn þá, að lögfræðisdeildin sje því auðvirðilegri en hinar deildirnar, að forstöðumaður hennar eigi ekki skilið eins mikil laun og forstöðumenn hinna. Það er öllum augljóst, að það hlýtur að vera meiri vandi að gegna þessu starfi en hinna, með því að lagakennsla er kennsla í vísindagrein, sem aldrei hefur verið kennd fyr hjer á landi, og þarf því mikinn undirbúning og umfangsmiklar rannsóknir til þess að geta leyst þann starfa af hendi svo við megi una. Þetta er ósamkvæmni, er gerir frv. óaðgengilegt, en það sem gjörir frumv. þó alveg ómögulegt, er, að það stendur ekkert, hvaðan þessi laun eiga að takast. Jeg veit ekki, hvaðan á að taka þau. Í frumv. stendur ekkert um það, og í fjárlögunum heldur ekki; að minnsta kosti hef jeg hvergi sjeð þeirra getið þar. Þetta sýnir, hversu vel frumv er úr garði gjört. Það vill nú svo heppilega til, að framsögumaður frumv. í Nd. hefur sjálfur sagt, að meiningin sje ekki, að frumv. eigi að verða að lögum, heldur sje að eins til að sýna, að þingið vilji fá háskóla, en jeg held samt, að þingið hefði getað sýnt það á einhvern heppilegri hátt, en með því að senda frá sjer frumv., er þannig er úr garði gjört.

Þetta kemur einnig mjög illa fram við annað, nefnilega að bæði þingið sjálft og eins menn út í frá hafa brugðið stjórninni um, að hún synji einatt staðfestingar á frumv. þingsins. Vilji menn segja þetta með rjettu, þá verður að gjöra þau lög svo vel úr garði, er þingið sendir stjórninni, að stjórnin að minnsta kosti geti verið þekkt fyrir að staðfesta þau formsins vegna.

Hallgrímur Sveinsson: Við 1. umr. þessa máls ljet jeg ekki skoðun mína í ljósi, og finn jeg því ástæðu til að gjöra það nú. Eins og tekið hefur verið fram,

er ómögulegt, að þetta frumv. geti náð staðfestingu. Það mun engri þjóð detta í hug að tala um háskóla, nema hann sje svo úr garði gjörður, að allir þeir embættismenn, er landið þarf með, geti fengið þar fullkomna þekkingu, og þurfi ekki að sækja hana út fyrir landsteinana, en að hjer sje ekki um slíkan skóla að ræða, það geta allir sjeð. Frumv. segir, að prestaskóli og læknaskóli skuli haldast í sama fyrirkomulagi og þeir nú eru, en allir vita, að menn á prestaskólanum að eins læra í guðfræði, það sem nauðsynlegt er til að geta gegnt prestsembætti hjer á landi; allmargir hafa því ekki látið sjer nægja það, sem þar er kennt, en fundið þörf og hvöt hjá sjer til þess að leita sjer meiri menntunar, en þeim veittist kostur á að ná á prestaskólanum; það er líka töluverður munur á þeim tíma, sem fer til guðfræðisnámsins í Kaupmannahöfn og hjer, þar sem menn verða að vera þar 6 ár við námið, en hjer að eins 2. Það er auðskilið, að hjer hlýtur að vera munur á menntun; jeg gjöri ráð fyrir jafnri ástundun, aðheldni og gáfum þar og hjer, en munurinn er samt ekki tvöfaldur heldur þrefaldur. Það má ekki segja, að menntun sú, er menn fá á prestaskólanum hjer, sje fullnægjandi til allra geistlegra embætta hjer, því jeg hef ekki heyrt, og get ekki heldur ímyndað mjer, að menn mundu gjöra sig ánægða með, að forstöðumaður skólans og annar aðalkennari hans hefðu eigi aðra menntun í guðfræði en þá, sem hjer býðst á prestaskólanum, sem eptir frumvarpinu á að vera guðfræðisdeild hins fsl. háskóla. En sjerstaklega er þetta ljóst um læknaskólann, því lagaákvæði eru til, sem sýna, að menntun sú, sem læknar fá hjer, er ekki álitin fullnægjandi. Þeim, sem útskrifast af læknaskólanum, er sem sje gjört að beinni skyldu að fara utan og fullkomna sig á spítölum þar og ganga á fæðingarstofnanir. Fyr en þetta er gjört, eru þeir eigi gjaldgengir jafnvel til aukalæknastarfa. Það verður því að vera öllum ljóst, að enn þá er ekki ásigkomulag þessara skóla svo, að þeir nú þegar geti gengið inn sem deild í háskóla. Það hefur verið tekið fram um launin, að þar sem ekki er gjört ráð fyrir þeim og hvaðan þau skuli koma, þá getur það ekki verið alvarleg meining h. þm. að stofna hjer háskóla. Frumv. þannig ásigkomið mun því ekki geta fengið samþykkt þingsins og því síður stjórnarinnar, og sje jeg því ekki ástæðu til fyrir þessa h. deild að fallast á það.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 5; 2. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 4; 3. og 4. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 2; 5. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 3; 6. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 2; 7. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 4. Fyrirsögnin samþ. með 6 atkv. gegn 4 og málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um sameining amtmannaembættanna (C. 496); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 3.

Frumv. til laga um stofnun brunabótasjóðs (C. 511); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Kosning 3 manna nefndar var felld með 6 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðjón Guðlaugsson,	Jón A. Hjaltalín,
Hallgr. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson,
Kristján Jónsson,	Einar Ásmundsson,
L. E. Sveinbjörnsson,	Gutt. Vigfússon,
Þorkell Bjarnason.	Sigurður Jensson,
	Sigurður Stefánsson.

Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um tilsjón með út-

flutning á mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 510); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um frjettaþráð til Íslands (C. 513); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. umræðulaust og afgreidd til landsh.

Till. til þingsályktunar um breyting á fátækralöggjöfinni (C. 499); ein umr.

Guðjón Guðlaugsson: Þessi þingsál. till. er ekki annað en uppskafningur úr þeirri þingsályktunartillögu, er samþykkt var hjer í deildinni.

H. Nd. vill ekki snerta við sveitastjórnarlögunum, en kemur í þess stað með tillögu um fátækralöggjöfina eina. Þeirri h. deild virðist ekki minnsta ástæða til að skora á landsstjórnina að leita álits landsmanna um sveitastjórnina. En jeg er á allt öðru máli. Mjer þykir ekki minna vert um, að sveitastjórnarlöggjöfinni sje breytt en fátækralöggjöfinni, enda eru þessi málefni svo skyld, að nauðsyn ber til, að þau fylgist að.

Það hefur verið tekið fram hjer í deildinni við umræður um þetta mál, að það væri engu minni ástæða til að endurskoða sveitarstjórnar- en fátækralöggjöfina sem og líka eðlilegt er, þar sem sveitastjórnarvöldin eru þau, sem eiga að stjórna fátækramálum, og ef sveitarstjórnirnar væru öðruvísi en þær ættu að vera, af því að lög þau, er þær ættu að hlýða, væru ekki nægilega fullkomin, þá kemur það einmitt fram á fátækrastjórninni.

Ef nú ætti að fara að lappa upp á fátækralöggjöfina sjer í lagi, þá er það líkt og ef menn tækju það til ráða, að gjöra eitthvað við skrokkinn á stýrislausu skipi, en ljetu stýrið vanta. Því sveitastjórnin er einmitt stýrið fyrir fátækralöggjöfinni. Sje sveitastjórnin ónýt, þá er fátækralöggjöfin stýrislaus. Ef þessi till. Nd. verður samþykkt, þá er sýnt með henni, að þingið álítur enga þörf á nokkurri breytingu á sveitarstjórnarlögunum — þau sjeu góð og gild, en það er þó ekki í góðu samræmi við ályktun þá, sem Ed. hefur samþykkt. Stjórnin getur því verið í vafa um, hvort hún eigi að taka þessar tillögur til greina.

Jeg verð að segja fyrir mig, að þótt jeg flytti fyrstur þessa tillögu inn á þingið, þá get jeg ekki greitt atkvæði með henni nú, því að eins og hún er nú orðin, þá er hún hvorki heil nje hálf.

Sigurður Jensson: Jeg er samdóma h. þm. Strandam. (G. G.), að þessi tillaga hefur misst mikið af gildi sínu í Nd., þar sem Nd. hefur fellt úr áskorun til stjórnarinnar að leita álita um sveitastjórnarmál landsins, svo að samin yrðu ný sveitastjórnarlög. En jeg lít svo á, að í þessu máli þurfum vjer ekki að samþykkja þessa tillögu Nd. Ed. hefur þegar samþykkt tillögu um áskorun til landsstjórnarinnar, bæði út af breytingu á sveitastjórnar- og fátækralöggjöfinni. Jeg álít þessvegna, að þó við samþykkjum ekki tillögu h. Nd., þá standi hin till., sem samþykkt var hjer í deildinni, og þegar báðar verða samþ. þá taki hin hæstv. stjórn báðar tillögurnar til greina.

Þannig kom það optar en einu sinni fyrir á þinginu 1891, að 2 þingsályktanir í sama máli voru samþykktar sín af hvorri deild, án þess að vera alveg samhljóða, og voru þær báðar látnar standa samhliða hvor annari og sendar stjórninni, og eins sýnist mjer megi vera í þessu máli, úr því ekki er tími til að láta þetta mál ganga aptur til Nd., að tillögurnar geti báðar staðið hvor við hlið annarar.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan felld með 6 atkv. gegn 2.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags (C. 529, 551); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Hvað tillögu þá snertir, sem hjer liggur fyrir h. deild. þá er mjer ekki vel ljóst, hvernig strandferðum hins sameinaða gufuskipafjelags á að vera hagað. Líklega er það meiningin, að ferðir hins sameinaða gufuskipafjelags verði líkar og 1890—91, eins og bent er til í athugasemdunum við fjárlagafrv. stjórnarinnar. Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að vel getur verið, að stjórn hins sameinaða gufuskipafjelags taki svo mikið tillit til ferða strandferðaskipsins,sem ályktað er að gangi eingöngu umhverfis landið, en það er mjög svo áríðandi, að skip hins sameinaða gufuskipafjelags, sem ganga frá útlöndum mæti sem optast strandferðaskipi því, sem eingöngu fer í kringum landið; það hefði því verið rjettara, að það hefði með berum orðum verið tekið fram í þessari þingsál.till., en mjer hugkvæmdist þetta ekki fyr en of seint, svo jeg gat ekki komið með breyt.till. í þá átt. Það er kunnugt, að ferðaáætlun h. Nd. er samþ. með sjerstöku tilliti til ferðaáætlunar hins sameinaða gufuskipafjelags 1890—91, þannig að skipin geti sem optast mætzt en jeg get hugsað mjer, að stjórn hins sameinaða gufuskipafjelags taki ekki svo mikið tillit til strandferðanna, en þá treysti jeg því, að stjórnin sjái svo um, að þetta verði gjört.

Jón A. Hjaltalín: Jeg vildi leyfa mjer, að vekja athygli á 3. tölul. í tillögunni, að því er snertir að fá stærra skip með meiru farþegarúmi á ferðunum milli Íslands og Danmerkur um mánuðina maí til september. Jeg vildi gjarnan óska, að þetta gæti fengizt, en jeg get ekki sjeð, að þingið geti haft áhrif á þessar ferðir, sem fá ekkert tillag frá Íslands hálfu. Jeg held, að þingið geti því að eins haft áhrif á þessar ferðir, að það leggi fje til þeirra.

Að því er snertir tölul. 3. c., að skipið komi við á Berufirði, þá get jeg ekki greitt atkv. með honum, því sorgleg reynsla hefur sýnt, að það hefur opt og einatt verið ómögulegt fyrir skip að komast þar inn vegna þoku þar úti fyrir og gæti það tafið skipið mjög mikið, ef ætti að bíða eptir því.

Þorleifur Jónsson: Jeg ímynda mjer, að hjer sje átt við strandferðaskipið, en ekki það skip, sem fer beina leið til útlanda, því annars getur till. ekki átt við og þá hefur hún líka við fyllstu rök að styðjast, en jeg ímynda mjer, að h. Nd. hafi ekki viljað blanda sjer inn í hinar ferðirnar milli Íslands og Danmerkur.

Að því er snertir viðaukatill. á þingskj. 551, þá er jeg ekki eiginlega flutningsm. að henni, þótt jeg hafi skrifað nafn mitt undir hana með h. 2. kgk. (H. Sv.), en af því að hann er ekki viðstaddur, þá verð jeg að minnast á hana. Þar er ákveðin klukkustund sú, sem skipið skuli í fyrsta lagi fara frá Reykjavík; það er nauðsynlegt að ákveða, að skipið fari ekki kl. 12 á nóttunni, eins og nú á sjer stað, því það hefur bakað mönnum mikil óþægindi, þegar póstur og farþegar hafa orðið að vera komnir um borð fyrir kl. 12; þá hefur pósturinn verið afhentur kl. 11, svo ekki hefur verið hægt að koma brjefum úr því nema að fara rakleiðis út í skipið. Í Höfn er það venja, að skipið fer aldrei af stað fyr en kl. 9 á morgnana og sýnist mjer rjett, að fylgt sje sömu reglunni hjer, enda get jeg ekki sjeð, að það þurfi að vera til neinna óþæginda fyrir skipið.

Sigurður Jensson: Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra við 3. tölul. Jeg ætla, að þar sje átt við það skip, sem gengur beina leið milli Íslands og Danmerkur. En hvað það snertir, sem h. 5. kgk. (J.A.Hj.) sagði, að alþingi kæmi það skip ekki við, af því að ekkert væri lagt til þeirra ferða frá Íslands hálfu, þá skal jeg leyfa mjer að benda á, að einusinni var þó farið eptir áskorun eða beiðni þingsins í því efni og það var hjerna um árið, þegar bætt var við einni ferð eða miðsvetrarferðinni. Líkur árang-

ur gæti ef til vill orðið af þessari áskorun, þótt landssjóður leggi ekki fje til þessara ferða.

Þorleifur Jónsson: Mjer finnst minn skilningur vera rjettur, að hjer sje átt við strandferðaskipið og ræð jeg það af fyrirsögn tillögunnar, því sje hjer átt við það skip, sem fer beina leið milli Íslands og Danmerkur, þá er ósamkvæmni milli fyrirsagnarinnar og þessa tölul. tillögunnar.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg verð að vera á því með h. þm. Húnv. (Þ. J.), að hjer sje átt við skip, sem gengur kring um landið. Það sjest á ferðaáætluninni, er þetta skip á að fylgja, að það er strandferðaskip, því að hitt skipið á að fara miklu fyr, en strandferðaskipið miklu seinna.

ATKVÆÐAGR.: Tölul. 1. samþ. í e. hlj.; tölul. 2. samþ. í e. hlj.; tölul. 3. samþ. í e. hlj.; viðaukatill. (C. 551) samþ. í e. hlj.; 4. tölul. a. samþ. í e. hlj.; 4. tölul. b. samþ. í e. hlj.; breyt.till. við fyrirsögn tillögunnar (C. 551) samþ. í e. hlj.; fyrirsögnin með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. Tillagan í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og afgreidd til landshöfðingja.

Till. til þingsályktunar um strandferðaáætlun (C. 532, 533, 562); ein umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef ásamt öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með breyt.till. við ferðaáætlunina á þingskj. 533. Breyting sú, sem farið er fram á, er fólgin í því, að skipið, sem fer frá Reykjavík 23. júlí vestur og norður um land komi ekki við á Reykjarfirði, heldur á Bitrufirði og Borðeyri. Af þessu leiðir það, að ferð skipsins seinkar um einn dag og verður því að færa allar dagatölur viðkomustaða skipsins allt austur til Seyðisfjarðar áfram um einn dag; það kemur því þangað einum degi síðar, en gjört er ráð fyrir í þessari ferðaáætlun.

Ástæðan fyrir þessari breyt. er sú, að eptir þessari ferðaáætlun, er ekki gjört ráð fyrir, að strandferðaskip þetta komi nema alls einusinni á Borðeyri á leið frá Reykjavík vestur og norður um land, og það í maímánuði, þegar hættast er við, að ís hamli ferð þangað, en það er sambandið við Ísafjörð, sem Strandamenn leggja mesta áherzlu á. Aptur á móti er ráð fyrir gjört í áætluninni, að skipið komi tvisvar við á Borðeyri og Bitrufirði á leiðinni frá Reykjavík austur og norður um land og hafa Strandamenn ekki gagu af þeim ferðum til annars en að koma frá sjer því, sem flytja þarf burtu þaðan, en aptur er mjög tvísýnt, hvort nokkur not verða að þessari einu ferð, sem skipið á að koma við á þessum stöðum á vesturleið. Þetta er mikill ókostur við ferðaáætlunina. Viðskipti Strandamanna við Ísafjörð eru talsvert mikil, og þeim er svo varið, að það er erfiðari flutningur, sem flytja þarf frá Ísafirði til þessara staða, heldur en það, sem þarf að flytja þaðan til Ísafjarðar. Ef Strandamenn þurfa hvort sem er að sækja fisk á hestum vestur á Ísafjörð, munar þá ekkert um að reiða það á hestunum, sem þeir þurfa að flytja vestur.

Jeg vona því, að þessi h. þingd. samþ. þessa breyt.till.; hún er gjörð í samráði við flutningsm. þessa máls í h. Nd. Strandaflói er svo afskiptur af þessum strandferðum, að þó að til þeirra eigi að verja milli 40—50 þús. kr., er ekki gjört ráð fyrir, að skipið komi þar við nema þrisvar sinnum og þar af er þó ein ferðin mjög óviss. Jeg vona því, að h. þingd. verði svo góðviljuð, að hún samþykki þessa breyt.till.

Jeg skal geta þess að lokum, að þar sem vitnað er í þingskj. 532 í þingsályktuninni, þá verður þessi tala að breytast, ef breyt.till. verður samþ., með því að ferðaáætlunin verður þá prentuð upp aptur og fær annað þingskjalsnúmer.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 562)

samþ. í e. hlj. Ferðaáætlunin þannig breytt samþ. í e. hlj. Þingsál. (C. 532) samþ. í e. hlj.

Fertugasti og sjöundi fundur, föstudag 25. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Till. til þingsál. um steinhúsbyggingu (C. 485, 558); ein umr.

Hallgrímur Sveinsson: Það er svo stuttur tími liðinn, síðan mál þetta var til umræðu hjer, að jeg efast ekki um, að allir muni glöggt, hvað fram fór.

Við komum okkur þá saman um, að þörf væri á að orða tillöguna fyllilegar; hef jeg því ásamt öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með breyt.till. í þá átt. Breyt.till. segir sjálf, hverju bætt er við og er því ekki ástæða til að fara mörgum orðum um hana. Þar sem þessu máli var hreyft, þótti okkur heppilegt, að athuga í einu þörfina fyrir nýtt húsnæði handa söfnunum og hinum opinberu stofnunum, sem sje húsnæði fyrir skrifstofu landfógeta, póststofu og landsbanka. Okkur þótti heppilegra, að allt þetta væri tekið fyrir í einu og álit gæti fengizt um, hvort gjörlegt væri að sameina allar þessar þarfir í einu húsi, því það mundi verða miklu kostnaðarminna, en ef landsstjórnin, eptir að hafa leitað álits hjá byggingarfróðum manni, ekki álítur gjörlegt að sameina allt þetta, að hún þá láti gjöra áætlun um hús handa söfnunum einum. Í tillögunni er ekki tekið neitt fram um hússtæðið, en það var tekið fram við umræðurnar fyr, að stjórnin gjöri ráðstöfun fyrir hentugum stað, og þetta verður jafnvel að ganga á undan, svo að hún geti sagt þeim, sem áætlunina á að gjöra, hvernig þar hagar til, sem húsið á að standa. Stjórnin mun ótilkvödd hlutast til um þetta. Jeg vona, að h. deild fallist á till., eins og hún nú er og því ekki ástæða til að fara fleirum orðum um hana.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. (C. 558) samþ. með 8 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. og tillagan afgreidd til landshöfðingja.

Frv. til laga um kosningar til alþingis (C. 512, 535, 553); 2. umr.

Guttormur Vigfússon: Jeg vona, að jeg þurfi ekki að halda langa ræðu til þess, að tala með breyt.till. þessari, því hún er fáorð mjög og fer að eins fram á það, að kosningar til alþingis fari fram í júní en ekki september. Jeg vona að það hafi verið færð næg rök fyrir því, hversu mikið hagræði það er fyrir kjósendur, að kosningar fari fram í júní en ekki september, þegar mál þetta var rætt hjer í deildinni fyrir nokkrum dögum, enda var þetta atriði þá samþ. hjer með flestum atkv. Jeg get ekki skilið, hvað h. Nd. hefur komið til að fara að breyta þessu aptur. Það má nú kannske segja, að ef þessi breyt.till. kemst að, þá fái frv. ekki fram að ganga, en það þarf ekki til, því tíminn er þegar orðinn svo naumur, að auðsjeð er, að það getur ekki þess vegna náð fram að ganga. En hvað sem því viðvíkur álít jeg sjálfa breyt. svo mikilsverða, að hún eigi að komast að, enda er frv. í heild sinni að mínu áliti ekki svo bráðnauðsynleg rjettarbót, að það ekki megi vel bíða til næsta þings.

ATKVÆÐAGR.: 1—25. gr. frumv. samþ. með 6 atkv. hver.; breyt.till. (C. 553) við 26. gr. samþ. með 6 atkv.; 26. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 27. gr. samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Guðjón Guðlaugsson,
Þorleifur Jónsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Einar Ásmundsson,	Sigurður Stefánsson,
Gutt. Vigfússon,	Þorkell Bjarnason.
Hallgr. Sveinsson,	
Kristján Jónsson,	
Sigurður Jensson.	

28—41. gr. frv. samþ. með 6 atkv. hver.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. og málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 492, 552); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg tók það fram við 1. umr., að mjer væri alveg óskiljanlegt, hvernig á því stæði, að frv. kæmi hjer fram þing eptir þing; það er eins og einhver ósýnilegur andi svífi yfir þinginu, er hafi þessi áhrif, og því fremur kemur mjer þetta undarlega fyrir, þar sem engar óskir hafa komið frá þjóðinni í þessa átt, og þar sem þeir menn, er valizt hafa til að fylgja frv. nú, eru alls ekki laxfróðir menn. Jeg skal leitast við að sýna fram á ýms ákvæði í þessu frv., sem alls ekki eru til bóta, heldur einmitt til skaða frá því sem nú er.

Í 1. gr. stendur, að eigi megi veiða lax í ám eða vötnum nje fjörðung viku sjávar út frá árósum, nema $2^1/_2$ mán. af sumri hverju. Í gildandi lögum stendur, að veiða megi lax á þessum stöðum 3 mánuði; jeg skil satt að segja ekki, hvernig á þessari takmörkun stendur. Jeg veit ekki til þess, að 3 mánuðir sjeu nokkursstaðar oflangur veiðitími, en sumstaðar veit jeg, að hann er jafnvel of stuttur. Það er mikill munur á, hvenær laxinn gengur upp í árnar; í sumar ár byrjar laxinn að ganga í júní, sumar í maí, og í einstaka stórár jafnvel seinast í apríl, þegar vel vorar, en í allar árnar gengur hann fram í miðjan ágúst eða lengur, jafnt þær, sem hann kemur snemma í sem hinar. Jeg sje enga ástæðu til að takmarka veiðina við $2^1/_2$ mánuð í þeim ám, þar sem laxinn byrjar að ganga fyrst í maí og heldur áfram fram í miðjan ágúst, því að þá verður veiðitíminn allt of stuttur. Jeg sje ekki, hvað getur verið því til fyrirstöðu, að menn fái að veiða laxinn strax, þegar hann kemur, því þá er hann bæði feitastur og stærstur. Þessi breyting hlýtur því að verða töluvert til skaða fyrir þá, er laxveiði eiga, en ekki til bóta. Í þessa 1. gr. vantar öll ákvæði, er í núgildandi lögum standa um, hvenær lax skuli friðaður; í núgildandi lögum er laxinn friðaður 36 stundir á viku, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo að laxinn hafi frjálsa göngu. Að þessi ákvæði sjeu tekin burtu, sje jeg heldur ekki neina ástæðu til, en jeg veit það, að það er alveg nauðsynlegt að friða laxinn einhvern tíma vikunnar, svo að hann þá fái að ganga óhindraður upp í árnar, og þeir, er ofar búa, fái einnig hlutdeild í veiðinni. Í stórár hef jeg raunar heyrt, að laxinn geti nokkuð gengið upp, þótt net sjeu ávallt höfð í ánni, en í smáum ám veit jeg, að hægt er að girða svo fyrir, að enginn lax gangi upp fyrir, og þeir, sem neðar búa geta þá tekið allan laxinn, án þess að þeir, er ofar búa við ána fái nokkurn hlut. Í lögum Skota og Norðmanna veit jeg líka, að laxinn er friðaður, en það mun ekki vera meira en 24 stundir á viku, eptir því sem mjer er kunnugt. Jeg verð þó að álíta æskilegra, að laxinn sje friðaður í 36 stundir heldur en í 24, af þeirri ástæðu, að eptir því, sem sá tími er lengri, sem hann er friðaður í, eptir því eru meiri líkur til, að meira gangi upp af honum.

Þá kemur 2. gr. frv.; þar stendur í síðari málsgr., að garða, net eða veiðivjelar aðrar megi leggja út frá báðum löndum í stórám, þar sem $^2/_3$ árinnar eru á milli netanna eða veiðivjelanna, svo að þær sjeu hvor á móti annari. Þetta getur verið nokkuð athugavert, því það er ætlun manna, að laxinn gangi mest með löndunum, af því að straumurinn er harðari í ánni miðri en fram með bökkunum. Mjer finnst óþarfi að gjöra hjer undanþágu við stórár, svo að menn geti lagt net við net hvert á móti öðru, því eptir því sem netin eru fleiri í ánum gengur minna af laxinum upp eptir þeim, en það er nauðsynlegt, að laxinn fái að ganga upp stórárnar og upp í smáárnar, sem í þær renna, því eins og menn vita hrygnir laxinn aldrei í

jökulvatni, heldur í smáánum, sem í þær renna, og ekkert jökulvatn er í.

Í núgildandi lögum er það ákvæði, að ef einn maður á veiði í á, þá má hann þvergirða hana, en þetta hefur verið tekið burt og stendur ekki í frumvarpi þessu, og hef jeg því ráðið til að taka það upp aptur, þó jeg reyndar ekki haldi fast við þetta. Mjer finnst það samt vera í samræmi við lögin, að ef einn maður á veiði í á, þá fái hann að veiða allan lax, sem ekki er friðaður, þar sem þeim er leyft, sem eiga veiði saman, að veiða allan lax, ef þeir ekki brjóta hin almennu friðunarskilyrði. Þvergirðingin er líka miklu kostnaðarminni og þægilegri veiðiaðferð en neta veiðin. Svo kemur 3. gr.; þar stendur að ekki megi leggja laxanet eða laxveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötnum eða sjó, þar sem lax gengur, svo *för hans sje hindruð*. Hvað er hjer meint með þessu: „svo för hans sje hindruð“. Um þetta getur að minni ætlun orðið mikið vafamál. Einn kallar það ólöglega hindrun, sem öðrum finnst lögleg og leyfileg veiðiaðferð. Sá, sem leggur netið, segir, að það tálmi ekki för laxins, en þeir sem ána eiga segja þvert á móti. Út af þessu geta risið flókin málaferli og finnst mjer því nauðsyn bera til að fastákveða þetta.

Ennfremur stendur í þessari gr. „ádráttarveiði má viðhafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt í sólarhring“. Það er óheppilegt að láta hjer sama gilda um ár og vötn. Laxinn, eins og menn vita, fælist við ádráttinn í ánum, og hleypur undir bakkana og liggur þar kyr máske sólarhringinn, og hindrast við það frá að ganga upp eptir ánni, en þó hann styggist í vötnunum, þá leitar hann að eins út á djúpið. Hjer á því ekki við að hafa sömu ákvæðin. Það má draga á 4 stundir samfleytt hjá hverjum eiganda, en þá getur svo farið, að verið sje að draga á í ánni allan sólarhringinn. Þeir, sem neðst eru byrja máske kl. 6 að morgninum, og eru 4 tíma að, svo tekur sá næsti við, og er aðra 4 tíma, og svo koll af kolli. Þannig geta þessi ákvæði orðið til þess að verið sje að gutla í ánni allan sólarhringinn, og þeir sem þekkja til, vita hvern skaða af því getur leitt fyrir laxgönguna. Í sömu grein stendur, að heimilt sje að veiða lax á stöng með hvaða agni sem vera skal. Þetta er að vísu leyft í núgildandi lögum, en Englendingar hafa sagt mjer, að þar í landi sje bönnuð beita ein, sem þeir kalla „minnow“ og mun það vera einskonar fiskilíki og sögðu þeir, að það ákvæði hafi verið sett af því, að svo mikið hafi verið veitt af laxinum með því agni, að til þurðar þótti horfa. Jeg hef ávallt álitið, að mikið gagn stæði af Englendingum þeim, er hingað koma til veiða, en þó svo, að þeim ekki sje leyft að brúka þá beitu, er eyði laxinum um of. Hingað til munu þeir ekki hafa brúkað þessa beitu hjer á landi, og mun það að þakka einhverjum „reminescens“ frá lögum Englendinga, en ef það væri leyft hjer mundu þeir einnig brátt spyrja það uppi og nota þessa beitu hjer.

Eins og 4. gr. er orðuð, finnst mjer hún í alla staði óaðgengileg. Jeg held það þurfi ekki 10 mánaða skothríð til þess að fæla selinn burt. Þó það væri ekki nema einn mánuð, mundi það fullkomlega nægja og vera jafnvel of mikið. Jeg þekki ekki að vísu mikið til selalátra, þó veit jeg, hvernig hagar til með þetta á einum stað í Hvalfirði. Þar var einu sinni að eins skotið 1 dag, og sagði bóndinn mjer, að hann hefði fundið stóran mun á, hvað minna hefði veiðzt vorið eptir, og ljet hann mennina, sem skutu borga sjer töluvert fje fyrir þann skaða, sem hann hlaut af því. Jeg álít það rangt að stór hlunnindi sjeu tekin af mönnum án endurgjalds. Jeg segi fyrir mig, að jeg mundi ekki vera ánægður með það. Eins og menn vita, er selur ófriðhelgur í ám

og árósum eptir núgildandi lögum, þar sem ekki eru selalátur, og má skjóta hann þar, en þó munu fáir hreyfa við honum á þessum stöðum. Þetta á sjer t. d. stað í Hvítá, í henni er ekki eitt einasta selalátur og er því óhætt að skjóta þar selinn, hvar sem er, en fáir munu þar gjöra mikið að því; það eina verulega, sem gjört hefur verið í þá átt í Hvítá að eyða selnum, er að nokkrir bændur tóku sig saman og veiddu hann í nætur, en þetta hjelzt ekki nema að eins stuttan tíma, en þó segja allir, að við þetta hafi selurinn minnkað mikið í bráð í ánni. Menn ættu fyrst að eyða selnum, þar sem það er leyfilegt, áður en þeir færu að fá leyfi til þess að gjöra það annarstaðar. En það er ýmislegt annað, er amar við laxinum; það eru ýmsar tegundir fiskianda, sem eru að kalla má laxins verstu óvinir. Svenski fiskifræðingurinn, sem hjá mér dvaldi, sagði mjer, að sumar af þessum fiskiöndum ætu jafnvel svo hundruðum skipti af uppfæðingarlaxi og hrognum á dag, en enginn hefur orðið til þess að drepa þennan varg, og óvin laxins. Það er sjálfsagt að selurinn er mikil fiskæta, en hann er þó að minni ætlun engan veginn eins skaðlegur fyrir laxveiðina, eins og fiskiendurnar, og með því að eyða honum, þar sem selalátur er, eru mikil hlunnindi í veði, sem engan veginn má spilla endurgjaldslaust. 5. gr. finust mjer nokkuð skrítin grein. Í fyrstu línunni stendur, að engin veiðarfæri eða veiðivjelar megi viðhafa, er taki smálax, en í annari línunni stendur, að möskvarnir á laxanetum skuli ekki minni vera en 9 þumlungar ummáls. Samkvæmt fyrstu línunni má þá hreint ekki veiða smálax, en í annari er það aptur leyft, því 9 þumlunga möskvi tekur lax, sem ekki er meira en 3—4 pund að þyngd, en smálax munu menn almennt kalla allan þann lax, sem er 7 pund og þaðan af minni. Ýmislegt fleira kann að vera athugavert við frumv. þetta, en jeg hafði ekki tíma til að athuga það nákvæmlega, því það kom um sama leyti og fjárlögin voru hjer fyrir til umræðu. Jeg hef leyft mjer að koma með þessar breyt.till., sem hjer liggja fyrir, ekki af því, að jeg álíti að það hafi mikið að þýða fyrir frumv., því útsjeð er um forlög þess á þessu þingi, heldur til þess, að almenningur geti sjeð, hver meining min er um þetta mál og geti tekið til greina þær breytingar mínar, sem að gagni geta komið. Þær gætu verið til leiðbeiningar, ef frumv. gengi aptur á næsta þingi, sem jeg býst við, að muni verða.

Aptan við 1. greinina vil jeg bæta: „Á þessum tíma skal þó lax friðaður 36 stundir á viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo að laxinn hafi frjálsa göngu“. og er þetta í samræmi við það, sem jeg sagði áðan.

Við 2. gr. vil jeg bæta: „Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðingu“, en auðvitað verða þeir að hlýða þeim reglum, er settar eru fyrir almennri friðhelgi laxins, og hafa jafnlangt milli spelanna og í lögunum stendur. Við 3. grein vil jeg láta orða fyrsta málslið þann: „Ekki má leggja laxnet eða laxveiðivjel út fyrir ármynnum í sjó nær ósnum en sjór fellur lengst út um stórstraumsfjöru. Sýslunefnd ákveður, hve nærri ósum stöðuvatna má leggja veiðivjelar . . . .“. Jeg skal ekki segja um, hvort þessi ákvæði eru heppileg eða ekki, en jeg hef að eins sett þau til þess, að koma í veg fyrir deilur og málaferli, sem risið geta út af ákvæðum þeim í þessari grein, sem frumv. hefur inni að halda. Í sömu málsgrein vil jeg einnig láta setja inn, að ádráttarveiði megi ekki hafa lengur í ám, en 3 daga vikunnar. Jeg vil

gefa laxinum 4 daga leyfi til að ganga upp ána og er engin hætta á því, að hann verði kominn of langt upp, ef ekki eru því meiri vatnavextir, og gjöri jeg það til þess, að þeir sem ofar búa, fái einnig hlutdeild í veiðinni með hinum, sem neðar eru. Mjer er það í minni, að fyrir 20 árum síðan gistu hjá mjer 2 menn, sem báðir höfðu laxveiði í sömu á. Jeg spurði þá, hvernig aflazt hefði, og sagði annar mjer, að hann hefði fengið 4000 pund af laxi, en hinn kvaðst að eins hafa fengið 10 laxa, og bætti því við: „Það er engin von á því að jeg veiði nokkuð, þegar ávallt er verið að skaka með ádrátt fyrir ofan ósinn“. Jeg skal ekki segja um, hvort talan 3 dagar er heppileg, jeg býst við því, að sumir vilji veiða 4—5 daga, og aðrir kannske alla vikuna, en jeg vil með því ákvæði breyt.till., að allir skuli veiða hina sömu vikudaga, koma í veg fyrir, að sumir veiði mánudag, þriðjudag og miðvikudag, og hinir fimmtudag, föstudag og laugardag, svo að laxinn hafi engan dag vikunnar friðan til uppgöngu.

Breyt.till. við 4. gr. er lögð að nokkru leyti eptir frumv. og orðuð þannig: „Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum og eina míla út frá þeim, þar sem lax fer um“, en svo hef jeg bætt við: „en þó má eigi raska þinglesinni friðun eggvera og sellátra nema gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta“, og er það í samræmi við það, sem jeg sagði áðan, að jeg vil ekki taka hlunnindi frá mönnum án bóta. Við 5. gr. vil jeg breyta 9 þumlungum í 10, svo töluvert meira af smálaxi geti komizt í gegn, vaxið og orðið stór. Feddersen sagði mjer, að ungi laxinn væri sama kyn og stórlaxinn, og gat hann þess einnig, að þó hann ekki væri orðinn fullþroskaður, þá væri hann samt gotfær. Á Reynivöllum var klakið út hrognum úr 4—5 pd. löxum, og reyndist vel. Við þessa breyting er tvennt unnið, fyrst og fremst, að smálaxinn lifi og í öðru lagi er með henni sjeð fyrir viðkomunni, sem allir sjá, að er nauðsynleg, ef laxinn eigi á að ganga til þurðar. En til þess að engra rjettur sje fyrir borð borinn, sem jeg sízt vildi, þá hef jeg bætt því við, að amtsráðum skuli heimilt eptir uppástungum sýslunefndar, að veita heimild til að veiða með netum þeim, er möskvar eru 9 þuml. ummála í og með veiðivjelum, er $1^1/_2$ þuml. er á milli spelanna. Jeg veit, að á nokkrum stöðum stendur svo á, að 10 þuml. ummál mundi vera til skaða. Menn mundu máske segja, að með þessu væri raskað grundvallarreglu laganna, en jeg verð að trúa amtsráðum fyrir því að gefa ekki leyfið nema nauðsyn beri til. Að jeg taki til dæmis mundu þessi ákvæði frv. vera til skaða veiði í Elliðaánum. Einn þm. í Nd. hafði það mest á móti frv. þessu, að möskvastærðin væri of mikil, og færði nefndin því hana úr 11 þuml. niður í 10. Sem sagt býst jeg ekki við, að frv. nái fram að ganga og óska þess ekki heldur, jafnvel þótt breyt.till. mínar væru samþykktar. Jeg hef að eins viljað koma fram með þær, til þess að gefa mönnum tækifæri til að hugsa um þetta mál, en þó mun vera margt fleira í frv., er breyta þyrfti en breyt.till. mínar fara fram á.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 6:4 atkv.; 2. gr. felld með 6:3 atkv.; breyt.till. 1. (C. 552) við 3. gr. var tekin aptur og frv. sjálft þar með fallið.

Frv. til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 495); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Frv. til laga um stofnun háskóla (C. 478); 3. umr.

Forseti leitaði atkvæða þingdm. um,

hvort þetta frv. mætti koma til umr., með því að ekki væri liðinn hinn lögskipaði tími, síðan það var fyrir til 2. umr í deildinni. Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var haft nafnakall og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Einar Ásmundsson,	Kristján Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Gutt. Vigfússon,	Þorkell Bjarnason.
Hallgr. Sveinsson,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson.	

Var það þannig fellt frá að koma til umr. með því að $^3/_4$ þingdm. ekki greiddu atkv. með því.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 570, 571, 572, 574); ein umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv., eins og það hjer liggur fyrir. Breyt.till. nefndarinnar hafa verið prentaðar og þeir h. þingdm., sem fallast á þær, munu greiða atkvæði með þeim og hinir ekki, og flestar breytingarnar hafa verið hjer fyrir áður og samþ. hjer.

Fjárlaganefndin hjer hafði ekki búizt við að fá frv. aptur frá h. Nd. með svo miklum breytingum. Frá því fyrsta að hún fjekk frv., sem ekki var fyr en svo að segja um ellefu stundu þingsins, hefur hún gjört allt sitt til, að samkomulag gæti orðið sem bezt um frv. milli deildanna og sá sjer því eigi fært vegna þess, að gjöra margar breytingar á frv., sem hún annars hefði gjört, en vildi ekki gjöra til þess að frv. ekki hrektist á milli deildanna og kæmist í sameinað þing. En vonir nefndarinnar hafa alveg brugðizt í þessu efni, því að flestar þær breytingar, sem samþ. voru hjer í deildinni, hafa ekki fundið náð í augum h. Nd. Jeg segi það ekki af því að jeg lái henni það; jeg veit, að hún hefur aðalatkvæðið í fjármálunum, en það færi alltaf betur á, að góð samvinna væri á milli deildanna. Jeg heyrði því bregða fyrir, er málið var fyrir til umr. í gær í Nd., að reyndar hefði deildin ekki gjört neina stefnubreyting á frv., og jeg vissi það líka, að svo var ei, en það var helzt tekið fram á móti breytingunum, að þær væru í „bitlinga“-stefnuna. Það má vel vera, að sumar breytingarnar, sem gjörðar voru hjer í Ed. megi í vissum skilningi kalla bitlinga, ef menn kalla það allt „bitlinga“, sem ekki eru lögboðin útgjöld á fjárlögunum. En jeg hygg þó ekki, að breytingar þær, sem gjörðar voru í þessari deild, hafi nokkrar verið svo lagaðar, að fleygt væri út fje án þess að hugsa um að fá nokkuð í aðra hönd, já ekki einusinni von um það, og jeg ætla, að við getum haft góða samvizku og hefðum getað vænzt, að ekkert yrði gjört í h. Nd. til afbrigða frá þeirri reglu, sem bæði h. Nh. og Ed. hafa þótzt hingaðtil fylgja. Að minnsta kosti hefur ekki hjeðan komið neitt þakklætisávarp á fjárlögunum, því að það sýnist heldur ekki vera neinn staður fyrir þau á fjárlögunum.

Jeg skal þá víkja að hinum einstöku breytingum. Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með nokkrar breytingar á frv. eins og það nú er, en hefur þó tekið til greina allmargar breytingar h. Nd., því að hún vildi enn leita samkomulags sem fyr; þó skal jeg geta þess fjárlaganefnd h. Nd. til maklegs heiðurs, að það er ekki henni að kenna, að frv. kemur í sameinað þing, heldur h. Nd. yfirhöfuð. Það er ósagt, hvort frv. hefði þurft að fara í sameinað þing, ef nefndin hefði mátt ráða.

Það er þá fyrst, að nefndin leggur til, að aptan af athugasemdinni við 10. gr. A. 1. falli orðin: „þó nú að eins .... sem sjerstaka embætti“. Þótt ýmsir í nefndinni og jeg þar á meðal álíti þessi embætti óþörf, þá fannst henni þó ekki rjett, að taka slíka „administrativa“ athugasemd inn á fjárlögin og binda þannig hendur landsstjórnarinnar. Það var víst líka hugsun

h. Nd. og var tekið fram í nefndarálitinu þar, að ekkert væri á móti, að þessi flutningur mætti eiga sjer stað, og sje jeg því ekki, hvað þessi „appendix“ á að þýða. Það var líka á valdi h. Nd. að semja þingsál.-till. í þessa átt og hefði það átt betur við en taka það upp í fjárlögin. En jeg tek það fram frá mínu sjónarmiði, að jeg eptir sem áður hef sömu skoðun, hvað snertir amtmannaembættin, og jeg hef haft.

Þá er næst, að h. Nd. hefur breytt styrknum til búnaðarskólanna frá því er nefndin hjer lagði til, nfl. hækkað styrkinn til Eiða- og Hólaskóla um 500 kr. En nefndin hefur ekki sannfærzt um síðan á fyrra fundi, að hækkun þessi væri á nokkrum rökum byggð. Jeg tók það fram við 2. umr. hjer í deildinni, að nefndin hefði hækkað styrkinn til Hólaskóla að eins til miðlunar, án þess að henni virtist ástæða til þess frá fjárveitingarvaldsins hálfu og jeg hygg, að jeg hafi sýnt það við umræðurnar þá, að þetta væri á fullum rökum byggt; af sömu ástæðum hefur verið lækkaður styrkurinn til Eiðaskólans.

Þá er næst, að nefndin vill færa styrkinn til Björns augnalæknis Ólafssonar aptur upp í 2000 kr. Það er kunnugt, að hann var lækkaður í h. Nd. niður í 1800 kr. Jeg skal ekki fjölyrða um þennan styrk. Jeg get vísað til þess, sem jeg hef áður sagt um þetta mál, hve áríðandi það er og nauðsynlegt að fá menn, sem eru einstakir í sinni grein og helzt í læknisfræðinni til að setjast að hjer í Reykjavík, svo að sem flestir eigi kost á að nota þeirra hjálp. Hins vegar tók jeg það fram, að ef hann fengi ekki þennan styrk, 2000 kr., þá væri óvíst, hvort hann flytti hingað, þar sem hann mun hafa af því peningalegan skaða. Jeg verð að brúka um þessa breyting Nd. sama nafn og einn h. þm. brúkaði um daginn, og kalla það „nartpólitík“, að vera að narta og merja 100 og 200 kr. af, sem landið munar ekkert um, en getur varðað einstöku menn miklu.

Þá er lagt til, að styrkurinn til tannlæknis Nickolins sje tekinn inn aptur. Þetta er sá eini tannlæknir, sem við höfum og skal jeg að öðru leyti vísa til þess, sem jeg hef áður sagt um þennan styrk.

Þá hefur nefndin lagt til, að ölmusurnar við prestaskólann verði hækkaðar aptur um eina ölmusu seinna árið. Nefndin vildi fyrst fara miðlunarveg í þessu efni við h. Nd. Það hefur nú ekki tekizt og hefur nefndinni ekki þótt of mikið, þó að prestaskólinn fengi þessa ölmusu í viðbót. Þó að hann sje nú fámennur, þá getur hann kannske orðið fjölsóttur að ári og ef það verður ekki, treysti jeg stiptsyfirvöldunum til að borga ekki út styrkinn og þá er enginn skaði, þó að hann sje veittur.

Sama er að segja um ölmusustyrkinn til lærða skólans. Nefndinni þótti ekki ástæða til að taka til greina till. h. Nd. í því efni og hefur hún því lagt til, að styrkurinn verði hækkaður um 500 kr. síðara árið.

Þá hefur nefndin lagt til, að styrkurinn til sjera Ólafs Helgasonar verði tekinn upp aptur og skal jeg í því efni vísa til þess, sem jeg áður hef tekið fram um þennan styrk.

Ennfremur hefur nefndin lagt til, að tölul. 21. verði felldur burt, nefnil. styrkurinn eða þakklætið, eða hvað jeg á að kalla það, til landlæknis Schierbecks. Breyt.till. um hann kom hjer fram í deildinni og var felld með miklum atkvæðamun, svo að nefndinni þótti ekki ástæða til að fallast á þennan lið, sem h. Nd. hefur sett inn á fjárlögin. Skal jeg svo ekki fjölyrða um það, en að eins skírskota til þess, sem jeg hef áður sagt um þetta efni, og það er ekki skemmtilegt að tala um slíkt fund eptir fund. En jeg skal geta þess, að það gæti verið hagnaður að fella þennan lið nú, því að ef hann svo kæmi í sameinað þing, þá væri

hann kannske kominn niður í 2000 kr. Það má geta sjer þess til, þegar maður lítur á hinn fallandi „curs“ þessa liðar. Fyrst var farið fram á 5600 kr.; svo var farið niður í 3 þúsund og nú loks niður í 2500 kr., en á morgun kannske nægi einar 2000 kr. eða jafnvel 1500 kr. Frá þessu sjónarmiði er einnig ástæða til, að liðurinn sje felldur.

Þá er breyt.till. á þingskj. 572 frá h. þm. S.-Þing. (E. Á.) um aukalækni í Suður-Þingeyjarsýslu. Jeg er með þessari till. eins og áður, og úr því að þetta þing hefur verið kallað læknaþing, hvort sem það er því til lasts eða lofs, þá ætla jeg, þó að einum verði bætt við, þá sje lítill skaði skeður, þegar líka góðar og gildar ástæður eru fyrir því, að þar sje aukalæknis fremur þörf en á öðrum stöðum.

Þá er breyt.till. á þingskj. 574, að setja inn aptur styrkinn til D. Thomsens og hef jeg komið með hana ásamt 2 öðrum h. þm. Það er sá styrkur, sem deildin hjer bjóst sízt við, að mundi fá þau afdrif, sem hann hefur fengið í h. Nd.; þar var hann samþ. við 3. umr. með 18 atkv. og svo hjer í deildinni með miklum atkvæðamun og maður skyldi ekki halda, að svo fljótt væri að skipta um veður í lopti, að hann væri felldur aptur í hinni h. Nd. á þriðja degi. Við slíkum fljótum veðraskiptum verður ekki búizt, nema einhver utanað komandi áhrif ráði atkvæðum manna. Annars skal jeg skírskota til þess, sem jeg áður hef tekið fram um þennan styrk og sje jeg ekki neina ástæðu gegn því, að illa sje viðeigandi, að alþingi láti að sínu leyti sinn litla skerf til þess að að reynt verði, hvort ekki verði bætt úr verzlunarástandinu og ólaginu frá því, sem nú er. Það hefur verið tekið fram, að ferðin þyrfti ekki að hafa mikinn árangur til þess, að hún borgaði sig. Jeg hef heyrt eina ástæðu gegn þessari styrkveiting, þá, að það væri skrítið að senda kaupmannsson í þessa för og kaupmenn þekktu svo vel markaðina á íslenzkum vörum, að ekkert nýtt myndi verða uppgötvað í þessari sendiför. Það getur verið, en það er óvíst, hvort þeir láta þær skýrslur í tje, sem þeir hafa, og óvíst hvort þeir kæra sig um, að landsmenn þekki mikið markaðina erlendis. Jeg skal játa með allri virðingu fyrir kaupmönnum að það mælir í mínum augum mjög með þessari styrkveiting, að hver einn einasti kaupmaður hjer, eptir því sem jeg hef heyrt, er mjög mótfallinn því, að þessi maður sje sendur þessa för. Jeg segi það alls ekki kaupmönnum til lasts, það er von, að hver vilji skara eld að sinni köku. En fyrst þessi stjett er á móti þessari för, þá get jeg vel ímyndað mjer, að eitthvað yrði upplýst, sem kaupmenn alls ekki kærðu sig um að láta framleiðendur íslenzku vörunnar, bændurna á Íslandi vita, mikið um, og að þessu leyti er það eðlilegt, þótt þeir sjeu á móti þessari sendiferð.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en óska þess, að breyt.till. fái sama byr og við fyrri umr. hjer í deildinni.

Einar Ásmundsson: Jeg vona að jeg þurfi ekki að mæla mikið með hinni einu breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að koma fram með við frumv. H. þingd. hefur fengið að heyra ástæðurnar fyrir breyt.till. fyrir svo stuttum tíma, að jeg vona, að þær sjeu þeim enn í minni. Jeg leyfði mjer þá að sýna fram á, að norðuramtið er svo afskipt í læknaskipunarlegu tilliti, að þó að það sje næst stærst af ömtunum og hefur sem næst eins mikinn fólksfjölda og hið fólksflesta amt, sem hefur 10—11 lækna, — þá hefur norðuramtið að eins 5. Jeg skal ekki ítreka meira ástæður mínar fyrir þessu máli; jeg man það, að h. þingd. sýndi það þá, að hún vildi meiri jöfnuð í læknaskipuninni milli amtanna, og jeg vona, að hún sýni það einnig nú með atkv.sínu í þessu mikilvæga nauðsynjamáli. Þetta er sjálfsagt hið síðasta sinn, sem jeg sit á þingi, og þetta er hið eina áhugamál mitt og kjós-

enda minna. Jeg vona því, að þessi h. þingd. að minnsta kosti láti mig ekki fara bónleiðan til búðar.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. nefndarinnar (C. 571) samþ. með 6:1 atkv.; 2. br. n. samþ. með 10 atkv.; 3. br. n. samþ. með 10 atkv.; breyt.till. (C. 572) samþ. með 8 atkv.; 4. br. n. (C. 571) samþ. með 10 atkv.; 5. br. n. samþ. með 8 atkv.; 6. br. n. samþ. með 7 atkv.; 7. br. n. samþ. með 9 atkv.; 8. br. n. samþ. með 7 atkv.; 9. br. n. samþ. með 6 atkv.; 10. br. n. samþ. með 7 atkv. Breyt.till. (C. 574) samþ. með 7 atkv. Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Fertugasti og áttundi fundur, föstudaginn 25. ágúst kl. 6 e. h. Allir á fundi nema 1. kgk. þm. (L. E. Sveinbjörnsson).

Forseti hafði eptir áskorun frá allmörgum þingdm. sett þennan fund til þess að taka næsta dag kl. 11. f. h. á dagskrá: Frv. til laga um stofnun háskóla 3. umr.

Fertugasti og níundi fundur, laugardag 26. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um stofnun háskóla (C. 478, 568); 3. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta að þessu sinni. Eins og kunnugt er, er þetta mikið áhugamál þjóðarinnar, og má telja það eins mikið áhuga- og velferðarmál hennar og sjálft stjórnarskrármálið. Töluverðar mótbárur hafa komið hjer í deildinni á móti þessu frumv., en þeim er öllum svarað áður, og sje jeg því eigi ástæðu að því leyti til, að fara fleiri orðum um frumv. frá almennu sjónarmiði. Við flutningsmenn frumv. vildum samt taka til greina athugasemd hæstv. landsh. við síðustu umr. málsins hjer. Jeg játa það fúslega, að frumv., eins og það kom frá Nd. er ekki allskostar formlegt, en á hinn bóginn liggur það í augum uppi, hvaðan taka eigi laun kennenda skólans og annan kostnað hans, þó það eigi sje tekið til í frumv.; jeg held líka, að þó að frumv. færi frá þinginu nú svona lagað, þá væri enginn skaði skeður, því að ef stjórnin er á því, að það sje þarflegt og að við eigum heimting á að fá skólann, þá getur það eitt ekki verið nein synjunarástæða fyrir stjórnina, þótt ekki sje með berum orðum tekið fram, hvaðan kostnaðinn við skólann eigi að taka, því það liggur í augum uppi, að fjeð hlýtur að takast úr landssjóði. Sem sagt, vildum við bæta þennan galla, sem hæstv. landsh. benti á, að væri á frumv., og komum því á fundi í gær fram með breyt.till. í þá átt. En málið komst ekki til umræðu á þeim fundi, eins og mönnum mun kunnugt, en það var ekki oss flutningsmönnum breyt.till. að kenna. Jeg ætla því að leyfa mjer í nafni okkar flutningsmanna, að taka breyt.till. þessar aptur, með því að nú er orðið ómögulegt að afgreiða málið frá þinginu, verði breyt.till. samþykktar.

Jón A. Hjaltalín: Jeg leyfi mjer að taka þessar breytingartillögur upp aptur; mjer er sómi þessarar deildar kærari en svo, að jeg láti þær falla.

Sigurður Stefánsson: Jeg get náttúrlega ekkert haft á móti því, að h. 5. kgk. (J. A. Hj.) taki þessar breytingartill. upp aptur. Tilætlun okkar var samt, að koma þeim að í gær, því þá var nægur tími til að ræða þær, en þetta brást nú, og er það því ekki okkar skuld, þó þær ekki nái nú fram að ganga, Mjer er annt um, að frumv. fái fram að ganga á þessu þingi. Látum þá svo vera, að stjórnin synji því staðfestingar, en það þætti mjer undarlegt, ef hún gjörði það eingöngu af því, að ekki væri ákveðið skýrt, hvaðan launin ættu að takast, og yrði það eitt frumv. að falli hjá stjórninni, bæri það

beztan vott um, að mótmæli þau, er menn hjer hafa haft móti frv. sjeu einber hjegómi, þar sem hún gæti ekkert af þeim notað. Sem sagt jeg vil að þingið afgreiði frv. þetta, svo að við fáum að heyra till. h. stjórnar í þessu máli, hverjar sem þær svo verða, sem allra fyrst. Jeg mun því greiða atkv. móti þessum breyt.till., af því mjer er annt um að málið komist fram.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. við 4. gr. (C. 568) felld með 6 : 5 atkv.; 2. br.till. við sömu gr. felld með 6 : 5 atkv.; 3. br.till. felld með 6 : 3 atkv. Frv. samþ. með 6 : 3 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Þriðji fundur í sameinuðu þingi, laugardag 26. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 578, 576, 577, 579, 580, 581, 582, 584); ein umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal að eins geta þess viðvíkjandi breyt.till. minni á þingskj. 580, að það hefur gleymzt úr „*13. gr.* C."; vona jeg að allir sjái, að þetta er prentvilla.

Einar Jónsson: Það hefur ótvírætt komið fram á þessu þingi, að hinir h. þm. hafa haft einlægan áhuga á því, að sinna af alhuga hinum mestu velferðarmálum landsins; þessvegna hefur verið lögð svo mikil áherzla á, að koma samgöngumálum landsins sem bezt á veg, að jafnvel hefur eigi verið horft í, að verja til þeirra 100,000 kr. meira fje, en á síðasta þingi; þess vegna hefur einnig komið fram talsverð viðleitni í því, að efla landbúnaðinn, sjerstaklega í hinni h. Nd., og verið lagt fram til að efla hann nokkru meira fje, en áður hefur verið gjört. Þó get jeg ekki neitað því, að í þeirri grein hafi verið sýndur minni áhugi, en mjer virðist, að hefði átt að sýna. Í hinni h. Nd. var að vísu sett nefnd til þess að íhuga búnaðarmálefni landsins, og hún athugaði vandlega, hvað gjört yrði af þingsins hálfu honum til eflingar en komst að þeirri niðurstöðu, að hún gæti að sinni ekki ráðið til, að leggja fram fje til eflingar honum á annan hátt en þannig að styrkja meir en áður búnaðarskólana og búnaðarfjelögin; kom hún því fram með till. í þá átt, og var svo til ætlazt, að þær yrðu ræddar áður en fjárlögin kæmu til 2. umr. En það atvikaðist svo, að því varð eigi framgengt. Eigi að síður urðu þessar till. kunnar, áður en fjárlaganefndin hafði komið fram með álit sitt og hún tók þær að nokkru leyti til greina, og lagði til, að hækkaður væri styrkurinn til búnaðarskólanna að nokkrum mun, þó ekki nema til tveggja þeirra, Hólaskólans og Eiðaskólans. Fjártillagið til hinna skólanna lagði hún ekki til, að hækkað yrði, líklega mest af því, að eigi lágu fyrir neinar bænarskrár frá viðkomandi skólum um aukið fjárframlag. En hækkun styrksins til búnaðarfjelaganna, sem búnaðarmálanefndin fór fram á, fann hin h. fjárlaganefnd ekki ástæðu til að sinna. Þó kom til umræðu við 2. umr. fjárlaganna, eigi aðeins tillögur fjárlaganefndarinnar um búnaðarskólana, heldur og allar till. búnaðarmálanefndarinnar. En eins og kunnugt er fjekk þá ekki annað framgang, en till. fjárlaganefndarinnar, og þegar til hinnar h. Ed. kom, þá var lækkað að mun það fjárframlag, sem h. Nd. hafði samþ. Og verð jeg að lýsa því yfir, að eins og sú h. deild hefur nú skilið við skólana, þá þykir mjer og búnaðarmálanefndinni og meiri hluta hinnar h. Nd. eigi vel skilið við þá, og þykir mjer alls eigi hafa verið tekið það tillit til þess, er búnaðarmálanefndin lagði til, sem þó var vert að taka til greina. Jeg get ekki látið vera, að minnast nokkuð frekara í þessu sam-

bandi á till. búnaðarmálanefndarinnar viðvíkjandi búnaðarfjelögunum og geta þess, að hún lagði til að styrkurinn til þeirra væri hækkaður upp í 15,000 kr. hvort árið og að hún gjörði það með tilliti til þess, að hún vildi, að búnaðarfjelögin kæmu á hjá sjer reglulegum fjárskoðunum og heyskoðunum. Það er nú kunnugt, hvernig því máli hefur reitt af. En það var vissulega mjög óheppilegt, að það mál skyldi eigi ná fram að ganga, því að það var þó verjandi $^1/_5$ hærri styrk, til að koma slíkum skoðunum á og gefa skýrzlur um meðferð gripa og heyja, því jeg er sannfærður um, að þær skoðunargjörðir hefðu haft góð áhrif til framfara, hversu vont ástand, sem skýrslur þær hefðu borið vott um og hversu ófullkomnar, sem þær hefðu kunnað að verða fyrst í stað. En því hefur nú öllu verið hrundið í Ed. og að miklu leyti í Nd. líka. En jeg vona, að það hafi verið af þeirri ástæðu, að mönnum hafi ekki þótt málið nægilega undirbúið, en ekki af því, að menn hafi eigi verið sannfærðir um gagnsemi slíkra skoðana og býst því við, að hið h. alþingi óski samt sem áður, að búnaðarfjelögin taki málið til rækilegrar íhugunar og snúi huga sínum einarðlega að því, að koma skoðunargjörðum þessum á sem fyrst. Jeg tek það upp aptur og fullyrði það, að slíkar skoðanir mundu hafa hin beztu áhrif á landbúnaðinn og því sje jeg mjög eptir, að það mál fjekk eigi betra liðsinni hins h. þings.

En þó að jeg nú hefði gjarnan viljað auka styrkinn til búnaðarfjelaganna upp í 15,000 kr., þá vildi jeg eigi koma fram með breyt.till. í þá átt, sakir þess að hin h. Ed. felldi gjörsamlega till. um skoðanirnar, en hækkunin var einmitt miðuð við þær. En búnaðarmálanefndin vildi ekki fara að sinni fram á meira en 12,000 kr. styrk til búnaðarfjelaganna, ef þau væru eingöngu skoðuð sem jarðabótafjelög.

Svo vil jeg snúa mjer aptur að búnaðarskólunum. Jeg hef komið fram með breyt.till. á þingskj. 584 um að færa upp styrkinn til Hólaskóla í 5000 kr. síðara árið og til Eiða- og Hvanneyrarsk. upp í 3000 kr. hvort árið. Þessi till. byggist á því, að það var eindregið álit mitt og búnaðarmálanefndarinnar, að auka ætti sem mest verklega kennslu á skólunum, og verja því eigi að eins vorinu og haustinu til verklegra æfinga, heldur einnig að nokkru leyti hinum eiginlega sumartíma, því að það er kunnugt, að á Norður- og Austurlandi er opt seint hægt að taka til jarðabóta á vorin og vetur leggst þar opt ærið snemma að. Á Suðurlandi má að vísu fá meiri tíma til jarðabótastarfa haust og vor en fyrir norðan og austan, en þó hef jeg eigi viljað gjöra mun á skólunum í því tilliti að þessu sinni. Jeg hef því farið fram á, að styrkurinn væri jafn til Eiða- og Hvanneyrarskólans nefnil. 3000 kr. til hvors árlega og 5000 kr. til Hólaskóla, sjerstaklega með tilliti til hins mikla kostnaðar, sem þar hefur orðið að hafa nýlega við byggingu skólahússins. Sumir kunna að segja, að ekki sje rjett, að hafa tillit til slíks aukakostnaðar, en jeg verð að álíta það rjett og sanngjarnt að auka styrkinn um tíma til skólanna, þegar þeir verða að leggja mikið í kostnað, eða verða fyrir sjerstökum óhöppum; en það á að eins að vera um tíma. Það er ekki tilætlun mín, að Hólaskóli skuli framvegis fá 5000 kr. Eðlilegast væri, að hver fjórðungur fengi jafnháan búnaðarskólastyrk, nema því að eins, að einhverjar sjerstakar ástæður væru til þess, að gjöra hann mismunandi, Jeg hef ekki lagt til, að styrkurinn til Ólafsdalsskólans verði hækkaður, því að þar eru húsabyggingar sagðar komnar í gott lag og hann yfir höfuð kominn í svo gott horf, enda engin bæn komið þaðan um aukinn styrk. En á Eiðum og Hvanneyri eru byggingar í ólagi, enda eru þeir enn ungir og hafa átt erfitt uppdráttar. Jeg veit vel, að sumir

segja, að ekki megi taka tillit til byggínganna við styrkveitinguna, af því að húsin verði eign amtanna á eptir, en ekki landssjóðs, og ömtin eigi því að kosta byggingarnar. En slík útgjöld verða býsna tilfinnanleg, og jeg álít rjett, að hlaupa undir bagga með skólunum, hvenær sem þeir bíða einhvern hnekki, eða eitthvað kemur fyrir, sem tefur framsókn þeirra. Það er af þessum ástæðum, að jeg vil leggja meira til þessara tveggja skóla, sem standa miklu ver að vígi en skólinn í Ólafsdal. Þess má og gæta, að þann skóla á einstakur maður, og það sem á honum er gjört, verður hans sjerstaka eign, en hina eiga heilir landsfjórðungar, og það er í rauninni sama sem landið eigi þá.

Jeg get ekki látið vera, að minnast á það, hversu mjer hefur þótt það óskiljanlegt, að hinar háttv. deildir þingsins skuli hafa getað verið að hrekja það mál fram og aptur á milli sín, hvort veita eigi 500 kr. meira eða minna til tveggja búnaðarskóla, — einum 500 kr. meira eða minna til heilla skóla! Það hefði verið sök sjer, hefði ágreiningurinn verið um svo mikið fje, sem aðalbreytingartillaga mín fer fram á, að bætt verði við skólana. En er það þá svo afarmikið fje, sem jeg óska að fá? Það er til tveggja skólanna að eins 3000 kr. á ári. Það samsvarar að eins einum sýslumannslaunum og þó ekki þeim beztu. Samt sem áður hika menn við, að veita heilum landsfjórðungum þessa upphæð. Af hverju getur það komið? Er það af því að landbúnaðurinn á í hlut? *(Tveir þingmenn:* Heyr!) Nei, jeg veit að þingið vill sýna honum meiri sóma en svo, og vona því, að hið háttv. sameinaða alþing láti sjer nú ekki vefjast tungu um tönn, og bæti upp það, sem deildunum hefur í þessu efni á orðið, með því að gefa nú óhikað atkv. með br.till. minni. Landbúnaðinum mundi samt vissulega eigi gjört hærra undir höfði en öðrum atvinnuvegum, og því síður hærra en samgöngunum. Það er eitt hið helgasta hlutverk þingsins að berjast fyrir umbótum á landbúnaðinum og þar á ekki til að spara. En það er minna gjört að því en skyldi. Getur verið, að enn hafi ekki fundizt fullnægjandi ráð til þess. Jeg skal vissulega játa að það sje ekki. En því er að sinna, sem menn hafa fundið, að ráðlegt væri, og hvað er það? Það er að styrkja búnaðarskólana og búnaðarfjelögin, veita dálítinn styrk til að gefa út búnaðarrit og annan lítilfjörlegan styrk til að semja kennslubækur. Fjeð, sem til þessa er ætlað, öll upphæðin, sem ætluð er til eflingar landbúnaðinum, er hvort árið að eins kring um 25,000 kr,, en til samgöngumála er nú varið 342,000 kr., eins og jeg álít rjett sje, því að það eflir í rauninni hag landsins alls, beinlínis eða óbeinlínis. Til þilskipakaupa er veitt 40,000 kr. lán með góðum kjörum og sjávarútvegurinn þannig styrktur að mun. Hví á þá að skera styrkinn til landbúnaðarins við reglur sjer?

Menn kunna að hafa það á móti styrknum til búnaðarskólanna, að eigi sje víst, að hverju gagni þeir komi; en sama má segja um fleiri fjárveitingar þingsins. Þingið styrkir opt einstaka menn til ýmsra hluta, og getur þó venjulega eigi vitað, hver árangurinn muni verða; þeir geta gjarnan dáið, áður en þeir hafa getað sýnt árangur af því, sem þeir voru styrktir til.

Það er nú t. d. veittur styrkur til menntunar dýralæknum, 1200 kr. hvort árið, en hver getur sagt, hvort það kemur að nokkru liði; þeir námsmenn geta dáið, áður en þeir hafa lokið námi, eða nám þeirra á einhvern hátt að engu orðið, og hvað er þá orðið af þeim krónum? En í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að eins og ástæða þykir að styrkja

menn til þessa náms — sem jeg líka álít rjett — eins ætti það að geta verið ein ástæða til að styrkja búnaðarskólana, að þar er einmitt kennt um sjúkdóma húsdýra og lækning þeirra, eptir því sem þar getur verið kostur á, og gæti verið því meira, sem þeir yrðu fullkomnari.

Ef nú háttv. alþingi þóknast samt sem áður ekki að fara svo langt, sem jeg hef lagt til í aðaltillögu minni, þá vona jeg þó, að það verði ekki gjört að kappsmáli að fella varatill. mína, þar sem að eins er farið fram á, að bæta 500 kr. við Hólaskólann og 500 kr. við Eiðaskólann, að eins annað árið við hvorn. Hvað Eiðaskólann snertir miða jeg þá tillögu einungis við það, að fyrir liggur að gjöra talsvert mikið við skólahúsið, sem engan veginn má fresta.

Það er stundum talað um, að viðkomandi sýslufjelög leggi svo lítið fje úr sínum sjóði til skólanna, en þá vil jeg geta þess um Eiðaskólann, að Múlasýslur hafa lagt fram mikið fje til hans og munu enn gjöra það. Síðasta ár vantaði hann talsvert fje, en það var bætt með að jafna því fje niður á sýslurnar, þangað til sæist, hvort alþing vildi styrkja að eins einn eða tvo búnaðarskóla, eða alla fjóra, því að ef Eiðaskólinn yrði eigi styrktur úr landssjóði, þótti sjálfsagt, að hann mundi verða að leggjast niður. Þegar það nú er orðið ofan á, sem jeg álít rjett, að styrkja þá alla, þá hef jeg leyft mjer að koma fram með þessa br.till. En þrátt fyrir það, þótt hún gengi fram, mundu sýslurnar þó þurfa að leggja fje fram, eins og að undanförnu. Árið 1888 lögðu þær fram 500 kr., 1889 200 kr. og 1890 500 kr. hvor, ef mig minnir rjett, og opt áður hafa þær lagt fram fje aukreitis til hans, auk þess, sem þær stöðugt borga vexti og afborgun af láni því, sem tekið var í fyrstu til að kaupa skólaeignina. En þær munu enn eigi horfa í, að leggja fram fje skólanum til eflingar, eptir því sem þarf, og er þá rjett, að háttv. alþingi veiti þeim sanngjarnt liðsinni til að bera kostnaðinn og það því fremur, sem Austfirðingar munu greiða tiltölulega fullt eins mikið fje í landssjóð, eins og aðrir fjórðungar landsins.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal ekki tefja tímann lengi, en jeg get þó ekki látið það vera, að minnast á br.till. á þingskj. 582. Jeg skil ekki í, að það sje að neinu gagni að skjóta athugasemd þeirri, er þar stendur, inn í fjárlögin, vegna þess að frv. það um sameining amtmannaembættanna, sem hjer var fyrir þingi, nær ekki fram að ganga að þessu sinni; því mun athugasemdin vart geta komið að liði.

Þá vil jeg spyrja háttv. þing að því, hvernig jeg á að að fara, ef mjer verður ómögulegt að fá mann að Möðruvöllum, er vilji takast á hendur að sjá piltum fyrir fæði, en það sýnist mjer liggja beint við, ef háttv. þing vill ekki fallast á að kaupa hús það, er til boða stendur þar. Um þetta vildi jeg gjarnan fá leiðbeiningu.

Björn Bjarnarson: Jeg vona að jeg þurfi ekki að tala margt fyrir br.till. mínum, því þó að nafn mitt eitt standi við þær, þá vona jeg, að þorri h. þm. sje mjer samdóma um, að það sje rjett, sem þær fara fram á, og að það eins og liggi í loptinu, að þær eigi að fá framgang; að því leyti álít jeg, að þær mæli með sjer sjálfar, enda skal jeg ekki vera margorður um þær.

H. 1. þm. N.-M. (E. J.) hefur talað svo greinilega fyrir búnaðarskólunum, að við það er ekki þörf að bæta; þó hefði mátt minnast á ýms atriði í sambandi við þetta mál, til að sýna fram á samkvæmnina, eða öllu heldur samkvæmnisleysi þingsins, ef svo ólíklega skyldi fara, að tillögurnar um hækkaðan styrk til búnaðarskólanna skyldu falla; víst er um það, að ýmsar tillögur, sem jeg sje ekki að til meiri þrifa sjeu, hafa mætt minni mótspyrnu en búnaðarskólastyrkurinn. Jeg játa það, að menntun er þarfleg, enda hefur ekki

mikið verið andæft móti því, að veita 4600 kr. til eins lítils gagnfræðaskóla. Jeg segi þetta ekki til að mæla á móti því, heldur til þess að benda á, hver athygli búnaðarskólunum er veitt í samanburði við aðra skóla.

H. Ed. virðist sjerstaklega hafa tekið að sjer búnaðarskólana á þann hátt að skammta þeim styrkinn úr hnefa; en sú sama h. deild hefur ekki numið ýms önnur tillög mjög við neglur sjer. H. flutningsm. (Kl. J.) fór aldrei fram á það upphaflega, að styrkurinn til dansk-íslenzkrar orðabókar væri meiri en 300 kr. hvort árið, en nú hafa verið veittar 800 kr., *(Sigurður Stefánsson:* Upphaflega var beðið um 1200 kr.). Br.till. frá 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fór aldrei fram á nema 600 kr., og var það meira að segja *fellt* í Nd. Sömuleiðis hefur álíka prálæti verið beitt móti því, að lækka ölmusustyrkinn við latínuskólann og prestaskólann; menn hafa verið tregari til að rífka styrkinn til búnaðarskólanna.

Ein af br.till. mínum fer fram á, að felldur sje niður styrkurinn til heyrnar- og málleysingjakennarans. Jeg þykist hafa fengið svo góðar upplýsingar í því máli, að auðsætt sje, að engin þörf sje á að veita styrk þennan úr landssjóði; það eitt ætti jafnvel að nægja til þess að vera móti þessari styrkveiting, að þetta er ein af þessum „fínu“ tilraunum til að smeygja fyrst inn litlafingrinum og koma síðan með allan líkamann á eptir; hjer er tilraun gjörð, fyrsta spor stigið til þess, að ná árlegum fjestyrk úr landssjóði, og jeg efast ekki um, að sú tilraun muni heppnast, ef vjer veitum fje þetta nú. En hjer er máli svo varið, að engin ástæða virðist til að veita fjeð úr landssjóði; það kemur landssjóði ekkert við; kennsla þessi mun vera borguð all-ríflega, eptir ástæðum úr annari átt. Jeg álít landssjóði óskylt að veita manni þessum fje til að kenna konunni sinni að tala við þessa vikaunglinga sína og vinnuhjú; jeg ímynda mjer, að það sje ekki mikill kostnaðarauki fyrir hann, þótt hann langi til að gjöra þetta og gjöri það í eiginhagsmunaskyni, hvort sem er.

Um kaupin á Möðruvallaskólahúsinu þarf jeg ekki að tala; það hefur svo greinilega verið sýnt fram á það, hve óhyggileg þau eru, og þótt þeirri grýlu sje hleypt hjer inn í þingsalinn, að enginn muni fást til að búa á jörðinni og selja námssveinum fæði, sje húsið ekki keypt, þá get jeg ekki skilið, að nokkur fælist slíka grýlu um hábjartan daginn. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að br. till. mínar fara allar fram á að lækka gjöldin, og því get jeg ekki sagt, eins og h. þm. Rvíkinga (H. Kr. Fr.) að jeg sje með öllu, er að útgjaldahækkun lýtur. Jeg er því fremur með gjaldalækkun, sem auðsætt er, að vjer verðum að taka ósleitulega til viðlagasjóðsins á næsta fjárhagstímabili. Í fjárlagfrv. þessu er gjört ráð fyrir 32,300 kr. tekjuhalla; 75,000 eiga að ganga til Þjórsárbrúarinnar; 2,600 kr. tap biður landssjóður bæði árin, ef lög um afnám gjalds af fasteignasölum verða staðfest, sem ekki þarf að efa; þá eru 3600 kr. til Páls Melsteðs; 400 missir landssjóður við lögin um breytingu á skipun prestakalla og 600 eiga að ganga til bæjarfógetans á Seyðisfirði; þetta verða samtals 114,500 kr. Þessi hagur landssjóðs hefur því fremur hvatt mig til að koma með br.till. mínar, og þannig reyna að draga úr tekjuhallanum. Þegar fjárlögin voru hjer fyrir til 2. umr., þótti einstöku h. þm. það nokkuð hart til orða tekið hjá mjer, að svo virtist sem einstakir menn, bæði utanþings og innan, reyndu að teygja fingur í landssjóðinn og ná úr honum fje fyrir sig og vildarmenn sína, og jeg man ekki betur, en h. þm. Snæf. (J. Þork.) væri einn af þeim, er tók þetta mjög sárt; þótti það hörð orð og ástæðulítil. Jeg býst því við, að þeir sem komið hafa með br. till. á þingskj. 581, hafi gjört það að hon-

um fornspurðum og gjört honum með því ekki lítinn óleik, því eptir þeim orðum hans að dæma mun hann ekki vera einn af þeim, sem langar til að seilast í landssjóðinn.

Mig furðar og á br.till. á þingskj. 580. Þar á sá maður hlut að máli, sem jeg ætla að eigi geti fengið af sjer að knjekrjúpa þinginu hvað eptir annað og biðja það um lítilfjörlegan styrk, að eins lítinn hluta af því, sem hann heimtaði upphaflega sem skylduskatt og sem uppbót á launum sínum. Þessi fjárbón hefur annars tekið ýmsum hamskiptum, stundum hefur átt að veita fjeð sem heiðurslaun, stundum sem þakklætisvott, og nú á að veita það í viðurkenningarskyni. Þá hefur upphæð styrksins ekki heldur staðið í föstum skorðum. Af 5600 kr. var fyrst auðmjúklega farið fram á að fá 3000 kr., og er það tókst ekki, þá 2500. Jeg veit ekki betur, en að styrkþiggjandinn sje við góðar ástæður og að hann standi til að eignast meira en almenningur hjer á landi getur gjört sjer hugmynd um, og þó ímyndar h. flutningsm. (H. Kr. Fr.) sjer, að þessi maður muni vilja þiggja þessar fáu kr.: fje, sem hann hlýtur að muna lítlu og auk þess væri með tangarörmum togað, ef svo ólíklega skyldi fara, að það næðist.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið, en þykist þess viss, að br.till. mínar sjeu svo sjálfsagðar, að þeim verði tekið hið bezta.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Mjer heyrðist h. 5. kgk. (J. A. Hj.) segja, að viðaukatillaga við athugasemdina um amtmannaembættin mundi vart geta komið að neinu liði.

Það sem mjer hefur gengið til að koma fram með þessa breyt.till., er það, að á þessu þingi hefur verið farið fram á, að afnema annað amtmannsembættið, þótt frumv. um það efni yrði ekki útrætt að þessu sinni. Við sem gjörðum þessa breyt.till. vildum gjöra tilraun til, að fá stjórnina til að fresta veitingu annars amtmannsembættisins, svo að frumv. þetta yrði tekið upp aptur á næsta þingi. Við höfum að vísu heyrt einhvern ávæning um það, að yrði þessi viðaukatill. samþykkt, þá gæti það orðið til þess, að fjárlögin næðu eigi konunglegri staðfestingu. En þar sem hæstv. landsh. hefur eigi hreyft hjer á þingi neinum mótmælum gegn tillögunni, þótt hún væri áður frekara orðuð en nú, þá get jeg eigi ætlað, að hún muni vera svo hættuleg, sem sumir h. þingm. segja.

Jeg vona því að þeir, sem vilja leggja niður annað amtmannsembættið, greiði atkvæði með tillögunni.

Að því er snertir þá tillögu, að landssjóður kaupi hús Stefáns kennara á Möðruvöllum, þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg er þar ekki á sama máli og ýmsir aðrir h. þingm. Jeg vil ekki, að skólinn sje fluttur frá Möðruvöllum, mjer þykir hann þar bezt kominn og því greiði jeg hiklaust atkvæði með tillögunni.

Breyt.till. á þingskj. 582 hef jeg gjört með öðrum manni, til að gjöra miðlunarveg milli Nd. og Ed., um laun til augnalæknisins. Í samtölunni er meinleg prentvilla og vona jeg h. þingm. hafi tekið eptir því.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. A.-Sk. (J. J.) skýrskotaði til mín í ræðu sinni, að jeg hefði ekki haft neitt á móti viðaukanum við athugasemdina, við 10. gr. A. 1., þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg hef því að eins ekki minnzt á hana, að jeg hef ekki getað hugsað mjer, að hún yrði samþykkt.

Tillagan setur það skilyrði, að amtmannsembættið fyrir norðan og austan verði ekki veitt fyrir næsta þing.

Jeg get ekki annað sjeð, en að stjórninni sje skylt að sjá um, að amtmannsembættinu fyrir norðan sje þjónað frá því að það losnaði til 1. júlí 1895, annaðhvort af einhverjum embættismanni, sem væri settur til að þjóna því ásamt sínu eigin embætti, eða þá af öðrum manni, er fengi

loforð fyrir veitingu fyrir því frá 1. júlí 1895.

Jeg get nú ekki skilið, hvað unnið sje við það, að embættinu sje þannig þjónað af settum manni $1^1/_2$ ár. Jeg get ekki sjeð, að það sje nokkru heppilegra, en þótt embættið væri veitt.

Annars á það ekki við, að slíkar athugasemdir sem þetta, standi í fjárlögunum, eða ákvörðun um að breyta þeirri embættaskipun, sem nú er. Eptir núgildandi lögum eiga að vera tvö amtmannsembætti og það er skylda stjórnarinnar að sjá um, að þeim sje þjónað, annaðhvort með því að veita þau, þegar þau losna, eða þá með því, að setja mann til að þjóna þeim um stundarsakir, meðan þau eru laus eins og nú á sjer stað um suðuramtið. Engin ákvörðun um, að leggja niður embætti eða að embætti skuli standa óveitt um tiltekinn eða ótiltekinn tíma verður gjörð nema með sjerstökum lögum.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hinar aðrar breyt.till., sem liggja fyrir hinu h. þingi, þó skal jeg taka það fram um breyt.till. á sama þingskj. (582) um, að setja niður laun þau, sem augnalækni Birni Ólafssyni eru ætluð, um 200 kr. á ári, að mjer þykir það heldur smásmuglegt af h. þingmönnum, að bera upp slíka tillögu. Auk þess hafa margar raddir heyrzt í þá átt í Nd., að hin mesta nauðsyn væri á, að þessum manni væri gjört mögulegt, að setjast að í Reykjavík, því að þar myndi hann koma miklu fleiri mönnum að notum. Í Ed. hefur það verið eindregið álit þingm., að ekki ætti að klípa af þessum styrk og þar ljetu sumir enda í ljósi, að þeir hefðu jafnvel viljað veita honum miklu hærri laun jafnvel 3000 kr.

Af hinum öðrum breyt.till, snerta fáar landsmálefni nema tillögurnar um styrkinn til búnaðarskólanna, ölmusur til skólanna og læknaskipunina. Ef jeg ætti að greiða atkvæði um styrkveitingarnar til búnaðarskólanna þá myndi jeg helzt greiða atkvæði með varatillögunni á þingskj. 584.

Um tillögurnar: ölmusurnar til prestaskólans og latínuskólans læt jeg mig litlu skipta, hvort þær komast að eða ekki. Það gjörir ekki mikinn mun, hvort þær eru 500 krónum hærri eða lægri við latínuskólann árið 1895.

Viðvíkjandi læknishjeruðum, þá vildi jeg helzt, að stofnuð yrði sem flest aukalæknisdæmi hjer á landi. Læknishjeruðin eru hvergi nærri í því horfi — jeg vil ekki segja, sem þau ættu að vera, því að til þess kemur ef til vill aldrei, — heldur í því horfi, sem þau gætu verið. Það blandast víst engum manni hugur um það.

En samt sem áður álít jeg varhugavert að fjölga mjög aukalæknum allt í einu á þessu í hönd farandi fjárhagstímabili, því eins og margir h. þingdm. hafa bent á, þá myndu eigi fást læknar til þeirra allra, en þá myndi reka að því, að þau hjeruðin gengju fyrst út, sem hægust væri og von væri um töluverðan „praxis“; en þar með er ekki sagt, að læknar fáist þar, sem þörfin er mest, því að hún er einmitt mest í þeim hjeruðum, sem erfiðust eru, en þau myndu sitja á hakanum.

Hinar aðrar tillögur álít jeg ekki snerta landsmálefni og vil fyrir mitt leyti ekki fara út í þær. H. þingm. munu vera búnir að ráða með sjer, hvernig þeir greiða atkvæði um þær, svo það hefur lítil áhrif, hvort jeg mæli með þeim eða móti.

Jón Jónsson, (þm. A.-Sk.): Útaf orðum hins hæstv. landsh. ætla jeg að eins að geta þess, að jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að stjórnin ljeti svo mikið eptir vilja þingsins, að amtmannsembættið nyrðra væri óveitt, þangað til þingið hefði fengið tækifæri til að semja lög um afnám annars amtmannsembættisins, og jeg sje ekki, að nauðsynlegt sje að setja neinn í embættið með loforði fyrir veitingu þess. Aðalatriðið fyrir mjer með viðaukatillögunni við at-

hugasemdina er, að stjórnin fái að vita vilja þingsins í þessu.

H. Kr. Friðriksson: Jeg býst við, að það verði, eins og hæstv. landsh. sagði, að h. þing muni vera búið að ráða við sig um, hvernig það ætli að greiða atkvæði um breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir, svo að ekki þýði að fara mörgum orðum um þær. Jeg ætla þó að minnast á breyt.till. þær, sem jeg hef skrifað undir, sem hjer liggja fyrir, og sný mjer þá fyrst að breyt.till. þeirri, sem er á þingskj. 581 um styrkinn til fornbrjefasafnsins þannig, að í stað 600 kr. á ári sje varið til þess 800 kr.

Eins og kunnugt er voru veittar 600 kr. á ári á síðasta þingi til textaútgáfunnar, en nú hefur því verið bætt við, að registur skuli fylgja safninu, eins og var við 1. og 2. bindi þess, enda hljóta allir að játa, að það kemur annars ekki að fullum notum. En þegar um registrið er að ræða, þá er það að athuga, að það er prentað með „petit"-letri, í stað þess að meginmálið er prentað með „corpus", svo að helmingi meira mál eða meira fer á örkina af registrinu heldur en ef meginmál væri. Er því eðlilegt, að ritlaun fyrir hverja örk registursins sjeu meiri heldur en fyrir meginmálið, enda er samningur registursins leiðinlegt og vandasamt verk, það verður að gæta vel og nákvæmlega að, að ekkert falli burt, en jeg álít mikilsvert, að samningur registursins sje vel og vandlega af hendi leystur.

Jeg get því ekki betur sjeð, en þar sem registrið við 2. bindið var 16 arkir, þá megi tvöfalda þá arkatölu, ef miðað er við meginmálsletur, og þá sýnist mjer ekkert ósanngjarnt, þótt upphæð sú, sem farið er fram á að veita fyrir ritlaun á fornbrjefasafninu sje hækkuð úr 600 kr. upp í 800 kr. registursins vegna, og vona því, að h. þingm. fallist á þessa breyt.till., til þess að fornbrjefasafnið komi sem fyrst út.

Um hina breyt.till., sem jeg hef skrifað undir og prentuð er á þingskj. 580, um að veita 2500 kr. til landlæknis Schierbeck, skal jeg ekki vera langorður. Jeg veit, að allir h. þingm. viðurkenna, að þessi maður sje allrar viðurkenningarverður, hvort heldur litið er á embættisstörf hans í þau 11 ár, sem hann hefur þjónað embætti hjer á landi, með hvílíkum dugnaði hann hefur stundað embætti sitt og hjálpað ýmsum, sem annars hefðu ekki átt kost á að fá hjálp hjer á landi, eða ef vjer lítum á önnur störf hans, sem að verklegum framförum lúta. Jeg vona, að h. þingm. vilji nú viðurkenna þetta í verkinu með því að veita þessum manni ofurlitla viðurkenningu á þennan hátt, og hefði jeg helzt óskað, að það yrði gjört í einu hljóði. En það mun ekki þýða að fara fleiri orðum um þetta atriði, því h. þingm. munu búnir að ráða við sig, hvernig þeir ætla sjer að greiða atkvæði.

Bogi Melsteð: Það er út af breyt.till. minni og samþingismanns míns, að jeg ætla að láta í ljósi dálitla athugasemd. Tillagan fer fram á, að aukalæknishjerað verði stofnað í 6 efstu hreppum Árnessýslu. Þeir, sem hafa talað á móti þessu máli, ekki sízt í h. efri deild, hafa að vísu kannast við, að hjerað þetta væri fjölmennt, en það væri það sökum þess, að þar væri svo þjettbýlt. Þessi skoðun hlýtur að koma af ókunnugleik einum, því að hjerað þetta er mjög víðlent. Þegar litið er á stærð alls landsins, þá er Árnessýsla einn tólfti hluti þess. Á þessum $^1/_{12}$ hluta landsins býr 11. til 12. hver maður á landinu. Á öllu landinu býr 1,65 maður á hverjum □ „kilometer" að meðaltali, en í Árnessýslu býr 1,87 maður á □ km. Af þessu má sjá, að þjettbýli er þar eigi mikið, en rúmlega eins og það er að meðaltali á öllu landinu, en töluvert minna en það er að meðaltali í öllu suðuramtinu, þar sem 2,56 menn búa á □ km., og í vesturamtinu 2,06 á □ km.

Nú hafa verið samþykkt 33 læknishjeruð á landinu, þar sem aukalæknis-

hjeruðin eru orðin 13. Væri hjeruðunum jafnt skipt á milli allra læknanna, þá ætti hver þeirra að þjóna $^1/_{38}$ hluta landsins með rúmum 2000 manna.

Læknahjeruðin voru misjöfn í upphafi, en stærst voru þau þó, einkum ef miðað er við byggt land, í Árnessýslu, Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu. Öll Árnessýsla var gjörð að einu læknishjeraði, en Þingeyjar- og Norðurmúlasýsla fengu þá $3^1/_2$ lækni. Nú eru í þessum 2 sýslum $6^1/_2$ læknir með þeim aukalækni, sem nú var samþykktur, svo að hver þeirra á nú að þjóna 30—40 □ mílum af byggðu landi að meðaltali, en læknirinn í Árnessýslu á að þjóna 60—70 □ mílum af byggðu landi. Má nú sjá, að þetta hjerað, sem hjer ræðir um, er hið *stærsta* og fjölmennasta læknishjerað á landinu, og ætti að rjettu lagi að skiptast í 2 læknishjeruð.

Jeg hef að eins tekið þetta fram til athugunar fyrir h. þingm., áður en til atkvæða er gengið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 582) við 10. gr. A. 1. felld með 18 atkv. gegn 7.

Breyt.till. (C. 584) við 10. gr. C. 4. a. 2. felld með 19 atkv. gegn 14.

Vara-breyt.till. (C. 584) við 10. gr. C. 4. a. 2. samþykkt með 21 atkv. gegn 14, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Bened. Kristjánsson,	Árni Thorsteinsson,
Björn Bjarnarson.	Guðjón Guðlaugsson,
Björn Sigfússon,	Guðl. Guðmundsson,
Bogi Th. Melsteð,	Guttormur Vigfússon,
Einar Ásmundsson,	H. Kr. Friðriksson,
Einar Jónsson,	Hallgr. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Jakobsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson, þm. A.-Sk.,	Kristján Jónsson,
Jón Jónsson, þm. Eyf.,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Jónsson, þm. N.-M.,	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Sigurður Jensson,
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundsson,
Sigfús Árnason,	Þorkell Bjarnason.
Sigurður Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Breyt.till. (C. 584) við 10. gr. C. 4. a. 3. felld með 18 atkv. gegn 13.

Vara-breyt.till. (C. 584) við 10. gr. C. 4. a. 3. samþ. með 19 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Bened. Kristjánsson,	Árni Thorsteinsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Ásmundsson,
Björn Sigfússon,	Guðjón Guðlaugsson,
Bogi Th. Melsteð,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Jónsson,	H. Kr. Friðriksson,
Guttormur Vigfúss.	Hallgr. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Jakobsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónss., þm. A.-Sk.,	Klemens Jónsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Kristján Jónsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Þórarinsson,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sigurður Jensson,
Sigfús Árnason,	Þórður Guðmundsson,
Sigurður Gunnarss.,	Þorkell Bjarnason.
Skúli Thoroddsen,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Br.till. (C. 584) við 10. gr. C. 4. a. 4. felld með 19 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Bened. Kristjánsson,	Árni Thorsteinsson,
Björn Bjarnarson,	Bogi Th. Melsteð,
Björn Sigfússon,	Einar Ásmundsson,
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Jens Pálsson,	Guttormur Vigfússon,

Já:	*Nei:*
Jón Jakobsson,	H. Kr. Friðriksson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Jón A. Hjaltalín,
Kristján Jónsson,	Jón Jónss., þm. A.-Sk.,
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Jón Þorkelsson,
Sig. Gunnarsson,	Klemens Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	L. E. Sveinbjörnsson,
Þórður Guðmundss.,	Sigfús Árnason,
Þorkell Bjarnason.	Sigurður Jensson,
	Þórarinn Böðvarsson,
	Þorl. Guðmundsson.

Guðlaugur Guðmundsson greiddi eigi atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Br.till. (C. 576) við 11. gr. 2. felld með 18 : 13 atkv.

Br.till. (C. 577) við 11. gr. 2. felld með 18 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Bened. Kristjánsson,	Árni Thorsteinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Bjarnarson,
Bogi Th. Melsteð,	Guðjón Guðlaugsson,
Einar Ásmundsson,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Jónsson,	Hallgr. Sveinsson,
Gutt. Vigfússon,	Jón A. Hjaltalín.
H. Kr. Friðriksson,	Jón Jónss., þm. A.-Sk.,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Jón Jakobsson,	Kristján Jónsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Sigfús Árnason,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Klemens Jónsson,	Sigurður Jensson,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Sighv. Árnason,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorl. Guðmundsson,	Þórður Guðmundsson,
	Þorkell Bjarnason.

Br.till. (C. 582) við 11. gr. 3. felld með 21 : 10 atkv.

Br.till. (C. 579) við 11. gr. 4. felld með 22 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Sigurður Stefánsson,
Björn Sigfússon,	Þorleifur Jónsson,
Bogi Th. Melsteð,	Árni Thorsteinsson,
Einar Jónsson,	Bened. Kristjánsson,
Jón Jakobsson,	Einar Ásmundsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Þorkelsson,	Guttormur Vigfússon,
Ólafur Briem,	H. Kr. Friðriksson,
Sigfús Árnason,	Hallgr. Sveinsson,
Sig. Gunnarsson,	Jens Pálsson,
Þórður Guðmundss.,	Jón A. Hjaltalín,
Þorl. Guðmundsson.	Jón Þórarinsson,
	Klemens Jónsson,
	Kristján Jónsson,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Sighv. Árnason,
	Sigurður Jensson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórarinn Böðvarsson,
	Þorkell Bjarnason.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk., greiddi eigi atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Br.till. (C. 579) við 13. gr. B. I. b. 2. samþ. með 18 : 11 atkv.

Br.till. (C. 579), við 13. gr. B. III. C, 5. felld með 20 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Sig. Stefánsson,
Björn Sigfússon,	Þorl. Jónsson,
Bogi Melsteð,	Árni Thorsteinsson,
Jens Pálsson,	Bened. Kristjánsson,
Jón Jakobsson,	Einar Ásmundsson,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Einar Jónsson.
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jónss., þm. N.M.,	Guðl. Guðmundsson.
Ólafur Briem,	Guttormur Vigfússon,
Sigfús Árnason,	H. Kr. Friðriksson,
Sighvatur Árnason,	Hallgr. Sveinsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón A. Hjaltalín,
Þórarinn Böðvarss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Guðmundss.,	Jón Þorkelsson,

Já:	*Nei:*
Þorl. Guðmundsson.	Klemens Jónsson,
	Kristján Jónsson,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Jensson,
	Þorkell Bjarnason.

Br.till. (C. 579) við 13. gr. B. IV, b, 6. felld með 19:16 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Kristjánsson,	Sig. Stefánsson,
Björn Bjarnarson,	Þorl. Jónsson,
Bogi Melsteð,	Árni Thorsteinsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Einar Ásmundsson.
Jón Jakobsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jónss., þm. N.M.	Guðl. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Guttormur Vigfússon,
Sigfús Árnason,	H. Kr. Friðriksson,
Sighvatur Árnason,	Hallgr. Sveinsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón A. Hjaltalín,
Sig. Jensson,	Jón Jónss., þm. A-Sk.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Þórarinn Böðvarss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Guðmundss.,	Jón Þorkelsson,
Þorl. Guðmundsson.	Klemens Jónsson,
	Kr. Jónsson,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Þorkell Bjarnason.

Br.till. (C. 579) við 13. gr. B., VI, h, felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Sig. Stefánsson,
Björn Sigfússon,	Þorleifur Jónsson,
Einar Jónsson,	Árni Thorsteinsson,
H. Kr. Friðriksson,	Bened. Kristjánsson,
Jens Pálsson,	Bogi Melsteð,
Jón Jakobsson,	Einar Ásmundsson,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Guttormur Vigfússon,
Ólafur Briem,	Hallgr. Sveinsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón A. Hjaltalín,
Sig. Jensson,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Þórarinn Böðvarss.,	Klemens Jónsson,
Þórður Guðmundss.	Kristján Jónsson,
Þorkell Bjarnason,	L. E. Sveinbjörnsson,
	Sigfús Árnason,
	Sighvatur Árnason,
	Þorl. Guðmundsson.

Br.till. (C. 581) við 13. gr. C. 7. samþ. með 21 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Stefánsson,	Þorleifur Jónsson,
Árni Thorsteinsson,	Bened. Kristjánsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Sigfússon,
Gutt. Vigfússon,	Bogi Melsteð,
H. Kr. Friðriksson,	Einar Ásmundsson,
Hallgr. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Jón Jakobsson,
Jón A. Hjaltalín,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Jón Jónss., þm. A.Sk.,	Jón Jónss., þm. N.-M.,
Jón Þórarinsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Klemens Jónsson,	Sigfús Árnason,
Kristján Jónsson,	Þorl. Guðmundsson.
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Jensson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Guðmundsson,	
Þorkell Bjarnason.	

Br.till. (C. 580) við 13. gr. C. felld með 20 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Thorsteinsson,	Sigurður Stefánsson,
Bened. Kristjánsson,	Þorleifur Jónsson,
Bogi Melsteð,	Björn Bjarnarson,
Einar Ásmundsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
H. Kr. Friðriksson,	Guðl. Guðmundsson,
Hallgr. Sveinsson,	Guttormur Vigfússon,

Já:	*Nei:*
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Jens Pálsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Þorkelsson,	Jón Jakobsson,
Klemens Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Kristján Jónsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Þórarinn Böðvarsson,	Sigfús Árnason,
Þorkell Bjarnason.	Sig. Gunnarsson,
	Sigurður Jensson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Guðmundsson,
	Þorl. Guðmundsson.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk., greiddi eigi atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

Frumv. þannig breytt var því næst samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Rætt um alþingishússbyggingarstjóðinn (þjóðhátíðarsjóðinn).

Framsögumaður (*Hallgr. Sveinsson*): Eins og sjá má á nefndarálitinu, þá ræður nefndin til að verja þessum sjóði, ekki til að prýða sjálft húsið að utan, heldur svæði það, sem er í kringum húsið. Æskilegast væri, að allt húsið væri umgirt, ef efni leyfðu, og hugsaði nefndin sjer þá, að heppilegast væri, að hafa það járngirðing; en við þetta er tvennt að athuga, fyrst að efni sjóðsins eru ekki svo, að hann standist við það, og í öðru lagi, að þinghúsið hefur ekki ráð á allri þeirri lóð, er að því liggur; lóðin fyrir vestan húsið er eign einstaks manns, og fyrir austan er svo lítið svæði milli kirkjunnar og þinghússins, að ekki mundi fara vel á að setja þar girðing, enda mikið spursmál um, hvort byggingarnefndin mundi leyfa það. Af þessum ástæðum fjell nefndin þegar í stað frá því, að hugsa um að girða í kringum allt húsið, en aptur hugsaði hún, að tiltækilegt væri að setja járngrindur fyrir framan framhliðina. Nefndinni var ekki hægt að fá nákvæmar upplýsingar um, hve mikill kostnaðurinn mundi verða. Það þyrftu að vera traustar grindur, sem óhætt væri fyrir skekkju; einnig þyrfti að prýða svæðið milli grindarinnar og hússins, með því annaðhvort að leggja það flötum steinhellum, eða sementsteypu (Beton). Svæði þetta er nú enganveginn svo fagurt, sem það ætti að vera, eins og flestir munu sjá. Eins og jeg tók fram, þá var nefndinni ekki hægt að fá nákvæmar upplýsingar um, hvað þessi járngirðing mundi kosta, en við höfum þó gjört ofurlitla áætlun um það, sem við álítum ekki muni vera fjarri sanni; eptir henni verða 56 álna járngrindur á 20 kr. alinin að kosta 1000 kr. Þetta álítur nefndin svo sem sagt er, að mundi verða sjóðnum ofvaxið að sinni, en aptur á móti hefur okkur komið til hugar, að verja mætti honum heppilegar á annan hátt, sem sje til þess að búa til ofurlitinn skemmtigarð fyrir sunnan þinghúsið, þar sem þingmenn geti setið og gengið sjer til skemmtunar í. Garðinn höfum við hugsað okkur þannig, að hann sje umgirtur með traustum trjestólpum, og milli þeirra slegnar járnplötur á langbönd, sem að okkar áliti mundi vera heppilegast til þess að skýla trjám garðsins. Hvað sjálf trjen snertir, hugsuðum við að ekki þyrfti meira fje að verja til þeirra en 5—600 kr. Raunar er þess að gæta, að á þeirri lóð, sem garðurinn kæmi til að standa á, munu standa hús, er slökkvitól bæjarins eru geymd í, en eptir því sem við höfum heyrt á hlutaðeigendum mun það ekki þurfa að vera neitt til fyrirstöðu, því það mun vera hægt að fá það flutt.

Nefndin vill því leggja til, að fje sjóðsins verði fremur varið til skemmtigarðs, og ræður þinginu til að fela forsetum þingsins á hendur að hafa umsjón með þessu.

Árni Thorsteinsson: Tillaga sú, er hjer liggur fyrir, er orðuð þannig, að

alþingi feli *forsetum* alþingis að sjá um framkvæmdir á því, sem ætlazt er til, að verði gjört samkvæmt tillögunni.

Það er einkum þess vegna, að jeg ætla að leyfa mjer að segja fáein orð, þó að jeg viti, að tíminn er orðinn naumur.

Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurning að h. nefnd: Hvar er þessi lóð, sem grasgarð þennan á að gjöra á?

Á hverju ári er úr landssjóði borgað lóðargjald fyrir 1859 ferhyrningsálnir. Fyrir þessum álnum er engin útmæling af byggingarnefndarinnar hálfu, svo jeg viti. Nokkur hluti hennar, sem var sneið af annari eign, hefur verið keyptur frá þeirri eign. En hvar öll þessi lóð sje, eru menn í óvissu um. Jeg veit að eins, að lóðin á að vera 1859 álnir og fyrir sunnan þinghúsið, en hvar? Um það er sem sagt hin mesta óvissa, því að fyrir lóðinni er, að því mjer er kunnugt, engin heimild önnur, en að landssjóður greiðir lóðargjaldið.

Úr þessu reyndu nú forsetar alþingis að bæta með því, að skrifa bæjarfógetanum hjer um þetta efni, og biðja hann um að vísa á lóðina. Byggingarnefnd bæjarins kom á staðinn og skoðaði lóðina, sem húsinu átti að fylgja, og taldi víst, að hún mundi finnast. En um þetta þyrfti að fá fulla vissu, áður en ákvörðun verður gjörð með tillögunni.

Þá skal jeg geta þess, hvernig ástandið er nú, að í stað þess, að þeir sem stjórna bænum, hefðu átt að sjá um, að full not væri að útsjóninni frá suðurhlið þinghússins, þá hafa þeir látið byggja hús fyrir sunnan það, og svo slökkvitólahús, sem sumir segja jafnvel — jeg veit ekki, hvort rjett er eða ei, — að byggt sje á þeirri lóð, sem landssjóður borgar gjald af.

Jeg skal ennfremur geta þess, viðvíkjandi þessu málefni, að lóð þessi, sem menn eru í óvissu um, hefur aldrei verið mæld, en eptir lögum má heimta, að það sje gjört innan tveggja ára, ella falli lóðin aptur til bæjarins. En það er ekki svo, að háski sje af þessu búinn, enda er nauðsynlegt að vita, hvað lóðin er stór, og hvernig hún er löguð, áður hægt er að girða hana.

Þá er að athuga, hvernig skrautgarði þessum á að vera fyrir komið hjer fyrir sunnan þinghúsið. Það verður þá fyrst að vera breiður gangur meðfram húsinu til aðgöngu að suðurdyrunum, allt að 5—6 álnir á breidd minnst. Ef svo er gjört ráð fyrir breiðum göngum um allan garðinn og plöntunarreitum, þá verður að öllum líkindum rúmið of lítið til þess, að hann geti notið sín til fegurðar.

Ennfremur er jeg í nokkurri efasemd um, hvernig jarðvegurinn muni vera til þess að gróðursetja þar innlendar og meðfram útlendar jurtir og trje. Það er kunnugt, að þar er ekki vel góð og hrein mold, heldur er þar rusl, afhögg af grjóti og möl, hvað innan um annað, svo að ef þar ætti að gróðursetja eitthvað, þá þyrfti að rífa jarðveginn upp með ærnum kostnaði og fylla með góðri mold, sjálfsagt einar 3 álnir á dýpt.

En hverjar plöntur hefur nefndin hugsað sjer að gróðursetja þar? Eru það óþekktar og óvanalegar plöntur eða trjáviðir, eða algengar og almennar? Jeg skal taka fram, að hjer eru ýmsir trjáviðir svo algengir, og það borgar sig ekki fyrir þingið, að gróðursetja þá í þessum garði, þegar þar svo ekki verður annað sjaldsjeðara, en það sem sjest í hvers manns garði.

Og hvaða útsjón verður svo frá þessum garði, sem kallaður er skrautgarður, er jeg kann betur við að nefna grasgarð? Hvaða tíma ætli þingmenn svo hafi til þess að vera niðri í þessum grasgarði? Jeg hygg, að það verði fáar stundir, sem þeir hafi afgangs til þess. Og hvað kosta svo tilraunir ýmsrar ræktunar og viðhald á garðinum?

H. framsögumaður (H. Sv.) gat þess, að þetta grindverk, sem um garðinn ætti að reisa, ætti að vera með járnplötum. En jeg vil leyfa mjer að gjöra við það þá athugasemd, að sú girðing má ekki verða of há, því að annars missir garðurinn birtu, sem hann verður að hafa.

Jeg skal ekki fara út í það, hvort áætlun kostnaðarins er of há eða lág, en jeg verð að álíta það óheppilegt að verja þessum samskotasjóð til þess, sem hjer er farið fram á. Mjer er vel kunnugt í hvaða tilgangi samskotin voru gefin, og jeg ímynda mjer, að engum hafi komið til hugar, að þeim ætti að verja til þess að fleygja svona út í þennan „grasgarð", sem er mjög varhugavert, af því hann tæplega getur orðið til verulegrar prýði.

Jeg veit, að tíminn er naumur, og vil að eins leggja til, að málinu sje frestað, því hægt er fyr eða síðar að nota peningana til meira gagns en þessa.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal leyfa mjer út af orðum h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) að gefa nokkrar upplýsingar viðvíkjandi þessari lóð, er fyrir sunnan þinghúsið liggur. Þegar hús þetta var byggt, seldi jeg því 1859 □ álnir og hafði jeg áður goldið gjald af þessari lóð til bæjarins, eins og lög gjöra ráða fyrir, en síðan hefur gjald þetta, sem eðlilegt er, legið á þinghúsinu. Jeg veit ekki, hver ætti að gjalda þennan lóðartoll annar en þinghúsið, sem er eigandinn. Viðvíkjandi jarðveginum í þessari lóð, skal jeg geta þess, að áður fyr lá öll þessi lóð undir vatni, og hef jeg sjálfur fyllt hana upp, svo mjer hefur verið kunnugast um, hvað í henni er. Jeg verð að taka það fram, að það er ekki eingöngu möl, eins og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) hjelt, heldur er það mestmegnis eða allt aska og mold. Jeg vildi að eins leyfa mjer að gefa þessar upplýsingar, en skal ekkert fjölyrða um, hvernig menn að öðru leyti vilja verja sjóðinum.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal einungis leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að jeg veit ekki betur, en að alþingishúsið greiði gjald af 1215 álnum af byggðri lóð, og 1859 álnum af óbyggðri lóð, og er það meira svæði, en keypt var af h. þm. Reykvíkinga (H. Kr. Fr.). Jeg skal ekki neita því, sem h. þm. Reykvík. (H. Kr. Fr.) sagði um efnið neðantil í garðinum, en jeg efast um, hvort það er gott fyrir trjáviði. Jeg skal geta þess, að sjór fellur upp í tjörnina og seltan færist svo norður eptir, svo að erfitt kann að verða að halda vel við jurtagróða þar. Enn fremur er það að athuga, að garðurinn verður að liggja í miklum þrengslum, því að það hefur verið byggt of mikið fyrir sunnan; sjerstaklega mun Good-Templarahúsið og gangurinn að því, verða Þrándur í götu, svo mjer finnst mjög óskyggilegt að ráðast í þetta nú, en finnst hyggilegra að láta það bíða ögn ennþá.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hefur svarað, eins vel og hægt er hjer, spurningu h. 4. kgk. (Á. Th.) um það, hvar sú lóð væri, er alþingishúsinu væri eignuð og landssjóður gyldi bænum lóðartoll af. Mjer er ekki sjálfum kunnugt, hvar þessi lóð er. Jeg sjálfsagt, að hún sje hjer fyrir sunnan húsið, en hversu langt hún nær til suðurs og austurs veit jeg ekki með neinni vissu. Þetta er spurning, sem þarf að leysa úr hið bráðasta, og stendur engum nær að fá það gjört, en h. forsetum alþingis.

Að því er jarðveginn snertir, hefur h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) sömuleiðis svarað athugasemdum h. 4. kgk. (Á. Th.). Nokkuð af jarðveginum mun vera vel fallið til yrkingar. Lakast mun það vera, sem næst er húsinu, en þar ætti líka sjálfsagt að vera gangur inni í garðinum.

Að girðing sú, sem jeg lýsti, þurfi að taka birtu frá garðinum, get jeg ekki skilið, þar sem nóg birta hlýtur að koma að ofan. Þó girðingin því væri mannhæð,

get jeg ekki skilið, að garðurinn geti ekki fyllilega notið sólar.

Að garðurinn verði í nokkrum þrengslum getur vel verið, en við því verður varla gjört, enda ætti garðurinn að geta orðið svo prýðilegur, að hann drægi augað til sín, frá því, sem í kring er. Það er kunnugt, að hjer í bæ eru margir prýðilegir garðar í töluverðum þrengslum, innan um pakkhús og önnur hús. Þessi ástæða getur því ekki verið á móti garðinum, enda er það sjálfsagt, að þeir, sem mest og bezt njóta fegurðar garðsins eru inni í honum, en ekki utan hans.

Jeg álít það enga skyldu þingsins að sjá fyrir gangi að þeim húsum, sem byggð hafa verið eða byggð kunna að verða fyrir sunnan þinghúsið eða annarstaðar í nánd við það. Á hinn bóginn er jeg viss um, að byggingarnefndin og bæjstjórnin hjer mundi hliðra svo til við alþingishúsið, að láta það fá dálítinn geira af bæjarlóðinni, ef á þyrfti að halda, t. d. til að jafna skekkju á garðinum eða þesshátt ar.

Hvaða traust, sem menn nú hafa á gróðursetning trjáa og blóma á þessu svæði þá ætti það ekki lengur að vera í þeirri óhirðu, sem það nú er í, þar sem hver getur gjört þar það, sem hann vill. Nú er verið að höggva þar húsgrind og er að vísu ekkert óþokkalegt við það, en einn getur fundið upp á að setja þar steinahrúgu og annar að bera þangað öskuhaug. Hvað sem öðru líður, þá þarf að girða þessa lóð, og það með traustri girðingu, en ekki lítilfjörlegri spelagirðingu. Þegar svo búið er að girða lóðina, þá má seinna taka frekari ákvarðanir um, hvernig fara skuli með svæðið innan girðingarinnar, hvort skuli að eins sljetta það, eða hafa meira við.

Björn Bjarnarson: Menn geta getið því nærri, að jeg mun ekki vera á móti því, að eitthvað verði hlynnt að svæðinu í kringum alþingishúsið. Það var ekki langt liðið á þingtímann, þegar jeg fór að færa það í tal við ýmsa þingm., og forseta Nd., að mjer virtist það ekki samboðið virðingu þingsins, að láta þetta svæði vera aftökustað fyrir sorp nábúanna og gróðrarstíu fyrir allskonar illgresi. Þetta svæði er svo illa umgengið, að það gengur næst umgengninni í bakgarðinum við annað hús hjer í bænum, sem er þjóðareign, og einnig mjög þýðingarmikið. Jeg á við latínuskólann. Þó ekki verði gjört annað en girða þessa lóð, þá er það þó betra, en að láta hana vera, eins og hún er. Jeg tala nú ekki um, ef svæðið yrði jafnað um leið og þakið yfir það með grassverði. Væri svæðið fyrir sunnan húsið ekki lakara, en er hjer fyrir framan það, þá væri það þakklætisvert. En eptir því, sem slík verk kosta hjer, þá munu þessar 1500 kr., sem jeg sting upp á að verja til þessa, líklega að mestu ganga til að girða blettinn, jafna hann, og þekja með grastorfi. Þess vegna álít jeg rjett að tiltaka fjárupphæðina, því þó jeg beri ekkert vantraust til forsetanna í þessu efni, þá er ekki rjett af þinginu að fleygja frá sjer öllum umráðum yfir fjenu. Eptir tillögu nefndarinnar geta forsetarnir brúkað allan sjóðinn, en jeg álít rjettara að halda eptir 1000 kr., er þingið síðar geti ráðstafað, varið þeim til að framhalda verkinu eptir því, sem næstu þingum kynni að þykja henta, eða á annan hátt. Af þessum ástæðum hef jeg komið með breyt. till. á þingskj. 583 og vona jeg að hún verði samþ., enda virtist h. framsögum. (H. Sv.). ekki hafa mikið á móti henni, þó honum þætti tillaga nefndarinnar æskilegri.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Jeg held það sje ekki allskostar ráðlegt, að hugsa sjer að þekja svæðið með grastorfi, því bæði er mjög illt að fá hjer grastorf og svo væri það ekki nema óþarfa kostnaður, ef mönnum eptir á kæmi sam-

an um að gróðursetja þar trje eða blóm, því þá þarf ekki að þekja með grastorfi.

Björn Bjarnarson: Jeg ímynda mjer að sá megi í jarðveginn og fá þannig gras upp. Þar er víst líka þegar nokkur grasrót, sem nota mætti.

Bogi Melsteð: Ef girða á svæðið fyrir sunnan alþingishúsið, þá álít jeg ekki heppilegt að gjöra það með járnplötum, því að það yrði svo skuggalegt og þunglamalegt, að ókunnugir menn gætu ímyndað sjer, að þetta hús væri tugthús. Menn gjöra einmitt girðingar um fangahús á þennan hátt, svo enginn skuli sjá inn í garðinn og fangarnir sjái ekki út. Menn verða að gæta að því, að garður þessi yrði lítill og það væri öðru máli að gegna, ef hann væri stór, þótt hann yrði umgirtur háum járngarði. Ef nú þessi fyrirhugaði garður yrði fallegur, þá væri og leiðinlegt, ef enginn gæti sjeð inn í hann utan að. Jeg vildi því heldur ráða til, að hafðar væru grindur á girðingunni. Þá er heldur ekki sólarljósið útilokað frá garðinum næst við girðinguna.

Jeg er samdóma h. nefnd um það, að prýða beri svæðið hjer fyrir framan húsið. Jeg minnist þess, að þegar alþingishúsið var byggt, var „asfalteraður" dálítill blettur frá götunni og upp að dyrunum. „Asfaltið" er nú horfið þar, en það þyrfti að setja það þar aptur og viðhalda því svo árlega. Jeg ætla það eigi fallegt að setja grindur fyrir framan þinghúsið, því rúmið leyfir það varla, en væru grindur settar þar, þá ættu þær að vera báðum megin við þennan „asfalt"-gang upp að dyrunum, svo að eigi yrði um hlið að ganga inn í húsið. Þær yrðu að vera fallegar járngrindur og mjög lágar, því grundvöllurinn undir húsinu er lágur og eins er lágt undir gluggana.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 583) samþ. með 19 : 5 atkv. Tillaga nefndarinnar þannig breytt samþ. með 18 : 8 atkv.

Þá var rætt um útsölu og útsending alþingistíðindanna.

Tillaga frá Guðlaugi Guðmundssyni, Ólafi Briem og Einari Jónssyni með viðaukatillögu frá Sigurði Stefánssyni — samþykkt með öllum þorra atkvæða.

Tillagan með viðaukatillögunni var svo hljóðandi:

„Sameinað þing ályktar, að senda skuli 2 eintök alþingistíðindanna ókeypis hverri hreppsnefnd á landinu. Alþingismenn fá sömuleiðis eitt eintak þingtíðindanna ókeypis. Að öðru leyti felur þingið forsetunum að annast sölu og útsending tíðindanna á sem hagkvæmastan hátt. Verð tíðindanna skal ákveðið 3 kr. að meðtöldu burðargjaldi með pósti".

Fundi frestað.

Fundur settur aptur kl. $4^1/_4$ e. h.

Forseti skýrði frá störfum þingsins og úrslitum málanna.

Landshöfðingi stóð þá upp og kvað hinn lögboðna þingtíma vera liðinn, og tíma þann, sem þingið hefði verið lengt um, og lýsti yfir því í nafni Hans Hátignar konungsins að

alþingi væri slitið.

Stóð þá upp 2. þm. Ísf. Sigurður Stefánsson og sagði: Lengi lifi konungur vor Kristján hinn IX., og tóku þingmenn undir það með níföldu *„húrra"*.

Var síðan gengið af þingi.